

**SKÝRSLA**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
fyrir árið 2004



**SKÝRSLA**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
fyrir árið 2004



## **Skipan óbyggðanefndar árið 2004**

Kristján Torfason, fyrrverandi dómstjóri, formaður  
Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður  
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

### **Varamenn**

Benedikt Bogason héraðsdómari  
Halldór Jónsson hæstaréttarlögmaður  
Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómslögmaður

### **Ritarar**

Hulda Árnadóttir lögfræðingur  
Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, skrifstofustjóri

Umsjón og umbrot: Augnablek ehf.  
Prentun: Gutenberg  
Ljósmyndir © Mats Wibe Lund - [www.myndasafn.is](http://www.myndasafn.is)

1. prentun, júní 2005

Útgefandi: Óbyggðanefnd

## EFNISYFIRLIT

<b>Formáli</b> .....	7
<b>Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu</b> .....	8
<b>Úrskurður í máli nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti</b> Sá hluti Vatnajökuls sem var til meðferðar í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Holtamannaafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Þá var Landsvirkjun ekki talin eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu. ....	11
<b>Úrskurður í máli nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra</b> Sá hluti Torfajökuls sem var til meðferðar í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Landmannaafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Landsvirkjun var ekki talin eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu. ....	145
<b>Úrskurður í máli nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú Rangárþingi ytra</b> Þeir hlutar Tindfjallajökuls, Torfajökuls og Mýrdalsjökuls sem voru til meðferðar í málinu voru úrskurðaðir þjóðlenda. Þá var Rangárvallaafréttur úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Rangárvallaafrétti var talið eignarland. ....	227
<b>Úrskurður í máli nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar, nú Rangárþingi eystra</b> Þeir hlutar Mýrdalsjökuls og Tindfjallajökuls sem voru til meðferðar í málinu voru úrskurðaðir þjóðlenda. Fljótshlíðarafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Rangárvöllum og Fljótshlíðarafrétti var talið eignarland. Loks voru Emstrur taldar þjóðlenda í afréttareign. ....	271
<b>Úrskurður í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra</b> Allur Eyjafjallajökull var úrskurðaður þjóðlenda. Sá hluti Mýrdalsjökuls sem var til meðferðar í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Þá taldist svæði norðvestan Entujökuls í Mýrdalsjökli þjóðlenda. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Eyjafjallajökli var talið eignarland. Loks voru landsvæðin Almennigar, Teigstungur, Múlatungur, Þórsmörk, Goðaland, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Borgartungur, Hólatungur og Skógafjall úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign tiltekinna jarða. ....	357
<b>Úrskurður í máli nr. 6/2003, Mýrdalshreppur</b> Sá hluti Mýrdalsjökuls sem var til meðferðar í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Land innan landamerkjja jarða aðliggjandi Mýrdalsjökli var talið eignarland. Þá voru landsvæðin Stórhöfði og Hvítmaga úrskurðuð þjóðlenda í afréttareign tiltekinna jarða. ....	621

**Úrskurður í máli nr. 7/2003, Skaftártunga og Álftaver**

Þeir hlutar Mýrdalsjökuls, Torfajökuls og Vatnajökuls sem voru til meðferðar í málinu voru úrskurðaðir þjóðlenda. Álftaversafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign.

Þá var Skaftártunguafréttur úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Nyrsti hluti þess svæðis sem í kröfulýsingu Skaftárhrepps var einnig afmarkaður sem Skaftártunguafréttur var úrskurðaður þjóðlenda. Landsvirkjun var ekki talin eigandi landsréttinga,

þ.m.t. vatnsréttinga, á svæðinu. . . . . 753

**Úrskurður í máli nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum****Leiðvallahreppi, nú í Skaftárhreppi**

Sá hluti Vatnajökuls sem var til meðferðar í málinu var úrskurðaður þjóðlenda.

Síðumannaafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign. Land innan landamerkja

jarða aðliggjandi Síðumannaafrétti var talið eignarland. . . . . 817

**Úrskurður í máli nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi**

Sá hluti Vatnajökuls sem var til meðferðar í málinu var úrskurðaður þjóðlenda.

Land innan landamerkja jarða aðliggjandi Vatnajökli var talið eignarland. . . . . 933

**Kort af þjóðlendulínu í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sbr.**

úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1-9/2003 . . . . . 1008

## FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út í þriðja sinn. Í ritinu eru birtir níu úrskurðir sem nefndin kvað upp á árinu 2004 sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og af-rétta nr. 58/1998. Þess ber að geta að frá uppkvaðningardegi hafa úrskurðirnir verið öllum aðgengi-legir á heimasíðu óbyggðanefndar. Í fyrstu verður þó fjallað stuttlega um störf nefndarinnar á árinu 2004.

Auk undirritaðs störfuðu á skrifstofu óbyggðanefndar í upphafi árs þau Sif Guðjónsdóttir skrif-stofustjóri, Gunnar Friðrik Guðmundsson sagnfræðingur, Hulda Árnadóttir lögfræðingur og Kristjana Hildur Kristjánsdóttir landfræðingur. Í lok maí fór Kristjana í barneignarleyfi og tók þá Ingibjörg Marta Bjarnadóttir landfræðingur til starfa hjá nefndinni. Um áramót lét Gunnar Friðrik Guðmunds-son af föstum störfum fyrir nefndina. Eru Gunnari þökkud vel unnin störf fyrir óbyggðanefnd.

Helstu verkefni óbyggðanefndar á árinu 2003 voru annars vegar meðferð mála nr. 1-5/2004 á Suðvesturlandi (fjórða svæðið sem nefndin tekur til meðferðar) og uppkvaðning úrskurða í málum nr. 1-9/2003 í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu (þriðja landsvæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar).

Kröfur fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendur á Suðvesturlandi bárust óbyggða-nefnd í byrjun ársins. Fóru þær kröfur í lögboðna kynningu og lýst eftir kröfum þeirra er teldu sig eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Eftir að kröfur gagnaðila íslenska ríkisins bárust fór fram kynning á heildarkröfum á svæðinu. Lauk þeirri kynningu síðari hluta sumars. Ákveðið var að skipta svæðinu í fimm mál og fóru fyrstu fyrirtökur fram þá um haustið.

Jafnframt þessu var unnið að úrskurðum nefndarinnar í framangreindum níu málum á svæði 3, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, en þau voru tekin til úrskurðar á tímabilinu frá júlí til október 2003. Eftir það gerðu aðilar nokkrar breytingar kröfum sínum auk þess sem nýrra gagna var aflað af hálfu aðila og óbyggðanefndar. Málin voru endurupptekin þann 10. desember sl. til framlagningar þessara viðbótargagna. Í slíkum tilvikum er lögmönnum málsaðila ávallt gert viðvart og þeim gefið færi á að koma á framfæri athugasemdum Sama dag voru í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu kveðnir upp úrskurðir í málunum níu. Hægt var að fylgast með uppkvaðningunni í grunnskólunum í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri með aðstoð fjarfundabúnaðar.


Á árinu var tekið til meðferðar fimmta svæðið, Norðausturland. Tekur svæðið yfir Öxarfjarðar-hrepp, Raufarhafnarhrepp, Svalbarðshrepp, Þórshafnarhrepp, Skeggjastaðarhrepp, Vopnafjarðar-hrepp, Fljótsdalshrepp og hluta Fljótsdalshéraðs (fyrrum Norður-Hérað og Fellahrepp). Ákvörðun um meðferð svæðisins var tilkynnt fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í byrjun apríl og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Kröfur fjármálaráðherra bárust nefndinni í lok ársins.

Í október gengu dómar Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004 þar sem reyndi á úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungum. Niður-staða nefndarinnar um eignarlönd innan landamerkjja jarða aðliggjandi Biskupstungnaafrétti var staðfest af Hæstarétti. Þá var einnig staðfest sú niðurstaða óbyggðanefndar að Framafréttur og af-réttur norðan vatna væru þjóðlenda. Úrskurður nefndarinnar um þjóðlendu á Hagafellssvæði var staðfestur að öðru leyti en því að svæðið var einnig talið afréttur. Að meginstefnu til byggði Hæsti-réttur á þeim sjónarmiðum sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar. Dómarnir eru tvímælalaust stefnumarkandi og mikilvægir fyrir komandi verkefni óbyggðanefndar.

Umsjón með útgáfu þessa rits hefur verið í höndum Huldu Árnadóttur, lögfræðings hjá óbyggðanefnd og Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings hjá nefndinni. Færi ég þeim mínar bestu þakkir fyrir framlag þeirra.


Reykjavík, 5. júní 2005  
*Kristján Torfason*

# YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓ



ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)




Málsmeðfer



Málsmeðfer



# ÞLENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



Þó lokið og úrskurðir kveðnir upp

Þó hafin



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 1/2003

Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra,  
ásamt Holtamannaafrétti



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>15</b>
<b>2. MÁLSMEÐFERÐ</b> .....	<b>15</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	15
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar ..	16
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	16
2.4. Afmörkun máls nr. 1/2003 .....	17
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	18
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>18</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu .....	18
3.2. Kröfur sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra .....	18
3.3. Kröfur Landsvirkjunar .....	19
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>20</b>
4.1. Inngangur .....	20
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	20
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	21
4.4. Vettvangsferð .....	22
4.5. Skýrslutökur .....	23
<b>5. SAGA AFRÉTTAR</b> .....	<b>23</b>
5.1. Landnám .....	23
5.2. Holtamannaafréttur .....	25
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>42</b>
6.1. Inngangur .....	42
6.2. Landnám .....	42
6.3. Holtamannaafréttur .....	43
6.3.1. Staðhættir og gróðurfar .....	43
6.3.2. Kröfugerð aðila .....	44
6.3.3. Sjónumið aðila .....	44
6.3.4. Niðurstaða óbyggðanefndar .....	45
6.4. Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar .....	50
6.4.1. Sjónumið íslenska ríkisins .....	51
6.4.2. Sjónumið Landsvirkjunar .....	51
6.4.3. Einkaréttarlegar heimildir .....	52
6.4.4. Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum .....	60
6.4.5. Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun .....	62
6.4.6. Niðurstaða óbyggðanefndar .....	67
6.5. Vatnajökull og önnur landsvæði í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi .....	76
6.6. Um málskostnað .....	76

---

<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>77</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>79</b>
I.    Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (upsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður) .....	
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>131</b>
I.    Kort	
II.   Aðilaskrá	
III.  Skjalaskrá	

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Sveitarfélögin Ásahreppur og Rangárþing ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú Rangárþingi ytra.

(Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. og Óskar Sigurðsson hdl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann

1 Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

## 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holt- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.



Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 1/2003

Í janúar 2003 var lögmönnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppur, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Landsvæði það sem til meðferðar er í máli nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur ásamt Holtamannafrétti (Rangárvallasýslu), skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi er þar um að ræða Holtamannafrétt, í öðru lagi önnur landsvæði í Ása- og Djúpárhreppum og í þriðja lagi hluta Vatnajökuls. Á milli tveggja fyrrnefndu hluta svæðisins liggja Landmannafréttur, Holta- og Landsveit og Rangárvallahreppur. Holtamannafréttur afmarkast að vestanverðu af sveitarfélaga- og sýslumörkum í Þjórsá og til norðurs af stjórnsýslumörkum gagnvart Þingeyjarsveit og Eyjafjardarsveit, sbr. tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu 1996 sem samþykkt var af öllum aðliggjandi sveitarfélögum. Til austurs er Vatnajökull og sveitarfélaga- og sýslumörk í Tungnaá. Til suðurs er Landmannafréttur, svo sem áður greindi. Önnur landsvæði í Ása- og Djúpárhreppum afmarkast einnig af Þjórsá til vesturs. Til norðurs er Holta- og Landsveit og til vesturs Rangárvalla- og Vestur-Landeyjahreppar. Til suðurs er hafið. Þess ber að geta hér að Djúpárhreppur er nú hluti af Rangárþingi ytra, ásamt Rangárvallahreppi og Holta- og Landsveit. Þá er til meðferðar í málinu svæði á Vatnajökli sem afmarkast svo: Þaðan sem lína á milli Deilis, hæð 1125 m, og Bárðarbungu, hæð 2009 m, sker jaðar Vatnajökuls og áfram í Bárðarbungu (2009 m). Úr Bárðarbungu yfir Kerlingar og að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á Holtamannafrétti og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Að auki hafa verið lagðar fram kröfur af hálfu Landsvirkjunar. Þjóðlenduakrafa íslenska ríkisins tekur ekki til lands innan Ásahrepps og fyrrum Djúpárhrepps að öðru leyti en varðar Holtamannafrétt. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

## 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 1/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 5. maí 2003. Gefið var færi á athugasemdum við skipan óbyggðanefndar í málinu en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi skjöl og gagnaoöflun. Jafnframt var óskað eftir því að lögmennt skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmunu ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendu- laga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl., sbr. einnig bréf óbyggðanefndar til lögmanna, dags. 29. september 2002. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort sáttafloitur væri á málinu, sbr. 15. gr. þjóðlendlu- laga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 2. júní var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur u.þ.b. fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 27. júní, var lögð fram sameiginleg greinargerð frá Rangárþingi ytra og Ása- hreppi svo og jarða í þeim sveitarfélögum, ásamt fleiri gögnum. Af sérstökum ástæðum var Lands- virkjun veittur viðbótarfrestur til að skila greinargerð.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 3. september. Við það tækifæri var greinargerð Lands- virkjunar lögð fram auk þess sem farið var yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangs- ferðar. Á þessum fundi voru einnig lögð fram ýmis önnur gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Fyrri hluti aðalmeðferðar fór fram 5. september og skiptist í forflutning, vettvangsferð og skýrslutökur. Fundað var í Hálandismiðstöðinni Hrauneyjum. Síðari hluti aðalmeðferðar fór fram 26. nóvember, þegar málið var munnlega flutt. Auk þess voru lögð fram gögn. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlu- laga en svo var ekki. Fundað var að Leirubakka í Landsveit. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótagögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnt- um. Engar athugasemdir komu fram. Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönntum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

## 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu

Kröfulína fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins liggur yfir landsvæði sem til meðferðar eru í öðrum málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 2.2. Holtamannaafreittur liggur norðan þess- ara landsvæða og miðað við þessa kröfugerð er hann því allur í þjóðlendu.

### 3.2. Kröfur sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra

Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra, er gerð sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarrétt- ur af svæði sem afmarkað er þannig í kröfulýsingu, dags. 27. júní 2003:

1 Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

Úr Þjórsá að vestan alla leið inn á Sprengisand að Fjórðungskvísl, að Tungnaá að sunnan að Blautukvísl sem fellur í Krókslón sunnan Þóristinds. Úr Þóristindi er markið í Þveröldu austan Þórisvatns. Síðan eins og grös gróa til norðausturs frá Þveröldu til Vonarskarðs. Nánar tiltekið að norðan úr Klakki hæðarpunktur 1008 m. Þaðan í Háöldukvísl „eftir miðjum farvegi“ hennar í Þjórsá. Þaðan í austur ræður Þjórsá „eftir miðjum farvegi“ að Fjórðungakvísl. Þaðan eftir Fjórðungakvísl „miðjum farvegi“ í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í „miðjum farvegi“ Nýjadalsár. Þaðan í austasta punkt í hæðarpunkt 1115. Þaðan í Deili, hæð 1125, og þaðan beint í Bárðarbungu, hæð 2009.

Við aðalmeðferð málsins, 26. nóvember 2003, kom fram að litið væri svo á að í kröfugerð þessari fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum notum að fornu og nýju sem fram hafi komið, komi til þess að einhver hluti landsins eða það allt teljist þjóðlenda. Loks var krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Áður en málið var tekið til úrskurðar kom fram, athugasemdalaust, leiðrétting á framangreindri afmörkun á kröfufsvæðinu, til samræmis við kröfulínukort og málflutning aðilanna, svohljóðandi:

Að vestan af Þjórsá frá ármótum Tungnaár og Þjórsár í Sultartangalóni norður að ármótum Þjórsár og Fjórðungakvíslar. Að norðan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan í austasta punkti í hæðarpunkt 1115. Þaðan í Deili, hæð 1125, og áfram í Bárðarbungu, hæð 2009. Að sunnan fylgja mörkin Tungnaá frá ármótum við Þjórsá um Hrauneyjalón og Krókslón að útfalli Blautukvíslar. Austurmörkin eru frá þeim stað í stefnu í Þóristind og þaðan efst í Þveröldu, austan Þórisvatns. Úr Þveröldu er síðan dregin lína í austsuðaustur efst í Svartakamb og þaðan út í Tungnaá. Fylgja mörkin síðan meginfarvegi Tungnaár allt að upptökum árinna í fremri Tungnaárbotnum. Þaðan er dregin lína yfir Kerlingar og í Bárðarbungu, hæð 2009.

### 3.3. Kröfur Landsvirkjunar

Endanleg kröfugerð Landsvirkjunar kom fram í greinargerð dagsettri og afhentri óbyggðanefnd þann 4. júlí 2003. Hafði þá kröfugerðin tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. Kröfugerðin er sameiginleg fyrir mál á svæði 3 og er svohljóðandi:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin bein eða óbein eignarréttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

1. Öll vatnsréttindi í Þjórsá, Tungnaá og Köldukvísl. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunna síðar að verða reist til þess að hagnýta vatnsafl Þjórsár, þ. á m. stöðvarhús, uppistöðulón, stíflur, vatnsvegi, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenn- og rofavirki, vegi og vegslóða og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar. Er þá átt við fasteignirnar sem slíkar auk eðlilegra lóðaréttinda þeim tengdum.
2. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi og kunna síðar að verða reist í tengslum við:
  - a) Kvíslaveitu,
  - b) Hágöngulón,
  - c) stíflur við Þórisvatn og Þórisós,
  - d) Norðlingaölduveita,
  - e) Vatnsfellsvirkjun,
  - f) Sigölduvirkjun,
  - g) Hrauneyjafossvirkjun,
  - h) Búðarhálsvirkjun,

- i) Sultartangavirkjun, þ.e.a.s. sá hluti mannvirkja og réttinda sem er í Rangárvallasýslu,
- j) Búrfellsvirkjun, þ.e.a.s. sá hluti mannvirkja og réttinda sem er í Rangárvallasýslu.

Mannvirki í þessum skilningi teljast byggingar, uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar. Gerir Landsvirkjun kröfu til þess að auk viðurkenningar á eignarrétti fyrirtækisins á mannvirkjunum sem slíkum verði viðurkennd bein eignarréttindi fyrirtækisins á eðlilegum lóðaréttindum þeim tengdum eða ótakmarkaður afnotaréttur þegar það á við.

3. Réttindi vegna háspennulína Landsvirkjunar á svæðinu. Er þá átt við háspennumöstur og línur auk um 30 m beltis beggja vegna línustæðis, sbr. áskilnað í 404 gr. reglugerðar nr. 264/1971, um raforkuvirki. Háspennulínur þær er hér um ræðir eru:
  - a) Hrauneyjafosslína 1.
  - b) Sigöldulína 2-4, þ.m.t. Suðurlína sem liggur að Hólum í A-Skaftafellssýslu.
  - c) Vatnsfellslína 1.
  - d) Búðarháslína 1.

Þá krefst Landsvirkjun þess að óbyggðanefnd úrskurði fyrirtækinu málskostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-11 ásamt undirskjölum eða samtals 161 skjal, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundsson-

ar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfuvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

#### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun er nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932 og Fasteignabók 1938.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfrréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru könnuð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns-Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinsonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Stuðst var við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) sem almennt uppsláttarrit en ekki eru lögð fram ljósrit úr bókinni.

Í flokki annarra óprentaðra frumgagna lagði óbyggðanefnd fram nokkur skjöl, sbr. áður nefnda greinargerð óbyggðanefndar og skjalaskrá.

#### 4.4. Vettvangsferð

Að morgni föstudagsins 5. september 2003 var haldið af stað í vettvangsferð frá Hálandismíðstöðinni Hrauneyjum.

Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmannna málsaðila, voru með í för þeir Sveinn Tyrfingsson, Lækjartúni, Jónas Jónsson, oddviti Ásahrepps, Kálfholti I og Óskar Ólafsson, Þjóluhjáleigu.

Ekið var sem leið lá í átt að Hrauneyjarfossvirkjun. Þeir Sveinn og Jónas sáu sameiginlega um leiðsögn. Við virkjunina var staðnæmst og skyggst um. Sjá mátti Þóristungur og Búðarháls sem og leitarmannakofa á flötunum fyrir neðan. Þar er að sögn heimamanna gist þegar smalað er úr Þóristungum og réttað. Á sama stað mátti jafnframt sjá vel yfir athafnasvæði Landsvirkjunar. Jónas greindi frá fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum á svæðinu. Haldið var af stað á ný og ekið upp að Sigöldu. Á leið þangað mátti sjá Köldukvísl og fossinn Nefja sem og Þóristind. Staðnæmst var við Sigölduvirkjun og athafnasvæði Landsvirkjunar skoðað. Þá var haldið sömu leið til baka.

Þegar komið var út á Sprengisandsleið var ekið sem leið lá norður afréttinn. Fyrirhugað var að aka norður í Nýjadal. Ekið var fram hjá Vatnsfellsvirkjun sunnan við Vatnsfell. Staðnæmst var stutta stund á hæð nokkurri þar sem vel sést yfir bæði Þórisvatn og Útgönguhöfða. Haldið var af stað á ný og ekið fram hjá afleggjara sem liggur að Þórisós. Þar mátti á vinstri hönd sjá Grjótárkvísl sem rennur með fram veginum. Á hægri hönd mátti sjá framkvæmdir við Þórisós. Ekið var fram hjá Grjótárkvíslarbotnum og Kjalöldum. Fram undan blöstu við Arnarfell og Hjartarfell í Hofsjökli. Ekið var fram hjá Versölum sem standa sunnan við Stóraver. Ekið var áfram yfir Stóraversskurð þar sem hluta af Þjórsá er veitt niður í Þórisvatn. Staðnæmst var við Þveröldu. Þaðan mátti meðal annars sjá Hágöngur og Kerlingarfjöll og Kjalverin sem liggja sunnan með Svartá vestur undir Norðuröldu.

Haldið var af stað á ný og ekið áfram eftir Sprengisandsleið. Ekið var fram hjá Hnöttóttuöldu. Jónas lýsti vexti eyrarrósa sem eru við og með öldunni á sumrin. Fram undan mátti sjá Hágöngurnar tvær og Miðfell á milli. Framan við er Skrokkalda. Ekið var fram hjá afleggjaranum að Hágöngulóni. Þar mátti m.a. sjá Kistuöldu fram undan. Þegar ekið var yfir Mjóhálskvísl mátti sjá flugvöll á hægri hönd. Fram undan mátti sjá stakt fjall sem Þvermóður heitir. Stöðvað var við skála Ferðafélags Íslands í Nýjadal.

Þessu næst var ferðinni heitið vestur að Þjórsá. Ekið var til baka spölkorn og beygt út af Sprengisandsleið við Hreysiskvísl. Jónas lýsti mörkum Holtamannaafrettar á leiðinni og benti viðstöddum á að norðurmörkin lægju eftir Nýjadalskvísl í Fjórðungskvísl og síðan í Þjórsá. Fram undan mátti sjá Arnarfell hið mikla og Arnarfell hið litla. Ekið var fram hjá Biskupaleið þar sem riðið var á milli Skálholts og Hóla. Þá var ekið fram hjá graslendi nokkru sem kallast Háumýrar og Þjórsárlóni. Áfram var haldið og ekið yfir Háumýrarkvísl og komið að Þjórsárstíflu. Ekið var áfram suður með Þjórsá í átt að Kvíslarvatni. Á vinstri hönd mátti sjá Hreysiskvísl sem stífluð er rétt fyrir neðan. Staðnæmst var við Eyvindarkofa og svipast um.

Haldið var af stað á ný og ekið yfir stíflu í Syðri-Eyvindarkvísl. Á hægri hönd mátti m.a. sjá Svartöldu. Þá var ekið fram hjá Þúfuöldu, Biskupsþúfu og Þúfuveri og yfir Þúfuversstíflu. Á hægri hönd mátti sjá leitarmannakofa sem að sögn heimamanna kallast Gásagustur. Þá var ekið fram hjá Þúfuvatni. Þar eru hús sem að sögn heimamanna eru í eigu einkaaðila sem hafa verið með vatnið á leigu í rúm 20 ár. Þá var komið að Svartárstíflu og fram undan blöstu Stóráverslón og Stóraver við. Þegar komið var fram hjá Kvíslarvatni var komið inn á Sprengisandsleið á ný. Beygt var út af þeirri stuttu síðar og ekið í átt að Þjórsá. Stöðvað var við Norðlingaöldu þar sem fyrirhugað að stífla ána og framkvæmdir skoðaðar.

Áfram var haldið og ekið með Kjalvötnum suður á Búðarháls. Fram undan mátti sjá Innri-Búðarháls. Á hægri hönd liggur Grjótháls inn með Hvangiljum nánast eins og virki um Hvangil. Í Hvangili er að sögn heimamanna gamalt leitarmannahús sem ekki er notað lengur. Á vinstri hönd mátti jafnframt sjá Köldukvísl sem rennur austan megin við Búðarháls. Þar eru helstu gróðurlendur afrettarins að sögn þeirra Sveins, Jónasar og Óskars. Ekið var áfram suður með Þjórsá, fram hjá mynni Uppgöngugils og beygt í átt að fyrirhuguðu stæði stöðvarhúss Búðarhálsvirkjunar. Stöðvað var við væntanlegt virkjunarstæði Búðarhálsvirkjunar og framkvæmdir skoðaðar.

Haldið var af stað á ný og ekið suður með Tungnaá. Staðnæmst var við gamla ferjustaðinn við Tungnaá og svipast um. Þá var haldið til baka og komið að Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum síðdegis þar sem vettvangsferðinni lauk.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Sveini Tyrfingssyni, bónda, Lækjartúni og Jónasi Jónssyni, bónda og oddvita Ásahrepps, Kálfholti I. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu gerð grein fyrir elstu ritheimildum um landnám í Holtamannahreppi hinum forna og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á því landsvæði sem hér er til meðferðar.

### 5.1. Landnám

Holtamannahreppur hinn forni skiptist til skamms tíma í þrjú hreppsfélög: Holtahrepp, Ásahrepp og Djúpárhrepp. Á þessu svæði eru nafngreindir nokkrir landnámsmenn í Landnámabók. Nyrst á svæðinu nam Þorsteinn lunan land:

Þorsteinn lunan hét maðr norrœnn ok farmaðr mikill; honum var þat spát, at hann mundi á því landi deyja, er þá var eigi byggt. Þorsteinn fór til Íslands í elli sinni með Þorgilsi syni sínum; þeir námu enn efra hlut Þjórsárholta ok bjöggu í Lunansholti, ok þar var Þorsteinn heygðr.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> *Landnámabók*. Íslensk fornrit I. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 366 (Sturlubók og Hauksbók).

Fyrir sunnan (neðan) Lunansholtsfeðga námu bræður tveir land:

Ráðormr ok Jólgeirr bræðr kómu vestan um haf til Íslands; þeir námu land milli Þjósár ok Rangár. Ráðormr eignaðisk land fyrir austan Rauðalæk ok bjó í Vétleifsholti. ... Jólgeirr eignaðisk land fyrir útan Rauðalæk ok til Steinslækjar; hann bjó á Jólgeirsstöðum.<sup>1</sup>

Fyrir vestan Jólgeir var landnám Áskels hnokkans:

Áskell hnokkan, son Dufþaks Dufnialssonar, Kjarvalssonar Írakonungs, hann nam <land> milli Steinslækjar ok Þjósár ok bjó í Áskelshöfða.<sup>2</sup>

Að síðustu er nefndur Þorkell bjálfi sem nam syðst á umræddu landsvæði:

Þorkell bjálfi, fóstbróðir Ráðorms, eignaðisk lönd öll milli Rangár ok Þjósár ok bjó í Háfi; hann átti Þórunni eyversku.<sup>3</sup>

Að sögn Haralds Matthíassonar náði landnám Þorkels yfir land Háfshverfis og Þykkvabæjar og landnám Áskels hnokkans yfir vesturhluta Holtahrepps og vestasta hluta Ásahrepps. Þeir bræður, Ráðormur og Jólgeir, hafa þá numið mestan hluta Holtahrepps. Hins vegar taldi Haraldur landnám Lunansholtsfeðga vera neðsta hluta Landmannahrepps, þann sem er í Þjósárholtum en neðan Lækjarbotna.<sup>4</sup>

Fyrir norðan þá feðga tók við landnám á því svæði sem síðar var nefnt Land (Landsveit). Um það eru þessar frásagnir í Landnámabók (Sturlubók og Hauksbók):

Ketill enn einhendi hét maðr, son Auðunar þunnkárs; hann nam Rangárvöllu alla ena ytri fyrir ofan Lækjarbotna ok fyrir austan Þjósá ok bjó at Á.<sup>5</sup>

Síðar í sömu bókum Landnámu segir:

Ketill aurriði, bræðrungr Ketils einhenda, nam land et ytra með Þjósá ok bjó á Völlum enum ytrum.<sup>6</sup>

Þriðji landnámsmaðurinn á svæðinu var Ormur auðgi:

Ormr auðgi, son Úlfs hvassa, nam land með Rangá at ráði Ketils einhenda ok bjó í Húsagarði ok Áskell son hans eptir hann, en hans son reisti fyrst bæ á Völlum; frá honum eru Vallverjar komnir.<sup>7</sup>

Ekki þykir leika vafi á um landnámsmörk Ketils einhenda. Haraldur Matthíasson taldi fullvíst að þau hefðu verið Þjósá að norðvestan og einnig að miklu leyti að norðan en Ytri-Rangá að suðaustan. Hann taldi takmörkin að suðvestan (niðurtakmörkin) einnig ljós. Landnámið hefði náð niður að læk sem nefnist Bjallalækur og væri að mestu uppsprettuvatn undan hrauninu. Rétt þar hjá,

1 *Landnámabók* 1986, s. 367 (Sturlubók og Hauksbók).

2 *Landnámabók* 1986, s. 367 (Sturlubók og Hauksbók).

3 *Landnámabók* 1986, s. 368 (Sturlubók og Hauksbók).

4 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 453-458. Í *Sunnlenskum byggðum* er gert ráð fyrir því að landnám Þorsteins lunans og sonar hans hafi verið á því svæði sem síðar var nefnt Holtahreppur (*Sunnlenskar byggðir*: 5. b. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Búnaðarsamband Suðurlands 1987. S. 203).

5 *Landnámabók* 1986, s. 364. Á er talin hafa verið þar sem síðar hét Árbær á bakka Þjósár gegnt Ölmóðsey (sama rit, s. 365, 2. nmgr.).

6 *Landnámabók* 1986, s. 364.

7 *Landnámabók* 1986, s. 364, 366.



sem lækurinn kæmi upp, stæði bærinn Lækjarbotnar sem nefndur er í landnámi Ketils. Haraldur gat sér einnig til um að niðurtakmörkin á landnámi Ketils frá Lækjarbotnum og út í Þjórsá hefðu verið um Kolbeinslæk sem rennur til norðvesturs í Árneskvísl, þ.e. þá kvísl Þjórsár sem er austan við Árnesið.<sup>1</sup>

Engar frásagnir eru um að land hafi verið numið fyrir norðan landnám Ketils einhenda, þ.e. á svæðinu norðan við Þjórsá og Tungnaá.

## 5.2. Holtamannafréttur

Holtamannafréttur og Landmannafréttur eiga sér sameiginlega forsögu enda voru þessi landsvæði lengi nýtt sameiginlega af íbúum í Holtamannahreppi hinum forna og Landmannahreppi. Í þessum kafla verða því raktar helstu heimildir um nýtingu afréttanna beggja fram til ársins 1892 þegar Holtamannahreppi var skipt í Holtahrepp og Ásahrepp. Af því tilefni gerðu hrepparnir samkomulag um að Holtamannafréttur skyldi tilheyra Ásahreppi og Landmannafréttur Landmannahreppi og Holtahreppi. Árið 1936 var Djúparhreppi skipt út úr Ásahreppi.

Engar þinglýstar landamerkjaskrár eru til um Holtamannafrétt. Í greinargerð oddvita Ásahrepps 5. september 1979 er mörkum Holtamannafréttar lýst á þessa leið:

Holtamannafréttur afmarkast af Þjórsá að vestan, Sprengisandi eftir vatnaskilum að norðan, Tungnaá að sunnan en að austan eftir Blautukvísl frá Tungnaá í Blautukvíslarbotna, þaðan sjónhending í Þóristind, þaðan í Þveröldu norðaustan Þórisvatns, og síðan austur í Svartakamb, þar sem hann er hæstur og þvert í Tungnaá. Þaðan upp eftir Tungnaá og allt upp til jökla, síðan til Vonarskarðs, Tungnafellsjökuls og loks norður á Sprengisand en þar ráða vatnaskil eins og fyrr var sagt.<sup>2</sup>

Önnur lýsing er í ritinu *Sunnlenskum byggðum*:

Afréttur Ása- og Djúparhrepps afmarkast af Þjórsá að vestan alla leið inn á Sprengisand að Fjórðungskvísl, að Tungnaá að sunnan að Blautukvísl sem fellur í Krókslón sunnan Þóristinds. Úr Þóristindi er markið í Þveröldu austan Þórisvatns. Síðan eins og grös gróa til norðausturs frá Þveröldu til Vonarskarðs.<sup>3</sup>

Eldri lýsingar eru til um mörk afréttarins og verður gerð nánari grein fyrir þeim síðar í þessum kafla.

Fyrir norðan Holtamannahrepp, frá Sprengisandi, taka við afréttir Bárðdælahepps og Ljósavatnshrepps (Mjóidalur, Íshólsdalur, allt suður í Jökuldal í Tungnafellsjökli) og Fnjóskdæla og Hálshrepps (Timburvalladalur, Hjaltadalur og Bleiksmýrardalur). Þar vestar er Nýjabæjarfréttur í Skagafjarðarsýslu.<sup>4</sup> Í greinargerð um afrétti og fjallskil í Þingeyjarsýslu 1959 er þessi lýsing á afrétti Bárðdælahrepps austan og vestan Skjálfandafljóts:

Afrjettarland austan Skjálfandafljóts: Að vestan ræður Skjálfandafljót. Að austan ræður lína frá Suðurá ofanvert við Kerlingarbörð suður í Langadalsárós, þar sem hún fellur í Sandá, síðan ræður Langadalsá og drag það, er að henni liggur austanvert við Álftatjarnarflæðu, er því dragi sleppir, ráða að austan og

1 Haraldur Matthiasson 1982 (2), s. 443-444.

2 Skjal nr. 4 (27).

3 *Sunnlenskar byggðir* 5, s. 313. Sbr. einnig *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 301.

4 *Göngur og réttir*. 4. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1986. S. 129, 253-257, 271, 281, 284, 290-291. Skjöl nr. 4 (51, 52). „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ (hliðsjónargagn).

sunnan hagar með þeim drögum, er flytja vötn til Skjálfandafljóts. Að norðan Suðurá að Suðurárkrók, en þaðan girðing vestur í Skjálfandafljót.

Afrjettarland vestan Skjálfandafljóts: Að norðan ráða land milli Mýrar og Bólstaðar annarsvegar en Íshóls og Mjóadals hinsvegar. Að austan Skjálfandafljót. Að vestan og sunnan ráða hagar með öllum þeim ám og lækjum er í Mjóadalsá og Skjálfandafljót falla.<sup>1</sup>

Afréttur Bárðdælahrepps vestan Skjálfandafljóts er í greinargerðinni sagður í eigu hreppsins að 6/11 en Ljósavatnshrepps að 5/11 hluta. Austan Skjálfandafljóts eigi Stóratunga (ríkiseign að sögn sýslumanns) allt hraunið suður að Sandá. Svæðið frá Sandá og suður að Krossá sé talið eign Skútustaða eða Skútustaðakirkju en svæðið frá Krossá og suður á öræfi teljist eign Einarsstaða í Reykjadal.<sup>2</sup>

Þar sem hér eru nefndar jarðirnar Skútustaðir og Einarsstaðir og tilkall þeirra til afréttarins er rétt að vika orðum að landamerkjabréfum þeirra. Í landamerkjabréfi Skútustaða í Mývatnshreppi frá 13. apríl 1891 er annars vegar lýst merkjum heimalands og hins vegar „sellands og afréttarlands“. Þar stendur ordrétt: „Að sunnan, suðaustan og austan takmarkast land þetta af óbyggðum. Ódáðahrauni og Dyngjufjöllum.“<sup>3</sup>

Enginn slíkur greinarmunur er gerður í landamerkjabréfi Einarsstaða sem undirritað var 6. maí 1890 heldur er merkjum jarðarinnar lýst í heild sinni. Þar segir um suðurmörkin:

Að sunnan ræður Seljadalsá frá fyrr nefndum ármótum um Seljadal allan upp að garði þeim sem liggur úr Seljadalsá vestur fyrir Vatnsás sunnan við Irraskarð, þaðan bein stefna vestur í vörðu við endann á Engivatnsárlæk er hann fellur í Miðkil, svo ræður lækurinn það sem hann endist, þaðan bein stefna í aðra vörðu, þá bein lína norður í suðausturhornið á Miðtjörn og því næst bein stefna úr norðausturhorni Miðtjarnar meðfram í vörðu við endann á Augnalæk svo ræður Augnalækur út í Engivatn þá ræður vatnið í ás þann, sem gengur útaf Engivatni og nú er kallaður Ingjaldsstaða-ás, þá ræður ás þessi, þar næst sjónhending út há heidina um Miðtöng að garði þeim sem liggur neðan frá Skjálfandafljóti upp af miðjum Krosshólma norður við Fljótsbakka, garður þessi ræður merkjum beint í vestur til Skjálfandafljóts. Að vestan ræður Skjálfandafljót norður að garði þeim, sem liggur upp af syðri Bjúgyrarsporði og svo beina stefnu austur á há heidi.<sup>4</sup>

Mörk Bleiksmýrardals liggja ekki fyrir en árið 1855 staðfesti Landsyfírréttur þann dóm héraðsréttar að „afréttarlandið“ Bleiksmýrardalur „austan Fnjóskár frá Hamarslæk og allt suður í öræfi“ væri „fullkomin og átölulaus eign Munka-Þverárklosturs“.<sup>5</sup> Samkvæmt fyrrnefndri greinargerð er Vestur-Bleiksmýrardalur ríkiseign en Austur-Bleiksmýrardalur eign Hálshrepps.

Landamerki Nýjabæjarafréttar eru í *Göngum og réttum* miðuð við Geldingsá (vætanlega frá upptökum) að sunnan en Árbæjará að norðan. Þar er þó tekið fram að suðurmörkin kunni áður að hafa verið dregin við Fossá og norðurmörkin við Hvítá sem fellur í Jökulsá að austan nokkru norðar en Keldudalsá fellur í hana að vestan.<sup>6</sup> Fyrir sunnan Geldingsá taka við Fjöllin, afréttur Fram-Eyfirdinga, og allt til Hofsjökuls, suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga sem hér hefur áður verið lýst. Land þetta liggur vestar og miklu sunnar en venjulegar fjarleitir Eyfirdinga ná og smala þeir það með Skagfirdingum.<sup>7</sup>

1 „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“, s. 2 (hliðsjónargagn).

2 „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“, s. 2 (hliðsjónargagn).

3 Skjal nr. 4 (52).

4 Skjal nr. 4 (51).

5 Landsyfírréttardómar eldri. VII/223.

6 *Göngur og réttir* 4 (1986), s. 129-130.

7 *Göngur og réttir* 4, (1986), s. 176-177.

Í þessu sambandi er rétt að geta um dómsmál sem varðar Nýjabæjarafrétt þó að mörk hans í heild sinni hafi þar ekki verið til úrlausnar. Í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 19. júní 1967 var að mestu tekið undir þá kröfu eigenda Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal í Akrahreppi að landamerki fyrrgreindra jarða og þar með talin sýslumörk Skagafjarðarsýslu á þessu svæði væru „að austan vatnaskil á hálandinu og að endamark við Hofsjökul [væri] fjallið Klakkur“. Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu gerði hins vegar þá kröfu að umráðasvæði þess að vestan gagnvart löndum Skagfirðinga á hálandinu vestan og sunnan Eyjafjarðadala yrði viðurkennt þannig: „Nyrst ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri kvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri, síðan ráði Jökulsá eystri merkjum suður að ármótum hennar og Strangalækjar, þaðan ráði bein lína suður í Miklafell í Hofsjökli.“ Í Hæstarétti var ekki tekin afstaða til þess hvor merkjalýsingin skyldi standa heldur kveðinn upp sá dómur að hvorugur málsaðila hefði fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um væri að tefla í málinu.<sup>1</sup>

Holtamannaafréttur kemur að hluta til fyrir í dómi sem kveðinn var upp að Skarði á Landi 25. júní 1476 um afréttinn Þjorsártungur („Þiotzár Túngur“). Hann lá „fyrir Landmanna Repp. millum Túnár og Spreingi-Sands“. Dómurinn fjallaði um það hvort afrétturinn væri „eign edr almenningur edur afriettur þeirra manna er í Landmanna Repp búa“. Niðurstaða dómsins var þessi:

Dæmdumm vier fyrr skrifadir Dómsmenn þeirra Eign og Afriett sem haft og halldid hafa i Holttumm og á Landi sem eru og verid hafa til fra Tún á og til Spreingi-Sands og vestur i Þiötz á og allt austur i fiallgard so langt sem vötn renna til og frá Hierada á millumm ad riettri tiltölu. Og aungver menn adrer meiga í þeszumm Afriett Fugla veida Grös lesa Rótagröft hafa edur önnur Giædi fyrir utan þeirra leifi er fyrrskrif[ad]ir eru nema þeir hafi skilvis vitni edr brief er í fara edur sier kalla nema þeir menn er í Hreppumm bua hafi samreid vid þá er úr Holttum og af Landi fara til Fuglvei[d]jar og Grös ad týna badum megin Þiötz ar sem ad fornu hefr verid og þeim hefr samid sýn á millum et(cetera).<sup>2</sup>

Bréf þetta er einungis varðveitt í uppskriftum frá 19. öld og eru tvær gerðir þess birtar í Íslensku fornbréfasafni. Önnur þeirra (B-gerð) er talin fölsuð en hin, sem framangreind tilvitnun er úr (A-gerð), þykir trúverðugri. Það var niðurstaða tveggja dómkvaddra sérfræðinga sem rannsókuðu bréfið að A-gerðin væri gömul, a.m.k. að stofni til, en í því þyrfti ekki að felast að bréfið hefði í öndverðu verið lögmætt skjal, þ.e.a.s. að dómur hefði gengið eins og þar væri lýst og verið innsiglaður af öllum tilgreindum dómsmönnum.<sup>3</sup> Dómurinn var lesinn upp á manntalsþingi að Þjóðólfshága í Holtum 4. júní 1805 ásamt vitnisburði „um þa sömu [afrétti?]" og lögfestu þeirra:

Þvi næst var upplesenn Dómur um Landmanna og Holta Afrett dateradur ad Skardi 1476 þrigjudægenn næstann efter Jonsmessu, á sama Dokumente var og upplesenn Vitnesburdur um þa sömu dateradur þann 12ta Septembr 1717 hvar i og er til greind Örnefne Afrettana under Nafne Landmanna Sveitar Manna, hverju og aðst var Lögfesta fyrir tiedre Afrétt under Nafne Hreppstjórana i Landmanna og Holta Hreppum, hvar inne þeir fyrerbjóda Skógar Högg, Róta Gröft og Fugla Veidar sem Grasa Tekju ödrum enn Inn Byggurum þessara Sveita utan Fyrer Tall [fyrirkall?] þó er frá tekied Skogar Gagn og Róta Gröft. Daterad Stóruvöllum D. 2ann Marii [Martii, þ.e. mars?] 1805.<sup>4</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Landmannahrepp, sem lokið var við 1712<sup>5</sup>, segir um jörðina Merkihol:

1 H 1969 510.

2 Skjal nr. 4 (20).

3 Skjal nr. 4 (20). Niðurstaða Aðalgeirs Kristjánssonar skjalavarðar og Stefáns Karlssonar handritafræðings.

4 Skjal nr. 2 (16).

5 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 303.

Afrjett á jörðin sem aðrar í Landmannahrepp, sem af flestum búendum á Landi er haldinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamannahrepp brúkað hann til fjelags með Landmönnum og Landmenn í sama máta Holtamanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná, og vita menn ekki fyrir víst, hver afrjettur hverri sveit með rjettu framar tilheyrir.<sup>1</sup>

Í þessari sömu heimild er vísað til óljósra sagna um byggð á afréttinum („Landmanna afrjett nú nefndum“) með þessum orðum:

Þó Húngurvaka (eftir því mig minnir) segi að Næfurholt hafi staðið í miðri sveit og Hekla þingstaður, þá veit eg ei nje heyrð hefi eyðijarða nöfn fyrir norðan Næfurholt, nema einasta Frostastaða, hvar þó ekkert um fyrir mjer hefi annað en gamalla manna mál, þá eg úngur um þann afrjett í lambasafn með öðrum reið; þar er stöðuvatn, sem kallast Frostastaðavatn með hraunhólmum. Við vatnið er sagt til vergagna sjáist, sagt er þar hafi fólk við legið til veiðiskapar. Þetta er vestarlega í Landmanna afrjett nú nefndum. Í vestur ei langt frá þessu Frostastaða vatni er dalur breiður, grasi vaxinn, kallaður Dómadalur; getið er þar hafi þingstaður verið og dómar gengnir. Þar enn vestur lengra er hæðsta hamrafjall í nefndum afrjett, er kallað Loðmundur, en eg hygg það heiti Loðmundarfell, því eg heyrði (af gömlum manni ei óskýrum), að hann heyrð hefði að Sólheima kirkja í Mýrdal ætti ítak í Loðmundarfelli (máske fjallið hafi nafn tekið af Loðmundi gamla á Sólheimum). Skamt frá þessu fjalli heitir Herbarnarfell, vestur af; en til vesturs frá Frostastaðavatni heitir Tjörfafell, Eskihlið, item austast við afrjettinn Kirkjufell, hvort eg ætla nafn hafi af skapelsi sínu. Fyrir austan hvort fjall Tungnaá (eg hygg hún heiti so), kemur úr landsuðursátt og fellur so fyrst til útnorðurs sem hálfhringur að austan og norðan fyrir þessum afrjett, þar til Þjórsá í hana fellur fyrir framan Búðarháls, falla so til samans úr því millum áðurnefnds afrjetts og Búrfells.

Suður í sveitinni er getið tveggja eyðijarða, Melakots og Grákollsstaða.<sup>2</sup>

Þegar Jarðabókin var gerð virðist sem ekki hafi lengur verið stundaðar veiðar í Frostastaðavatni, sem nefnt er hér að framan, né heldur í Veiðivötnum þar fyrir norðan. Þetta virðist stangast á við það sem fram kemur í örnefnalýsingum Árna Magnússonar frá um 1700. Þar lætur hann þess getið að „Fiskivötn“ séu rúmlega („freka“) þingmannaleið úr Skaftártungu, í norður eða lítið til útnorðurs. Síðan segir:

Í Fiskivötnum veiða þeir [Skaftártungumenn?] mest í Nóvembri (qvod fieri non deberet), er nógur silungur. Skálavatn, Tjaldavatn, Langavatns, Fossvatn eru þau sérlegustu, sem í er veitt.<sup>3</sup>

En bændur af Landi sóttu einnig til Fiskivatna,

uppmeð Þjórsá austan fram, til þess Túná kemur í hana, síðan yfir um Túná, hjá Hestabrekku, og svo upp með henni allri norðan fram í landnorður eða austur; skal vera álíka langt af Landi og úr Skaftártungu.<sup>4</sup>

Í ódagsettri lýsingu Þorsteins Magnússonar, sem var sýslumaður í Rangárvallasýslu 1743-1785,

1 *Jarðabók Árna og Páls*, 1, s. 281.

2 *Jarðabók Árna og Páls*, 1, s. 278-279. Þessi lýsing er hluti lengri texta sem ritaður er á lausa örku og lá innan í jarðabók Árverjahrepps (Rangárvalla).

3 Einar Ól. Sveinsson, 1940: „Svar við aðfinnslu.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags*. S. 78.

4 Einar Ól. Sveinsson 1940, s. 78.

kemur fram að bændur í Skaftafellssýslu hafi að fornu farið til veiða í Fiskivötnum („Fiskevande“). Veiðarnar séu nú af lagðar en nokkrir í Rangárvallasýslu hafi hug á að taka þær upp að nýju.<sup>1</sup>

Á svipuðum tíma, þ.e. á árunum 1752-1757, fóru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson í rannsókn-arleiðangur um Ísland til að kynna sér þar landkosti, jurta- og dýralíf og búskaparhætti. Um helstu stöðuvötn á Suðurlandi segja þeir m.a.:

*Fiskivötn.* Þau liggja uppi á öræfum milli Rangárvalla- og Skaftafellssýslna, 10 mílur norður frá Heklu. Nú á dögum er sjaldan farið þangað af Suðurlandi, en fyrrum var þar veiðistöð, sem menn sóttu til bæði að sunnan og austan frá. Þar sjást enn rústir af veiðimannakofum og langir grjótgardar, sem menn hafa hlaðið til að þurrka á fiskinn.<sup>2</sup>

Síðar á öldinni, árið 1783, var gert svohljóðandi samkomulag um Landmannaafrétt:

Forlíkun sem gjörðist um Landmanna-Afriett, millum Rangvellínga og Landmannahrepps innbyggjara.

Anno 1783, þann 16<sup>da</sup> Septembr., að Víkingslæk á Rángárvöllum, samankomu undirskrifaðir málspartar, so sem fullmektugir hreppanna innbyggjara, Lands og Rángárvalla, samt Holltamanna, að því leiti, sem þeirra hrepp snertir, til að niðurtala friðsamlega þann ágreining og misklið, sem allareidu er risinn milli nefndra hreppa, út af svokölluðum Landmanna afriett, samt til að semia og setja vissan og staðfastan contract og giörnng þarum, hvörjum greindur afriettur tilheyra skuli framvegis, svoleiðis, sem fylgir:

1. Fráfalli Rángvellíngar aldeilis öllu eignarréttstilkalli, til Landmanna-afréttar, samt allri beit og brúkun á honum upphieðan, innan þeirra takmarka, sem Lögfesta Landmanna fyrir honum af 28 Mai næstliðins tilgreinir; so sami afriettur skal hieðan í frá heita og vera staðföst og órjúfanleg eign og eigindómur Landmanna hrepps; þó skulu þessir bæir á Rángárvöllum, Næfurholt, Haukadalur og Selsund, samt Svínhagi hafa þar friðheit fyrir sín eigin Lömb, án þess að þiggja þartil árlegt Leyfi af Landmönnum, sem allir aðrir á Rángárvöllum skulu verða að hafa, þá þeir þykjast þess við þurfa, og það með þeim skilmála, að þeir giöri þá öll tilbærileg fiallskil.

2. Þará móti frá falla Land og Hollta hrepps menn allareidu byrjuðum Lögsóknum, í móti Rangvellíngum, samt öllu tiltali, sektum og fiebótum, sem þeir meina sier tilheyra af þeim, fyrir óheimila brukun á Landmanna afriett hingaðtil, þó so að Rangvellíngar upprietti þeim vel og anægjanlega, so vel óþarfa málsýfng, sem alla þá fyrirhöfn og mæðu, sem þeim er allareidu orðsökuð, í stefnuför og process undirbúningi, í þessu afriettar máli, eptir góðu samkomulagi, hvar uppá öll óeinng, hreppanna í millum, risandi af Landmanna afriett, skal þá vera aldeilis upphafinn.

Þessum ofan og framanskriðuðum contract til kraptar, eru okkar undir skrifuð nöfn og hiá þrykt signet, sama stað, ár og dag, sem fyr greinir.

Magnús Ingvarsson

eptir hafandi fullmagt Landmanna

1 Skjal nr. 4 (64).

2 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757.* 2. b. Reykjavík 1943. S. 186.

Ofan nefndt millilag fyrir fyrirhöfn og mæðu í þessari sök, hefir Magnús Ingvarsson meðtekið, sem er 1<sup>e</sup> [hundrað] á Landvísu, og er þar með fyrir Landmanna hrepp ánægður, en Mr. Þorgeir Hannesson vill ekkert hafa.

Magnús Ingvarsson	Þorgeir Hannesson
Jon Philippusson	Jon Þorgilsson
Þorsteinn Jónsson	Jón Jónsson

Upplesið f(yrir) manntalsþingsrétti að Skarði á Landi, þann 8 Juni 1789.

Testr. Th. Nocolaisson meh.<sup>1</sup>

Þetta samkomulag virðist ekki hafa verið haldið að öllu leyti því að árið 1829 sáu hreppstjórar í Land- og Holtasveit ástæðu til að leggja bann við því að „óviðkomandi“ hagnýttu sér Þjósártungur:

Við undirskrifaðir hreppstjórar á Land- og Holtasveit finnum okkur orsakaða, eigin sveitar okkar innbyggjara vegna, að kvarta yfir þeim ágangi og órétti, sem við af óviðkomandi Rangárvalla-sýslu innbúum liða hljótum, af rötargrefti, skógarfríldi og kolabrennum, á því okkar sveitum tilheyrandi afréttar plátsi, Þjósártungum, eftir gildandi dómi gengnum að Ytri Völlum árið 1476, til þessa dags, óátöldum; því fyrirbjóðum við hér með hverjum sem einum óviðkomandi manni, að hagnýta sér, uppá nokkurn sem helzt máta þetta okkar afréttar pláts, Þjósártungur, eða hvar annarsstaðar sem okkar sveitaafréttur yfir nær, alla yrkingu og brúkun, allt undir aflamissi og lagasekta ákæru, í krafti af áður og nýverið útgengnum kóngsins og yfirvaldanna lagaboðum. Þetta okkar sameiginlegt forboð biðjum við okkar yfirvald, herra Krigscancelli sekretera Sýslumann Bonnesen að styrkja með sínu samþykki samt að þinglýsa því á Rangárvallasýslu næstkomandi manntalsþingum í ár.

Land og Holta-sveit 16. maí 1829

G. Thorsteinsson      J. Runólfsson      I. Jónsson

Framanskrifað forboð, samþykkist hér með af mér, hafa Rangárvalla-sýslu innbúar svo eftir hér fyrir-sögðu að breyta og ógjört láta.

Rangárvallasýslu Contori 21. Maí 1829

Bonnesen.

Upplesið fyrir manntalsréttinum í Rangárvallasýslu árið 1829 að undanteknum Skarðs og Þjóðólfs-haga-Þingstöðum,-

vitnar

Bonnesen<sup>2</sup>

1 Skjal nr. 4 (53).

2 Skjal nr. 4 (45).

Þessi ágreiningur um nýtingu Þjórsártungna hefur líklega einnig átt sinn þátt í því að bændur í Holta- og Landsveit sáu ástæðu til að lögfesta afréttinn árið 1856:

Samkvæmt dómi þeim, er dæmdur var af sex mönnum á Ytrivöllum á Landi um Þjórsártungur árið 1476, þriðjudaginn næstan eptir Jóns messu baptistæ lægfestum við undirskrifaðir í nafni og umboði allra búenda í Holtasveit og Landsveit undir báðar þessar sveitir, afrjett þann, er fyrrum nefndist Þjórsártungur, en nú á dögum er nefnt Holtamannaafrijetur og Þóristungur með þessum takmörkum: Frá Tungnaá að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá hjeraða á milli, og fyrirbjóðum vjer öllum öðrum enn þeim, sem í Holtum og á Landi búa og þeim á Rangárvöllum, sem að fornum samningi hafa haft með oss upprekstur á afrjett okkar – upprekstur fjár, nauta, eða hrossa á þenna afrjett, fuglaveiði og fjaðratekju, grasa-tekju og rótargróft, silungsveiði og öll önnur gjæði eða nytjar, sem hafa má af afrjetti þessum. Við fyrirbjóðum og bönnum öllum óviðkomandi silungsveiðina eins og önnur gjæði afrjettarins, af því að veiðivötn þau, í hverjum silungur er veiddur nú á dögum eru innan áðurnefndra takmarka.

Holta- og Landmannahrepp 27. desember 1856

G. Bjarnason      B. Jónsson      M. Jónsson<sup>1</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp í maí og júní næsta ár á eftirtöldum stöðum: Kirkjulæk, Stórolfshvoli, Reyðarvatni, Fíflholti, Krossi og Steinhelli og lagt fram á lögregluþingi að Stórolfshvoli 21. ágúst 1858.

Í lögfestunni er silungsveiði nefnd meðal nytja á afréttinum en hún virðist fram að þeim tíma lítið hafa verið stunduð og ekki að staðaldri ef marka má sóknarlýsingu séra Jóns Torfasonar, prests í Landþingum, árið 1841.<sup>2</sup> Árið 1858 sáu hreppstjórar Holta- og Landmannahrepps þó ástæðu til að bera fram kærú á hendur þremur „utanhéraðsmönnum“. Í kærúnni, sem send var sýslumanni Rangárvallasýslu, segir m.a.:

Það þeir Runólfur Nikulásson á Bergvaði, hreppstjóri í Hvolhrepp, og Árni Árnason í Garðsauka og Jón Steinsson á Kotvelli gjörðu í fyrra sumar á slætti, ferð að heiman frá sér, með áburðarhesta, byssur, bát og veiðarfæri norður á Holta- og Landmanna-afrétt, eptir því sem síðar kom fram, bæði til álfta- og silungsveiða og fluttu þaðan heim aftur talsverða veiði, bæði af silungi og álftum, en höfðu til þessarar veiðar í annarra manna landi og lóð engrar heimildar leitað eða leyfis en hafa þó ekki viljað bæta fyrir að neinu, þá erum vér undirskrifaðir hreppstjórar í tédum sveitum knúðir til að átelja þessar tiltektir þeirra, Runólfs hreppstjóra, er vel megu hafa óbærilegar afleiðingar fyrir sveitarbúa og vafalausan rétt þeirra til afréttarins og allra gæða af honum, ef fleiri utanhéraðsmenn léki þetta eftir, þegar fram liði stundir, sem við má búast, ef nú væri látið óátalað.<sup>3</sup>

Í lögregluþingi Rangárvallasýslu, sem haldið var 14. ágúst 1858, lagði Runólfur Nikulásson fram varnarskjal þar sem hann krafðist þess að öllum yrði dæmt jafnheimilt að veiða við Fiskivötn. Ekki bar vitnum saman um hvort Landmenn einir hefðu farið til fiskiveiða á afréttinum eða aðrir gert það einnig. Böðvar Tómasson, hreppstjóri í Rangárvallahreppi,<sup>4</sup> sagði t.a.m.:

1 Skjal nr. 2 (3).

2 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. Reykjavík 1968. S. 170.

3 Skjal nr. 4 (22).

4 Sbr. Valgeir Sigurðsson, 1982: *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi*. Fyrra bindi. Hellu. S. 353.

Til fiskiveiða veit ég ekki til að héðan úr sýslu, að fráteknum Landmönnum, hafi farið aðrir en Merki-Hvolsbræður. En úr Skaftártungum er víst að menn hafa farið og það margir saman, en til rótna hafa héðan úr sýslu farið menn úr öllum hreppum að undanteknum Eyfellingum, ekki hefi ég heyrt þetta átalíð og ekki heyrt lögfestu þeirra Holta- og Landmanna getið fyrir en í dag.<sup>1</sup>

Meðal þeirra vitna sem hreppstjórar Holta- og Landmannahrepps létu kalla fram var Guðmundur Þorsteinsson í Hlíð í Eystrihreppi (Gnúpverjahreppi) í Árnassýslu. Hann hafði verið „flæktur við“ hreppstjórni í Landmannahreppi 30 árum fyrir og lagði þetta til málanna:

Að landspláss það, sem málefni þetta ris af, sé ekki eða hafi ekki í fornöld verið auðnir heldur numið land, er fullkomlega víst og verður sannað með þeirri dóms afskrift sem hér og hvar flækist manna í milli af þeim 6 manna dómi gengnum að Skarði á Landi þriðjudaginn næstan eftir Jónsmessu-og-baptistæ og er að ráða af orðatiltæki í dóms skjalinu, að einhverjir annarra sveita menn hafi viljað ná tilkalli eða einhverji notkun afreittar þessa því að öðru leyti virðist sem engin orsök hefði verið fyrir Land- og Holtamenn að tryggja réttindi sín með dómsuppsögninni. Ekki hefi ég heyrt hvert fyrir á tímum, eða fyrir minni feðra okkar, hafa verið nokkur ágreiningur um eignarrétt Land- og Holta-sveitarmanna fyrir afreitti þessum, en það hefi ég að nokkru leyti heyrt, og líka gefur það að skilja, að þegar bjargarskorturinn kom eftir fjárkláðann fyrri og eldana og harða veturinn Stúf hafi þessi yrking af óviðkomandi sveitarmönnum, í sannarlegri neyð byrjuð verið, og ekki þá strax uppátalin. Þá ég var í Landmannahrepp minnir mig það væri helzt Rangárvalla- Hvollhrepps- og Landeyjar-menn og má ske úr Fljótshlíð sem ég man ekki glöggt sem sóttu rót, grös, fuglaveiðar og önnur gæði í þenna afreitt án leyfis þeirra réttu eignar manna, svo þetta var orsök til þess að þáverandi hreppstjórar í Holta og Landhreppum lögfestu nefndan afreitt, sem nefndra sveita óuppátalda eign, og byggðu hana á dóminum. Ekki man ég víst Datum þessarar lögfestu en það var þó rétt fyrir eða um aldamótin, og ég man að faðir minn hafði afskrift þessa, en ekki fann ég hana eftir hann; mig minnir að yrking þeirra óviðkomandi hreppamanna minnkaði nokkuð við nefnda lögfestu eða forboð, um stund, en þegar hörðu árin komu aftur, eftir Langajökul og stríðstíðina, fóru yrking þeirra óviðkomandi manna með viðarrifriðli, hvölabrennum, rótagróft og fleiri nytjum svo fram, að til eyðileggingar horfði, og að ekki mátti heita að eigendur gæti þangað flúið í nauðsyn sinni og gekk þetta átölulaust þar til árið 1829 að við þáverandi hreppstjórar í Land- og Holta-hreppum lögðum nýtt forboð á alla óviðkomandi mannayrkingu og brúkun, undir afla missir og lagaákærum, var það samþykkt af viðkomandi sýslumanni, en við hreppstjórar og hreppsmenn okkar gengum nokkuð ríkt eftir því svo sú yrking lagðist niður meðan ég var í Landmannahrepp. -

Ég man nú ekki meira, þessu máli ykkar til upplýsingar í þessum hasti, en í ungdæmi mínu man ég ekki annað, en þessi afreittur væri almennt álitinn átölulaus eign Land- og Holtamanna, sem að fornu utan af þeim mönnum sem yrktu hann.<sup>2</sup>

Fleiri báru vitni í þessu máli, meðal þeirra Gísli Brynjúlfsson í Flagveltu, sem sagði um Þjórartungur að „þettað pláts [væri] Land og Holtamanna sauðabeit“.<sup>3</sup>

Í „innleggi“ til lögregluréttarins ítrekuðu hreppstjórar í Holta- og Landmannahreppi þá fullyrðingu að frá ómunatíð hefðu þessir hreppar einir haft afreittinn „til fullra umráða, afnota og brúkunar“, að fráteknum fjórum bæjum í Rangárvallahreppi sem hefðu að fornu og nýju átt þar fjárupprekstur. Þessu til staðfestingar vitna þeir í dóminn frá 1476 og segja síðan:

1 Skjal nr. 4 (54).

2 Skjal nr. 4 (46).

3 Skjal nr. 4 (26).



Þótt frumritið hafi eigi innsigli eða aðra þá staðfestingu, er gjöri það öldungis óbyggjandi réttarskjal skoðað einungis útaf fyrir sig, þá ber rithönd þess með sér að dómur þessi er bæði forn og ófalsaður; má og ráða það bæði af rithöndinni og af nöfnum dómendanna, er þar eru greindir, samanbornum við árbækur og annála landsins, að hann er frá þeim tíma er hann sjálfur segir og í alla staði áreiðanlegur; er einnig fyllilega sannast og staðfestist af óslitnu og óátöldu hefðarhaldi og átölulausri brúkun fyrrnefndra sveita á afréttinum er dómurinn ræðir um. Loksins sannar hreppstjóra skjalið frá 16. maí 1829 og lögfestan frá 27. des. 1856 eignarrétt Holta og Landsveita einna á afrétti þessum, þar sem þessi skjöl bera það með sér, að enginn hefur dirfst að hafa neitt í móti þeim þegar þau voru þinglesin á öllum þingstöðum annarsstaðar í sýslunni.<sup>1</sup>

Í dómi sýslumanns 21. september 1858 voru stefnendur (þ.e. Holta- og Landmenn) ekki taldir hafa sannað að afrétturinn væri þeirra. Þeir hefðu að vísu lagt fram „eftirrits eftirrit af skjali nokkru er nefnir sig „Dóm um Holta- og Landmanna-afrétt“ en eftirrit þetta vantar bæði undirskriftir allar, svo og alla sönnun fyrir því að það sé samhljóða nokkru frumriti (original)“. Skriflegir vitnisburðir stefnenda voru ekki heldur taldir hafa annað gildi en „að bera vitni í sjálfs síns sök“ og voru hinir stefndu því dæmdir sýknir í þessari sök.<sup>2</sup>

Málinu var áfrýjað til Landsyfírréttar en þar var niðurstaðan sú að enginn dómur yrði felldur án þess að áreið færi fram eða „afstöðumálverk“ gert sem sýndi takmörk afréttarlandsins og var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.<sup>3</sup> Ekki er að sjá að málið hafi verið tekið fyrir að nýju.

Í 39. gr. tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, er sérstakt ákvæði um afréttarmál og fjallskil. Þar er mælt fyrir um að sýslunefndir semji reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og refaveiðar og hafi umsjón með prentun markaskráa. Þremur árum síðar, í desember 1875, ritaði sýslumaður hreppsnefnd Landmannahrepps bréf með fyrirspurn um fjallskilaskýrslur og fleiri málefni. Í svari hreppsnefndar vikur hún að „upprekstrar óreglu, sem yfir hefur kvartað verið“ og leggur fram tillögur í 17 liðum um breytingar á afréttarleit og fjallskilum. Í 15. lið er fjall- að um fé og hross sem ekki hafi gengið út að þremur vikum liðnum frá þeim tíma að því var komið í vöktun og lýst, og skyldi það selt á uppboði. Síðan segir:

En það, sem enginn leiðir sig að eða getur helgað sér að endingu, um það hefur svo samizt milli hreppsnefndanna í Holtamanna- og Landmannahrepp, að Holtamannahreppssjóður hreppi  $\frac{2}{3}$  af því, sem svo er á sig komið og hefur til fallið í Landmannahreppi, en Landmanna-hreppssjóður  $\frac{1}{3}$ ; eins og Holtamannahreppsnefnd hefur undirgengizt, að einn þriðji partur skuli til falla Landmannahreppssjóði af öllu því, sem svo hefur til fallið í Holtamannahrepp og hverri annarri inntekt, sem til fjallaskila lýtur, og virðist sanngirni hér með mæla, þar Holtamannahreppur svarar  $\frac{2}{3}$  af öllum eitrunarkostnaði mfl.<sup>4</sup>

Samstarf Landsveitarmanna og Holtamanna var einnig áréttað á sameiginlegum fundi að Árbæ í Holtum í nóvember 1879:

1. Kom þeim ásamt um að allir Landsveitarmenn rækju á Landmanna afrjett og Marteinstungu Haga og Kálfsholtssókn og svo upprekstur allur sem gjörður verður af Landsveit og þeim parti Holtahrepps sem á þann afrjett rekur, og skal fje þetta rekast í Hrauneyarkatla af 3ur mönnum úr hvorri sveit. Enn hinn partur Holtahrepps sem er Odda, Árbæjar, Ás og Háfssóknir reki á Holtamanna-afrjett og gjöri upprekstur uppá sín bití á Holtamannaafriett.

1 Skjal nr. 4 (24).

2 Skjal nr. 4 (55).

3 Skjal nr. 4 (50).

4 Skjal nr. 4 (49).

2. Þóristungur verða einsog að undanfögnu irktar og safnaðar þannig, að Landmenn og sá partur Holtahrepps sem á Landmannaafrijet rekur safni þær að  $\frac{2}{3}$  enn sá partur Holtahrepps er á Holtamannaafrijet rekur  $\frac{1}{3}$ .
3. Einnig var samþikt að bygðar væru sumar rjettir nálægt Tjörfastöðum til innreksturs á fje því er til afrijetar rekið verður af báðum hreppunum laugardaginn í 13 viku sumars, og að þær irðu svo að haustinu brúkaðar fyrir bigdarsafnsrjettir.

Í samheingi við 2 grein skulu eptirleitir gjörast þannig að hvör partur annist um eptirleitir á þeim afrijetti er hann yrkir.<sup>1</sup>

Í júní 1884 barst oddvita sýslunefndar Rangárvallasýslu bréf frá amtmanni þar sem skýrt var frá því að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu hefði fyrir hönd sýslunefndarinnar beiðst að fá styrk af opinberu fé til að rannsaka „hin ókunnu fjalllendi, sem liggja fyrir norðan afrijetti Skaptártungu og Síðu manna“. Fram kom í bréfinu að amtsráðið hefði fallist á að veita allt að 500 króna styrk „til þess að rannsökuð yrðu hin ókunnu fjalllendi með fram Vatnajökli og Skaptárjökli“, og var oddvitinn inntur eftir því hvort sýslunefnd Rangárvallasýslu vildi að sinu leyti leggja fram fé úr sýslusjóði til rannsóknarinnar. Málið var rætt á fundi sýslunefndar 25. júní, og varð niðurstaðan sú að ekki þætti gerlegt að leggja gjöld á sýslubúa til rannsóknarinnar af því að „sýslunefndin ekki geti eignað þessari sýslu fjalllendi þau, sem liggja fyrir innan og austan Fiskivötn, eða sýslan yfirhöfuð haft nein veruleg afnota af þeim“. Í svari sýslunefndar segir enn fremur

að næst liggja að skoða þetta fjalllendis svæði, sem ráðgjört er að rannsaka, sem öræfi eða almenninga, sem ekkert víst sýslufjelag geti eignað sjer, og sem því liggja næst að rannsakað sje eingöngu á almenningsskostnað, ef rannsóknar þykir þurfa, sem fundurinn fyrir sitt leyti, frá þessu sjónarmiði álitur æskilegt.<sup>2</sup>

Nú verður vikið nánar að landamerkjum afrijettarins. Árið 1841 gerði séra Jón Torfason, prestur í Landþingum, grein fyrir takmörkum Landmannaafrijettar og Holtamannaafrijettar og nýtingu þeirra:

Afrijettarlönd tilheyra sveitinni, kallast Landmannaafrijettur, í félagsskap við Holtasveit. Takmörk hans eru að sunnan og útsunnan Hekla, fjallaklasar, öldur og dyngjur þær, sem liggja norður af henni; að landsunnan og austan Hrafninnuhraun og Torfajökull, samt Jökul- eða Námskvísl kölluð, hver að rennur norður í Tungná. Ræður hún svo og rennur allt vestur í Þjórsá, rúmum hálfum áfanga fyrir ofan byggð.

Í miðjum afrijettinum liggur hátt og eggjamikið fjall, sem Löðmundur kallast, með graslendi nokkru að framan. Rétt undir rótum nefnds fjalls að framanverðu liggur annað minna, kallað Hellirsfjall, sem tekur nafn af hellisgjögri nokkru (Landmannahellir). Þar hafa Land- og Holtamenn tjaldstað sinn í fjallgöngum á haustum í 3 nætur. ...

Í austur frá Landmannahellir liggja gagnvart hvurt öðru fjöll nokkur kölluð Lifrarfjöll og dalurinn kallaður Dómadalur. Af hverju hann hefur nafn sitt, vita menn ógjörla. Austar er Syðri- og Nyrðri-Námur og Tjörvafell svokallað. Í milli þessara síðast nefndu liggur stórt stöðuvatn, kallað Frostastaðavatn, og eru munnmæli þar hafi í fornöld verið silungsveiði. Mætti til geta, að veiðin hafi lagst af

1 Skjal nr. 4 (48).

2 Skjal nr. 4 (47).

vegna eldbrunahrauns, sem runnið hefur úr Námmum ofan í vatnið í einhverjum eldganginum á 14<sup>du</sup>, ekki seinna en á 15<sup>du</sup> öldinni.

Annan afrétt á sveitin í félagsskap við Holtasveit, nefndur Holtamannafréttur út við Þjórsá, en fyrir innan Tungná. Plátsið er kallað Búðarháls (fyrrum Þjórsártungur) og rennur allmikil kvísl, nefnd Kaldakvísl, austan undir honum. Ætla menn hún komi úr Vatnajöklinum svokölluðum. Þeir, sem leita þennan afrétt á haustum, fara allt til Biskupsþúfu og Sprengisands norður.

Fyrir austan Köldukvísl, en fyrir innan Tungná allt austur í fjallgarð þann mikla, sem er fyrir austan öll Fiskivötn og norður undir næst nefndan jökul, eru mikil öræfi og víðlendir. Þó eru þar pláts sem að fornu og allt til þessa hafa verið notuð til rótagröftar, svo sem Þóristungur utast og syðst í krók þeim, sem myndast af kvíslinni og Tungná, þá Kvíslarnar svokallaðar. ...

Í Fiskivötnum er silungsveiði, sem meir var stunduð til forna en nú á tímum. Þykir það ekki til vinnandi um heysláttartíma að láta fólk liggja þar, því oft er þar lítið um aflabrögð. Það gagn og gæði, sem í þessum auðnum og öræfum var að hafa fyrrum, svo sem fjallagrös, röt, silungs- og álfaveiði, var af 12 mönnum dæmt árið 1476 að Ytrivöllum hér í hrepp Land- og Holtasveitum og því er lýsingin svo langorð, að í því tilliti sýnist sem það sé viðkomandi þessu prestakalli.

Af nefndum afréttum er sauðfé rekið til rétta í svokallað Réttanes austur við Rangá nálægt miðsveitis. Þangað er tilsokt úr Holta- og Landsveit «hér um bil» 22 vikur af sumri.<sup>1</sup>

Séra Sigurður Sigurðsson segir í lýsingu sinni á Efri-Holtaþingum 1840 að afréttarlönd sóknarmanna „[kallist] Landmanna- og Holtamannafréttir, sem báðar sveitirnar Holtasveit og Landsveit hafa upprekstur á eftir velþóknan“.<sup>2</sup> Séra Benedikt Eiríksson kemst svo að orði um svipað leyti að afréttur allra Holtamanna sé „fyrir innan Landmannafrétt“. Upprekstur þangað hafi Holtasveit og Landsveit báðar í sameiningu eins og á Landmannafrétt.<sup>3</sup>

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Landmannafrétt 1886 í samræmi við landamerkjalog nr. 5/1882:

Fyrst er Ófærugil, þaðan beint í Krakatind, þaðan beint í Fljótið syðst í Reykjadalum, síðan ræður Fljótið inn að Torfajökli; síðan ræður Torfajökull inn að upptökunum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn í Þórisvatni; þaðan beint í Þóristind, þaðan beint í botninn á Blautukvísl, síðan ræður hún merkjum í Tungnaá, síðan Tungnaá í Þjórsá, síðan ræður Þjórsá fram að syðri endanum á Búrfelli, síðan þaðan beint í Ófærugil.

Framanskriðuð mörk samþykkjum vér undirskrifaðir.

Landmannahreppi 22. okt. 1886

Fyrir hönd Landmannahrepps:

Eyjólfur Guðmundsson Kristófer Jónsson Þorsteinn Þorsteinsson

1 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 168-170. Sbr. einnig lýsingu séra Jóhanns Björnssonar á Keldnasókn, um 1840 (sama rit, s. 145).

2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 188.

3 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 208.

Fyrir hönd Holtamannahrepps:

Jón Þórðarson      Runólfur Halldórsson      Ól. Ólafsson      Þ. Guðmundsson

Fyrir hönd Rangárvallahrepps:

Steinn Guðmundsson      Gísli Felixson      Páll Jónsson<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga 17. maí 1890. Ekkert sambærilegt bréf er til fyrir Holtamannafrétt.

Mörkin milli afréttarlanda Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu reyndust ekki ágreiningslaus. Á fundi sínum 7.-8. maí 1889 hafnaði sýslunefnd Rangárvallasýslu eftirfarandi markalýsingu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu:

Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námakvíslarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.<sup>2</sup>

Í staðinn lagði sýslunefnd Rangárvallasýslu til þessi mörk:

Úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni. En vilji sýslunefndin í Vestur-Skaftafellssýslu ekki aðhyllast þau mörk, stingur fundurinn upp á, að málefnið sé lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja sýslufélaganna.<sup>3</sup>

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu vildi ekki samþykkja þessa tillögu og eigi heldur leggja ágreininginn í gerðardóm, og var hann því óleystur allt til ársins 1989 þegar Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um mörk Landmannafréttar að austan og afréttar Skaftártunguhrepps að vestan með þessum orðum:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Lína þessi er mörkuð á korti í héraðsdómi.<sup>4</sup>

Árið 1892 sótti hreppsnefndin í Holtamannahreppi um það að hreppnum yrði skipt þannig að Efriholtþing yrði sérstakur hreppur sem kallaðist Holtahreppur en Kálfholtsprestakall með Odda-sókn annar hreppur er kallaðist „Áshreppur“. Holtamannahreppur var þá fjölmennasti hreppur Rangárvallasýslu, víðáttumikill og ógreiðfær yfirferðar og „[hagaði] að ýmsu leyti öðru vísi til í honum ofanverðum en framanverðum, að því er snertir búnaðarháttu og lífernisháttu manna“.<sup>5</sup> Sýslunefnd féllst á þessa ósk hreppsnefndarinnar þó að hún teldi aðra skiptingu heppilegri. Málið fór fyrir landshöfðingjann sem samþykkti umsóknina með bréfi 11. júlí 1892. Í framhaldi af þessu héldu hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps með sér fund að Skammbeinsstöðum 29. nóvember um málefni afréttarins og var niðurstaðan sú að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á

1 Skjal nr. 2 (15).

2 Skjal nr. 4 (47) (s. 32-35/279-282).

3 Skjal nr. 4 (47) (s. 32-35/279-282).

4 H 1989 1022.

5 Skjal nr. 4 (41). Sbr. Lýður Björnsson, 1979: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Síðara bindi. Reykjavík. S. 47.

Landmannafrétt en Ásahreppur á Holtamannafrétt. Samþykkt var að Landmannahreppur fengi árlega andvirði alls þess óskilafjár sem kæmi fyrir í Landrétt, að undanskildum norðanlömbum, en andvirði þeirra skyldi falla til Ásahreppi. Andvirði þess óskilafjár, sem kæmi fyrir í Kambsrétt, skyldi skiptast milli Ásahrepps og Holtahrepps. Einnig var samþykkt að hreppsnefndin í Landmannahreppi annaðist árlega um refaveiðar á Landmannafrétti gegn 50 kr. borgun árlega úr Holtahreppi.<sup>1</sup> Þetta samkomulag hreppanna var síðan staðfest á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 12.-14. apríl 1893.<sup>2</sup>

Upp úr aldamótunum 1900 fóru einstaklingar og félög að falast eftir fossum á hálendi landsins til að nýta þá til raforkuframleiðslu. Á næstu árum var sérstökum umboðsmönnum falið að selja eða leigja þá fossa í Þjórsá og Tungnaá sem hreppsfélög í Rangárvallasýslu og eigendur tiltekinnna jarða töldu sig eiga tilkall til. Vatnsréttindi þessi voru að lokum framseld hlutafélaginu Titan eins og nánar er rakið í kafla 6.4.3.<sup>3</sup>

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sju ótvírætt almennings eign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeta, sem hreppsfélög, er eiga afrijettt í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrijetttum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrijetttum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarheit og geldfjárhöfn.<sup>4</sup>

Eins og áður hefur komið fram gerðu hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps með sér samkomulag í nóvember 1892 um að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannafrétt en Ásahreppur á Holtamannafrétt. Slíkar samþykktir eða reglur um nýtingu afréttanna höfðu áður verið gerðar milli Holtamannahrepps og Landmannahrepps og giltu þær um mislangan tíma hverju sinni. Hreppsnefnd Holtahrepps taldi sig vanhaldna af þessu samkomulagi og vildi fá því breytt. Samkvæmt skýrslu sem Eyjólfur Guðmundsson, bóndi í Hvammi á Landi, tók saman átti hreppsnefnd Holtahrepps frumkvæði að því að boða hreppana til fundar að Marteinstungu 8. maí 1911 „til að ræða um fundarsamþykktina frá 1892 um fyrirkomulag á upprekstri til afrétta og notkun afrétta hlutaðeigandi hreppa framvegis“.<sup>5</sup> Að sögn Eyjólfss létu ýmsir fundarmenn, einkum úr Ásahreppi, í ljós þá skoðun að Holtamenn „ættu“ Landmannafrétt með Landmönnum en Ásahreppur Holtamannafrétt. Hreppsnefnd Landmannahrepps hefði mótmælt þessari afstöðu og talið Landmannafrétt eftir sem áður eign Landmannahrepps.<sup>6</sup> Um það var síðan deilt hvort Holtamenn hefðu á fundinum sagt upp áðurnefndum samningi frá Skammbeinsstöðum 29. nóvember 1892.<sup>7</sup> Nokkru áður en fundurinn að Marteinstungu var haldinn, 27. mars 1911, undirrituðu oddvitar Rangárvallahrepps og Landmannahrepps samning þess efnis að jarðirnar Selsund, Haukadalur og Svínhagi í Rangárvallahreppi gætu ekki lengur átt upprekstur á Landmannafrétt en ábúendum Næfurholts væri eftir sem áður skylt að reka á afréttinn og gegna þar fjallskilum.<sup>8</sup>

1 Skjal nr. 4 (41).

2 Skjal nr. 4 (41).

3 Sbr. skjöl nr. 2 (4-12).

4 Skjal nr. 4 (66).

5 Skýrsluna undirritaði Eyjólfur Guðmundsson 6. júlí 1913 (skjal nr. 4 (32)).

6 Skjal nr. 4 (32).

7 Sbr. skjöl nr. 4 (32, 33).

8 Skjal nr. 2 (10). Jarðir þessar höfðu átt upprekstur á Landmannafrétt a.m.k. frá því að fyrrnefnt samkomulag um afréttinn var gert 1783.

Ágreiningur um nýtingu Landmannaafréttar færðist í aukana eftir að eldgos hófst í Lambaskarði og Krókagiljum vorið 1913. Tveir menn voru sendir í rannsóknarleiðangur til að kanna áhrif náttúruhamfaranna og kom þá í ljós að Landmannaafréttur hafði spillt mjög af hraunflóði, vikri og öskufalli. Var það samdóma álit þeirra að ekki mætti að sinni reka meira fê í afréttinn en helming þess fjár er undanfarið hefði þangað farið. Fundur var haldinn um málið í þinghúsi Landmannahrepps að Skarði 30. júní 1913, og þótti tvennt koma til greina í þessum vanda. Annaðhvort að Landmenn rýmdu fyrir Holtamönnum og reyndu sjálfir að leita til annarra hreppaafréttanna eða að bann yrði lagt á upprekstur Holtamanna í afréttinn. Samþykkt var áskorun til hreppsnefndarinnar um að gefa út slíkt bann og fylgja því eftir við hreppsnefnd Holtahrepps.<sup>1</sup> Í bréfi sem hreppsnefnd Landmannahrepps ritaði hreppsnefnd Holtahrepps sama dag segir m.a.:

Hreppsnefndin í Landmannahreppi getur ekki fundið, að það væri réttlátt, að hreppsúar Landmannahrepps, eigendur afréttarins, væru neyddir til að rýma burt af sínum eigin afrétti fyrir utanhreppsmönnum. Hins vegar vill hreppsnefnd Landmannahrepps sýna þá tilhlýðrun að leyfa eftirtöldum bæjum upprekstur á Landmannaafrétt: 1. Skammbeinsstaðir, 2. Guttormshagi, 3. Ketilsstaðir, 4. Hagi, 5. Kaldárholt, 6. Saurbær, 7. Stúfholt, 8. Akbraut, 9. Lækur. ...<sup>2</sup> Teljum við líklegt, að það, sem þá kynni að vanta á, að Holtahreppur hefði nægilegt upprekstrarland, kæmist vel fyrir á Holtamannaafrétti, sem Holtamenn með réttu telja sig eiga.<sup>3</sup>

Banni þessu var síðan fylgt eftir um haustið enda munu nokkrir bændur í Holtahreppi hafa rekið á Landmannaafrétt eins og áður.<sup>4</sup> Oddviti Holtahrepps svaraði þessu bréfi 12. janúar 1914, mót-mælti banninu og sagði skemmdir á afréttinum hafa ráðið því að ekki hefðu fleiri bændur í hreppnum rekið fê á afrétt á liðnu sumri.<sup>5</sup>

Nokkru áður en þetta gerðist, þ.e. snemma árs 1913, höfðaði Holtahreppur mál gegn Ásahreppi til að fá sér dæmdan eignarrétt á Holtamannaafrétti. Fyrir sáttanefnd krafðist Holtahreppur þess að Ásahreppur viðurkendi Holtahrepp sem meðeiganda eða sameiganda að Holtamannaafrétti og ætti því allar nýttjar afréttarins að réttri tiltölu við hundraðatal ábýlisjarða beggja hreppanna. Ásahreppur krafðist sýknu fyrir sitt leyti og jafnframt dóms um að hann væri einn eigandi afréttarins með þeim rökum að hann hefði hreppt eignarrétt yfir Holtamannaafrétti eftir fundinn á Skammbeinsstöðum í samræmi við bréf landshöfðingja.<sup>6</sup> Í forsendu dómsins í aukarétti Rangárvallasýslu er vísað til þess þegar Holtamannahreppi var skipt í tvö hreppsfélög, Holtahrepp og Ásahrepp, og síðan segir:

Fram að þessum tíma tilheyrdi Holtamannahreppi óskiftum og nágrannahreppnum, Landmannahreppi, tveir afréttir, nefnil. fyrnefndur Holtamannaafréttur og svo nefndur Landmannaafréttur. Töldust hreppar þessir tveir eiga báða afréttina í félagi, eins og báðir aðiljar þessa máls hafa viðurkennt.

En er skifting Holtamannahrepps hafði farið fram, urðu sameigendur afréttanna eðlilega þrír en eigi tveir eins og áður hafði verið.<sup>7</sup>

1 Skjal nr. 4 (30).

2 Hér næst stendur en yfirstrikað: „Enn fremur vill hreppsnefnd Landmannahrepps veita þá tilslökun að leyfa hreppsúum Holtahrepps upprekstur á þann part afréttarins, sem liggur fyrir innan Tungnaá, á svonefnd Örafé, sem árlega hafa verið söfnuð héðan.“

3 Skjal nr. 4 (31).

4 Sbr. bréf Eyjólfss Guðmundssonar í Hvammi til hreppsnefndar Holtahrepps 18. nóvember 1913 (skjal nr. 4 (33)).

5 Skjal nr. 4 (34).

6 Skjal nr. 4 (35).

7 Skjal nr. 2 (14). Sbr. skjal nr. 4 (35).

Dómendur töldu út frá þessu að krafa stefnanda væri of víðtæk og hefði Landmannahreppur þurft að vera meðaðili hans að málinu. Ekki var heldur fallist á kröfu Ásahrepps því að eignaskiptin milli Ásahrepps og Holtahrepps „gátu eigi náð til Holtamanna afréttar, því hann tilheyrði einnig Landmannahreppi“. Báðir málsaðilar hefðu gert þá yfirsjón að leita ekki úrskurðar sýslunefndar því að það væri hún sem ætti að ákveða um skipti afréttanna. Málinu var að svo búnu vísað frá dómi ex officio 24. mars 1914.<sup>1</sup>

Ásahreppi var skipt í tvö hreppsfélög samkvæmt bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 13. janúar 1936. Skiptingin var ákveðin þannig: Kálfholtskirkjusókn með Vetleifsholtshverfi skyldi verða hreppur sér og nefnast Ásahreppur en Háþéjarkirkjusókn með Bjóluhverfi, Ægissíðu og Rangá verða hinn hreppurinn og nefnast Djúpárhreppur. Fjallskilakostnaður vegna afréttar Ásahrepps skiptist þannig að Ásahreppur skyldi bera  $\frac{4}{7}$  hluta en Djúpárhreppur  $\frac{3}{7}$  hluta.<sup>2</sup>

Þrátt fyrir ágreining um eignarhald og nýtingu afréttanna var nokkur samvinna milli hreppanna þriggja, þ.e. Ásahrepps, Holtahrepps og Landmannahrepps, um afréttarmál. Fulltrúar þeirra samþykktu t.d. á fundi 4. febrúar 1926 að taka höndum saman um að hlaða gerði í Réttanesi í kringum söfn hreppanna af afréttunum. Skyldi kostnaðinum jafnað þannig niður milli hreppanna að helmingur væri lagður á eftir sauðfjárfjölda síðastliðið ár, en hinn helmingurinn færi eftir hundraðatali jarðeigna í hreppunum.<sup>3</sup> Á fundi 12. ágúst 1928 komu fulltrúar Holtahrepps og Landmannahrepps sér saman um að skipta tillögum hreppanna á þá leið að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar færi eftir sauðfjáreign þeirra en  $\frac{1}{3}$  eftir hundraðatali jarða samkvæmt jarðamatsbók. Einnig var ákveðið að 58 menn skyldu fara til smölunar í allar þrjár leitir, 29 menn úr hvorum hreppi.<sup>4</sup>

Ágreiningur milli Landmannahrepps og Holtahrepps braust fram að nýju ekki sist eftir að hreppstjóri Landmannahrepps, fyrir hönd hreppsnefndarinnar, gerði samning við oddvita Rangárvallahrepps til næstu fimm ára um helmingaskipti milli hreppanna á andvirði því sem fást kynni fyrir hrafntinnu o.fl. er tekin væri í svonefndum Reykjadalum á afréttamörkum hreppanna.<sup>5</sup> Í fundargerðabók Landmannahrepps 12. september 1935 kemur fram að oddviti Holtahrepps hafi ritað bréf, dags. 9. sama mánaðar, þar sem hann hafi gert þá kröfu að hreppurinn verði talinn meðeigandi Landmanna- og Rangárvallahrepps að hrafntinnu þeirri sem fundist hafi og fyrirfinnist á afréttum og smalaleiðum þessara þriggja hreppa. Viðhorfi Landmannahrepps er lýst svo í áður nefndri fundargerðabók:

Hreppsnefnd Landmanna undrast mjög þessa kröfu oddvita Holtahrepps, þar sem honum engu síður en hreppsnefndinni hér, hlýtur að vera kunnugt, að um eignarrétt að Landmannaafrétti hefur enginn ágreiningur risið fyr eða síðar, svo kunnugt sé, nefnilega að hann sé óskert eign Landmannahrepps með grasi, grjóti, og öðrum verðmætum, er þar kunna að finnast, innan þeirra landamerkja, er samþykkt hafa verið af hreppsnefnd Holtamannahrepps og þinglesin á Þjóðólshagaþingi 17. maí 1890, án nokkurra athugasemda eða mótmæla. Hitt er jafn kunnugt, að ágreiningur hefur verið öðru hvoru um það, að hve miklu leyti Landmönnum væri bagalaust, að leyfa Holtamönnum upprekstur á afrétt sinn. Lengi vel var það að eins nokkur hluti Holtamannahrepps, sem hafði upprekstrarleyfi á Landmannaafrétt, en Landmenn fengu fyrir það, og notuðu, upprekstur stóðhrossa á Þóristungur á Holtamannaafrétti, og jafnvel ráku eitthvað af sauðfé á hann líka. En eftir fjárfellinn mikla 1882, breyttist þetta svo, að fátt eða ekkert fé var til að reka á afrétt nokkur ár, að minnsta kosti úr Landmannahreppi að Landmenn hættu því að nota upprekstur, sem áður er nefndur, á Holtamannaafrétti, en urðu þó að bera einn þriðja ( $\frac{1}{3}$ ) kostnaðar af bátum við Tungnaá, sem var all tilfinnanlegur skattur þá fyrir svo fátæka

1 Skjal nr. 2 (14). Dómurinn var kveðinn upp 24. maí 1914.

2 Skjal nr. 5 (1).

3 Skjal nr. 4 (37).

4 Skjal nr. 4 (37) (s. 128/375).

5 Skjal nr. 4 (38). Sbr. skjal nr. 5 (6).

sveit, og orsakaði, m.fl. mikla óánægju milli hreppanna. Loks rak að því, að hreppsnefndir hinna þriggja hreppa: Ása- Holta- og Landmanna, áttu fund með sér að Skammbeinsstöðum 29. nóv. 1892. (Þá hafði hinum forna Holtamannahreppi verið skipt í tvo hreppa.)

Á þessum fundi samþykktu hreppsnefndir Ása- og Holtahreppa, fyrir sitt leyti, að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt. Hreppsnefnd Landmannahrepps samþykkti þetta ekki; en sá sér ekki fært að mótmæla því eins og á stóð um fænaðarfæð í sveitinni, og það því síður, sem móti komu þau hlunnindi, að Landmenn losnuðu þá við bátakostnað og viðhald við Tungná, og fengu enn fremur í sinn sjóð andvirði alls óskilafjár, sem fyrir kæmi í Landréttum, nema norðan lamba; en af andvirði þess fjár hafði Landmannahreppur fram að þessu fengið  $\frac{1}{3}$  hluta. Þá var líka gerð sú bót í máli, að Holtahreppur legði árlega til Landmannahrepps 50 krónur til refaveiða á Landmannaafrétti. Þetta allt mætti vera svo vel kunnugt, að óþarfi sé að endurtaka það, en er aðeins gert vegna framanritaðs tilefnis. Enn fremur er það kunnugt, að hreppsnefnd Landmannahrepps hefur jafnan litið svo á, og ekki farið dult með, að kæmi það fyrir, að Landmannaafréttur gengi svo af sér, að ekki þætti fært að reka á hann fé af öllu því svæði sem nú er, þá yrðu Holtamenn að rýma, að meir eða minna leyti fyrir eigendum afréttarins, Landmönnum.

Hreppsnefnd Holtahrepps hefur beint og óbeint viðurkennt þetta, t.d. á síðasta sameiginlegum fundi um þetta mál að Skarði, 18. maí 1914, þar sem mættir voru allir hreppsnefndarmenn úr Landmanna- og Holtahreppi nema einn (úr Holtahreppi). Í fundargerð, sem þar var samþykkt í einu hljóði, stendur meðal annars: „Í sambandi við þetta kom báðum hreppsnefndunum saman um, að Landmannaafréttur væri nú svo af sér genginn, vegna eldgosanna síðastl. vor, (1913), að ómögulegt sýnist vera, að hann geti borið álíka fjártölu og undanfarið hefur verið á hann rekin. Hreppsnefndunum kom því eindregið saman um, að nauðsyn beri til þess, fyrir hreppsnefnd Holtahrepps, að halda tafarlaust áfram máli sínu á hendur Ásahreppi um eignar og upprekstrarétt Holtamanna á Holtamannaafrétti.“<sup>1</sup>

Í framhaldi af þessari ályktun kvaðst hreppsnefnd Landmannahrepps vænta þess að hreppsnefnd Holtahrepps færi eftir fífogetabanni því sem út hefði verið gefið viðvíkjandi hrafntinnutöku í Reykjadalum á Landmanna- og Rangárvallaafrétti. Jafnframt var samþykkt að ganga að samningstilboði þriggja manna, Sigurðar Jónssonar bílstjóra og menntaskólakennaranna Valdemars Sveinbjörnssonar og Einars Magnússonar um að greiða Land- og Rangárvallahreppi 20 kr. fyrir hvert tonn af hrafntinnu eða öðrum verðmætum bergtegundum sem kynnu að finnast í afréttarlöndum þessara hreppa næstu fimm ár og aldrei minna en 400 kr. árlega nefndan tíma. Skyldu þeir á því tímabili hafa einkaleyfi á námuvinnslunni.<sup>2</sup> Í reikningum Landmannahrepps fyrir árið 1937 kemur fram að hreppurinn hafði þá nokkrar tekjur af hrafntinnu.<sup>3</sup>

Veturinn 1942-1943 kom upp garnaveiki í sauðfé austan Þjórsár og var þá sett upp varnargirðing frá sjó, austan Hólsár og Rangár ytri, í girðingu sem var milli Rangár og Þjórsár á mörkum Landmannaafréttar og Landsveitar. Sauðfjárnæmdum í Landmanna- og Holtahreppi, sem þá nýttu sameiginlega Landmannaafrétt, var þá bannað að reka fé á fjall en urðu engu að síður að smala afréttinn, lögum samkvæmt, og sjá þar um refaveiðar. Þangað mun þá einkum hafa leitað fé Rangvellinga og Skaftfellinga. Af þessu hlaust nokkur kostnaður sem Landmenn og Holtamenn vildu ekki við una, eins og fram kemur í fundargerð Holtahrepps 22. febrúar 1945 og óskuðu þeir eftir því við sýslumann að smölun og refaveiðum yrði létt af hreppunum á meðan bændum í þeim væri meinað að reka sauðfé sitt á hann.<sup>4</sup>

1 Skjal nr. 4 (38). Seinni tilvitnunarkerki eru ekki sýnd í uppskrift en hljóta að eiga koma hér.

2 Skjal nr. 4 (38).

3 Skjal nr. 4 (38) (s. 137-138/384-385).

4 Skjal nr. 4 (39).



Í Lögbirtingarblaðinu 10. mars 1947 birtist tilkynning frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, Birni Björnssyni, um veiðirétt í Veiðivötnum (Fiskivötnum). Af því tilefni gaf oddviti Holtahrepps frá sér tilkynningu þar sem segir að búendur í Holtahreppi geri kröfu um veiðirétt í þessum vötnum í réttu hlutfalli við aðrar sveitir sem þar eigi veiðirétt. Kröfuna byggðu þeir á eftirtöldum forsendum: Í fyrsta lagi er vísað til dóms að Ytri-Völlum árið 1467. Hér mun trúlega átt við dóminn að Skarði á Landi 25. júní 1476 sem áður hefur verið gerð nokkur skil. Í öðru lagi var því haldið fram að búendur í Holtahreppi vissu ekki annað en að frá árinu 1467 (1476?) til 29. nóvember 1892 (sbr. fundinn að Skammbeinsstöðum sem fyrr er getið) hefðu bæði Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur verið taldir sameiginleg eign sveitanna milli Þjórsár og Rangár ytri milli fjalls og fjöru enda notaðir af búendum þessara sveita til upprekstrar og annarra afnota. Í þriðja lagi var minnt á að Holtamannahreppi hinum forna hefði verið skipt í tvö sveitarfélög, Holta- og Ásahrepp, árið 1892, og hefðu síðan allar þrjár hreppsnefndirnar átt með sér fund að Skammbeinsstöðum um það hvernig upprekstri, smöln og refaveiðum á afréttinum væri haganlegast fyrir komið. Loks var því haldið fram að Holtamenn hefðu um „tæpan síðasta áratug“ stundað ótalið veiðiskap vor og haust í vötnunum á Landmannaafrétti.<sup>1</sup> Af ágreiningi þessum spruttu málaferli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955 (Landmannaafréttardómur fyrri).<sup>2</sup>

Hér að framan hefur verið minnst nokkuð á upprekstur og beitarnýtingu Holtamannaafréttar. Elsta fjallskilareglugerðin fyrir Rangárvallasýslu er frá 1894. Í 7. gr. er vikið að Holtamannaafrétti en þar segir að sérhver „sem afrjett á að nota, á tiltölu til hans, eða leigir hann“ og hafi til eignar eða umráða 25 kindur eða fleiri veturgamlar eða eldri, sé skyldugur að leggja til einn mann til fjallskila sem sé að minnsta kosti 16 ára. Þessi sama skylda eigi þó ekki við um þá sem reki á Holtamannaafrétt nema því aðeins að þeir hafi yfir að ráða 40 kindum eða fleiri. Í 8. gr. er kveðið á um að fjallskilum sé lokið og réttað í Holta- og Landréttum föstudaginn í 23. viku sumars.<sup>3</sup>

Séra Benedikt Eiríksson, aðstoðarprestur í Kálfholti, gerði nokkra grein fyrir fjallskilum á Holtamannaafrétti í sóknarlýsingu sinni frá um 1840 en eftir það eru *Göngur og réttir* og *Sunnlenskar byggðir* helst til frásagnar.<sup>4</sup> Frá 1880 hafa undanreiðarmenn lagt af stað til fjalls miðvikudaginn í 21. viku sumars.<sup>5</sup> Fyrsta daginn er leitað í Svörtubotnum, Hnausaveri með Hágönguhrauni, kringum Skrokköldu með Eyvindarverskvíslum báðum, í Háumýrum og Hreysiveri, með Þjórsá frá Hreysikvísl inn að Fjórðungakvísl. Síðan er leitað suður með Þjórsá, Eyvindarver og Þúfuver norðan Þúfuverskvíslar. Á fimmtudeginum skiptast leitarmenn í tvo flokka og fer annar í Þúfuver en hinn í Illugaver. Stóraver er þá leitað, Kjölur með Svartá að innan og Þúfuver sunnan kvíslar. Hinn flokkurinn leitar með Grjótakvísl, Grjótakvíslarbotna, Illugaver og allt svæðið fyrir innan það, Þveröldu og Krókaver. Á föstudeginum smala „vestanmenn“ úr Þúfu suður í Bása en „austanmenn“ smala úr Illugaveri suður fyrir Klifshagavallakvísl. Á laugardeginum er Búðarháls smalaður og allt suður að Tungnaá. Smöln lýkur þegar austanmenn og vestanmenn komu saman á svipuðum tíma að Haldi og á sunnudeginum er féð síðan flutt í sláturhús.<sup>6</sup>

Eins og fyrr greinir kom upp garnaveiki í sauðfé veturinn 1942-1943 og var þá hætt að reka á afréttinn. Árið 1951 var féð skorið niður. Áratug síðar hófst upprekstur að nýju og er talið að fé á afrétti hafi verið nálægt 5000 þegar mest var um 1984.<sup>7</sup> Afrétturinn allur er leitaður. Þó er ekki farið

1 Skjal nr. 4 (40).

2 H 1955 108.

3 Skjal nr. 4 (17). Sbr. 8. gr. fjallskilareglugerðar nr. 8/1911, nr. 80/1915 og nr. 72/1921 (skjöl nr. 4 (16, 15, 13)). Sbr. einnig skjöl nr. 4 (10, 8, 7) (fjallskilareglugerðir nr. 156/1943, nr. 239/1974 og nr. 157/1990).

4 Sbr. *Rangárvallasýsla* 1968, s. 208. *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 300-343. *Sunnlenskar byggðir* 5, s. 314-319.

5 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 303. Í *Sunnlenskum byggðum* 5 (s. 314) er sagt að lagt sé af stað þriðjudaginn í 21. viku sumars.

6 *Sunnlenskar byggðir* 5, s. 314-319.

7 Hér á eftir er stuðst við frásögn Sveins Tyrfingssonar, bónda í Lækjartúni, Ásahreppi, við skýrslutökur í máli nr. 1/2003.

í Nýjadal og Vonarskarð í fyrstu leit og í Öræfin er yfirleitt ekki farið nema frést hafi þar af fé.<sup>1</sup> Engin samsmölun eða samvinna er með gangnamönnum að norðan þó að leitarsvæði þeirra liggja saman (einkum í Jökuldal og Nýjadal). Flest hús á afréttinum eru í eigu sveitarfélaganna, þ.e. Ásahrepps og Djúpárhrepps en sveitarfélagið hefur nokkrar tekjur af fasteignagjöldum frá Landsvirkjun.<sup>2</sup> Stofnað hefur verið sérstakt félag um vötnin á afréttinum og standa að því bæði Holtamenn og Landmenn. Það er í tveimur deildum og er önnur þeirra einvörðungu um vötnin á Holtamannaafrétti. Ekki er kunnugt um aðrar nýttar af Holtamannaafrétti en hér hefur verið greint frá.

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítills háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Holtamannaafréttar, þ. á m. réttindi Landsvirkjunar þar, og annarra landsvæða í Ása- og fyrrum Djúpárhreppum, hinn síðarnefndi nú innan Rangárfings ytra. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem áður nefndist

1 „Öræfin liggja vestur af Vatnajökli, suður af þeim eru Veidivötnin, (þau tilheyra Landmannaafrétti)“ (*Göngur og réttir* 1 (1983), s. 300).

2 Jónas Jónsson, oddviti Ásahrepps, Kálpholti I, við ádurnefndar skýrslutökur. Sveinn Tyrfingsson skýrði frá fasteignagjöldum Landsvirkjunar.

Holtamannahreppur en skiptist síðar í Holtahrepp, Ásahrepp og Djúpárhrepp. Frásögn hennar bendir hins vegar ekki til landsvæðið norðan Þjórsár og Tungnaár, þ.e. Holtamannaafréttur, hafi verið numið í öndverðu. Þess ber einnig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður einnig að telja fremur ólíklegt að Holtamannaafréttur hafi verið numinn, sbr. kafla 6.3.1. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.<sup>1</sup>

### 6.3. Holtamannaafréttur

Hér verður fyrst fjallað um staðhætti og gróðurfar á Holtamannaafrétti, því næst kröfur málsaðila annarra en Landsvirkjunar og sjónarmið þeirra og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar. Um Landsvirkjun er fjallað í kafla 6.4.

#### 6.3.1. Staðhættir og gróðurfar<sup>2</sup>

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Holtamannaafréttur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>3</sup> Svæði þetta afmarkast til vesturs, norðurs og austurs af sveitarfélaga- og sýslumörkum, nánar tiltekið af Gnúpverjaafrétti (Árnessýslu), landsvæðum í fyrrum Akrahreppi (Skagafjarðarsýslu) og Bárðdælahreppi (Suður-Þingeyjarsýslu), nú innan Þingeyjarsveitar, og Skaftártunguafrétti (Vestur-Skaftafellssýslu). Til suðurs er Landmannaafréttur.

Holtamannaafréttur liggur að mestu í 400-1200 m yfir sjávarmáli.<sup>4</sup> Mesta fjarlægð frá syðsta til nyrsta hluta Holtamannaafréttar í beinni loftlínu er u.þ.b. 95 km. Mesta fjarlægðin frá austasta til vestasta hluta afréttarinnar er u.þ.b. 35 km. Land ris hæst í 1344 m yfir sjávarmál rétt vestan Kviavatns á norðanverðum vesturafréttinum. Holtamannaafréttur er að mestu gróðurlaus fjöll, hraun og sandur. Fjöldi stöðuvatna er þar, áa og lækja. Einnig eru víða litlir gróðurblettir, einkum í lægðum og dalverpum. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í gróðurfarsleg hæðabelti; láglendisbelti frá sjávarmörkum að 100-150 m hæð, hlíðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka. Eftir því sem herra dregur verður landið tegundasnauðara, uppskeru-minna og rýrara vegna verri veðurskilyrða. Holtamannaafréttur er nánast allur í fjallbeltinu.

Kaldakvísl skiptir Holtamannaafrétti í tvennt, frá norðri til suðurs. Vestari hlutinn liggur á milli Þjórsár og Köldukvíslar og allt norður undir Sprengisand, Tungnafellsjökul og Vonarskarð. Svæðið er gróðursnautt, hálent og fjalllent. Norðvesturhlutinn er frekar hallalítill en halli eykst eftir því sem austar dregur og eins og áður segir ris land þar hæst (1344 m). Fyrir miðju svæðinu er Kvíslarvatn í 600 m hæð yfir sjávarmáli og þar í kring er aðalvatnasvæði vestur hlutans. Norðan Sauðafellslóns í Köldukvísl er Sauðafell (773 m) og Þveralda (754 m) ásamt Þverölduvatni tæpum 10 km norðan Sauðafells. Um 6,5 km norðan Þveröldu er Hnöttóttaalda (788 m) og Skrokkalda (922 m) um 10,5 km þar til norðausturs. Norðaustan Skrokköldu er Nyrðri-Háganga (1267 m) og Syðri-Háganga (1055 m) um 5,5 km sunnar. Á afréttinum hefur Landsvirkjun reist virkjanir með vatnsmiðlunum og lónum, sjá umfjöllun í kafla 6.4.

Eystri hluti Holtamannaafréttar liggur á milli Köldukvíslar og Tungnaár og teygir sig norður til Köldukvíslarjökuls. Landsvæði þetta liggur hátt og er mest um fjalllendi syðst, þ.e. sunnan Þórisvatns (575 m). Norðan Þórisvatns, sem er stærsta stöðuvatn landsins, eru Hágönguhraun og Veidi- vatnahraun, hallalítlar og víðfeðmar hraunbreiður. Gjáfjöll og Heljargjá er fjallbreiður sem standa

1 Sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Kafla 6.3.1. er byggður á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 8, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

3 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

4 Í skýrslu Ólafs Arnalds og fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 2073 km<sup>2</sup> að flatarmáli.

þar upp úr að austanverðu en Vatnsleysuöldur að vestanverðu. Nyrst á eystri hluta Holtamannafrétti er land hallalítið, sendið og gróðursnautt.

Holtamannafréttur er nú að mestu gróðurlaus auðn, sbr. málsskjal nr. 8. Aðalgróðurlendið er á Búðarhálsi en hann liggur suðvestast á vestari hluta afréttarins. Einnig er gróðurlent í Þóristungum, suðaustan undir Búðarhálsi. Þá eru litlir gróðurblettir víða á afréttinum, einkum í lægðum og dalverpum, svo sem í Illugaveri norðan Sauðafells. Allmikill gróður er einnig í Sóleyjarhöfða við Þjórsá, norðan Búðarháls, og austan Þjórsár í Þjórsárverum. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæðið Holtamannafréttur á eftirfarandi hátt: 92% auðnir, 3% rýrt, 3% fremur rýrt og einungis 2% sem vel gróið land. Af þessu má sjá að afrétturinn er gróðursnauður.<sup>1</sup>

Áætlað hefur verið að um landnám hafi um helmingur af heildarflatarmáli afréttarins verið þakinn gróðri, þá aðallega birkiskógi, víði, fjalldrapa og ýmsum lyngjum. Gróðurþekja afréttarins þá hefur fyrst og fremst ákvarðast af því hagstæða loftslagi sem ríkt hafði í landinu, gerð berggrunnins, vatnsheldni hans, og hæð landsins yfir sjávarmáli. Víða hefur eldfjallaaska og vikur á yfirborði staðið í vegi fyrir því að gróður næði að festa rætur.

Mest hefur gróðureyðingin verið á nyrðri og hálendari svæðum afréttarins, þar sem gróðurfarsleg skilyrði eru erfið. En mikil gróðureyðing hefur einnig orðið á suðurhluta hans sem liggur lægra, ekki síst vegna nálægðarinnar við Heklu og gosstöðvarnar á Tungnaásvæðinu.

### 6.3.2. Kröfugerð aðila

Kröfulína íslenska ríkisins um þjóðlendu liggur yfir landsvæði sem til meðferðar eru í öðrum málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd. Holtamannafréttur liggur norðan þessara landsvæða og miðað við þessa kröfugerð er hann því allur í þjóðlendu.

Á hinn bóginn hafa Ásahreppur og Rangárþing ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra gert kröfu um beinan eignarétt að Holtamannafrétti. Kröfum málsaðila er nánar lýst í kafla 3.

Um kröfur Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísast þangað.

### 6.3.3. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (4), er byggt á því að grundvöllur beins eignarréttar að landi hafi í öndverðu verið nám og síðan áframhaldandi framsal á þeim eignarréttindum. Vísar ríkið til þess að hvorki verði ráðið af Landnámu né öðrum heimildum að land norðan kröfulínu ríkisins hafi verið numið. Því verði að leggja til grundvallar að landið hafi verið tekið afnotatöku þannig að réttur til landsnytja grundvallist á langri venju.

Ríkið heldur því fram að frá öndverðu hafi landið skipst í jarðir og önnur lönd. Á þjóðveldisöld hafi risið byggð frjálsra bænda sem áttu bújarðir sínar, höfðu afnotarétt af afréttum og lögbundin umferðar- og afnotarétt af öðru landi. Á 11. öld hafi að mestu verið lokið skiptingu landsins í smærri og fleiri jarðir en það hafi haft í för með sér að fleiri hafi þurft á afréttum að halda þannig að leggja varð svæði undir afrétti. Ekki sé vitað nákvæmlega hvenær nám á landi hafi ekki lengur verið heimilt og bann lagt við frekari töku á landi undir afrétti en það hafi verið þegar á þjóðveldisöld.

Ríkið vísar til þess að eftir setningu þjóðlendulaga á árinu 1998 hafi Ísland skipst í þjóðlendur og eignarlönd. Af dómafordæmum Hæstaréttar og þeim úrskurðum sem þegar hafi fallið hjá óbyggðanefnd verði ráðið að land teljist þjóðlenda ef réttur til þess hefur í upphafi stofnast þannig að land hafi verið tekið sumarþeir fyrir búpening og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur ríkið að almenn rök og samfelld réttarþróun allt til þjóðlendulaga leiði til þess að ríkið sé eigandi af því svæði sem mál þetta tekur til að virtum rétti afréttareigenda til upprekstrar og annarra lögbundinna hagnýtingarheimilda.

1 Ólafur Arnalds og fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

Af hálfu Ásahrepps og Rangárbings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, sbr. skjöl nr. 5 og 5 (4), er því haldið fram að Holtamannaafréttur hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Landið hafi upphaflega verið numið og hagnýtt allar götur síðan af íbúum í Holta- og Landsveit. Þannig hafi afrétturinn verið bundinn einkaeignarrétti sem ekki hafi fallið niður. Sveitarfélagið telur engu breyta í þessu tilliti þótt ekki séu fyrir hendi glöggar heimildir um landnám og mörk þeirra í einstökum tilvikum enda hafi markmiðið með ritun Landnámu ekki verið að lýsa landamerkjum. Þvert á móti verði að líta til þess landsvæðið hafi verið byggilegra fyrr á öldum en í dag eftir uppblástur og gjóskufall. Þá hafnar sveitarfélagið því að rétt-hafar yfir afréttinum verði að geta rakið eignarheimildir sem fylgt hafi jörðum þeirra frá ómunatíð. Þess í stað verði ríkið að sýna fram á að landið sé ekki undirorpið eignarrétti fyrir hefð og venjurétt.

Sveitarfélögin telja þann skilning ríkisins rangan að afréttur geti ekki talist eignarland. Hugtakið afréttur lýsi eingöngu notkun á landsvæði en segi ekkert til um eignarhald þess. Frá fornu fari hafi öll hlunnindi afréttarins verið nýtt eftir því sem lög og geta manna hafi leyft. Þessar heimildir til hagnýtingar landsins hafi verið á hendi landeigenda enda fari saman eignarréttur og heimild til hagnýtingar þar sem afrétturinn hafi einkaeignarréttarlega stöðu. Því sé ljóst að afrétturinn hafi ætíð verið undirorpinn eignarrétti líkt og önnur eignarlönd.

Sveitarfélögin benda á að fyrir hendi séu glöggar lýsingar á landamerkjum Holtamannaafréttar sem ekki hafi verið vefngdar af umboðsmönnum opinbers valds. Þessar lýsingar bendi til að allt land inna viðurkenndra landamerkja sé eignarland og sá sem vilji hnekkja því beri sönnunarbyrðina. Það sem liggja fyrir um landnám sé einnig til stuðnings kröfum þeirra sem telji til réttar á svæðinu.

Þá vísa sveitarfélögin til þess að dómstólar hafi ekki fram til þessa hafnað því að afréttir séu eign þeirra jarða sem hagnýtt hafi þá frá alda öðli til upprekstrar, veiða, nýtingu fjallagrasa, róta o.fl.

Að lokum benda sveitarfélögin á að hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps hafi skrif- að undir samkomulag 29. nóvember 1892 um að Ásahreppur skyldi eiga upprekstur á Holtamanna-afrétt með Þóristungum en Holta- og Landmannahreppur á Landmannaafrétti. Þegar Djúpárhreppi hafi verið skipt úr Ásahreppi árið 1936 hafi síðan verið gert samkomulag um að <sup>4</sup>/<sub>7</sub> hlutar Holtamannaafréttar tilheyru Ásahreppi en <sup>3</sup>/<sub>7</sub> Djúpárhreppi. Við þessa skiptingu Ásahrepps hafi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út bréf 13. janúar 1936 til sýslumannsins í Rangárvallasýslu þar sem mælt sé fyrir um skiptinguna. Þar segi svo um fjárskipti hreppanna: „Afréttur núverandi Ásahrepps skal vera sameign hinna nýju hreppa.“ Telja sveitarfélögin að berlega komi fram í þessu bréfi sú afstaða ríkisins til eignarhalds á afréttinum að hann sé í sameign hreppanna.

Um sjónarmið Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísast þangað.

#### 6.3.4. Niðurstaða óbyggðanefndar

Í kafla 5 hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Holtamannaafréttur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírátt að við gildistöku Þjóðlendulaga hefur það talist til afréttar, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Holtamannaafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til merkja aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

skal þess getið að í málum nr. 2/2003 og 7/2003 á svæði 3 hjá óbyggðanefnd er komist að þeim niðurstöðum að Landmannannafréttur og Skaftártunguafréttur séu þjóðlendar. Gnúpverjafréttur var einnig úrskurðaður þjóðlenda í máli nr. 7/2000. Um landsvæði norðan sveitarfélaga- og sýslumarka á Sprengisandi hefur ekki verið fjallað hjá óbyggðanefnd.

Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Holtamannafrétt í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882. Fyrstu eiginlegu merkjalýsingu Holtamannafréttar er að finna í sóknarlýsingu frá árinu 1841. Einnig er til lögfesta allra búenda í Holtasveit og Landsveit yfir Þjórsártungum frá 27. desember 1856. Loks liggur fyrir merkjalýsingu í afréttarskrá sýslumanns Rangárvallasýslu frá árinu 1985, byggð á samhljóða lýsingu oddvita Ásahrepps og oddvita Djúpárhrepps frá 5. september 1979. Lýsing oddvitanna er samín tæpum hundrad árum eftir gildistöku upphaflegra landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalog mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhliða staðfestingu oddvitanna á heildarlandamerkjum afréttarins.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Holtamannafréttar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 né 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Rangárvallasýslu frá árinu 1894 til þessa dags. Í 4. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1943 kemur hins vegar fram að það skuli vera afréttir sem áður hafi verið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 239/1974 sem og í 4. gr. gildandi fjallskilasamþykktar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1990.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Holtamannafréttar, gagnvart Gnúpverjafrétti (Árnes-sýslu). Allar fyrirliggjandi lýsingar á merkjum Holtamannafréttar miða vesturmerki við Þjórsá, þ. á m. yfirlýsing oddvitanna 1979. Sama máli gegnir um kröfugerð Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu. Í máli nr. 7/2000 hjá óbyggðanefnd, Gnúpverjafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi, er einnig komist að þeirri niðurstöðu að merki þess afréttar til austurs liggja í Þjórsá.

Suðurmerki Holtamannafréttar eru gagnvart Landmannaafrétti. Um þau er hvorki fjallað í framangreindri sóknarlýsingu frá 1841 né lögfestu frá 1856, að öðru leyti en varðar Tungnaá, sjá nánar umfjöllun um austurmerki. Hinn 7. ágúst 1951 var hins vegar gerð sátt fyrir landamerkjadómi Rangárvallasýslu í landamerkjamálinu „Hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins gegn landbúnaðarráðherra f.h. rikissjóðs, o.fl.“ Auk Landmannahrepps áttu Ása- og Djúpárhreppur aðild að þessari sátt, meðal annarra. Í henni felst að mörk Landmannaafréttar og Holtamannafréttar skyldu vera þessi:

... eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhendingu í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb þar sem hann er hæstur, þaðan þvert á Tungnaá, ...

Við þessi sömu mörk er miðað í Landmannaafréttardómi fyrri (H 1955 108) og síðari (H 1981 1584). Sama máli gegnir um yfirlýsingu oddvitanna 1979, kröfugerð vegna Holtamannafréttar í máli þessu og kröfugerð málsaðila vegna Landmannaafréttar í máli nr. 2/2003 hjá óbyggðanefnd. Á hinn bóginn er þessum mörkum ekki lýst jafn nákvæmlega í landamerkjabréfi fyrir Landmannaafrétt, dags. 22. október 1886, en þar eru mörkin ekki dregin um Svartakamb og Blautukvíslarbotna. Lítið ber þó á milli og verður því talið að hér sé um sömu mörk að ræða.

Verður þá næst litið til austurmerkja Holtamannafréttar, gagnvart Skaftártunguafrétti og Vatnajökli. Samkvæmt lögfestu yfir Þjórsártungur frá 1856, sbr. einnig sóknalýsingu 1841, liggja merkin í Tungnaá. Sama máli gegnir um yfirlýsingu oddvitanna 1979 og kröfugerð Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu. Í

máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd, Álftaver og Skaftártunga, er einnig komist að þeirri niðurstöðu að merki til vesturs liggir í Tungnaá. Kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd miðar afmörkun Skaftártunguafréttar einnig við upptök Tungnaár en draga þau með öðrum hætti á kort. Verður nú hugað nánar að því atriði.

Upptök Tungnaár eru við Vatnajökul, nánar tiltekið við skriðjökulinn Tungnaárjökul. Áin liggur í mörgum og breytilegum kvíslum við jökulinn og upptök hennar því á allbreiðu belt. Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi er miðað við upptök Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum við Tungnaárjökul. Af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd er hins vegar miðað við upptök Tungnaár í Innri-Tungnaárbotnum við Sylgjúkjökul, norðan (vestan) við Jökulgrindur. Samkvæmt greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sbr. skjal nr. 11, hefur kvíslin sem rennur úr Sylgjúkjökl vestan (norðan) Jökulgrinda, alltaf verið lítil miðað við heildarrennslið. Þá segir þar að aðalupptök Tungnaár hafi a.m.k. lengst af sögulegum tíma verið í Fremri-Tungnaárbotnum. Verður því miðað við það hér að svo sé. Þess skal jafnframt getið að með hliðsjón af framangreindu er það einnig niðurstaða óbyggðanefndar í máli nr. 7/2003 að merki Skaftártunguafréttar gagnvart Holtamannaafrétti nái ekki lengra norður en að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við Tungnaárjökul.

Norðurmörk Holtamannaafréttar koma ekki fram í sóknarlýsingu frá 1841 en í lögfestu frá 1856 kemur fram að afrétturinn nái „Frá Tungná að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á millum“. Í lýsingu oddvitanna frá 1979 eru merkin dregin upp eftir Tungnaá „og allt upp til jökla, síðan til Vonarskarðs, Tungnafellsjökuls og loks norður á Sprengisand en þar ráða vatnaskil...“. Í kröfugerð Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu er gerð krafa um að norðurmerki Holtamannaafréttar og beinn eignarréttur „fylgi Þjórsá „eftir miðjum farvegi“ að Fjórðungakvísl. Þaðan eftir Fjórðungakvísl „miðjum farvegi“ í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í „miðjum farvegi“ Nýjadalsár. Þaðan í austasta punkt í hæðapunkt 1115. Þaðan í Deili, hæð 1125, og þaðan beint í Bárðarbungu, hæð 2009.“ Er þá komið inn á Vatnajökul. Um þessa lýsingu er vísað til tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá árinu 1996. Lýsing oddvitanna frá 1979 er þannig ekki eins nákvæm en miðar að mestu við svipaðar slóðir, þó þannig að hún teygir sig norður að Tungnafellsjökl en kröfugerðin nær ekki svo langt. Afmörkun óbyggðanefndar á því svæði sem hér er til meðferðar miðast við sömu tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá árinu 1996, sbr. einnig afmörkun í kafla 2.4. Svæðið þar norðan við er þannig ekki til meðferðar í máli þessu.

Ekki verður séð að landsvæðin norðan við framangreinda stjórnsýslumarkalínu séu innan lýstra landamerkjara jarða eða að afréttarlýsingar á þessu svæði skarist við framangreinda afmörkun Holtamannaafréttar.

Því er áður lýst hvernig krafa Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu gerir ráð fyrir að norðurmerki Holtamannaafréttar, og beinn eignarréttur þeirra, liggir úr Deili og í Bárðarbungu á Vatnajökli. Úr Bárðarbungu er dregin lína suðvestur yfir jökulinn, yfir Kerlingar við jaðar hans, og í upptök Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við Tungnaárjökul. Um þessa lýsingu er vísað til tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá árinu 1996, sbr. einnig afmörkun í kafla 2.4. Kröfugerð íslenska ríkisins felur hins vegar í sér að umræddur hluti Vatnajökuls sé þjóðlenda.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til þess að merki Holtamannaafréttar hafi náð í Bárðarbungu enda verður jökull eðli máls samkvæmt ekki notaður til sumarþeirra fyrir búfé. Afmörkun starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá árinu 1996 hefur enga þýðingu að þessu leyti. Krafa Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum

Djúpárhreppi um að merki Holtamannaafréttar og beinn eignarréttur þeirra nái til umrædds hluta Vatnajökuls verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um merki Holtamannaafréttar en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað síðar.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir Holtamannaafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá árinu 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarkerkjum afréttarins. Heildstæðasta lýsingin á merkjum afréttarins er lýsing oddvita Ásahrepps og oddvita Djúpárhrepps frá árinu 1979. Sú lýsing er í samræmi við dóm-sátt frá árinu 1951 um mörk aðliggjandi Landmannaafréttar, svo og landamerkjabréf frá árinu 1886 fyrir sama afrétt. Þá verður ekki séð að lýsing oddvitanna sé í ósamræmi við lögfestu fyrir Þjorsártungur frá árinu 1856. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að hluta skýrt afmarkað af jökli og ám. Fyrirliggjandi gögn benda því til þess að landamerki Holtamannaafréttar sé rétt dregin í lýsingu oddvitanna, að teknu tilliti til þess er að framan greinir um norðurmerki.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Holtamannaafréttar svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að hvorki af Landnámu né öðrum rituðum heimildum verður ráðið að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, hafi í öndverðu verið numið í heild eða að hluta, sbr. kafla 6.2. Svo sem að framan er lýst er landsvæði þetta hálent, gróðurlítið og liggur langt frá byggð. Sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður þannig einnig að telja fremur ólíklegt að Holtamannaafréttur hafi verið numinn, sbr. kafla 6.3.1. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur eiga sér sameiginlega forsögu enda voru þessi landsvæði lengi nýtt sameiginlega af íbúum í Holtamannahreppi hinum forna og Landmannahreppi. Árið 1892 skiptist Holtamannahreppur í Holtahrepp og Ásahrepp og af því tilefni gerðu hrepparnir samkomulag um að Holtamannaafréttur skyldi tilheyra Ásahreppi og Landmannaafréttur Holtahreppi og Landmannahreppi.

Þegar Holtamannaafréttar er getið í skriflegum heimildum er það fyrst og fremst í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1710 kemur þannig fram að bændur í Holtamannahreppi hafi brúkað Landmannaafrétt til félags með Landmönnum og Landmenn á sama veg Holtamannaafrétt fyrir norðan eða innan Tungnaá. Einnig er vikið að Holtamannaafrétti í sóknarlýsingu á Efri-Holtaþingum frá 1840 og tekið fram að afréttur Holtamanna sé fyrir innan Landmannaafrétt. Upprekstur þangað hafi Holtasveit og Landsveit báðar í sameiningu eins og á Landmannaafrétt. Þá segir í sóknarlýsingu séra Jóns Torfasonar í Landþingum frá árinu 1841 að auk Landmannaafréttar eigi sveitin annan afrétt í félagsskap við Holtasveit, sem nefndur sé Holtamannaafréttur út við Þjorsá en fyrir innan Tungnaá. Er tekið fram að landsvæðið kallist „Búðarháls (fyrrum Þjorsártungur) og rennur all mikill kvísl, nefnd Kaldakvísl, austan undir honum. Ætla menn hún komi úr Vatnajöklinum svokölluðum. Þeir, sem leita þennan afrétt á haustum, fara allt til Biskupsþúfu og Sprengisands norður.“ Í sóknarlýsingunni er einnig vikið að því að á afréttinum sé svæði sem notuð hafi verið til rötargraftar, svo sem Þóristungur utast og syðst í krók þeim sem myndast af kvíslinni og Tungnaá.

Hinn 27. desember 1856 var undirrituð lögfesta yfir Þjorsártungur í nafni allra búenda í Holtasveit og Landsveit. Í skjalinu er vísað til dóms frá Ytrivöllum á Landi um Þjorsártungur frá árinu 1476 og lögfestur undir báðar sveitirnar „afrétt þann er fyrrum nefndist Þjorsártungur en nú á dögum nefnt Holtamannaafréttur og Þóristungur“. Mörkum afréttarins er lýst, svo sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Í kjölfar þess að lögfestan var undirrituð báru hreppstjórar í Land- og Holtasveit fram kæru á árinu 1858 á hendur utanhéraðsmönnum fyrir fugla- og silungsveiði. Því máli lauk með dómi sýslumanns 21. september 1858 en sá dómur var ómerktur með dómi Landsyfírréttar 5. desember 1859, svo sem nánar er rakið í kafla 5.2. Þá er Holtamannaafréttur tilgreindur í afréttarskrá



sýslumanns Rangárvallarsýslu frá árinu 1985, sbr. samhljóða lýsingu oddvita Ásahrepps og oddvita Djúpárhrepps frá 5. september 1979, og fjallskilareglugerðum fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Holtamannahreppi hinum forna, síðar Ásahreppi og Djúpárhreppi, haft af Holtamannaafrétti hefðbundin afréttarnot, undir umsjón sveitarfélagsins/-félaganna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Holtamannaafréttur hafi nokkurn tíma verið nýttur til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota, en um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar vísast til kafla 6.4.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Holtamannaafréttar hafi orðið til á þann veg, að íbúar í Holtamanna- og Landmannahreppum hinum fornu hafi tekið landsvæði þetta, ásamt Landmannaafrétti, til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Síðar hafa viðkomandi hreppar skipt með sér afréttarnotum þannig að not Holtamannaafréttar tilheyrir nú Ásahreppi og Djúpárhreppi, hinn síðarnefndi nú innan Rangárþings ytra. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra, vegna sveitarfélaganna sjálfra og fyrir hönd jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi hafi verið að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Verður þá tekin afstaða til kröfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi um beinan eignarrétt að hluta Vatnajökuls sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja Holtamannaafréttar.

Óbyggðanefnd telur ekkert liggja fyrir um hvort og þá með hvaða hætti stofnast hafi til beins eignarréttar að umræddum hluta Vatnajökuls. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það á og undir Vatnajökli, utan landamerkja Holtamannaafréttar, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda.

Eftir er þá að taka endanlega afstöðu til merkja Holtamannaafréttar sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda og afréttur jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, og aðliggjandi hluta Vatnajökuls sem einnig er þjóðlenda, sbr. kafla 6.5. Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er afréttur að því leyti sem það liggur að jökli, til fram-búðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Ljóst er að jaðar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Holtamannaafréttur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Að vestan af Þjórsá frá ármótum Tungnaár og Þjórsár í Sultartangalóni norður að ármótum Þjórsár og Fjórðungakvísar. Að norðan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvísar í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvísar. Þaðan í austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og þaðan að jökuljaðrinum í stefnu til Bárðarbungu, hæð 2009 m. Að sunnan fylgja mörkin Tungnaá frá ármótum við Þjórsá um Hrauneyjarlón og Krókslón að útfalli Blautukvísar. Austurmörkin eru síðan frá þeim stað í stefnu í Þóristind og þaðan efst í Þveröldu austan Þórisvatns. Úr Þveröldu er síðan dregin lína í austsuðaustur efst í Svartakamb og þaðan út í Tungnaá. Fylgja mörkin síðan meginfarvegi Tungnaár allt að jökuljaðri í Fremri-Tungnaárbotnum. Þaðan fylgja mörkin síðan jökuljaðrinum uns línan milli Deilis og Bárðarbungu sker jökuljaðarinn. Miðað er við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það á Vatnajökli sem hér er til meðferðar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Þaðan sem lína úr Deili, hæð 1125 m, og í Bárðarbungu, hæð 2009 m, sker jökuljaðarinn og áfram í Bárðarbungu (hæð 2009 m). Úr Bárðarbungu yfir Kerlingar og þaðan að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við jaðar Vatnajökuls er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998.*

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið lýst, þjóðlenda og afréttur Ásahrepps og fyrrum Djúpárhrepps, nú innan Rangárþings ytra, eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjasgrá: „Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur)“ og „Friðland í Þjórsárverum“, sbr. auglýsingu nr. 507/1987.

#### **6.4. Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar**

Í eftirfarandi kafla verður fyrst gerð grein fyrir þeim einkaréttarlegu samningum og heimildum sem Landsvirkjun hefur átt aðild að með beinum eða óbeinum hætti, fyrirtækið byggir kröfur sínar á og þýðingu hafa fyrir mat á réttarstöðu þess á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Þá verður gerð grein fyrir þeirri löggjöf sem á hverjum tíma hefur tekið til starfsemi og réttinda Landsvirkjunar og fyrir-

tækið vísar til um réttindi sín. Að því búnu verður gerð grein fyrir hinum almenna þætti í niðurstöðum óbyggðanefndar og loks ákvörðuð sérstaklega réttarstaða fyrirtækisins á því svæði sem mál þetta tekur til. Áður en þessi efnisatriði verða rakin verður fjallað um málsástæður og röksemdir aðila.

#### 6.4.1. Sjónarmið íslenska ríkisins

Af hálfu ríkisins er kröfum Landsvirkjunar mótmælt að svo miklu leyti sem þær fara í bága við niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000. Vísar ríkið til þess að nefndin hafi í því máli gert ítarlega rannsókn að lagaheimildum sem varða Landsvirkjun ásamt því að kanna tiltæk lögskýringargögn.

Af hálfu Ásahrepps og Rangárpings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi er kröfugerð Landsvirkjunar mótmælt og því haldið fram að fyrirtæki eigi einungis afnotarétt að vatnsréttindum og tilteknnum landsvæðum, auk þess að eiga sín mannvirki. Land í kringum mannvirkin sé hins vegar ekki í eigu Landsvirkjunar. Lagaheimildir Landsvirkjunar nái einungis til nýtingar en ekki beins eignarréttar.

#### 6.4.2. Sjónarmið Landsvirkjunar

Landsvirkjun heldur því fram að bein og óbein eignarréttindi fyrirtækisins á því svæði, sem hér er til meðferðar, felist fyrst og fremst í vatnsréttindum, heimildum til bygginga og rekstri orkuvera og mannvirkja sem þeim eru tengd. Þessi réttindi reisir Landsvirkjun á einkaréttarlegum heimildum og lögum, þar með talið virkjunar- og framkvæmdarleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun en síðar í úrskurðinum verður nánar vikið að þessum heimildum.

Af hálfu Landsvirkjunar er því haldið fram að með 2. gr. laga nr. 37/1971, sem bætti nýrri málsgrein við 4. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 59/1965, hafi verið samþykkt að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Vísar Landsvirkjun til þess að fram komi í athugasemdum með frumvarpi til laganna að virkjanir fyrirtækisins í Tungnaá geri það óhjákvæmilegt að Landsvirkjun öðlist nauðsynleg vatnsréttindi og önnur réttindi þeirra vegna sem ríkið eigi yfir að ráða. Einnig komi fram að fyrrgreindu lagaákvæði sé ætlað að tryggja Landsvirkjun þessi réttindi. Þá hafi fyrirtækinu verið veitt heimild með 4. gr. laga nr. 37/1971, sem breytti 6. gr. laga nr. 59/1965, til að reisa raforkuver í Þjórsá við Búrfell, í Tungnaá við Hrauneyjarfoss og í Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum fyrir allar virkjanirnar. Loks hafi fyrirtækið fengið heimild til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar voru til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Hafi þessar heimildir m.a. náð til stíflugerða í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá.

Landsvirkjun bendir á að við 2. umræðu frumvarps, sem varð að lögum 37/1971, í efri deild Alþingis 14. desember 1979, hafi komið fram hjá Helga Bergs alþingismanni að ekki hefðu fengist nein svör við því í iðnaðarnefnd efri deildar hvernig vatnsréttindi, sem ríkið afhenti Landsvirkjun, yrðu metin sem framlag af hálfu ríkisins. Hjá þingmanninum hefði síðan komið fram að hann gerði ráð fyrir að það yrði gert með sama hætti og gert var við stofnun Landsvirkjunar. Af hálfu Landsvirkjunar er því haldið fram að þetta sýni mætavel vilja löggjafans. Afhending réttinda ríkisins til fyrirtækisins vegna Hrauneyjarfossvirkjunar og Sigöldu hafi verið fyrirvaralaus og án takmörkunar. Því til viðbótar hafi þetta ekki leitt til breytinga á eignarhlutföllum ríkisins og Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu.

Varðandi hugsanlega vanheimild af hálfu ríkisins við afhendingu réttinda til Landsvirkjunar bendir fyrirtækið á að betri réttur þriðja manns standi því ekki í vegi að fyrirtækið öðlist þau lands- og vatnsréttindi í Efri-Þjórsá, Köldukvísl, Tungnaá og Þórisvatni sem framseld voru bæði með samningum og lögum, svo sem síðar verður nánar rakið í úrskurðinum. Í 1. mgr. 2. gr. þjóðlendu-

laga, nr. 58/1998, segi að ríkið sé eigandi lands og hvers konar annarra landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki séu háð einkaeignarétti. Af þessu leiði að upprunaleg vanheimild, sem kunní að hafa verið fyrir hendi, hafi ekki áhrif þar sem ríkið hafi síðar öðlast fullkominn rétt yfir þeim réttindum sem framseld voru. Samkvæmt þessum rökum beri óbyggðanefnd að viðurkenna samninga sem ríkið hafi gert um ráðstöfun réttinda á svæðinu.

Landsvirkjun vísar til þess að ákveðin þáttaskil hafi orðið í starfsemi fyrirtækisins í upphafi níunda áratugarins með þátttöku Akureyrarbæjar í fyrirtækinu, gerð samnings við ríkið frá 11. ágúst 1982 um virkjunarmál og yfirtöku byggðalína, svo og nýjum lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, sem leystu eldri lög nr. 59/1965 af hólmi. Fyrir árið 1981 hafi Landsvirkjun eignast öll vatnsréttindi á vatnasvæði Efri-Þjórsár vegna Búrfells-, Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana, þar með talið miðlunarlónið Þórisvatn. Bendir fyrirtækið á að 1. mgr. 4. gr. laga nr. 42/1983, sem sett voru í beinu framhaldi af sameignarsamningi um inngöngu Akureyrarbæjar í fyrirtækið og um breytt eignarhlutföll, sé kveðið á um það með skýrum og ótvíræðum hætti að Landsvirkjun sé eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hafi eignast fyrir setningu laganna. Um þetta ákvæði segi síðan í athugasemdum með frumvarpi til laganna að Landsvirkjun haldi sem sinni eign öllum vatnsréttindum og réttindum sem Landsvirkjun hafi öðlast til virkjana í Sogi, í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss samkvæmt 4. gr. laga nr. 59/1965. Með þessu telur Landsvirkjun að öll tvímæli hafi verið tekin af um að fyrirtækið ætti öll vatns- og landsréttindi sem fyrirtækið hafði eignast fyrir setningu laganna enda hefði að öðrum kosti ekki verið þörf á lagagreininni.

Af hálfu Landsvirkjunar er gerð sú krafa að staðfest verði á sama veg og í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000 að Landvirkjun fari með eignarrétt þeirra mannvirkja sem kröfugerð fyrir-tækisins nær til og njóti lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna orkuvinnslu.

Um afmörkun virkjunarsvæða og lands undir mannvirki, sem krafa Landsvirkjunar um viðurkenningu á beinum eignarrétti nær til, hefur fyrirtækið lagt fram teikningar með hnitasetningum. Hvað þetta varðar tekur Landsvirkjun fram að nauðsynlegt sé að umferð fólks á þessu svæði sé takmörkuð vegna starfseminnar og á grundvelli öryggissjónarmiða.

Loks heldur Landsvirkjun því fram að fyrirtækið hafi á grundvelli hefðar öðlast fasteignaréttindi á þessu svæði sem hugsanlega verði talið þjóðlenda og gerir þá kröfu að þau réttindi verði viðurkennd. Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 sé ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna frá og með gildistöku laganna 1. júlí 1998. Fyrir þann tíma hafi Landsvirkjun unnið fulla hefði á landsvæði innan athafnasvæðis Hrauneyjafossvirkjunar og mannvirkjum henni tengdum, sbr. virkjunarleyfi útgefið 30. desember 1976, landsvæði innan marka athafnasvæðis Sigöldu-virkjunar og mannvirkjum henni tengdum, sbr. virkjunarleyfi útgefið 8. mars 1973 og öllu landi sem fer undir vatnsmiðlun í Þórisvatni ásamt vatninu sjálfu, sbr. leyfi til vatnsmiðlunar frá 8. júní 1970 og 7. júlí 1971.

#### 6.4.3. Einkaréttarlegar heimildir

Í byrjun 20. aldar var mikið um sölu á vatns- og landsréttindum á Suðurlandi. Voru meðal annars seld þau vatnsréttindi sem Ásahreppur og Holtahreppur töldu sig eiga á Holtamannaafretti.

Á aukafundi, sem haldinn var í sýslunefnd Rangárvallarsýslu að Efra-Hvoli 16. nóvember 1916, var fjallað um sölu vatnsréttinda. Í bókun frá fundi nefndarinnar segir svo:

Oddviti sýslunefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon, setti fundinn og skýrði nefndinni frá, að hann hefði boðað til þessa fundar samkvæmt beiðni hreppsnefndanna í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi, er óskuðu nú þegar, að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess, að mega selja, leigja eða yfirfæra á annan hátt til hlutafélagsins „Titan“ í Reykjavík öll þau réttindi til vatnsafls, sem nefndum hreppum tilheyra, í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hrepp-

anna eða í heimalöndum þeirra er að ánum liggja og hreppsfélögin sem slík eiga sérstaklega, svo og til þess að selja, leigja eða heimili á annan hátt sama félagi allt það land og byggingarefni í nefndum afréttum, er þarf til þess, að vatnsaflíð verði notað, hvort heldur væri til stíflugarða, vatnsgeyma, áveitu eða fráveitu, eða á hvern annan hátt sem með þarf til þess að vatnsaflíð sjálft verði hagnýtt í félagsins þarfir.

Oddviti lagði síðan fram skriflega beiðni hreppanna hér að lútandi frá oddvita Landmannahrepps, dags. 8. þ.m., oddvita Ásahrepps, dags. 13. þ.m. og oddvita Holtahrepps, dags. 15. þ.m.

Nefndin veitti e. hlj. skilyrðislaust samþykki sitt við beiðnum öllum samkvæmt framanskráðu.

#### 6.4.3.1. Sala Ásahrepps á vatnsréttindum í Tungnaá

Hinn 30. apríl 1916 gerði Ólafur Finnsson, prestur í Kálffholti, hreppsnefndaroddviti Ásahrepps, sem seljandi fyrir hönd sveitarfélagsins og Einar Benediktsson, fyrrverandi sýslumaður í Reykjavík, sem kaupandi samning þar sem eftirfarandi réttindi voru seld:

Það, sem selt er, eru þau réttindi tilheyrandi Ásahreppi yfir vatnsaflí og vatnsnotkun í Tungnaá á Holtamanna afrétti, er kaupandi áður hefur haft tilboð um.

Kaupverðið var 4.000 krónur og var samningurinn innritaður til þinglesturs 20. september 1917 og þinglýst árið 1918.

Afsal fyrir þessum réttindum var síðan gefið út 26. janúar 1918 en þar segir svo:

Með því að fyrrverandi sýslumaður Einar Benediktsson hefur með afsalsbrjefi, dags. 2. ágúst 1916, framselt hlutafjelaginu „Taurus“ öll rjettindi sín samkvæmt framanrituðum kaupsamningi og hlutafjelagið „Taurus“ síðan með afsali dags. 4. ágúst og 21. september 1917 framselt þau hlutafjelaginu „Titan“ en bæði þessi afsöl eru 15. október síðastl. innrituð til þinglesturs í afsals- og veðmálabók Rangárvallarsýslu ... og með því að hlutafjelagið „Titan“ hefur fyrir lok síðastl. árs greitt Ásahreppi eptirstöðvar kaupverðsins 2000 – tvö þúsund – kr. þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Ásahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir því að hlutafjelagið „Titan“ er rjettur eigandi alls hins selda samkvæmt framanrituðum kaupsamningi og þar með allra þeirra vatnsafls- og vatnsnotkunarrjettinda í Tungnaá, sem þar ræðir um, að engu undanskildu.

Afsalið var innritað til þinglesturs 27. mars 1918 og þinglýst sama ár.

Hinn 30. júlí 1916 fól hreppsnefnd Ásahrepps Ólafi Finnssyni að gera framhaldssamning við Einar Benediktsson um bætur fyrir tjón á afréttarlandi sem leiða kynni af fyrrgreindum kaupsamningi frá 30. apríl 1916. Í samræmi við umboðið var gerður samningur 5. ágúst sama ár og var hann innritaður til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Einar Benediktsson fram-seldi síðan samning þennan til hf. Titan 31. október 1917.

#### 6.4.3.2. Sala Ásahrepps á vatnsréttindum í Þjórsá

Hinn 1. desember 1916 undirritaði Ólafur Finnsson, oddviti Ásahrepps, svohljóðandi yfirlýsingu:

Ég undirskrifaður oddviti hreppsnefndarinnar í Ásahreppi í Rangárvallarsýslu lýsi hér með yfir því fyrir hönd greindrar hreppsnefndar eftir ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu samkvæmt fundargjörð 16. f.m., og að tilskyldu samþykki fyrrverandi sýslumanns Einars Benediktssonar, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur á eða hefur heimild til yfir Þjórsá eða þeim

straumum eða vötnum, er liggja til Þjórsár hvort heldur er fyrir löndum eða afréttum, og hvort heldur skuli notast til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana, sem miða eða lúta að fyrirtækjum eða framkvæmdum til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á réttarsvæði hreppsins, yfirfærast til hlutafélagsins Titan gegn því, að öllum skilyrðum í fyrri samningum við nefnt félag eða herra Einar Benediktsson verði fullnægt af félaginu, og að allur ágangur, skemmdir eða landspell, sem kunna að orsakast á löndum eða afréttum við stýflur, vegalagning, vatnsgeymslu eða önnur fyrirtæki, sem standa í sambandi við starfrækslu eða notkun ofangreindra réttinda, verði bætt hreppnum með tvöfalldri upphæð þess mats, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn eiga að virða, ef samkomulag verður ekki milli eiganda réttindanna og þess eða þeirra, sem eiga að hagnýta sér þau.

Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti Einar Benediktsson fyrir hönd hf. Titan yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

#### **6.4.3.3. Sala Holtahrepps á vatnsréttindum á Holtamannaafrétti, Landmannaafrétti og í Þjórsá**

Hinn 3. maí 1916 veitti hreppsnefnd Holtahrepps Ingimundi Benediktssyni umboð til að selja hlut hreppsins úr fossum þeim sem tilheyrðu Holta- og Landmannaafréttum. Í kjölfarið gerði Ingimundur svohljóðandi tilboð:

Samkvæmt umboði hreppsnefndarinnar í Holtahreppi dags. 3. maí 1916 gjöri jeg undirskrifaður fyrir sýslumanni Einari Benediktssyni, eða þeim sem hann tilvísar, það tilboð að selja rjettindi hreppsins til vatnsafls og vatnsaflsnotkunar á Holta og Landmanna afréttum fyrir 2000 – tvö þúsund – krónur.

Tilboð þetta var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918.

Hinn 2. ágúst 1916 framseldi Einar Benediktsson réttindi samkvæmt tilboðinu til a/s Taurus en það félag framseldi þau áfram til hf. Titan 4. ágúst 1917. Var það framsal innritað til þinglesturs 15. október 1917. Hreppsnefnd Holtahrepps afsalaði síðan Einari Benediktssyni réttindin 19. október 1917 með vísun til tilboðsins. Afsalið var innritað til þinglesturs 26. janúar 1918 og þinglýst sama ár.

Um vatnsréttindi Holtamannahrepps í Þjórsá gaf hreppurinn út samhljóða yfirlýsingu í desember 1916 og Ásahreppur, svo sem nánar er rakið í kafla 6.4.3.2. Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti síðan Einar Benediktsson fyrir hönd hf. Titan yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

#### **6.4.3.4. Sala Ásahrepps á vatnsréttindum í Köldukvísl og Þórisvatni**

Með tilboði 18. september 1917, sem staðfest var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. október sama ár, bauð sveitarfélagið hf. Titan að kaupa:

1. allan rjett til vatns og vatnsafls í Köldukvísl,
2. rjett til þess að stífla Þórisvatn og nota það sem vatnsgeymi,
3. rjett til þess að leiða Köldukvísl úr farvegi sínum eptir því sem félagið vill.

Hefur fjelagið heimild til þess að gjöra í sambandi við réttindi þessi öll mannvirki í afrjettar- eða öðru landi hreppsins, hverju nafni sem nefnast, eptir því sem félagið telur sjer hentugt, og nota landið til þeirra, m.a. til áveitu og fráveitu vatns og vatnsgeymslu, stíflur, brautir, vegi o.s.frv. og taka byggingarefni úr landinu eptir vild.

Þó hefur hreppurinn rjett til veiða í Þórisvatni að svo miklu leyti sem kemur í bága við hagsmuni og ráðstafanir fjelagsins.

Kaupverðið skal vera 10.000 – tíu þúsund – kr. og greiðast þannig ... Auk þess skal fjelagið greiða hreppsnefndinni skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati fyrir spjöll af graslendi sem kynnu að stafa af notkun fyrrgreindra rjettinda.

Með svohljóðandi skeyti 27. nóvember 1917 fyrir hönd hf. Titan var tilboð þetta samþykkt:

Hlutafjelagið Titan samþykkir hjermeð tilboð yðar, dags. 18. nóvember síðstl. um Köldukvisl og Þórisvatn m.m. Jafnframt heldur fjelagið að sjálfsögðu fast við öll áðurfengin rjettindi þar á meðal sjerstaklega samkvæmt samningi við hreppinn dags. 5. ágúst 1916.

Samþykki þetta var innritað til þinglesturs 29. ágúst 1918 og þinglýst árið 1919. Hinn 13. júní 1921 gaf Ásahreppur síðan út svohljóðandi afsal í samræmi við fyrra tilboð.

Með því að h/f „Titan“ hefur greitt að fullu kaupverð það, samtals kr. 10.000 – tíu þúsund – kr. sem ræðir um í tilboði því, sem ritað er hjer að framan í eptirriti, þá lýsir hreppsnefnd Ásahrepps hjermeð yfir því að hún selur og afsalar fyrrgreindu hlutafjelagi til fullrar eignar öll rjettindi þau, sem ræðir um í tilboðinu með þeim nánari skilmálum sem þar eru teknir fram.

Afsalið var innritað til þinglesturs 14. júní 1923 og þinglýst 23. sama mánaðar.

#### **6.4.3.5. Sala Ásahrepps á eignarhluta í Gljúfurleitarfossi**

Með bréfi 18. september 1917 gerði Guðjón Jónsson í Ási, oddviti Ásahrepps, hf. Titan eftirfarandi tilboð fyrir hönd hreppsins:

að selja því eignarhluta hreppsins, helming í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt rjetti til þess að nytfæra sjer á hvern hátt, sem vera skal vatnsaflíð í fossinum, og ánni fyrir neðan fossinn og 1000 – þúsund – metra upp fyrir hann - eptir því, sem félaginu kynni að þykja hentug, svo og með rjetti til þess að gjöra í landi hreppsins þar umhverfis öll mannvirki, hverju nafni sem nefnist, sem fjelagið vill, og nota landið til þeirra, meðal annars til áveitu og fráveitu vatns, vatnsgeymslu, stýflur, brautir, vegi o.s.frv., og taka byggingarefni úr landinu eptir vild. Þó skal fjelagið greiða hreppnum skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati fyrir spjöll á graslendi, sem kynnu að vera gjörð lengra frá ánni, en 1 – einn – kílómetra.

Tilboðið var innritað til þinglesturs 27. mars 1918 og þinglýst sama ár.

Með símskeyti hf. Titan 27. nóvember 1917 til oddvita Ásahrepps var tilboð þetta samþykkt.

Hinn 26. janúar 1918 gaf Ásahreppur síðan út svohljóðandi afsal þar sem sveitarfélagið lýsir hf. Titan:

rjettan eiganda eignarhluta hreppsins, helmings, í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá og allra þeirra réttinda, sem til eru tekin í framanrituðu tilboði, að engu undanskildu, allt með þeim skilmálum og skilyrðum sem þar eru nánar tekin fram.

Afsalið var innritað til þinglesturs 27. mars 1918 og þinglýst sama ár.

#### 6.4.3.6. Sala vatns- og fasteignaréttinda í Árnessýslu, vestan Þjórsár

Í málum nr. 6 og 7/2000 er grein gerð fyrir sambærilegum samningum vatns- og fasteignaréttinda í Þjórsá og aðliggjandi vatnsföllum að vestanverðu. Helstu samningar, sem komu til skoðunar í þessu sambandi, eru: (1) Kaupsamningur 19. febrúar 1914 á vatnsréttindum í Gljúfurleita fossi, Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá; Háafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingarfossi í Geldingaá, (2) kaupsamningur á eignarhlut Flóa- og Skeiðamanna í Háafossi og Hjálparfossi 23. febrúar 1914 og (3) kaupsamningur um hluta af Búrfelli og Skeljafelli 28. júní 1916.

#### 6.4.3.7. Kaup landbúnaðarráðuneytisins á réttindum hf. Titan

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur<sup>1</sup> milli landbúnaðarráðuneytisins og hf. Titan þar sem þau réttindi, sem rakin hafa verið hér að framan, voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu. Kaupsamningurinn var síðan áritaður 16. janúar 1952 af skilanevnd hf. Titan um afsal til landbúnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins. Samningurinn var móttækinn til þinglýsingar 29. janúar 1952. Í samningi þessum segir svo:

Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavik på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og søer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som, selskabet har erhvervet; i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifølge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter: [Slept er úr skjölum sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

- 1. ...
- ...
- 31. Sköde, dateret d. 26. januar 1918, angående Gljúfurleitarfoss i Þjórsá (Ásahreppurs andel).
- ...
- 33. Sköde, dateret d. 26. januar 1918, angående vandrettigheder i Tungnaá (tilhørende Ásahreppur)
- 34. Sköde, dateret d. 13. juni 1921, angående rettighederne for Kaldakvísl og Þórisvatn.
- 35. Sköde, dateret d. 31. oktober 1917, angående vandrettigheder i Holtaafréttur og Landmannafréttur.

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.

...

<sup>1</sup> Skjal nr. 6 (13).



Síðan komu í samningi þessum ákvæði um kaupverð og greiðslufyrirkomulag en ekki þykja efni til að rekja þá skilmála samningsins.

#### 6.4.3.8. Sameignarsamningar um Landsvirkjun

Hinn 1. júlí 1965 var undirritaður samningur milli borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstjórnar Íslands um Landsvirkjun.<sup>1</sup> Þar segir í 2. gr.:

Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:

1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.

Í 5. tölulið A-liðar var síðan fjallað um þær peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. var fjallað um framlag Reykjavíkurborgar.

Í þessum sameignarsamningi var ekki að finna neitt ákvæði um hve stóran eignarhluta hvor aðili ætti en í lögum nr. 59/1965 frá 20. maí sama ár, um Landsvirkjun, var hins vegar í 2. mgr. 1. gr. tekið fram að hvor aðili, ríkið og Reykjavíkurborg, ætti helming fyrirtækisins.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg.

Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður Íslands átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000 kr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 félli þá úr gildi.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Landsvirkjun, sem varð síðar að lögum nr. 42/1983, kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og var þar samkomulag um framangreind eignarhlutföll og segir þar í athugasemdum við 1. gr.:

Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

<sup>1</sup> Skjal nr. 6 (2).

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl.<sup>1</sup> Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hvernar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærileg því sem almennt væri greitt vegna slíkra réttinda. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbundu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttust ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði:

4. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%

Ekki voru gerðar neinar þær breytingar sem vörðuðu málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

#### 6.4.3.9. Samningar Landsvirkjunar um bótagreiðslur

Landsvirkjun hefur gert samninga um greiðslu bóta vegna röskunar á landi og eftir atvikum skerðingu á nytjum afrétta. Verður hér fjallað um þá samninga sem gerðir hafa verið og lúta að því landsvæði sem er til umfjöllunar í máli þessu. Um samninga Landsvirkjunar um bætur á öðrum svæðum vísast til kafla 12.1.3. í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 7/2000.

Hinn 3. júlí 1981 var undirritaður samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hins vegar.<sup>2</sup> Í 1. gr. samningsins var fjallað um að virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár hafi haft í för með sér breytingar á árfarvegum, tilkomu nýrra vatnsvega og gróðurskemmda á afréttum hreppanna. Er það síðan rakið að leitast hafi verið við að ná samkomulagi um lausn mála, ýmist í eitt skipti fyrir öll eða til lengri eða skemmri tíma. Sagði síðan að ætlunin með þessum samningi væri að leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll og einnig leysa hliðstæð mál sem kynnu að koma upp í framtíðinni að því er varðaði frekari framkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir. Í 2. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu hreppanna að þeir hafi þegar komið á framfæri öllum kröfum og athugasemdum vegna byggingar og rekstrar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar og muni ekki gera frekari kröfur eða athugasemdir vegna framkvæmda, reksturs eða hugsanlegrar stækkunar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar. Loks var því lýst í 3. gr. samningsins að öllum kröfum og athugasemdum, sem settar hafi verið fram af

1 Skjal nr. 6 (3).

2 Skjal nr. 6 (51).

lögmonnum hreppanna í tilefni auglýsingar iðnaðarráðuneytisins dagsettri 10. janúar 1977 og snerti hagsmuni þeirra með tilliti til framkvæmda við Sigölduvirkjun og reksturs hennar eða stækkun hennar, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar. Þá var því sama lýst yfir hvað varðaði framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun, rekstur hennar og hugsanlegrar stækkunar, sbr. 4. gr. Í samningnum var einnig fjallað um áætlanir Landsvirkjunar um vatnaveitur og aðrar aðgerðir sem fyrirhugaðar væru af hálfu fyrirtækisins á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár til að tryggja rekstur núverandi virkjana Landsvirkjunar og þeirra virkjana sem til greina kæmi að byggja á afréttum hreppanna samkvæmt mynsturáætlun verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Var því einnig lýst yfir af hálfu hreppanna að öllum kröfum og athugasemdum, sem snertu hagsmuni þeirra, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar.

Í 6. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu Landsvirkjunar að fyrirtækið skuldbindi sig til að greiða hreppunum bætur, kr. 3.000.000,00 í eitt skipti fyrir öll, vegna alls tjóns af hvaða tagi sem þeir hafi orðið fyrir til þessa vegna byggingar, reksturs og stækkunar Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar og annarra framkvæmda og aðgerða á afréttum hreppanna. Þá skuldbatt Landsvirkjun sig til þess að greiða hreppunum bætur fyrir hvern hektara beitarlands sem færi undir vatn eða spilltist á annan hátt vegna miðlana, vatnaveita og annarra virkjanaframkvæmda á afréttum hreppanna.

Í sama ákvæði kom fram að samkomulag væri um að bæturnar skyldu ákveðnar af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og miðaðar við hve háar bæturnar skyldu vera til að ná upp sama beitargildi og stofnunin teldi að svæðið hefði áður haft. Bæturnar skyldur vera að lágmarki kr. 200 en að hámarki kr. 300 á hektara miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1981 og skoðast sem fullnaðarbætur í eitt skipti fyrir öll, fyrir hlutaðeigandi svæði, eins og það var orðað í samningnum. Jafnframt féllu hrepparnir frá öllum eldri kvöðum og samningum um ræktun á afréttum hreppanna, sbr. 7. gr.

Þá kom fram í 8. gr. samnings þessa að Landsvirkjun skuldbatt sig til að setja upp girðingar á afréttum hreppanna til að tryggja öryggi manna og búfjár svo og til að afréttaskil raskist ekki. Einnig voru ákvæði um skuldbindingu Landsvirkjunar um stuðlun laxgengdar um fossinn Búða í Þjórsá með gerð laxastiga um fossinn eða sprengingum, sbr. 9. gr. svo og um yfirlýsingu fyrirtækisins varðandi framkvæmdir við að reisa á kostnað þess aðstöðu fyrir lax- og silungsklak og kosta þar tilraunaeldi og rannsóknir, sbr. 10. gr. Miðað skyldi við að stöðin fullnægði sem næst þörfum vatnasvæða í Rangárvallasýslu.

Í samningnum var einnig að finna í 13. gr. ákvæði þar sem hrepparnir lýstu því sérstaklega yfir að téður samningur fæli í sér fullar bætur fyrir allt það tjón og óhagræði sem framkvæmdir og rekstur Landsvirkjunar til þessa hafi haft í för með sér á Holtamanna- og Landmannaafrétti, svo sem á gróðri og veiði. Enn fremur staðfestu hrepparnir að samningurinn fæli í sér fullar bætur fyrir samskonar tjón og óhagræði sem þeir kynnu síðar að verða fyrir vegna framkvæmda Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í samræmi við mynsturáætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Í 14. gr. samningsins var því lýst að með samningnum sé á engan hátt tekin afstaða til ágreinings hreppanna og ríkisins um beinan eignarrétt að afréttum hreppanna eða hlunnindum innan afréttarmarka.

Í 15. gr. samningsins var svohljóðandi ákvæði: „Hrepparnir áskilja sér rétt til sérstakra bóta fyrir sand- og malartöku Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í þágu virkjanaframkvæmda, en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum.“

Samningur þessi var undirritaður með fyrirvara um staðfestingu stjórnar Landsvirkjunar og hlutaðeigandi hreppsnefnda. Sérstakt staðfestingarskjal<sup>1</sup> var síðan undirritað þann 24. júlí 1981 og

1 Skjal nr. 6 (52).

var samningurinn staðfestur með tveim breytingum. Annars vegar var fellt niður úr 15. gr., „en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppnum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum.“ En hins vegar var bætt við viðbótar bótageiðslum að fjárhæð kr. 0,2 millj. kr. til Ása- og Djúpárhreppa og kr. 0,4 millj. kr. til Holtamanna- og Landmannahreppa.

Landsvirkjun ritaði oddvitum hreppanna bréf þann 8. júlí 1987 í tilefni þess að fiskur hefði tekið sér bólfestu í miðlunarlónum við Sigöldu, Hrauneyjafoss og Sultartanga. Var í bréfunum lýst þeirri skoðun Landsvirkjunar að spjöll á veiðiám hefðu verið bætt að fullu með samkomulaginu frá 3. og 24. júlí 1981. Þá var þar fullyrt að Landsvirkjun hefði látið gera umrædd virkjunarlón og hefði öll réttindi og umráð yfir lónunum sem eignarrétti fylgdi að lögum. Kröfur Landsvirkjunar voru síðan ítrekaðar með bréfum dagsettum 3. febrúar 1992 og í framhaldi af því var þann 2. júní sama ár haldinn fundur með fulltrúum hreppanna og Landsvirkjun. Niðurstaða fundarins var að gert var um það samkomulag að Landsvirkjun fengi leyfi fyrir tilteknum fjölda stanga í Krókslóni, Kvislarveitum og Þórisvatni til næstu 5 ára. Þá voru aðilar sammála um að málið yrði skoðað að nýju að liðnum framangreindum tíma, sbr. fundargerð frá 2. júní 1992. Samkomulag þetta er útrunnið og var ekki endurnýjað.

#### **6.4.4. Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum**

##### **6.4.4.1. Inngangur**

Svo sem nánar er rakið í kafla 6.4.2. hefur Landsvirkjun auk einkaréttarlegra heimilda byggt eignarréttarlegt tilkall á þeim lögbundnu heimildum sem fyrirtækinu hafa í gegnum tíðina verið veittar til byggingar og starfrækslu raforkumannvirkja í víðasta skilningi. Er því nauðsynlegt að huga nánar að eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar samkvæmt þeim lagaheimildum sem fyrirtækið varða og það byggir rétt á sem og þeim leyfum sem veitt hafa verið á grundvelli viðkomandi lagaheimilda.

Við nánari skoðun og mat á því hver réttindi Landsvirkjun eigi á svæði því, sem til meðferðar er í máli þessu og þá eftir atvikum innan svæðis sem úrskurðað kann að verða sem þjóðlenda, hefur verið farin sú leið að kanna lagaheimildir og lögskýringargögn öll, umsóknir Landsvirkjunar um virkjanir og raforkumannvirki, ásamt fylgiskjölum og samsvarandi lögbundnum leyfum ráðherra. Þannig hefur verið leitast við að skýra heimildir Landsvirkjunar og inntak þeirra réttinda sem fyrirtækið hefur öðlast á grundvelli lagaheimilda og leyfisveitinga. Fyrir ályktunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þeirra er síðan gerð grein í kafla 6.4.6.2.

##### **6.4.4.2. Ákvæði í lögum um orkunýtingu fallvatna o.fl.**

Samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 gildir sú meginregla að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimili. Í V. kafla laganna er síðan fjallað um notkun vatnsorku en í 1. mgr. 49. gr. segir:

Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Þá er í 2. mgr. 49. gr. vatnalaga mælt fyrir um að leyfi ráðherra þurfi til að virkja hluta af fallvatni sem hefur meira en 500 eðlishestöfl og megi binda leyfið skilyrðum sem ráðherra telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram eða synja um leyfið ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

Í lögum um vatnsorkusérleyfi, nr. 46/1925, var að finna í 1. mgr. 2. gr. ákvæði sem kvað á um

að umráðamönnum vatnsréttinda væri eigi heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því ef fallvatnið hefði meira en 500 eðlishestöfl.

Í 1. mgr. 1. gr. laga, nr. 83/1932, um raforkuvirki kom fram að hver sveitar- eða bæjarstjórn hefði einkarétt til þess að stofnsetja og starfrækja innan sveitar raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver. Einkarétt þennan gat sveitar- eða bæjarstjórn veitt öðrum aðilum, einstaklingum eða félögum, að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind voru nánar í lögnum, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Í lögum nr. 16/1942, um rafveitur ríkisins, kom fram að ríkisstjórninni væri heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur sem vera skyldu eign ríkisins. Verkefni rafveitna ríkisins skyldu vera skv. 1. mgr. 2. gr. laganna að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðsorkuveitum eða orkuveitufélögum. Samkvæmt 12. gr. laganna hafði rafveitustjóri ríkisins umsjón með fallvötnum í eigu ríkisins.

Þá var ákvæði í 1. mgr. 1. gr. raforkulaga, nr. 12/1946, sem kvað á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem stærri væru en 100 hestöfl, þó svo að ráðherra gæti skv. 4. mgr. 1. gr. laganna heimilað að fenginni tillögu frá raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi eða einstökum manni eða fyrirtæki leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafafliþörf sinni ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsveitur gætu ekki eða óskuðu ekki að láta rafaflið í té.

Í lögum nr. 92/1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, var í 1. gr. að finna ákvæði sem heimilaði ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins m.a. að reisa raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og við Gönguskarðsá. Í 3. gr. laganna sagði að um stofnun og rekstur þeirra orkuvera, sem um ræddi í 1. gr., færi að öðru leyti en fram kæmi í 1. gr. eftir lögum nr. 12/1946. Mjög sambærileg lög voru nr. 34/1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, þar sem í 1. gr. var heimild til handa ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu, Þverá og vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal. Tekið var fram í 4. gr. að um stofnun og rekstur orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti en því sem fram kæmi í 1. og 2. gr., eftir lögum nr. 12/1946. Enn var að finna eðlislík ákvæði í lögum nr. 12/1951 um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitu ríkisins. Þar kom fram í 1. gr. að ríkisstjórninni væri heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Fossá og Grímsá. Síðan var í 3. gr. að finna sambærilegt ákvæði og í hinum tveimur fyrrnefndu lögum að um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu færi að öðru leyti eftir lögum 12/1946. Einnig má nefna lög nr. 65/1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins. Í 1. gr. laganna kom fram sú heimild ríkisstjórnarinnar að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja tilgreindar ár skv. ákvæðinu. Í 4. gr. laganna kom fram að um stofnun og rekstur téðra orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 12/1946.

Í 1. gr. laga um orkuver Vestfjarða, nr. 54/1954, var heimildarákvæði fyrir ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólka í Arnarfirði til orkuvinnslu. Ríkisstjórninni heimilaðist að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar ef viðunandi kjör fengjust, sbr. 4. gr. laganna.

Í orkulögnum nr. 58/1967, voru síðan tekin upp hliðstæð ákvæði en þar sagði í 10. gr.:

Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw þarf leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200-2000 kw þarf leyfi ráðherra raforkumála.

Þá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw án sérstaks leyfis.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.

Þá sagði í 11. gr:

Umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skulu sendar ráðherra raforkumála, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega, eða fær það Alþingi til meðferðar.

Í II. kafla gildandi raforkulaga, nr. 65/2003, er mælt fyrir um heimild til raforkuvinnslu. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi. Um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis er síðan fjallað í 5. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra. Undantekningu frá því er að finna í 10. gr. laganna þar sem segir að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfá allt að 3,5 MW. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur fram að um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

#### **6.4.5. Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun**

##### **6.4.5.1. Inngangur**

Hér á eftir verður nánar vikið að einstökum heimildum sem varða Landsvirkjun sérstaklega. Þær lagaheimildir, sem um er að ræða, eiga það sammerkt að samkvæmt þeim er Landsvirkjun heimil að að reisa og reka nánar tilgreind raforkuver og meginstofnlínur og einnig er veitt heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á ákveðnum vatnasvæðum til þess að tryggja rekstur raforkuveranna á hverjum tíma, m.a. með gerð vatnsmiðlana, stíflugerð o.fl. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru, til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á þeim lögum sem fjallað verður um hér á eftir og í því sambandi kannað frumvörp til laganna, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögskýringargögnum sýnist hvergi vera að finna áform í þá veru að með lögnum sjálfum sé tilætlunin sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum.

##### **6.4.5.2. Lög nr. 59/1965, um Landsvirkjun**

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru samkvæmt 1. gr. laganna ríkissjóður og Reykjavíkurborg og átti hvor aðili helming fyrirtækisins. Um þær eignir sem fyrirtækinu voru lagðar til í upphafi, af hálfu ríkisins, hefur verið ítarlega fjallað í kafla 6.4.3.8. hér að framan. Verður hér beint sjónum að því hvaða réttindi Landsvirkjun voru fengin með lögnum.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna var svohljóðandi ákvæði:

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvilandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

Í 1. mgr. 5. gr. kom fram að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til sem endurgjalds-  
laust stofnframlag eignir þær sem greindi í 4. gr. laganna. Í sameignarsamningi aðilanna um Lands-  
virkjun skyldi gerð nánari grein fyrir þessum framlögum. Í 6. gr. laganna sagði síðan:

Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum  
og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að  
koma upp.

Þá sagði í 7. gr.:

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með  
raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar og aðalorkuveitur,  
skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim sem fer með raforkumál, uppdætti af hinum fyrirhuguðu  
mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun  
mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í athugasemdum við þessa grein segir að rétt þyki að taka fram að Landsvirkjun geri ráðherra  
fyrir fram ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri tilhögun allra mannvirkja og fái samþykki hans fyrir gerð  
og frágangi þeirra og er í því sambandi vísað til ákvæða vatnalaga og raforkulaga.

Loks sagði í 18. gr. að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi,  
lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögum.

Í 4. og 5. gr. laganna var þannig sérstaklega vísað til og fjallað um þau eignarréttindi sem  
fyrirtækinu væru lögð til samkvæmt upphaflegum sameignarsamningi aðila frá 1. júlí 1965, sem  
nánar er fjallað um í kafla 6.4.3.8. Tilvitnuðum lagaheimildum sýnist hins vegar ekki hafa verið  
ætlað að ljá þeim heimildum aðra og meiri þýðingu að eignarrétti en fólst í framsali þeirra skv.  
tilvitnuðum samningi. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1, er það því mat  
óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 59/1965 hafi ekki verið stofnað til beinna eignar-  
réttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr.  
laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í  
skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.3. Lög nr. 36/1969, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun**

Lög þessi fjalla einungis um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna sem fjallar um heimild til ríkis-  
stjórnarinnar til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar.

Þessi lagabreyting hefur ekki áhrif á þau málefni sem um er fjallað í úrskurði þessum.

#### **6.4.5.4. Lög nr. 37/1971, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun**

Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Lands-  
virkjun.

Helstu breytingar voru þær að samkvæmt 2. gr. var bætt nýrri málsgrein við 4. gr. laganna svo-  
hljóðandi:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá  
við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði greinin þannig eftir breytinguna:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldneysisafstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Í 2. gr. laganna, sem breytti 4. gr. eldri laga, er þannig kveðið á um það að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild sé eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegu framsali en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Breyta engu í því tilliti ummæli þingmanns við 2. umræðu í efri deild Alþingis 14. desember 1970 um mat á vatnsréttindum sem ríkið afhenti Landsvirkjun, eins og hreyft hefur verið af hálfu Landsvirkjunar. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 37/1971 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.5. Lög nr. 60/1981, um raforkuver**

Hinn 4. júní 1981 voru samþykkt á Alþingi lög um raforkuver, nr. 60/1981. Þar var í 1. mgr. 1 gr. fjallað um virkjanir Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar og er málsgreinin svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar – að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW aflí – að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW aflí – að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsásvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga – að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afl.

Í 4. mgr. 1. gr. laganna sagði síðan:

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Þá sagði í 5. mgr. 1. gr. laganna:

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við



núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landakerfið að því marki sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingar staða út frá landskerfinu.

5. gr. laganna var svohljóðandi:

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 60/1981 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einka- eignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.6. Lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun**

Ný lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1983 og komu þau í stað laganna nr. 59/1965 með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim. Þar segir í 4. gr:

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dags. 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Þá segir í 6. gr:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.

Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.

Villinganesvirkjun með allt að 40MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

Loks segir í 7. gr:

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur,

skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrátti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í 18. gr. laganna segir að ráðherra geti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögnum.

Í 1. mgr. 4. gr. er þannig tekið fram að fyrirtækið sé eigandi orkuvera, vatnsréttinda o.fl. sem það hafi eignast fyrir setningu laganna og í 2. mgr. 4. gr. er vísað til sameignarsamnings eigendanna frá 27. febrúar 1981, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.3.8. og hnykkt á því að samkvæmt honum taki Landsvirkjun við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun. Þá er í 5. gr. laganna vísað til þess að Landsvirkjun hafi verið lögð til stofnframlög og vísað um það til 4. gr. laganna og tilvitnaðs samnings. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild hafi eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegu framsali en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 42/1983 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.7. Lög nr. 74/1990 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.**

Lög nr. 74/1990 voru samþykkt á Alþingi 18. maí 1990. Þar segir í 1. gr:

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málslíðir sem orðist svo:

- að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
- að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

Ekki voru gerðar frekari breytingar á lögnum um raforkuver samkvæmt þessum breytingarlögum sem skipta máli í þessari umfjöllun.

Hins vegar var með þessum lögum einnig breytt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og var þar bætt tveim nýjum málsgreinum á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna svohljóðandi:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

Í bráðabirgðaákvæði I var svofellt ákvæði:

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetningu að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús.

tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 74/1990 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.8. Lög nr. 9/1997 um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun**

Þessi lög fjalla einkum um stjórnun Landsvirkjunar og heimild til þess að hasla sér völl erlendis. Þá er einnig ákvæði um greiðslu arðs af eigendaframlögum.

#### **6.4.5.9. Lög nr. 48/1999 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum**

Þau ákvæði þessara laga, sem snerta viðfangsefni úrskurðar þessa, eru 1. og 2. tl. 1. gr. laganna en sú grein varð að nýrri 1. gr. í lögnum nr. 60/1981. Þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að virkja fallvatn sem veitt væri um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli og virkja á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli. Jafnframt var breytt númerum greina í lögnum. Loks var fellt úr gildi ákvæði I til bráðabirgða í lögnum.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 48/1999 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.10. Lög nr. 67/2003 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum**

Með a-lið 1. gr. laganna var nýrri málsgrein bætt við 2. gr. laga nr. 60/1981 um heimild Landsvirkjunar að fengnu leyfi iðnaðarráðherra til að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfissráðherra, dags. 30. janúar 2003. Að öðru leyti snerta þessi lög ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 67/2003 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.6. Niðurstaða óbyggðanefndar**

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III.

kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrirmælum a- og c-liða þeirrar greinar laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir einstaklingar og lögpersónur, þ.e. við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Af hálfu Landsvirkjunar eru, svo sem ítarleg grein hefur þegar verið gerð fyrir, sbr. kafla 6.4.2., gerðar kröfur um viðurkenningu á víðtækum réttindum á því landsvæði sem til úrlausnar er í máli þessu og koma þær kröfur eðli málsins samkvæmt til skoðunar og mats á þeim sem landsvæðum sem ella yrðu úrskurðuð þjóðlenda enda fellur það utan valdsviðs óbyggðanefndar að fjalla um stöðuna innan eignarlanda. Af hálfu Landsvirkjunar er um að ræða kröfur vegna landsréttinda sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunni síðar að verða reist, svo sem einstakra virkjana og virkjanasvæða, eins og það er skilgreint; uppistöðulóna; stíflna; vatnsvega; miðl-unarmannvirkja; orkuflutningslína; spennu- og rofavirkja; vega; vegaslóða; háspennulína; mæli-stöðva; veiðiréttinda í virkjunarlónum og vatnsvegum.

Svo sem fram hefur komið styðjast kröfur Landsvirkjunar við eftirfarandi meginþætti:

Í fyrsta lagi reisir Landsvirkjun kröfur sínar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda.

Í öðru lagi reisir Landsvirkjun kröfur sínar á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra og/eða annarra stjórnvalda, gefnum út á grundvelli laga.

Í þriðja lagi byggir Landsvirkjun kröfur sínar um viðurkenningu á eignarrétti yfir landsvæði og vatnsréttindum við hefð.

Verður nú nánari grein gerð fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þessara heimilda fyrir eignarréttarlega stöðu Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Að því ber að gæta við eftirfarandi umfjöllun að í málum nr. 6 og 7/2000 hefur óbyggðanefnd nú þegar tekið almenna afstöðu til þeirra meginálitafna sem hér eru til úrlausnar og raunar fjallað efnislega um þær einstöku lagaheimildir sem vikið verður að hér á eftir sem og nokkrar þeirra einkaeignarréttarlegu heimilda sem Landsvirkjun byggir rétt á í málinu. Að því leyti sem ekki hefur verið teflt fram nýjum gögnum eða málsástæðum, sem máli skipta, telur nefndin sig bundna af fyrri úrlausnum sínum.

#### **6.4.6.1. Kröfur byggðar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda**

Hér verður fjallað um þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á að tilkomin séu fyrir einkaeignarréttarlegt framsal.

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir. Gildir þá sú almenna og viðurkennda meginregla á sviði eignarréttar að sá sem afsalar fasteignaréttindum getur ekki afsalað víðtækari rétti en hann á sjálfur.

Í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar á svæði 1 og með tilliti til annarra mála á svæði 3 þykir rétt að víkja að þeim sérstöku réttindi sem Landsvirkjun voru framseld/afhent með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965.

Í upphaflegum lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er gengið út frá því í 4.-6. gr. laganna að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi. Það er gert með skírskotun til tilvitnaðs sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar leggja hinu þá nýstofnaða fyrirtæki til tilteknar eignir. Svo sem fyrr er vitnað til skipta þau réttindi, sem tilgreind eru í 3. tl. a-liðar 2. gr. samningsins, meginmáli í þessu sambandi. Þar segir svo:

Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttinda til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.

Hér er væntanlega um að ræða þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið taldi sig komið að með samningum við skilanevnd hf. Titan, sbr. kaupsamningur frá 8. júní 1951 sem grein er gerð fyrir í kafla 6.4.3.7. Kaup hf. Titan á vatns- og landsréttindum á Holtamannaafretti eru rakin í kafla 6.4.3. Viðsemjendur félagsins voru Ásahreppur og Holtahreppur sem töldu til réttinda á Landmannaafretti og Holtamannaafretti en þau sveitarfélög, sem þessir afréttir falla undir, telja nú til slíks réttar. Einnig er vikið að kaupum hf. Titan á lands- og vatnsréttindum í máli nr. 2/2003 vegna Landmannaafretrar og máli nr. 7/2000 vegna Gnúpverjaafretrar. Að álitu óbyggdanefndar er ekki um það að ræða á Holtamannaafretti sé fyrir hendi nein þau lands- eða vatnsréttindi sem ríkið ætlaði sér síðan að framselja með einkaeignarréttarlegum hætti, sbr. einkum tilvitnað ákvæði sameignarsamningsins frá 1965 og ákvæði laga 59/1965. Svo sem ráðið verður af umræddu ákvæði sameignarsamningsins var þar eingöngu um að ræða lands- og vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar.

Í kafla 6.4.3.9. er vikið að bótasamningi sem Landsvirkjun gerði við Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannaafretri vegna skerðingar hagsmuna á Holta- og Landmannaafretri. Við almennt mat á þýðingu samninganna að eignarrétti er einkum til þess að líta að framsetning og orðalag þeirra ber það ekki með sér að tilætlunin sé sú að yfirfæra eignarréttindi til handa Landsvirkjun heldur að einvörðungu sé verið að gera samkomulag um bætur vegna röskunar á nýtingarmöguleikum þeirra sem telja til réttar þessum afretri. Verður því almennt séð ekki byggt á téðum samningum sem grundvöll að yfirfærslu eignarréttinda, að því marki sem slík réttindi kunna að vera fyrir hendi.

Þótt upprunaleg vanheimild hafi verið fyrir hendi af hálfu ríkisins við framsal réttinda til Landsvirkjunar heldur fyrirtækið því fram að það komi ekki að sök verði afrétturinn talin þjóðlenda. Verði þetta leitt af 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998 en þar sé ríkið lýst eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Því geti óbyggdanefnd viðurkennt þá samninga sem ríkið hafi gert um ráðstöfun réttinda á svæðinu fyrir lögfestingu laga nr. 58/1998. Á þetta verður ekki fallist enda verður ekki talið að ætlunin hafi verið sú að framselja með einkaeignarlegum hætti fasteignarréttindi á umræddu svæði. Þá er óbyggdanefnd að lögum ekki bær til að stofna til eða ráðstafa réttindum yfir eða á þjóðlendum. Á hinn bóginn er á færi viðeigandi handhafa ríkisvalds í skjóli valdheimilda sinna að kveða nánar á um réttarstöðu Landsvirkjunar að þessu leyti, svo sem nánar verður vikið að hér á eftir, sbr. og 2. kafla laga nr. 58/1998.

#### 6.4.6.2. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum, sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar, og koma þá jafnframt til skoðunar virkjunarleyfi og önnur framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í kafla 6.4.5. hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim lagaheimildum sem um starfsemi og réttindi Landsvirkjunar fjalla og fjallað hafa á hverjum tíma eða varða með öðrum hætti réttarstöðu fyrirtækisins í þessu sambandi.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. gildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mann-

virki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt. Um nánari útlistun þessa vísast til umfjöllunar í kafla 6.4.5.

Svo sem rakið er í kafla 6.4.5. hefur óbyggðanefnd gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fylgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilaneftnd hf. Titan, sbr. 3. tl. a-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna, né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Í málatilbúnaði Landsvirkjunar í málinu er því haldið fram að túlka beri 4. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 4. gr. eldri laga nr. 59/1965, á þá leið að fyrirtækinu hafi með ótvíræðum og sjálfstæðum hætti verið fengnar eignarheimildir að öllum þeim vatnsréttindum og eftir atvikum öðrum fasteignaréttindum sem fyrirtækið hafi verið komið að fyrir setningu laganna. Málsástæða þessi gengur þvert á niðurstöður óbyggðanefndar í málum 6 og 7/2000, sbr. samhljóða rökstuðningur hér að framan, þess efnis að hvorki í eldri né yngri lögum hafi tilætlunin verið sú að stofna til einkaeignarréttarlegra heimilda Landsvirkjun til handa umfram það sem talið var felast í einkaréttarlegum samningum. Sérstaklega skal áréttað að óbyggðanefnd fellst ekki á þá málsástæðu Landsvirkjunar að með 4. gr. laga nr. 42/1983 hafi tilætlunin verið sú að stofna til eða staðfesta einkaeignarréttarlegar heimildir fyrirtækinu til handa umfram það sem talið var leiða af 2. gr. sameignarsamnings um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærri handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

#### 6.4.6.3. Kröfur byggðar á hefð

Af hálfu Landsvirkjunar er byggt á því að fyrirtækið hafi unnið hefð á landi innan athafnasvæðis Hrauneyjafossvirkjunar, Sigölduvirkjunar og landi sem fer undir vatnsmiðlun í Þórisvatni ásamt vatninu sjálfu. Umrædd landsvæði og mannvirki liggja að nokkru leyti inn á Landmannaafrétt, sbr. mál nr. 2/2003, en úr álitaefni þessu tengdu verður leyst í heild í þessu máli.

Fyrirtækið heldur því fram að fullur hefðartími hafi verið liðinn 1. júlí 1998 þegar lög nr. 58/1998 tóku gildi en frá þeim tíma er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir hefði sbr. 7. mgr. 3. gr. laganna. Um upphaf fyrningartíma miðar Landsvirkjun við virkjanaleyfi en leyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun var gefið út 30. desember 1976, leyfi fyrir Sigölduvirkjun 8. mars 1973 og leyfi vegna vatnsmiðlunar í og úr Þórisvatni 8. júní 1970 og 7. júlí 1971. Landsvirkjun hefur lagt fram kort með hnitasetningum af því landsvæði sem fyrirtækið telur að það hafi öðlast eignarrétt að fyrir hefð.

Að því marki, sem ætlunin hefur verið að yfirfæra til Landsvirkjunar eignarréttindi á einkaréttarlegum grundvelli, getur komið til álita að fyrirtækið hafi öðlast slík réttindi á grundvelli hefðar þótt viðkomandi réttindi hafi í raun ekki verið yfirfærð vegna heimildarskorts afsalsgjafa. Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að Landsvirkjun geti ekki öðlast eignarréttindi að lands- eða vatnsréttindum fyrir hefð þegar umráð fyrirtækisins eru eingöngu reist á þeim lagaheimildum sem gerð hefur verið grein fyrir í kafla 6.4.5. Verður ekki talið að réttindi fyrirtækisins á slíkum lagagrundvelli geti orðið rýmri eftir almennum lagareglum um hefð enda má gera ráð fyrir að löggjafinn hafi ekki ætlast til að Landsvirkjun öðlasti aðra og betri réttarstöðu en leiðir beinlínis af þeim lögum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins. Um þetta vísast nánar til umfjöllunar nefndarinnar í máli nr. 7/2000 í kafla 12.4.1. Með vísan til þess að á þessu svæði eru eingöngu um að ræða slík lögbundin réttindi getur hefð ekki komið frekar til álita.

#### 6.4.6.4. Virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar orkuveitur á Holtamannafrétti

Á Holtamannafrétti hefur Landsvirkjun reist virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar orkuveitur. Hér á eftir verður helstu mannvirkjum nánar lýst, auk þess sem greint verður frá staðsetningu þeirra og hvenær þau voru reist og tekin til notkunar. Samhliða verður einnig getið þeirra lagaheimilda og virkjunarleyfa sem liggja til grundvallar. Loks verður tekin endanleg afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi.

##### Stíflur í Þórisvatni og Þórisós

Þórisvatnsmiðlun var reist á árunum 1970-1972 vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell. Var áin Kaldakvísl stífluð við Sauðafell og henni veitt um skurð inn í Þórisvatn við norðanvert vatnið. Við útfall Þórisvatns við norðanvert vatnið var byggð Þórisstífla sem stíflar afrennsli vatnsins og veitir Köldukvísl inn í vatnið. Við suðurenda Þórisvatns var nýju útrennsli vatnsins valinn staður með vesturhlíð Vatnsfells. Var þar grafin veituskurður út úr vatninu með steinsteypu lokuvirki til að stjórna rennsli úr vatninu. Var veitan nefnd Vatnsfellsveita en um hana er vatni úr Þórisvatni veitt í gegnum Vatnsfellsvirkjun til Krókslóns ofan Sigölduvirkjunar og þaðan til annarra stöðva neðar á vatnasviðinu.

Í 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, var að finna heimild fyrir fyrirtækið til að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar. Því ákvæði var síðan breytt með 4. gr. laga nr. 37/1971 en þar var mælt fyrir um heimildir Landsvirkjunar til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þóttu til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Náði heimildin meðal annar til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Þá var Landsvirkjun heimilað með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Samhljóða heimild er að finna í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990.

Hinn 8. júní 1970 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni í sambandi við virkjun Þjórsár við Búrfell. Með leyfi 7. júlí 1971 var Landsvirkjun einnig veitt heimild til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn. Þá veitti iðnaðarráðherra fyrirtækinu leyfi 4. desember 1991 til að hækka stíflur og gera veitumannvirki við Þórisvatn þannig að hækka mætti vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 metra yfir sjávarmáli.

##### Sigölduvirkjun, Sigöldulína 2, Sigöldulína 3 og Sigöldulína 4

Í kjölfar Búrfellsvirkjunar var Sigölduvirkjun reist á árunum 1973-1977 en vélasamstæður virkjunarinnar voru gangsettar 1977 og 1978. Var Tungnaá stífluð efst í gljúfrunum ofan við Sigöldu og myndaðist við það 14 km<sup>2</sup> miðlunarlón, Krókslón, sem að hluta til nær inn á Landmannafrétt. Frá Sigölduvirkjun liggja þrjár háspennulínur en þær eru Sigöldulína 2 sem liggur að tengivirki við Hrauneyjafossvirkjun, Sigöldulína 3, sem liggur að tengivirki við Búrfellsvirkjun og Sigöldulína 4 sem liggur að aðveitustöðinni á Prestbakka á Síðu.

Með lögum nr. 37/1971 voru gerðar breytingar á lögum nr. 69/1965, um Landsvirkjun. Var nýrri málsgrein bætt við 4. gr. laganna en þar sagði meðal annars að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjanna í Tungnaá við Sigöldu. Einnig var 6. gr. laganna breytt og mælt fyrir um heimild Landsvirkjunar til að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum. Með 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981,



var Landsvirkjun að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar veitt heimild til að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW.

Með leyfi iðnaðarráðherra 8. mars 1973 var Landsvirkjun veitt heimild til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.

#### Hrauneyjafossvirkjun og Hrauneyjafosslína 1

Hrauneyjafossvirkjun var reist á árunum 1977-81 og hófst rekstur stöðvarinnar árið 1981. Var Tungnaá stífluð um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og um 5 km neðan við Sigölduvirkjun. Við stífluna myndaðist 8,8 km<sup>2</sup> dægurmiðlunarlón, sem að hluta til nær inn á Landmannaafrétt. Frá virkjuninni liggur Hrauneyjafosslína 1, sem að tengivirki við Sultartanga.

Heimild til að reisa Hrauneyjafossvirkjun var að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 37/1971. Samkvæmt 4. gr. laganna tók Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Hrauneyjafoss. Í 6. gr. laganna var Landsvirkjun síðan veitt heimild til að reisa 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum. Með lögum nr. 60/1981 um raforkuver var Landsvirkjun veitt heimild til að stækka virkjunina í allt að 280 MW.

Hinn 30. desember 1976 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að reisa fyrri áfanga 140 MW virkjun við Hrauneyjafoss.

#### Kvísloveita

Árið 1980 var hafist handa við að reisa Kvísloveitu en framkvæmdinni var skipt í fimm áfanga. Fyrstu fjórum áföngunum var lokið árið 1985. Þá höfðu verið gerðar stíflur í farvegum Stóra-verskvíslar, Svartár, Þúfuverskvíslar, Eyvindarverskvíslar og Hreysiskvíslar. Við þetta mynduðust fjögur lón en þau eru Dratthalavatn, Kvíslavatn, Hreysislón og Eyvindarlón. Lónin eru tengd með skurðum og vatninu veitt í Þórisvatn en áður runnu þessar kvíslar í Þjórsá. Framkvæmdum við fimmta áfanga Kvísloveitu lauk haustið 1997 en þá voru upptakakvíslar Þjórsár austan Hofsjökuls stíflaðar. Við stífluna myndaðist Þjórsárlón en vatni úr því er einnig veitt um Kvísloveitu í Þórisvatn.

Heimild fyrir Kvísloveitu var að finna í 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, en þar var Landsvirkjun heimilað að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvísloveitu. Samhljóða heimild er að finna í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990.

Með leyfi iðnaðarráðherra 4. desember 1991 var Landsvirkjun heimilað að ljúka fimmta áfanga Kvísloveitu.

#### Sultartangavirkjun

Framkvæmdir við Sultartangavirkjun hófust vorið 1997 en virkjunin var gangsett 1999 og í fullum rekstri ári síðar. Sultartangavirkjun nýtir rennsli Tungnaár sem áður hefur knúið vélar Hrauneyjarfossvirkjunar og Sigölduvirkjunar. Löngu áður en Sultartangavirkjun var reist eða á árunum 1982-1984 voru Þjórsá og Tungnaá stíflaðar austan undir Sandfelli um það bil 1 km ofan ármótanna. Liggur stíflan frá rótum Sandfells yfir farveg Þjórsár, austur yfir Sultartanga og farveg Tungnaár og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi við Tungnaá. Með gerð stíflunnar myndaðist ofan hennar svonefnt Sultartangalón og þaðan er vatni veitt um farveg Þjórsár í Sultartangavirkjun. Sultartangavirkjun er í Árnessýslu og því utan við það svæði sem er til meðferðar í úrskurði þessum, sbr. mál nr. 7/2000. Sultartangalón nær hins vegar inn á Holtamannaafrétt.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, var mælt fyrir um heimild Landsvirkjunar til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu með stíflu við Sultartanga og virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjum) með allt að 130 MW afli. Í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990, er einnig að finna heimild fyrir stíflu við Sultartanga.

Með bréfi iðnaðarráðherra 12. mars 1997 var Landsvirkjun veitt leyfi til að reisa Sultartanga-virkjun, ásamt aðalorkuveitum. Í leyfinu er tekið fram að afl virkjunarinnar nemi allt að 125 MW.

#### Vatnsfellsvirkjun og Vatnsfellslína nr. 1

Framkvæmdir við Vatnsfellsvirkjun hófust sumarið 1999 en virkjunin var gangsett síðla árs 2001. Virkjunin nýtir fallið í veituskurðinum á milli Þórislóns og Krókslóns sem er uppistöðulón Sigöldustöðvar. Frá virkjuninni liggur Vatnsfellslína 1 að Sigölduvirkjun.

Heimild til að reisa virkjunina er að finna í 1. tl. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, svo sem því ákvæði laganna var breytt með lögum nr. 48/1999.

Með bréfi forsætisráðneytisins 12. apríl 1999 var Landsvirkjun heimilað að nýta vatnsréttindi, námur og önnur jarðefni vegna virkjunarinnar að svo miklu leyti sem svæðið teldist þjóðlenda. Var leyfið reist á 2. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Með bréfi iðnaðarráðherra 8. júní 1999 fékk Landsvirkjun síðan virkjunarleyfi fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli.

#### Hágöngumiðlun - Hágöngulón

Framkvæmdir við Hágöngumiðlun hófust árið 1997 og var miðlunin tekin í notkun árið 1998. Hágöngulón er 37 km<sup>2</sup> stórt og nær yfir svæði sem er fyrir austan og norðaustan við fjallið Syðri-Hágöngu. Á þessu svæði sameinast árnar Kaldakvísl og Sveðja. Með Hágöngumiðlun var aukin miðlun á vatnasviði Köldukvíslar sem nýtist virkjunum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Við rekstur miðlunarinnar er vatni hleypt úr lóninu um botnrás aðalstíflunnar í Köldukvíslarfarvegi en vatnið rennur um farveg Köldukvíslar til Þórisvatns.

Hinn 11. febrúar 1997 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjanaleyfi fyrir Hágöngumiðlun. Var leyfið reist á 7. gr., sbr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Hér að framan í kafla 6.4.6.1. hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið ætlunin að framselja með einkaeignarlegum hætti fasteignaréttindi á umræddu svæði. Einnig er það niðurstaða óbyggðanefndar, svo sem rakið er í kafla 6.4.6.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felist ekki tilætlun til stofnunar eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. og 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á þessu svæði og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun hafi ekki öðlast eignarrétt að fasteigna- eða vatnsréttindum í skjóli hefðar, svo sem nánar er rætt í kafla 6.4.6.3.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur reist og komið fyrir á Holtamannafrétti en þessum mannvirkjum hefur nánar verið lýst hér að framan. Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirtækið njóti lögvarins réttar til orkunýtingar, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.5. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né vatnsréttinda á svæðinu, í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

#### 6.4.6.5. Fyrirhugaðar virkjanir á Holtamannafrétti

Kröfugerð Landsvirkjunar í málinu nær til réttinda vegna mannvirkja sem enn hafa ekki verið reist. Hér á eftir verður rakið hvaða mannvirki fyrirhugað er að reisa á Holtamannafrétti og hvar þau verða staðsett. Einnig verður getið þeirra lagaheimilda og virkjunarleyfa sem liggja til grundvallar. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna þessara mannvirkja.

##### Norðlingaöldumiðlun

Landsvirkjun hefur gert áætlun um vatnsmiðlun við Norðlingaöldu en henni er ætlað að veita vatni úr Þjórsá yfir í Þórisvatnsmiðlun. Verður Þjórsá stífluð við Norðlingaöldu en við það myndast lón sem nefnt hefur verið Norðlingaöldulón. Nær lónið inn í Árnassýslu en um miðlunina er einnig fjallað í máli 7/2000. Vatni úr lóninu verður dælt um skurði og jarðgöng upp í Illugaver austan við Kjalvötn. Þar rennur það í Kvíslarveitu og síðan til Þórisvatnsmiðlunar. Einnig verða nokkrar kvíslar Þjórsár stíflaðar við Þjórsárjökul en við það myndast lón. Tilgangurinn með því er að veita vatni úr þessum kvíslum inn í Kvíslaveitu og að fella út þann aur sem berst með þeim og rynni ella niður í Norðlingaöldulón.

Hinn 30. janúar 2003 gekk úrskurður setts umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum vegna Norðlingaölduveitu. Á fundi 1. júní ákvað hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að kynna framkvæmdina á tillögu að aðalskipulagi þannig að vatnshæðin yrði að sumarlagi 566 metrar yfir sjávarmáli en að vetrarlagi 567,8 metrar yfir sjávarmáli. Í samræmi við úrskurð ráðherra eru báðar vatnsstöður utan marka friðlandsins í Þjórsárverum, sbr. auglýsingu menntamálaráðuneytisins nr. 507/1987 frá 10. nóvember 1987.

Lagaheimild til að reisa Norðlingaölduveitu er að finna í 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 67/2003 en þar segir að Landsvirkjun sé heimilt að fengnu leyfi iðnaðarráðherra að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003. Ekki liggur fyrir leyfi til gerðar Norðlingaöldumiðlunar.

##### Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína

Undirbúningsframkvæmdir vegna Búðarhálsvirkjunar eru hafnar en vegur hefur verið lagður að fyrirhuguðu stöðvarhúsi, auk þess sem jarðvegsvinna við þær framkvæmdir eru hafnar. Einnig hefur Landsvirkjun látið reisa brú yfir Tungnaá sem mun sinna fyrirhugaðri Búðarhálsvirkjun. Þá er fyrirhugað að reisa Búðarhálslínu 1 sem liggir frá virkjuninni í tengivirki við Sultartanga-virkjun.

Í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, er að finna heimild fyrir iðnaðarráðherra til að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli. Með bréfi, dags. 13. júlí 2001, heimilaði forsætisráðuneytið fyrir sitt leyti, Landsvirkjun að nýta vatnsréttindi, námur og önnur jarðefni til að reisa virkjun ásamt aðalorkuveitum við Búðarháls í Rangárvallasýslu og annarra framkvæmda af því tilefni. Leyfið var veitt með fyrirvara um að síðar verði fjallað um afnot Landsvirkjunar af svæðinu og endurgjald fyrir þau afnot frá því að þau hefjast þegar úrskurður óbyggðanefndar liggur fyrir. Með bréfi, dags. 22. ágúst 2001, veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að reisa 120 MW virkjun við Búðarháls og sama dag ritaði Landsvirkjun sveitarstjórn Ásahrepps bréf með beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir 120 MW virkjun við Búðarháls sem veitt var samdægurs.

##### Háspennulína yfir Sprengisand (Sultartangalína 4)

Á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir því að lögð verði háspennulína frá tengivirki við Svartárkot suður yfir Sprengisand að virkjun á Þjórsár/Tungnaáarsvæðinu.

Sú niðurstaða er fyrir rökstudd, sbr. kafli 6.4.6.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felist ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist.

### **6.5. Vatnajökull og önnur landsvæði í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi**

Því landsvæði, sem til meðferðar er í máli þessu, má skipta í þrennt, þ.e. Holtamannafrétt, hluta Vatnajökuls og önnur landsvæði í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú tilheyrandi Rangárþingi ytra. Um Holtamannafrétt er fjallað í kafla 6.3. og vísast þangað. Þá taka kröfur Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi til alls þess hluta Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess svæðis er því einnig fjallað í kafla 6.3.

Þar sem kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu taka einungis til afréttarins og jökulsvæðisins austan hans er óumdeilt að annað land sem hér er til meðferðar, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Eftir er því að gera grein fyrir afstöðu óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu þeirra landsvæða sem liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana umfram það sem þegar hefur verið fjallað um. Þá eru engar vísbendingar um að á svæðinu sé að finna svokallaða almenningsfjör, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

### **6.6. Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>1</sup>

Holtamannaafréttur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, er þjóðlenda:

*Að vestan af Þjórsá frá ármótum Tungnaár og Þjórsár í Sultartangalóni norður að ármótum Þjórsár og Fjórðungakvísar. Að norðan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvísar í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvísar. Þaðan í austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m og þaðan að jökuljaðrinum í stefnu til Bárðarbungu, hæð 2009 m. Að sunnan fylgja mörkin Tungnaá frá ármótum við Þjórsá um Hrauneyjarlón og Krókslón að útfalli Blautukvísar. Austurmörkin eru síðan frá þeim stað í stefnu í Þóristind og þaðan efst í Þveröldu austan Þórisvatns. Úr Þveröldu er síðan dregin lína í austsuðaustur efst í Svartakamb og þaðan út í Tungnaá. Fylgja mörkin síðan meginfarvegi Tungnaár allt að jökuljaðri í Fremri-Tungnaárbotnum. Þaðan fylgja mörkin síðan jökuljaðrinum uns línan milli Deilis og Bárðarbungu sker jökuljaðarinn. Miðað er við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði það innan jaðars Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Þaðan sem lína úr Deili, hæð 1125 m, og í Bárðarbungu, hæð 2009 m, sker jökuljaðarinn og áfram í Bárðarbungu (hæð 2009 m). Úr Bárðarbungu yfir Kerlingar og þaðan að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við jaðar Vatnajökuls er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem fyrirtækið hefur reist þar og sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum. Jafnframt nýtur Landsvirkjun lögvarins réttar til nýtingar þessara mannvirkja/framkvæmda.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, utan þóknunar lögmannna hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmannna ákvarðast svo: Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. 750.000 kr. og Þórður Bogason hdl. 550.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Benedikt Bogason

<sup>1</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirleggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.



---

VIÐAUKI

## ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu)  
og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)



Sérprentun 3. júní 2004





## EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>83</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>85</b>
<b>2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR</b> .....	<b>85</b>
<b>3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA</b> .....	<b>86</b>
3.1. Landnám .....	86
3.2. Hefð .....	88
3.3. Lög .....	91
<b>4. FLOKKUN LANDS</b> .....	<b>91</b>
4.1. Almenn .....	91
4.2. Jörð .....	92
4.3. Almenningar .....	96
4.4. Afréttir .....	98
4.5. Jörð eða afréttur? .....	103
4.6. Jöklar .....	104
4.7. Fjallskil .....	108
4.8. Ítök .....	111
4.9. Fjörur og rekæign .....	113
<b>5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD</b> .....	<b>116</b>
5.1. Almenn .....	116
5.2. Jarðamöt og jarðabækur .....	117
5.3. Máldagar og vísitásiur .....	118
5.4. Lögfestur .....	120
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf .....	121
5.6. Afsals- og veðmálabækur .....	124
5.7. Aðrar heimildir .....	125
<b>6. NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>126</b>



## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fara hér á eftir.



## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfur á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomu- lagi fjallskila og tilvist itaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitási- um, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. láglandisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjall- belt.¹ Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskil- yrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfudeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfur stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300-400 m hæð en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um 2/3 hluta af yfirborði landsins.² Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfur á láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Ætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um 1/4 hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölpætra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarkna hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgadist efri mörk gróðurs og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

Nú þekur gróður aðeins um 1/4 hluta landsins í heild og um 10/100 hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um 1/100 hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálandisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

### 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

#### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatalskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.<sup>1</sup>

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.<sup>2</sup> Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fódraða.<sup>3</sup> Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“<sup>4</sup>

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Land-

1 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignarréttur II* (fjölr.). Reykjavík. S. 133-134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

2 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

3 *Landnámabók* 1986, s. 321.

4 *Landnámabók* 1986, s. 337.

námu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.<sup>1</sup> Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.<sup>2</sup> Enn fremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.<sup>3</sup> Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar lítið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.<sup>4</sup> Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði aðfráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

- 
- 1 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193-222.
  - 2 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lundi. S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknunum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222-225, 231-233.
  - 3 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578-584. Sjá enn fr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grimni. Riti um nafnfræði*. 1-3. b. (1980-1996).
  - 4 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átölulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“<sup>1</sup>

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögþóttunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar<sup>2</sup>. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að hefð sé komin inn í norræn lög úr kanóniskum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilids tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.<sup>3</sup>

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem islensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.<sup>4</sup>

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.<sup>5</sup> Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr.:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

1 *Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314.* Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

2 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

3 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 351.



Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfírréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.<sup>1</sup>

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign.<sup>2</sup>

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinsson amtmaður til við kansellið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellið bar málið undir Landsyfírrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.<sup>3</sup>

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.<sup>4</sup>

Þrátt fyrir að Landsyfírréttur hefði um árábil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óatalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.<sup>5</sup> Í dómi Landsyfírréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.<sup>6</sup>

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapitula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra síðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg

1 *Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873*. 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.

2 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

3 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga*. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845. Reykjavík 1845. S. 2-12.

4 *Tíðindi frá Alþingi*...1845, s. 466.

5 *Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum*. 3. b. (1886-1889) Reykjavík 1890. S. 236-241.

6 *Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum*. 5. b. (1895-1898) Reykjavík 1901. S. 327-330.

til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífíð, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búíð að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...<sup>1</sup>

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.<sup>2</sup>

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.<sup>3</sup> Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarþeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

1 *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.

2 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

Þá er og ljóst að nýttjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga, nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands, sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttarmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.<sup>1</sup>

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskirteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.<sup>2</sup>

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanothkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk

1 Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

2 Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

*almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.<sup>1</sup>

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.<sup>2</sup> Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalogum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalogum um „aðrar óbyggðar lendur“.<sup>3</sup> Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, eignarland og þjóðlendu, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi“. Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé“. Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum eignarland og þjóðlenda. Verður nú hugað að jörðum, afréttum og almenningum í þessu sambandi og einkanlega lítið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

#### 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land utan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ... Síðan skipaði hann heraðit sínum fêlogum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.<sup>4</sup>

1 *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

2 Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

3 Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðjarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882 og 41/1919.

4 *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.<sup>1</sup> Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnfjöll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“<sup>2</sup>. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svadagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almenning eða afréttar ...“<sup>3</sup>

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitir, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.<sup>4</sup> Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.<sup>5</sup>

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.<sup>6</sup> Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.<sup>7</sup> Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stöð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum, nr. 15/1923.<sup>8</sup> Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæsta-

1 Grágás 1992, s. 342 (46. k. lbb.).

2 Jónsbók 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.-32. k. lbb.).

3 Jónsbók 1904, s. 186 (52. k. lbb.).

4 Sjá t.d. Jónsbók 1904, s. 188-192 (56.-57. k. lbb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

5 Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

6 Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

7 Sjá t.d. Grágás 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. lbb.). Jónsbók 1904, s. 188-190 (56. k. lbb.).

8 Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. lbb. Jónsbókar.

réttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans myndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.<sup>1</sup> Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.<sup>2</sup> Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.<sup>3</sup> Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspeglar tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.<sup>4</sup> Höfuðskyldan hefur þó fyrir og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.<sup>5</sup> Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bændna og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins jörð í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu aðalbóli í Grágás og höfuðbóli í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið staður er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.<sup>6</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.<sup>7</sup> Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálf hugtakið hjáleiga kemur ekki fyrir í heimildum fyrir en í byrjun 15. aldar.<sup>8</sup> Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og heimalönd, smálönd og hjábýli.<sup>9</sup> Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.<sup>10</sup>

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.<sup>11</sup> Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta.

1 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).

2 Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbb.). *Jónsbók* 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).

3 Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. nánulaga, nr. 61/1907, 1. gr. nánulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

4 *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ff.).

5 Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

6 Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

7 *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbb.).

8 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem hjáleiga kemur fyrir vera frá 1431 (*Býggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

9 Árni Daniel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

10 Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462-463.

11 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931-1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>1</sup> Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrir en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli heimajarðar og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið lögbú þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.<sup>2</sup> Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samamburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið heimaland kemur víða fyrir í heimildum, ekki sist máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.<sup>3</sup>

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“ þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.<sup>4</sup>

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist heimaland stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.<sup>5</sup>

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

*Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

*a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

1 Hitzler, Egon 1979: *Sel - Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213-215, 226.

2 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík. S. 24.

3 *Jónsbók* 1904, s. 292.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

5 Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Reykjavík. S. 78-79.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til samarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.<sup>1</sup>

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.<sup>2</sup>

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.<sup>3</sup>

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámunum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi búis á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti megi leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat, sem fram fer fyrir óbyggðanefnd, sýnist eftir sem áður megi líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í jarðir, afrétti og almenninga, þar sem jörð hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining

1 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

2 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

3 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.



gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.<sup>1</sup> Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttáð sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.<sup>2</sup> Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almennningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.<sup>3</sup> Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beutiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.<sup>4</sup> Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólikar kenningar um almenninga. Almennningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.<sup>5</sup>

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fylgja svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.<sup>6</sup>

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ör búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivötn öll í almenningi eru öllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fylgja. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar öðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...<sup>7</sup>

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrenefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.<sup>8</sup>

1 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

2 Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

3 Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917-1919: *Almenningar og afréttir. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar* (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afréttir og almenninga.“ *Lögretta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

4 Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 27-30.

5 Eggert Briem 1917, s. 61-62.

6 *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lb.).

7 *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

8 *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.<sup>1</sup> Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörum tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.<sup>2</sup> Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.<sup>3</sup> Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.<sup>4</sup>

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.<sup>5</sup> Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.<sup>6</sup> Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins og hins vegar öræfasvæðum sem engar hefðbundnar nýttar eru af.<sup>7</sup>

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.<sup>8</sup> Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.<sup>9</sup> Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarlotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

#### 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins afréttur er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitolands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitoland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.<sup>10</sup>

1 Eggert Briem 1917, s. 61-62.

2 Sjá eldri Frostþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

3 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitoland í svonefndum Þjórsártungudómi en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

4 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

5 Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

6 Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur II*, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

7 Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

8 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur*. Reykjavík. S. 83.

9 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

10 Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 43.

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.<sup>1</sup> Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.<sup>2</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.<sup>3</sup> Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanami á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.<sup>4</sup> Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirferst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn ótalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má samnotaafrétti. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögþækkurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða afrétti einstakra jarða og stofnana en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyru einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginsteftu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignar-

1 Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

2 *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig *Grágás* 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

3 *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

4 Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

land, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði ...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í nügildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.<sup>1</sup> Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögþóttanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi en það var bannað í afréttum og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var víður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.<sup>2</sup>

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.<sup>3</sup> Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.<sup>4</sup> Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.<sup>5</sup> Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.<sup>6</sup>

Engin sérákvæði hafa verið í íslenski löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttáð, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.<sup>7</sup>

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum

1 Jónsbók 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330-331 (38. k. lbb.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.

2 Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbb.).

3 Grágás 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbb.).

4 Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

5 Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

6 Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

7 Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

utan landareigna lögbýla enda gæti enginn sannað einstaklingsréttarheimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparpa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnota-afrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur, beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum, sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrijetum, almenningum og örafum, sem ekki eru metin til dýrleika“.<sup>2</sup>

Skyldur þeirra, er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum, hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.<sup>3</sup> Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur afréttaralmenningur, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns í svipaðri merkingu og samnotaafréttur. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni, segir svo: „Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrijetum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrijetina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.“

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskirteini fyrir landinu.

1 Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

2 Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

3 Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu, nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögnum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvarar vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neindir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.<sup>1</sup> Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.<sup>2</sup>

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.<sup>3</sup> Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot, sem falist hefðu í sumarheit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum, styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundaerreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða, sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri, sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur réttihafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílhrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerksamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarétt Hálsa- og Reykholtisdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir samnotaafrétt, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundaerreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn afréttir einstakra jarða og stofnana, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir, hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfænað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða

1 Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

2 Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiði og fuglafríðun, og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnast sönnunarbyrðin um beinan eignarétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

3 Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur lögjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið jörð, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

#### 4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnánum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, löggjöfum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beutiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum, þar sem ekki finnst afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar, kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beutiland með svipuð-

um hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

#### 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.<sup>1</sup> Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.<sup>2</sup>

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklu var.<sup>3</sup> Elsta lýsing á jöklu á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.<sup>4</sup> Saxi lýsir þessu sem furðufregn og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.<sup>5</sup> Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafisar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo óbræðiligir jöklar með yfirvættis hæð og vidd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.<sup>6</sup>

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreyt-anleg heldur gátu þeir hlapið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosid í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.<sup>7</sup> Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.<sup>8</sup> Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.<sup>9</sup>

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og

1 Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272-273.

2 *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttr ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

3 Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1-2, 15.

4 Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14-15.

5 Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

6 *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

7 *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

8 *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16-17).

9 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.



hnígur og skríður undan eigin fargi.<sup>1</sup> Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.<sup>2</sup> Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýttar af eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.<sup>3</sup>

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.<sup>4</sup>

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálítaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afréttar eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.<sup>5</sup> Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatna-

1 Minnisblað Odds Sigurðssonar jöklafræðings til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

2 Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

3 Sbr. þessi orð Sigurðar Línals: „Auk afréttar og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við.“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örylgsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðféfarið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

4 Þskj. 598. Alþtíð. 1997-1998, 122. Lögþ. A: 2598.

5 Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

laga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.<sup>1</sup> Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku Þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka, sem þar myndast, sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.<sup>2</sup> Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.<sup>3</sup> Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji lög-gjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um Þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlenda og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. Þjóðlendum. Um leið eru Þjóðlendum lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til Þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða Þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og Þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í Þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka Þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar Þjóðlendum. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og Þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða Þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í Þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku Þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

1 Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510-512.

2 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

3 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignarréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnáms tíma.<sup>1</sup> Hafi landnám náð að jökli hefur það land, sem horfið hefur undir jökul, tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnáms tíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níjtjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars, sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900, er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land, sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til Þjóðlendulög taka gildi 1998, var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpin en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafn glögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalytingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalogu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og Þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land, sem jökullinn hefur skilað frá gerð landamerkjabréfanna, falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands, sem komið hefur undan jökli, kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands, sem kemur undan jökli eftir þann tíma, njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku Þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan Þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka Þjóðlendulaga hafi undir þessum kringum-

1 Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktur um breytingar jökla frá landnámi Íslands,“ dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43-48.

stæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum, þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

#### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að lítið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru enn fremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum batur, áverkabót og landnám ef þessi réttur var brotinn.<sup>1</sup> Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.<sup>2</sup> Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rífhús.<sup>3</sup>

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn, er næstir bjuggu afrétti, beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarþing því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.<sup>4</sup>

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

1 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).

2 *Jónsbók* 1904, s. 292.

3 *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).

4 *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. llb.).

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrir vera en .iiii. [þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lögrétt skal vera, skipa svá ǫðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gönguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.<sup>1</sup>

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var víður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.<sup>2</sup>

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvisandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar en einstaka reglugerð, sett með stöð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútféfin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögnum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr.

<sup>1</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.

<sup>2</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. llb.).

12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögnum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimalands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðjarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaf framkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttáð á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur, sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna, verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttáð.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttáð að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaf framkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttáð svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaf framkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrir fram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

#### 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttihafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.<sup>1</sup> Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið ítak ekki skilgreint sérstaklega en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból, „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.<sup>2</sup>

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með vátum tveim eða fleirum.<sup>3</sup>

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaitak.<sup>4</sup> Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,<sup>5</sup> og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda kaup og ítakaskipti.<sup>6</sup> Elsta skjalllega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.<sup>7</sup> Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sálhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.<sup>8</sup> Ítökum fylgandi síðan jafnt og þétt og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þétrið net ítaka um land allt.<sup>9</sup>

1 Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

2 Sbr. Grágás 1992, s. 288.

3 Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið ítak sé þar notað.

4 Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147-148, 150.

5 Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

6 Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeira og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Ættir um land og sögu í ljósi laga og réttarfræðingavæðingar*. Reykjavík. S. 277.

7 *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

9 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hris/hrisrif/hristak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekaitak*.

Ljóst er að ítakaeygn skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð, sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðháttá, fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skáláhvömmum í Þórisdal eða Laxárdal en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).<sup>1</sup> Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „fri kolatak í Hrisaskóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.<sup>2</sup> Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.<sup>3</sup>

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttá og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.<sup>4</sup> Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka, sem á jörðum hvíldu, komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nýttuð í sambandi við notkun þeirra.<sup>5</sup> Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuitaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.<sup>6</sup> Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið er á, sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>7</sup> Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

1 Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

2 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

3 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

4 Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni ítak eða ískylda.

5 Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

6 Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að umræddum lögum, segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

7 Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 113/1952, er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.



Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafreйти. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.<sup>1</sup> Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397<sup>2</sup> og Gíslamáldaga frá 1570.<sup>3</sup> Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.<sup>4</sup> Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafreйтиur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

#### 4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign, sem liggur að sjó, nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflódmáls og stórstraumsfjörumáls.<sup>5</sup> Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.<sup>6</sup> Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.<sup>7</sup>

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.<sup>8</sup> Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“<sup>9</sup> Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.<sup>10</sup> Allan reka utan rekamarka var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.<sup>11</sup>

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða reka-

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

5 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

6 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsvæði, nr. 76/1970.

7 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

8 Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.

9 *Jónsbók* 1904, s. 194.

10 *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.

11 *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals, sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsörun í 71. k. landabrigðisþáttar *Grágásar* (*Grágás* 1992, s. 365).

maður má nýta á allan reka“.<sup>1</sup> Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.<sup>2</sup> Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.<sup>3</sup> Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á fiskhelgi:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í óxarþærum flattur [álnar-breiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.<sup>4</sup>

Fiskhelgi í þessu samhengi tákna svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.<sup>5</sup>

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarek til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngje af badum lögmönnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flæðarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eirartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.<sup>6</sup>

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algenget var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá rekamaður eða fjörumaður, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.<sup>7</sup>

Rekamaður átti einnig allan ómerkta við og hval sem menn fluttu úr almenningi<sup>8</sup> ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins

1 Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

2 Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

3 Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353-354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

4 Grágás 1992, s. 353-354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

5 Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.

7 Jónsbók 1904, s. 196-197.

8 Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (Jónsbók 1904, s. 197).

vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.<sup>1</sup> Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.<sup>2</sup> Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.<sup>3</sup>

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.<sup>4</sup> Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.<sup>5</sup> Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig rekagrunnurinn enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.<sup>6</sup> Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almennigur og heimildir um almenningu við sjávarsíðuna eru allnokkrar.<sup>7</sup> Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.<sup>8</sup> Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.<sup>9</sup>

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.<sup>10</sup>

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörinni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.<sup>11</sup> Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

1 Grágás 1992, s. 354-355, 365. Jónsbók 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningu er ekki í Jónsbók.

2 Grágás 1992, s. 354. Jónsbók 1904, s. 197, 201-203, 208-209.

3 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.

4 Sbr. einnig hugtakið ítaksreki um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

5 Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið sandur um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

6 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

7 Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

8 Grágás 1992, s. 369. Sbr. Jónsbók 1904, s. 193-194.

9 Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningu (sbr. „fynnandasþik“). Sbr. Grágás 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.

10 Grágás 1992, s. 354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 196.

11 Jónsbók 1904, s. 197.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.<sup>1</sup> Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera almenningur.<sup>2</sup> Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.<sup>3</sup> Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.<sup>4</sup> Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.<sup>5</sup> Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annaðhvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitafni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávarar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarða eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.<sup>6</sup> Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.<sup>7</sup>

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál og landamerki þar með.

## 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

### 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefina og óútgefina, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

1 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

3 Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Timarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

4 Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

5 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

6 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárússon, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.

7 Ekki verður ráðið af fyrrliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

## 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).<sup>1</sup>

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.<sup>2</sup> Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.<sup>3</sup>

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri föðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsógn og undirrettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyföður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær, sem hér hefur verið vikið að, eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli föðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýrleidis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.<sup>4</sup> Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“<sup>5</sup>

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að föðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.<sup>6</sup> Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru

1 Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

2 Sbr. Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárússon, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

3 Björn Lárússon 1967, s. 63.

4 Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165-175.

5 *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

6 Björn Lárússon 1982, s. 17.

dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.<sup>1</sup> Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.<sup>2</sup> Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.<sup>3</sup> Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu Ný jarðabók fyrir Ísland. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögnum, nr. 22/1915, sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

### 5.3. Máldagar og vísitásiur

Hugtakið máldagi var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fê til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann

1 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

2 *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.

3 *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða lesa skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn einu sinni á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.<sup>1</sup>

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.<sup>2</sup> Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það heimanfylgja hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd afvinna, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitásiuferðum sínum.<sup>3</sup>

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. staður að skilningi kirkjulega. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum staðamálum á síðari hluta 13. aldar.<sup>4</sup> Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni nema önnur jafngöð kæmi í staðinn.<sup>5</sup>

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta, sem fyrir var, í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.<sup>6</sup> Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitásiuferðum

1 Grágás 1992, s. 12.

2 Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.

3 Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

4 Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.

5 Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.

6 *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.<sup>1</sup>

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentískt“ kirkjuregistor.<sup>2</sup> Eftir siðaskipti tóku vísítasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.<sup>3</sup>

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálf-sagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísítasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

#### 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið lögfesta fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).<sup>4</sup>

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir.

Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar ligger, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lög máli réttu ...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.<sup>5</sup> Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.<sup>6</sup> Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingskrafara fyrir jörðinni Háeyri.<sup>7</sup>

1 Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

2 *Lagasafn*. Íslensk lög 1. október 1995. S. 513-514.

3 Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn. Skrár Þjóðskjalasafns* 3. Reykjavík. S. 47-48.

4 Sbr. Sigurður Lindal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.

5 Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögboðar þeirrar, er Jónsbók kallast ...* Reykjavík. S. 165.

6 *Jarðabók Arna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld*. Útdráttir. Reykjavík 1993. S. 162.

7 *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.



Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engja-plássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.<sup>1</sup> Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga<sup>2</sup> virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef genginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.<sup>3</sup> Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitásiur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.<sup>4</sup> Af umfangullun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.<sup>5</sup> Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggingu óvissu eftirleiðis.<sup>6</sup> Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.<sup>7</sup> Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.<sup>8</sup> Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok níjtjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja,

1 Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

2 Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

3 Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

4 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1847*, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi 1877* (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.

5 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1849*, s. 28-29, 31, 337 *Alþingistíðindi 1877* (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

6 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1849*, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi 1877* (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá enn fr. *Alþingistíðindi 1919 A I*, s. 172.

7 Sjá *Alþingistíðindi 1879* (síðari partur), s. 766.

8 Sbr. *Alþingistíðindi 1877* (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá enn fr. *Alþingistíðindi 1919, A I*, s. 172.

merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögnum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.<sup>1</sup> Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrijetta eða annara óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrijetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrár þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrár hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðila vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.<sup>2</sup> Orðin landamerkjalysing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrijetta, fjallskil, fjárheimtur og rádstafanir til að eyða refum, ...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

1 Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

2 Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mótt. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinna jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nággranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).<sup>1</sup>

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Lítið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).<sup>2</sup> Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsímálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsíðómum.

1 Enn fremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

2 Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmaðlum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.<sup>1</sup> Samkvæmt 11. og 12. kapitula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapitula landsbrigðabálks í Jónsbók.<sup>2</sup>

Í 28. gr. 3. kapitula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún árétuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifna og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar itarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu nügildandi þinglýsingalaga, nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku nügildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var lítið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, iskyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“<sup>3</sup> Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.<sup>4</sup> Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.<sup>5</sup>

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfírréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan nügildandi þinglýsingalaga, nr. 39/1978, þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992 var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.<sup>6</sup> Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala þótt þeim hefði áður

1 Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbb.).

2 Jónsbók 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).

3 Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

4 Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

5 *Alþingistíðindi A 1977-1978*, s. 1382.

6 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttinda-skrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.<sup>1</sup> Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

### 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almenn gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar, verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegru niðurstöðu um einstök álitaefti.

Heimildir um stjórnáslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignamálsáslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og visitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunar-gerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi, sem hér hefur verið gefið ágríp af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

1 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku Þjóðlendlaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendlögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendum og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. lög-gjöf um nýbýli og þjóðlendum.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknnum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýtjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat

á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í jarðir, afrétti og almenninga. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum eignarland og þjóðlenda.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnáum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýtt til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð, sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið er á, sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slíkt landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst

og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða, sem hefur verið lagt til afréttar, vísast til umfjöllunar um hugtakið jörð.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrir en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinna jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Enn fremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignar-



réttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur, sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.


Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eiganandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.



## **FYLGISKJÖL**


- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**



- |  |   |  |                        |
|--|---|--|------------------------|
|  | Krafa fjármálaráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendumörk.                  |  | Mörk þjóðlendulína     |
|  | Kröfur ýmissa aðila um eignarréttindi.                                  |  | Mörk aftréskv. úrskur. |
|  | Útlína Jökuls skv. uppréttum Landsat-7 gervitunglamyndum og loftmyndum. |  | Landamerki             |
|  | Kröfufalna Landsvirkjunar.  |  |                        |

Mismunur á jökulsvæði, eins og það er teiknað á kortgrunni, og úrskurðarlinu byggðanefndar, að því leyti sem hún fylgir jökuljabri, skýrist af mismunandi aldin og nákvæmni gagna.

m Djúparhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannafrétti.



lendu, skv. úrskurði  
efndar.  
tarsignar innan þjóðlendu  
rði óbyggðanefndar.  
kjapunktur.

Dags. 9.12.2004  
Kortgrunnur IS50R  
Mælikvarði: 1:150 000  
Kortagerð: Sigurgeir Skúllason, landfræðingur  
© Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02000013

## II. Aðilaskrá

Þjóðlenda  
Holtamannaafreittur  
Holtamannaafreittur  
Holtamannaafreittur  
Holtamannaafreittur  
Holtamannaafreittur

Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins  
Ásahreppur  
Rangárþing ytra  
Ásahreppur vegna jarða í Ásahreppi.  
Rangárþing ytra vegna jarða í fyrrum Djúpárhreppi.  
Landsvirkjun

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(3) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 30.5.2003.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### Landamerkjabók:

- 2(15) Landmannafréttur, dags. 22.10.1886.

#### Jarðamatsskjöl úr Rangárvallasýslu:

- 2(1) a-b Jarðamat í Rangárvallasýslu 1802-1804, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(2) Ljósrit úr gerðabók jarðamatsnefndar frá 1849. Sjá nánari lýsingu í skilabréfi Þjóðskjalasafnsins.

#### Skjöl skráð í afsals- og veðmálabækur:

- 2(3) Lögfesta Þjórsártungna, byggð á dómunum frá 1476. Dags. 27.12.1856. Afsals- og veðmálabók 1832-1865.
- 2(4) a-b Umboðsmaður hreppsnefndar Ásahrepps veitir Gestri Einarssyni umboð til að koma í verð „eign hreppsins fossunum Gljúfurleitarfossi í Þjórsá og Hrauneyjarfossi og Ármótafossi í Túná ásamt vatninu í ánum og árfarvegum og nægu landi og byggingarefni, sem þarf til starfsrækslu og útbyggingar fossunum“. Dags. 27.2.1913. Rang. DB/3, nr. 131. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(5) Framsöl umboða til sölu á fossum í Þjórsá, afsöl forkaupsréttar, umboð til að koma vatnsafl í Þjórsá fyrir Galtalækjarlandi (Þjófafossi m.m.) frá árunum 1909-1914. Rang. DB/3, nr. 186-191. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(6) Kaupsamningar Landmanna-, Ása- og Holtahreppa við Einar Benediktsson um vatnsafl í Tungnaá á Landmanna- og Holtamannafréttum, yfirlýsing varðandi Klofaey og Litlu-Klofaey og kaupsamningar sömu hreppa og fleiri aðila varðandi vatnsafl í Þjórsá, gerðir á árinu 1916. Rang. DB/3, nr. 457-471. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(7) Viðurkenning hreppsnefndar Holtahrepps fyrir greiðslu fyrir vatnsaflsréttindi á Holt- og Landmannafréttum, 9.10.1917. Rang. DB/3, nr. 13. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(8) Sölutilboð og afsal fyrir hálfum Gljúfurleitarfossi í Þjórsá til Titans hf. frá Ásahreppi, 18. september 1917 og 26.1.1918. Rang. DB/3, nr. 24 og 25. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(9) Kauputilboð Ásahrepps til Titans hf. á vatnsréttindum í Köldukvísl og Þórisvatni, 18.9.1917. Rang. DB/3, nr. 70. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(10) Yfirlýsingar Einars Benediktssonar varðandi yfirlýsingar á vatnsréttindum í Þjórsá og

- Tungnaá, 31.10.1917. Rang. DB/3, nr. 82 og 83. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(11) Samþykki sýslunefndar Rangárvallasýslu við beiðni Landmanna-, Ása- og Holtahreppa að mega selja, leigja eða yfirfæra til Titans hf. öll vatnsréttindi hreppanna „í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða í heimalöndum þeirra, er að ánum liggja“, 16.11.1916. Rang. DB/3, nr. 109. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(12) Afsal Ásahrepps til Titans hf. á vatnsréttindum í Köldukvísl og Þórisvatni, 13.6.1921. Rang. DB/3, nr. 281. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8. Sáttaskjöl úr Rangárvallasýslu:
- 2(13) a-b Sátt um landamerki Syðstu- og Miðmerkur, 31. október 1818. Sáttabók Út-Eyjafjalla 1807-1833, bls. 21.

*Dóma- og þingabækur úr Rangárvallasýslu:*

- 2(14) Ágreiningur hreppsnefnda Holt- og Ásahreppa um eignarrétt yfir Holtamannaafrétti 1913-1914. (Rang. V, 24. Dóma- og þingbók 1909-1914).
- 2(16) Upplestur á dómi frá 1476 og vitnisburði 1717 um Landmanna- og Holtamannaafrétt á manntalsþingi að Þjóðólshaga í Holtum, dags. 4.6.1805, ásamt uppskrift að hluta.
- 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 14.2.2003.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgöngnum, dags. 25.11.2003.

*Landamerkjabréf:*

- 4(51) Einarsstaðir Þingeyjarsýslu, dags. 6.5.1890.
- 4(52) Skútustaðir í Mývatnssveit, dags. 17.4.1891.

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 4(1) Jarðatal Johnsens 1847. Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. (bls. 6-19).
- 4(2) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 6-9).
- 4(3) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 206-216).
- 4(4) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 107-110).
- 4(5) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 61-63).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(7) Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1990. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1990. B-deild, bls. 344-351)
- 4(8) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 239/1974. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1974. B-deild, bls. 506-515)
- 4(9) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 157 6. júlí 1943, nr. 267/1968. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968 B-deild, bls. 424)
- 4(10) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1943. B-deild, bls. 327-339)
- 4(11) Reglugerð um breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8. ágúst 1921. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. B-deild, bls. 139-150)
- 4(14) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl. frá 7. júní 1915, nr. 140/1919. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. B-deild, bls. 187)



- 4(15) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 80/1915. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. B-deild, bls. 133-146)
- 4(16) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 8/1911. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911. B-deild, bls. 20-33)
- 4(17) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 58/1894. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1894. B-deild, bls. 75-87)

*Menningarminjar:*

- 4(18) Menningarminjar á miðhálandi Íslands, Rangárvallasýsla. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996.
- 4(19) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400 000), Rangárvallasýsla.

*Málsskjöl úr hæstaréttarmáli nr. 103/1953:*

- 4(20) a-b Texta- og skjalfræðileg greinargerð Aðalgeirs Kristjánssonar og Stefáns Karlssonar í handriti, dags. 8.1.1974, ásamt prentaðri útgáfu í Griplu 1979.
- 4(21) a-b Lögfesta Þjósártungna, 27.12.1865, ásamt uppskrift.
- 4(22) a-b Stefna á hendur Runólfi Nikulássyni hreppstjóra o.fl. vegna veiði í afréttarlöndum Holta- og Landsveitar, dags. 1.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(23) a-b Vörn Runólfs Nikulássonar hreppstjóra, dags. 21.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(24) a-b Innlegg hreppstjóra Holta- og Landmannahreppa, 18.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(25) a-b Vottorð þriggja manna um eignarhald Land- og Holtasveita á Þjósártungum, 18.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(26) a-b Vitnisburður Gísla Brynjólfssonar í Flagveltu, dags. 19.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(28) Umræður og samþykktir Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps um fjallskil, 1892.
- 4(29) Fundur hreppsnefndar Landmannahrepps um fjallskil, dags. 26.5.1906.
- 4(30) Fundur hreppsnefndar Landmannahrepps um að takmarka upprekstur á afréttinn, dags. 30.6.1913.
- 4(31) Bréf hreppsnefndar Landmannahrepps til hreppsnefndar Holtahrepps um bann við upprekstri á afréttinn, dags. 30.6.1913.
- 4(32) Skýrsla Eyjólf Guðmundssonar um nýtingu Landmanna- og Holtamannaafrétt, dags. 6.7.1913.
- 4(33) Bréf Eyjólf Guðmundssonar til hreppsnefndar Holtahrepps um bann við upprekstri á Landmannaafrétt, dags. 18.11.1913.
- 4(34) Bréf Þorsteins Jónssonar oddvita til hreppsnefndar Landmannahrepps um landspjöll á afréttinum, dags. 12.1.1914.
- 4(35) Dómur í máli er hreppsnefnd Holtahrepps höfðaði gegn hreppsnefnd Ásahrepps, dags. 24.3.1914.
- 4(36) Yfirlýsing Eyjólf Guðmundssonar um að Einari Benediktssyni hafi verið veitt leyfi til að dveljast við Veiðivötn til land- og vatnsmælinga, dags. 9.5.1916.
- 4(37) Sveitarsjóðsreikningar Landmannahrepps fyrir árin 1918-1919, 1925-1926, 1926-1927, 1934, 1936-1937.
- 4(38) Úr fundargerð Landmannahrepps: Skýrt frá því að gerður hefði verið samningur um helmingaskipti milli Landmanna- og Rangárvallahreppa á andvirði því sem kynni að

- fást fyrir hrafntinnu o.fl. Krafa Holtamanna um að eiga hlutdeild í þeirri hrafntinnu sem fundist hefði, dags. 12.9.1935.
- 4(39) Ályktun fundar hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps um að þeirri kvöð verði aflétt af bændum að halda uppi smölun og refaveiði á afréttinum eftir að bannað var að reka á fjall vegna fjárpestar, dags. 22.2.1945.
- 4(40) Tilkynning oddvita Holtahrepps um að ábúendur í Holtahreppi geri kröfu til veiðiréttar í Veiðivötnum, dags. 2.6.1947.
- 4(41) Skjöl um skiptingu Holtamannahrepps í Holtahrepp og Ásahrepp, 1892-1893.
- 4(42) Eignarhlutur Ásahrepps í Gljúfurleitarfossi seldur Titan, dags. 26.1.1918.
- 4(43) Sýslunefnd veitir samþykki sitt fyrir því að vatnsréttindi í Þjórsá og Tungnaá séu fram-seld hlutafélaginu Titan, dags. 16.11.1916.
- 4(44) Lýsing Þorsteins Magnússonar sýslumanns (1743-1785) á veiði í Fiskivötnum, dags. 28.4.1953.
- 4(45) Bann við hagnýtu Þjórsártungna, dags. 16.5.1829.
- 4(46) Vitnisburður Guðmundar Þorsteinssonar um nýtingu Landmannaafréttar, dags. 16.8.1858.
- 4(47) Svar sýslunefndar Rangárvallasýslu við beiðni sýslunefndar Skaftafellssýslu um að fá opinberan styrk til að rannsaka fjalllendi fyrir norðan afrétti Skaftártungu og Síðumanna, dags. 25.6.1884.
- 4(48) Samkomulag að Árbæ í Holtum um nýtingu Holta- og Landmannaafréttar, dags. 26.11.1879.
- 4(49) Kafli úr bréfi hreppsnefndar Landmannahrepps um upprekstrarmál, 1876.
- 4(50) Dómur Landsyfírréttar um veiði í afréttum Holta- og Landmannahreppa, dags. 5.12.1859.
- 4(54) Vörn Runólfs Nikulássonar hreppstjóra, dags. 21.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(55) Vitnisburður Gísla Brynjólfssonar í Flagveltum, dags. 19.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(64) Údráttur úr lýsingu Rangárvallasýslu, ódags. 1743-1785.

*Málsskjöl úr Hæstaréttarmáli nr. 199/1978:*

- 4(57) Lýsing hreppsnefndar Skaftártunguhrepps á afréttarmörkum hreppsins frá 12.12.1889.
- 4(58) Símskeyti Guðjóns Guðjónssonar, oddvita Skaftártunguhrepps, um afréttarmörk hreppsins. Lagt fram á aukadómþingi Rangárvallasýslu 2.8.1951.
- 4(59) Yfirlýsing Vals G. Oddsteinssonar o.fl. um símskeyti Guðjóns Guðjónssonar, dags. 19.2.1978.
- 4(60) Gr. Landsvirkjunar um samskipti við oddvita Ása-, Djúpár-, Holta-, og Landmanna-hrepps vegna framkvæmda á Holtamannaafrétt, ódagsett.
- 4(61) Yfirlýsing aðstoðarframkvæmdastjóra Landsvirkjunar vegna samnings fyrirtækisins við Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepp, dags. 26.11.1981.
- 4(62) Yfirlýsing iðnaðarráðherra vegna samnings Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar, dags. 25.11.1981.
- 4(63) Samningur milli Jarðefnaíðnaðar hf. og tilgreindra hreppa í Rangárvallasýslu um vinnslu jarðefna á vikursvæðum Heklu, dags. 17. desember 1977. Einnig viðauki frá 23.5. 1978.
- 4(65) Sátt um landamerki Landmannaafréttar, dags. 7.8.1951, ásamt korti.

**Önnur óprentuð frumgögn:**

- 4(27) Afréttaskrá Rangárvallasýslu, bls. 7-10, bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985, um afréttarskrá sýslunnar, Lýsing oddvita Ásahrepps á mörkum Holtamannafréttar, ódags., yfirlýsing hreppsnefndar Landmannahrepps, dags. 29.3.1979, um merki, eignarrétt og notkun Landmannafréttar, bréf Oddgeirs Guðjónssonar, dags. 16.11.1979, til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um afréttaskrá sýslunnar.
- 4(53) Samkomulag um eignarhald og nýtingu Landmannafréttar, dags. 16.9.1783.
- 4(56) Rangárvallasýsla. Kafli úr svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Bls. 176-185, ásamt korti og töflum um útivistar- og ferðamannasvæði, skála og gangnamannahúsi í Rangárvallasýslu, dags. maí 1997 og 1999.
- 4(66) Símskeyti frá Stjórnarráði Íslands til um að vatnsréttindi séu ótvírætt almenningseign, dags. 3.4.1918.

**Lagt fram af Guðjóni Ægi Sigurðssyni hdl. f.h. Rangárþings ytra og Ásahrepps og eigenda jarða í Rangárþingi ytra og Ásahreppi:**

- 5 Kröfulýsing, dags. 5.5.2003.
- 5(1) Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög, dags. 13.1.1936.
- 5(2) Holtamannafréttur yfirlitskort, ekki í mælikvarða, dags. 15.1.2002.
- 5(3) a-i Holtamannafréttur hlutakort í mælikvarða 1:50 000, dags. 15.1.2002.
- 5(4) Greinargerð frá eigendum Holtamannafréttar, sveitarfélaginu Rangárþingi ytra og Ásahreppi og jarða í Rangárþingi ytra og Ásahreppi, dags. 27.6.2003.
- 5(5) Ákvörðun Fasteignarmats ríkisins um fasteignamat stöðvarhúss og tengivirkisbyggingar Vatnsfellsvirkjunar, dags. 12.12.2002. Einnig yfirlit yfir flatarmál lóðar: „Vatnsfellsvirkjun, viðskipta og þjón.lóð“, dags. 31.12.2002.

**Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. f.h. Landsvirkjunar:**

- 6 Kröfugerð Landsvirkjunar í máli um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 15.2.2002.
- 6(1) Yfirlýsing, dags. 23.4.2003, um aðild Landsvirkjunar að málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd.
- 6(2) Sameignarsamningur ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar, 1965.
- 6(3) Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11.8.1982, um virkjanamál, yfirtöku byggðalínu, o.fl.
- 6(4) Heimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, um heimild til að beita eignarnámsheimild laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, vegna virkjunar Þjorsár við Búrfell.
- 6(5) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.
- 6(6) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisósi og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.
- 6(7) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.
- 6(8) Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.
- 6(9) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til [...] 2) hækkunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.

- 6(10) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuverum.
- 6(11) Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun.
- 6(12) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuverum.
- 6(13) Afsal eignarréttinda Titans A/S til landbúnaðarráðherra, dags. 16.1.1952.
- 6(14) Dr. Þórður Eyjólfsson: Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titan, Reykjavík 1970, ljósrit, bls. 37-63.
- 6(15) Greinargerð Sigurðar Líndal um eignarrétt að miðlunarlónum, dags. 22.6.1987.
- 6(16) Bréf Landsvirkjunar, dags. 8.7.1987, til oddvita Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps.
- 6(17) Bréf Landsvirkjunar, dags. 31.1.1992, til Veiðifélags Holtamannaafrettar.
- 6(18) Bréf Landsvirkjunar, dags. 3.2.1992, til oddvita Ásahrepps.
- 6(19) Fundargerð dags. 2.6.1992 frá fundi fulltrúa Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps um fiskveiði á afréttunum.
- 6(20) Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 507/1987, dags. 10. nóvember 1987.
- 6(21) Gervitunglamynd af vatnsaflsvirkjunum og miðlunum Landsvirkjunar á Þjórsár – Tungnaársvæðinu, nr. 02-03, Lv. jan. 2002.
- 6(22) Kort af háspennulínunum Landsvirkjunar í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 02-04, Lv. jan. 2002.
- 6(23) Yfirlitsuppdráttur, Vatnsfellsvirkjun og Sigölduvirkjun á Holtamannaafretti og Landmannaafretti, Ása- og Djúpárhreppi og Holta- og Landsveit. Áritað af sveitarstjórnnum 6.7.1999.
- 6(24) Vatnsfellsvirkjun á Holtamannaafretti, Ása- og Djúpárhreppi – deiliskipulag nr. 3. Áritað af sveitarstjórnnum 6.7.1999.
- 6(25) Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína 1, deiliskipulagsuppdráttur, dags. 14. febr. 2001.
- 6(26) Þórisós (Þórisvatn) fyrir framkvæmdir árið 1956, mynd 01-21.
- 6(27) Þórisós (Þórisvatn) eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-22.
- 6(28) Hágöngumiðlun í upphafi framkvæmda árið 1997, mynd 01-25.
- 6(29) Hágöngumiðlun og Hágöngulón eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-26.
- 6(30) Loftmynd af Hrauneyjafossstöð og næsta nágrenni, mynd 02-06.
- 6(31) Loftmynd af Sigöldustöð og næsta nágrenni, mynd 02-05.
- 6(32) Hrauneyjar – Sigalda – Vatnsfell fyrir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 1959 og 1963, mynd 01-29.
- 6(33) Hrauneyjafossstöð – Sigöldustöð – Vatnsfellsstöð eftir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 2000, mynd 01-30.
- 6(34) Sultartangi fyrir framkvæmdir árið 1963, mynd 01-23.
- 6(35) Sultartangavirkjun eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-24.
- 6(36) Kvislaveita fyrir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 1956 og 1960, mynd 01-27.
- 6(37) Kvislaveita eftir framkvæmdir, yfirlitsmynd frá 2000, mynd 01-28.
- 6(38) Skaftárveita, yfirlitsmynd.
- 6(39) Bréf Þórðar Bogasonar hdl. til Kristjáns Torfasonar, formanns óbyggðanefndar, varðandi kröfugerð Landsvirkjunar.
- 6(40) Greinargerð Landsvirkjunar í máli nr. 1/2003 um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 4.7.2003.
- 6(41) Loan Agreement (Sigalda Hydroelectric Project) between International Bank for Reconstruction and Development and Landsvirkjun. Loan number 951 IC. Dags. 20.12.1973.

- 
- 6(42) Bréf Hjartar Torfasonar hrl., ódags., til International Bank for Reconstruction and Development varðandi Loan Agreement, dags. 20.12.1973.
- 6(43) Guarantee Agreement (Sigalda Hydroelectric Project) between Republic of Iceland and International Bank for Reconstruction and Development. Loan number 951 IC. Dags. 20.12.1973.
- 6(44) Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ódags., til International Bank for Reconstruction and Development varðandi Loan Agreement, dags. 20.12.1973.
- 6(45) Bréf Landsvirkjunar, dags. 18.2.1974, til Seðlabanka Íslands, varðandi gildistöku lánsammans Landsvirkjunar og ábyrgðarsammans ríkissjóðs frá 20.12.1973 um lán bankans (nr. 951 IC) vegna Sigölduvirkjunar.
- 6(46) Bréf Landsvirkjunar, ódags., til International Bank for Reconstruction and Development varðandi Loan Agreement, Loan No. 951 IC.
- 6(47) Bréf International Bank for Reconstruction and Development, dags. 24.1.1974, til Landsvirkjunar varðandi Loan Agreement, varðandi Loan No. 951 IC.
- 6(48) a-g Kort a: Hágöngulón, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-101).  
Kort b: Þórisvatn og Þórisós, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-102).  
Kort c: Kvíslaveita, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-103).  
Kort d: Búrfellsvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-104).  
Kort e: Sigölduvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-105).  
Kort f: Hrauneyjafossvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-106).  
Kort g: Vatnsfellsvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-107).
- 6(49) Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 8.2.1974, til Landsvirkjunar um eignarnámsheimild vegna virkjunar Tungnaár við Sigöldu og aðalorkuveitna í sambandi við þá virkjun. Einnig fylgir með þýðing löggilts skjalabýðanda á sama bréfi yfir á ensku.
- 6(50) Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar um að iðnaðarráðherra hefur fallist á áform Landsvirkjunar um gerð og rekstur vatnsmiðlunar við Syðri-Hágöngu, dags. 11.2.1997.
- 6(51) Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 6(52) Staðfesting, dags. 24.7.1981, á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 6(53) Gerðardómssamningur hreppsnefnda Djúpár-, Ása-, Holta-, og Landmannahrepps um skiptingu bóta. Ódags.
- 6(54) Bréf forsætisráðuneytisins til Landsvirkjunar varðandi leyfi til að reisa virkjun ásamt aðalorkuveitum við Búðarháls og annarra framkvæmda af því tilefni, dags. 13.7.2001.
- 6(55) Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar varðandi leyfi til að reisa virkjun ásamt aðalorkuveitum við Búðarháls og annarra framkvæmda af því tilefni, dags. 22.8.2001.
- 6(56) Bréf Landsvirkjunar til hreppsnefndar Ásahrepps varðandi framkvæmdarleyfi vegna Búðarhálsvirkjunar, dags. 22.8.2001.
- 6(57) Bréf oddvita Ásahrepps til Landsvirkjunar varðandi framkvæmdarleyfi vegna Búðarhálsvirkjunar, dags. 22.8.2001.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 7 (a-g) Yfirlitskort – Lýstar kröfur á Holtamannafrétti. Átta kort, sex í mælikvarða 1:50 000 og tvö í mælikvarða 1:100 000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr. 5(2) og 5(3).
- 8 Greinargerð um staðhætti og gróðurfar á Holtamannafrétti eftir Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing, 19.5.2003.
- 9(1) Fundargerð 1. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 5.5.2003.
- 9(2) Fundargerð 2. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 2.6.2003.
- 9(3) Fundargerð 3. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 27.6.2003.
- 9(4) Fundargerð 4. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 3.9.2003.
- 9(5) Fundargerð fyrri hluta aðalmeðferðar máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 5.9.2003.
- 9(6) Fundargerð síðari hluta aðalmeðferðar máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 26.11.2003.
- 9(7) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.
- 9(8) Fundargerð lokafyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 10 a-b Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).
- 11 Minnisblað frá Oddi Sigurðssyni jarðfræðingi um upptök Tungnaár, dags. 23.11.2004.

**Hliðsjónargögn****Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:**

- Ónr. Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Bls. 290-293, 302-303, 312-319, 340-347, 401-405 og 420-423.
- Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi. Bls. 301-315.
- Ónr. Rangárvallasýsla, Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Bls. 188-189.
- Ónr. Jökuldalur (Nýidalur), uppruni örnefnanna, 1991. Eftir Konráð Erlendsson. Vélsleðinn 6. árg. 4. tbl. Bls. 26-27.
- Ónr. Yfirlit yfir málflutningsræðu.

**Lagt fram til hliðsjónar af Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl.:**

- Ónr. Yfirlit yfir málflutningsræðu.
- Ónr. Málskostnaðarreikningur.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Hrd. 1975/30 Holtamannafréttur.
- Ónr. Hrd. 1981/1584 Landmannafréttardómur síðari.
- Ónr. Hrd. 1989/1022 Mörk milli afréttalanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar.
- Ónr. Skjalaskrá í máli Hrd. 1989/1022. Mörk milli afréttalanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, hins vegar.
- Ónr. Skýrslur í máli 1/2003 hjá óbyggðanefnd, 5.9.2003. 15 síður uppskrifaðar eftir hljóðupptöku.
- Ónr. Upplýsingar um afrjettir og fjallaskil í Þingeyjarsýslu árið 1959.
- Ónr. Lyfr.eldri VII/223. Bleiksmýrardalur.
- Ónr. Hrd. nr. 128/1967. Nýjabæjarfréttur.
- Ónr. Skýrslur í máli 1/2003 hjá óbyggðanefnd, (15 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

- 
- Ónr. Syðri-Háganga, Hágönguhraun og Beinagil. Gönguleiðir við Hágöngur á Holtamannafrétti. Grein eftir Svein Tyrfingsson. Goðasteinn 1998. Bls. 177-181.
- Ónr. Eftirleitir á Landmannafrétti árið 1931. Grein eftir Þorstein Danielsson. Goðasteinn 1998. Bls. 163-167
- Ónr. Nytjar af Holtamannafrétti á 20. öld. Grein eftir Ingibjörgu Sveinsdóttur. Goðasteinn 1998. Bls. 182-191.
- Ónr. Eftirleit á Holtamannafrétti haustið 1980. Grein eftir Ingólf Guðmundsson. Goðasteinn 1998. Bls. 169-176.





# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2003

Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafretti í Rangárþingi ytra



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>149</b>
<b>2. MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>149</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	149
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar . . . .	150
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	150
2.4. Afmörkun máls nr. 3/2003 .....	151
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	151
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>152</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu .....	152
3.2. Kröfur Rangárbings ytra vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd jarða í fyrrum Holta- og Landsveit og jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi .....	152
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>153</b>
4.1. Inngangur .....	154
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	154
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	155
4.4. Vettvangsferð .....	156
4.5. Skýrslutökur .....	157
<b>5. SAGA AFRÉTTAR</b> .....	<b>157</b>
5.1. Landnám .....	158
5.2. Rangárvallaafréttur .....	159
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>176</b>
6.1. Inngangur .....	176
6.2. Landnám .....	177
6.3. Landmannaafréttur .....	177
6.4. Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar .....	185
6.5. Önnur landsvæði í fyrrum Holta- og Landsveit .....	208
6.6. Um málskostnað .....	208
<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>208</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>211</b>
I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður) .....	211
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>213</b>
I. Kort	
II. Aðilaskrá	
III. Skjalaskrá	



## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Rangárþing ytra vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd jarða í fyrrum Holta- og Landsveit og jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi, nú sveitarfélaginu Rangárþingi ytra.

(Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. og Óskar Sigurðsson hdl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan

<sup>1</sup>Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður vara- maður í hans stað.

## 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrátti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almennungi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 2/2003

Í janúar 2003 var lögmonnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði sem til meðferðar er í máli nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti, nú sveitarfélaginu Rangárþingi ytra (Rangárvallasýslu), afmarkast til vesturs af sveitarfélagi- og sýslumörkum í Þjórsá og til norðurs af Holtamannaafrétti Ása- og Djúpárhreppa, en hinn síðarnefndi telst nú til Rangárþings ytra. Til austurs er Skaftártunguafréttur í þeim hluta Skaftárhrepps sem áður taldist til Skaftártunguhrepps. Til suðurs er Torfajökull, Rangárvallaafréttur, og efstu jarðir í þeim hluta Rangárþings ytra sem áður taldist til Rangárvallahrepps og Djúpárhrepps, auk Ásahrepps.

Á því svæði sem hér hefur verið lýst hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á Landmannaafrétti og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Að auki hafa verið lagðar fram kröfur af hálfu Landsvirkjunar. Þjóðlendu- og kröfukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til lands innan merkja jarðarinnar Merkihvols sem liggur næst Landmannaafrétti eða annarra jarða í fyrrum Holta- og Landsveit, nú Rangárþingi ytra. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

#### 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 2/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 5. maí 2003. Gefið var færi á athugasemdum við skipan óbyggðanefndar í málinu en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og farið yfir ýmis atriði varðandi skjöl og gagnaöflun. Jafnframt var óskað eftir því að lögmennt skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóð-

lendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl., sbr. einnig bréf óbyggðanefndar til lögmanna, dags. 29. september 2002. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort sáttflötur væri á málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 2. júní var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur frestur til að skila greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 27. júní, var lögð fram greinargerð af hálfu sveitarfélagsins Rangárþings ytra og jarða í því sveitarfélagi, ásamt fleiri gögnum. Af sérstökum ástæðum var Landsvirkjun veittur viðbótarfrestur til að skila greinargerð.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 3. september. Við það tækifæri var greinargerð Landsvirkjunar lögð fram auk þess sem farið var yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Á þessum fundi voru einnig lögð fram fleiri gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Fyrri hluti aðalmeðferðar fór fram 4. september og skiptist í forflutning, vettvangsferð og skýrslutökur. Fundað var í Hálandsmiðstöðinni Hrauneyjum. Síðari hluti aðalmeðferðar fór fram 27. nóvember og skiptist í skýrslutökur og munnlegan máflutning. Auk þess voru lögð fram gögn. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að setta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, en svo var ekki. Fundað var að Leirubakka í Landsveit. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.-4.4. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram. Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

#### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess er krafist „að óbyggðanefnd úrskurði að kröfusvæði þessa máls norðan þjóðlendulínu verði úrskurðað þjóðlenda. Þess er krafist að eftirfarandi lína skipti eignarlöndum frá þjóðlendu:

Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Holta- og Landsveit með Landmannaafrétti er punktur A, sem er þar sem Ófærugil rennur í Ytri-Rangá. Frá punkti A er dregin lína beint í Búrfell þar sem það er hæst og verður punktur B, þar sem lína dregin úr punkti A í Búrfell sker Þjórsá.“

Að öðru leyti liggur kröfulína íslenska ríkisins yfir landsvæði sem til meðferðar eru í öðrum málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 2.2., vestan Heklu og Tindafjallajökuls, vestur og suður af Eyjafjallajökli og sunnan Mýrdalsjökuls. Landmannaafreftur liggur norðan þessara landsvæða og miðað við þessa kröfugerð er hann því allur í þjóðlendu.

#### 3.2. Kröfur Rangárþings ytra vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd jarða í fyrrum Holta- og Landsveit og jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi

Í kröfulýsingu, dags. 5. maí 2003, er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur tiltekinn aðila að Landmannaafrétti og hann afmarkaður svo:

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).



„Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhendingu í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn, þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul. Frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.“

Aðilum að framangreindri kröfu er svo lýst í kröfulýsingu: „Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, áður Holta- og Landsveit, og jarðir í Holta- og Landsveit“.

Samkvæmt greinargerð, dags. 27. júní 2003, er krafa þessi er sett fram í nafni sveitarfélagsins Rangárþings ytra og jarða í Rangárþingi ytra.

Við aðalmeðferð málsins, 27. nóvember 2003, kom hins vegar fram að krafan væri gerð af hálfu Rangárþings ytra, sem nú sé komið í stað sveitarfélagsins Holta- og Landsveitar, vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd jarða í Holta- og Landsveit. Jafnframt væru gerðar kröfur fyrir hönd eigenda jarðanna Næfurholts og Hóla þótt þess hafi ekki verið getið í upphaflegri kröfugerð. Einnig kom fram í máli lögmanns sveitarfélags og landeigenda að litið væri svo á að í kröfugerð þessari fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum notum að fornu og nýju sem fram hafi komið, komi til þess að einhver hluti landsins eða það allt teljist þjóðlenda. Loks var krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3. Kröfur Landsvirkjunar

Endanleg kröfugerð Landsvirkjunar kom fram í greinargerð dagsettri og afhentri óbyggðanefnd þann 4. júlí 2003. Hafði þá kröfugerðin tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. Kröfugerðin er sameiginleg fyrir mál á svæði 3 og er svohljóðandi:

Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin bein eða óbein eignarréttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:

1. Öll vatnsréttindi í Þjórsá, Tungnaá og Köldukvísl. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunna síðar að verða reist til þess að hagnýta vatnsafl Þjórsár, þ. á m. stöðvarhús, uppistöðulón, stíflur, vatnsvegi, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegi og vegslóða og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar. Er þá átt við fasteignirnar sem slíkar auk eðlilegra lóðaréttinda þeim tengdum.
2. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi og kunna síðar að verða reist í tengslum við:
  - a) Kvíslaveitu,
  - b) Hágöngulón,
  - c) stíflur við Þórisvatn og Þórisós,
  - d) Norðlingaölduveita,
  - e) Vatnsfellsvirkjun,
  - f) Sigölduvirkjun,
  - g) Hrauneyjafossvirkjun,
  - h) Búðarhálsvirkjun,
  - i) Sultartangavirkjun, þ.e.a.s. sá hluti mannvirkja og réttinda sem er í Rangárvallasýslu,
  - j) Búrfellsvirkjun, þ.e.a.s. sá hluti mannvirkja og réttinda sem er í Rangárvallasýslu.

Mannvirki í þessum skilningi teljast byggingar, uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna

starfsemi Landsvirkjunar. Gerir Landsvirkjun kröfu til þess að auk viðurkenningar á eignarrétti fyrirtækisins á mannvirkjunum sem slíkum verði viðurkennd bein eignarréttindi fyrirtækisins á eðlilegum lóðaréttindum þeim tengdum eða ótakmarkaður afnotaréttur þegar það á við.

3. Réttindi vegna háspennulína Landsvirkjunar á svæðinu. Er þá átt við háspennumöstur og línur auk um 30 m beltis beggja vegna línustæðis, sbr. áskilnað í 404 gr. reglugerðar nr. 264/1971, um raforkuvirki. Háspennulínur þær er hér um ræðir eru:
  - a) Hrauneyjafosslína 1.
  - b) Sigöldulína 2-4, þ.m.t. Suðurlína sem liggur að Hólum í A-Skaftafellssýslu.
  - c) Vatnsfellslína 1.
  - d) Búðarháslína 1.

Þá krefst Landsvirkjun þess að óbyggðanefnd úrskurði fyrirtækinu málskostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-10 ásamt undirskjöllum eða samtals 191 skjal, auk 16 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram, heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

#### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitir heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu, sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar, þ.e. skjölum nr. 2 og 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum sem eru í vörslu sýslumannsins á Hvolsvelli. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932 og Fasteignabók 1938.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfrirettar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifuðu það efni upp sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru athuguð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Þá lagði óbyggðanefnd fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Ís-

lenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Stuðst var við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) sem almennt uppláttarrit en ekki eru lögð fram ljósrit úr bókinni.

Óbyggðanefnd lagði fram nokkur skjöl í flokki annarra óprentaðra frumgagna, sbr. áður nefnda greinargerð óbyggðanefndar og skjalaskrá.

#### 4.4. Vettvangsferð

Að morgni fimmtudagsins 4. september var haldið af stað í vettvangsferð frá Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum.

Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmannna málsaðila, voru með í för þeir Valtýr Valtýsson, oddviti Rangárþings ytra, Meiri-Tungu I, og Kristinn Guðnason, fjallkóngur, Skarði.

Ekið var sem leið lá frá Hrauneyjum austur eftir Sprengisandsleið í átt að Veiðivatnasvæðinu. Þeir Valtýr og Kristinn sáu sameiginlega um leiðsögn. Fram undan mátti sjá Vatnsfellsvirkjun og Þóristind. Ekið var út af Sprengisandsleið og inn á Veiðivatnaleið. Fram kom að Þóristindur væri mark milli Holtamanna- og Landmannaafréttar. Hann væri áberandi kennileiti á Landmannaafrétti og mætti sjá hvaðanæva að á afréttinum, ef veður leyfði. Við Þóristind var staðnæmst og skyggst um. Ekið var áfram eftir Veiðivatnaleið, yfir Fossvatnaskvísl og stuttu síðar staðnæmst við Tjaldvatn. Þar er skálasvæði Veiðivatna staðsett.

Þessi næst var haldið áfram norður með vesturströnd Litlasjávar og suður Hraunvatnasvæðið, þar til aftur var komið að Fossvatnaskvísl. Syðri vatnahringur var ekinn. Ekið var fram hjá Stóra- og Litla-Skálavatni. Suður undir Skálafelli er Ónýtavatn og enn sunnar Snjóölduvatn. Austan við Snjóölduvatn glittir í Snjóöldufjallgarð. Stöðvað var við Snjóölduvatn og fjallasýn skoðuð. Valtýr greindi frá því að gangnamenn kalli Veiðivatnasvæðið iðulega Örafen en veiðimenn kalli það gjarnan Suðurafrétt. Enn var haldið af stað, fram hjá Nýjavatni og Ónefndavatni, Breiðavatni og Litla-Breiðavatni. Valtýr lýsti staðháttum og sagði frá veiðiskap á svæðinu. Ekið var yfir Kvíslarvatn. Sjá mátti Eskivatn á hægri hönd og þar fyrir innan Langavatn. Við enda Langavatns blasti skálasvæði Veiðivatna við Tjaldvatn við. Þá var nyrðri vatnahringur ekinn. Litla-Fossvatn og Stóra-Fossvatn blöstu við á hægri hönd. Fram undan mátti sjá Litlasjó sem er eitt gjöfulasta vatnið á Veiðivatnasvæðinu. Á hægri hönd er Grænavatn. Þá mátti sjá Hamrafell rísa við endann á Litlasjó og þar rétt innan við er Svartikambur. Ekið var áfram sem leið lá með fram Litlasjó og yfir á svokallað Hraunvatnasvæði. Fram undan mátti sjá Draugatanga og fjallið Dreka sem og Drekatn. Beygt var til hægri af Hranvatnaleið inn á Jökulheimaleið. Á hægri hönd mátti sjá Vatnaskvísl og Þóristindur blasti við í fjarska.

Ekið var sem leið lá suður fyrir Tungnaá. Á leiðinni sagði Kristinn frá beit á afréttinum og annarri nýtingu. Í fjarska mátti sjá Krakatind, Hrafnabjörg og Heklu. Um Krakatind liggja mörk Landmannaafréttar við Rangárvallaafrétt. Beygt var inn á svokallaða Landmannaleið sem af heimamönnum er kölluð „leiðin suður hraunin“. Að sögn Valtýs og Kristins er hin raunverulega Landmannaleið sú leið sem almennt er nefnd Dómadalssleið. Ekið var yfir Tungnaá og staðnæmst við Sigöldu og skyggst um. Þá var ekið áfram í suðurátt og inn á Friðland að fjallabaki. Fram undan mátti sjá svonefnda Hnausa, á hægri hönd fjallið Löðmund og á vinstri hönd Tjörvafell. Ekið var áfram yfir Frostastaðarháls og fram hjá Frostastaðavatni. Kristinn greindi frá gömlum munnmælum um að við vatnið hafi staðið bær að nafni Frostastaðir. Ekið var áfram inn í Landmannalaugar.

Næst var haldið austur í átt að Kirkjufellsós sem er á mörkum Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar. Þar var staðnæmst og mörkin skoðuð nánar. Valtýr benti viðstöddum á Kirkjufell, Kirkjufellsvatn og girðingarbút sem settur var upp til að koma í veg fyrir að fé renni á milli Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar. Á sama stað mátti sjá Hábarm sem jafnframt er á mörkum afréttanna tveggja.

Þessu næst var haldið til baka sömu leið. Beygt var inn á Dómadalsleið við Tjörvafell og ekið eftir Dómadalshrauni ofan í Dómadal. Við dalbotninn mátti sjá Dómadalsvatn. Fram undan til vinstri sást Stórhöfði og til hægri Lifrafell og þar handan við Lifrafellsvatn. Fram undan mátti jafnframt sjá fjöllin Sátu, Löngusátu og Sátubarn. Ekið var fram hjá Löðmundi og Löðmundarvatni og síðan Dómsdalsleið í átt að Landmannahelli. Ekið var yfir Helliskvísl og með fram henni inn að Landmannahelli. Þar var staðnæmst og aðstæður skoðaðar.

Haldið var af stað á ný og ekið í vesturátt uns beygt var til vinstri við Sátubarn í átt að Hrafninnuskeri. Skyggni var fremur lélegt en þó mátti sjá þá fjallasýn sem næst var. Staðnæmst var við svo kölluð Dalamót en þar sameinast syðri og nyrðri kvíslar Markarfljóts. Heimamenn telja upptök syðri kvíslar Markarfljóts vera nálægt Jónsvörðu en ekki þar sem þau voru merkt inn á þann kortagrunn Landmælinga Íslands sem lýstar kröfur hafa verið færðar inn á. Þeir telja því mörk Landmannaafréttar og Rangárvallaafréttar rangt dregin sem þessu nemur.

Haldið var af stað á ný og ekið inn að Íshelli. Á leið þangað sást Jónsvarða vel. Við Íshelli var staðnæmst og hellarnir, sem raunar eru tveir, skoðaðir.

Þá var haldið sömu leið tilbaka. Ekið var yfir Markarfljót og um Vesturdali þar sem umtalsverður jarðhiti er. Á vinstri hönd mátti sjá Laufafell á Rangárvallaafrétti. Stöðvað var við svonefndan Dalakofa, þar sem Holta- og Landsveitarmenn og Rangvellingar í smalamennsku hittast til að draga sundur fêð.

Áfram var haldið og keyrt norður meðfram Sléttafelli. Staðnæmst var við Rauðuskál og skyggnst um. Fram undan mátti sjá Sauðafellsvatn sem stundum er kallað Grænavatn. Enn fremur mátti sjá Búrfell og fyrir því miðju Tröllkonuhlaup. Mörk á milli Landmannaafréttar og Rangárvallaafréttar liggja úr Tröllkonuhlaupi í Krakatind. Á sama stað sást Hekla vel þó svo að skýjahula hyldi hana efst. Haldið var af stað á ný og ekið áfram eftir vegi sem kallaður er Trölli þar til komið var inn á Fjallbaksleið eða Landmannaleið á ný og haldið áleiðis í átt að Hálendismiðstöðinni. Á leiðinni var staðnæmst örstutta stund í Áfangagili þar sem skilarétt er. Í Áfangagili eru skálar (gangnamannakofar) sem áður voru í eigu hreppsins en eru nú í einkaeign. Þeir munu hafa verið seldir með þeirri kvöð að gangnamenn mættu nýta þá og að þeir yrðu ávallt tómir á meðan á göngum stæði. Komið var aftur í Hálendismiðstöðina um kvöldið og lauk vettvangsferð þar með.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins 4. september 2003 voru teknar skýrslur af Kristni Guðnasyni, Skarði, og Valtý Valtýssyni, oddvita Rangárþings ytra, Meiri-Tungu I. Við framhald aðalmeðferðar, 27. nóvember 2003, gaf Valtýr Valtýsson einnig viðbótarskýrslu. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu gerð grein fyrir elstu ritheimildum um landnám í Landsveit og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á því landsvæði sem hér er til meðferðar.

## 5.1. Landnám

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu er þessi lýsing á landnámi á því svæði sem síðar var nefnt Land (Landsveit):

Ketill enn einhendi hét maðr, son Auðunar þunnkárs; hann nam Rangárvöllu alla ena ytri fyrir ofan Lækjarbotna ok fyrir austan Þjórsá ok bjó at Á.<sup>1</sup>

Síðar í sömu bókum Landnámu segir:

Ketill aurriði, bræðrungr Ketils einhenda, nam land et ytra með Þjórsá ok bjó á Völlum enum ytrum.<sup>2</sup>

Þriðji landnámsmaðurinn á svæðinu var Ormur auðgi:

Omr auðgi, son Úlfs hvassa, nam land með Rangá at ráði Ketils einhenda ok bjó í Húsagarði ok Áskell son hans eptir hann, en hans son reisti fyrst bæ á Völlum; frá honum eru Vallverjar komnir.<sup>3</sup>

Ekki þykir leika vafi á um landnámsmörk Ketils einhenda. Að sögn Haralds Matthíassonar var Þjórsá að norðvestan og einnig að miklu leyti að norðan en Ytri-Rangá að suðaustan. Hann taldi takmörkin að suðvestan (niðurtakmörkin) einnig ljós. Landnámið hefði náð niður að læk sem nefnist Bjallalækur og væri að mestu uppsprettuvatn undan hrauninu. Rétt þar hjá, sem lækurinn kæmi upp, stæði bærinn Lækjarbotnar sem nefndur er í landnámi Ketils. Haraldur gat sér einnig til um að niðurtakmörkin á landnámi Ketils frá Lækjarbotnum og út í Þjórsá hefðu verið um Kolbeinslæk sem rennur til norðvesturs í Árneskvísl, þ.e. þá kvísl Þjórsár sem er austan við Árnesið.<sup>4</sup>

Landnámsmörk þeirra Ketils aurriða og Orms auðga eru óljós en ekki verður annað ráðið en að þeir hafi báðir fengið land í landnámi Ketils einhenda. Vellir hinir ytri, bær Ketils aurriða, eru Minnivellir. Húsagarður, bær Orms auðga, hefur í öndverðu staðið uppi á hraunbrúninni nokkru vestar en bærinn er nú og Vellir, sem sonur Áskels Ormssonar reisti, eru að líkindum Stóruvellir.<sup>5</sup>

Eins og fram kemur í landnámslýsingu Ketils einhenda nam hann „Rangárvöllu alla ena ytri fyrir ofan Lækjarbotna“ en þannig nefndist Landið eða Landsveit á þeim tíma. Elsta dæmið um það nafn sem nú er haft um héraðið er alþingisdómur frá 1423 en þar stendur í fyrirsögn: „Skardz bref j landmannahrepp“.<sup>6</sup>

Fyrir sunnan (neðan) landnám Ketils einhenda nam Þorsteinn lunan land eins og greint er frá í Landnámabók (Sturlubók og Hauksbók):

Þorsteinn lunan hét maðr norrœnn ok farmaðr mikill; honum var þat spát, at hann mundi á því landi deyja, er þá var eigi byggt. Þorsteinn fór til Íslands í elli sinni með Þorgilsi syni sínum; þeir námu enn efra hlut Þjórsárholta ok bjöggu í Lunansholti, ok þar var Þorsteinn heygðr.<sup>7</sup>

1 *Landnámabók*. Íslensk fornrit 1. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 364. Á er talin hafa verið þar sem síðar hét Árbær á bakka Þjórsár gegnt Ölmóðsey (sama rit, s. 365, 2. nmgr.).

2 *Landnámabók* 1986, s. 364.

3 *Landnámabók* 1986, s. 364, 366.

4 Haraldur Matthíasson, 1983: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 443-444.

5 Haraldur Matthíasson 1983 (2), s. 446-448. Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 365 (3. nmr.) og 366 (1. nmgr.).

6 Þessari fyrirsögn virðist hafa verið bætt við síðar, sbr. þessa skýringu útgefanda dómsins: „Aptan á bréfinu með fornri hendi“ (*Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 310 (1. nmgr.)), sbr. Haraldur Matthíasson 1983 (2), s. 444.

7 *Landnámabók* 1986, s. 366.

Landnám þeirra feðga hefur legið að landnámi Ketils einhenda og náð yfir nyrsta hluta hins forna Holtamannahrepps en mörkin, einkum að norðan, eru annars óviss.<sup>1</sup>

## 5.2. Landmannaafréttur

Í sáttargerð frá 7. ágúst 1951 er mörkum Landmannaafréttar lýst sem hér segir:

Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind, og þaðan sjónhending í Þveröldu, og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós, og eftir honum í Kirkjufellsvatn, þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.<sup>2</sup>

Eldri lýsingar eru til um mörk afréttarins og verður gerð nánari grein fyrir þeim síðar í þessum kafla. Landmannaafréttur kemur að hluta til fyrir í dómi sem kveðinn var upp að Skarði á Landi 25. júní 1476 um afréttinn Þjórsártungur („Þiótzár Túngur“). Hann lá „fyrir Landmanna Repp. millum Túnár og Sprengi-Sands“ og þess vegna við fyrrgreind mörk sem dregin voru um Landmannaafrétt með sáttargerðinni. Dómurinn fjallaði um það hvort afrétturinn væri „eign edr almenníngur edur afriettur þeirra manna er í Landmanna Repp búa“. Niðurstaða dómsins var á þessa leið:

Dæmdum vier fyrr skrifadir Dómsmenn þeirra Eign og Afriett sem haft og halldid hafa í Holltum og á Landi sem eru og verid hafa til fra Tún á og til Sprengi-Sands og vestur í Þiótz á og allt austur í fiallgard so langt sem vötn renna til og frá Hierada á millumm ad riettri tiltölu. Og aungver menn adrer meiga í þeszumm Afriett Fugla veida. Grös lesa Rótagróft hafa dur ønøur Giædi fyrir utan þeirra leifi er fyrrskrif[ad]jir eru nema þeir hafi skilvis vitni edr brief er í fara dur sier kalla nema þeir menn er í Hreppumm bua hafi samreid vid þá er úr Holttum og af Landi fara til Fuglvei[d]jar og Grös ad tyna badum megin Þiótz ár sem ad fornu hefr verid og þeim hefr samid sýn á millum et(cetera).<sup>3</sup>

Bréf þetta er einungis varðveitt í uppskriftum frá 19. öld og eru tvær gerðir þess birtar í Íslensku fornbréfasafni. Önnur þeirra (B-gerð) er talin fölsuð en hin, sem framangreind tilvitnun er úr (A-gerð), þykir trúverðugri. Það var niðurstaða tveggja dómkvaddra sérfræðinga, sem rannsökuðu bréfið, að A-gerðin væri gömul, a.m.k. að stofni til, en í því þyrfti ekki að felast að bréfið hefði í öndverðu verið lögmætt skjal, þ.e.a.s. að dómur hefði gengið eins og þar væri lýst og verið innsiglaður af öllum tilgreindum dómsmönnum.<sup>4</sup> Dómurinn var lesinn upp á manntalsþingi að Þjóðólshaga í Holtum 4. júní 1805 ásamt vitnisburði „um þa sömu [afrétti?]" og lögfestu þeirra:

Þvi næst var upplesenn Dómur um Landmanna og Holta Afrett dateradur ad Skardi 1476 þridjudægenn næstann efter Jonsmessu, á sama Dokumente var og upplesenn Vitnesburdur um þa sömu dateradur þann 12ta Septembr 1717 hvar i og er til greind Örnefne Afrettana under Nafne Landmanna Sveitar Manø>a, hverju og aföst var Lögfesta fyrer tiedre Afrétt under Nafne Hreppstjórana i Landmanna og Holta Hreppum, hvar inne þeir fyrerbjóda Skógar Högø, Róta Gröft og Fugla Veidar sem Grasa Tekju ödrum enn Inn Byggøurum þessara Sveita utan Fyrer Tall [fyrirkall?] þó er frá tekied Skogar Gagn og Róta Gröft. Daterad Stóruvöllum D. 2ann Marii [Martii, þ.e. mars?] 1805.<sup>5</sup>

1 Hinn forni Holtamannahreppur skiptist síðar í Holtahrepp efst, þá Ásahrepp og Djúpárhrepp neðst. Hreppamörk eru þó ekki hin sömu og þá (sbr. Haraldur Matthíasson 1983 (2), s. 450-451, 453).

2 Skjal nr. 4 (26). Sáttin var gerð vegna dómsmáls um veiðirétt í Fiskivötnum (Veiðivötnum) suðvestan Vatnajökuls (H 1955 108).

3 Skjal nr. 4 (2).

4 Skjal nr. 4 (2). Niðurstaða Aðalgeirs Kristjánssonar skjalavarðar og Stefáns Karlssonar handritafræðings.

5 Skjal nr. 2 (27).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Landmannahrepp, sem lokið var við 1712,<sup>1</sup> segir um jörðina Merkihol:

Afrjett á jörðin sem aðrar í Landmannahrepp, sem af flestum búendum á Landi er haldinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamannahrepp brúkað hann til fjelags með Landmönnum og Landmenn í sama máta Holtamanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná, og vita menn ekki fyrir vist, hver afrjettur hverri sveit með rjettu frammar tilheyrir.<sup>2</sup>

Í þessari sömu heimild er vísað til óljósra sagna um byggð á afréttinum („Landmanna afrjett nú nefndum“) með þessum orðum:

Þó Húngurvaka (eftir því mig minnir) segi að Næfurholt hafi staðið í miðri sveit og Hekla þingstaður, þá veit eg ei nje heyrð hefi eyðijarða nöfn fyrir norðan Næfurholt, nema einasta Frostastaða, hvar þó ekkert um fyrir mjer hefi annað en gamalla manna mál, þá eg úngur um þann afrjett í lambasafn með öðrum reið; þar er stöðuvatn, sem kallast Frostastaðavatn með hraunhólmum. Við vatnið er sagt til vergagna sjáist, sagt er þar hafi fólk við legið til veiðiskapar. Þetta er vestarlega í Landmanna afrjett nú nefndum. Í vestur ei langt frá þessu Frostastaða vatni er dalur breiður, grasi vaxinn, kallaður Dómadalur; getið er þar hafi þingstaður verið og dómar gengnir. Þar enn vestur lengra er hæðsta hamrafjall í nefndum afrjett, er kallað Loðmundur, en eg hygg það heiti Loðmundarfell, því eg heyrði (af gömlum manni ei óskýrum), að hann heyrð hefði að Sólheima kirkja í Mýrdal ætti itak í Loðmundarfelli (máske fjallið hafi nafn tekið af Loðmundi gamla á Sólheimum). Skamt frá þessu fjalli heitir Herbjarnarfell, vestur af; en til vesturs frá Frostastaðavatni heitir Tjörfafell, Eskihlið, item austast við afrjettinn Kirkjufell, hvort eg ætla nafn hafi af skapelsi sínu. Fyrir austan hvort fjall Tungnaá (eg hygg hún heiti so), kemur úr landsuðursátt og fellur so fyrst til útnorðurs sem hálfhringur að austan og norðan fyrir þessum afrjett, þar til Þjórsá í hana fellur fyrir framan Búðarháls, falla so til samans úr því millum áðurnefnds afrjettis og Búrfells.

Suður í sveitinni er getið tveggja eyðijarða, Melakots og Grákollsstaða.<sup>3</sup>

Þegar Jarðabókin var gerð virðist sem ekki hafi lengur verið stundaðar veiðar í Frostastaðavatni, sem nefnt er hér að framan, né heldur í Veiðivötnum þar fyrir norðan. Þetta virðist stangast á við það sem fram kemur í örnefnalýsingum Árna Magnússonar frá um 1700. Þar lætur hann þess getið að „Fiskivötn“ séu rúmlega („freka“) þingmannaleið úr Skaftártungu, í norður eða lítið til útnorðurs. Síðan segir:

Í Fiskivötnum veiða þeir [Skaftártungumenn?] mest í Nóvembri (qvod fieri non deberet), er nógur silungur. Skálavatn, Tjaldavatn, Langavatns, Fossvatn eru þau sérlegustu, sem í er veitt.<sup>4</sup>

En bændur af Landi sóttu einnig til Fiskivatna,

uppmeð Þjórsá austan fram, til þess Túná kemur í hana, síðan yfir um Túná, hjá Hestabrekku, og svo upp með henni allri norðan fram í landnorður eða austur; skal vera álíka langt af Landi og úr Skaftártungu.<sup>5</sup>

1 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 303.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 281.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 278-279. Þessi lýsing er hluti lengri texta sem ritaður er á lausa örk og lá innan í jarðabók Árverjahrepps (Rangárvalla).

4 Einar Ól. Sveinsson, 1940: „Svar við aðfinnslu.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags*. S. 78.

5 Einar Ól. Sveinsson 1940, s. 78.



Í ódagsettri lýsingu Þorsteins Magnússonar, sýslumanns í Rangárvallasýslu 1743-1785, kemur fram að bændur í Skaftafellssýslu hafi að fornu farið til veiða í Fiskivötnum („Fiskevande“). Veiðarnar séu nú af lagðar en nokkrir í Rangárvallasýslu hafi hug á að taka þær upp að nýju.<sup>1</sup>

Á svipuðum tíma, þ.e. á árunum 1752-1757, fóru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson í rannsókn-arleiðangur um Ísland til að kynna sér þar landkosti, jurta- og dýralíf og búskaparhætti. Um helstu stöðuvötn á Suðurlandi segja þeir m.a.:

*Fiskivötn.* Þau liggja uppi á öræfum milli Rangárvalla- og Skaftafellssýslna, 10 mílur norður frá Heklu. Nú á dögum er sjaldan farið þangað af Suðurlandi, en fyrrum var þar veiðistöð, sem menn sóttu til bæði að sunnan og austan frá. Þar sjást enn rústir af veiðimannakofum og langir grjótgardar, sem menn hafa hlaðið til að þurrka á fiskinn.<sup>2</sup>

Síðar á öldinni, árið 1783, var gert svohljóðandi samkomulag um Landmannaafrétt:

Forlíkun sem gjörðist um Landmanna-Afriett, millum Rangvellínga og Landmannahrepps innbyggjara.

Anno 1783, þann 16<sup>da</sup> Septembr., að Vikingslæk á Rángárvöllum, samankomu undirskrifaðir málspartar, so sem fullmektugir hreppanna innbyggjara, Lands og Rángárvalla, samt Holttamanna, að því leiti, sem þeirra hrepp snertir, til að niðurtala friðsamlega þann ágreining og misklið, sem allareidu er risinn milli nefndra hreppa, út af svokölluðum Landmanna afriett, samt til að semia og setja vissan og staðfastan contract og giörning þarum, hvörjum greindur afriettur tilheyra skuli framvegis, svoleiðis, sem fylgir:

1. Fráfalli Rángvellíngar aldeilis öllu eignarréttstilkalli, til Landmanna-afréttar, samt allri beit og brúkun á honum upphieðan, innan þeirra takmarka, sem Lögfesta Landmanna fyrir honum af 28 Mai næstliðins tilgreinir; so sami afriettur skal hieðan í frá heita og vera staðföst og örjúfanleg eign og eigindómur Landmanna hrepps; þó skulu þessir bæir á Rángárvöllum, Næfurholt, Haukadalur og Selsund, samt Svínhagi hafa þar friðheit fyrir sín eigin Lömb, án þess að þiggja þartil árlegt Leyfi af Landmönnum, sem allir aðrir á Rángárvöllum skulu verða að hafa, þá þeir þykjast þess við þurfa, og það með þeim skilmála, að þeir giöri þá öll tilbærileg fiallskil.

2. Þará móti frá falla Land og Holta hreppsmenn allareidu byrjuðum Lögsóknum, í móti Rangvellíngum, samt öllu tiltali, sektum og fiebótum, sem þeir meina sier tilheyra af þeim, fyrir óheimila brukun á Landmanna afriett hingaðtil, þó so að Rangvellíngar upprietti þeim vel og anægjanlega, so vel óþarfa málsýfing, sem alla þá fyrirhöfn og mæðu, sem þeim er allareidu orðsökuð, í stefnuför og process undirbúningi, í þessu afriettar máli, eptir góðu samkomulagi, hvar uppá öll óeining, hreppanna í millum, risandi af Landmanna afriett, skal þá vera aldeilis upphafinn.

Þessum ofan og framanskriðuðum contract til kraptar, eru okkar undir skrifuð nöfn og hiá þrykt signet, sama stað, ár og dag, sem fyr greinir.

Magnús Ingvarsson

eptir hafandi fullmagt Landmanna

1 Skjal nr. 4 (43).

2 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. 2. b. Reykjavík 1943. S. 186.

Ofan nefndt millilag fyrir fyrirhöfn og mæðu í þessari sök, hefir Magnús Ingvarsson meðtekið, sem er 1<sup>e</sup> [hundrað] á Landvísu, og er þar með fyrir Landmanna hrepp ánægður, en Mr. Þorgeir Hannesson vill ekkert hafa.

Magnús Ingvarsson	Þorgeir Hannesson
Jon Philippusson	Jon Þorgilsson
Þorsteinn Jónsson	Jón Jónsson

Upplesið f(yrir) manntalsþingsrétti að Skarði á Landi, þann 8 Juni 1789.

Testr. Th. Nocolaisson meh.<sup>1</sup>

Þetta samkomulag virðist ekki hafa verið haldið að öllu leyti því að árið 1829 sáu hreppstjórar í Land- og Holtasveit ástæðu til að leggja bann við því að „óviðkomandi“ hagnýttu sér Þjósártungur:

Við undirskrifaðir hreppstjórar á Land- og Holtasveit finnum okkur orsakaða, eigin sveitar okkar innbyggjara vegna, að kvarta yfir þeim ágangi og órétti, sem við af óviðkomandi Rangárvalla-sýslu innbúum líða hljótum, af rótagrefti, skógarrifriildi og kolabrennum, á því okkar sveitum tilheyrandi afréttar plátsi, Þjósártungum, eftir gildandi dómi gengnum að Ytri Völlum árið 1476, til þessa dags, óátöldum; því fyrirbjóðum við hér með hverjum sem einum óviðkomandi manni, að hagnýta sér, uppá nokkurn sem helzt máta þetta okkar afréttar pláts, Þjósártungur, eða hvar annarsstaðar sem okkar sveitafréttur yfir nær, alla yrkingu og brúkun, allt undir aflamissi og lagasekta ákæru, í krafti af áður og nýverið útgengnum kóningsins og yfirvaldanna lagaboðum. Þetta okkar sameiginlegt forboð biðjum við okkar yfirvald, herra Krigscancelli sekretera Sýslumann Bonnesen að styrkja með sínu samþykki samt að þinglýsa því á Rangárvallasýslu næstkomandi manntalsþingum í ár.

Land og Holta-sveit 16. maí 1829

G. Thorsteinsson	J. Runólfsson	I. Jónsson
------------------	---------------	------------

Framanskrifað forboð, samþykkist hér með af mér, hafa Rangárvalla-sýslu innbúar svo eftir hér fyrir sögðu að breyta og ógjört láta.

Rangárvallasýslu Contori 21. Maí 1829

Bonnesen.

Upplesið fyrir manntalsréttinum í Rangárvallasýslu árið 1829 að undanteknum Skarðs og Þjóðólfs-haga-Þingstöðum,

vitnar

Bonnesen<sup>2</sup>

1 Skjal nr. 4 (49).

2 Skjal nr. 4 (44).

Þessi ágreiningur um nýtingu Þjórsártungna hefur líklega einnig átt sinn þátt í því að bændur í Holta- og Landsveit sáu ástæðu til að lögfesta afréttinn árið 1856:

Samkvæmt dómi þeim, er dæmdur var af sex mönnum á Ytrivöllum á Landi um Þjórsártungur árið 1476, þriðjudaginn næstan eptir Jóns messu baptistæ lögfestum við undirskrifaðir í nafni og umboði allra búenda í Holtasveit og Landsveit undir báðar þessar sveitir afrjett þann, er fyrrum nefndist Þjórsártungur, en nú á dögum er nefnt Holtamannaafrettur og Þóristungur með þessum takmörkum: Frá Tungnaá að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá hjeraða á milli, og fyrirbjóðum vjer öllum öðrum enn þeim, sem í Holtum og á Landi búa og þeim á Rangárvöllum, sem að fornum samningi hafa haft með oss upprekstur á afrjett okkar - upprekstur fjár, nauta eður hrossa á þenna afrjett, fuglaveiði og fjaðratekju, grasa-tekju og rótargróft, silungsveiði og öll önnur gjæði eða nytjar, sem hafa má af afrjetti þessum. Við fyrirbjóðum og bönnum öllum óviðkomandi silungsveiðina eins og önnur gjæði afrjettarins, af því að veiðivötn þau, í hverjum silungur er veiddur nú á dögum eru innan áðurnefndra takmarka.

Holta- og Landmannahrepp 27. desember 1856

G. Bjarnason      B. Jónsson M. Jónsson<sup>1</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp í maí og júní næsta ár á eftirtöldum stöðum: Kirkjulæk, Stórolfshvoli, Reyðarvatni, Fíflholti, Krossi og Steinhelli og lagt fram á lögregluþingi að Stórolfshvoli 21. ágúst 1858.

Í lögfestunni er silungsveiði nefnd meðal nytja á afréttinum en hún virðist fram að þeim tíma lítið hafa verið stunduð ef marka má sóknarlýsingu séra Jóns Torfasonar, prests í landþingum, árið 1841.<sup>2</sup> Árið 1858 sáu hreppstjórar Holta- og Landmannahrepps þó ástæðu til að bera fram kærú á hendur þremur „utanhéraðsmönnum“. Í kærúnni, sem send var sýslumanni Rangárvallasýslu, segir m.a.:

Það þeir Runólfur Nikulásson á Bergvaði, hreppstjóri í Hvolhrepp, og Árni Árnason í Garðsauka og Jón Steinsson á Kotvelli gjörðu í fyrra sumar á slætti, ferð að heiman frá sér, með áburðarhesta, byssur, bát og veiðarfæri norður á Holta- og Landmanna-afrétt, eptir því sem síðar kom fram, bæði til álfta- og silungsveiða og fluttu þaðan heim aftur talsverða veiði, bæði af silungi og álftum, en höfðu til þessarar veiðar í annarra manna landi og lóð engrar heimildar leitað eða leyfis en hafa þó ekki viljað bæta fyrir að neinu, þá erum vér undirskrifaðir hreppstjórar í tédum sveitum knúðir til að átélja þessar tiltektir þeirra, Runólfs hreppstjóra, er vel megu hafa óbærilegar afleiðingar fyrir sveitarbúa og vafalausan rétt þeirra til afréttarins og allra gæða af honum, ef fleiri utanhéraðsmenn léki þetta eftir, þegar fram liði stundir, sem við má búast, ef nú væri látið óátalað.<sup>3</sup>

Í lögregluþingi Rangárvallasýslu, sem haldið var 14. ágúst 1858, lagði Runólfur Nikulásson fram varnarskjal þar sem hann krafðist þess að öllum yrði dæmt jafnheimilt að veiða við Fiskivötn. Ekki bar vitnum saman um hvort Landmenn einir hefðu farið til fiskiveiða á afréttinum eða aðrir gert það einnig. Böðvar Tómasson, hreppstjóri í Rangárvallahreppi,<sup>4</sup> sagði t.a.m.:

1 Skjal nr. 4 (3).

2 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. Reykjavík 1968. S. 170.

3 Skjal nr. 4 (4).

4 Sbr. Valgeir Sigurðsson, 1982: *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi*. Fyrra bindi. Hellu. S. 353.

Til fiskiveiða veit ég ekki til að héðan úr sýslu, að fráteknum Landmönnum, hafi farið aðrir en Merki-Hvolsbræður. En úr Skaftártungum er víst að menn hafa farið og það margir saman, en til rótna hafa héðan úr sýslu farið menn úr öllum hreppum að undanteknum Eyfellingum, ekki hefi ég heyrt þetta átalíð og ekki heyrt lögfestu þeirra Holta- og Landmanna getið fyrir en í dag.<sup>1</sup>

Meðal þeirra vitna sem hreppstjórar Holta- og Landmannahrepps létu kalla fram var Guðmundur Þorsteinsson í Hlíð í Eystrihreppi (Gnúpverjahreppi) í Árnessýslu. Hann hafði verið „flæktur við“ hreppstjórni í Landmannahreppi 30 árum fyrir og lagði þetta til málanna:

Að landspláss það, sem málefni þetta ris af, sé ekki eða hafi ekki í fornöld verið auðnir heldur numið land, er fullkomlega víst og verður sannað með þeirri dóms afskrift sem hér og hvar flækist manna í milli af þeim 6 manna dómi gengnum að Skarði á Landi þriðjudaginn næstan eftir Jónsmessu-og-baptistæ og er að ráða af orðatiltæki í dóms skjalinu, að einhverjir annarra sveita menn hafi viljað ná tilkalli eða einhverji notkun afréttar þessa því að öðru leyti virðist sem engin orsök hefði verið fyrir Land- og Holtamenn að tryggja réttindi sín með dómsuppsögninni. Ekki hefi ég heyrt hvert fyrir á tímum, eða fyrir minni feðra okkar, hafa verið nokkur ágreiningur um eignarrétt Land- og Holta-sveitarmanna fyrir afrétti þessum, en það hefi ég að nokkru leyti heyrt, og líka gefur það að skilja, að þegar bjargarskorturinn kom eftir fjárkláðann fyrri og eldana og harða veturinn Stúf hafi þessi yrking af óviðkomandi sveitarmönnum, í sannarlegri neyð byrjuð verið, og ekki þá strax uppátalin. Þá ég var í Landmannahrepp minnir mig það væri helst Rangárvalla-, Hvolhrepps- og Landeyjar-menn og má ske úr Fljótshlíð sem ég man ekki glöggst sem sóttu rót, grös, fuglaveiðar og önnur gæði í þenna afrétt án leyfis þeirra réttu eignar manna, svo þetta var orsök til þess að þáverandi hreppstjórar í Holta og Landhreppum lögfestu nefndan afrétt, sem nefndra sveita óuppátalda eign, og byggðu hana á dómnum. Ekki man ég víst Datum þessarar lögfestu en það var þó rétt fyrir eða um aldamótin, og ég man að faðir minn hafði afskrift þessa, en ekki fann ég hana eftir hann; mig minnir að yrking þeirra óviðkomandi hreppamanna minnkaði nokkuð við nefnda lögfestu eða forboð, um stund, en þegar hörðu árin komu aftur, eftir Langajökul og stríðstiðina, fóru yrking þeirra óviðkomandi manna með viðarrifildi, hvola-brennum, rótagróft og fleiri nytjum svo fram, að til eyðileggingar horfði, og að ekki mátti heita að eigendur gæti þangað flúið í nauðsyn sinni og gekk þetta átölulaust þar til árið 1829 að við þáverandi hreppstjórar í Land- og Holta-hreppum lögðum nýtt forboð á alla óviðkomandi mannayrkingu og brúkun, undir afla missir og lagaákærum, var það samþykkt af viðkomandi sýslumanni, en við hreppstjórar og hreppsmenn okkar gengum nokkuð ríkt eftir því svo sú yrking lagðist niður meðan ég var í Landmannahrepp.

Ég man nú ekki meira, þessu máli ykkar til upplýsingar í þessum hasti, en í ungdæmi mínu man ég ekki annað, en þessi afréttur væri almennt álitinn átölulaus eign Land- og Holtamanna, sem að fornu utan af þeim mönnum sem yrktu hann.<sup>2</sup>

Fleiri báru vitni í þessu máli, meðal þeirra Gísli Brynjúlfsson í Flagvelt, sem sagði um Þjórsártungur að „þettað pláts [væri] Land og Holtamanna sauðabeit“.<sup>3</sup>

Í „innleggi“ til lögregluréttarins ítrekuðu hreppstjórar í Holta- og Landmannahreppi þá fullyrðingu að frá ómunatíð hefðu þessir hreppar einir haft afréttinn „til fullra umráða, afnota og brúknar“, að fráteknum fjórum bæjum í Rangárvallahreppi sem hefðu að fornu og nýju átt þar fjárupprekstur. Þessu til staðfestingar vitna þeir í dóminn frá 1476 og segja síðan:

1 Skjal nr 4 (5).

2 Skjal nr. 4 (52).

3 Skjal nr. 4 (7).

Þótt frumritið hafi eigi innsigli eða aðra þá staðfestingu, er gjöri það öldungis óbyggjandi réttarskjal skoðað einungis útaf fyrir sig, þá ber rithönd þess með sér að dómur þessi er bæði forn og ófalsaður; má og ráða það bæði af rithöndinni og af nöfnum dómendanna, er þar eru greindir, samanbornum við árbækur og annála landsins, að hann er frá þeim tíma er hann sjálfur segir og í alla staði áreiðanlegur; er einnig fyllilega sannast og staðfestist af óslitnu og óátöldu hefðarhaldi og átölulausri brúkun fyrrnefndra sveita á afréttinum er dómurinn ræðir um. Loksins sannar hreppstjóra skjalið frá 16. maí 1829 og lögfestan frá 27. des. 1856 eignarrétt Holta og Landsveita einna á afrétti þessum, þar sem þessi skjöl bera það með sér, að enginn hefur dirfst að hafa neitt í móti þeim þegar þau voru þinglesin á öllum þingstöðum annarsstaðar í sýslunni.<sup>1</sup>

Í dómi sýslumanns 21. september 1858 voru stefnendur (þ.e. Holta- og Landmenn) ekki taldir hafa sannað að afrétturinn væri þeirra. Þeir hefðu að vísu lagt fram „eftirrits eftirrit af skjali nokkru er nefnir sig „Dóm um Holta- og Landmanna-afrétt“ en eftirrit þetta vantar bæði undirskriftir allar, svo og alla sönnun fyrir því að það sé samhljóða nokkru frumriti (original)“. Skriflegir vitnisburðir stefnenda voru ekki heldur taldir hafa annað gildi en „að bera vitni í sjálfs síns sök“ og voru hinir stefndu því dæmdir sýknir í þessari sök.<sup>2</sup>

Málinu var áfrýjað til Landsyfírréttar en þar var niðurstaðan sú að enginn dómur yrði felldur án þess að áreið færi fram eða „afstöðumálverk“ gert sem sýndi takmörk afréttarlandsins og var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.<sup>3</sup> Ekki er að sjá að málið hafi verið tekið fyrir að nýju.

Í 39. gr. tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, er sérstakt ákvæði um afréttarmál og fjallskil. Þar er mælt fyrir um að sýslunefndir semji reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og refaveiðar og hafi umsjón með prentun markaskráa. Þremur árum síðar, í desember 1875, ritaði sýslumaður hreppsnefnd Landmannahrepps bréf með fyrirspurn um fjallskilaskýrslur og fleiri málefni. Í svari hreppsnefndar vikur hún að „upprekstrar óreglu, sem yfir hefur kvartað verið“ og leggur fram tillögur í 17 liðum um breytingar á afréttarleit og fjallskilum. Í 15. grein er fjallað um fé og hross sem ekki hafi gengið út að þremur vikum liðnum frá þeim tíma að því var komið í vöktun og lýst og skyldi það selt á uppboði. Síðan segir:

En það, sem enginn leiðir sig að eða getur helgað sér að endingu, um það hefur svo samist milli hreppsnefndanna í Holtamanna- og Landmannahrepp, að Holtamannahreppsjóður hreppi <sup>2</sup>/<sub>3</sub> af því, sem svo er á sig komið og hefur til fallið í Landmannahreppi, en Landmannahreppssjóður <sup>1</sup>/<sub>3</sub>; eins og Holtamannahreppsnefnd hefur undirgengist, að einn þriðji partur skuli til falla Landmannahreppssjóði af öllu því, sem svo hefur til fallið í Holtamannahrepp og hverri annarri inntekt, sem til fjallaskila lýtur, og virðist sanngirni hér með mæla, þar Holtamannahreppur svarar <sup>2</sup>/<sub>3</sub> af öllum eitrunarkostnaði mfl.<sup>4</sup>

Samstarf Landsveitarmanna og Holtamanna var einnig áréttað á sameiginlegum fundi að Árbæ í Holtum í nóvember 1879:

1. Kom þeim ásamt um að allir Landsveitarmenn rækju á Landmanna afrjett og Marteinstungu Haga og Kálfsholtssókn og svo upprekstur allur sem gjörður verður af Landsveit og þeim parti Holtahrepps sem á þann afrjett rekur, og skal fje þetta rekast í Hrauneyarkatla af 3ur mönnum úr hvorri sveit. Enn hinn partur Holtahrepps sem er Odda, Árbæjar, Ás og Háfssóknir reki á Holtamannaafjett og gjöri upprekstur uppá sín bita á Holtamannaafjett.

1 Skjal nr. 4 (6).

2 Skjal nr. 4 (8).

3 Skjal nr. 4 (48).

4 Skjal nr. 4 (47).

2. Þóristungur verða einsog að undanfögnu irktar og safnaðar þannig, að Landmenn og sá partur Holtahrepps sem á Landmannaafrijet rekur safni þær að  $\frac{2}{3}$  enn sá partur Holtahrepps er á Holtamannaafrijet rekur  $\frac{1}{3}$ .
3. Einnig var samþikt að bygðar væru sumar rjettir nálægt Tjörfastöðum til innreksturs á fje því er til afrijetar rekið verður af báðum hreppunum laugardaginn í 13 viku sumars, og að þær irðu svo að haustinu brúkaðar fyrir bigdarsafnsrijet.

Í samheingi við 2 grein skulu eptirleitir gjörast þannig að hvör partur annist um eptirleitir á þeim afrijeti.<sup>1</sup>

Í júní 1884 barst oddvita sýslunefndar Rangárvallasýslu bréf frá amtmanni þar sem skýrt var frá því að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu hefði fyrir hönd sýslunefndarinnar beiðst að fá styrk af opinberu fé til að rannsaka „hin ókunnu fjalllendi, sem liggja fyrir norðan afrijeti Skaptártungu og Síðu manna“. Fram kom í bréfinu að amtsráðið hefði fallist á að veita allt að 500 króna styrk „til þess að rannsökuð yrðu hin ókunnu fjalllendi með fram Vatnajökli og Skaptárjökli“, og var oddvitinn inntur eftir því hvort sýslunefnd Rangárvallasýslu vildi að sinu leyti leggja fram fé úr sýslusjóði til rannsóknarinnar. Málið var rætt á fundi sýslunefndar 25. júní, og varð niðurstaðan sú að ekki þætti gerlegt að leggja gjöld á sýslubúa til rannsóknarinnar af því að „sýslunefndin ekki geti eignað þessari sýslu fjalllendi þau, sem liggja fyrir innan og austan Fiskivötn, eða sýslan yfirhöfuð haft nein veruleg afnota af þeim“. Í svari sýslunefndar segir enn fremur

að næst liggja að skoða þetta fjallendis svæði, sem ráðgjört er að rannsaka, sem öræfi eða almenninga, sem ekkert víst sýslufjelag geti eignað sjer, og sem því liggja næst að rannsakað sje eingöngu á almenninga kostnað, ef rannsóknar þykir þurfa, sem fundurinn fyrir sitt leyti, frá þessu sjónarmiði álitur æskilegt.<sup>2</sup>

Nú verður vikið nánar að landamerkjum afrijetarinnar. Árið 1841 gerði séra Jón Torfason, prestur í Landþingum, grein fyrir takmörkum Landmannaafrijetar og Holtamannaafrijetar og nýtingu þeirra. Um Landmannaafrijet sagði hann þetta:

Afrijetarlönd tilheyra sveitinni, kallast Landmannaafrijetur, í félagsskap við Holtasveit. Takmörk hans eru að sunnan og útsunnan Hekla, fjallaklasar, öldur og dyngjur þær, sem liggja norður af henni; að landsunnan og austan Hrafninnuhraun og Torfajökull, samt Jökul- eða Námskvísl kölluð, hver að rennur norður í Tungná. Ræður hún svo og rennur allt vestur í Þjórsá, rúmum hálfum áfanga fyrir ofan byggð.

Í miðjum afrijetinum liggur hátt og eggjamikið fjall, sem Löðmundur kallast, með graslendi nokkru að framan. Rétt undir rótum nefnds fjalls að framanverðu liggur annað minna, kallað Hellirsfjall, sem tekur nafn af hellisgjögri nokkru (Landmannahellir). Þar hafa Land- og Holtamenn tjaldstað sinn í fjallgöngum á haustum í 3 nætur. ...

Í austur frá Landmannahellir liggja gagnvart hvurt öðru fjöll nokkur kölluð Lifrarfjöll og dalurinn kallaður Dómadalur. Af hverju hann hefur nafn sitt, vita menn ógjörla. Austar er Syðri- og Nyrðri-Námur og Tjörvafell svokallað. Í milli þessara síðast nefndu liggur stórt stöðuvatn, kallað Frostastaðavatn, og eru munnmæli þar hafi í fornöld verið silungsveiði. Mætti til geta, að veiðin hafi lagst af

1 Skjal nr. 4 (46).

2 Skjal nr. 4 (45).

vegna eldbrunahrauns, sem runnið hefur úr Námmum ofan í vatnið í einhverjum eldganginum á 14<sup>du</sup>, ekki seinna en á 15<sup>du</sup> öldinni.<sup>1</sup>

Nákvæm og þinglýst lýsing á mörkum Landmannaafreftar er ekki til eldri en frá 1886:

Fyrst er Ófærugil, þaðan beint í Krakatind, þaðan beint í Fljótið syðst í Reykjadalum, síðan ræður Fljótið inn að Torfajökli; síðan ræður Torfajökull inn að upptökunum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn í Þórisvatni; þaðan beint í Þóristind, þaðan beint í botninn á Blautukvísl, síðan ræður hún merkjum í Tungnaá, síðan Tungnaá í Þjórsá, síðan ræður Þjórsá fram að syðri endanum á Búrfelli, síðan þaðan beint í Ófærugil.

Framanskriðuð mörk samþykkjum vér undirskrifaðir.

Landmannahreppi 22. okt. 1886

Fyrir hönd Landmannahrepps:

Eyjólfur Guðmundsson                      Kristófer Jónsson                      Þorsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd Holtamannahrepps:

Jón Þórðarson                      Runólfur Halldórsson                      Ól. Ólafsson                      Þ. Guðmundsson

Fyrir hönd Rangárvallahrepps:

Steinn Guðmundsson                      Gísli Felixson                      Páll Jónsson<sup>2</sup>

Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga 17. maí 1890.

Mörkin milli afreftarlanda Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu reyndust ekki ágreiningslaus. Á fundi sínum 7.-8. maí 1889 hafnaði sýslunefnd Rangárvallasýslu eftirfarandi markalýsingu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu:

Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námakvíslarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.<sup>3</sup>

Þessi lýsing sýslunefndarinnar er í samræmi við lýsingu á afreftarmörkum Skaftártunguhrepps frá 12. desember 1889:

Að austan ræður Skaptá suður á móts við Hányugil; úr Skaptá vestur í Hányugil; þaðan beina stefnu vestur í Fljótbotn; þaðan beina stefnu vestur í Tjaldgilsháls við Hólmsá; þá ræður Hólmsá að upptökum sínum við heitu laug; þaðan beina stefnu norður í mynnið á Námskvísl; þarsem hún fellur í Tungnaá; þaðan beina stefnu fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.<sup>4</sup>

1 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 168-170. Sbr. einnig lýsingu séra Jóhanns Björnssonar á Keldnasókn, um 1840 (sama rit, s. 145).

2 Skjal nr. 2 (3).

3 Skjal nr. 4 (50).

4 Skjal nr. 4 (53).

Undir bréfið rita forsvarsmenn hreppsins auk þess sem umboðsmaður Kleifahrepps tekur fram að hann geri ekki athugasemd við lýsinguna.

Í stað þessara merkjalýsinga Vestur-Skaftfellinga lagði sýslunefnd Rangárvallasýslu til þessi mörk:

Úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni. En vilji sýslunefndin í Vestur-Skaftafellssýslu ekki aðhyllast þau mörk, stingur fundurinn upp á, að málefnið sé lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja sýslufélaganna.<sup>1</sup>

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu vildi ekki samþykkja þessa tillögu og eigi heldur leggja ágreininginn í gerðardóm en árið 1989 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms um hluta af mörkum Landmannaafréttar að austan og afréttar Skaftártunguhrepps að vestan með þessum orðum:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Lína þessi er mörkuð á korti í héraðsdómi.<sup>2</sup>

Árið 1892 var Holtamannahreppi skipt í tvö hreppsfélög, Holtahrepp og Ásahrepp.<sup>3</sup> Í framhaldi af því héldu hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps með sér fund að Skammbeinsstöðum 29. nóvember um málefni afréttarins og var niðurstaðan sú að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt en Ásahreppur á Holtamannaafrétt. Samþykkt var að Landmannahreppur fengi árlega andvirði alls þess óskilafjár sem kæmi fyrir í Landrétt, að undanskildum norðanlömbum en andvirði þeirra skyldi falla til Ásahreppi. Andvirði þess óskilafjár, sem kæmi fyrir í Kambsrétt skyldi skiptast milli Ásahrepps og Holtahrepps. Einnig var samþykkt að hreppsnefndin í Landmannahreppi annaðist árlega um refaveiðar á Landmannaafrétti gegn 50 kr. borgun árlega úr Holtahreppi. Þetta samkomulag hreppanna var síðan staðfest á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 12.-14. apríl 1893.<sup>4</sup>

Svo virðist sem nokkurt samstarf hafi verið milli Landmannahrepps og Holtahrepps um rekstur og nýtingu afréttarins og má nefna sem dæmi að vorið 1906 höfðu tvö sæluhús verið byggð á afréttinum. Annað þeirra, í Áfangagili, byggðu Landmenn einir en Holtamenn komu upp sæluhúsi í Laugunum.<sup>5</sup>

Upp úr aldamótunum 1900 fóru einstaklingar og félög að falast eftir fossum á hálendi landsins til að nýta þá til raforkuframleiðslu. Á næstu árum var sérstökum umboðsmönnum falið að selja eða leigja þá fossa í Þjórsá og Tungnaá sem hreppsfélög í Rangárvallasýslu og eigendur tiltekinna jarða töldu sig eiga tilkall til. Vatnsréttindi þessi voru að lokum framseld hlutafélaginu Titan eins og nánar er rakið í kafla 6.4.3.

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

Fossnefndin hefir skýrt Stjórnun frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeata, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð

1 Skjal nr. 4 (50).

2 H 1989 1022.

3 *Sunnlenskar byggðir*. 5. b. *Rangárþing vestan Eystri-Rangár*. Búnaðarsamband Suðurlands 1987. S. 203.

4 Skjal nr. 4 (51).

5 Skjal nr. 4 (28).



tjád til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarheit og geldfjárhöfn.<sup>1</sup>

Eins og áður hefur komið fram gerðu hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps með sér samkomulag í nóvember 1892 um að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt en Ásahreppur á Holtamannaafrétt. Slikar samþykktir eða reglur um nýtingu afréttanna höfðu áður verið gerðar milli þessara hreppa, og giltu þær um mislangan tíma hverju sinni. Hreppsnefnd Holtahrepps taldi sig vanhaldna af þessu samkomulagi og vildi fá því breytt. Samkvæmt skýrslu sem Eyjólfur Guðmundsson, bóndi í Hvammi á Landi, tók saman átti hreppsnefnd Holtahrepps frumkvæði að því að boða hreppana til fundar að Marteinstungu 8. maí 1911 „til að ræða um fundarsamþykktina frá 1892 um fyrirkomulag á upprekstri til afrétta og notkun afrétta hlutaðeigandi hreppa framvegis“.<sup>2</sup> Að sögn Eyjólfss létu ýmsir fundarmenn, einkum úr Ásahreppi, í ljós þá skoðun að Holtamenn „ættu“ Landmannaafrétt með Landmönnum en Ásahreppur Holtamannaafrétt. Hreppsnefnd Landmannahrepps hefði mótmælt þessari afstöðu og talið Landmannaafrétt eftir sem áður eign Landmannahrepps. Um það var síðan deilt hvort Holtamenn hefðu á fundinum sagt upp áður nefndum samningi frá Skammbeinsstöðum 29. nóvember 1892.<sup>3</sup> Nokkru áður en fundurinn að Marteinstungu var haldinn, 27. mars 1911, undirrituðu oddvitar Rangárvallahrepps og Landmannahrepps samning þess efnis að jarðirnar Selsund, Haukadalur og Svínhagi í Rangárvallahreppi gætu ekki lengur átt upprekstur á Landmannaafrétt en ábúendum Næfurholts væri eftir sem áður skylt að reka á afréttinn og gegna þar fjallskilum.<sup>4</sup>

Ágreiningur um nýtingu Landmannaafréttar færðist í aukana eftir að eldgos hófst í Lambaskarði og Krókagiljum vorið 1913. Tveir menn voru sendir í rannsóknarleiðangur til að kanna áhrif náttúruhamfaranna og kom þá í ljós að Landmannaafréttur hafði spillst mjög af hraunflóði, vikri og öskufalli. Var það samdóma álit þeirra að ekki mætti að sinni reka meira fé í afréttinn en helming þess fjár er undanfarið hefði þangað farið. Fundur var haldinn um málið í þinghúsi Landmannahrepps að Skarði 30. júní 1913 og þótti tvennt koma til greina í þessum vanda. Annaðhvort að Landmenn rýmdu fyrir Holtamönnum og reyndu sjálfir að leita til annarra hreppaafréttar eða að bann yrði lagt á upprekstur Holtamanna í afréttinn. Samþykkt var áskorun til hreppsnefndarinnar um að gefa út slíkt bann og fylgja því eftir við hreppsnefnd Holtahrepps.<sup>5</sup> Í bréfi sem hreppsnefnd Landmannahrepps ritaði hreppsnefnd Holtahrepps sama dag segir m.a.:

Hreppsnefndin í Landmannahreppi getur ekki fundið, að það væri réttlátt, að hreppsbúar Landmannahrepps, eigendur afréttarinnar, væru neyddir til að rýma burt af sínum eigin afrétti fyrir utanhreppsmönnum. Hins vegar vill hreppsnefnd Landmannahrepps sýna þá tilhliðrun að leyfa eftirtöldum bæjum upprekstur á Landmannaafrétt: 1. Skammbeinsstaðir, 2. Guttormshagi, 3. Ketilsstaðir, 4. Hagi, 5. Kaldárholt, 6. Saurbær, 7. Stúfholt, 8. Akbraut, 9. Lækur. ...<sup>6</sup> Teljum við líklegt, að það, sem þá kynni að vanta á, að Holtahreppur hefði nægilegt upprekstrarland, kæmist vel fyrir á Holtamannaafrétti, sem Holtamenn með réttu telja sig eiga.<sup>7</sup>

1 Skjal nr. 4 (66).

2 Skýrsluna undirritaði Eyjólfur Guðmundsson 6. júlí 1913 (skjal nr. 4 (31)).

3 Sbr. skjal nr. 4 (38).

4 Skjal nr. 2 (10). Jarðir þessar höfðu átt upprekstur á Landmannaafrétt a.m.k. frá því að fyrnefnt samkomulag um afréttinn var gert 1783.

5 Skjal nr. 4 (29).

6 Hér næst stendur en yfirstríkað: „Enn fremur vill hreppsnefnd Landmannahrepps veita þá tilslökun að leyfa hreppsbúum Holtahrepps upprekstur á þann part afréttarinnar, sem liggur fyrir innan Tungnaá, á svonefnd Örafí, sem árlega hafa verið söfnuð héðan.“

7 Skjal nr. 4 (30).

Banni þessu var síðan fylgt eftir um haustið enda munu nokkrir bændur í Holtahreppi hafa rekið á Landmannaafrétt eins og áður.<sup>1</sup> Oddviti Holtahrepps svaraði þessu bréfi 12. janúar 1914, mótmælti banninu og sagði skemmdir á afréttinum hafa ráðið því að ekki hefðu fleiri bændur í hreppnum rekið fé á afrétt á liðnu sumri.<sup>2</sup>

Um þetta leyti höfðaði Holtahreppur mál gegn Ásahreppi til að fá sér dæmdan eignarrétt á Holtamannaafrétti. Fyrir sáttanefnd krafðist Holtahreppur þess að Ásahreppur viðurkenndi Holtahrepp sem meðeiganda eða sameiganda að Holtamannaafrétti og ætti því allar nýttar afréttarins að rétttri tiltölu við hundradatal ábýlisjarða beggja hreppanna. Ásahreppur krafðist sýknu fyrir sitt leyti og jafnframt dóms um að hann væri einn eigandi afréttarins með þeim rökum að hann hefði hreppt eignarrétt yfir Holtamannaafrétti eftir fundinn á Skammbeinsstöðum í samræmi við bréf landshöfðingja.<sup>3</sup> Í forsendum dómsins er vísað til þess þegar Holtamannahreppi var skipt í tvö hreppsfélög, Holtahrepp og Ásahrepp, og síðan segir:

Fram að þessum tíma tilheyrðu Holtamannahreppi óskiptum og nágrannahreppnum, Landmannahreppi, tveir afréttir, nefnil. fyrnefndur Holtamannaafréttur og svo nefndur Landmannaafréttur. Töldust hreppar þessir tveir eiga báða afréttina í félagi, eins og báðir aðiljar þessa máls hafa viðurkennt.

En er skipting Holtamannahrepps hafði farið fram, urðu sameigendur afréttanna eðlilega þrír en eigi tveir eins og áður hafði verið.<sup>4</sup>

Dómendur töldu út frá þessu að krafa stefnanda væri of víðtæk og hefði Landmannahreppur þurft að vera meðaðili hans að málinu. Ekki var heldur fallist á kröfu Ásahrepps því að eignaskiptin milli Ásahrepps og Holtahrepps „gátu eigi náð til Holtamanna afréttar, því hann tilheyrði einnig Landmannahreppi“. Báðir málsaðilar hefðu gert þá yfirsjón að leita ekki úrskurðar sýslunefndar því að það væri hún sem ætti að ákveða um skipti afréttanna. Málinu var að svo búnu vísað frá dómi ex officio 24. mars 1914.<sup>5</sup>

Ásahreppi var skipt í tvö hreppsfélög samkvæmt bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 13. janúar 1936. Skiptingin var ákveðin þannig: Kálfholtskirkjusókn með Veteifsholtshverfi skyldi verða hreppur sér og nefnast Ásahreppur en Hábjarkirkjusókn með Bjóluhverfi, Ægissíðu og Rangá verða hinn hreppurinn og nefnast Djúpárhreppur. Afréttur Ásahrepps varð sameign hinna nýju hreppa og skiptist fjallskilakostnaður þannig að Ásahreppur skyldi bera  $\frac{4}{7}$  hluta en Djúpárhreppur  $\frac{3}{7}$  hluta.<sup>6</sup>

Í sveitarsjóðsreikningum Landmannahrepps 1918-1919, 1925-1926, 1926-1927, 1934, 1936 og 1937 er fært til tekna upprekstrargjald (eða „afréttartillag“) Holtahrepps. Greiðsla fyrir veiðileyfi í Veiðivötnum er skráð á árunum 1925-1926, 1926-1927, 1934 og 1936.<sup>7</sup>

Þrátt fyrir ágreining um eignarhald og nýtingu afréttanna var nokkur samvinna milli hreppanna þriggja, þ.e. Ásahrepps, Holtahrepps og Landmannahrepps, um afréttarmál. Fulltrúar þeirra samþykktu t.d. á fundi 4. febrúar 1926 að taka höndum saman um að hlaða gerði í Réttanesi í kringum söfn hreppanna af afréttunum. Skyldi kostnaðinum jafnað þannig niður milli hreppanna að helmingur væri lagður á eftir sauðfjárfjölda síðastliðið ár en hinn helmingurinn færi eftir hundradatali jarðeigna í hreppunum.<sup>8</sup> Á fundi 12. ágúst 1928 komu fulltrúar Holtahrepps og Landmannahrepps

1 Sbr. bréf Eyjólfss Guðmundssonar í Hvammi til hreppsnefndar Holtahrepps 18. nóvember 1913 (skjal nr. 4 (32)).

2 Skjal nr. 4 (33).

3 Skjal nr. 4 (34).

4 Skjal nr. 4 (34).

5 Skjal nr. 4 (34).

6 Skjal nr. 5 (1).

7 Skjal nr. 4 (36).

8 Skjal nr. 4 (36).

sér saman um að skipta tillögum hreppanna á þá leið að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar færi eftir sauðfjáreign þeirra en  $\frac{1}{3}$  eftir hundraðatali jarða samkvæmt jarðamatsbók. Einnig var ákveðið að 58 menn skyldu fara til smölunar í allar þrjár leitir, 29 menn úr hvorum hreppi.<sup>1</sup>

Ágreiningur milli Landmannahrepps og Holtahrepps braust fram að nýju, ekki sist eftir að hreppstjóri Landmannahrepps, fyrir hönd hreppsnefndarinnar, gerði samning við oddvita Rangárvallahrepps til næstu fimm ára um helmingaskipti milli hreppanna á andvirði því sem fást kynni fyrir hrafntinnu o.fl. er tekin væri í svonefndum Reykjadalum á afréttamörkum hreppanna.<sup>2</sup> Í fundargerðabók Landmannahrepps 12. september 1935 kemur fram að oddviti Holtahrepps hafi ritað bréf, dags. 9. sama mánaðar, þar sem hann hafi gert þá kröfu að hreppurinn verði talinn meðeigandi Landmanna- og Rangárvallahrepps að hrafntinnu þeirri sem fundist hafi og fyrirfundist á afréttum og smalaleiðum þessara þriggja hreppa. Viðhorfi Landmannahrepps er lýst svo í áðurnefndri fundargerðabók:

Hreppsnefnd Landmanna undrast mjög þessa kröfu oddvita Holtahrepps, þar sem honum engu síður en hreppsnefndinni hér, hlýtur að vera kunnugt, að um eignarrétt að Landmannaafrétti hefur enginn ágreiningur risið fyr eða síðar, svo kunnugt sé, nefnilega að hann sé óskert eign Landmannahrepps með grasi, grjóti, og öðrum verðmætum, er þar kunna að finnast, innan þeirra landamerkja, er samþykkt hafa verið af hreppsnefnd Holtamannahrepps og þinglesin á Þjóðólfsagaþingi 17. maí 1890, án nokkurra athugasemda eða mótmæla. Hitt er jafn kunnugt, að ágreiningur hefur verið öðru hvoru um það, að hve miklu leyti Landmönnum væri bagalaust, að leyfa Holtamönnum upprekstur á afrétt sinn. Lengi vel var það að eins nokkur hluti Holtamannahrepps, sem hafði upprekstrarleyfi á Landmannaafrétt, en Landmenn fengu fyrir það, og notuðu, upprekstur stóðhrossa á Þóristungur á Holtamannaafrétti, og jafnvel ráku eitthvað af sauðfé á hann líka. En eftir fjárfellinn mikla 1882, breyttist þetta svo, að fátt eða ekkert fé var til að reka á afrétt nokkur ár, að minnsta kosti úr Landmannahreppi að Landmenn hættu því að nota upprekstur, sem áður er nefndur, á Holtamanna afrétti, en urðu þó að bera einn þriðja ( $\frac{1}{3}$ ) kostnaðar af bátum við Tungnaá, sem var all tilfinnanlegur skattur þá fyrir svo fátæka sveit, og orsakaði, m.fl. mikla óánægju milli hreppanna. Loks rak að því, að hreppsnefndir hinna þriggja hreppa: Ása- Holta- og Landmanna, áttu fund með sér að Skammbeinsstöðum 29. nóv. 1892. (Þá hafði hinum forna Holtamannahreppi verið skipt í tvo hreppa.)

Á þessum fundi samþykktu hreppsnefndir Ása- og Holtahreppa, fyrir sitt leyti, að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt. Hreppsnefnd Landmannahrepps samþykkti þetta ekki; en sá sér ekki fært að mótmæla því eins og á stóð um fénaðarfæð í sveitinni, og það því síður, sem móti komu þau hlunnindi, að Landmenn losnuðu þá við bátakostnað og viðhald við Tungná, og fengu enn fremur í sinn sjód andvirði alls óskilafjár, sem fyrir kæmi í Landréttum, nema norðan lamba; en af andvirði þess fjár hafði Landmannahreppur fram að þessu fengið  $\frac{1}{3}$  hluta. Þá var líka gerð sú bót í máli, að Holtahreppur legði árlega til Landmannahrepps 50 krónur til refaveiða á Landmannaafrétti. Þetta allt mætti vera svo vel kunnugt, að óþarfi sé að endurtaka það, en er aðeins gert vegna framanritaðs tilefnis. Enn fremur er það kunnugt, að hreppsnefnd Landmannahrepps hefur jafnan litið svo á, og ekki farið dult með, að kæmi það fyrir, að Landmannaafréttur gengi svo af sér, að ekki þætti fært að reka á hann fé af öllu því svæði sem nú er, þá yrðu Holtamenn að rýma, að meir eða minna leyti fyrir eigendum afréttarins, Landmönnum.

Hreppsnefnd Holtahrepps hefur beint og óbeint viðurkennt þetta, t.d. á síðasta sameiginlegum fundi um þetta mál að Skarði, 18. maí 1914, þar sem mættir voru allir hreppsnefndarmenn úr Landmanna- og Holtahreppi nema einn (úr Holtahreppi). Í fundargerð, sem þar var samþykkt í einu hljóði, stendur

1 Skjal nr. 4 (36).

2 Skjal nr. 4 (36).

meðal annars: „Í sambandi við þetta kom báðum hreppsnefndunum saman um, að Landmannaafréttur væri nú svo af sér genginn, vegna eldgosanna síðastl. vor, (1913), að ómögulegt sýnist vera, að hann geti borið álika fjártölu og undanfarið hefur verið á hann rekin. Hreppsnefndunum kom því eindregið saman um, að nauðsyn beri til þess, fyrir hreppsnefnd Holtahrepps, að halda tafarlaust áfram máli sínu á hendur Ásahreppi um eignar og upprekstrarétt Holtamanna á Holtamannaafrétti.“<sup>1</sup>

Í framhaldi af þessari ályktun kvaðst hreppsnefnd Landmannahrepps vænta þess að hreppsnefnd Holtahrepps færi eftir fögetabanni því sem út hefði verið gefið viðvíkjandi hrafntinnutöku í Reykjadölum á Landmanna- og Rangárvallaafrétti. Jafnframt var samþykkt að ganga að samningstilboði þriggja manna, Sigurðar Jónssonar bílstjóra og menntaskólakennaranna Valdemars Sveinbjörnssonar og Einars Magnússonar, um að greiða Land- og Rangárvallahreppi 20 kr. fyrir hvert tonn af hrafntinnu eða öðrum verðmætum bergtegundum sem kynnu að finnast í afréttarlöndum þessara hreppa næstu fimm ár og aldrei minna en 400 kr. árlega nefndan tíma. Skyldu þeir á því tímabili hafa einkaleyfi á námuvinnslunni.<sup>2</sup> Í reikningum Landmannahrepps fyrir árið 1937 kemur fram að hreppurinn hafði þá nokkrar tekjur af hrafntinnu.<sup>3</sup>

Veturinn 1942-1943 kom upp garnaveiki í sauðfé austan Þjórsár, og var þá sett upp varnargirðing frá sjó, austan Hólsár og Rangár ytri, í girðingu sem var milli Rangár og Þjórsár á mörkum Landmannaafréttar og Landsveitar. Sauðfjárbændum í Landmanna- og Holtahreppi, sem þá nýttu sameiginlega Landmannaafrétt, var þá bannað að reka fé á fjall en urðu engu að síður að smala afréttinn, lögum samkvæmt, og sjá þar um refaveiðar. Þangað mun þá einkum hafa leitað fé Rangvellinga og Skaftfellinga. Af þessu hlaust nokkur kostnaður sem Landmenn og Holtamenn vildu ekki við una, eins og fram kemur í fundargerð Holtahrepps 22. febrúar 1945, og óskuðu þeir eftir því við sýslumann að smölun og refaveiðum yrði létt af hreppunum á meðan bændum í þeim væri meinað að reka sauðfé sitt á hann.<sup>4</sup>

Í Lögbirtingarblaðinu 10. mars 1947 birtist tilkynning frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, Birni Björnssyni, um veiðirétt í Veiðivötnum (Fiskivötnum). Af því tilefni gaf oddviti Holtahrepps frá sér tilkynningu þar sem segir að búendur í Holtahreppi geri kröfu um veiðirétt í þessum vötnum í réttu hlutfalli við aðrar sveitir sem þar eigi veiðirétt. Kröfuna byggðu þeir á eftirtöldum forsendum: Í fyrsta lagi er vísað til dóms að Ytri-Völlum árið 1467. Hér mun trúlega átt við dóminn að Skarði á Landi 25. júní 1476 sem áður hefur verið gerð nokkur skil. Í öðru lagi var því haldið fram að búendur í Holtahreppi vissu ekki annað en að frá árinu 1467 (1476?) til 29. nóvember 1892 (sbr. fundinn að Skammbeinsstöðum sem fyrr er getið) hefðu bæði Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur verið taldir sameiginleg eign sveitanna milli Þjórsár og Rangár ytri milli fjalls og fjöru enda notaðir af búendum þessara sveita til upprekstra og annarra afnota. Í þriðja lagi var minnt á að Holtamannahreppi hinum forna hefði verið skipt í tvö sveitarfélög, Holta- og Ásahrepp, árið 1892, og hefðu síðan allar þrjár hreppsnefndirnar átt með sér fund að Skammbeinsstöðum um það hvernig upprekstri, smölun og refaveiðum á afréttinum væri haganlegast fyrir komið. Loks var því haldið fram að Holtamenn hefðu um „tæpan síðasta áratug“ stundað óátalið veiðiskap vor og haust í vötnunum á Landmannaafrétti.<sup>5</sup> Af ágreiningi þessum spruttu málaferli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955 (Landmannaafréttardómur fyrri).<sup>6</sup> Þar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hreppsnefndir Holtahrepps og Landmannahrepps f.h. hreppanna og hreppsnefnd Rangárvallahrepps f.h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla hefðu ekki leitt sönnur að því að

1 Skjal nr. 4 (37). Seinni tilvitnunarkerki eru ekki sýnd í uppskrift en hljóta að eiga koma hér.

2 Skjal nr. 4 (37).

3 Skjal nr. 4 (36).

4 Skjal nr. 4 (36).

5 Skjal nr. 4 (39). Sbr. skjal nr. 2 (28).

6 H 1955 108.

hreppsfélögin hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum. Í janúar 1975 fór fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þess á leit við sýslumanninn í Rangárvallasýslu að gefin yrði út eignardómsstefna með heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 til að fá staðfest með dómi að ríkissjóður ætti beinan eignarrétt að Landmannaafrétti. Fyrirnefnd hreppsfélög kröfðust þess að málinu yrði vísað frá og féllst héraðsdómur á það með dómi 20. apríl 1976. Þeim dómi hratt Hæstiréttur með dómi 25. janúar 1977. Eignardómskröfu ríkisins var síðar áfrýjað til Hæstaréttar sem kvað upp þann dóm 28. desember 1981 að ríkið hefði hvorki fært fram fullnægjandi röksemdir né gögn fyrir því að það hefði öðlast eignarrétt að Landmannaafrétti.<sup>1</sup>

Fjallskil á Landmannaafrétti hafa tekið nokkrum breytingum á síðari árum. Öll lögbýli í gömlu Landsveit og Holtum eiga upprekstur á afréttinn auk tveggja bæja efst á Rangárvöllum, þ.e. Hóla og Næfurholts, en nú munu ábúendur 12-15 bæja nýta afréttinn. Ekki er lengur rekið á afrétt heldur er féð flutt þangað á bílum frá 12.-20. júlí og látið vera þar um tvo mánuði.<sup>2</sup> Venja er að halda á fjall í smölun föstudaginn í 22. viku sumars. Fjallmenn skiptast í tvo leitarflokka. Annar fer í Landmannalaugar og eru það alltaf Holtamenn en úr Landsveit og frá Næfurholti og Hólum er farið að Landmannahelli. Frá þeim stöðum er afrétturinn síðan smalaður. Hellismenn byrja að smala Kringluna og nágrennið en þeir sem eru í Laugum fara inn í Jökulgil og Kýlinga. Einnig voru Hraunin svokölluðu smöluð þangað til sett var þar upp landgræðslugirðing um 1970. Eftir það hefur Landgræðslan séð um smölun þar. Fé mun aldrei hafa verið rekið inn á Öraefin (svæðið fyrir innan Tungnaá og inn í Jökulheima)<sup>3</sup> en leitarflokkar fara þar engu að síður.<sup>4</sup> Áður var allt féð rekið til byggða í Landréttir í Réttanesi en þær voru sameiginlegar öllum hreppunum, þ.e. Landmannahreppi, Holtahreppi, Ásahreppi og Djúpárhreppi. Gos í Heklu, einkum árið 1980, hafa valdið skemmdum á afréttinum og orðið til þess að Landréttir lögðust af. Eftir það hefur verið réttað í Áfangagili. Ekki smala aðrir Landmannahrepp en Holta- og Landmenn. Ása- og Djúpárhreppsmenn smala hins vegar Holtamannaafrétt.<sup>5</sup>

Nokkur nýting og starfsemi hefur verið á afréttinum önnur en beitin. Áður hefur verið minnst á veiði í vötnum og hrafntinnutekju. Skógartekja var áður í Klofey og jarðhiti er mikill á afréttinum en hann hefur lítið verið nýttur nema í Landmannalaugum.

Á fundi hreppsnefndar Holta- og Landmannahrepps 10. júní 1970 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum samningur sem oddvitar hreppanna og landgræðslustjóri höfðu lagt fram. Þar er lýst yfir að Landgræðsla ríkisins áformi að reisa girðingu á Landmannaafrétti þetta sama ár og skyldi hún ná yfir svæði sem tilgreint er í samningnum. Síðar í samningnum segir:

Þegar landið hefir verið grætt upp að mestu eða öllu leiti eða fært þykir að nytja landið að skaðlausu, verða nytjar þess eign viðkomandi hreppa, en hvenær landið telst beitarhæft skal skoðað af landgræðslustjóra í samráði við jarðræktarráðunaut Búnaðarsambands Suðurlands og Gróðurverndarnefnd Rangárvallasýslu.

Tryggðar verði allar lögmætær tekjur hreppanna af allri starfsemi, sem fram kunna að fara innan girðingarinnar.

1 H 1981 1584.

2 Í sambandi við upprekstur ber að hafa samráð við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins, sbr. 5. og 8. gr. fjallskilareglugerðar nr. 157/1990 (skjal nr. 4 (14)). Hér á eftir er stuðst við frásögn Kristins Guðnasonar, bónda að Skarði, við skýrslutökur í máli nr. 2/2003.

3 Að sögn Valtýs Valtýssonar, oddvita Rangárfings ytra, er Veiðivatnasvæðið iðulega nefnt Öraefin en veiðimenn kalli það gjarnan Suðurafrétt (skjal nr. 9 (5)).

4 Sbr. einnig frásögn Valtýs Valtýssonar við áðurnefndar skýrslutökur.

5 Sbr. einnig *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 293-299. *Sunnlenskar bygðir* 5, s. 140-147.

Heimilt er Landgræðslunni á hvaða tíma sem er að láta land þetta ganga til viðkomandi hreppa.

Viðkomandi hreppar afsala sér ekki veiðiréttinum né öðrum nytjum afréttarlandsins meðan á uppgræðslu stendur að því leiti, sem rekstur uppgræðslunnar leyfir.<sup>1</sup>

Þegar iðnaðarráðuneytið birti auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 22. desember 1972 um að Landsvirkjun hefði sótt um leyfi til að reisa raforkuver í Tungnaá við Sigöldu tilkynntu fulltrúar Holtahrepps og Landmannahrepps með bréfi til ráðuneytisins að þeir áskildu sér

allan rétt til hverskonar bóta á hverju því tjóni á eignum, rekstri, verðfalli á eignunum og hverskonar öðrum hagsmunum í sambandi við Sigölduvirkjun og hverskonar framkvæmdir í sambandi við hana svo og til bóta vegna hvers þess tjóns, er þeir kunna að hljóta vegna byggingar Sigölduvirkjunar, þar með talið andvirði landa og vatna, tjón á veiði og hverskonar nýtingu vatns eða vatna á afréttum Holtamannahrepps og Landmannahrepps í nútíð og framtíð.<sup>2</sup>

Sams konar yfirlýsing kom frá fulltrúum Ásahrepps og Djúpárhrepps.<sup>3</sup> Í framhaldi af þessu var gerður samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og þessara fjögurra hreppa hins vegar um umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti. Samningurinn var undirritaður 24. júlí 1981. Í 6. gr. samningsins segir orðrétt:

Landsvirkjun skuldbindur sig hér með til að greiða hreppunum bætur vegna alls tjóns af hvaða tagi sem þeir hafa orðið fyrir til þessa vegna byggingar og reksturs Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar og annarra framkvæmda og aðgerða á vegum Landsvirkjunar á afréttum hreppanna. Skulu bætur þessar nema 3.0 milljónum króna sem greiðast í eitt skipti fyrir öll. Jafnframt skuldbindur Landsvirkjun sig til að greiða hreppunum framvegis ákveðnar bætur fyrir hvern hektara beitarlands, sem fer undir vatn eða spillist á annan hátt vegna miðlana, vatnaveitna og annarra virkjanaframkvæmda á afréttum hreppanna eftir því sem í hlutaðeigandi aðgerðir verður ráðist í framtíðinni á vegum Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár í samræmi við mýnsturáætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. frá í október 1980.<sup>4</sup>

Í 14. gr. samningsins er tekið fram að aðilar séu sammála um að „á engan hátt [sé] tekin afstaða til ágreinings hreppanna annars vegar og ríkisins hins vegar um beinan eignarrétt á afréttum hreppanna eða hlunnindum innan afréttarmarka“. Jafnframt áskildu hrepparnir sér rétt til sérstakra bóta fyrir sand- og malartöku Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í þágu virkjanaframkvæmda „en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum“ (15. gr.). Hreppsnefndir Holtahrepps og Landmannahrepps virðast hafa túlkað samninginn þannig að bæturnar ættu að renna til hreppanna sjálfra en ekki þeirra sem upprekstur áttu á afréttinn.<sup>5</sup>

Á Landmannaafrétti hefur farið fram vikurnám og liggja fyrir nokkrir samningar um þá starfsemi. Með samningi 22. maí 1970 veitti iðnaðarráðuneytið fyrirtækinu Glit hf. heimild til leirtöku á Landmannaafrétti sunnan Tungnaá og austan Sigöldu fremri. Samningurinn var m.a. bundinn

1 Skjal nr. 5 (10).

2 Skjal nr. 5 (7).

3 Sbr. skjal nr. 4 (56) (greinargerð um samskipti Landsvirkjunar og oddvita Ásahrepps, Djúpárhrepps, Hólahrepps og Landmannahrepps).

4 Skjal nr. 5 (7).

5 Sbr. skjal nr. 5 (10) (úr fundargerð 7. maí 1984). Sbr. einnig skjal nr. 5 (9) (gerðardómssamningur um það hvernig skipta skyldi bótageiðslum Landsvirkjunar milli Holtahrepps og Landmannahrepps).

því skilyrði að vinnsla hæfist fyrir lok ársins.<sup>1</sup> Samningur þessi mun aldrei hafa komið til framkvæmda.<sup>2</sup>

Premur árum síðar, 31. mars 1973, gerðu oddvitar Landsveitar og Holtahrepps samning við Hörð Gunnarsson forstjóra um að hann fengi rétt til að vinna allan þann vikur sem nýtanlegur væri á landsvæði

sem markast að sunnan við girðingu milli Tröllkonuhlaups og í Ófærugil að ofan við girðingu úr Þjórsá í Sölvahraun, að vestan skal miðað við Þjórsá, en í austur nýtanlegt magn allt að Skjólkvíahrauni 1970, þó undan skilið Sauðafell.<sup>3</sup>

Samningurinn, sem skyldi gilda til 15 ára, var gerður með fyrirvara um samþykki hreppsnefnda.

Hinn 17. desember 1977 gerðu fulltrúar Djúparhrepps, Landmannahrepps, Rangárvallahrepps, Ásahrepps og Holtahrepps samning við Jarðefnaiðnað hf. um að fyrirtækið fengi „ótakmarkað leyfi til að leita að jarðefnum í landareignunum [þ.e. landareignum hreppanna] og framkvæma rannsóknir á þeim með hagnýtingu fyrir augum“. Í 1. gr. samningsins er gert ráð fyrir „að leyfinu verði fyrst og fremst beitt til könnunar á jarðefnum í þeim hluta landareignanna, er tilheyra vikursvæðunum út frá Heklu, en heimilt er þó einnig að nota það til leitar og rannsókna annars staðar í landareignunum, að höfðu samráði við landeigendur“. Í 8. gr. samningsins segir orðrétt:

Með samningi þessum er ekki tekin afstaða til þess, hvern rétt hver landeigenda eigi á Hekluvikursvæðunum eða annars á gildissvæði hans, né heldur þess, hvar borið yrði niður á svæðinu til vinnslu eða hagnýtingarstarfsemi og hver yrði aðild hinna einstöku landeigenda í sambandi við réttindaöflun hennar vegna.<sup>4</sup>

Undir samninginn rituðu, auk fulltrúa áðurnefndra hreppa og Jarðefnaiðnaðar hf., þáverandi landbúnaðarráðherra. Í viðauka af hálfu Landsveitar og Holtahrepps var gerður fyrirvari vegna samningsins sem áður hafði verið gerður við Hörð Gunnarsson. Hreppsnefndirnar litu svo á að sá samningur væri fallin úr gildi. Ef það reyndist ekki rétt og ekki tækist að fá viðurkenningu á því áskildu hrepparnir sér rétt til að takmarka réttindi Jarðefnaiðnaðar innan þess svæðis sem um getur í samningnum við Hörð Gunnarsson. Í viðauka landbúnaðarráðherra er tekið fram að samningurinn sé undirritaður af hálfu ríkissjóðs

sem eiganda eða tilkallshafa að landssvæðum í Rangárvallasýslu, er liggja utan landareigna einstakra jarða (almanningum, afréttarlöndum o.s.frv.), án þess að ábyrgð sé á því tekin gagnvart Jarðefnaiðnaði hf. hver eignarréttur ríkissjóðs eða tilkall að þessum landssvæðum sé í reynd, að því leyti sem það kann að vera véfengt af hálfu sveitarfélaga eða afréttarfélaga, sem telja til réttinda á þessum landssvæðum. Meðal annars er ekki tekin ábyrgð á úrslitum þess máls, sem nú er háð fyrir dómstólum í Rangárvallasýslu um eignarrétt að slíkum svæðum, og er það í samræmi við ákvæði 8. gr. samningsins.<sup>5</sup>

Enn fremur liggur fyrir samningur sem fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra (leigusali) gerðu við Jarðefnaiðnað h.f. 27. júní 1984.<sup>6</sup> Í 4. gr. samningsins er kveðið á um efnistökgjald, 1,13 vestur-þýsk mörk fyrir hvern rúmmetra af vikri, og skyldi greiðslustaður þess

1 Skjal nr. 4 (59).

2 Skjöl nr. 4 (60 og 61).

3 Skjal nr. 4 (62).

4 Skjal nr. 4 (63).

5 Skjal nr. 4 (63).

6 Skjal nr. 5 (21).

vera hjá ríkisfóhirði. Hinn 2. ágúst 1996 undirrituðu sömu aðilar samning um breytingu á efnistökgjaldinu og sama dag gerðu Holta- og Landsveit annars vegar og Jarðefnaiðnaður hins vegar með sér svofelldan samning:

Jarðefnaiðnaður hf. skuldbindur sig til að greiða Holta- og Landsveit Rangárvallasýslu 0,565 DM (þýsk mörk) fyrir hvern útfluttan rúmmetra af vikri samkvæmt samningi félagsins við iðnaðar-, landbúnaðar- og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 27. júní 1984 um töku og vinnslu vikurs á vikursvæðunum á Landmannafrétti vestan Heklu.

Hluti af þessu gjaldi er framlag Jarðefnaiðnaðar sem heitið var til að greiða fyrir vegalagningu þjóðvegur nr. 26 (Landvegur) sbr. yfirlýsingu frá félaginu dagsettri 30. maí 1996.

Samningur þessi gildir frá 1. júní 1996 til 1. júlí 1998.<sup>1</sup>

Þá er að nefna að nokkur hús í einkaeigu eru á afréttinum og eru greidd af þeim fasteignagjöld.<sup>2</sup> Í skrá yfir fasteignagjöld af eignum á Landmannafrétti 2003, undirritaðri af oddvita Rangárþings ytra, er eftirfarandi talið upp: Höll, Landmannalaugar, Veidifélag Landmannafréttar og Hálandsmiðstöðin.<sup>3</sup> Fleiri fasteignir eru á afréttinum. Í skrá yfir helstu skála ferðamanna á Landmannafrétti eru þessir staðir nefndir: Hrafninnuskur (eigandi Ferðafélag Íslands), Landmannalaugar (eigandi Ferðafélag Íslands), Landmannahellir, tvö hús (eigandi Veidifélag Landmannafréttar o.fl.), Áfangagil (eigandi Holta- og Landsveit), Hrauneyjar (einkaeign), Veidivötn, 12 veiðihús (eigandi Veidifélag Landmannafréttar) og Þórisvatn, austurbotn. Þar eru fjögur hús í eigu Veidifélags Holtamannafréttar en þau eru ekki nýtt til almennrar gistingar.<sup>4</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítills háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því

1 Skjal nr. 5 (22). Sbr. skjöl nr. 5 (23) og 5 (6) (greiðslur fyrir vikurnám vegna Landvegur árin 1996 og 1997, staðfestar af oddvita Rangárþings ytra, samtals 2.335.960 kr.).

2 Valtýr Valtýsson við áðurnefndar skýrslutökur.

3 Skjal nr. 5 (5).

4 Skjal nr. 4 (65).



sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í Þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Landmannaafreftar, þ. á m. réttindi Landsvirkjunar þar, og annarra landsvæða í Holta- og Landsveit. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1 er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem nefnist Landsveit. Um mögulegt nám þess landsvæðis, sem liggur til Landmannaafreftar, vísast til niðurstöðu Hæstaréttar í Landmannaafreftarmálum fyrra og síðara, H 1955 108 og H 1981 1584, þar sem því er hafnað að það hafi verið numið, sbr. kafla 6.3.4.

## 6.3. Landmannaafreftur

Hér verður fyrst fjallað um staðhætti og gróðurfar á Landmannaafrefti, því næst kröfur málsaðila, annarra en Landsvirkjunar, og sjónarmið þeirra og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar. Um Landsvirkjun er fjallað í kafla 6.4.

### 6.3.1. Staðhættir og gróðurfar<sup>1</sup>

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Landmannaafreftur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>2</sup> Norðan Landmannaafreftar er Holtamannaafreftur, Skaftártunguafréttur er til austurs og Rangárvallafréttur (Laufaleitir) til suðurs. Vestan við hinn síðarnefnda taka við á suðurmörkum jarðirnar Næfurholt, í fyrrum Rangárvallahreppi, og Merkihvoll í fyrrum Landmannahreppi. Til vesturs, handan hreppa- og sýslumarka í Þjórsá, er Gnúpverjafréttur.

Landmannaafreftur er mest gróðurlaus fjöll, hraun og sandur.<sup>3</sup> Á afreftinum er einnig fjöldi stöðuvatna, áa og lækja. Beitiöld svæðisins eru á skjólgóðum blettum í nágrenni vatns en annars staðar er mikið sandfok og uppblástur. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í gróðurfarsleg hæðabelti; láglendisbelti frá sjávarmörkum að 100-150 m hæð, hlíðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti þar fyrir ofan. Eftir því sem hærra dregur verður landið tegundasnaðara, uppskeruminna og rýrara vegna verri veðurskilyrða. Landmannaafreftur er nánast allur í fjallbeltinu og umtalsverður hluti hans er ofan hæðarmarka samfellds gróðurs sem á þessum hluta miðhálandisins eru í 600-700 m hæð.

Tungnaá skiptir Landmannaafrefti í tvennt þar sem hún liggur frá austri til vesturs. Norðan og vestan árinna er Veidivatnasvæðið en sunnan hennar er syðri hluti afreftarins. Vestast á síðarnefndum hluta afreftarins stendur Valafell (764 m) upp úr mikilli hraunbreiðu sem teygir sig áfram aust-

1 Kafli 6.3.1. er byggður á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 7, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttarritum svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

2 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

3 Í skýrslu Ólafs Arnalds og fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 1175 km<sup>2</sup> að stærð.

ur með ánni. Valafell er nokkuð breið fjallsbunga og sunnan hennar er fjallið Hestalda (871 m). Flatlendi á afréttinum liggur tiltölulega hátt eða í um 300-600 m hæð yfir sjávarmáli.

Eftir því sem austar og sunnar dregur á þessum hluta afréttarins verður land hálandara og fjall-landara. Nokkrir tindar standa þar upp úr landslaginu og má nefna Hrafnabjörg (895 m), Herbjarnarfell (932 m) og Löðmund (1074 m). Um 6 km sunnan Löðmundar liggur Stórhöfði (1043 m) og um 2 km sunnar er Litlihöfði. Í suðausturhorni afréttarins er Torfajökull og á því svæði ris land hæst, eða í 1100-1200 m hæð. Meðal þeirra fjölda vatna, sem eru á suðurhluta afréttarins, mætti helst nefna Hrafnabjargarvatn (553 m), Herbjarnarfellsvatn (625 m), Eskihlíðarvatn (553 m) og Frostastaðavatn (572 m).

Norðan og vestan Tungnaár er svokallað Veiðivatnasvæði, í 600-950 m hæð yfir sjávarmáli. Vatnaöldur eru 11 km langur fjallgarður sem liggur í norðaustur-suðvestur. Hæsti tindur hans er Skyggfir (899 m) við Skyggisvatn (562 m). Vestan og norðan fjallgarðsins er hallalítill auðn norður úr og lítið um fjöll. Snjóöldufjöll liggja einnig í norðaustur-suðvestur. Sá fjallgarður er u.þ.b. 25 km að lengd og hæsti tindur í 935 m. Austan undir Snjóöldufjöllum rennur Tungnaá til suðurs. Fjöldi vatna og áa er á Veiðivatnasvæðinu, flest á milli hinna tveggja framangreindu fjallgarða. Má þar nefna Litlasjó (588 m), Grænavatn (582 m) og Snjóölduvatn (563 m).

Landmannaafréttur er á einu stærsta og virkasta eldgosasvæði landsins og í vestur- og suðvesturhluta hans eru goskerfi Heklu og Vatnafjalla, í austur- og suðausturhlutanum er Torfajökulskerfið, sem er stærsta jarðhitasvæði landsins og í norðausturhlutanum er Veiðivatnagossvæðið sem talið er ná inn í Torfajökulskerfið.

Gróðurþekja Landmannaafréttar hefur verið óstöðug og breytileg vegna gjóskufalls og sívirkrar svörfunar lausrar ösku og vikurs á yfirborði landsins og gróður afréttarins viðkvæmur vegna hæðar landsins. Gróðurfur einkennist af víðáttumiklum auðnum. Gróður er helst að finna þar sem er skýlt, grunnvatnsstaða há og snjóalög hylja jörð fram eftir vori. Mið- og austurhluti afréttarins er mikið úrkomusvæði og af þeim sökum og vegna þess hve landið stendur hátt eru þar oft langvarandi snjóalög og rýr mosa- og snjóeldagróður ríkjandi í gróðurfari. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Landmannaafréttar á eftirfarandi hátt: 86% auðnir, 6% rýrt, 6% fremur rýrt og einungis 2% sem vel gróid land. Af þessu má sjá að afrétturinn er mjög gróðursnauður.<sup>1</sup>

Áætlað hefur verið að um landnám hafi nokkuð samfelldur gróður þakið jafnlandi á svæðinu upp að 500-600 m hæð eða allt norður fyrir Litlasjó á Veiðivatnasvæðinu. Þar kemur einnig fram að grófluga megi áætla að um  $\frac{3}{4}$  hlutar afréttarins, eða 800-900 km<sup>2</sup>, hafi verið þaktir nokkuð samfelldum gróðri um landnám. Vegna eðlis berggrunnins hafi þar einkum verið um að ræða þurrlandisgróður. Eyðing jarðvegs og gróðurs hafi byrjað fljótlega eftir landnám og trúlega fyrst á hálendinu. Frá landnámi og fram á þennan dag hafi orðið gífurleg rýrnun og beint tap á jarðvegi og gróðri, bæði á hálendi og í byggð. Á láglandi hafi skógur fljótlega tekið að rýrna eftir að landið byggðist.

### 6.3.2. Kröfugerð aðila

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína þaðan sem Ófærugil rennur í Ytri-Rangá og vestur að Þjórsá, í stefnu á Búrfell þar sem það er hæst, sbr. kafla 3.1. Að öðru leyti liggur kröfulína íslenska ríkisins yfir landsvæði sem til meðferðar eru í öðrum málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd, vestan Heklu og Tindafjallajökuls, vestur og suður af Eyjafjallajökli og sunnan Mýrdalsjökuls. Landmannaafréttur liggur norðan þessara landsvæða og er því allur í þjóðlendu, miðað við þessa kröfugerð.

Á móti hefur sveitarfélagið Rangárþing ytra vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd jarða í fyrrum

1 Ólafur Arnalds og fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

Holta- og Landsveit og jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi, nú í Rangárþingi ytra, krafist beins eignarréttar að Landmannaafrétti öllum, sjá nánar í kafla 3.2.

Um kröfur Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísað þangað.

### 6.3.3. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (9), er byggt á því að grundvöllur beins eignarréttar að landi hafi í öndverðu verið nám og síðan áframhaldandi framsal á þeim eignarréttindum. Hvorki verði ráðið af Landnámu né öðrum heimildum að land norðan kröfulínu ríkisins hafi verið numið. Því verði að leggja til grundvallar að landið hafi verið tekið afnotatöku þannig að réttur til landsnytja grundvallist á langri venju.

Ríkið heldur því fram að frá öndverðu hafi landið skipst í jarðir og önnur lönd. Á þjóðveldisöld hafi risið byggð frjálsra bænda sem áttu bújarðir sínar, höfðu afnotarétt af afréttum og lögbundin umferðar- og afnotarétt af öðru landi. Á 11. öld hafi að mestu verið lokið skiptingu landsins í smærri og fleiri jarðir en það hafi haft í för með sér að fleiri hafi þurft á afréttum að halda þannig að leggja varð svæði undir afrétti. Ekki sé vitað nákvæmlega hvenær nám á landi hafi ekki lengur verið heimilt og bann lagt við frekari töku á landi undir afrétti en það hafi verið þegar á þjóðveldisöld.

Ríkið vísar til þess að eftir setningu þjóðlendulaga á árinu 1998 hafi Ísland skipst í þjóðlendir og eignarlönd. Af dómafordæmum Hæstaréttar, einkum dómum Hæstaréttar í Landmannaafréttardómum fyrri og síðari,<sup>1</sup> og þeim úrskurðum sem þegar hafi fallið hjá óbyggðanefnd, verði ráðið að land teljist þjóðlenda ef réttur til þess hefur í upphafi stofnast þannig að land hafi verið tekið sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur ríkið að almenn rök og samfelld réttarþróun allt til þjóðlendulaga leiði til þess að ríkið sé eigandi af því svæði sem mál þetta tekur til að virtum rétti afréttareigenda til upprekstrar og annarra lögbundinna hagnýtingarheimilda.

Af hálfu Rangárþings ytra vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd jarða í fyrrum Holta- og Landsveit og jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi, sbr. einkum skjöl nr. 5 og 5 (4), er því haldið fram að Landmannaafréttur hafi verið undirorpinn fullkomnum eignarrétti allt frá landnámsöld. Landið hafi upphaflega verið numið og hagnýtt allar götur síðan af íbúum í Holta- og Landsveit. Þannig hafi afrétturinn verið bundinn einkaeignarrétti sem ekki hafi fallið niður. Engu breyti í þessu tilliti þótt ekki séu fyrir hendi glöggar heimildir um landnám og mörk þeirra í einstökum tilvikum enda hafi markmiðið með ritun Landnámu ekki verið að lýsa landamerkjum. Þvert á móti verði að líta til þess að heimildir séu fyrir því að Landsveitin öll og þar með talinn Landmannaafréttur hafi verið gróinn og vel nýtanlegur en merki um byggð hafi nýlega fundist ofarlega í Merkurhrauni. Landsvæðið hafi því verið byggilegra fyrr á öldum en í dag eftir uppblástur og gjóskufall. Þá sé því hafnað að rétthafar yfir afréttinum verði að geta rakið eignarheimildir sem fylgt hafi jörðum þeirra frá ómunatíð. Þess í stað verði ríkið að sýna fram á að landið sé ekki undirorpið eignarrétti fyrir hefð og venjurétt.

Því er jafnframt haldið fram að sá skilningur ríkisins að afréttur geti ekki talist eignarland sé rangur. Hugtakið afréttur lýsi eingöngu notkun á landsvæði en segi ekkert til um eignarhald þess. Frá fornu fari hafi öll hlunnindi afréttarins verið nýtt eftir því sem lög og geta manna leyfði. Þessar heimildir til hagnýtingar landsins hafi verið á hendi landeigenda enda fari saman eignarréttur og heimild til hagnýtingar þar sem afrétturinn hafi einkaeignarréttarlega stöðu. Því sé ljóst að afrétturinn hafi ætíð verið undirorpinn eignarrétti líkt og önnur eignarlönd.

Þá séu fyrir hendi séu glöggar lýsingar á landamerkjum Landmannaafréttar sem lagðar hafi verið til grundvallar af dómstólum. Þessar lýsingar bendi til að allt land innan viðurkenndra landa-

1 H 1955 108 og H 1981 1584.

merkja sé eignarland og sá sem vilji hnekkja því beri sönnunarbyrðina. Það sem liggja fyrir um landnám sé einnig til stuðnings kröfum þeirra sem telji til réttar á svæðinu.

Loks er vísað til þess að dómstólar hafi ekki fram til þessa hafnað því að afréttir séu eign þeirra jarða sem hagnýtt hafi þá frá alda öðli til upprekstrar, veiða, nýtingu fjallagrasa, róta o.fl. Af dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmáli verði ekki dregnar neinar ályktanir um þau réttindi jarða eða lögbýla til Landmannaafréttar sem hér sé krafist. Þeir hafi ekki átt þar aðild og því sé mótmælt að leiðbeiningar um þetta efni verði lesnar út úr dómi Hæstaréttar.

Um sjónarmið Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísast þangað.

#### 6.3.4. Niðurstaða óbyggðanefndar

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Landmannaafréttur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur það talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma, sbr. einkum dóma Hæstaréttar í Landmannaafréttarmáli fyrra og síðara, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Landmannaafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til merkja aðliggjandi landsvæða. Þess skal getið að ágreiningslaust er í máli þessu að jörðin Merkihovoll í Holta- og Landsveit, á vestanverðum suðurmerki Landmannaafréttar, sé eignarland, sbr. kafla 6.5. Sama máli gegnir um jörðina Næfurholt í fyrrum Rangárvallahreppi, sem einnig er við vestanverð suðurmerki Landmannaafréttar, sjá mál nr. 3/2003. Í málum nr. 1/2003, 3/2003 og 7/2003 er hins vegar komist er að þeim niðurstöðum að önnur þau landsvæði á svæði 3 hjá óbyggðanefnd sem að Landmannaafrétti liggja, þ.e. Holta- og Rangárvallaafréttur og Skaftártunguafréttur, séu þjóðlendur. Gnúpverjaafréttur var úrskurðaður þjóðlenda í máli nr. 7/2000 hjá óbyggðanefnd.

Landamerkjabréf Landmannaafréttar er dags. 22. október 1886 og þingl. 17. maí 1890. Þar er landamerkjum lýst svo:

Fyrst er Ófærugil þaðan beint í Krakatind þaðan beint í Fljótið syðst í Reykjadalum, síðan ræður Fljótið inn að Torfajökli; síðan ræður Torfajökull inn að upptökum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotnin(n) í Þórisvatni; þaðan beint í Þóristind, þaðan beint í botninn á Blautukvísl, síðan ræður hún merkjum í Tungnaá, síðan Tungnaá í Þjórsá, síðan ræður Þjórsá fram að syðri endanum á Búrfelli, síðan þaðan beint í Ófærugil.

Hinn 7. ágúst 1951 var gerð sátt fyrir landamerkjadómi Rangárvallasýslu í landamerkjamálinu „Hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins gegn landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs, o.fl.“ Aðild að þessari sátt áttu Landmannahreppur, Ása- og Djúpárhreppur, Rangárvallahreppur og landbúnaðarráðherra. Samkvæmt henni skyldu mörk Landmannaafréttar vera þessi:

Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhengingu í Þveröldu og úr Þveröldu í

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Svartakamb þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn. Þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.

Í Landmannaafréttardómi fyrri (H 1955 108), sem nánar verður gerð grein fyrir í umfjöllun um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins hér á eftir, var á því byggt að mörk afréttarins væru þau sömu og lýst var í framangreindri sáttargerð. Af hálfu allra aðila málsins, þ.e. Landmannahrepps, Holtahrepps, Rangárvallahrepps fyrir hönd eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla og íslenska ríkisins, var því lýst yfir fyrir hæstarétti að þeir myndu hlíta henni.

Í Landmannaafréttardómi síðari (H 1981 1584), sem einnig verður fjallað nánar um hér á eftir, segir að kröfur aðila dómsmáls þessa séu „ymist beinlínist reistar á“ afmörkun Landmannaafréttar samkvæmt dómssáttinni frá 7. ágúst 1951 „eða taka a.m.k. mið af henni að því er varðar Skaftártunguhrepp“.

Merki Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar voru hins vegar deiluefni bæði fyrir og eftir 1951. Voru af því tilefni gerðar nokkrar lýsingar á umræddum mörkum. Mun deilan einkum hafa snúð að því hvoru megin Veiðivatna afréttarmörkin skyldu liggja. Samkvæmt því er greinin í landamerkjabréfi Landmannaafréttar frá 1886 „ræður Torfajökull inn að upptökum á Stórukvísl“. Bréfið er ekki áritað af hálfu Skaftártunguhrepps. Í yfirlýsingu hreppsnefndar Skaftártunguhrepps frá 1890 liggja merki frá upptökum Hólmsár við heitu laug (Strútslaug) og „þaðan beina stefnu norður í mynnið á Námskvísl“. Lýsingar þessar ná ekki saman að sunnanverðu, þ.e. við Torfajökul, en skarast að norðanverðunni, þ.e. á Veiðivatnasvæðinu.

Aðild Skaftártunguhrepps að umræddri sátt frá 1951 kom til athugunar í dómsmáli sem fjallaði um merki á milli Skaftártunguafréttar og Landmannaafréttar (H 1989 1022). Af hálfu Holtahrepps, Landmannahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla var krafist frávísunar með þeim rökum að mörk Landmannaafréttar hefðu þegar verið ákveðin með dómssáttinni 1951. Jafnframt var því haldið fram að Hæstiréttur hefði þegar dæmt um mörk Landmannaafréttar með dómum sínum 1955 og 1977 og 1981 sem byggst hafi á þeim mörkum sem ákveðin hafi verið í dómssáttinni frá 1951. Um þetta segir Hæstiréttur svo:

Gagnáfrýjandi [Skaftártunguhreppur] var ekki aðili að nefndri dómssátt, og oddviti Skaftártunguhrepps hafði ekki umboð til þess að gefa bindandi yfirlýsingu um réttindi þau, sem mál þetta snýst um. Þá hefur Hæstiréttur ekki dæmt um sakarefnið í málum þeim, sem fyrr eru greind, en gagnáfrýjandi [Skaftártunguhreppur] átti eingöngu aðild að síðastgreinda málinu.

Frávísunarkröfunni var því hafnað.

Í þessu máli var dæmt um merki Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar að hluta. Liggja hin dæmdu mörk „úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá“. Kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu miðar við þessi mörk. Þessi merki eru í samræmi framangreinda sátt frá 7. ágúst 1951. Ekki var hins vegar kveðið á um merki afréttanna á svæðinu sunnan við Hábarm, þ.e. syðsta hluta þeirra merkja Landmannaafréttar er snúa að Skaftártunguafrétti. Sáttin frá 1951 gerir ráð fyrir því að mörk umræddra afréttanna liggja frá Hábarmi suður í há-Torfajökul. Sama máli gegnir um kröfugerð vegna Landmannaafréttar í máli þessu og kröfugerð málsaðila vegna Skaftártunguafréttar í máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd.

Þá var hafnað kröfum Skaftártungumanna um áframhaldandi mörk að vestan og norðan, sbr. eftirfarandi rökstuðning í dóminum:

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, virðist ágreiningur aðila áður fyrr aðallega hafa verið um mörk-

in sunnan Tungnaár. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að báðir aðilar hafa smalað að Kirkjufellsósi og aðaláfrýjendur hafa smalað hina svonefndu Kýlinga og Jökulgil. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um mörkin sunnan Tungnaár. Gagnáfrýjandi [Skaftártunguhreppur] hefur ekki leitt í ljós, að hann hafi átt upprekstrarétt á hinum umdeilda svæði ofan Tungnaár. Verða því kröfur hans um tiltekin merki á þessu svæði með hliðsjón af rétti til afréttarnota ekki teknar til greina. Miðað við þessa niðurstöðu um, að gagnáfrýjandi eigi ekki afréttarland ofan Tungnaár, þykir, eins og kröfugerð er háttáð, skorið úr deilu aðila máls þessa um mörk afrétta ofan Tungnaár og ekki efni til að ákveða frekari mörk landsvæða í máli, sem eingöngu er á milli þessara aðila. Kröfu aðaláfrýjenda [Holtahrepps, Landmannahrepps, Næfurholts og Hóla] varðandi mörk við Tungnaá er því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Í kröfugerð sveitarfélagsins Rangárþings ytra, jarða í Holta- og Landsveit og jarðanna Næfurholts og Hóla vegna Landmannaafréttar er miðað við að norðaustan þess staðar þar sem Kirkjufellsós kemur í Tungnaá liggja merki Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar í Tungnaá, þar til lína á milli Þveröldu og Svartakambs sker ána. Kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd er í samræmi við þetta. Ekki virðist því vera ágreiningur um það lengur að merki Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar liggja í Tungnaá.

Að því er varðar jörðina Merkihol í fyrrum Landmannahreppi, sem liggur að suðvestanverðum Landmannaafrétti og átti ekki aðild að sátt þessari, ber þess að geta að landamerkjabréf jarðarinnar Merkihol í fyrrum Landmannahreppi, dags. 12. maí 1892 og þingl. 30. maí 1892, er áritað af hálfu Landmannaafréttar og lýsing þess í ágætu samræmi við framangreinda sátt. Merkjum er þar lýst í Rangá norður á móts við Ófærugil og þaðan í stefnu á Búrfell í Gnúpverjahreppi, handan Þjórsár. Eldri heimild, þ.e. lögfesta Merkiholslandamerkja frá 1803, fær einnig samrýmst þessu þótt orðalag sé ekki eins.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að í þremur dómum Hæstaréttar er á því byggt að mörk Landmannaafréttar séu þau sem sátt varð um 7. ágúst 1951 og er afmörkun í kröfugerð aðila hér í samræmi við sáttina. Þá samrýmst afmörkun aðliggjandi svæða í málunum nr. 1/2003 (Holtmannaafréttur), 3/2003 (Rangárvallaafréttur, Næfurholt), 7/2003 (Skaftártunguafréttur) og 7/2000 (Gnúpverjaafréttur) kröfugerð aðila að þessu leyti og þykir þau mörk ekki þarfnast frekari rannsóknar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Landmannaafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan.

Í framangreindum Landmannaafréttardómi fyrri (H 1955 108) var deilt um veiðirétt en úrlausn um það atriði grundvallaðist á niðurstöðu dómsins um eignarrétt að afréttarsvæðinu. Af hálfu Landmannahrepps var krafist viðurkenningar á einkarétti til veiði í vötnum og vatnsföllum á afréttinum. Af hálfu Holtahrepps, Rangárvallahrepps fyrir hönd eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla og íslenska ríkisins var þess krafist að kröfum Landmannahrepps yrði hrundið. Niðurstaða Hæstaréttar er svohljóðandi:

Samkvæmt því, sem að framan segir, verður að telja, að íbúar Holtahrepps og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega með íbúum Landmannahrepps upprekstrarétt á Landmannaafrétt.

Kemur þá næst til athugunar, hvernig rétt til veiði á Landmannaafrétti muni vera háttáð.

Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til

sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðiljar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiði í vötnum á afréttum. ...

Niðurstaða dómsins var sú að íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi ættu sameiginlega veiðirétt í vötnum á afréttinum. Krafa Landmannahrepps um einkarétt til veiðinnar var því ekki tekin til greina.

Í Landmannaafréttardómi síðari (H 1981 1584) var tekin afstaða til þeirrar kröfu fjármálaráðherra að staðfest yrði með dómi að ríkisjóður ætti beinan eignarrétt að Landmannaafrétti. Aðrir aðilar þessa máls voru að hluta hinir sömu og að hinu fyrra máli um Landmannaafrétt, þ.e. Landmannahreppur, Holtahreppur og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi. Allir kröfðust þeir þess að synjað yrði kröfu ríkisins. Í dómi Hæstaréttar frá 1981 er aðild að hinu fyrra máli rakin og teknar upp tvær málsgreinar úr þeim dómi, þær sömu og hér að framan greinir síðast orðrétt. Síðan segir svo í Landmannaafréttardómi síðari:

Málflutningur þeirra, er andmælt hafa kröfum ríkisins í máli því, sem hér er til úrlausnar, lýtur að því, að þeir eigi afréttarlandið og gangi eignartilkall ríkisins í berhögg við það. Um þessa málsvörn er þegar dæmt í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 að því er varðar framangreinda aðilja þess máls.

Samkvæmt framangreindu virðist vafalaust að niðurstaða Hæstaréttar í Landmannaafréttarmáli fyrra varðar eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi á sama hátt og aðra málsaðila. Í því sambandi skiptir ekki máli þó að á einum stað í niðurstöðu hins fyrra máls segi að „Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum ...“, enda ljóst af samhengi textans að öðru leyti að eigendur og ábúendur Næfurholts og Hóla eru meðal „afréttaraðilja“ sem dómurinn telur að eigi ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti. Þessi skilningur kemur einnig skýrt fram í Landmannaafréttardómi síðari.

Skaftártunguhreppur, eigendur og ábúendur jarða í Holtahreppi og Rangárvallahreppur voru hins vegar einungis aðilar að Landmannaafréttarmáli síðara. Allir kröfðust þeir þess að kröfu ríkisins yrði synjað. Um kröfur þessara aðila segir Hæstiréttur svo:

Skaftártunguhreppur telur sig eiga nokkurn hluta afréttarsvæðisins, svo sem greint hefur verið frá af hans hendi í málflutningi hér fyrir dómi. Öðrum þræði er af hálfu þessa aðilja tekið undir málflutning af hendi hinna hreppsfélaganna. Eigi hefur þessi aðili sýnt fram á, hvað sem öðru líður, að hann eigi nein þau réttindi til afréttarins, sem séu rýmri en réttindi þeirra hreppsfélaga, sem aðiljar voru að fyrrgreindu hæstaréttarmáli frá 1955.

Gögn þau, sem eigendur jarða í Holtahreppi tefla fram í máli þessu, eru eigi með þeim hætti, að þeir verði taldir hafa rýmri rétt til afréttarins en Holtahreppur. Ábúendur jarða í þeim hreppi eru eigi réttir aðiljar þessa máls, og verður kröfum þeirra eigi sinnt.

Málsreifun Rangárvallahrepps er ekki studd nægilega traustum rökum og óglöggt, hverjar nytjar sá hreppur hafi haft af Landmannaafrétti.

Í máli þessu verða því andmæli framangreindra aðilja gegn eignartilkalli ríkisins, sem á því eru reist, að þeir eigi afréttarsvæði það, sem málið lýtur að, ekki tekin til greina.

Niðurstaða þessa máls að öðru leyti var sú að krafa ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti til handa ríkinu á Landmannaafrétti var ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu liggja fyrir tvær dómsúrlausnir Hæstaréttar sem varða það mál sem hér er til úrlausnar. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dóma, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Til þess ber þó að líta að umræddir dómur fela ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Landmannaafréttar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 sbr. lög nr. 65/2000. Til athugunar hlýtur því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að máli því sem hér er til umfjöllunar, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Landmannaafréttar samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur sveitarfélagið Rangárþing ytra sett fram kröfur um beinan eignarrétt að Landmannaafrétti vegna sveitarfélagsins og fyrir hönd eigenda jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi og jarða í fyrrum Holta- og Landsveit. Holta- og Landsveit varð til 1. júlí 1993 við sameiningu Holtahrepps og Landmannahrepps, sbr. auglýsingu nr. 207/1993 um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins þar á. Rangárþing ytra varð til 9. júní 2002 við sameiningu Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps og Djúpárhrepps, sbr. auglýsingu nr. 318/2002 um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins þar á. Eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, Holtahreppur og Landmannahreppur áttu aðild að bæði Landmannaafréttarmáli fyrra og síðara. Eigendur jarða í Holtahreppi áttu aðild að Landmannaafréttarmáli síðara. Svo sem áður var rakið liggur fyrir dómsúrlausn um það annars vegar að eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og hins vegar eigendur jarða í Holtahreppi hafi ekki sýnt fram á beinan eignarrétt sinn að Landmannaafrétti. Sama máli gegnir um Holtahrepp og Landmannahrepp, nú innan Rangárþings ytra.

Einu aðilar máls þessa fyrir óbyggðanefnd, sem ekki hafa með beinum eða óbeinum hætti átt aðild að framangreindum dómsmálum, eru eigendur jarða í Landmannahreppi. Hreppsnefnd Landmannahrepps fyrir hönd hreppsins átti hins vegar aðild að bæði Landmannaafréttarmáli fyrra og síðara. Í máli þessu liggja ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á rýmri rétt eigenda jarða í Landmannahreppi en Landmannahreppi, Holtahreppi og eigendum jarða í Holtahreppi var dæmdur í framangreindum dómsmálum.

Að því er varðar rétt til upprekstrar og afréttarnota af Landmannaafrétti verður einnig lögð til grundvallar sú niðurstaða Hæstaréttar í Landmannaafréttarmáli fyrra að íbúar Holtahrepps og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega með íbúum Landmannahrepps upprekstrarrétt á Landmannaafrétt enda hefur ekkert komið fram í máli þessu sem bendir til þess að aðrir eigi slíkan rétt.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Rangárþings ytra, eigenda jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi og jarða í fyrrum Holta- og Landsveit, að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, sbr. fyrrgreinda dóma Hæstaréttar frá 1955 og 1981 í Landmannaafréttarmáli fyrra og síðara. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Landmannaafréttur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá um Hrauneyjalón og Krókslón í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhendingu í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn. Þaðan eftir*

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



*Hábarmi í há-Torfajökul, frá há-Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakantind og þaðan í Ófærugil.*

Sama landsvæði, að undanskildum Torfajökli, er afréttur jarða í fyrrum Holta- og Landsveit (Landmanna- og Holtahreppum), auk jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Torfajökull verður eðli máls samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Torfajökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur fyrrum Landmanna- og Holtahreppa og jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Friðland að fjallabaki“, sbr. auglýsingu nr. 354/1979, „Hekla“, „Veiðivötn“.

Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísast þangað.

#### **6.4. Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar**

Kröfugerð Landsvirkjunar er sameiginleg fyrir mál á svæði 3 hjá óbyggðanefnd, sjá kafla 2.2. um afmörkun þess. Hér verður einungis leyst úr kröfum Landsvirkjunar að því marki sem þær varða það mál sem hér er til umfjöllunar.

Í eftirfarandi kafla verður fyrst gerð grein fyrir þeim einkaréttarlegu samningum og heimildum sem Landsvirkjun hefur átt aðild að með beinum eða óbeinum hætti, fyrirtækið byggir kröfur sínar á og þýðingu hafa fyrir mat á réttarstöðu þess á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Þá verður gerð grein fyrir þeirri löggjöf sem á hverjum tíma hefur tekið til starfsemi og réttinda Landsvirkjunar og fyrirtækið vísar til um réttindi sín. Að því búnu verður grein gerð fyrir hinum almenna þætti í niðurstöðum óbyggðanefndar og loks ákvörðuð sérstaklega réttarstaða fyrirtækisins á því svæði sem mál þetta tekur til. Áður en þessi efnisatriði verða rakin verður fjallað um málsástæður og röksemdir aðila.

##### **6.4.1. Sjónarmið íslenska ríkisins**

Af hálfu ríkisins er kröfum Landsvirkjunar mótmælt að svo miklu leyti sem þær fara í bága við niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000. Vísar ríkið til þess að nefndin hafi í því máli gert ítarlega rannsókn að lagaheimildum sem varða Landsvirkjun ásamt því að kanna tiltæk lögskýringargögn.

##### **6.4.2. Sjónarmið Landsvirkjunar**

Landsvirkjun heldur því fram að bein og óbein eignarréttindi fyrirtækisins á því svæði, sem hér er til meðferðar, felist fyrst og fremst í vatnsréttindum, heimildum til bygginga og rekstri orkuvera og mannvirkja sem þeim eru tengd. Þessi réttindi reisir Landsvirkjun á einkaréttarlegum heimildum, lögum og virkjunar- og framkvæmdarleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun en síðar í úrskurðinum verður nánar vikið að þessum heimildum.

Af hálfu Landsvirkjunnar er því haldið fram að með 2. gr. laga nr. 37/1971, sem bætti nýrri málsgrein við 4. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 59/1965, hafi verið samþykkt að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hauneyjafoss. Vísar Landsvirkjun til þess að fram komi í athugasemdum með frumvarpi til laganna að virkjanir fyrirtækisins í Tungnaá geri það óhjákvæmilegt að Landsvirkjun öðlist nauðsynleg vatnsréttindi og önnur réttindi þeirra vegna sem ríkið eigi yfir að ráða. Einnig komi fram að fyrrgreindu lagaákvæði sé ætlað að tryggja Landsvirkjun þessi réttindi. Þá hafi fyrirtækinu verið veitt heimild með 4. gr. laga nr. 37/1971, sem breytti 6. gr. laga nr. 59/1965, til að reisa raforkuver í Þjórsá við Búrfell, í Tungnaá við Hrauneyjarfoss og í Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum fyrir allar virkjanirnar. Loks hafi fyrirtækið fengið heimild til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar voru til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Hafi þessar heimildir m.a. náð til stíflugerða í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá.

Landsvirkjun bendir á að við 2. umræðu frumvarps, sem varð að lögum 37/1971, í efri deild Alþingis 14. desember 1979, hafi komið fram hjá Helga Bergs alþingismanni að ekki hefðu fengist nein svör við því í iðnaðarnefnd efri deildar hvernig vatnsréttindi, sem ríkið afhenti Landsvirkjun, yrðu metin sem framlag af hálfu ríkisins. Hjá þingmanninum hefði síðan komið fram að hann gerði ráð fyrir að það yrði gert með sama hætti og gert var við stofnun Landsvirkjunar. Af hálfu Landsvirkjunar er því haldið fram að þetta sýni mætavel vilja löggjafans. Afhending réttinda ríkisins til fyrirtækisins vegna Hrauneyjafossvirkjunar og Sigöldu hafi verið fyrirvaralaus og án takmörkunar. Því til viðbótar hafi þetta ekki leitt til breytinga á eignarhlutföllum ríkisins og Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu.

Varðandi hugsanlega vanheimild af hálfu ríkisins við afhendingu réttinda til Landsvirkjunar bendir fyrirtækið á að betri réttur þriðja manns standi því ekki í vegi að fyrirtækið öðlist þau lands- og vatnsréttindi í Efri-Þjórsá, Köldukvísl, Tungnaá og Þórisvatni sem framseld voru bæði með samningum og lögum, svo sem síðar verður nánar rakið í úrskurðinum. Í 1. mgr. 2. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998, segi að ríkið sé eigandi lands og hvers konar annarra landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki séu háð einkaeignarétti. Af þessu leiði að upprunaleg vanheimild sem kunní að hafa verið fyrir hendi hafi ekki áhrif þar sem ríkið hafi síðar öðlast fullkominn rétt yfir þeim réttindum sem framseld voru. Samkvæmt þessum rökum beri óbyggðanefnd að viðurkenna samninga sem ríkið hafi gert um ráðstöfun réttinda á svæðinu.

Landsvirkjun vísar til þess að ákveðin þáttaskil hafi orðið í starfsemi fyrirtækisins í upphafi níunda áratugarins með þátttöku Akureyrarbæjar í fyrirtækinu, gerð samnings við ríkið frá 11. ágúst 1982 um virkjunarmál og yfirtöku byggðalína, svo og nýjum lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, sem leystu eldri lög nr. 59/1965 af hólmi. Fyrir árið 1981 hafi Landsvirkjun eignast öll vatnsréttindi á vatnasvæði Efri-Þjórsár vegna Búrfells-, Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana, þar með talið miðlunarlónið Þórisvatn. Bendir fyrirtækið á að 1. mgr. 4. gr. laga nr. 42/1983, sem sett voru í beinu framhaldi af sameignarsamningi um inngöngu Akureyrarbæjar í fyrirtækið og um breytt eingarhlutföll, sé kveðið á um það með skýrum og ótvíræðum hætti að Landsvirkjun sé eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hafi eignast fyrir setningu laganna. Um þetta ákvæði segi síðan í athugasemdum með frumvarpi til laganna að Landsvirkjun haldi sem sinni eign öllum vatnsréttindum og réttindum sem Landsvirkjun hafi öðlast til virkjana í Sogni, í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss samkvæmt 4. gr. laga nr. 59/1965. Með þessu telur Landsvirkjun að öll tvímæli hafi verið tekin af um að fyrirtækið ætti öll vatns- og landsréttindi sem fyrirtækið hafði eignast fyrir setningu laganna enda hefði að öðrum kosti ekki verið þörf á lagagreininni.

Af hálfu Landsvirkjunar er gerð sú krafa að staðfest verði á sama veg og í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000 að Landsvirkjun fari með eignarétt þeirra mannvirkja sem kröfugerð fyrir- tækisins nær til og njóti lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna orkuvinnslu.

Um afmörkun virkjunarsvæða og lands undir mannvirki, sem krafa Landsvirkjunar um viðurkenningu á beinum eignarrétti nær til, hefur fyrirtækið lagt fram teikningar með hnitasetningum. Hvað þetta varðar tekur Landsvirkjun fram að nauðsynlegt sé að umferð fólks á þessu svæði sé takmörkuð vegna starfseminnar og á grundvelli öryggissjónarmiða.

Loks heldur Landsvirkjun því fram að fyrirtækið hafi á grundvelli hefðar öðlast fasteignarréttindi á þessu svæði sem hugsanlega verði talið þjóðlenda og gerir þá kröfu að þau réttindi verði viðurkennd. Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 sé ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna frá og með gildistöku laganna 1. júlí 1998. Fyrir þann tíma hafi Landsvirkjun unnið fulla hefð á landsvæði innan athafnasvæðis Hrauneyjafossvirkjunar og mannvirkjum henni tengdum, sbr. virkjunarleyfi útgefið 30. desember 1976, landsvæði innan marka athafnasvæðis Sigölduvirkjunar og mannvirkjum henni tengdum, sbr. virkjunarleyfi útgefið 8. mars 1973 og öllu landi sem fer undir vatnsmiðlun í Þórisvatni ásamt vatninu sjálfu, sbr. leyfi til vatnsmiðlunar frá 8. júní 1970 og 7. júlí 1971. Enn fremur heldur Landsvirkjun því fram að fyrirtækið hafi unnið hefð á landsvæði austan Þjórsár vegna Búrfellsvirkjunar.

### 6.4.3. Einkaréttarlegar heimildir

Í byrjun 20. aldar var mikið um sölu á vatns- og landsréttindum á Suðurlandi. Voru meðal annars seld þau vatnsréttindi sem Landmannahreppur og Holtahreppur töldu sig eiga á Landmannaafrétti.

Á aukafundi, sem haldinn var í sýslunefnd Rangárvallarsýslu að Efra-Hvoli 16. nóvember 1916, var fjallað um sölu vatnsréttinda. Í bókun frá fundi nefndarinnar segir svo:

Oddviti sýslunefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon, setti fundinn og skýrði nefndinni frá, að hann hefði boðað til þessa fundar samkvæmt beiðni hreppsnefndanna í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi, er óskuðu nú þegar, að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess, að mega selja, leigja eða yfirfæra á annan hátt til hlutafélagsins „Titan“ í Reykjavík öll þau réttindi til vatnsafls, sem nefndum hreppum tilheyra, í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða í heimalöndum þeirra er að ánum liggja og hreppsfélögin sem slík eiga sérstaklega, svo og til þess að selja, leigja eða heimili á annan hátt sama félagi allt það land og byggingarefni í nefndum afréttum, er þarf til þess, að vatnsaflíð verði notað, hvort heldur væri til stíflugarða, vatnsgeyma, áveitu eða fráveitu, eða á hvern annan hátt sem með þarf til þess að vatnsaflíð sjálft verði hagnýtt í félagsins þarfir.

Oddviti lagði síðan fram skriflega beiðni hreppanna hér að lútandi frá oddvita Landmannahrepps, dags. 8. þ.m., oddvita Ásahrepps, dags. 13. þ.m. og oddvita Holtahrepps, dags. 15. þ.m.

Nefndinn veitti e. hlj. skilyrðislaust samþykki sitt við beiðnum öllum samkvæmt framanskráðu.

#### 6.4.3.1. Sala Landmannahrepps á vatnsréttindum í Tungnaá

Hinn 30. apríl 1916 gerði Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi, hreppsnefndaroddviti í Landmannaafrétti, sem seljandi fyrir hönd sveitarfélagsins og Einar Benediktsson, fyrrverandi sýslumaður í Reykjavík, sem kaupandi samning þar sem eftirfarandi réttindi eru seld:

Það, sem selt er, eru þau réttindi, tilheyrandi Landmannaafrétti yfir vatnsafl og vatnsnotkun, í Tungnaá, í Landmannaafrétti, er kaupandi áður hefur haft tilboð um.

Kaupverðið var 4.000 krónur og var samningurinn ásamt samþykki hreppsnefndar frá 29. maí 1916 innritað til þinglesturs 20. september 1917 og þinglýst árið 1918.

Afsal fyrir þessum réttindum var síðan gefið út 22. janúar 1918 en þar segir svo:

Með því að fyrrverandi sýslumaður Einar Benediktsson hefur með afsalsbrjefi, dags. 2. ágúst 1916, framselt hlutafjelinu „Taurus“ öll rjettindi sín samkvæmt framanrituðum kaupsamningi og hlutafjelinu „Taurus“ síðan með afsali dags. 4. ágúst og 21. september 1917 framselt þau hlutafjelinu „Titan“, en bæði þessi afsöl eru 15. október síðastl. innrituð til þinglesturs í afsals- og veðmálabók Rangárvallarsýslu ... og með því að hlutafjelið „Titan“ hefur fyrir lok síðastl. árs greitt Landmannahreppi eptirstöðvar kaupverðsins 2000 -tvö þúsund- kr. þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir því að hlutafjelið „Titan“ er rjettur eigandi alls hins selda samkvæmt framanrituðum kaupsamningi og þar með allra þeirra vatnsafls- og vatnsnotkunarrjettinda í Tungnaá, sem þar ræðir um, að engu undanskildu.

Afsalið var innritað til þinglesturs 4. mars 1918 og þinglýst sama ár.

Hinn 30. júlí 1916 fól hreppsnefnd Landmannahrepps Eyjólfí Guðmundssyni að gera framhaldssamning við Einar Benediktsson um bætur fyrir tjón á afréttarlandi sem leiða kynni af fyrrgreindum kaupsamningi frá 30. apríl 1916. Í samræmi við umboðið var gerður samningur 6. ágúst sama ár og var hann innritaður til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Einar Benediktsson framseldi síðan samning þennan til hf. Titan 31. október 1917.

Í framhaldi af þessu gaf hreppsnefnd Landmannahrepps út afsal 14. febrúar 1919 þar sem segir meðal annars svo:

Hreppsnefndin í Landmannahrepp lýsir hér með yfir því, í framhaldi af áðurgjörðum samningum við fyrrverandi sýslumann Einar Benediktsson og við h/f „Titan“ um vatnsaflsréttindi hreppsins, að hún með skjali þessu selur og afsalar nefndu hlutafélagi, til fullkominnar eignar og umráða rétt til að notfæra sér vatnsaflíð í Tungnaá og öllum kvíslum þeim og vötnum sem í hana renna. Teljast hér nú enn fremur með hin svonefndu veiðivötn (c. Fiskivötn) og partur úr Þórisvatni, allt í þeim hluta afréttarlandsins, sem tilheyrir Landmannahreppi. Samkvæmt þinglesinni landamerkjaskrá.

#### **6.4.3.2. Sala Landmannahrepps á vatnsréttindum í Þjórsá**

Hinn 2. júní 1916 gerði Eyjólfur Guðmundsson, hreppsnefndaroddviti í Landmannahreppi, Einar Benediktssyni svohljóðandi tilboð:

Gegn 6000.00 sex þúsund krónum, skal selja nefndum hr. Einari Benediktssyni vatnsafl og rétt til notkunar þess í Þjórsá fyrir Landmannahreppsafrettarlandi, frá Tungnárósi til Merkihvolslands, og frá Galtarlækjarlandi til Skarfanesslands.

Tilboð þetta samþykkti Einar Benediktsson með áritun á skalið 29. nóvember 1916. Tilboðið var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Hinn 14. febrúar 1919 var síðan gefið út svohljóðandi afsal:

Með því að fyrv. sýslumaður Einar Benediktsson hefir með skjali, dags. 11. febrúar 1917 framselt h/f „Titan“ öll réttindi sín samkvæmt framanrituðu kauptilboði og með því að h/f „Titan“ hefir fyrir lok síðastl. árs greitt Landmannahreppi eptirstöðvar kaupverðsins kr. 4.000 -fjögur þúsund- kr., þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir, að h/f „Titan“ er rjettur eigandi allra rjettinda þeirra sem ræðir um í hinu framanritaða kauptilboði að engu undanskildu.

Afsalið var innritað til þinglesturs 23. maí 1919 og þinglýst sama ár.

Hinn 1. desember 1916 undirritaði Eyjólfur Guðmundsson, oddviti Landmannahrepps, svohljóðandi yfirlýsingu:

Ég undirskrifaður oddviti hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu lýsi hér með yfir því fyrir hönd greindrar hreppsnefndar eftir ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu samkvæmt fundargjörð 16. f.m., og að tilskyldu samþykki fyrrverandi sýslumanns Einars Benediktssonar, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur á eða hefur heimild til yfir Þjórsá eða þeim straumum eða vötum, er liggja til Þjórsár hvort heldur er fyrir löndum eða afréttum, og hvort heldur skuli notast til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana, sem miða eða lúta að fyrirtækjum eða framkvæmdum til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á réttarsvæði hreppsins, yfirferast til hlutafélagsins Titan gegn því, að öllum skilyrðum í fyrri samningum við nefnt félag eða herra Einar Benediktsson verði fullnægt af félaginu, og að allur ágangur, skemmdir eða landspell, sem kunna að orsakast á löndum eða afréttum við stýflur, vegalagning, vatnsgeymslu eða önnur fyrirtæki, sem standa í sambandi við starfrækslu eða notkun ofangreindra réttinda, verði bætt hreppnum með tvöfaldri upphæð þess mats, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn eiga að virða, ef samkomulag verður ekki milli eiganda réttindanna og þess eða þeirra, sem eiga að hagnýta sér þau.

Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti Einar Benediktsson fyrir hönd hf. Titan yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

#### **6.4.3.3. Sala Holtahrepps á vatnsréttindum á Holtamannafrétti, Landmannafrétti og í Þjórsá**

Hinn 3. maí 1916 veitti hreppsnefnd Holtahrepps Ingimundi Benediktssyni umboð til að selja hlut hreppsins úr fossum þeim sem tilheyrðu Holta- og Landmannafréttum. Í kjölfarið gerði Ingimundur svohljóðandi tilboð:

Samkvæmt umboði hreppsnefndarinnar í Holtahreppi dags. 3. maí 1916 gjöri jeg undirskrifaður fyrv. sýslumanni Einari Benediktssyni, eða þeim sem hann tilvisar, það tilboð að selja rjettindi hreppsins til vatnsafls og vatnsaflsnotkunar á Holta og Landmanna afréttum fyrir 2000 – tvö þúsund – krónur.

Tilboð þetta var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918.

Hinn 2. ágúst 1916 framseldi Einar Benediktsson réttindi samkvæmt tilboðinu til a/s Taurus en það félag framseldi þau áfram til hf. Titan 4. ágúst 1917. Var það framsal innritað til þinglesturs 15. október 1917. Hreppsnefnd Holtahrepps afsalaði síðan Einari Benediktssyni réttindin 19. október 1917 með vísun til tilboðsins. Afsalið var innritað til þinglesturs 26. janúar 1918 og þinglýst sama ár.

Um vatnsréttindi Holtahrepps í Þjórsá gaf hreppurinn út samhljóða yfirlýsingu í desember 1916 og Landmannahreppur, svo sem nánar er rakið í kafla 6.4.3.2. Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti síðan Einar Benediktsson fyrir hönd hf. Titan yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

#### **6.4.3.4. Sala vatns- og fasteignaréttinda í Árnassýslu, vestan Þjórsár**

Í málum nr. 6 og 7/2000 er grein gerð fyrir sambærilegum samningum vatns- og fasteignaréttinda í Þjórsá og aðliggjandi vatnsföllum að vestanverðu. Helstu samningar, sem kom til skoðunar í þessu sambandi, eru: (1) Kaupsamningur 19. febrúar 1914 á vatnsréttindum í Gljúfurleitafossi, Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá; Háafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingarfossi í Geldingaá, (2) kaupsamningur á eignarhlut Flóa- og Skeiðamanna í Háafossi og Hjálparfossi 23. febrúar 1914 og (3) kaupsamningur um hluta af Búrfelli og Skeljafelli 28. júní 1916.

#### 6.4.3.5. Kaup landbúnaðarráðuneytisins á réttindum hf. Titan

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur<sup>1</sup> milli landbúnaðarráðuneytisins og hf. Titan þar sem þau réttindi, sem rakin hafa verið hér að framan, voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu. Kaupsamningurinn var síðan áritaður 16. janúar 1952 af skilanefnd hf. Titan um afsal til landbúnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins. Samningurinn var móttækinn til þinglýsingar þann 29. janúar 1952. Í samningi þessum segir svo:

Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavik på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdragar herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og søer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som, selskabet har erhvervet; i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifølge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter: [Sleppt er úr skjölum sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

- 1. ...

...

- 29. Sköde, dateret d. 14. februar 1919, angående vandkraft i Þjórsá i Landmannahreppurs fjældgræsegange.

...

- 32. Sköde, dateret d. 22. januar 1918, angående vandrettigheder i Tungnaá (tilhørende Landmannahreppur)

...

- 35. Sköde, dateret d. 31. október 1917, angående vandrettigheder i Holtafréttur og Landmannafréttur.

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.

...

Síðan komu í samningi þessum ákvæði um kaupverð og greiðslufyrirkomulag en ekki þykja efni til að rekja þá skilmála samningsins.

#### 6.4.3.6. Sameignarsamningar um Landsvirkjun

Hinn 1. júlí 1965 var undirritaður samningur milli borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstjórnar Íslands um Landsvirkjun.<sup>2</sup> Þar segir í 2. gr.:

1 Skjal nr. 6 (13).

2 Skjal nr. 6 (2).

Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:

1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.

Í 5. tölulið A-liðar var síðan fjallað um þær peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. var fjallað um framlag Reykjavíkurborgar.

Í þessum sameignarsamningi var ekki að finna neitt ákvæði um hve stóran eignarhluta hvor aðili ætti en í lögum nr. 59/1965 frá 20. maí sama ár, um Landsvirkjun, var hins vegar í 2. mgr. 1. gr. tekið fram að hvor aðili, ríkið og Reykjavíkurborg, ætti helming fyrirtækisins.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg.

Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður Íslands átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð nýkr. 70.137.000,-. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 félli þá úr gildi.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Landsvirkjun, sem varð síðar að lögum nr. 42/1983, kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og var þar samkomulag um framangreind eignarhlutföll og segir þar í athugasemdum við 1. gr.:

Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Jafnframt

yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hvernar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbyli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærileg því sem almennt væri greitt vegna slíkra réttinda. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbundu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttust ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði:

4. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%

Ekki voru gerðar neinar þær breytingar sem vörðuðu málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

#### 6.4.3.7. Samningar Landsvirkjunar um bótagreiðslur

Landsvirkjun hefur gert samninga um greiðslu bóta vegna röskunar á landi og eftir atvikum skerðingu á nytjum afrétta. Verður hér fjallað um þá samninga sem gerðir hafa verið og lúta að því landsvæði sem er til umfjöllunar í máli þessu. Um samninga Landsvirkjunar um bætur á öðrum svæðum vísast til kafla 12.1.3. í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 7/2000.

Hinn 3. júlí 1981 var undirritaður samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hins vegar. Í 1. gr. samningsins var fjallað um að virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár hafi haft í för með sér breytingar á árfarvegum, tilkomu nýrra vatnsvega og gróðurskemmda á afréttum hreppanna. Er það síðan rakið að leitast hafi verið við að ná samkomulagi um lausn mála, ýmist í eitt skipti fyrir öll eða til lengri eða skemmri tíma. Sagði síðan að ætlunin með þessum samningi væri að leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll og einnig leysa hliðstæð mál sem kynnu að koma upp í framtíðinni að því er varðaði frekari framkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir. Í 2. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu hreppanna að þeir hafi þegar komið á framfæri öllum kröfum og athugasemdum vegna byggingar og rekstrar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar og muni ekki gera frekari kröfur eða athugasemdir vegna framkvæmda, reksturs eða hugsanlegrar stækkunar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar. Loks var því lýst í 3. gr. samningsins að öllum kröfum og athugasemdum, sem settar hafi verið fram af lögmönnum hreppanna í tilefni auglýsingar iðnaðarráðuneytisins dagsettri 10. janúar 1977 og snerti hagsmuni þeirra með tilliti til framkvæmda við Sigölduvirkjun og reksturs hennar eða stækkun hennar, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar. Þá var því sama lýst yfir hvað varðaði framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun, rekstur hennar og hugsanlegrar stækkunar, sbr. 4. gr. Í samningnum var einnig fjallað um áætlanir Landsvirkjunar um vatnaveitur og aðrar aðgerðir sem fyrirhugaðar væru af hálfu fyrirtækisins á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár til að tryggja rekstur núverandi virkjana Landsvirkjunar og þeirra virkjana sem til greina kæmi að byggja á afréttum hreppanna samkvæmt mynsturáætlun verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Var því einnig lýst yfir af hálfu hreppanna að öllum kröfum og



athugasemdom, sem snertu hagsmuni þeirra, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar.

Í 6. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu Landsvirkjunar að fyrirtækið skuldbindi sig til að greiða hreppunum bætur, kr. 3.000.000,00 í eitt skipti fyrir öll, vegna alls tjóns af hvaða tagi sem þeir hafi orðið fyrir til þessa vegna byggingar, reksturs og stækkunar Búrfellsvirkjunar, Þórisvatns-miðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar og annarra framkvæmda og aðgerða á afréttum hreppanna. Þá skuldbatt Landsvirkjun sig til þess að greiða hreppunum bætur fyrir hvern hektara beitarlands sem færi undir vatn eða spilltist á annan hátt vegna miðlana, vatnaveita og annarra virkjanaframkvæmda á afréttum hreppanna.

Í sama ákvæði kom fram að samkomulag væri um að bæturnar skyldu ákveðnar af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og miðaðar við hve háar bæturnar skyldu vera til að ná upp sama beitargildi og stofnunin teldi að svæðið hefði áður haft. Bæturnar skyldur vera að lágmarki kr. 200 en að hámarki kr. 300 á hektara miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1981 og skoðast sem fullnaðarbætur í eitt skipti fyrir öll, fyrir hlutaðeigandi svæði, eins og það var orðað í samningnum. Jafnframt féllu hrepparnir frá öllum eldri kvöðum og samningum um ræktun á afréttum hreppanna, sbr. 7. gr.

Þá kom fram í 8. gr. samnings þessa að Landsvirkjun skuldbatt sig til að setja upp girðingar á afréttum hreppanna til að tryggja öryggi manna og búfjár svo og til að afréttaskil raskist ekki. Einnig voru ákvæði um skuldbindingu Landsvirkjunar um stuðlun laxgengdar um fossinn Búða í Þjórsá með gerð laxastiga um fossinn eða sprengingum, sbr. 9. gr. svo og um yfirlýsingu fyrirtækisins varðandi framkvæmdir við að reisa á kostnað þess aðstöðu fyrir lax- og silungsklak og kosta þar tilraunaeldi og rannsóknir, sbr. 10. gr. Miðað skyldi við að stöðin fullnægði sem næst þörfum vatnsvæða í Rangárvallasýslu.

Í samningnum var einnig að finna í 13. gr. ákvæði þar sem hrepparnir lýstu því sérstaklega yfir að téður samningur fæli í sér fullar bætur fyrir allt það tjón og óhagræði sem framkvæmdir og rekstur Landsvirkjunar til þessa hafi haft í för með sér á Holtamanna- og Landmannaafretti, svo sem á gróðri og veiði. Enn fremur staðfestu hrepparnir að samningurinn fæli í sér fullar bætur fyrir samskonar tjón og óhagræði sem þeir kynnu síðar að verða fyrir vegna framkvæmda Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í samræmi við mynsturáætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Í 14. gr. samningsins var því lýst að með samningnum sé á engan hátt tekin afstaða til ágreinings hreppanna og ríkisins um beinan eignarrétt að afréttum hreppanna eða hlunnindum innan afreittarmarka.

Í 15. gr. samningsins var svohljóðandi ákvæði: „Hrepparnir áskilja sér rétt til sérstakra bóta fyrir sand- og malartöku Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í þágu virkjanaframkvæmda, en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum.“

Samningur þessi var undirritaður með fyrirvara um staðfestingu stjórnar Landsvirkjunar og hlutaðeigandi hreppsnefnda. Sérstakt staðfestingarskjal var síðan undirritað þann 24. júlí 1981 og var samningurinn staðfestur með tveim breytingum. Annars vegar var felld niður úr 15. gr., „en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum.“ En hins vegar var bætt við viðbótar bótagreiðslum að fjárhæð kr. 0,2 millj. kr. til Ása- og Djúparhreppa og kr. 0,4 millj. kr. til Holtamanna- og Landmannahreppa.

Landsvirkjun ritaði oddvitum hreppanna bréf þann 8. júlí 1987 í tilefni þess að fiskur hefði tekið sér bólfestu í miðlunarlónum við Sigöldu, Hrauneyjafoss og Sultartanga. Var í bréfunum lýst þeirri skoðun Landsvirkjunar að spjöll á veiðiám hefðu verið bætt að fullu með samkomulaginu frá 3. og 24. júlí 1981. Þá var þar fullyrt að Landsvirkjun hefði látið gera umrædd virkjunarlón og hefði öll réttindi og umráð yfir lónunum sem eignarrétti fylgdi að lögum. Kröfur Landsvirkjunar voru síðan itrekaðar með bréfum dagsettum 3. febrúar 1992 og í framhaldi af því var þann 2. júní sama ár

haldinn fundur með fulltrúum hreppanna og Landsvirkjun. Niðurstaða fundarins var að gert var um það samkomulag að Landsvirkjun fengi leyfi fyrir tilteknum fjölda stanga í Krókslóni, Kvíslarveitum og Þórisvatni til næstu 5 ára. Þá voru aðilar sammála um að málið yrði skoðað að nýju að liðnum framangreindum tíma, sbr. fundargerð frá 2. júní 1992. Samkomulag þetta er útrunnið og var ekki endurnýjað.

#### **6.4.4. Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum**

##### **6.4.4.1. Inngangur**

Svo sem nánar er rakið í kafla 6.4.2 hefur Landsvirkjun auk einkaréttarlegra heimilda byggt eignaréttarlegt tilkall á þeim lögbundnu heimildum sem fyrirtækinu hafa í gegnum tíðina verið veittar til byggingar og starfrækslu raforkumannvirkja í víðasta skilningi. Er því nauðsynlegt að huga nánar að eignaréttarlegri stöðu Landsvirkjunar samkvæmt þeim lagaheimildum sem fyrirtækið varða og það byggir rétt á sem og þeim leyfum sem veitt hafa verið á grundvelli viðkomandi lagaheimilda.

Við nánari skoðun og mat á því hver réttindi Landsvirkjun eigi á svæði því, sem til meðferðar er í máli þessu og þá eftir atvikum innan svæðis sem úrskurðað kann að verða sem þjóðlenda, hefur verið farin sú leið að kanna lagaheimildir og lögskýringargögn öll, umsóknir Landsvirkjunar um virkjanir og raforkumannvirki, ásamt fylgiskjölum og samsvarandi lögbundnum leyfum ráðherra. Þannig hefur verið leitast við að skýra heimildir Landsvirkjunar og inntak þeirra réttinda sem fyrirtækið hefur öðlast á grundvelli lagaheimilda og leyfisveitinga. Fyrir ályktunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þeirra er síðan gerð grein í kafla 6.4.6.2.

##### **6.4.4.2. Ákvæði í lögum um orkunýtingu fallvatna o.fl.**

Samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 gildir sú meginregla að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er á þann hátt sem lögin heimili. Í V. kafla laganna er síðan fjallað um notkun vatnsorku en í 1. mgr. 49. gr. segir:

Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir ördugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Þá er í 2. mgr. 49. gr. vatnalaga mælt fyrir um að leyfi ráðherra þurfi til að virkja hluta af fallvatni sem hefur meira en 500 eðlishestöfl og megi binda leyfið skilyrðum sem ráðherra telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram eða synja um leyfið ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

Í lögum um vatnsorkusérleyfi, nr. 46/1925, var að finna í 1. mgr. 2. gr. ákvæði sem kvað á um að umráðamönnum vatnsréttinda væri eigi heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því ef fallvatnið hefði meira en 500 eðlishestöfl.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1932, um raforkuvirki, kom fram að hver sveitar- eða bæjarstjórn hefði einkarétt til þess að stofnsetja og starfrækja innan sveitar raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver. Einkarétt þennan gat sveitar- eða bæjarstjórn veitt öðrum aðilum, einstaklingum eða félögum, að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind voru nánar í lögnum, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Í lögum nr. 16/1942, um rafveitur ríkisins, kom fram að ríkisstjórninni væri heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur sem vera skyldu eign ríkisins. Verkefni rafveitna ríkisins skyldu vera skv. 1. mgr. 2. gr. laganna að afla almenningsþarfa í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum

innanhéraðsorkuveitum eða orkuveitafélögum. Samkvæmt 12. gr. laganna hafði rafveitustjóri ríkisins umsjón með fallvötnum í eigu ríkisins.

Þá var ákvæði í 1. mgr. 1. gr. raforkulaga, nr. 12/1946, sem kvað á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem stærri væru en 100 hestöfl, þó svo að ráðherra gæti skv. 4. mgr. 1. gr. laganna heimilað að fenginni tillögu frá raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi eða einstökum manni eða fyrirtæki leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafafliþörf sinni ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsveitur gætu ekki eða óskuðu ekki að láta rafaflið í té.

Í lögum nr. 92/1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, var í 1. gr. að finna ákvæði sem heimilaði ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins m.a. að reisa raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og við Gönguskarðsá. Í 3. gr. laganna sagði að um stofnun og rekstur þeirra orkuvera, sem um ræddi í 1. gr., færi að öðru leyti en fram kæmi í 1. gr. eftir lögum nr. 12/1946. Mjög sambærileg lög voru nr. 34/1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, þar sem í 1. gr. var heimild til handa ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu, Þverá og vatnsfallið Þrandargil í Laxárdal. Tekið var fram í 4. gr. að um stofnun og rekstur orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti en því sem fram kæmi í 1. og 2. gr., eftir lögum nr. 12/1946. Enn var að finna eðlislík ákvæði í lögum nr. 12/1951 um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitu ríkisins. Þar kom fram í 1. gr. að ríkisstjórninni væri heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Fossá og Grímsá. Síðan var í 3. gr. að finna sambærilegt ákvæði og í hinum tveimur fyrrnefndu lögum að um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu færi að öðru leyti eftir lögum 12/1946. Einnig má nefna lög nr. 65/1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins. Í 1. gr. laganna kom fram sú heimild ríkisstjórnarinnar að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja tilgreindar ár skv. ákvæðinu. Í 4. gr. laganna kom fram að um stofnun og rekstur téðra orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 12/1946.

Í 1. gr. laga um orkuver Vestfjarða, nr. 54/1954, var heimildarákvæði fyrir ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólká í Arnarfirði til orkuvinnslu. Ríkisstjórninni heimilaðist að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar ef viðunandi kjör fengjust, sbr. 4. gr. laganna.

Í orkulögum, nr. 58/1967, voru síðan tekin upp hliðstæð ákvæði en þar sagði í 10. gr.:

Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw þarf leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200-2000 kw þarf leyfi ráðherra raforkumála.

Þá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw án sérstaks leyfis.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.

Þá sagði í 11. gr.:

Umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skulu sendar ráðherra raforkumála, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega, eða fær það Alþingi til meðferðar.

Í II. kafla gildandi raforkulaga, nr. 65/2003, er mælt fyrir um heimild til raforkuvinnslu. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi. Um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis er síðan fjallað í 5. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra. Undantekningu frá því er að finna í 10. gr. laganna þar sem segir að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa allt að 3,5 MW. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur fram að um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

#### **6.4.5. Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun**

##### **6.4.5.1. Inngangur**

Hér á eftir verður nánar vikið að einstökum heimildum sem varða Landsvirkjun sérstaklega. Þær lagaheimildir, sem um er að ræða, eiga það sammerkt að samkvæmt þeim er Landsvirkjun heimild að að reisa og reka nánar tilgreind raforkuver og meginstofnlínur og einnig er veitt heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á ákveðnum vatnasvæðum til þess að tryggja rekstur raforkuveranna á hverjum tíma, m.a. með gerð vatnsmiðlana, stíflugerð o.fl. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru, til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á þeim lögum sem fjallað verður um hér á eftir og í því sambandi kannað frumvörp til laganna, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögskýringargögnum sýnist hvergi vera að finna áform í þá veru að með lögnum sjálfum sé tilætluð sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum.

##### **6.4.5.2. Lög nr. 59/1965, um Landsvirkjun**

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru samkvæmt 1. gr. laganna ríkissjóður og Reykjavíkurborg og átti hvor aðili helming fyrirtækisins. Um þær eignir sem fyrirtækinu voru lagðar til í upphafi, af hálfu ríkisins, hefur verið ítarlega fjallað í kafla 6.4.3.6. hér að framan. Verður hér beint sjónum að því hvaða réttindi Landsvirkjun voru fengin með lögnum.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna var svohljóðandi ákvæði:

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvilandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

Í 1. mgr. 5. gr. kom fram að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til sem endurgjalds-laust stofnframlag eignir þær sem greindi í 4. gr. laganna. Í sameignarsamningi aðilanna um Landsvirkjun skyldi gerð nánari grein fyrir þessum framlögum. Í 6. gr. laganna sagði síðan:

Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Þá sagði í 7. gr.:

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar og aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim sem fer með raforkumál, uppdraetti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í athugasemdum við þessa grein segir að rétt þyki að taka fram að Landsvirkjun geri ráðherra fyrir fram ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri tilhögun allra mannvirkja og fái samþykki hans fyrir gerð og frágangi þeirra og er í því sambandi vísað til ákvæða vatnalaga og raforkulaga.

Loks sagði í 18. gr. að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögnum.

Í 4. og 5. gr. laganna var þannig sérstaklega vísað til og fjallað um þau eignarréttindi sem fyrirtækinu væru lögð til samkvæmt upphaflegum sameignarsamningi aðila frá 1. júlí 1965, sem nánar er fjallað um í kafla 6.4.3.6. Tilvitnuðum lagaheimildum sýnist hins vegar ekki hafa verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og meiri þýðingu að eignarrétti en fólst í framsali þeirra skv. tilvitnuðum samningi. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1, er það því mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 59/1965 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.3. Lög nr. 36/1969, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun**

Lög þessi fjalla einungis um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna sem fjallar um heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar.

Þessi lagabreyting hefur ekki áhrif á þau málefni sem um er fjallað í úrskurði þessum.

#### **6.4.5.4. Lög nr. 37/1971, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun**

Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun.

Helstu breytingar voru þær að samkvæmt 2. gr. var bætt nýrri málsgrein við 4. gr. laganna svohljóðandi:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði greinin þannig eftir breytinguna:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldneytisafstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Í 2. gr. laganna, sem breytti 4. gr. eldri laga, er þannig kveðið á um það að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild sé eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegu framsali en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Breyta engu í því tilliti ummæli þingmanns við 2. umræðu í efri deild Alþingis 14. desember 1970 um mat á vatnsréttindum sem ríkið afhenti Landsvirkjun, eins og hreyft hefur verið af hálfu Landsvirkjunar. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 37/1971 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### 6.4.5.5. Lög nr. 60/1981, um raforkuver

Hinn 4. júní 1981 voru samþykkt á Alþingi lög um raforkuver, nr. 60/1981. Þar var í 1. mgr. 1 gr. fjallað um virkjanir Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar og er málsgreinin svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar – að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW aflí – að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW aflí – að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvislaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga – að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afl.

Í 4. mgr. 1. gr. laganna sagði síðan:

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Þá sagði í 5. mgr. 1. gr. laganna:

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landakerfið að því marki sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingar staða út frá landskerfinu.

5. gr. laganna var svohljóðandi:

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar sbr. kafla 6.4.5.1, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 60/1981 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Lands-

virðjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### 6.4.5.6. Lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun

Ný lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1983 og komu þau í stað laganna nr. 59/1965 með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim. Þar segir í 4. gr:

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dagsettum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Þá segir í 6. gr:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.

Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.

Villinganesvirkjun með allt að 40MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

Loks segir í 7. gr:

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í 18. gr. laganna segir að ráðherra geti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögnum.

Í 1. mgr. 4. gr. er þannig tekið fram að fyrirtækið sé eigandi orkuvera, vatnsréttinda o.fl. sem það hafi eignast fyrir setningu laganna og í 2. mgr. 4. gr. er vísað til sameignarsamnings eigendanna frá 27. febrúar 1981, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.3.6. og hnykkt á því að samkvæmt honum taki Landsvirkjun við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun. Þá er í 5. gr. laganna vísað til þess að Landsvirkjun hafi verið lögð til stofnframlög og vísað um það til 4. gr. laganna og tilvitnaðs samnings. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild hafi ein-

göngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegu framsali en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1. er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 42/1983 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.7. Lög nr. 74/1990 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.**

Lög nr. 74/1990 voru samþykkt á Alþingi 18. maí 1990. Þar segir í 1. gr:

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málslíðir sem orðist svo:

- að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
- að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

Ekki voru gerðar frekari breytingar á lögnum um raforkuver samkvæmt þessum breytingarlögum sem skipta máli í þessari umfjöllun.

Hins vegar var með þessum lögum einnig breytt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og var þar bætt tveim nýjum málsgreinum á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna svohljóðandi:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

Í bráðabirgðaákvæði I var svofellt ákvæði:

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1. er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 74/1990 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Lands-



virðjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.8. Lög nr. 9/1997 um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun**

Þessi lög fjalla einkum um stjórnun Landsvirkjunar og heimild til þess að hasla sér völl erlendis. Þá er einnig ákvæði um greiðslu arðs af eigendaframlögum.

#### **6.4.5.9. Lög nr. 48/1999 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum**

Þau ákvæði þessara laga, sem snerta viðfangsefni úrskurðar þessa, eru 1. og 2. tl. 1. gr. laganna en sú grein varð að nýrri 1. gr. í lögnum nr. 60/1981. Þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að virkja fallvatn sem veitt væri um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW aflí og virkja á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW aflí. Jafnframt var breytt númerum greina í lögnum. Loks var fellt úr gildi ákvæði I til bráðabirgða í lögnum.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1. er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 48/1999 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.5.10. Lög nr. 67/2003 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum**

Með a-lið 1. gr. laganna var nýrri málsgrein bætt við 2. gr. laga nr. 60/1981 um heimild Landsvirkjunar að fengnu leyfi iðnaðarráðherra til að reisa og reka vantsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfissráðherra, dags. 30. janúar 2003. Að öðru leyti snerta þessi lög ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1. er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 67/2003 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

#### **6.4.6. Niðurstaða óbyggðanefndar**

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrirmælum a- og c-liða þeirrar greinar laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir einstaklingar og lögpersónur, þ.e. við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Af hálfu Landsvirkjunar eru, svo sem ítarleg grein hefur þegar verið gerð fyrir, sbr. kafla 6.4.2., gerðar kröfur um viðurkenningu á víðtækum réttindum á því landsvæði sem til úrlausnar er í máli þessu og koma þær kröfur eðli málsins samkvæmt til skoðunar og mats á þeim sem landsvæðum sem ella yrðu úrskurðuð þjóðlenda enda fellur það utan valdsviðs óbyggðanefndar að fjalla um stöðuna innan eignarlanda. Af hálfu Landsvirkjunar er um að ræða kröfur vegna landsréttinda sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunni síðar að verða reist, svo sem ein-

stakra virkjana og virkjanasvæða, eins og það er skilgreint; uppistöðulóna; stíflna; vatnsvega; mið-unarmannvirkja; orkuflutningslína; spennna- og rofavirkja; vega; vegaslóða; háspennulína; mælistöðva; veiðiréttinda í virkjunarlónum og vatnsvegum.

Svo sem fram hefur komið styðjast kröfur Landsvirkjunar við eftirfarandi meginþætti:

Í fyrsta lagi reisir Landsvirkjun kröfur sínar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda.

Í öðru lagi reisir Landsvirkjun kröfur sínar á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyf-um ráðherra og/eða annarra stjórnvalda, gefnum út á grundvelli laga.

Í þriðja lagi byggir Landsvirkjun kröfur sínar um viðurkenningu á eignarrétti yfir landsvæði og vatnsréttindum við hefð.

Verður nú nánari grein gerð fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þessara heimilda fyrir eignarréttarlega stöðu Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Að því ber að gæta við eftirfarandi umfjöllun að í málum nr. 6 og 7/2000 hefur óbyggðanefnd nú þegar tekið almenna afstöðu til þeirra meginálitaefna sem hér eru til úrlausnar og raunar fjallað efnislega um þær einstöku lagaheimildir sem vikið verður að hér á eftir sem og nokkrar þeirra einkaeignarréttarlegu heimilda sem Landsvirkjun byggir rétt á í málinu. Að því leyti sem ekki hefur verið teflt fram nýjum gögnum eða málsástæðum, sem máli skipta, telur nefndin sig bundna af fyrri úrlausnum sínum.

#### 6.4.6.1. Kröfur byggðar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda

Hér verður fjallað um þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á að tilkomin séu fyrir einkaeignarréttarlegt framsal.

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir. Gildir þá sú almenna og viðurkennda meginregla á sviði eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki afsal- að viðtækari rétti en hann á sjálfur.

Í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar á svæði 1 og með tilliti til annarra mála á svæði 3 þykir rétt að víkja að þeim sérstöku réttindi sem Landsvirkjun voru framseld/afhent með sameign-arsamningnum frá 1. júlí 1965.

Í upphaflegum lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er gengið út frá því í 4.-6. gr. laganna að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi. Það er gert með skírskotun til tilvitnaðs sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar leggja hinu þá nýstofnaða fyrirtæki til tilteknar eignir. Svo sem fyrr er vitnað til skipta þau réttindi, sem tilgreind eru í 3. tl. a-liðar 2. gr. samningsins, meginmáli í þessu sambandi. Þar segir svo:

Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttinda til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.

Hér er væntanlega um að ræða þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið taldi sig komið að með samningum við skilanevnd hf. Titan, sbr. kaupsamningur frá 8. júní 1951 sem grein er gerð fyrir í kafla 6.4.3.5.

Kaup hf. Titan á vatns- og landsréttindum á Landmannaafrétti eru rakin í kafla 6.4.3. Viðsemjendur félagsins voru Landmannahreppur og Holtahreppur sem töldu til réttinda á Landmannaafrétti og Holtamannaafrétti en þau sveitarfélög sem þessir afréttir falla undir telja nú til slíks réttar. Einnig er vikið að kaupum hf. Titan á lands- og vatnsréttindum í máli nr. 1/2003 vegna Holtamannaafréttar og máli nr. 7/2000 vegna Gnúpverjaafréttar.

Fyrr í þessum úrskurði hefur verið fjallað um Landmannaafrétt, sjá kafla 6.3., og var þar komist

að þeirri niðurstöðu að landsvæðið hefði aldrei verið undirorpið einkaeignarétti. Réttur viðkomandi afréttarhafa felist þannig fyrst og fremst í beitarrétti, veiðirétti og eftir atvikum öðrum þrengri notum eða því sem hefur verið kallað afréttareign.

Í samræmi við þá niðurstöðu verður að telja að Landmannahreppi og Holtahreppi hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Landmannaafrétti. Hf. Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanevnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. a-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Nauðsynlegt er þó að árétta að þar er eingöngu um að ræða í þessu tilviki vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

Í kafla 6.4.3.7. er vikið að bótasamningi sem Landsvirkjun gerði við Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannaafrétt vegna skerðingu hagsmuna á Holta- og Landmannaafréttum. Við almennt mat á þýðingu samninganna að eignarrétti er einkum til þess að líta að framsetning og orðalag þeirra ber það ekki með sér að tilætlunin sé sú að yfirfæra eignarréttindi til handa Landsvirkjun heldur að einvörðungu sé verið að gera samkomulag um bætur vegna röskunar á nýtingarmöguleikum þeirra sem telja til réttar þessum afréttum. Verður því almennt séð ekki byggt á téðum samningum sem grundvöll að yfirfærslu eignarréttinda, að því marki sem slík réttindi kunna að vera fyrir hendi.

Þótt upprunaleg vanheimild hafi verið fyrir hendi af hálfu ríkisins við framsal réttinda til Landsvirkjunar heldur fyrirtækið því fram að það komi ekki að sök verði afrétturinn talin þjóðlenda. Verði þetta leitt af 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998 en þar sé ríkið lýst eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarétti. Því geti óbyggðanefnd viðurkennt þá samninga sem ríkið hafi gert um ráðstöfun réttinda á svæðinu fyrir lögfestingu laga nr. 58/1998. Að því leyti sem slíkt kemur til álita í máli þessu verður ekki á það fallist, enda er óbyggðanefnd að lögum ekki bær til að stofna til eða ráðstafa réttindum yfir eða á þjóðlendum. Um áunnin réttindi fyrirtækisins fyrir hefð vísast til kafla 6.4.6.3. Þá skal áréttað að það er á færi viðeigandi handhafa ríkisvalds í skjóli valdheimilda sinna að kveða nánar á um réttarstöðu Landsvirkjunar að þessu leyti, svo sem nánar verður vikið að hér á eftir, sbr. og 2. kafla laga nr. 58/1998.

#### 6.4.6.2. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar og koma þá jafnframt til skoðunar virkjunarleyfi og önnur framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í kafla 6.4.5. hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim lagaheimildum sem um starfsemi og réttindi Landsvirkjunar fjalla og fjallað hafa á hverjum tíma eða varða með öðrum hætti réttarstöðu fyrirtækisins í þessu sambandi.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. gildandi lög um Landsvirkjun nr. 42/1983 með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver nr. 60/1981 með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt. Um nánari útlistun þessa vísast til umfjöllunar í kafla 6.4.5.

Svo sem rakið er í kafla 6.4.5. hefur óbyggðanefnd gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og

athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fölgjandi í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd hf. Titan, sbr. 3. t.l. a-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna, né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hvernir virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Í málatilbúnaði Landsvirkjunar í málinu er því haldið fram að túlka beri 4. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 4. gr. eldri laga nr. 59/1965, á þá leið að fyrirtækinu hafi með ótvíræðum og sjálfstæðum hætti verið fengnar eignarheimildir að öllum þeim vatnsréttindum og eftir atvikum öðrum fasteignarétt-

indum sem fyrirtækið hafi verið komið að fyrir setningu laganna. Málsástæða þessi gengur þvert á niðurstöður óbyggðanefndar í málum 6 og 7/2000, sbr. samhljóða rökstuðningur hér að framan, þess efnis að hvorki í eldri né yngri lögum hafi tilætlunin verið sú að stofna til einkaeignarréttarlegra heimilda Landvirkjun til handa umfram það sem talið var felast í einkaréttarlegum samningum. Sérstaklega skal áréttað að óbyggðanefnd fellst ekki á þá málsástæðu Landsvirkjunar að með 4. gr. laga nr. 42/1983 hafi tilætlunin verið sú að stofna til eða staðfesta einkaeignarréttarlegar heimildir fyrirtækinu til handa umfram það sem talið var leiða af 2. gr. sameignarsamnings um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærri handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

#### 6.4.6.3. Kröfur byggðar á hefð

Af hálfu Landsvirkjunar er byggt á því að fyrirtækið hafi unnið hefð á landsvæði innan athafnasvæðis Hrauneyjafossvirkjunar, Sigölduvirkjunar og austan Þjórsár vegna Búrfellsvirkjunar. Um önnur álitæfni en Búrfellsvirkjun er fjallað í máli nr. 1/2003 um Holtamannaáfrétt.

Fyrirtækið heldur því fram að fullur hefðartími hafi verið liðinn 1. júlí 1998 þegar lög nr. 58/1998 tóku gildi en frá þeim tíma er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir hefði, sbr. 7. mgr. 3. gr. laganna. Framkvæmdir við Búrfellsvirkjun hófust á árinu 1967 og var virkjunin tekin í notkun á árinu 1969. Landsvirkjun hefur lagt fram kort með hnitasetningum af því landsvæði sem fyrirtækið telur að það hafi öðlast eignarrétt að fyrir hefð.

Að því marki, sem ætlunin hefur verið að yfirfæra til Landsvirkjunar eignarréttindi á einkaréttarlegum grundvelli getur komið til álita að fyrirtækið hafi öðlast slík réttindi á grundvelli hefðar þótt viðkomandi réttindi hafi í raun ekki verið yfirfærð vegna heimildarskorts afsalsgjafa. Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að Landsvirkjun geti ekki öðlast eignarréttindi að lands- eða vatnsréttindum fyrir hefð þegar umráð fyrirtækisins eru eingöngu reist á þeim lagaheimildum sem gerð hefur verið grein fyrir í kafla 6.4.5. Verður ekki talið að réttindi fyrirtækisins á slíkum laga- grundvelli geti orðið rýmri eftir almennum lagareglum um hefð, enda má gera ráð fyrir að löggjafinn hafi ekki ætlast til að Landsvirkjun öðlaðist aðra og betri réttarstöðu en leiðir beinlínis af þeim lögum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins. Um þetta vísast nánar til umfjöllunar nefndarinnar í máli nr. 7/2000 í kafla 12.4.1.

Í sameignarsamningnum um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965 var kveðið á um afhendingu vatnsréttinda vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þyrfti vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar. Úr þessu álitæfni hefur þegar verið leyst að hluta hvað varðar framsal ætlaðra vatns- og landsréttinda vestan Þjórsár, sbr. mál nr. 7/2000. Svo sem þar er nánar rakið var beinu eignarréttartilkalli Landsvirkjunar hafnað en þar réð úrslitum að ekki var í málinu byggt á hefð af hálfu fyrirtækisins. Hér er nú til álita hvort Landsvirkjun kunni á sama grundvelli og fyrir gildistöku þjóðlendulaga að hafa unnið hefð á landi

austan Búrfells en á því er beinlínis byggt af hálfu Landsvirkjunar í þessu máli. Hins vegar er ekki byggt á því sérstaklega að Landsvirkjun hafi unnið hefð á vatnsréttindum þeim sem upphaflega stóð til að afsala af hálfu ætlaðra réttthafa að Landmannaafrétti og telja má að tilætlunin hafi verið að leggja til Landsvirkjunar vegna Búrfellsvirkjunar með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965.

Um hefðarkröfu vegna lands austan Þjórsár er til þess að líta að Landsvirkjun sýnist aldrei hafa haft það land í hefðarhaldi í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Er kröfum í þessa veru því hafnað.

#### **6.4.6.4. Vatnsmiðlanir og aðrar orkuveitur á Landmannaafrétti**

Í Árnessýslu og á Holtamannaafrétti hefur Landsvirkjun reist virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar orkuveitur, svo sem nánar er rakið í málum nr. 7/2000 og 1/2003. Hluti af þessum mannvirkjum nær inn á Landmannaafrétt eins og hér verður nánar lýst. Hér á eftir verður helstu mannvirkjum nánar lýst, auk þess sem greint verður frá staðsetningu þeirra og hvenær þau voru reist og tekin til notkunar. Samhliða verður einnig getið þeirra lagaheimilda og virkjunarleyfa sem liggja til grundvallar. Loks verður tekin endanleg afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi.

##### *Búrfellsvirkjun*

Framkvæmdir við virkjunina hófust á árinu 1967 og var hún tekin í notkun árið 1969. Virkjunin er í Árnessýslu á landi því sem áður tilheyrði syðsta hluta Gnúpverjaafréttar og var upphaflega selt Einari Benediktssyni 28. júlí 1916 en framselt til hf. Titan 11. febrúar 1917, svo sem nánar er rakið í kafla 6.11. í máli nr. 7/2000. Með Búrfellsvirkjun er Þjórsá virkjuð en Þjórsá liggur á mörkum Landmannaafréttar og Gnúpverjahrepps í Árnessýslu.

Í 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, var að finna heimild fyrir fyrirtækið til að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar. Í 7. gr. laganna var áskilið að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þyrfti Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem færi með raforkumál. Einnig var tekið fram í ákvæðinu að Landsvirkjun skyldi senda viðkomandi ráðherra uppdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim áður en byrjað yrði á nýjum mannvirkjum. Svo sem nánar er rakið í kafla 12.4.3.1. í máli nr. 7/2000 hafa ekki fundist nein gögn um að Landsvirkjun hafi fullnægt þessum skilyrðum. Þó verður ekki annað séð en að stjórnvöld hafi litið svo á að fyrirtækið fullnægði lögbundnum skilyrðum til byggingar og starfrækslu orkuversins. Með 1. gr. laga nr. 74/1990 var bætt við 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, heimild til að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afls. Með sömu lögum var samsvarandi breyting gerð á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

##### *Sigölduvirkjun, Sigöldulína 2, Sigöldulína 3 og Sigöldulína 4*

Í kjölfar Búrfellsvirkjunar var Sigölduvirkjun reist á árunum 1973-1977 en vélasamstæður virkjunarinnar voru gangsettar 1977 og 1978. Var Tungnaá stífluð efst í gljúfrunum ofan við Sigöldu og myndaðist við það 14 km<sup>2</sup> miðlunarlón, Krókslón. Virkjunin er á Holtamannaafrétti en Krókslón nær inn á Landmannaafrétt. Frá Sigölduvirkjun liggja þrjár háspennulínur um Landmannaafrétt en þær eru Sigöldulína 2, sem liggur að tengivirki við Hrauneyjafossvirkjun, Sigöldulína 3 sem liggur að tengivirki við Búrfellsvirkjun og Sigöldulína 4 sem liggur að aðveitustöðinni á Prestbakka á Síðu.

Með lögum nr. 37/1971 voru gerðar breytingar á lögum nr. 69/1965, um Landsvirkjun. Var nýrri málsgrein bætt við 4. gr. laganna en þar sagði meðal annars að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjanna í Tungnaá við Sigöldu. Einnig var 6. gr. laganna breytt og mælt fyrir um heimild Landsvirkjunar til að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum. Með 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, var Landsvirkjun að fengnu samþykki ríkissjórnarinnar veitt heimild til að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW.

Með leyfi iðnaðarráðherra 8. mars 1973 var Landsvirkjun veitt heimild til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.

#### *Hrauneyjafossvirkjun og Hrauneyjafosslína 1*

Hrauneyjafossvirkjun var reist á árunum 1977-81 og hófst rekstur stöðvarinnar árið 1981. Var Tungnaá stífluð um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og um 5 km neðan við Sigölduvirkjun. Við stífluna myndaðist 8,8 km<sup>2</sup> dægurmiðlunarlón. Virkjunin er á Holtamannaafrétti en lónið nær inn á Landmannaafrétt. Frá virkjuninni liggur Hrauneyjafosslína 1 sem liggur um Landmannaafrétt að tengivirki við Sultartanga.

Heimild til að reisa Hrauneyjafossvirkjun var að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 37/1971. Samkvæmt 4. gr. laganna tók Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Hrauneyjafoss. Í 6. gr. laganna var Landsvirkjun síðan veitt heimild til að reisa 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum. Með lögum nr. 60/1981, um raforkuver, var Landsvirkjun veitt heimild til að stækka virkunina í allt að 280 MW.

Hinn 30. desember 1976 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að reisa fyrri áfanga 140 MW virkjun við Hrauneyjafoss.

#### *Sultartangavirkjun*

Framkvæmdir við Sultartangavirkjun hófust vorið 1997 en virkjunin var gangsett 1999 og í fullum rekstri ári síðar. Sultartangavirkjun nýtir rennsli Tungnaár sem áður hefur knúið vélar Hrauneyjafossvirkjunar og Sigölduvirkjunar. Löngu áður en Sultartangavirkjun var reist eða á árunum 1982-1984 voru Þjórsá og Tungnaá stíflaðar austan undir Sandfelli um það bil 1 km ofan ármótanna. Liggur stíflan frá rótum Sandfells yfir farveg Þjórsár, austur yfir Sultartanga og farveg Tungnaár og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi við Tungnaá. Með gerð stíflunnar myndaðist ofan hennar svonefnt Sultartangalón og þaðan er vatni veitt um farveg Þjórsár í Sultartangavirkjun. Sultartangavirkjun er í Árnessýslu og því utan við það svæði sem er til meðferðar í úrskurði þessum, sbr. mál nr. 7/2000. Sultartangalón nær hins vegar inn á Landmannaafrétt.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, var mælt fyrir um heimild Landsvirkjunar til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu með stíflu við Sultartanga og virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjum) með allt að 130 MW afl. Í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990, er einnig að finna heimild fyrir stíflu við Sultartanga.

Með bréfi iðnaðarráðherra 12. mars 1997 var Landsvirkjun veitt leyfi til að reisa Sultartangavirkjun ásamt aðalorkuveitum. Í leyfinu er tekið fram að afl virkjunarinnar nemi allt að 125 MW.

Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu í kafla 6.4.6.1. að Landmanna- og Holtahreppa hafi skort eignarheimild til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Landmannaafrétti til hf. Titan og tengdra félaga. Hf. Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram, a.m.k. að hluta til, sem eignarheimild við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. a-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Einnig er það niðurstaða óbyggðanefndar, svo sem nánar er rökstutt í kafla 6.4.6.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felist ekki tilætlun til stofnunar eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. og 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að

Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á þessu svæði og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun hafi ekki öðlast eignarrétt að fasteigna- eða vatnsréttindum í skjóli hefðar, svo sem nánar er rætt í kafla 6.4.6.3.

Loks er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur reist og komið fyrir á Landmannaafrefti en þessum mannvirkjum hefur nánar verið lýst hér að framan. Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirtækið njóti lögvarins réttar til orkunýtingar, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.5. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né vatnsréttinda á svæðinu, í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

## 6.5. Önnur landsvæði í fyrrum Holta- og Landsveit

Því landsvæði, sem til meðferðar er í máli þessu, má skipta í tvennt, annars vegar Landmannaafreft og hins vegar önnur landsvæði í fyrrum Holta- og Landsveit, nú Rangárþingi ytra. Um Landmannaafreft er fjallað í kafla 6.3. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu taka einungis til afreftarins og óumdeilt er því að annað land sem hér er til meðferðar, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Eftir er því að gera grein fyrir afstöðu óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu þeirra landsvæða sem liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að utan kröfuvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að í Holta- og Landsveit séu samnotaafreftir eða afreftir einstakra jarða/stofnana umfram það sem þegar hefur verið fjallað um.

## 6.6. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>1</sup>

Landmannaafreftur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, er þjóðlenda:

*Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá um Hrauneyjalón og Krókslón í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhendingu í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn. Þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá há-Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.*

<sup>1</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.



---

Sama landsvæði, að undanskildum Torfajökli, er afréttur jarða í fyrrum Holt- og Landsveit (Landmanna- og Holtahreppum), auk jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi, nú Rangárþingi ytra.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem fyrirtækið hefur reist þar og sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum. Jafnframt nýtur Landsvirkjun lögvarins réttar til nýtingar þessara mannvirkja/framkvæmda.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, utan þóknunar lögmannna hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmannna ákvarðast svo: Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. 700.000 kr. og Þórður Bogason hdl. 550.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Ragnheiður Bragadóttir



**VIÐAUKI**

- I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**

*Sjá bls. 79*



## FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá




- Krafa fjármálaráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendumörk.
- Kröfur ýmissa aðila um eignaréttindi.
- Útlína jökuls skv. upprétum Landsat-7 gervitunglamyndum og loftmyndum

Mismunur á jökulsvæði, eins og það er tekið á kortgrunni, og úrskurðarlinu öbyggðanefndar, að því leyti sem hún fylgir jökuljabri, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.

- Mörk þjóðlendu, skv. öbyggðanefndar.
- Mörk afhéttareignar skv. úrskurði öbyggðanefndar.

• Landamerkjapunktur

nt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra



sv. úrskurði  
Krófulína Landsvirkjunar

Dags. 9.12.2004  
Kortgrunnur IS50R  
Mælikvarði: 1:100 000  
Kortageri: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur  
© Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02030013

**II. Aðilaskrá**

Þjóðlenda  
Landmannaafreittur  
Landmannaafreittur  
Landmannaafreittur

Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins  
Rangárþing ytra  
Rangárþing ytra f.h. jarða í fyrrum Holta- og Landsveit og  
jarðanna Næfurholts og Hóla í fyrrum Rangárvallahreppi  
Landsvirkjun



### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsinga, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Holta- og Landsveit (mælikvarði 1:50 000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5) Máldagi kirkjunnar að Skarði hinu eystra á Rangárvöllum 1209.
- 1(6) Afsal Sigríðar Th. Pálsdóttur fyrir Merkihvoli, dags. 21.9.1914.
- 1(7) Bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 14.1.1999.
- 1(8) Leyfi landbúnaðarráðuneytisins til stofnunar nýbýlis í hluta af Merkihvolslandi, dags. 19.1.1999.
- 1(9) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 30. maí 2003.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### Landamerkjalyðsingar úr landamerkjabókum:

- 2(1) Mörk í Landsveit, dags. 23.5.1893.
- 2(2) Hraun, eign Landmannahrepps, dags. í nóvember 1921.
- 2(3) Landmannaafréttur, dags. 22.10.1886.
- 2(4) Skarfanes í Landsveit, dags. 27.4.1893.
- 2(5) Skarfanes í Landsveit, dags. 6.6.1887.
- 2(6) Galtalækur í Landsveit, dags. 12.5.1892.
- 2(7) Merkihvoll í Landsveit, dags. 12.5.1892.

#### Jarðaskjöl úr Rangárvallasýslu:

- 2(29) Lögfesta Tjörfastaðaskógar í Merkihvolslandi, dags. 22.05.1840, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(30) a-b Lögfesta Merkihvolslandamerkja, dags. 20.5.1803, ásamt uppskrift að hluta.

#### Jarðamatsskjöl úr Rangárvallasýslu:

- 2(8) a-b Jarðamat í Rangárvallasýslu 1802-1804, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(9) Ljósrit úr gerðabók jarðamatsnefndar frá 1849. Sjá nánari lýsingu í yfirliti Þjóðskjalasafns dags. 12.6.2003.

#### Skjöl skráð í afsals- og veðmálabækur:

- 2(10) Samningur oddvita Rangárvalla- og Landmannahreppa um að ábúendur Selsunds, Haukadals og Svinhaga geti ekki lengur átt upprekstur á Landmannaafrétt en ábúendum Næfurholts sé skylt að eiga upprekstur á Landmannaafrétt en séu lausir við öll fjallskil á Rangárvallaafrétti, 27.3.1911. Rang. DB/3, nr. 2. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(11) Oddviti Landmannahrepps fyrir hönd Landmannahrepps, ábúendur Galtalækjar og fleiri veita Gesti Einarssyni umboð til að koma í verð Þjófáfossi og Tröllkonuhlaupi

- ásamt vatninu í ánni og árfarveginum og nægu landi til útbyggingar og starfrækslu fossanna. Dags. 27.2.1919. Rang. DB/3, nr. 130. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(12) Umboð oddvita Landmannahrepps til Gests Einarssonar til að koma í verð „fossunum Ármótafossi, Hrauneyjafossi, Tungnaarfossi og Egilshólmafossi“ o.s.frv. 3.6.1911. Rang. DB/3, nr. 132. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(13) Umboð oddvita Landmannahrepps frá 3. júní 1911 framlengt til 3. júní 1914. 7. apríl 1913. Rang. DB/3, nr. 133. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(14) Kaupsamningur milli Titans hf. annar svegar og umbodsmanns Landmannahrepps og eigenda Galtalækjar og Merkihvols hins vegar um eignarhlut í Þjófafossi, Tröllkonuhlaupi og vatnsafla fyrir landi Galtalækjar, 3.2.1914. Rang. DB/3, nr. 192. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(15) Staðfesting sýslunefndar Rangárvallasýslu á heimild Landmannahrepps til þess að heimila Gest Einarssyni að selja eða leigja Þjófafoss og Tröllkonufoss með aðliggjandi landspildu. Rang. DB/3, nr. 220. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(16) Kaupsamningur milli Landmannahrepps og umbodsmanns eigenda Galtalækjar og Merkihvols annars vegar og Þorleifs Guðmundssonar frá Háeyri hins vegar um hálfan Þjófafoss og Tröllkonuhlaup sem Þorleifur framseldi síðan Titan hf., 18.2 og 1.7.1914. Einnig samþykki eigenda Galtalækjar fyrir sölu á vatnsafla Galtalækjar í Þjórsá, 14.7.1914. Kvittun fyrir greiðslu kaupverðs, 14.7.1914. Rang. DB/3, nr. 238-240. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(17) Landmannahreppur kaupir eyðijörðina Merkihvol „með öllum þeim gögnum og gæðum sem jörð þessari hafa fylgt og fylgja ber til iztu marka, að undanskyldu vatnsafla í Þjórsá og rétti til að starfrækja það“ 21.9.1914. Rang. DB/3, nr. 276. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(18) Kaupsamningar Landmanna-, Ása- og Holtahreppa við Einar Benediktsson um vatnsafl í Tungnaá á Landmanna- og Holtamannaafréttum, yfirlýsing varðandi Klofaey og Litlu-Klofaey og kaupsamningar sömu hreppa og fleiri aðila varðandi vatnsafl í Þjórsá, gerðir á árinu 1916. Rang. DB/3, nr. 457-471. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
- 2(19) Viðurkenning hreppsnefndar Holtahrepps um greiðslu fyrir vatnsaflsréttindi á Holt- og Landmannaafréttum, dags. 9.10.1917. Rang. DB/3, nr. 13. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(20) Viðurkenning hreppsnefndar Holtahrepps um greiðslu fyrir vatnsaflsréttindi á Holt- og Landmannaafréttum, dags. 9.10.1917. Rang. DB/3, nr. 13. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(21) Afsal Landmannahrepps til Titans hf. á þeim eignum, sem talað er um í DB/5, nr. 457, 22.1.1918. Rang. DB/3, nr. 16. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(22) Yfirlýsingar Einars Benediktssonar varðandi yfurfærslur á vatnsréttindum í Þjórsá og Tungnaá, 31.10.1917. Rang. DB/3, nr. 82 og 83. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(23) Afsal Landmannahrepps til Titans á vatnsafla í Tungnaá og öllum kvíslum og vötnum, sem í hana renna, þar með Veiðivötnum og hluta Þórisvatns, 14.2.1919. Rang. DB/3, nr. 95. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(24) Samþykki sýslunefndar Rangárvallasýslu við beiðni Landmanna-, Ása- og Holtahreppa að mega selja, leigja eða yfurfæra til Titans hf. öll vatnsréttindi hreppanna „í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða

- í heimalöndum þeirra, er að ánum liggja“, 16.10.1916. Rang. DB/3, nr. 109. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(25) Afsal Eyjólfssonar til Titans hf. á vatnsafla í Þjórsá, sem tilheyrir 1/3 Galtalækjar, 14.8.1919. Rang. DB/3, nr. 160. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
- 2(26) Sýslunefnd Rangárvallasýslu samþykkir heimild til að breyta farvegi Þjórsár við Klofaey og Litlu-Klofaey, 12. ágúst 1919 og 26.4.1920. Rang. DB/3, nr. 161. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.

*Dóma- og þingbækur úr Rangárvallasýslu:*

- 2(27) a-b Upplstur á dómi frá 1476 og vitnisburði 1717 um Landmanna- og Holtamannaafrétt á manntalsþingi að Þjóðólfsþaga í Holtum 4.6.1805, ásamt uppskrift að hluta. (Rang. V, 2. Dóma- og þingbók 1792-1805.)
- 2(28) Deila Landmannahrepps og Holtahrepps um veiðirétt í Veidivötnum 1947-1949. (Rang. 1990-EA3/1. Dómabók 1939-1954. Rang. 1990-EA1/2. Aukþingbók 1943-1964.)
- 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 14.2.2003.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnnum, dags. 25.11.2003.

*Máldagar, dómur o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni:*

- 4(1) Dómur um Þjórsártungur frá 25. júní 1476, milli Tungnaár og Sprengisands, útnefndur af Þorsteini Pálssyni í umboði Erlends Erlendssonar, sýslumanns í Rangárþingi, hvort þær skuli vera eign eða almenningur eða afrétt Landmanna. (6. b., bls. 79-83) Skjal nr. 1(5) og 4(3) eru einnig máldagar.

*Málsskjöl úr hæstaréttarmáli nr. 103/1953:*

- 4(2) a-b Texta- og skjalfræðileg greinargerð Aðalgeirs Kristjánssonar og Stefáns Karlssonar í handriti, dags. 8.1.1974, ásamt prentaðri útgáfu í Griplu 1979.
- 4(3) a-b Lögfasta Þjórsártungna, dags. 27.12.1856, ásamt uppskrift.
- 4(4) a-b Stefna á hendur Runólfi Nikulássyni hreppstjóra o.fl. vegna veiði í afréttarlöndum Holta- og Landsveitar, dags. 1.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(5) a-b Vörn Runólfs Nikulássonar hreppstjóra, dags. 21.8.1858. Uppskrift fylgir.
- 4(6) a-b Innlegg hreppstjóra Holta- og Landmannahreppa, 18.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(7) a-b Vottorð þriggja manna um eignarhald Land- og Holtasveita á Þjórsártungum, 18.8.1858. Uppskrift fylgir.
- 4(8) a-b Vitnisburður Gísla Brynjólfssonar í Flagveltu, dags. 19.8.1858, ásamt uppskrift.
- 4(28) Fundur hreppsnefndar Landmannahrepps um fjallskil, dags. 26.5.1906.
- 4(29) Fundur hreppsnefndar Landmannahrepps um að takmarka upprekstur á afréttinn, dags. 30.6.1913.
- 4(30) Bréf hreppsnefndar Landmannahrepps til hreppsnefndar Holtahrepps um bann við upprekstri á afréttinn, dags. 30.6.1913.
- 4(31) Skýrsla Eyjólfssonar um nýtingu Landmanna- og Holtamannaafrétt, dags. 6.7.1913.
- 4(32) Bréf Eyjólfssonar til hreppsnefndar Holtahrepps um bann við upprekstri á Landmannaafrétt, dags. 18.11.1913.
- 4(33) Bréf Þorsteins Jónssonar oddvita til hreppsnefndar Landmannahrepps um landspjöll á afréttinum, dags. 12.1.1914.
- 4(34) Dómur í máli er hreppsnefnd Holtahrepps höfðaði gegn hreppsnefnd Ásahrepps, dags. 24.3.1914.

- 4(35) Yfirlýsing Eyjólf Guðmundssonar um að Einari Benediktssyni hafi verið veitt leyfi til að dveljast við Veidivötn til land- og vatnsmælinga, dags. 9.5.1916.
- 4(36) Sveitarsjóðsreikningar Landmannahrepps fyrir árin 1918-1919, 1925-1926, 1926-1927, 1934, 1936-1937.
- 4(37) Úr fundargerð Landmannahrepps: Skýrt frá því að gerður hefði verið samningur um helmingaskipti milli Landmanna- og Rangárvallahreppa á andvirði því sem kynni að fást fyrir hrafntinnu o.fl. Krafa Holtamanna um að eiga hlutdeild í þeirri hrafntinnu sem fundist hefði, dags. 12.9.1935.
- 4(38) Ályktun fundar hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps um að þeirri kvöð verði aflétt af bændum að halda uppi smölun og refaveiði á afréttinum eftir að bannað var að reka á fjall vegna fjárpestar, dags. 22.2.1945.
- 4(39) Tilkynning oddvita Holtahrepps um að ábúendur í Holtahreppi geri kröfu til veiðiréttar í Veidivötnum, dags. 2.6.1947.
- 4(40) Skjöl um skiptingu Holtamannahrepps í Holtahrepp og Ásahrepp, 1892-1893.
- 4(41) Eignarhlutur Ásahrepps í Gljúfurleitarfossi seldur Titan, dags. 26.1.1918.
- 4(42) Sýslunefnd veitir samþykki sitt fyrir því að vatnsréttindi í Þjórsá og Tungnaá séu fram-seld hlutafélaginu Titan, dags. 16.11.1916.
- 4(43) Lýsing Þorsteins Magnússonar sýslumanns (1743-1785) á veiði í Fiskivötnum, dags. 28.4.1953.
- 4(44) Bann við hagnýtu Þjórsártungna, dags. 16.5.1829.
- 4(45) Endurrit af fundargerð sýslunefndar Rangárvallasýslu. Fram kemur að amtsráðið hafði ákveðið að veita 500 kr. styrk til að rannsaka hin ókunnun fjalllendi norðan afrétta Skaftártungu og Síðumanna, dags. 25.6.1884.
- 4(46) Samkomulag að Árbæ í Holtum um nýtingu Holta- og Landmannaafréttar, dags. 26.11.1879.
- 4(47) Kafli úr bréfi hreppsnefndar Landmannahrepps um upprekstrarmál, 1876.
- 4(48) Dómur Landsyfírréttar um veiði í afréttum Holta- og Landmannahreppa, dags. 5.12.1859.
- 4(50) Tillögur sýslunefnda Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu um mörk á milli afrétta, 1889.
- 4(51) Umræður og samþykktir Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps um fjallskil, 1892.
- 4(52) Vitnisburður Guðmundar Þorsteinssonar um nýtingu Landmannaafréttar, dags. 16.8.1858.

*Málsskjöl úr Hæstaréttarmáli nr. 199/1978:*

- 4(53) Lýsing hreppsnefndar Skaftártunguhrepps á afréttarmörkum hreppsins, dags. 12.12.1889.
- 4(54) Símskeyti Guðjóns Guðjónssonar oddvita Skaftártunguhrepps um afréttarmörk hreppsins. Lagt fram á aukadómþingi Rangárvallasýslu 2.8.1951.
- 4(55) Yfirlýsing Vals G. Oddsteinssonar o.fl. um símskeyti Guðjóns Guðjónssonar, dags. 19.2.1978.
- 4(56) Grg. Landsvirkjunar um samskipti við oddvita Ása-, Djúpár-, Holta-, og Landmanna-hrepps vegna framkvæmda á Holtamannaafrétt, ódags.
- 4(57) Yfirlýsing aðstoðarframkvæmdastjóra Landsvirkjunar vegna samnings fyrirtækisins við Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, dags. 26.11.1981.
- 4(58) Yfirlýsing iðnaðarráðherra vegna samnings Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar, dags. 25.11.1981.

- 4(59) Leyfi iðnaðarráðuneytisins til Glitis hf. um leirtöku sunnan Tungnaár, dags. 22.5.1970.  
 4(60) Bréf lögmanns Landmannahrepps til Glitis hf., dags. 13.8.1979.  
 4(61) Svar framkvæmdastjóra Glitis hf. við fyrirspurn lögmanns Landmannahrepps, dags. 16.8.1979.  
 4(62) Samningur um vikurnám milli Harðar Gunnarssonar annars vegar og Holta- og Landmannahrepps hins vegar, dags. 31.3.1973.  
 4(63) Samningur milli Jarðefnaiðnaðar hf. og tilgreindra hreppa í Rangárvallasýslu um vinnslu jarðefna á vikursvæðum Heklu, dags. 17. desember 1977. Einnig viðauki frá 23.5.1978.  
 4(64) Sáttargerð um landamerki Landmannaafreittar, dags. 7.8.1951, ásamt korti.

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 4(9) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 22-53).  
 4(10) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 15-18).  
 4(11) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 216-235).  
 4(12) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 1-9).  
 4(13) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 64-70).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(14) Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1990. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1990. B-deild, bls. 344-351.)  
 4(15) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 239/1974. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1974. B-deild bls. 506-515.)  
 4(16) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 157 6 júlí 1943, nr. 267/1968. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968 B-deild, bls. 424.)  
 4(17) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1943. B-deild, bls. 327-339.)  
 4(18) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8. ágúst 1921, nr. 48/1936. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. B-deild, bls. 120.)  
 4(19) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, frá 8. ágúst 1921, nr. 53/1931. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1931. B-deild, bls.163.)  
 4(18) Reglugerð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 72/1921. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1921. B-deild, bls. 139-150.)  
 4(19) Reglugjörð um breytingu á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl. frá 7. júní 1915, nr. 140/1919. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. B-deild, bls. 187.)  
 4(20) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 80/1915. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. B-deild, bls. 133-146.)  
 4(21) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 8/1911. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911. B-deild, bls. 20-33.)  
 4(22) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 58/1894. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1894. B-deild, bls. 75-87.)

*Menningarminjar:*

- 4(23) Menningarminjar á miðhálandi Íslands, Rangárvallasýsla. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (bls. 3, 52-54, 85-101 og 197-204).
- 4(24) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400 000), Rangárvallasýsla.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 4(25) Afréttaskrá Rangárvallasýslu, bls. 7-10, bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985, um afréttarskrá sýslunnar, Lýsing oddvita Ásahrepps á mörkum Holtamannaafréttar, ódags., yfirlýsing hreppsnefndar Landmannahrepps, dags. 29.3.1979, um merki, eignarrétt og notkun Landmannaafréttar, bréf Oddgeirs Guðjónssonar, dags. 16.11.1979, til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um afréttaskrá sýslunnar.
- 4(27) Afréttarmörk Landmannaafréttar, dags. 31.5.1979.
- 4(49) Samkomulag um eignarhald og nýtingu Landmannaafréttar, dags. 16.9.1783.
- 4(65) Rangárvallarsýsla. Kafli úr svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Bls. 176-185, ásamt korti og töflum um útivistar- og ferðamannasvæði, skála og gangnamannahús í Rangárvallarsýslu, dags. maí 1997 og 1999.
- 4(66) Simskeyti frá Stjórnarráði Íslands til um að vatnsréttindi séu ótvírátt almenningsseign, dags. 3.4.1918.

**Lagt fram af Guðjóni Ægi Sigurðssyni hdl., f.h. sveitarfélagsins Rangárþings ytra og jarða í Rangárþingi ytra:**

- 5 Kröfulýsing, dags. 5.5.2003.
- 5(1) Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög, dags. 13.1.1936.
- 5(2) Landmannaafréttur yfirlitskort (ekki í mælikvarða), dags. 15.1.2002.
- 5(3) a-e Landmannaafréttur hlutakort (mælikvarði 1:50 000), dags. 15.1.2002.
- 5(4) „Greinargerð frá eigendum Landmannaafréttar, sveitarfélaginu Rangárþingi ytra og jarða í Rangárþingi ytra“, dags. 27.6.2003.
- 5(5) Yfirlýsing oddvita Rangárþings ytra um fasteignagjöld 2003 af eignum á Landmannaafrétti. Ódags.
- 5(6) Yfirlýsing oddvita Rangárþings ytra um greiðslur v/ vikurnáms vegna Landvegar á Landmannaafrétti. Ódags.
- 5(7) Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 5(8) Staðfesting, dags. 24.7.1981, á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.
- 5(9) Gerðardómssamningur hreppsnefnda Djúpár-, Ása-, Holta-, og Landmannahrepps um skiptingu bóta. Ódags.
- 5(10) Endurrit úr fundargerðabókum Holta- og Landmannahrepps um sameiginleg málefni Holtahrepps og Landsveitar, varðandi afréttargirðingu á afréttinum frá 21.4.1968, 10.6.1970, 3.7.1979 o.s.frv.
- 5(11) Fjallskil á Landmannaafrétt 1898, (yfirlit).
- 5(12) Fjallskil á Landmannaafrétt 1901, (yfirlit).
- 5(13) Yfirlit yfir fjallskil á Landmannaafrétt 1905.

- 5(14) Yfirlit yfir fjallskil á Landmannafrétt 1906.  
 5(15) Yfirlit yfir fjallskil á Landmannafrétt 1911.  
 5(16) Niðurjöfnun fjallskila ár 1913.  
 5(17) Niðurjöfnun á fjallskilum í Holtahreppi 1914.  
 5(18) Fjallseðill, dags. 19.8.1917.  
 5(19) Fjallseðill, dags. 29.8.1915.  
 5(20) Fjallseðill, dags. [... 1913].  
 5(21) Vikurvinnslusamningur, dags. 27.6.1984. Aðilar: fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra (einu nafni nefndir leigusali) og Jarðefnaiðnaður h/f.  
 5(22) Viðauki, dags. 2.8.1996, við vikurvinnslusamning, dags. 27.6.1984. Aðilar eru Holt- og Landsveit og Jarðefnaiðnaður hf.  
 5(23) Viðauki, dags. 2.8.1996, við vikurvinnslusamning, dags. 27.6.1984. Aðilar eru iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra (einu nafni nefndir leigusali) og Jarðefnaiðnaður hf.

### Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. f.h. Landsvirkjunar:

- 6 Kröfugerð Landsvirkjunar í máli um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 15.2.2002.  
 6(1) Yfirlýsing, dags. 23.4.2003, um aðild Landsvirkjunar að málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd.  
 6(2) Sameignarsamningur ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar, 1965.  
 6(3) Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11.8.1982, um virkjanamál, yfirtöku byggðalínu, o.fl.  
 6(4) Heimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, um heimild til að beita eignarnámsheimild laga um Landsvirkjun vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell.  
 6(5) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.  
 6(6) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisósi og Köldukvísl og veitu árinna í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.  
 6(7) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.  
 6(8) Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.  
 6(9) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til [...] 2) hækunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.  
 6(10) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuverum.  
 6(11) Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun.  
 6(12) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuverum.  
 6(13) Afsal eignarréttinda Titans A/S til landbúnaðarráðherra, dags. 16.1.1952.  
 6(14) Dr. Þórður Eyjólfsson: Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titan, Reykjavík 1970, ljósrit, bls. 37-63.  
 6(15) Greinargerð Sigurðar Líndal um eignarrétt að miðlunarlónum, dags. 22.6.1987.  
 6(16) Bréf Landsvirkjunar, dags. 8.7.1987, til oddvita Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps.  
 6(17) Bréf Landsvirkjunar, dags. 31.1.1992, til Veiðifélags Holtamannafréttar.  
 6(18) Bréf Landsvirkjunar, dags. 3.2.1992, til oddvita Ásahrepps.

- 6(19) Fundargerð dags. 2.6.1992 frá fundi fulltrúa Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps um fiskveiði á afréttunum.
- 6(20) Auglýsing um friðland í Þjorsárverum, nr. 507/1987, dags. 10. nóvember 1987.
- 6(21) Gervitunglamynd af vatnsaflsvirkjunum og miðlunum Landsvirkjunar á Þjorsár-Tungnaársvæðinu, nr. 02-03, Lv. jan. 2002.
- 6(22) Kort af háspennulínunum Landsvirkjunar í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 02-04, Lv. jan. 2002.
- 6(23) Yfirlitsuppráttur, Vatnsfellsvirkjun og Sigölduvirkjun á Holtamannaafreitti og Landmannaafreitti, Ása- og Djúpárhreppi og Holta- og Landsveit. Áritað af sveitarstjórnnum 6.7.1999.
- 6(24) Vatnsfellsvirkjun á Holtamannaafreitti, Ása- og Djúpárhreppi – deiliskipulag nr. 3. Áritað af sveitarstjórnnum 6.7.1999.
- 6(25) Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína 1, deiliskipulagsuppráttur, dags. 14.02.2001.
- 6(26) Þórisós (Þórisvatn) fyrir framkvæmdir árið 1956, mynd 01-21.
- 6(27) Þórisós (Þórisvatn) eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-22.
- 6(28) Hágöngumiðlun í upphafi framkvæmda árið 1997, mynd 01-25.
- 6(29) Hágöngumiðlun og Hágöngulón eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-26.
- 6(30) Loftmynd af Hrauneyjafossstöð og næsta nágrenni, mynd 02-06.
- 6(31) Loftmynd af Sigöldustöð og næsta nágrenni, mynd 02-05.
- 6(32) Hrauneyjar – Sigalda – Vatnsfell fyrir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 1959 og 1963, mynd 01-29.
- 6(33) Hrauneyjafossstöð – Sigöldustöð – Vatnsfellsstöð eftir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 2000, mynd 01-30.
- 6(34) Sultartangi fyrir framkvæmdir árið 1963, mynd 01-23.
- 6(35) Sultartangavirkjun eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-24.
- 6(36) Kvislaveita fyrir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 1956 og 1960, mynd 01-27.
- 6(37) Kvislaveita eftir framkvæmdir, yfirlitsmynd frá 2000, mynd 01-28.
- 6(38) Skaftarveita, yfirlitsmynd.
- 6(39) Bréf Þórðar Bogasonar hdl. til Kristjáns Torfasonar, formanns óbyggðanefndar, varðandi kröfugerð Landsvirkjunar.
- 6(40) Greinargerð Landsvirkjunar í máli nr. 2/2003 um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 4.7.2003.
- 6(41) Kort af Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallarsýslu. Eignarréttindi Landsvirkjunar. Sultartangavirkjun, stíflur og vatnsvegir. Búrfellsvirkjun, stíflur og vatnsvegir, (mælikvarði 1:110.000), dags. 20.11.2003.
- 6(42) Kort af Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallarsýslu. Eignarréttindi Landsvirkjunar. Sigölduvirkjun, stíflur og vatnsvegir, (mælikvarði 1:30.000), dags. 20.11.2003.
- 6(43) Kort af Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallarsýslu. Eignarréttindi Landsvirkjunar. Hrauneyjarfossvirkjun, stíflur og vatnsvegir (mælikvarði 1:30.000), dags. 21.11.2003.
- 6(44) Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar um að iðnaðarráðherra hefur fallist á áform Landsvirkjunar um gerð og rekstur vatnsmiðlunar við Syðri-Hágöngu, dags. 11.2.1997.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 7 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar, náttúrufræðings, um staðhætti og gróðurfar í Holta- og Landsveit með Landmannaafreitti, dags. 5.4.2003.
- 8 (a-d) Yfirlitskort. Lýstar kröfur í Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafreitti. Þrjú kort,



- tvö í mælikvarða 1:50 000 og eitt í mælikvarða 1:100 000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr. 1(2) og 5(2)-5(3).
- 9(1) Fundargerð 1. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 5.5.2003.
- 9(2) Fundargerð 2. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 2.6.2003.
- 9(3) Fundargerð 3. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 27.6.2003.
- 9(4) Fundargerð 4. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 3.9.2003.
- 9(5) Fundargerð fyrri hluta aðalmeðferðar máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 4.9.2003.
- 9(6) Fundargerð síðari hluta aðalmeðferðar máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 27.11.2003.
- 9(7) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.
- 9(8) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 10 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

### **Hliðsjónargögn**

#### **Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

- Ónr. Sunnlenskar byggðir V, 1987. Bls. 121-137, 140-147, 154-157, 159-160, 190-191, 196-199, 202-205 og 228-229.
- Ónr. Sandgræðslan. Minnt 50 ára starfs sandgræðslu Íslands, 1958. Bls. 46-87.
- Ónr. Árnes- og Rangárvallasýslur, 1994. Án bls.
- Ónr. Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1939-1845, 1856 og 1872-1873. Bls. 162-171.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I bindi, 1913-1917. Bls. 280-285 og 290-291.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands, Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts, 1966. Bls. 8-11, 24-35.
- Ónr. Göngur og réttir I. bindi, 1983. Bls. 252-281 og 292-299.
- Ónr. Landið og Landnáma II. bindi, 1982. Bls. 442-449.
- Ónr. Efnisskipan málf lutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

#### **Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Hrd. 1955/108. Landmannaafréttardómur fyrri.
- Ónr. Registar í máli hæstaréttar nr. 103/1953, Landmannaafréttardómur fyrri.
- Ónr. Hrd. 1975/30. Holtamannaafréttur.
- Ónr. Hrd. 1981/1584. Landmannaafréttardómur síðari.
- Ónr. Hrd. 1989/1022. Mörk milli afréttalanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla hins vegar.
- Ónr. Efnisyfirlit í máli nr. 29/1987. Mörk milli afréttalanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla hins vegar.
- Ónr. Skýrslur í máli 2/2003 hjá óbyggðanefnd, 4.9.2003 (22 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Viðbótarskýrsla í máli 2/2003 hjá óbyggðanefnd, 27.11.2003 (6 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 3/2003  
fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>231</b>
<b>2. MÁLSMEÐFERÐ</b> .....	<b>231</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	231
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar . . . .	232
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	232
2.4. Afmörkun máls nr. 3/2003 .....	233
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	234
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>234</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins .....	234
3.2. Kröfur Rangárbings ytra fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Rangárvallahreppi vegna Rangárvallaafréttar .....	235
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>235</b>
4.1. Inngangur .....	235
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	235
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	236
4.4. Vettvangsferð .....	237
4.5. Skýrslutökur .....	238
<b>5. SAGA AFRÉTTAR</b> .....	<b>238</b>
5.1. Landnám .....	238
5.2. Rangárvallaafréttur .....	240
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>248</b>
6.1. Inngangur .....	248
6.2. Landnám .....	248
6.3. Rangárvallaafréttur .....	249
6.4. Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í fyrrum Rangárvallahreppi .....	257
6.5. Um málskostnað .....	257
<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>257</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>259</b>
I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (upspsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>261</b>
I. Kort	
II. Aðilaskrá	
III. Skjalaskrá	



## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur,  
nú í Rangárþingi ytra,  
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,  
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,  
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur  
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.  
(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Sameignarfélag Rauðnefsstaða vegna jarðarinnar Rauðnefsstaða og Rangárþing ytra f.h. jarða í fyrrum Rangárvallahreppi vegna Rangárvallaafréttar/Laufaleita.  
(Óskar Sigurðsson hdl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan

1 Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður vara- maður í hans stað.

## 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almennungi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1. - 31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutadeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkr-



ar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 3/2003

Í janúar 2003 var lögmonnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum, og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Áshreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holta-mannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði, sem til meðferðar er í máli nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra (Rangárvallasýslu), afmarkast til vesturs af Ytri-Rangá, sem jafnframt voru hreppamörk fyrrum Rangárvallahrepps annars vegar og fyrrum Holta- og Landsveitar og Djúpárhrepps, sem nú eru einnig í Rangárþingi ytra, hins vegar. Til norðurs afmarkast svæðið af fyrrum hreppamörkum Rangárvallahrepps og Holta- og Landsveitar og að litlum hluta af mörkum fyrrum Rangárvallahrepps og fyrrum Skaftártunguhrepps sem jafnframt eru mörk Rangárvallasýslu gagnvart Vestur-Skaftaféllssýslu. Til austurs afmarkast svæðið af umræddum sýslumörkum sem jafnframt voru mörk fyrrum Rangárvallahrepps og fyrrum Álftavershrepps. Til suðurs afmarkast svæðið svo af sveitarfélagamörkum Rangárþings ytra og Rangárþings eystra sem áður voru mörk fyrrum Rangárvallahrepps gagnvart fyrrum Hvol-, Fljótshlíðar- og Vestur-Landeyjahreppum. Þá er hér til meðferðar landsvæði á Mýrdalsjökli sem afmarkast af línu sem dregin er frá Mælifelli, við norð-austanverðan Mýrdalsjökul, til suðvesturs inn á jökulinn í stefnu á upptök Fúlalækjar við suðvest-anverðan jökulinn þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Entu (1347 m), í norð-vestanverðum Mýrdalsjökli, í Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum jöklinum. Úr framangreindum skurðpunkti er svo dregin lína í upptök Bláfjallakvíslar, við norðurjaðar Mýrdalsjökuls.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum komið fram kröfur fjármálaráðher-ra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka annars vegar og kröfur tiltekinna aðila um að sama landsvæði teljist eignarland hins vegar. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálf-stæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Upphaflega var lýst kröfu vegna jarðanna Þorleifsstaða og Rauðnefsstaða. Í vettvangsferð kom hins vegar í ljós að kröfulína íslenska ríkisins snertir ekki land innan landamerkjanna Þorleifsstaða og var krafa vegna þeirrar jarðar því dregin til baka. Þá tókust við aðalmeðferð settir með aðilum um vesturmörk Rauðnefsstaða og eftir þá sátt snertir kröfulína íslenska ríkisins ekki land innan landa-

merkja jarðarinnar. Jarðirnar Þorleifsstaðir og Rauðnefsstaðir koma því ekki til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum umfram það sem leiðir af sjálfstæðri rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

## 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 3/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 15. apríl 2003. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Jafnframt var óskað eftir því að lögmennt skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmunu ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. Þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendlaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 13. maí 2003 var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 5. júní sama ár var greinargerð þeirra lögð fram ásamt fleiri gögnum. Fram kom að fyrirsjáanlegt væri að taka þyrfti málið fyrir aftur áður en að aðalmeðferð kæmi og að um tímasetningu þeirrar fyrirtöku yrði tilkynnt síðar.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 15. september 2003. Við það tækifæri var farið yfir dagsskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Fram kom að vegna rökstuddrar beiðni yrði aðalmeðferð tvískipt. Á sama fundi voru einnig lögð fram ýmis gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Fyrri hluti aðalmeðferðar fór fram dagana 16.-18. september 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferð og skýrslutökur. Síðari hluti aðalmeðferðar fór svo fram 2. október og skiptist í skýrslutökur og munnlegan málflutning. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendlaga, en svo var ekki. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Hótel Rangár. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í Þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

## 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins var upphaflega gerð sú krafa að eftirfarandi lína yrði viðurkennd sem Þjóðlendumörk á Rangárvöllum: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra í Rangárvallahreppi er sá sami og síðasti punktur í kröfulínunni í Fljótshlíðarhreppi og er hér nefndur A [Hæringsfell], næsti punktur B er við upptök Valagils, næsti C austast á Hafrafelli 555 m, næsti punktur D er hæst á Geldingafjöllum og punktur E er í Rauðöldum í 507 m hæð, þá er punktur F, sem er efst í Ófægugili, svo liggur kröfulínan niður gilið og í Ytri Rangá og þar er punktur G.“

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

Við aðalmeðferð málsins var gert samkomulag af hálfu íslenska ríkisins við eigendur jarðarinnar Rauðnefsstaða og kröfulínu íslenska ríkisins breytt þannig að úr Hæringsfelli (punktur A) liggur línan í hæsta punkt á Efridalabrún og þaðan í Vondugil í Stóra-Valagili.

### 3.2. Kröfur Rangárþings ytra fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Rangárvallahreppi vegna Rangárvallaafrettar

Af hálfu Rangárþings ytra f.h. eigenda jarða í fyrrum Rangárvallahreppi er gerð eftirfarandi krafa: „Mörk afréttarins eru þessi: Úr Hæringsfelli í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými). Úr Ými í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga í Markarfljót, úr því ræður fljótið þar til Emstrukvísl (Brathálskvísl) fellur í það og ræður hún að Bláfjallakvísl, sem ræður austur fyrir norðan Bláfjöll í Sléttjökul. Úr upptökum Jökulsár á Sólheimasandi (Fúlalækjar) í hæst Mælifell, þaðan lína í hæstan Meyjarstrút og þaðan eftir línu í Strútslaug (Hólmsárbotna). Úr Strútslaug í há-Torfajökul, þaðan í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þá í Krakatind og þaðan efst í Ófærugil. Síðan ráða að sunnanverðu landamerki aðliggjandi jarða, Næfurholts, Selsunds, Kots, Keldna, Árbæjar og Rauðnefsstaða.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarmerki afréttarins séu með þeim hætti, sem að ofan greinir, og að umrætt landsvæði sé einkaeignarland þeirra jarða í Rangárvallahreppi, sem upprekstrar- og nýtingarrétt eiga á afréttinum.

Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Það athugast að kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til landræmu vestast á Rangárvallaafretti eins og hann er afmarkaður af Rangárþingi ytra f.h. eigenda jarða í fyrrum Rangárvallahreppi. Nánar tiltekið er um að ræða landsvæði sem liggur á milli austur- eða norðausturmarka Næfurholts, Selsunds, Kots, Keldna, Árbæjar, Foss og Rauðnefsstaða annars vegar og kröfulínu íslenska ríkisins hins vegar. Þrátt fyrir ábendingar af hálfu óbyggðanefndar hvað þetta varðar kaus íslenska ríkið að samræma kröfugerð sína ekki kröfugerð landeigenda að þessu leyti. Að þessu er nánar vikið í niðurstöðum nefndarinnar, sbr. kafla 6.3.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-10 ásamt undirskjölum eða samtals 106 skjöl, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskordast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprent-

uðum sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfaonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

#### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun er nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vidalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932 og Fasteignabók 1938.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfírréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkju-

stólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Könnuð voru ýmis skjöl úr skjalasafni stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) var ekki ljósrituð að neinu leyti heldur er stuðst við hana sem almennt uppsláttarit.

Óbyggðanefnd lagði fram nokkur skjöl í flokki annarra óprentaðra frumgagna, sbr. áður nefnda greinargerð óbyggðanefndar og skjalaskrá.

#### 4.4. Vettvangsferð

Haldið var af stað frá Hótel Rangá að morgni miðvikudagsins 17. september 2003. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmannna málsaðila voru Skúli Jónsson, fyrrverandi hreppsstjóri, Selalæk, Eggert S. Pálsson, Kirkjulæk í Fljótshlíð og Ásgeir Tómasson, Kollabæ í Fljótshlíð, með í för. Skúli Jónsson sá um leiðsögn en hinir tveir síðarnefndu óku á undan bifreið óbyggðanefndar og var þeirra hlutverk að sýna viðstöddum merki Þorleifsstaða og Rauðnefsstaða. Beygt var út af þjóðvegi nr. 1 og inn á Fjallabaksleið syðri. Ekið var áfram með fram Eystri-Rangá. Á hægri hönd mátti sjá Eyjafjallajökul og tindana á Þríhyrningi. Á vinstri hönd mátti svo sjá Heklu og Vatnafjöll. Ekið var yfir Eystri-Rangá en svo stöðvað og skyggnt um. Sjá mátti Fjánhól, Litla Þorgeirshól og Þorgeirshól. Einnig mátti sjá Þríhella og Reynifellsöldu þar fyrir framan.

Haldið var af stað á ný. Fram undan mátti sjá Hæringsfell. Það er grasi vaxið með sand í hlíðunum og standa tvær litlar nibbur upp úr því. Önnur nibban er sú sem almennt er vísað til sem hæsta punkts Hæringsfells. Ekið var inn í land Þorleifsstaða og fram hjá Þorleifsstaðafjalli. Stöðvað var við Fiská þar sem skoðaður var gamall fjárhúshellir. Áfram var haldið og næst stöðvað við Markargilsmynni. Ekið var áfram og stöðvað á ný við Fosstorfugil. Þaðan var horft upp á Kálfatungur. Þá var haldið tilbaka og ferðinni heitið aftur út á Fjallabaksleið syðri. Þá var fyrirhugað að aka inn í Lambadal í von um að geta séð upptök Valagils. Ekið var inn á Rangárvallaafrétt við vesturenda Hafrafells. Beygt var af Fjallabaksleið syðri á ný og ekið inn Lambadal. Stöðvað var við punkt B á kröfulínu íslenska ríkisins. Ágreiningur var uppi um það á milli íslenska ríkisins og eigenda Rauðnefsstaða hvort Valá réði merkjum frá upptökum sínum eða mynni Valárgils. Ákveðið var að lögmaður íslenska ríkisins og lögmaður landeigenda skoðuðu málið betur að vettvangsferð lokinni og könnuðu hvort unnt væri að ná sáttum.

Þá var haldið tilbaka. Eggert S. Pálsson kvaddi og Ásgeir Tómasson flutti sig yfir í bifreið

óbyggðanefndar. Ekið var sem leið lá eftir Fjallabaksleið syðri. Bæði Stóra-Valagil og Litla-Valagil sáu vel sem og hvernig Valafell stingur sér upp á milli þeirra. Fjær mátti sjá Valahnúk. Ekið var um Langvíuhraun. Að sögn heimamanna var ófært um Langvíuhraun fram að Heklugosi 1947 en þá fylltist það af vikri. Á vinstri hönd sáu Vatnafjöllin og á hægri hönd Eystri-Rangá. Fram undan sást í Hellufjall og á hægri hönd mátti sjá Blesamýri og Klofningana. Ekið var fram hjá fossum sem báðir nefnast Blesárfoss. Þá mátti sjá Blesárjökul sem er hluti af Tindfjallajökli. Stöðvað var stutta stund við stað þar sem vel mátti sjá Lauffell.

Haldið var af stað á ný og ekið í átt að Skyggni, Faxa og Mófelli. Stöðvað var örstutta stund við skálann í Hungurfitjum. Eftir það var haldið áfram eftir Fjallabaksleið syðri. Ekið var inn á friðland að Fjallabaki og farin sú leið sem vísar á Álftavatn. Á vinstri hönd mátti sjá Laufavatn við rætur Laufafells. Þá sást glitta í Torfajökul en hann var að nokkru hulinn þoku. Áfram var ekið með rötum Laufafells þar sem vegurinn lá um skeið í vatni. Ekið var fram hjá og samsíða Ljósártungum sem eru úthlíðar Torfajökuls. Fram undan mátti sjá fjallið Sátu og handan hennar Mýrdalsjökul. Þá mátti sjá Ófæruhöfða fram undan. Stöðvað var á Sátubotnum og fjallasýn skoðuð. Þar mátti sjá Álftavatn, Torfatind og Stóra-Græna fjall.

Enn var haldið af stað. Ekið var um Álftaskarð og handan þess blasti Álftavatn við. Við Álftavatn mátti sjá Illusúlu og Stóru-Súlu og sunnan við Álftavatn mátti sjá Brattháls. Komið var ofan í Hvanngil og ekið yfir Kaldaklofskvísl. Fram undan mátti sjá Bláfjöll og Mælifell og til hægri fjallið Strút. Ekið var fram hjá Bláfjallakvísl en sunnan við hana eru Emstrur. Ekið var áfram eftir Mælifellssandi í átt að Mælifelli og stöðvað við Slysaöldu. Þaðan mátti m.a. sjá Kaldaklof.

Þá var haldið af stað á ný og ekið áleiðis að Hrafninnuskeri. Beygt var inn á Krakatindsleið. Á hægri hönd mátti sjá fjallið upp af Reykjadölum og beint fram undan Rauðufossafjöll. Ekið var austan við Krakatind, inn á Landmannaafrétt og komið inn á Dómadalsleið. Á vinstri hönd mátti sjá Heklu. Ekið var eftir Dómadalsleið í vesturátt og loks var svokölluð Næfurholtsleið ekin tilbaka að Hótel Rangá þar sem vettvangsferðinni lauk að kvöldi.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, sveitarstjóra Rangárþings ytra; Skúla Jónssyni bónda, Selalæk; Eggerti S. Pálssyni bónda, Kirkjulæk í Fljótshlíð; Ásgeiri Tómassyni, fyrrverandi bónda, Kollabæ í Fljótshlíð; Ingvari Magnússyni, fjallkóngi í eftirleit, Minna-Hofi og Ingimar Grétari Ísleifssyni, fjallkóngi í fyrstu leit, Sólvöllum. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar og nýtingar á Rangárvallaafrétti frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Í Landnámabók er nefndur einn aðallandnámsmaður í Rangárþingi, Ketill hængur Þorkelsson. Ketils er að nokkru getið í sögu Egils Skalla-Grímssonar enda veitti hann föðurbróður Egils liðveislu í baráttu hans gegn Haraldi konungi hárfagra. Í Sturlubók og Hauksbók segir svo:

Ketill hængur hét ágætr maðr í Naumdælafylki, son Þorkels Naumdæljarls ok Hrafnhildar dóttur Ketils hængs ór Hrafnistu. Ketill bjó þá í Naumudal, er Haraldr konungr hárfagri sendi þá Hallvarð

harðfara ok Sigtrygg snarfara til Þórólfs Kveld-Úlfssonar, frænda Ketils. Þá dró Ketill lið saman ok ætlaði at veita Þórólfi, en Haraldr konungr fór et efra um Eldueið ok fekk skip í Naumdœlafylki ok fór svá norðr í Álqst á Sandnes ok tók þar af lífi Þórólf Kveld-Úlfsson, fór þá norðan et ytra ok fann þá marga menn, er til liðs ætluðu við þá Þórólf; hnekkði konungr þeim þá. En litlu síðar fór Ketill hængr norðr í Torgar ok brenndi inni Hárek ok Hrærek Hildiríðarsonu, er Þórólf höfðu rægðan dauðarógi; en eptir þat réð Ketill til Íslandsferðar með Ingunni konu sína ok sonu þeira. Hann kom skipi sínu í Rangárós ok var enn fyrsta vetr at Hrafnóptum. Ketill nam ǫll lǫnd á milli Þjórsár ok Markarfljóts; þar námu síðan margir gofgrir menn með ráði Hængs. Ketill eignaði sér einkum land milli Rangár ok Hróarslækjar, allt fyrir neðan Reyðarvatn, ok bjó at Hofi. ... Hængr hafði <ok> undir sik lǫnd ǫll fyrir austan Rangá ena eystri ok Vatsfell til lækjar þess, er fellr fyrir útan Breiðabólstað ok fyrir ofan Þverá, allt nema Dufþaksholt ok Mýrina; þat gaf hann þeim manni er Dufþakr hét; hann var hamrammr mjök.<sup>1</sup>

Talið er að í þessari frásögn sé samsteypa tveggja texta, annars vegar úr Egils sögu þar sem Ketill er sagður hafa numið allt land milli Þjórsár og Markarfljóts, „á milli fjalls ok fjöru“, og hins vegar úr upphaflegri Landnámabók þar sem Katli er ekki ætlað stærra landnám en á milli Rangár (væntanlega Ytri-Rangár) og Hróarslækjar og austur fyrir Rangá eystri eins og nánar er tilgreint í frásögninni hér að framan. Þennan mun má sjá með því að bera saman frásögn Sturlubókar og Hauksbókar annars vegar og Melabókar hins vegar en hún er elsta varðveitta gerð Landnámabókar.<sup>2</sup>

Haraldur Matthíasson kemst svo að orði um landnám Ketils hængs:

Landnám Ketils hængs er stórt. Hann nemur Rangárvelli austan Hróarslækjar, en neðan Stotalækjar, mestallan Hvolhrepp og nokkuð af Fljótshlíð. Sumar heimildir eigna honum að vísu miklu stærra land ... Af landnámi sínu fargar hann engu til neins landnámsmanns, nema selur Oddalönd Þorgeiri Ásgrímssyni. Er sem hann geymi landið handa sonum sínum.<sup>3</sup>

Á öðrum stað ályktaði Haraldur, með hliðsjón af Sturlubók og Hauksbók, að Ketill hængur hefði numið „alla Fljótshlíð og inn af henni Einhyrningsmörk allt inn til óbyggða ...“<sup>4</sup>

Fleiri landnámsmenn eru nefndir í héraðinu. Í Sturlubók og Hauksbók er þessi frásögn:

Þorkell bundinfóti nam land at ráði Hængs<sup>5</sup> umhverfis Þríhyrning ok bjó þar undir fjallinu; hann var hamrammr mjök.<sup>6</sup>

Innarlega í Vatnsdal, sem liggur undir Þríhyrning að suðaustan, hafa fundist bæjartóttir fornar og eru getgátur um að þar hafi landnámsbær Þorkels verið.<sup>7</sup>

Í Sturlubók og Hauksbók segir enn fremur:

Eilífr ok Björn bræðr fóru ór Sogni til Íslands. Eilífr nam Odda enn litla upp til Reyðarvatns ok Víkingslækjar. ... Björn bjó í Svínhaga ok nam land upp með Rangá ...<sup>8</sup>

1 *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 346-347. Frásögnin er að mestu samhljóða í *Sturlubók* og *Hauksbók*. Sbr. *Egils saga Skalla-Grímssonar*: Íslensk fornrit. 2. b. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík 1933. S. 58-60.

2 *Landnámabók* 1986, s. 346 (3. nmgr.). Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 421-422.

3 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 1. b. Reykjavík. S. 49-50.

4 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 422.

5 at ráði Hængs er ekki í Melabók (*Landnámabók* 1986, s. 351).

6 *Landnámabók* 1986, s. 350.

7 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 431-432.

8 *Landnámabók* 1986, s. 356.

Oddi hinn litli er, að sögn Haralds Matthíassonar, milli Hróarslækjar og Ytri-Rangár. Reyðarvatn telur hann að hafi verið austan við landnám Eilífs og hafi landnámið náð 5-6 km upp fyrir vatnið.<sup>1</sup>

Í Sturlubók er maður nefndur Kolli (Kolr í Hauksbók) Óttarsson. Hann nam land „fyrir austan Reyðarvatn ok Stotalæk fyrir vestan Rangá ok Tröllaskóg ok bjó at Sandgili“.<sup>2</sup>

Þá er að nefna landnámsmanninn Flosa Þorbjarnarson. Hann er sagður hafa drepíð þrjá sýslumenn Haralds konungs hárfagra og farið eftir það til Íslands. Að sögn Sturlubókar nam hann land „fyrir austan Rangá, alla Rangárvöllu ena eystri“.<sup>3</sup> Talið er að Flosi hafi numið land milli Eystri- og Ytri-Rangár, upp frá landi þeirra Ketils hængs og Eilífs, sem áður eru nefndir, þ.e. frá efsta hluta Hróarslækjar eða Reyðarvatns.<sup>4</sup>

Einnig er þess getið að Þorsteinn (síðar nefndur tjaldstæðingur) Ásgrímsson hafi numið land að ráði Flosa „fyrir ofan Víkingslæk til móts við Svínhaga-Björn <ok> bjó í Skarðinu eystra“.<sup>5</sup> Ekki er vitað með vissu hvar bær Þorsteins stóð en talið er líklegast að hann hafi verið í dalnum inn af Selsundi.<sup>6</sup> Þorgeir, bróðir Þorsteins, er sagður hafa keypt Oddalönd að Hrafnri Hængssyni „ok Strandir báðar ok Vatnadal“<sup>7</sup> ok allt milli Rangár ok Hróarslækjar; hann bjó fyrst í Odda ok fekk þá Þórirðar Eilífsdóttur“.<sup>8</sup> Móðursystir þeirra bræðra, Þórunn, kom með þeim til Íslands og nam hún „Þórunnarhálsa alla“.<sup>9</sup> Þeir munu vera í landi Næfurholts.<sup>10</sup>

Fyrir austan Rangá að Fiská nam Hrólfur rauðskeggur land:

Hrólfur rauðskeggr hét maðr; hann nam Hólmslönd öll milli Fiskár og Rangár ok bjó at Forsi. Hans börn váru þau Þorsteinn rauðnefr, er þar bjó síðan, ok Þóra móðir Þorkels mána ...<sup>11</sup>

Varla fer á milli mála að Rangárvellir milli Rangánna beggja hafa verið numndir í öndverðu samkvæmt frásögn Landnámabókar og landnámið síðan skipst milli fylgdarmanna Ketils hængs og annarra sem síðar komu. Efri mörkum landnámsins er ekki lýst nákvæmlega en hafa má til hliðsjónar nokkur kennileiti sem nefnd eru: Stotalækur (Stokkalækur) og Reyðarvatn (efri mörk landnáms Ketils hængs), Oddi hinn litli milli Hróarslækjar og Ytri-Rangár (landnám Eilífs), Svínhagi (bær Björns), Sandgil (bær Kolla Óttarssonar), Skarðið eystra (líklega í dalnum inn af Selsundi, bær Þorsteins Ásgrímssonar<sup>12</sup>) og Þórunnarhálsar. Einnig er rétt að minna á það sem stendur í Egils sögu að Ketill hængur hafi numið land „milli fjalls ok fjöru“. Egils saga er þó ekki talin mjög traust sagnfræðileg heimild.

## 5.2. Rangárvallaafréttur

Afréttur Rangvellinga nefnist Laufaleitir og er nafnið dregið af fjalli því á afréttinum er heitir Laufafell.

Vikið er að afrétti Rangvellinga í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þegar lýst er

1 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 437.

2 *Landnámabók* 1986, s. 356.

3 *Landnámabók* 1986, s. 362. Samhljóða lýsing er í *Hauksbók* (*Landnámabók* 1986, s. 363).

4 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 439.

5 *Landnámabók* 1986, s. 362.

6 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 439.

7 Þannig ritað í *Sturlubók* en Varmadal í *Hauksbók* og mun það vera rétt (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 360 (3. nmgr.) og s. 363).

8 *Landnámabók* 1986, s. 360.

9 *Landnámabók* 1986, s. 360.

10 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 439.

11 *Landnámabók* 1986, s. 358.

12 Sbr. Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 439.



jörðinni Reynifelli: „Afrjetti á jörðin tvo, so sem allar jarðir í Árverjahrepp, einn þann, sem heitir Laufaleit, annan fyrir austan Markarfljót.“<sup>1</sup> Um jörðina Steinkross segir að jörðin eigi afrjetti „til fjelags með öðrum á Rángárvöllum“.<sup>2</sup> Afréttum Odda er þannig lýst í Jarðabókinni:

Afrjetti á staðurinn til fjelags með jörðum á Rángárvöllum.

Allan hálfan afrjett í Miðmörk, hver nú er ljeður til brúkunar nokkrum af staðarins landsetum.<sup>3</sup>

Oddakirkju var einnig eignaður afréttur í Norðurkinn eins og fram kemur í dómi sem kveðinn var upp 1574 um kæru Erasmusar Villatssonar á hendur Halldóri nokkrum Gíslasyni vegna óleyflegs reksturs úr afréttinum Norðurkinn.<sup>4</sup> Þessi afréttur, Norðurkinn, er einu sinni nefndur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og þá í sambandi við Gunnarsholt. Þar segir að jörðin eigi nautabeit í Norðurkinn „er menn vita nú ekki hvar er“.<sup>5</sup>

Á lausri örk í Jarðabókinni er lýsing á nokkrum eyðijörðum í Árverjahreppi. Þar eru nefndar jarðirnar *Hrafnsstaðir* (eða *Hrappsstaðir*) milli Þorleifsstaða og Reynifells, *Stórisbólur* (eða *Tröllaskólur*) til útsuðurs frá Árbæ og síðan áfram allt norður til *Kanastaða* milli Selsunds og Haukadals. Síðan er vitnað í Hungurvöku eftir minni um að Næfurholt hafi staðið í miðri sveit og Hekla verið þingstaður en sá sem frásögnina ritaði kvaðst þó ekki hafa heyrt eyðijarðanöfn þar fyrir norðan nema einvörðungu Frostastaði.<sup>6</sup> Þessi frásögn Jarðabókarinnar er þannig byggð á sögusögnum og er ekki kunnugt um að þar hafi farið fram rannsóknir á mannvistarleifum.

Snemma á 19. öld gerðist bóndinn á Rauðnefsstöðum, Jón Þorgilsson, sekur um að taka lömb frá nokkrum bændum í Hvolhreppi í hagagöngu. Sættir náðust í máli þessu milli hreppstjórans í Rangárvallahreppi og bóndans, og voru þær færðar til bókar 19. nóvember 1811. Í sættargerðinni segir m.a.

1., að Bóndinn Jón Þorgilsson lofar, og skuldbindur sig til aldrei eptirleides, under neinu Skyne að líá né leyfa nokkurn Fjár- eða Lamba upprekstur, hvörke í Rángárvalla Afrett, né sína Búfiárhaga. 2., að Hreppstíórnir gefa hönum upp allar sektir og Bætur fyrir þann nú ákjærda, næstlidid Sumar ólöglega leyfda Lambarekstur í Afrettinn og 3., taka optnefndir Hreppstíórar að ser, síalfir að innkrefia Lamba eða Hagatollinn af þeim Hvolhreppsbændum sem þannig höfdu í Afrettinn rekið.<sup>7</sup>

Séra Ásmundur Jónsson, prestur í Odda á Rángárvöllum, svaraði spurningu um afrétti sóknarmanna með þessum orðum árið 1839:

Afrétti eiga Rángárvellir (öbæir þeir, sem milli Rangánna liggja suður að Þverá, hvar til einnig Bakkabæirnir reiknast, strax fyrir utan Ytri-Rangá tekur Holtasveit við, en Hvolhreppurinn nær út að Eystri-Rangá) tvo, nl. Fremri- og Innri-Laufaleitir (Markarfljót aðskilur þessa afrétti), sem liggja í fjallaklasanum frá Heklu að Tindfjöllum. eru þar fleiri hæðir nafngreindar, t.d. Vatnafjöll, Faxi etc. á Fremri-Laufaleitum. Á þeim innri er Sáta helzta fjallið. Þessir afréttir eru almenningar og þangað reka ei aðrar sveitir en Rángárvellir. Réttir eru hér haldnar fimmtudaginn í 23. viku sumars skammt frá Keldum, er kallast Keldnaréttir. Sækja þær fáir aðrir en Rangvellingar. Bæir þeir, sem til þessarar

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 230. Árverjahreppur var annað nafn yfir Rángárvelli.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 237.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 260.

4 Skjal nr. 2 (12). Erasmus var prófastur í Odda og á Breiðabólstað (1573-1579) (*Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 459).

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 245.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 278. Þess skal getið að ekki er minnst á Næfurholt í Hungurvöku.

7 Skjal nr. 2 (9).

sóknar heyra og liggja fyrir austan Eystri-Rangá, en norðan Þverá, heyra til Hvolhrepp og eiga þar afrétt, en þeir bæir í þessari sókn, sem liggja fyrir vestan Rangá ytri, heyra til Holtamannahrepp og hafa sama afrétt og Holtasveit.<sup>1</sup>

Í lýsingu séra Jóhanns Björnssonar frá svipuðum tíma er greint frá afréttarlandi Keldnasóknar og það sagt vera almenningur:

Afréttarland er Laufaleitir (almenningur). Rangárvallasveit ein á þar upprekstur. Keldnaréttir eru hér haldnar 22 vikur af sumri, tilsóktar af Rangvellingum.<sup>2</sup>

Undir lok aldarinnar var lýst landamerkjum milli Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps bæði á hrauninum og afréttum:

Úr fjallinu Þríhyrning sjónhending í Hæringsfell (samkvæmt landamerkjabréfi á milli Þorleifsstaða og Kyrkjulækjar) og svo úr Hæringsfelli aftur sjónhending í landnorður inn hraunin á hæsta hnjúkinn á Tindfjallajökli, úr honum austur yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, úr því ræður áin „Hvítmaga“ og aðskilur hún afréttina Rangárvalla-afrétt og Grænaþjall, þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót og aðskilur afrétt Fljótshlíðarhrepps, Grænaþjall, frá öðrum afréttum, allt þar til kemur fram að landamerkjum jarðarinnar Fljótsdals.

Fljótshlíðarhreppi 2. maí 1892

(Í umboði hreppsnefndar)

Guðm. Guðmundsson

Fyrir Teigseignina samþykkur Guðm. Guðmundsson

Fyrir Hlíðarendatorfuna samþykkir

Fyrir Eyvindarmúlatorfu samþykkir<sup>3</sup>

Fyrir Barkarstaði samþykkir Tómas Sigurðsson

Fyrir Fljótsdal samþykkir Ágúst Jónsson

Fyrir Þorleifsstaði samþykkir Guðrún Guðmundsdóttir

Puríður Jónsdóttir, samþykk fyrir Rauðnefsstaði

Á afréttarmörkum milli Laufaleitar og Grænaþjalls

samþykkir Steinn Guðmundsson (oddviti Rangárvallahrepps)<sup>4</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók.

Sveitarstjóri Rangárvallahrepps lýsir mörkum afréttarins á þessa leið í bréfi til sýslunefndar 25. apríl 1979:

Frá landamörkum Rauðnefsstaða við Þrifjöll í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými), úr Ými í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga í Markarfljót, Markarfljót í Kaldaklofskvísl, Kaldaklofskvísl í Bláfjallakvísl, sem síðan ræður mörkum í Mýrdalsjökul austan Bláfjalla.

Mýrdalsjökull að kvísl þeirra, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur), Stórilækur í Brenni-

1 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. Reykjavík 1968. S. 137.

2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 155.

3 Engin nöfn standa hér fyrir aftan.

4 Skjal nr. 2 (28).

vínskvísl, hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga, Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum, þaðan í há-Torfajökul. Úr Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind, úr Krakatindi í Ófærugilsbotn. Síðan ráða landamörk aðliggjandi jarða, Næfurholts, Selsunds, Kots, Keldna, Árbæjar og Foss.

Þessi landamerkjalyking er gerð samkv. bestu vitund bænda á Rangárvöllum.<sup>1</sup>

Jafnframt þessu kvaðst sveitarstjórinn ekki kannast við neinar skriflegar heimildir sem staðfestu eignarrétt á afréttarlandinu.

Í afréttarlýsingu sveitarstjórans er vísað til landamerkja aðliggjandi jarða, og er því rétt að taka þau upp hér eins og þau koma fyrir í landamerkjabréfum.

Landamerki Rauðnefsstaða:

Landamerki fyrir Keldnakyrkjufjörðinni Rauðnefsstöðum á Rangárvöllum. Hæringsfell er hagamark milli Rauðnefsstaða og Þorleifsstaða gagnvart Fljótshlíðarhreppi, úr Hæringsfelli norður um öldur og niður í „Markagil“ svo niður Markagil<sup>2</sup> ofan í mynni, þaðan beina línu í „Búrfell“ í Grímsnesi alla leið út að Rangá, ræður svo áin alla leið inn að „Valá“ og svo Valá inn að Valagili, þaðan sjónhending í upphaflega nefnt Hæringsfells horn.

Keldum 24. maí 1890

Þuríður Jónsdóttir

Árni Guðmundsson Guðm. Guðmundsson Steinn Guðmundsson (oddviti)<sup>3</sup>

Annað landamerkjabréf fyrir Rauðnefsstaði, eldra en ekki þinglesið, er á þessa leið:

Rauðnefsstaða Landamerke eru þessi.

Úr midiu Hæringsfelle ofan hiá Þorleifsstadakinn niður í þann litla gilbotn sem liggur í nedsta krók á Markagile, síðann opid Markagils minne, út eftir heidinne, stefnu á þann stóra grióthól, sem er á stefnu á Þorgeirshól, og úr Þorgeirshól síóndeiling í Rángá, síðan ræður Rángá fyrir allt ad Valá, og Valá í Valahnúk, úr Valahnúk og í Hæringsfell afftur.

Þetta ofannskrifad er ordrett effter þeirre gömlu Lögfestu.<sup>4</sup>

Sauðdtune d. 4. October 1815.

Ejvindur Nicolausson.<sup>5</sup>

Landamerki Næfurholts:

Landamerki jarðarinnar Næfurholts í Rangárvallahreppi eru samkv. þinglesinni lögfestu frá 27. maí 1789 sem hjer segir: í fyrstu milli Haukadals og Næfurholts, úr Stórusteini sem N er hoggvið á<sup>6</sup> sjónhending í Rángá<sup>7</sup> fyrir norðan ártorfur<sup>8</sup> í nefið fyrir utan Rángá er nefnist Beinakrókur þaðan ræður áin

1 Skjal nr. 4 (30), sbr. nr. 4 (29).

2 svo niður Markagil bætt við milli lína.

3 Skjal nr. 2 (1). Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 30. maí 1890.

4 Þessi lögfesta hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni enda tilvísunin ónákvæm.

5 Skjal nr. 2 (4). Hér er fylgt eftirriti Jóns Þorkelssonar frá 2. júlí 1908 en lesið úr styttingum.

6 Í lögfestu, sem undirrituð er 6. maí 1769, stendur: „... úr Stóra steinenum Vestan í Biölfelle hvar N er uppáklappad ...“ (skjal nr. 2 (29)).

7 Sýnist standa *Itre Rána* í lögfestunni.

8 Í lögfestunni stendur hér á eftir: „... Sydan ræður áen Jnni Ófærugil ...“

inní Ófærugil og allt inni Sauðafellsbotna, úr botnunum í Rauðöldur, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Þríhyrndaklettinn á hrauninu, þaðan í Nautaskarð<sup>1</sup> fyrir austan Bjólfell, þaðan sjónhending vesturyfir fjallið í Stórastein aptur.

Næfurholti 4. maí 1886  
Ófeigur Jónsson

Samþykkir: Hannes Jónsson, Ólafur Jónsson.

Hvað afrjettar takmörk Rangárvallahrepps snertir er liggja meðfram ofangreindrar jarðar landi samþykkja: Br. Stefánsson, Árni Guðmundsson

Fyrir Landmannahrepps-afrijetta-land, er þessu samþykkur fyrir hönd hreppsnefndarinnar. Kristófer Jónsson (h.s.).

Samþykkir fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi hvað afrijetta land hreppsins snertir. Steinn Guðmundsson (oddviti)<sup>2</sup>

Landamerki Selsunds:

Landamerki jarðarinnar Selsunds í Rangárvallahreppi, eru samkvæmt þinglesinni og óátalinni lögfestu frá 3. júní 1789 sem hjer greinir: úr Illadí í Kanastaðabotna, þaðan í Þríhyrnda klett, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Geldingabæli, og svo þaðan aptur í Illadí.<sup>3</sup>

Selsundi 25. apríl 1886  
Ólafur Jónsson

Hvað afrijetta takmörk Rangárvallahrepps snertir, er liggja að áðurgreindu landi, samþykkja: Br. Stefánsson, Árni Guðmundsson

Samþykkir: Páll Jónsson, Ófeigur Jónsson, Hannes Jónsson

Samþykkir fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi hvað afrijetta lönd hreppsins snertir. Steinn Guðmundsson (oddviti)<sup>4</sup>

Landamerki Kots:

Landamerki jarðarinnar Kots í Rangárvallahreppi hafa verið talin sem hjer segir: að austan ræður Pálssteinn, þaðan sjónhending í Grástein, þaðan í Hvítamel, þaðan í Geldingabæli, þaðan í Fálkahamar, og þaðan aptur í Pálsstein, fyrstnefndan.

Koti 4. maí 1886  
Böðvar Jónsson

Samþykkir: Böðvar Jónsson, Páll Jónsson, Ólafur Jónsson

1 issta Nautaskarð í lögfestunni.

2 Skjal nr. 2 (19). Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 24. maí 1886.

3 Að undanskildum lítils háttar orðalagsmun (t.d. „... þaðan í Geldingabæli og so í Íllady“<sup>4</sup>) er landamerkjalyking þessi efnislega í fyllsta samræmi við lögfestuna eins og hún er rituð með hendi Páls stúdents Pálssonar (19. öld) (sbr. skjal nr. 4 (40)).

4 Skjal nr. 2 (18). Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 24. maí 1886.

Hvað afritjettar takmörk Rangárvallahrepps snertir, er liggur meðfram ofangreindrar jarðar landi samþykkja: Br. Stefánsson, Árni Guðmundsson

Samþykkir fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi, hvað afritjettar lönd hreppsins snertir. Steinn Guðmundsson (oddviti)<sup>1</sup>

#### Landamerki Keldna:

Landamerki fyrir jörðinni Keldum á Rangárvöllum, ásamt Króktúni, Tungu og öðrum eyðijörðum hennar.

Kyrkjuhóll, við botn Stokkalækjar er hagamark milli Keldna og Stokkalækjar, úr Kyrkjuhól stefnu í vörðu þá er stendur hæst á öldu þeirri er lengst gengur norður af Stokkalækjarhólum – í staðinn fyrir „Hraunlæksbotn“, sem er norðaustan við téða öldu, enn sem nú er kafin sandi, og þar með gjöreyddur – svo sjónhending úr fyrgreindri vörðu í „Blesuvikshól“, úr Blesuvikshól stefnu í „Pálsstein“, úr Pálssteini stefnu í „Rauðkoll“, úr Rauðkoll stefnu í „Hnauk“ á Vatnsdalsfjalli alla leið suður í Rangá (eystri), ræður svo áin alla leið að mynni „Stokkalækjar“ þar sem hann fellur í ána undir „Bergsnefi“, með þeim ummerkjum, að austurkvísl sú er fellur fyrir austan „Austurhaldið“, sé tekið, svo það (o: austurhaldið) verði í Keldnalandi, ræður svo Stokkalækur alla leið að upphaflega nefndum Kyrkjuhól.

Keldum 24. maí 1890

Þuríður Jónsdóttir

Eggert Pálsson, Tómas Böðvarsson. Fyrir Árbæ Árni Guðmundsson<sup>2</sup>

#### Landamerki Árbæjar:

Landamerki Árbæjar á Rangárvöllum.

Fyrst er Rauðkollur að norðan, úr Rauðkoll í vörðu sem er upp á háhrauns brúninni. Þaðan beina stefnu í vörðu við Rangá fyrir vestan Foss eða í hæsta hornið á Þríhyrningi. Þaðan ræður áin fram í árholt þar sem er bein stefna úr Rauðkoll, sem fyr er greindur, í Hnauk á Vatnsdalsfjalli. Þaðan beina stefnu í Rauðkoll sem áður er nefndur.

Fyrir Árbæinn Árni Guðmundsson

Fyrir Keldur Þuríður Jónsdóttir Sæmundur Ólafsson á Fossi.<sup>3</sup>

#### Landamerki Foss:

Landamerki fyrir jörðinni Fossi á Rangárvöllum.

Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ, sem er markavörður milli Árbæjar- og Foss-lands, úr téðum vörðum bein stefna í hól sem varða er á, á borgarbrekkunni, aftur úr þeirri vörðu beina stefnu og sjónhending í vörðu sem er á há-hraunsnefinu austur af Skógsöldu, sem er vestur og norður-hornmark á Fosslandi. Aftur úr þeirri vörðu beina stefnu í svonefndan hraunháls þar sem reiðskarði heitir vestur af hafrafelli og sem safnfé Rangvellinga fer út um til rétta í Keldnaréttir, úr nefndu reiðskarði svo beina línu austur að Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan svo nefnda Aurmýri í Rauðnefsstaðalandi. Ræður síðan Rangá marki milli Foss og Rauðnefsstaða niður með Rangá að fyrstnefndum tveim vörðum.

Þessum mörkum eru samþykkir fyrir hönd hreppsins:

1 Skjal nr. 2 (17). Landamerkjabréfið var uppleið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 24. maí 1886.

2 Skjal nr. 2 (16). Landamerkjabréfið var uppleið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 30. maí 1890.

3 Skjal nr. 2 (15). Landamerkjabréfið var uppleið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 30. maí 1890.

Sigurður Guðmundsson  
Steinn Guðmundsson (oddviti Rangárvallahrepps)

Jón Árnason (Eigandi<sup>1</sup> Foss)  
Tómas Böðvarsson varaoddviti

Fyrir Árbæinn Guðrún Guðmundsdóttir.<sup>2</sup>

Í ritinu *Göngum og réttum* er afrétti Rangvellinga lýst þannig:

Afréttur Rangvellinga heitir Laufaleitir, og er nafnið dregið af fjalli því á afréttinum, er Laufafell heitir. Er það á norðvesturtakmörkum hans, nokkru sunnar en upptök Markarfljóts eru, en það á upptök sin vestan og norðvestan í Torfajökli og rennur fyrst eftir Reykjadölum. Hábunga Torfajökuls skilur milli Landmannaafréttar og Rangvellingaafréttar, þannig að Rangvellingar eiga suðurhlíðar jökulsins allt austur í Hólmsá. Að austan takmarkast Laufaleitir af Skaftártungumannaafrétti norðar og Áltaversafrétti sunnar. Suðurtakmörk afréttarins eru Mýrdalsjökull austan til, en þá Bláfjallakvísl, sem kemur úr Mýrdalsjökli norðan við Bláfjöll og rennur í Kaldaklofskvísl, er síðan ræður mörkum, þar til hún fellur í Markarfljót, þá Hvítmaga, jökulkvísl, sem kemur úr Tindfjallajökli og fellur í Markarfljót, en síðan Tindfjallajökull niður um heimahaga.<sup>3</sup>

Enn fremur liggur fyrir dómur Hæstaréttar frá 15. júní 1989 um mörkin milli afréttarlanda Áltavershrepps og Rangárvallahrepps. Tildrög málsins voru þau að hreppsnefnd Áltavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu höfðaði mál á hendur hreppsnefnd Rangárvallahrepps til að fá skorið úr um mörkin milli afrétta þessara hreppa. Kröfur sóknaraðila voru þær að mörkin milli afréttarlands Áltavershrepps að austan og Rangárvallahrepps að vestan yrði sem hér segir:

1. Aðallega eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í Strútslaug,
2. Til vara eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn í miðjan (Meyjar-)Strút og þaðan í Strútslaug.
3. Til þrautavara er krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar landamerkin.<sup>4</sup>

Varnaraðilinn (Rangárvallahreppur) krafðist þess að dómkröfum stefnanda yrði hrundið og að mörkin milli afréttarlandanna yrðu ákveðin:

úr Mýrdalsjökli frá upptökum kvíslar þeirrar, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur), Stórilækur í Brennivinskvísl, hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga, Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum og þaðan í há-Torfajökul.<sup>5</sup>

Niðurstaða héraðsdóms var á þá leið að mörkin skyldu vera á línu „er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna)“.<sup>6</sup> Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm með áðurnefndum dómi 15. júní 1989.

Þá ber að geta þess að 7. ágúst 1951 var undirrituð sáttargerð um mörk Landmannaafréttar en hann liggur að vesturmörkum Rangárvallaafréttar. Landmannaafréttur er í sáttargerðinni afmarkaður sem hér segir:

1 Skrifað *Eigandur* en leiðrétt hér.

2 Skjal nr. 2 (14). Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni 27. maí 1892.

3 *Göngur og réttir*: 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 228.

4 Hrd. 1989: 1011-1012.

5 Hrd. 1989: 1014.

Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind, og þaðan sjónhending í Þveröldu, og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós, og eftir honum í Kirkjufellsvatn, þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.<sup>1</sup>

Að síðustu skal hér vikið að dómsmáli sem upp kom vegna ágreinings um það hvort Ferðafélag Íslands ætti að greiða fasteignagjöld af tveimur skálum félagsins við Álftavatn. Ekki var deilt um valdmörk sveitarfélagsins og engin afstaða tekin til stjórnáráðgjafar. Ferðafélag Íslands hélt því fram að sælúhus félagsins féllu undir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 og væri því óskyld að greiða fasteignaskatt af sælúhusunum. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp 27. febrúar 1997 og féll hann Ferðafélaginu í vil. Málinu var síðan áfrýjað til Hæstaréttar og með dómi réttarins 16. október 1997 var viðurkenningarkröfu Ferðafélagsins hafnað. Jafnframt var vísað frá héraðsdómi þeirri kröfu áfrýjanda, Rangárvallahrepps, að staðfest yrði að álagning fasteignagjalda á skála Ferðafélagsins við Álftavatn væri réttmæt og lögum samkvæm.<sup>2</sup>

Tilhögun smölunar á öldinni, sem leið er lýst í fyrrnefndu riti, Göngum og réttum: Laufaleitir eru tvö leitarsvæði. Kallast annað Austurfjall en hitt Vesturfjall og er sinn fjallkóngurinn fyrir hvorri leit. Að auki smöluðu Rangvellingar afrétt þann sem Hekluhraun kallast og skiptist það einnig í tvö svæði: Vesturhraun og Austurhraun. Þar voru tveir leitarforingjar sem kallaðir voru hraunkóngar. Venja var sú að lesa fjallseðil við kirkju eftir messu, bæði Keldna- og Oddakirkju, eigi síðar en viku fyrir göngur en lagt var í fyrstu leit á Austurfjalli laugardaginn í 22. viku sumars. Á mánudegi var komið í Skiptingaröldu sem svo er nefnd, um þriggja tíma lestagang úr Hvanngili. Þar skipti fjallkóngur mönnum í leitir. Tveir menn voru sendir austur með Mýrdalsjökli til að safna Veðurháls og Mælifell en þrír menn fóru í Krókagil. Hinir sem eftir voru héldu að Strúti (Meyjarstrúti), einu hæsta fjalli á Laufaleitum, og var þar enn skipað í leitir. Tveir voru sendir austan í Strútinn og í Strútsver, tveir voru sendir austur í Svartafellstanga allt að Hólmsá og smöluðu þeir Svartafell að austan og upp á því. Einn maður fór vestan í Strútinn og smalaði hann samhliða þeim sem fóru í Krókagilin. Norðan undir Strútnum hittust síðan allir leitarmenn áður en lagt var af stað með safnið á þriðjudagsmorgni. Frekari leit fór fram í Strútsöldum og í hlíðum Kaldaklofs, og einnig var farið fram á milli Útigönguhöfða og Ófæruhöfða og suður Vegahlíð ofan í Hvanngil. Síðar um daginn var allt féð rekið í rétt sem er í Hvanngili.

Vesturfjallsmenn lögðu degi síðar úr byggð og voru tólf saman. Þegar komið var inn í Lambadal var skipt í leitir. Tveir menn voru sendir með áburðarhestana austur á Launfit. Aðrir voru sendir til að smala Skyggni og Skyggnishlíðar, Hagafellshnausa og Hagafell. Hinir Vesturfjallsmennirnir smöluðu með sér leitarsvæðið við Rangá og Grasleysur en svo nefnast hnúkar inn með Rangá. Menn þessir fóru inn að Markarfljóti og yfir það fyrir norðan Laufafell. Þar sendi fjallkóngur sex menn til að safna Ljósartungur alla leið að Ljósá og síðan niður með henni fram á Launfit. Þá tóku við leitir upp með Ljósá, um Ljósárklofninga og austur og niður í Grashaga. Einnig var maður sendur í Jökulgilið. Á þriðja leitardegi voru menn sendir vestur yfir Markarfljót til að safna Faxe og fram með Fljótsgilinu alla leið fram á Krók. Aðrir smöluðu suður Brattháls og fram með Álftavatni. Í Króknum við Hvanngil mættust Vesturfjalls- og Austurfjallsmenn með safnið og gistu þar. Á fimmtudagsmorgni smöluðu báðir leitarflokkarnir framafréttinn þó þannig að Austurfjallsmenn söfnuðu sunnan og austan vegarins en Vesturfjallsmenn norðan og vestan. Síðasti áfanginn á leið til byggðar var Lambadalur og var þar höfð næturgisting áður en féð var rekið í Reyðarvatnsrétt.<sup>3</sup>

1 Hrd. 1981:1602 (nr. 199/1978), sbr. Hrd. 1955:116, (nr. 103/1953). Sáttin var gerð vegna dómsmáls um veiðirétt í Fiskivötnum (Veiðivötnum) suðvestan Vatnajökuls (Hrd. nr. 103/1953).

2 Hrd. 1997: 2763.

3 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 228-243.

Nokkur veiði er í vötnum á afréttinum, einkum Álfta- og Laufavatni, og hefur Veiðifélag Rangárvallaafreittar umsjón með henni. Aðild að félaginu eiga öll lögbýli sem veiðirétt eiga á afréttinum. Syðst á afréttinum er nokkurt vikurnám til ofaniburðar, en engin greiðsla kemur þar fyrir. Allmörg sæluhús eða „þjónustuhús“ eru á afréttinum. Þar má nefna einn skála í Hrafninnuskeri, tvo við Álftavatn, einn í Hvannagili auk gangnamannaskála og tvö lítil hús í Reykjadölum. Flest eru þessi hús rekin í atvinnuskyni og var sótt um byggingaleyfi til sveitarfélagsins áður en þau voru reist.<sup>1</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítills háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafreittur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Rangárvallaafreittar og annarra landsvæða sem til meðferðar eru í þessu máli.<sup>2</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.2. Landnám

Af Sturlubók og Hauksbók Landnámu verður sú ályktun dregin að einn maður, Ketill hængur Þorkelsson, hafi numið það svæði sem nefnt er Rangárvellir en úthlutað síðan öðrum einstaka hluta landnámsins til búsetu. Melabók bendir hins vegar fremur til þess að frumlandnámsmennirnir hafi

1 Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri við skýrslutökur í máli nr. 3/2003.

2 Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 8, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppláttaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.



verið fleiri. Heimildum ber þó saman um að landnám Ketils hængs hafi a.m.k. náð milli Rangár ytri og Hróarslækjar. Auk Ketils hængs koma eftirtaldir landnámsmenn einkum við sögu á Rangárvöllum: Eilífur úr Sogni í Noregi nam Odda hinn litla upp til Reyðarvatns og Víkingslækjar og Björn bróðir hans nam land upp með Rangá og bjó í Svínhaga. Kolli (Kolur) Óttarsson nam land fyrir austan Reyðarvatn og Stotalæk (Stokkalæk) fyrir vestan Rangá (þ.e. Eystri-Rangá) og bjó í Sandgili. Flosi Þorbjarnarson er sagður hafa numið alla Rangárvelli eystri og þá væntanlega upp frá landi þeirra Ketils hængs og Eilífs og Þorsteinn Ásgrímsson á að hafa numið land að ráði Flosa fyrir ofan Víkingslæk til móts við fyrrnefndan Björn í Svínhaga. Í Landnámabók er einnig minnst á konu er Þórunn hét en hún nam Þórunnarhálsa alla. Talið er að þeir séu í landi Næfurholts.

Af frásögn Landnámabókar má draga þá ályktun að Rangárvellir milli Ytri- og Eystri-Rangár hafi verið numdir í öndverðu og skipst milli nokkurra landnámsmanna. Efri mörk landnámsmanna eru þó óljós. Í því sambandi má þó taka mið af nokkrum kennileitum: Stotalækur (Stokkalækur) og Reyðarvatn (efri mörk landnáms Ketils hængs), Oddi hinn litli milli Hróarslækjar og Ytri-Rangár (landnám Eilífs), Svínhagi (bær Björns), Sandgil (bær Kolla Óttarssonar), Skarðið eystra (líklega í dalnum inn af Selsundi, bær Þorsteins Ásgrímssonar<sup>1</sup>) og Þórunnarhálsar (í landi Næfurholts). Einnig er rétt að minna á það sem stendur í Egils sögu að Ketill hængur hafi numið land „milli fjalls ok fjöru“. Egils saga þykir þó ekki traust sagnfræðileg heimild auk þess sem orðalagið er of óljóst til að unnt sé að draga af því afdráttarlausa ályktun um efri mörk landnámsins.

Með tilliti til staðhátta telur óbyggðanefnd fremur ólíklegt að a.m.k. eystri hluti svæðisins hafi verið numinn.

### 6.3. Rangárvallaafréttur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem nefnt er Rangárvallaafréttur eða Laufaleitir. Við afmörkun svæðisins er að meginstefnu stuðst við lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps á mörkum afréttarins, dags. 25. apríl 1979, sem og heimildir um landamerki aðliggjandi jarða og landsvæða.

Að Rangárvallaafrétti liggja Múlatorfa, Barkarstaðir og Fljótsdalur í Fljótshlíð, afréttur Fljóts-hlíðinga, Emstrur (afréttur Hvolhreppinga) og Myrdalsjökull að sunnanverðu, Álftaversafréttur og Skaftártunguafréttur að austanverðu, Landmannaafréttur að norðanverðu og jarðirnar Næfurholt, Selsund, Kot, Keldur, Árbær, Foss og Rauðnefsstaðir að vestanverðu.

Rangárvallaafréttur eða Laufaleitir, eins og hann er oft nefndur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>2</sup> Afrétturinn liggur að mestu leyti ofan 600 m hæðar yfir sjávarmáli.<sup>3</sup> Hæst gnæfa Ýmir í Tindfjallajökli (1465 m) og Hekla (1450 m) á norðvesturhluta afréttarins. Frá Heklu, sem er í raun 4 km ávalur eldfjallahryggur, hafa runnið hraun með reglulegu millibili á sögulegum tíma og kallast hraunbreiðan við Vatnafjöll einu nafni Langvíuhraun. Yngstu hraunin eru úfin og gróðurlaus en þau eldri eru sléttari og mosagrónari. Fremri og Innri Vatnafjöll liggja eins og Hekla í suður vestur stefnu á vestari hluta afréttarins. Upp úr hraunbreiðunum standa einstök fremur lág móbergsfjöll eins og Hafrafell, Mundafell, Trippafjöll, Endafell og Hellufjall. Rétt á móts við suðurhlíð Hellufjalls liggur graslendi nokkurt sem heitir Blesamýri. Innan við Blesamýri ganga Blesárklofningar upp í hlíðina og austan við mýrina fellur Blesá í þröngu gili, Blesárgili. Sunnan við Blesamýri hækkar landið nokkuð og þar gnæfir Tindfjallajökull og hæsti tindur hans Ýmir. Valá rennur vestur úr Tindfjallajökli um Austurdal og svo áfram um Stóra-Valagil sem er um 2 km langt gil milli Valafells og Valahnjúks, í Eystri-Rangá. Eystri-Rangá á upptök sín á Rangárvallaafrétti, nánar tiltekið við Rangárbotna og Skyggnisvötn. Eystri-Rangá rennur í suðvestur til að byrja með með fram

1 Sbr. Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 439.

2 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

3 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins 1997), segir að þetta landsvæði sé u.þ.b. 789 km<sup>2</sup> að stærð.

Skyggnishlíðum. Við Kerlingarfjöll beygir Eystri-Rangá til hávesturs og rennur þaðan í vesturátt uns hún sameinast Þverá.

Á miðjum Rangárvallafrétti er formfast móbergsfjall með hraunhettu að ofan er nefnist Laufafell. Efsti kollur Laufafells er 1164 m hár, undirlendið umhverfis um og yfir 660 m, þannig að sjálft fellið er ekki nema um 500 m hátt. Alveg upp að Laufafelli liggur Laufavatn sem er lítið stöðuvatn og fellur úr því lækur til austurs er nefnist Laufalækur. Sunnan af Laufafellinu liggur Hagafell skammt austan við norðurenda Skyggnishlíða. Um 4 km norðaustur af Hagafelli er Torfatindur í 755 m hæð. Í dalnum milli Torfatinds og Brattháls er stöðuvatn, Álftavatn í 540 m hæð. Við suðurenda Álftavatns er lítið vatn sem Torfavatn heitir. Mjótt sandrif aðskilur vötnin en lítil kvísl rennur á milli. Vestan við Brattháls er Hvanggil sem er flatbotna dalur, grasi vaxinn, í um 570 m hæð, milli Ófæru að vestan og Hvanggilshnausa að austan.

Markafljót á einnig upptök sín á Rangárvallafrétti og liggur austasta upptakakvíslin vestan Torfajökuls við Hrafninnusker. Fljótið eins og það er oft kallað á afréttinum fellur fyrst til norðurs, síðan vestur Reykjadal norðan við Hrafninnuhraun, síðan suðaustur milli Ljósártungna og Laufafells, þá suður með fram austurhlíðum Faxa og þaðan niður á sléttlendið. Töluvert er um hvergi og heitar uppsprettur á ofanverðum Ljósártungum og vestast á Hrafninnuskeri. Á sumum stöðum er að finna uppsprettur undir heilsársfönnum eða jökulum og myndast þá göt á ísinn. Austan og suðaustan Hrafninnuskers eru Reykjafjöll, ávöl og fönnug, en Kaldaklofsfjöll suður af þeim. Suður af Kaldaklofsfjöllum liggja tveir höfðar er kallast Ófæruhöfði og Útigönguhöfði og suður af þeim er Röðull.

Á austanverðum Rangárvallafrétti norðan Mýrdalsjökuls breiðir úr sér svört gróðurlaus og slétt sandbreiða er nefnist Mælifellssandur og eru þar vatnaskil. Brennivínskvísl og önnur fallvötn renna þá í austurátt. Kaldaklof er breiður dalur sem nær frá Torfajökli niður á Mælifellssand, 4-5 km langur. Austan Kaldaklofs tekur við dálitill hæðarklasi, Strútsöldur og þar 4 km austar gnæfa Meyjarstrútur (Strútur) og Mælifell á mörkum Rangárvallaafréttar og Álftaversafréttar.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæðið Rangárvallarafréttur á eftirfarandi hátt: 83% auðnir, 7% rýrt, 7% fremur rýrt og einungis 3% sem vel gróid land. Af þessu má sjá að afrétturinn er mjög gróðursnauður.<sup>1</sup>

Talið er að við landnám hafi nær helmingur Rangárvallaafréttar verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri. Vegna hæðar afréttarins og vegna áhrifa eldvirkinnar hefur gróðurfur hans hvorki verið gróskumikið né fjölskrúðugt. Trjágróður hefur ekki þrífist þar vegna hæðar en álitlegasti gróðurinn hefur verið í daldrögum og með fram ám og lækjum þar sem vatnsborð hefur verið nægilega hátt til að viðhalda raka í jarðveginum. Enn fremur hafa hæfileg snjóþyngsli víða skapað skilyrði fyrir tegundaríkan snjóðældagróður.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hæringsfelli í hæsta punkt á Efridalabrún, þaðan í Vondugil í stóra Valagili, þaðan í Hafrafell, þaðan í Geldingafjöll, þaðan í Rauðöldur og þaðan efst í Ófærugil. Samkvæmt þessari kröfugerð er meginhluti Rangárvallaafréttar innan þjóðlendu. Á móti hefur Rangárþing ytra f.h. eigenda jarða í fyrrum Rangárvallahreppi krafist beins eignarréttar að Rangárvallaafrétti öllum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. nánar skjöl nr. 1 og 1(9), er því haldið fram að ekki verði byggt á annarri frumstofnun eignarréttar á þessu landsvæði en námi. Engar af fyrirbyggjandi heimildum um landnám bendi til þess að land hafi verið numið austur fyrir kröfulínu íslenska ríkisins. Þá er því haldið fram að Rangárvallaafréttur sé dæmigerður samnotaafréttur, þ.e. afréttur sem samkvæmt elstu heimildum hefur verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Réttur til afréttarins hafi orðið til með þeim hætti að íbúar Rangárvalla hafi tekið svæðið til

1 Ólafur Arnalds o.fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Þar sem um samnotaafrétt sé að ræða séu löglíkur fyrir því að um þjóðlendu sé að ræða. Gögn sem sanni hið andstæða hafi ekki verið lögð fram af hálfu gagnaðila. Þá megi benda á fjölmörg atriði varðandi Rangárvallaafrétt sem geri það verulega ólíklegt að um eignarland sé að ræða. Þannig liggja engar upplýsingar frammi um landnám á afréttinum, ekkert landamerkjabréf liggja frammi, engin þinglýst eignarheimild, afrétturinn sé ekki í fasteignabók, hafi ekki fasteignarmat, ekki liggja fyrir upplýsingar um að af landinu hafi verið greidd fasteignagjöld og allmargir skálar séu á afréttinum sem engin lóðarleiga sé greidd fyrir. Allt bendi þetta til þess að um þjóðlendu sé að ræða.

Af hálfu Rangárþings ytra f.h. jarða í fyrrum Rangárvallahreppi, sbr. nánar skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að Rangárvallaafréttur hafi verið fullkomnum eignarrétti undirorpinn allt frá landnámsöld. Sveitarfélagið hafnar þeirri kenningu íslenska ríkisins að land hafi annars vegar verið numið til eignar og hins vegar til afnota og telur ekkert liggja henni til grundvallar. Þvert á móti telur sveitarfélagið að landið hafi allt verið numið til eignar, að frátöldum jökulum, og að landnámsmennirnir hafi haft full eignarráð á landnámi sínu. Það landsvæði, sem hér um ræðir, hafi þannig verið numið í öndverðu og ljóst að það haldi einkaeignarréttarlegri stöðu sinni þó svo að það verði síðar sameign jarða í Rangárvallahreppi. Þá verði að ætla að afnotaréttur og eignarréttur fari saman, nema heimildir finnist um annað, og einkaeignarréttur hafi ekki fallið niður. Enn fremur styðjist eignarrétturinn við órofa notkun byggðarmanna á afréttinum frá ómunatíð og þar af leiðandi við hefð og venjurétt. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli á íslenska ríkinu. Sveitarfélagið hafnar tilgátum um takmörkuð eignarréttindi byggðarmanna. Þær verði fyrst til á 20. öld og hafi ekki tekist að styðja þær neinum viðhlítandi rökum, hvorki sögulegum né réttarlegum. Ekki fyrirfinnist á tímabilinu frá þjóðveldisöld fram á 20. öld réttarheimildir eða dómur þess efnis að í afréttareign felist annað en óskoraður einkaeignarréttur. Loks vísar sveitarfélagið til þess að dómstólar hafi fram til þessa ekki hafnað því að afréttir séu eign þeirra jarða, sem notað hafa þá frá alda öðli til upprekstrar, veiða, nýtingar fjallagrasa og róta o.s.frv.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Rangárvallaafrétt. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, rádstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Rangárvallaafréttur talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Rangárvallaafreáttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða en kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu og fleiri málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd gerir ráð fyrir að hluti þessara landsvæða séu þjóðlendur.

Fyrsta heimildin, sem gefur vísbendingu um afmörkun afréttarins, er svar séra Ásmundar Jónssonar prests í Odda á Rangárvöllum við spurningu um afrétti sóknarmanna frá 1839. Hjá honum kemur fram að Rangárvellir eigi tvo afrétti, Fremri- og Innri-Laufaleitir, sem Markarfljót aðskilji. Þeir liggja í fjallaklasanum frá Heklu að Tindfjöllum. Þar séu fleiri nafngreindar hæðir, t.d. Vatnafjöll, Faxi o.fl. á Fremri-Laufaleitum og Sáta á Innri-Laufaleitum.

Fyrstu og einu heildstæðu lýsinguna á mörkum afréttarins er að finna í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps á mörkum afréttarins í bréfi til sýslunefndar Rangárvallasýslu, dags. 25. apríl 1979. Þar er mörkum afréttarins lýst svo:

<sup>1</sup> Sjá nánar í kafla 4.

<sup>2</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Frá landamörkum Rauðnefsstaða við Þrífjöll í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými), úr Ými í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga í Markarfljót, Markarfljót í Kaldaklofskvísl, Kaldaklofskvísl í Bláfjallakvísl, sem síðan ræður mörkum í Mýrdalsjökul austan Bláfjalla.

Mýrdalsjökull að kvísl þeirra, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur), Stórilækur í Brennivínskvísl, hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga, Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum, þaðan í há-Torfajökul. Úr Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind, úr Krakatindi í Ófærugilsbotn. Síðan ráða landamörk aðliggjandi jarða, Næfurholts, Selsunds, Kots, Keldna, Árbæjar og Foss.

Þessi landamerkjalyking er gerð samkv. bestu vitund bænda á Rangárvöllum.

Á miðjum 9. áratug nýliðinnar aldar komu upp deilur á milli Rangárvallahrepps og Álftavershrepp um mörkin á milli afrétta hreppanna. Þær deilur voru leiddar til lykta með dómi Hæstaréttar 15. júní 1989 (H 1989/1011). Samkvæmt dóminum skulu mörk Rangárvallaafrettar og Álftaversafrettar vera um línu „er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna)“.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Rangárvallaafrettar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Rangárvallasýslu frá árinu 1894 til þessa dags. Í 4. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1943 kemur hins vegar fram að það skuli vera afréttir sem áður hafi verið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 239/1974 sem og í 4. gr. gildandi fjallskilasamþykktar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1990. Í fjallskilareglugerðunum frá 1943 og 1974 er kveðið á um það að hver hreppsnefnd skuli semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og rita hana í fjallskilabók. Reynt var að hafa upp á fjallskilabók fyrrum Rangárvallahrepps án árangurs.

Lýsing sveitarstjóra Rangárvallahrepps á mörkum afréttarins er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku eldri landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalog mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhliða staðfestingu sveitarstjóra f.h. hreppsins á heildarlandamerkjum afréttarins. Við mat á þýðingu þeirrar landamerkjalykingar sem þar kemur fram er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fæi samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins sem og fyrirliggjandi gögnum um merki aðliggjandi landsvæða.

Í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps er suðurmörkum afréttarins við jarðir í Fljótshlíð og afrétt Fljótshlíðinga, Emstrur og Mýrdalsjökul lýst þannig að frá landmörkum Rauðnefsstaða við Þrífjöll liggja þau í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými). Þaðan liggja mörkin í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga ráði svo í Markarfljót, Markarfljót í Kaldaklofskvísl, Kaldaklofskvísl í Bláfjallakvísl, sem síðan ráði mörkum í Mýrdalsjökul austan Bláfjalla. Þá ráði Mýrdalsjökull að kvísl þeirri, sem renni fast austan við Mælifell (Stórilækur). Tekið skal fram að í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram sá skilningur heimamanna að Bláfjöll væru þau fjöll sem nefnd eru Smáfjöll eða Smáfjallarani á kortagrunni Landmælinga Íslands.

Í landamerkjabréfi Eyvindarmúla (Múlatorfu), dags. 1. júní 1891, er norðurmörkum lýst þannig að efst á hálendinu ofan við heiðarnar sé merkjalínan úr Stóra-Hæringsfelli að sjá á Tindafjöll austur. Eldri heimildir um merki Múlatorfu að þessu leyti eru ekki fyrir hendi. Þessi lýsing fær samrýmst lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps að öðru leyti en því að samkvæmt henni liggur línan úr Stóra-Hæringsfelli en ekki frá landmörkum Rauðnefsstaða við Þrífjöll. Samkvæmt landamerkjabréfi Rauðnefsstaða, dags. 24. maí 1890, mætast suður- og austurmörk jarðarinnar í Hæringsfelli. Í bréfinu kemur jafnframt fram að Hæringsfell sé hagamark milli Rauðnefsstaða og Þorleifsstaða

gagnvart Fljótshlíðarhreppi. Af bréfinu verður hins vegar ekki ráðið að merki Rauðnefsstaða liggja í Þrífjöll. Þetta er og í samræmi við eldri heimildir um merki Rauðnefsstaða. Í lýsingu á landamerkjum á milli Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps, dags. 2. maí 1892, er merkjum á þessu svæði lýst úr Hæringsfelli sjónhending í landnorður inn hraunin á hæsta hnjúkinn í Tindfjallajökli. Fær þessi lýsing vel samrýmst landamerkjabréfi Rauðnefsstaða. Virðist því sem um misritun eða eftir atvikum misskilning sé að ræða í lýsingu sveitarstjórans að þessu leyti eins og miðað er við í kröfugerð sveitarfélagsins. Þess ber að geta að norðurmörkum er hvorki lýst í landamerkjabréfi Barkarstaða, dags. 30. júní 1888, né landamerkjabréfi Fljótisdals, dags. 24. maí 1890, né í eldri heimildum um merki þessara jarða.

Í lýsingu hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps á afréttum hreppsins, dags. 3. nóvember 1979, segir að norðurmörk afréttarins liggja úr hæsta tindi Tindfjallajökuls yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, síðan ráði áin Hvítmaga og skilji hún afrétti Fljótshlíðar og Rangárvallahrepps þar til hún falli í Markarfljót. Þessi lýsing er því í meginatriðum í samræmi við lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps. Eldri heimildir um mörk Fljótshlíðarafréttar eru brotakenndar en ekkert í þeim stangast beinlínis á við framangreinda lýsingu.

Í lýsingu oddvita Hvolhrepps á Emstrum, dags. 15. nóvember 1979, segir að milli Emstra og Rangárvallafréttar liggja mörkin um Kaldaklofskvísl eftir þrætutanga og upphaflegum farvegi Bláfjallakvíslar austan Bláfjalla suður um jökul í sýslumörk. Þessi lýsing er í meginatriðum í samræmi við lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps. Eldri lýsingar á takmörkum Emstra að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps á mörkum afréttarins er við það miðað að þau fylgi Mýrdalsjökli frá Bláfjallakvísl austan Bláfjalla að kvísl þeirri sem renni fast austan við Mælifell (Stórilækur). Í kröfulýsingu vegna afréttarins er þó ekki byggt á því að Mýrdalsjökull ráði mörkum að þessu leyti heldur við það miðað að frá Bláfjallakvísl austan Bláfjalla liggja mörk afréttarins til suðvesturs inn á Mýrdalsjökul í línu sem dregin er frá upptökum Jökulsár á Sólheimasandi (Fúlalækjar) í hæst Mælifell. Þannig er gerð krafa um að þríhyrningslaga svæði á Mýrdalsjökli teljist hluti afréttarins. Er þessi kröfugerð byggð á niðurstöðu Hæstaréttar (H 1989/1011) um mörkin á milli Rangárvallafréttar og Álftaversafréttar þar sem segir að „mörkin eigi að vera á línu, er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli“.

Óbyggðanefnd telur að með umræddum dómi Hæstaréttar hafi ekki átt að fella hluta Mýrdalsjökuls undir Rangárvallafrétt heldur sé um stefnulínu úr upptökum Jökulsár á Sólheimasandi (Fúlalækjar) að ræða. Þessu til stuðnings má vísa til orðalags dómsins þar sem sagt er að mörkin eigi að vera á línu sem hugsast dregin úr upptökum árinna. Enn fremur vísast til annarra heimilda um mörk afréttarins að þessu leyti. Þá verður að teljast útilokað að umrætt landsvæði verði nýtt til beitar fyrir búfé. Verður því við það miðað að mörk afréttarins að þessu leyti ráðist af jaðri Mýrdalsjökuls.

Austurmörkum afréttarins gagnvart Álftaversafrétti og Skaftártunguafrétti er í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps lýst þannig að Stórilækur ráði í Brennivínskvísl, hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga, Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum og þaðan í há-Torfajökul. Samkvæmt áður nefndum dómi Hæstaréttar skulu mörk Rangárvallafréttar og Álftaversafréttar vera á línu „er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna)“. Frekari heimildir um afmörkun Álftaversafréttar að þessu leyti liggja ekki fyrir en þær brotakenndu lýsingar sem til eru á mörkum Skaftártunguafréttar að þessu leyti lýsa mörkum með svipuðum hætti.

Norðurmörkum afréttarins gagnvart Landmannafrétti er í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps lýst úr Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugilsbotn. Er þessi lýsing í samræmi við sáttargerð um mörk Landmannafréttar, dags. 7.8.1951. Eðlilega er hún ekki í fullkomnu samræmi við eldri heimildir um merki Landmannafréttar að þessu leyti en um þau stóð ágreiningur sem leiddur var til lykta með framangreindri sáttargerð.

Vesturmörkum afréttarins er ekki lýst sérstaklega í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps

heldur tekið fram að síðan ráði landamörk aðliggjandi jarða, Næfurholts, Selsunds, Kots, Keldna, Árbæjar og Foss. Landamerkjabréf Næfurholts, dags. 4. maí 1886, er uppskrift á þinglesinni lögfestu, dags. 27. maí 1789. Þar er austurmerkjum jarðarinnar lýst úr Sauðafellsbotnum í Rauðöldur og þaðan í Stóraskógsbotna. Þessi lýsing er samþykkt af fyrirsvarsmönnum hreppsins vegna Rangárvallaafréttar. Þá er hún í samræmi við merkjalýsingu í lögfestu, dags. 6. maí 1769. Landamerkjabréf Selsunds, dags. 25. apríl 1886, er einnig uppskrift á þinglesinni lögfestu, dags. 3. júní 1789. Þar er austurmerkjum jarðarinnar lýst úr Stóraskógsbotnum í Fálkahamar. Þessi lýsing er samþykkt af fyrirsvarsmönnum hreppsins vegna Rangárvallaafréttar. Eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Í landamerkjabréfi Kots, dags. 4. maí 1886, er austurmörkum jarðarinnar lýst úr Fálkahamri í Pálsstein. Þessi lýsing er samþykkt af fyrirsvarsmönnum hreppsins vegna Rangárvallaafréttar. Eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Landamerkjabréf Keldna, dags. 24. maí 1890, lýsir norðausturmörkum úr Pálssteini í Rauðkoll. Þessi lýsing er í samræmi við merkjalýsingu í lögfestu, dags. 3. maí 1843. Hún er ekki samþykkt sérstaklega vegna Rangárvallaafréttar. Í landamerkjabréfi Árbæjar, ódags. en þingl. 30. maí 1890, er austurmörkum jarðarinnar lýst úr Rauðkollu í vörðu sem er uppi á háhraunsbrúninni, þaðan beina stefnu í vörðu við Rangá fyrir vestan Foss eða í hæsta hornið á Þríhyrningi. Eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Þá er þessi lýsing ekki samþykkt sérstaklega vegna Rangárvallaafréttar. Í landamerkjabréfi Foss, ódags. en þingl. 27. maí 1892, er norðausturmerkjum jarðarinnar lýst úr vörðu sem er á háhraunsnefninu austur af Skógsöldu, sem er vestur- og norðurhornmark á Fosslandi, í beina stefnu í svonefndan Hraunháls, þar sem Reiðskarð heitir vestur af Hafrafelli og sem safnfé Rangvellinga fer út um til rétta í Keldnaréttir, úr nefndu Reiðskarði svo beina línu austur að Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan svonefnda Aurmýri í Rauðnefsstaðalandi. Þessi lýsing er samþykkt af fyrirsvarsmönnum hreppsins. Eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Samkvæmt þessu liggja vesturmörk afréttarins úr Sauðafellsbotnum í Rauðöldur, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Pálsstein, þaðan í Rauðkoll, þaðan í vörðu sem er uppi á háhraunsbrúninni, þaðan í beina stefnu í svonefndan Hraunháls, þar sem Reiðskarð heitir vestur af Hafrafelli og þaðan beina línu austur að Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan svonefnda Aurmýri í Rauðnefsstaðalandi.

Þess er ekki getið í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps að vesturmörk afréttarins ráðist að einhverju leyti af austurmörkum Rauðnefsstaða. Kann það að stafa af áður nefndum misskilningi um að Rauðnefsstaðir ættu mörk í Þrífjöll. Þannig byggir kröfugerð sveitarfélagsins á því að frá hornmarki Foss og Rauðnefsstaða fyrir innan Aurmýri ráði norðausturmörk Rauðnefsstaða mörkum gagnvart afrétti. Í landamerkjabréfi Rauðnefsstaða, dags. 24. maí 1890, er norðausturmörkum jarðarinnar lýst þannig að Rangá ráði alla leið inn að Valá og svo Valá inn að Valagili og þaðan sjónhending í horn Hæringsfells. Þessi lýsing er ekki í fullu samræmi við lýsingu Eyvindar Nikulássonar á merkjum jarðarinnar frá 1815, sem eftir því sem þar kemur fram er uppskrift á gamalli lögfestu, en þar segir að Valá ráði í Valahnúk og þaðan liggja mörkin í Hæringsfell (lögfesta þessi hefur ekki fundist). Samkvæmt þessu náðu merki jarðarinnar nokkuð lengra til austurs eða í Valahnúk. Um mörk jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar virðist hins vegar hafa verið sátt frá gerð þess og það er samþykkt bæði vegna jarðarinnar, aðliggjandi jarða og hreppsins. Við meðferð þessa máls kom hins vegar upp ágreiningur á milli eigenda Rauðnefsstaða og íslenska ríkisins um túlkun á landamerkjabréfi jarðarinnar að þessu leyti en sá ágreiningur laut einkum að því hvar í Valagil línan skyldi dregin. Um það var gert samkomulag í málinu á þá leið að mörk jarðarinnar gagnvart Rangárvallaafrétti skyldu vera úr Hæringsfelli í hæsta punkt í Efridalabrún og þaðan í Vondugil í Stóra-Valagili. Samkvæmt þessu er ekki um beina sjónhendingu að ræða eins og ráða má af landamerkjabréfi jarðarinnar og var sú niðurstaða fyrst og fremst byggð á því að staðkunnugir voru á einu máli um að ávallt hefði verið litið á Efridalabrúnir sem hluta af landi Rauðnefsstaða. Á þetta var einnig fallist af hálfu sveitarfélagsins vegna Rangárvallaafréttar. Verður því við það miðað að mörk Rauðnefsstaða og Rangárvallaafréttar séu eins og fram kemur í framangreindri sátt málsaðila.

Svo sem áður er rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir Rangárvallaafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Þannig liggur engin lögformleg lýsing á heildarkerkjum afréttarins fyrir. Eina heildstæða lýsingin á merkjum Rangárvallaafréttar er lýsing sveitarstjóra Rangárvallahrepps frá 1979. Sú lýsing miðar hvað vesturmörk afréttarins varðar við landamerkjalýsingar aðliggjandi jarða sem gerðar voru í lok í 19. aldar. Þær voru allar samþykktar a.m.k. vegna hluta aðliggjandi jarða og sumar af fyrirsvarsmönnum hreppsins vegna afréttarins. Þessum landamerkjalýsingum var jafnframt þinglýst og þær færðar í landamerkjabók án þess að séð verði að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrir eða síðar komið fram. Þetta bendir allt til þess að þar sé merkjum gagnvart Rangárvallaafrétti rétt lýst. Enn fremur liggur fyrir dómur Hæstaréttar um mörk á milli Rangárvallaafréttar og Álftaversafréttar sem ekki er að öllu leyti samhljóða lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps enda hafði um nokkurt skeið verið uppi ágreiningur um mörk þar á milli. Sú niðurstaða Hæstaréttar gengur að sjálfsögðu framar lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps. Þá er áður lýst misritun eða misskilningi í umræddri lýsingu um að mörk Rauðnefsstaða næðu í Þrífjöll. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum afréttarins sé að öðru leyti rétt lýst í lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps og í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Rangárvallaafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að hvorki skriflegar heimildir né rannsóknir á sviði fornleifafræði renna benda til þess að byggð hafi að fornu verið á Rangárvallaafrétti. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er að vísu vitnað til Hungurvöku eftir minni um að Næfurholt hafi staðið í miðri sveit og Hekla verið þingstaður. Þessi ummæli er þó ekki að finna í Hungurvöku og virðist því sem um sögusagnir sé að ræða. Þá hafa lýsingar Landnámu á námi á þessu svæði verið raktar og af þeim verða engar sérstakar ályktanir dregnar um að Rangárvallaafréttur hafi verið numinn, hvorki í heild sinni né að hluta til. Með tilliti til staðhátta telur óbyggðanefnd þó fremur ólíklegt að a.m.k. eystri hluti svæðisins hafi verið numinn.

Þegar þessa landsvæðis er getið í öðrum fyrirliggjandi heimildum er það í öllum tilvikum tengt upprekstri og afréttarnotum, sbr. t.d. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, sættargerð frá 1811, sýslu- og sóknarlýsingum frá 19. öld, fjallskilareglugerðir frá 1894 og síðar sem og landamerkjabréf ýmissa jarða á Rangárvöllum.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í fyrrum Rangárvallahreppi haft af Rangárvallaafrétti hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaut. Annars konar nýting, svo sem til ferðaþjónustu og vikurnám, kom fyrst til sögunnar á 20. öld og verður ekki talin hafa sérstaka þýðingu í þessu sambandi.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir á Rangárvöllum eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Rangárvallaafréttur sé að einhverju leyti innan upphaflegs landnáms á Rangárvöllum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því niður fallin.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Rangárvallaafréttar hafi orðið til á þann veg, að íbúar á Rangárvöllum hafi tekið landsvæði þetta til samarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu Rangárþings ytra f.h. eigenda jarða í fyrrum Rangárvallahreppi ekki verið sannað að Rangárvallaafréttur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í fyrrum Rangárvallahreppi hafi verið að ræða.<sup>1</sup> Með hliðsjón af sjálfstæðri rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, verður ekki talið að það hafi þýðingu í þessu sambandi að kröfugerð íslenska ríkisins taki ekki til landræmu vestast á afréttinum enda hafa engin efnisleg rök verið færð fram fyrir þeirri tilhögun.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998, þó þannig að jökull verður eðli málsins samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi að öðru leyti mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í almennum niðurstöðum nefndarinnar, að land Rangárvallafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Hæringsfelli í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) og þaðan í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga ræður þar til hún rennur í Markarfljót, Markarfljót að Kaldaklofskvísl og Kaldaklofskvísl að Bláfjallakvísl og svo fylgir línan Bláfjallakvísl austan Bláfjalla að upptökum hennar í Mýrdalsjökli. Þaðan liggur línan austur með jaðri Mýrdalsjökuls þar til kemur að línu sem hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan liggur línan í hæsta punkt á Meyjarstrúti, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna) og þaðan í há-Torfajökul. Úr há-Torfajökli liggur línan í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugilsbotn. Úr Ófærugilsbotni liggur línan í Rauðöldur, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Pálsstein, þaðan í Rauðkoll, þaðan í vörðu sem er uppi á háhraunsbrúninni (Háhraunsnef), þaðan í beina stefnu á Hraunháls, þar sem Reiðskarð heitir vestur af Hafrafelli og þaðan í beina stefnu suðaustur að Eystri-Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan Aurmýri. Þaðan liggur línan eftir Eystri-Rangá í Valá og svo eftir Valá í Vondugil í Stóra-Valagili. Þaðan liggur línan í hæsta punkt í Efridalabrún og þaðan í Hæringsfell. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði, að undanskildum jökulsvæðum á Tindfjallajökli og Torfajökli, er afréttur jarða í fyrrum Rangárvallahreppi í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota, sem afréttareign fylgja, fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Mýrdalsjökli, Tindfjallajökli og Torfajökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Landsvæði það, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur fyrrum Rangárvallahrepps, er hluti af eftirfarandi landsvæðum sem háð eru sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá og

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



auglýsingu um Friðland að Fjallabaki nr. 354/1979: „Emstrur og Fjallabak“, „Hekla“ og „Friðland að Fjallabaki“.

#### 6.4. Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í fyrrum Rangárvallahreppi

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sem og annarra landsvæða í fyrrum Rangárvallahreppi en Rangárvallaafréttar, þ.e. lands sem til meðferðar er í þessu máli en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til, sbr. einnig kafla 2.4.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddur hluti Mýrdalsjökuls sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi á þessu svæði. Þá er óumdeilt að landsvæði það í fyrrum Rangárvallahreppi, sem hér er til meðferðar, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að á viðkomandi hluta jökulsins hafi stofnast til beins eða óbeins eignarréttar hvorki fyrir nám, löggæringa, hefð né með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Mýrdalsjökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Fylgt er línu sem dregin er frá Mælifelli, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, til suðvesturs inn á jökulinn í stefnu á upptök Fúlalækjar, við suðvestanverðan jökulinn, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, í Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum jökulinum. Úr framangreindum skurðpunkti er svo dregin lína í upptök Bláfjallakvísar, við norðurjaðar Mýrdalsjökuls. Þaðan fylgir línan jaðri Mýrdalsjökuls að fyrrnefndri línu úr Mælifelli í upptök Fúlalækjar. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var veið gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana umfram það sem þegar hefur verið fjallað um.

#### 6.5. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>1</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Rangárvallaafréttur og sá hluti Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

<sup>1</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Úr Hæringsfelli í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) og þaðan í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga ræður þar til hún rennur í Markarfljót, Markarfljót að Kaldaklofskvísl og Kaldaklofskvísl að Bláfjallakvísl og svo fylgir línan Bláfjallakvísl austan Bláfjalla að upptökum hennar í Mýrdalsjökli. Þaðan liggur línan inn á jökulinn þar til kemur að skurðpunkti línu sem dregin er frá Mælifelli, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, til suðvesturs inn á jökulinn í stefnu á upptök Fúlalækjar, við suðvestanverðan jökulinn, við línu sem dregin er úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, í Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum jökulinum. Úr skurðpunktinum fylgir línan svo hinni fyrrnefndu í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan liggur línan í hæsta punkt á Meyjarstrúti, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna) og þaðan í há-Torfajökul. Úr há-Torfajökli liggur línan í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugilsbotn. Úr Ófærugilsbotni liggur línan í Rauðöldur, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Pálsstein, þaðan í Rauðkoll, þaðan í vörðu sem er uppi á háhraunsbrúninni (Háhraunsnef), þaðan í beina stefnu á Hraunháls, þar sem Reiðskarð heitir vestur af Hafrafelli og þaðan í beina stefnu suðaustur að Eystri-Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan Aurmýri. Þaðan liggur línan eftir Eystri-Rangá í Valá og svo eftir Valá í Vondugil í Stóra-Valagili. Þaðan liggur línan í hæsta punkt í Efridalabrún og þaðan í Hæringsfell.

Sama landsvæði, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, að undanskildu landsvæði á Mýrdalsjökli, þ.e. Rangárvallaafréttur, að undanskildum landsvæðum á Tindfjallajökli og Torfajökli, er afréttur jarða í fyrrum Rangárvallahreppi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Að því leyti sem afmörkun afréttarins ræðst af jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðlendulaga.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanns, hefur þegar verið greiddur. Þóknun Óskars Sigurðssonar hdl. ákvarðast svo: 950.000 kr., er greiddist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómnsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Karl Axelsson

Allan Vagn Magnússon

Benedikt Bogason

**VIÐAUKI****I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**

*Sjá bls. 79*




## **FYLGISKJÖL**

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- II. Skjalaskrá**



## ÞJÓÐLENDULÍNA -Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur



— Krafa fjármátaráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendumörk.

— Kröfur ýmissa aðila um eignarréttindi.

— Útlina jökuls skv. uppréttum Landsat-7 gervitunglamyndum og loftmyndum

Mismunur á jökulsvæði, eins og það er tekið á kortgrunni, og úrskurðarlinu öbyggðanefndar, að því leyti sem hún fylgir jökuljaðri, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.


— Mörk þjóðlendu, skv. öbyggðanefndar.

— Mörk afritaraisnir in skv. úrskurði öbyggð

— Landamerkjapunktur.



ur, nú í Rangárbíngi ytra



úrskurði Landamerki

nan þjóðendu  
anefndar.

Dags: 9.12.2004  
Kortgrunnur ISSOR  
Mælikvarði: 1:100 000  
Kortagerð: Sigurgeir Skúlaon, landfræðingur  
© Landmælingar Íslands, keyfi nr. L02030013

**II. Aðilaskrá**

Þjóðlendum  
Rangárvallaafreittur (Laufaleitir)

Rauðnefsstaðir

Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins  
Rangárþing ytra f.h. eigenda jarða í fyrrum  
Rangárvallahreppi.  
Sameignarfélag Rauðnefsstaða



### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Rangárvallahreppi (mælikvarði 1:50 000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5) Máldagi Nikuláskirkju í Odda á Rangárvöllum, 1332.
- 1(6) Máldagi Pálskirkju að Keldum, 1397.
- 1(7) Máldagi Pálskirkju að Keldum, [1371].
- 1(8) Máldagi Árbæjar, Næfurholts, Keldna og Odda frá um 1570. (Gíslamáldagar)
- 1(9) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins í máli nr. 3/2003, Rangárvellir, dags. 13.5.2003.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### Landamerkjalyðsingar úr landamerkjabók:

- 2(1) Rauðnefsstaðir á Rangárvöllum, dags. 24.5.1890.
- 2(2) Þorleifsstaðir, dags. 30.5.1890.
- 2(14) Foss á Rangárvöllum, dags. þingl. 27.5.1892.
- 2(15) Árbær á Rangárvöllum, dags. þingl. 30.5.1890.
- 2(16) Keldur ásamt Króktúni og Tungu á Rangárvöllum, dags. 24.5.1890.
- 2(17) Kot á Rangárvöllum, dags. 4.5.1886.
- 2(18) Selsund á Rangárvöllum, dags. 25.4.1886.
- 2(19) Næfurholt á Rangárvöllum, dags. 4.5.1886.
- 2(20) Teigur með hjáleigum, Butru, Finnshúsum, Ámundakoti (nú Smáratúni), Miðkoti og Bollakoti í Fljótshlíð, dags. 14.5.1890.
- 2(21) Fljótisdalur í Fljótshlíð, dags. 24.5.1890.
- 2(22) Þverár, Heylækur, Valstrýta og Deild í Fljótshlíð, dags. 14.5.1890.
- 2(23) Hlíðarendi með hjáleigum, þ.e. Hlíðarendakoti, Nikulásarhúsum og Hallskoti í Fljótshlíð, dags. 10.5.1886.
- 2(24) Múlatorfa, þ.e. Eyvindarmúli, Múlakot, Sauðtún, Árkvörn og Háimúli í Fljótshlíð, dags. 1.6.1891.
- 2(25) Neðri- og Efri-Þverá í Fljótshlíð, dags. 18.5.1892.
- 2(26) Barkarstaðarland í Fljótshlíð, dags. 30.6.1888.
- 2(27) Landmannafréttur, dags. 22.10.1886.
- 2(28) Landamerki Fljótshlíðar- og Rangárvallahreppa, dags. 2.5.1892.

#### Visitasíubækur biskupa:

- 2(3) a-b Vísitísa Brynjólfs Sveinssonar að Keldum 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7, bls. 53 og 55-56)

#### Kirknaskjöl úr Rangárvallasýslu:

- 2(4) a-b Landamerkjalyðsing Eyvindar Nikulássonar, dags. 4.10.1815, í frumriti og eftirriti Jóns Þorkelssonar frá 2.7.1908, ásamt uppskrift að hluta.

*Jarðamatsskjöl úr Rangárvallasýslu:*

- 2(5) a-b Umfjöllun um hluta jarða í Rangárvallahreppi í jarðamati 1802-1804, ásamt skýringum og uppskriftum að hluta.
- 2(6) Umfjöllun um hluta jarða í Rangárvallahreppi í jarðamati 1849-1850 (gerðabók jarðamatsnefndar Rangárvallasýslu, bls. 22).
- 2(7) Umfjöllun um jarðir í Rangárvallahreppi í fasteignamati 1916-1918 (gerðabók fasteignamatsnefndar Rangárvallasýslu, bls. 71, 77-79, 81-83, 90 og 92).

*Sáttaskjöl úr Rangárvallasýslu (veðbókarregistur):*

- 2(8) a-b Sátt um landamerki Þorleifsstaða og Rauðnefsstaða, dags. 24.7.1854, ásamt uppskrift að hluta. Sáttabók Rangárvallahrepps, Oddaumdæmis, 1830-1935.
- 2(9) a-b Sátt milli hreppstjóra í Rangárvallahreppi og Jóns Þorgilssonar, bónda á Rauðnefsstöðum, dags. 19.11.1811, ásamt uppskrift að hluta. Sáttabók Rangárvallahrepps 1807-1828.

*Skjalasafn sýslumanna o.fl.:*

- 2(10) a-b Fjallskilaseðill 1838 úr Bréfabók Rangárvallahrepps 1828-1940. (Rangárvallahreppur 4a), ásamt uppskrift.
- 2(11) a-b Leitir í Hekluhraunum úr Bréfabók Rangárvallahrepps 1828-1940. (Rangárvallahreppur 7), ásamt uppskrift.

*Skjalasöfn presta og prófesta:*

- 2(12) a-b Oddi á Rangárvöllum, dómur um Norðurkinn, afrétt Oddakirkju nr. 16, ásamt uppskrift að hluta. (Oddi AA/1. Eignaskjalabók 1495-1870. Bls 30-33)

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns, landshöfðingja og Stjórnarráðs Íslands:*

- 2(13) Yfirlit Hákonar Bjarnasonar yfir skógaritök í Rangárvallasýslu, sbr. bréf dags. 3.7.1953. (Landbúnaðarráðuneytið BA/323)

*Bréfabók Sigurðar Sigurðssonar alþingisskrifara*

- 2(29) Lögfesta Næfurholts á Rangárvöllum, dags. 6.5.1765.
- 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 14.2.2003.
- 3(1) Kaupbréf fyrir einu hundraði og 5 álnum í Þorleifsstöðum, dags. 15.1.1660.
- 3(2) Lögfestur Þorleifsstaða 1762, 1786 og 1788.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 22.9.2003.

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 4(1) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Ísland. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 23-53).
- 4(2) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 17-18).
- 4(3) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 226-229).
- 4(4) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 6).
- 4(5) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 67).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(6) Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1990. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1990. B-deild, bls. 344-351.)
- 4(7) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 239/1974. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1974. B-deild, bls. 506-515.)
- 4(8) Auglýsing nr. 267/1968 um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 157, 6.7.1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968. B-deild, bls. 424.)
- 4(9) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1943. B-deild, bls. 327-339.)
- 4(10) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8.8.1921, nr. 48/1936. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. B-deild, bls. 120.)
- 4(11) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, frá 8.8.1921, nr. 53/1931. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1931. B-deild, bls. 163.)
- 4(12) Reglugerð fyrir Rangárvallasýslu, um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 72/1921. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1921. B-deild, bls. 139-150.)
- 4(13) Reglugjörð um breytingu á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjænaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl. frá 7.6.1915, nr. 140/1919. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. B-deild, bls. 187.)
- 4(14) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjænaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 80/1915. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. B-deild, bls. 133-146.)
- 4(15) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 8/1911. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911. B-deild, bls. 20-33.)
- 4(16) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjænaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 58/1894. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1894. B-deild, bls. 75-87.)

*Alþingisbækur Íslands:*

- 4(17) Kaupbréf Jóns Jónssonar fyrir jörðinni Þorleifsstöðum á Rangárvöllum, 1725 (11. b., bls. 291).
- 4(18) Makaskipti sr. Lofts Rafnkelssonar, 1751. Þar er m.a. nefnd jörðin Rauðnefsstaðir (14. b., bls. 38).

*Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni:*

- 4(20) Máldagi Nikuláskirkju í Odda á Rangárvöllum [1270]. Fram kemur að greiddur var geldingur til kirkjunnar frá Þorleifsstöðum (2. b., bls. 87).
- 4(21) Máldagi kirkjunnar í Odda, 1397. Fram kemur að greiddur var geldingur gamall til kirkjunnar frá Þorleifsstöðum (4. b., bls. 69-77).
- 4(22) Máldagi kirkjunnar í Odda, 1480. Fram kemur að greiddur var geldingur gamall til kirkjunnar frá Þorleifsstöðum (6. b., bls. 322-327).  
Skjöl nr. 1(5), 1(6), 1(7) og 1(8) falla einnig undir flokkinn „Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni“.

*Jarðabréf:*

- 4(19) Kaupbréf fyrir jörðinni Þorleifsstöðum, dags. 16.5.1677. Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, 1993 (bls. 4).

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 4(23) Rauðnefsstaðir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.  
 4(24) Þorleifsstaðir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.

*Binglýsingavottorð hjá sýslumanninum á Hvolsvelli:*

- 4(34) Binglýsingarvottorð Kots, dags. 26.9.2003.  
 4(35) Binglýsingarvottorð Keldna, dags. 26.9.2003. (2 síður)  
 4(36) Binglýsingarvottorð Foss, dags. 26.9.2003.  
 4(37) Binglýsingarvottorð Árbæjar, dags. 26.9.2003.  
 4(38) Binglýsingarvottorð Næfurholts, dags. 26.9.2003.  
 4(39) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Selsund, Rangárvallahreppi, dags. 26.9.2003.  
 4(25) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Rauðnefsstaði, Rangárvallahreppi, dags. 3.4.2003.  
 4(26) Spjald úr afsals og veðmálabók fyrir Þorleifsstaði í Rangárvallahreppi, dags. 3.4.2003.

*Matsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir jarðir í Rangárþingi ytra (Rangárvallahreppi):*

- 4(31) Fasteignamatsvottorð fyrir Rauðnefsstaði, dags. 14.8.2003.  
 4(32) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorleifsstaði, dags. 14.8.2003.

*Landnáma:*

- 4(33) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar. Reykjavík 1986, bls. 346-349 og 356-363.

*Málsskjöl úr Hæstaréttarmáli nr. 199/1978:*

- 4(41) Sátt um landamerki Landmannaafreitar, dags. 7.8.1951, ásamt korti.

*Menningarminjar:*

- 4(27) Menningarminjar á miðhálandi Íslands, Rangárvallasýsla. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (bls. 3, 52-54, 90-92 og 197-204).  
 4(28) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400 000), Rangárvallasýsla.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 4(29) Afréttaskrá Rangárvallasýslu, bls. 6, bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985 og bréf til sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 16.11.1979.  
 4(30) Lýsing á landmerkjum Rangárvallaafreita í bréfi Jóns Þorgilssonar, sveitarstjóra Rangárvallahrepps, til sýslunefndar Rangárvallasýslu, dags. 25.4.1979.  
 4(40) Lögfesta fyrir jörðina Selsund, dags. 3.6.1789.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hdl. vegna Rauðnefsstaða, Þorleifsstaða og Rangárvallaafreitar (Laufaleitir):**

- 5 Kröfulýsing, dags. 15.1.2002.  
 5(1) Yfirlitskort - kröfulíniur í Rangárvallahreppi (ekki í mælikvarða), dags. 15.1.2002.  
 5(2) a-d Kort sem sýna kröfulíniur í Rangárvallahreppi (mælikvarði 1:50 000), dags. 15.1.2002.  
 5(3) Greinargerð dags. 4.6.2003  
 5(4) Sendibréf, dags. 1.3.1972, þar sem lýst er landmerkjum Rauðnefsstaða.  
 5(5) Uppdráttur sem sýnir mörk milli Rangárvallaafreitar og Fljótshlíðarafreitar. Mörkin eru dregin af Guðmundi Inga Gunnlaugssyni sveitarstjóra.  
 5(6) Uppdráttur af mörkum Landmannaafreitar samkvæmt dómsátt, dags. 7.8.1951.

- 5(7) Endanleg kröfugerð, ódags.  
 5(8) Auglýsing í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979, um friðland að Fjallabaki.  
 5(9) Kort sem sýnir endanlega kröfugerð, dags. 1.10.2003, í mælikvarða 1:50.000.

### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 6 (a-c) Kort a: Yfirlitskort – Lýstar kröfur á svæði 3/2003 í Rangárvallahreppi, (mælikvarði 1:100 000).  
 Kort b: Lýstar kröfur á svæði 3/2003, austari hluti Rangárvallahrepps, (mælikvarði 1:50 000).  
 Kort c: Lýstar kröfur á svæði 3/2003, vestari hluti Rangárvallahrepps (mælikvarði 1:50 000).  
 Sbr. kröfufinukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr. 1(2), 5(1) og 5(2).
- 7 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Rangárvallahreppi, ódags.
- 8(1) Fundargerð 1. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 15.4.2003.  
 8(2) Fundargerð 2. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 13.5.2003.  
 8(3) Fundargerð 3. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 5. 6.2003.  
 8(4) Fundargerð 4. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 15.9.2003.  
 8(5) Fundargerð fyrri hluta aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 16.-18.9.2003.  
 8(6) Fundargerð síðari hluta aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 2.10.2003.  
 8(7) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.  
 8(8) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 9 Jökla- og jökulbreytingar á Rangárvöllum. Greinargerð Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, dags. 23.11.2004.
- 10 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

### Hliðsjónargögn

#### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna kröfu um þjóðlendu (skjal nr. 1):

- Ónr. Hæstaréttardómur 1989/1011. Mörk milli afréttarlanda Álftavershrepps og Rangárvallahrepps.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1997/2763. Fasteignagjöld sæluhússins við Álftavatn á Rangárvallaafretti.
- Ónr. Rangárþing, greinargerð um héraðið á ellefu aldar byggðarafmæli, 1974. Bls. 14-19 og 22.
- Ónr. Íslendingasögur, fyrsta bindi, landsaga og landnám, án ártals. Bls. 214-217.
- Ónr. Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, 1968. Bls.130, 136-137, 145-147, 154-157.
- Ónr. Landið og Landnáma, 1982. Bls. 430-443.
- Ónr. Á ferð um landið, Árnes og Rangárvallasýslur, 1994. (Kafli um Rangárvelli)
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands, 1976. Bls. 114-143.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands, 1966. Bls. 36-37, 50-55, 58-69, 74-89.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands, 1995. (Kafllarnir „Byggð og blásin hraun“ og „Heklubær“.)
- Ónr. Göngur og réttir I, 1983. Bls. 228-249, 252-253.
- Ónr. Rangárþing II, Rangárvellir, 1930. Bls. 15-25, 46-47, 58-77, 80-81, 86-87.

- Ónr. Goðasteinn, héraðsrit Rangæinga, 1997. Bls. 148-161.
- Ónr. Sunnlenskar byggðir V, 1987. Bls. 8-19, 34-39, 62-71, 74-79, 116-117.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 1913-1917. Bls. 230-239, 244-247, 258-261, 274-277.
- Ónr. Rangvellingabók, 1982. Bls. 1-9, 54-59, 90-97, 148-157, 188-189, 196-215, 224-225, 228-235, 288-301, 338-347, 359-367, 382-395, 446-447, 520-527.
- Ónr. Efnisskipan málfutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Hrd. 1955/108 Landmannaafréttardómur fyrri.
- Ónr. Skjalaskrá í dómi 1955/108.
- Ónr. Hrd. 1981/1584 Landmannaafréttardómur síðari.
- Ónr. Skýrslur í máli 3/2003 hjá óbyggðanefnd, (22 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

**Lagt fram til hliðsjónar af Óskari Sigurðssyni hdl.**

- Ónr. Efnisskipan málfutningsræðu Óskars Sigurðssonar hdl. við aðalmeðferð.

# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 4/2003

fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar,  
nú í Rangárþingi eystra



10. desember 2004





## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>275</b>
<b>2. MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>275</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	275
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar . . . .	276
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	276
2.4. Afmörkun máls nr. 4/2003 .....	277
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	278
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>279</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins .....	279
3.2. Kröfur eigenda jarða í Múlatorfu .....	279
3.3. Kröfur eiganda Barkarstaða .....	279
3.4. Kröfur eigenda Fljótisdals ásamt Þórólfsfelli .....	279
3.5. Kröfur Rangárþings eystra vegna Fljótshlíðarafréttar (Grænafjalls) .....	279
3.6. Kröfur Rangárþings eystra vegna Emstra .....	280
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>280</b>
4.1. Inngangur .....	280
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	280
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	281
4.4. Vettvangsferð .....	282
4.5. Skýrslutökur .....	283
<b>5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTA</b> .....	<b>283</b>
5.1. Landnám .....	283
5.2. Múlatorfa .....	286
5.3. Barkarstaðir .....	289
5.4. Fljótisdalur ásamt Þórólfsfelli .....	292
5.5. Fljótshlíðarafréttur (Grænafjall) .....	294
5.6. Emstrur .....	297
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>300</b>
6.1. Inngangur .....	300
6.2. Landnám .....	300
6.3. Múlatorfa .....	301
6.4. Barkarstaðir .....	304
6.5. Fljótisdalur ásamt Þórólfsfelli .....	308
6.6. Fljótshlíðarafréttur (Grænafjall) .....	314
6.7. Emstrur .....	319
6.8. Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppum .....	323
6.9. Um málskostnað .....	324
6.10. Um tæknileg atriði .....	324

<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>235</b>
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>327</b>
I. Hnit	
II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (upsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>329</b>
I. Kort	
II. Aðilaskrá	
III. Skjalaskrá	
IV. Tækniskýrsla	

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar, nú í Rangárþingi eystra, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur jarðanna Eyvindarmúla, Háamúla, Árkvarnar og Múlakots I í Múlatorfu, Barkarstaða og Fljótsdals og sveitarfélagið Rangárþing eystra fyrir eigin hönd og fyrir hönd jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi vegna Fljótshlíðarafréttar/Grænaþjalls og Þórólfsfells og fyrir hönd jarða í fyrrum Hvolhreppi vegna Emstra.

(Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. og Óskar Sigurðsson hdl.)

Eigendur jarðarinnar Múlakots II í Múlatorfu.

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

<sup>1</sup> Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður vara- maður í hans stað.

## 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um Þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um Þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt upprætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almennungi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1. - 31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 4/2003

Í janúar 2003 var lögmonnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppur, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasundur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði, sem til meðferðar er í máli nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppur, nú Rangárþingi eystra (Rangárvallasýslu), afmarkast til vesturs, norðvesturs, norðurs og norðausturs af mörkum Rangárþings eystra gagnvart Rangárþingi ytra. Til vesturs og norðvesturs er nánar tiltekið um mörk fyrrum Vestur-Landeyjahrepps gagnvart fyrrum Djúpár- og Rangárvallahreppum og mörk fyrrum Hvolhrepps gagnvart fyrrum Rangárvallahreppi að ræða og til norðurs og norðausturs um mörk fyrrum Hvol- og Fljótshlíðarhreppa gagnvart fyrrum Rangárvallahreppi. Til suðurs, suðausturs og austurs afmarkast svæðið svo af mörkum fyrrum Austur-Landeyja-, Fljótshlíðar og Hvolhreppa gagnvart fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi. Þá er hér til meðferðar landsvæði á Mýrdalsjökli sem afmarkast af línu sem dregin er úr upptökum Bláfjallakvíslar við norðurjaðar Mýrdalsjökuls í skurðpunkt línu sem dregin er úr Entu (1347), í norðvestanverðum jöklinum, til suðausturs í Huldufjöll (730), í suðaustanverðum jöklinum, við línu sem dregin er á milli upptaka Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og Mælifells, við norð-austanverðan jökulinn. Úr framangreindum skurðpunkti afmarkast svæðið svo af línu sem dregin er í Entu og þaðan eftir Entugjá að upptökum Syðri-Emstruár.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á tilteknu svæði annars vegar og kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að sama landsvæði, að undanskildu því svæði á Mýrdalsjökli sem hér er til meðferðar, hins vegar. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorð-

ast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

Af hálfu eigenda jarða í Hlíðarendatorfu og jarðanna Efri- og Neðri-Þverár var upphaflega gerð krafa um beinan eignarrétt að landi jarðanna innan tilgreindra merkja. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins snertir ekki land innan umræddra merkja og voru þessar kröfur því dregnar til baka við aðalmeðferð. Hvorki jarðir í Hlíðarendatorfu né Þverárjarðirnar koma því til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum umfram það sem sjálfstæð rannsóknarskylda óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, leiðir af sér.

## 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 4/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 4. apríl 2003. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd vinni saman að því að þeir sem hagsmuna eigi að gæta gerist aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 5. maí 2003 var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 2. júní s.á. var greinargerð flestra annarra lögð fram, ásamt fleiri gögnum. Fram kom að eigendum Hlíðarendakots og Múlakots II hefði af sérstökum ástæðum verið veittur frestur til að skila greinargerð til 6. júní og að hún yrði send lögmönnum annarra málsaðila jafnskjött og hún bærst en formlega lögð fram við næstu fyrir töku. Þá kom fram að fyrirsjáanlegt væri að taka þyrfti málið fyrir aftur áður en að aðalmeðferð kæmi og að um tímasetningu þeirrar fyrirtöku yrði tilkynnt síðar.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 20. ágúst 2003. Við það tækifæri var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Af hálfu eigenda Hlíðarendakots og Múlakots II var lögð fram yfirlýsing um að eigendur þessara jarða mundu ekki taka þátt í aðalmeðferð málsins heldur visuðu þeir til greinargerðar sinnar um kröfugerð og málavexti og lögðu málið í úrskurð. Ástæður þessarar tilhögunar voru ítarlega raktar í framangreindri yfirlýsingu. Á sama fundi voru einnig lögð fram ýmis önnur gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 27.-29. ágúst 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlaga, en svo var ekki. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Hótel Rangár. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

#### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er gerð sú krafa að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Fljótshlíð: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Fljótshlíð og Hvolhreppi er í Öldusteini á Markarfljótsaurum og er hann A, frá þeim punkti liggur lína upp í mynni Fremra Kanastaðagils og svo upp eftir gilinu þar til það endar og er það punktur B, frá þeim punkti beina línu í punkt C, sem er í 672 m hæð í Hraunum, þaðan beint í hæsta punktinn á Hæringsfelli 542 m sem er á hreppamörkum og er punktur D.“

#### 3.2. Kröfur eigenda jarða í Múlatorfu

Af hálfu eigenda Eyvindarmúla, Háamúla, Árkvarnar og Múlakots I í Múlatorfu er gerð eftirfarandi krafa: „Hlíðaland jarðanna er sameiginlegt með Múlakoti II og mörk jarðanna gagnvart þjóðlendu því sameiginleg. Mörk gagnvart þjóðlendu eru þessi: Lína dregin úr Hæringsfelli í Ými.“

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu eigenda Múlakots II er gerð eftirfarandi krafa: „Umbjóðendur okkar gera hér með þær kröfur að sjónarmiðum sem fram koma í kröfugerð ríkisins sé alfarið hafnað. Gera umbjóðendur okkar jafnframt þær kröfur að fallist sé á kröfur um óskorðaðan eignarrétt að landi jarðanna og afréttarins og að landsvæði það sem hér er nú til meðferðar hafi verið fullkomnum eignarrétti háð frá landnámsöld. Mörk Múlakots II í Fljótshlíð gagnvart þjóðlendulínu eru hin sömu og annarra eignarlanda í Fljótshlíð, þ.e. lína dregin úr Hæringsfelli í hæsta hnjúk Tindafjallajökuls, Ými, en það eru einnig hreppamörk Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps. Að öðru leyti vísa umbjóðendur okkar til framsettra krafna í kröfulýsingu annarra jarðeigenda í Fljótshlíðarhreppi fyrir óbyggðarnefnd, dags. 15. janúar 2002.“

Þá er þess krafist að óbyggðarnefnd úrskurði eigendum jarðarinnar málskostnað vegna hagsmunagæslu þeirra fyrir við reksturs málsins fyrir nefndinni.

#### 3.3. Kröfur eiganda Barkarstaða

Af hálfu eiganda Barkarstaða er gerð krafa um að mörk gagnvart þjóðlendu séu „lína dregin úr Hæringsfelli í Ými að landamerkjum Fljótisdals og Græna fjalls, afrétt Fljótshlíðinga.“

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

#### 3.4. Kröfur eigenda Fljótisdals ásamt Þórólfsfelli

Af hálfu eigenda Fljótisdals annars vegar og Þórólfsfells hins vegar er gerð krafa um að mörk gagnvart þjóðlendu séu „lína dregin úr Hæringsfelli í Ými að landamerkjum Fljótisdals og Græna fjalls, afrétt Fljótshlíðinga“.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

#### 3.5. Kröfur Rangárþings eystra vegna Fljótshlíðarafréttar (Græna fjalls)

Af hálfu Rangárþings eystra fyrir eigin hönd og fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi er gerð krafa um beinan eignarrétt að Fljótshlíðarafrétti (Græna fjalli) innan eftirfarandi marka: „Úr hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) yfir jökulinn með hreppamörkum Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps að ánni Hvítmögu, síðan ræður áin Hvítmaga þar til hún fellur í Markarfljót að Þröngá.“

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6. Kröfur Rangárþings eystra vegna Emstra

Af hálfu Rangárþings eystra fyrir eigin hönd og fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Hvollhreppi er gerð krafa um beinan eignarrétt að Emstrum innan eftirfarandi marka: „Vestan undir Merkurjökli og inn með honum. Að sunnan liggja Emstrur að afrétti Eyfellinga, Almanningum, en afréttina skilur straumhörd jökulkvísl, Fremri-Emstruá. Að suðvestan liggja Emstrur að Markarfljóti og afrétti Fljótshlíðinga Grænafjalli; að norðvestan liggja þær að afrétti Rangvellinga Laufaleitum og skilur þar Bratthálskvísl að innanverðu.“

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-12 ásamt undirskjöllum eða samtals 227 skjöl, auk 16 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar, enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að



fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Þjóðll. Lögmenntum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfyrnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfrréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið. Enn fremur athuguðu sérfræðingar Þjóðskjalasafns skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Ís-lenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) var ekki ljósrituð að neinu leyti heldur er stuðst við hana sem almennt uppsláttarit.

Um önnur óprentuð frumgögn en hér hefur verið greint frá er vísað til áður nefndra greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og skjalaskrár.

#### 4.4. Vettvangsferð

Lagt var af stað í vettvangsferð frá Hótel Rangá að morgni miðvikudagsins 27. ágúst 2003. Með í för voru óbyggðanefnd, starfsmenn nefndarinnar og lögmenn málsaðila. Ekið var sem leið lá að söluskála Esso á Hvolsvelli, Hlíðarenda, þar sem séra Sváfnir Sveinbjarnarson, fyrrverandi prófastur á Breiðabólstað og Kristinn Jónsson, fyrrverandi oddviti Fljótshlíðarhrepps, bóndi á Staðarbakka slógust með í för. Þá var haldið af stað inn með Fljótshlíðinni. Á leiðinni lýsti séra Sváfnir staðháttum, greindi frá bæjarnöfnum og sagði sögur úr sveitinni. Sváfnir greindi svo frá örnefnum í landi Múlatorfu. Ekið var yfir Bleiksá á mörkum Múlatorfu og Barkarstaða sem Sváfnir kvað renna úr Bleiksárgljúfri. Stöðvað var við afleggjarann að Barkarstöðum þar sem Daði Sigurðsson, bóndi á Barkarstöðum, slóst með í för.

Haldið var af stað á ný og ferðinni heitið inn á Fljótshlíðarafrétt. Ekið var fram hjá Viðargili á mörkum Barkarstaða og Fljótisdals og Þórólfsárgljúfri á mörkum Fljótisdals og Þórólfsfells. Þórólfsfell er girt frá landi Fljótisdals með girðingu sem liggur frá Markarfljóti að mynni Þórólfsárgljúfurs. Til norðurs mátti sjá það landsvæði sem nefnt er Klofningar en það var að nokkru hulið þoku. Ekið var áfram yfir Gilsá og fram hjá Bolagili. Stöðvað var þar sem Jöldusteinn og Fremsta Kanastaðagil mynda beina línu og skyggst um. Bjart var yfir og vel sást til fjalla. M.a. mátti sjá fjöllin Einhyrning og Hest. Svæðið þar sem Kanastaðagilin þrjú liggja sögðu heimamenn að nefndust Kana-staðir að neðanverðu en Hausar þegar ofar drægi.

Enn var haldið af stað og ekið sem leið lá inn á Fljótshlíðarafrétt. Stöðvað var við Hellisvelli og skyggst um. Sváfnir sagði þar frá staðháttum og gróðurfari. Þar er m.a. hellir sem nefnist Flöskuskúti. Gróðurfar kvað Sváfnir einkennast mjög af eini og lyngi. Þá greindi Sváfnir frá malarnámi vegagerðarinnar á þessu svæði. Ekið var af stað á ný og haldið niður í Tröllagjá. Að sögn Sváfnis er gjáin talin hafa myndast í jökulhlaupi. Í stafni gjárinnar mátti sjá Einhyrning. Ekið var inn á Einhyrningsflatir. Þær eru mjög vel grónar og bera vott um árangursríka uppgræðslu. Stöðvað var við Bólstað, gangnamannakofa á Einhyrningsflötum, og skyggst um. Þar mátti m.a. sjá Hrútsfjall. Sváfnir greindi frá því að undir Hrútsfjalli hefðu fundist bæjarrústir.

Ekið var af stað á ný og haldið norður afréttinn. Sváfnir sagði frá staðháttum og lýsti fyrirkomu-lagi fjallskila. M.a. mátti sjá Kerhnúka og Lifrarfjöll. Ekið var upp í 600 m hæð. Þaðan sást vel yfir Emstrur. Jafnframt mátti sjá Syðri-Emstruá sem skilur á milli Emstra og Almenninga. Stöðvað var við leið sem liggur ofan í Markarfljótsgljúfur og fjallasýn skoðuð. M.a. mátti sjá Stóra-Græna-fjall, toppinn á Litla-Græna-fjalli, Hafrafell, Stóra- og Litla-Mófell, Tudda og Tvíböku. Þá var ekið sem leið lá inn á Krók. Stöðvað var sunnan við Þverárbotna. Þar var útsýni gott og vel sást yfir bæði Fljótshlíðarafrétt og Emstrur. Fram kom að þau fjöll, sem nefnd eru Smáfjöll og Smáfjallarani á kortagrunni Landmælinga Íslands, þekki Fljótshlíðingar sem Bláfjöll. Haldið var af stað á ný og stöðvað næst á hæð nokkurri sem að sögn heimamanna ber ekki sérstakt nafn. Þar mátti sjá hvar

Markarfljót og Hvítmaga mætast. Einnig sáust bæði Litla-Grænafjall og Stóra-Grænafjall vel frá sama stað.

Þá var haldið sömu leið til baka. Þegar komið var af afréttinum var stöðvað við gangnamannakofann Fjall og skyggnt um. Ekið var af stað á ný, yfir Þórólfsá og sem leið lá upp á Fljótisdalsheiði. Á heiðinni var stöðvað og merki skoðuð. Að því loknu var haldið til baka. Á leiðinni niður benti Daði viðstöddum á Smérbrekkur, Þrætutungur og Rauðyrpuflatir. Var því næst haldið að Hótel Rangá þar sem vettvangsferðinni lauk síðla dags.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Kristni Jónssyni, fyrrverandi oddvita Fljótshlíðarhrepps, Staðabakka; Daða Sigurðssyni, Barkarstöðum; Sváfni Sveinbjarnarsyni, fyrrverandi prófasti á Breiðabólstað; Oddgeiri Guðjónssyni, fyrrverandi hreppstjóra Fljótshlíðarhrepps og Jóni Arngrímssyni, Árgilssstöðum. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem málið snertir. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu bæði Fljótshlíðarafréttar og Emstra frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Í Landnámabók er nefndur einn aðallandnámsmaður í Rangárþingi, Ketill hængur Þorkelsson. Ketils er að nokkru getið í sögu Egils Skalla-Grímssonar, enda veitti hann föðurbróður Egils Skalla-Grímssonar liðveislu í baráttu hans gegn Haraldi konungi hárfagra. Í Sturlubók og Hauksbók segir svo:

Ketill hængur hét ágætr maðr í Naumdælafylki, son Þorkels Naumdælajarls ok Hrafnhildar dóttur Ketils hængs ór Hrafnistu. Ketill bjó þá í Naumdal, er Haraldr konungr hárfagri sendi þá Hallvarð harðfara ok Sigtrygg snarfara til Þórólfs Kveld-Úlfssonar, frænda Ketils. Þá dró Ketill lið saman ok ætlaði at veita Þórólfi, en Haraldr konungr fór et efra um Eldueið ok fekk skip í Naumdælafylki ok fór svá norðr í Áløst á Sandnes ok tók þar af lífi Þórólfi Kveld-Úlfsson, fór þá norðan et ytra ok fann þá marga menn, er til liðs ætluðu við þá Þórólfi; hnekkði konungr þeim þá. En litlu síðar fór Ketill hængur norðr í Torgar ok brenndi inni Hárek ok Hrærek Hildiríðarsonu, er Þórólfi hofðu rægðan dauðarógi; en eptir þat réð Ketill til Íslandsferðar með Ingunni konu sína ok sonu þeira. Hann kom skipi sínu í Rangárós ok var enn fyrsta vetr at Hrafnóptum. Ketill nam öll lönd á milli Þjórsár ok Markarfljóts; þar námu síðan margir gofgir menn með ráði Hængs. Ketill eignaði sér einkum land milli Rangár ok Hróarslækjar, allt fyrir neðan Reyðarvatn, ok bjó at Hofi. ... Hængur hafði <ok> undir sik lönd öll fyrir austan Rangá ena eystri ok Vatsfell til lækjar þess, er fellr fyrir útan Breiðabólstað ok fyrir ofan Þverá, allt nema Dufþaksholt ok Mýrina; þat gaf hann þeim manni er Dufþakr hét; hann var hamrammr mjök.<sup>1</sup>

Talið er að í þessari frásögn sé samsteypa tveggja texta, annars vegar úr Egils sögu þar sem

<sup>1</sup> *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 346-347. Frásögnin er að mestu samhljóða í Sturlubók og Hauksbók. Sbr. *Egils saga Skalla-Grímssonar*. Íslensk fornrit. 2. b. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík 1933. S. 58-60.

Ketill er sagður hafa numið allt land milli Þjórsár og Markarfljóts, „á milli fjalls ok fjöru“, og hins vegar úr upphaflegri Landnámabók þar sem Katli er ekki ætlað stærra landnám en á milli Rangár (væntanlega Ytri-Rangár) og Hróarslækjar og austur fyrir Rangá eystri eins og nánar er tilgreint í frásögninni hér að framan. Þennan mun má sjá með því að bera saman frásögn Sturlubókar og Hauksbókar annars vegar og Melabókar hins vegar en hún er elsta varðveitta gerð Landnámabókar.<sup>1</sup>

Fyrirgreind frásögn Sturlubókar og Hauksbókar stangast einnig á við það að í Melabók er gert ráð fyrir fleiri sjálfstæðum landnámsmönnum á svæðinu en Katli einum og skal nú greint frá þeim helstu.

Dufþakur sá sem nefndur er hér að framan virðist hafa verið sjálfstæður landnámsmaður eftir því sem ráða má af eftirfarandi frásögn Melabókar:

Hildir og Hallgeir bræðr ok Ljót systir þeira váru vestmenn; þau námu land, er þau kómu til Íslands, á milli Fljóts ok Rangár, Eyjasveit upp til Þverár. ... Dufþakr hét leysingi þeira, er nam Dufþaksholt ok var hamrammr mjök, ok svá var ok Stórólfr at Hváli, en þá skildi á um beit.<sup>2</sup>

Þau systkin, Hildir, Hallgeir og Ljót, eru einnig nefnd í Sturlubók og Hauksbók, og er ekki annað að sjá en að þau hafi komið til Íslands á undan Katli hæng.<sup>3</sup>

Í Melabók segir svo um landnámsmanninn Baug Rauðsson:

Baugr var föstbróðir Hængs; hann fór til Íslands ok var hinn fyrsta vetr á Baugsstöðum, en annan með Hængi. Hann nam síðan Fljótshlíð alla ofan um Breiðabólstað til móts við Hæng ok bjó at Hliðar-enda; hans son var Gunnar í Gunnarsholti, faðir Hámundar, föður Gunnars ok Helga, Hafts, Hjartar, Orms skógarnefs.<sup>4</sup>

Frásögnin í Sturlubók og Hauksbók er að því leyti frábrugðin að þar er sagt að Baugur hafi numið Fljótshlíð alla „at ráði Hængs ofan um Breiðabólstað ...“<sup>5</sup> Haraldur Matthíasson dró þá ályktun af frásögn Melabókar að Baugur hefði verið sjálfstæður landnámsmaður og numið Fljótshlíð „út til móts við Ketil hæng að Flókastaðaá, en þar eru uppmörk Ketils“.<sup>6</sup>

Um Þorkel bundinfóti segir í Melabók:

Þorkell bundinfóti nam land umhverfis Þríhyrning ok bjó þar undir fjallinu; hann var hamrammr mjök. Hans son var Þorkr bláskeggr, faðir Starkaðar undir Þríhyrningi.<sup>7</sup>

Í Sturlubók og Hauksbók er tekið fram eins og um Baug Rauðsson að Þorkell hafi numið land umhverfis Þríhyrning „at ráði Hængs“.<sup>8</sup>

Þá er að nefna Sighvat rauða:

Sighvatr hinn rauði hét maðr gofugr í Nóregi. Hann fór til Íslands ok nam land fyrir vestan Markarfljót,

1 *Landnámabók* 1986, s. 346 (3. nmgr.). Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 421-422.

2 *Landnámabók* 1986, s. 354-356.

3 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 422.

4 *Landnámabók* 1986, s. 352-353.

5 *Landnámabók* 1986, s. 352. Í Egils sögu er sagt frá því að Hængur hafi gefið Baugi land í Fljótshlíð „ofan frá Merkiá til árinna fyrir útan Breiðabólstað, ok bjó hann at Hliðarenda...“ (*Egils saga* 1933, s. 59).

6 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 433.

7 *Landnámabók* 1986, s. 351.

8 *Landnámabók* 1986, s. 350.

Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará ok bjó í Bólstað. Hans son var Sigmundur, er fell við Sandhólaferju, faðir Marðar gígju. Hárekr var annarr son Sighvats, faðir Þórðar, fýður Steina.<sup>1</sup>

Í Sturlubók er sams konar frásögn en tekið fram að Sighvatur hafi numið fyrrnefnt landsvæði „at ráði Hængs í hans landnámi“.<sup>2</sup>

Jörundur goði var enn annar landnámsmaður:

Jörundr, son Hrafns hins heimiska, byggði fyrir vestan Fljót, þar er nú heitir á Svertingsstöðum, ok gerði þar hof mikit. Bjórr lá ónuminn á millum Krossár ok Jöldusteins; þat land fór Jörundr eldi ok lagði til hofs. Hann átti margt barna, ok er frá öllu stórmenni komit.<sup>3</sup>

Enginn verulegur efnismunur er á þessari frásögn Melabókar annars vegar og Sturlubók og Hauksbók hins vegar.

Loks skal hér nefndur Þórólfur Asksson en um hann er þessi frásögn í Melabók:

Þórólfr, bróðir Ásgerðar laungetinn, nam land at ráði hennar fyrir vestan Fljót, Þórólfsfell á milli Deildará tveggja, ok bjó hann þar síðan. Hann föstraði Þorgeir goldni, son Ásgerðar, er þar bjó síðan. Hans son var Njáll, er inni var brenndr með sjaunda mann at Bergþórshváli.<sup>4</sup>

Enginn munur, sem máli skiptir, er á þessari frásögn og þeirri sem er í Sturlubók og Hauksbók.

Verður nú vikið að mörkum landnáma. Haraldur Matthíasson telur sýnt að samkvæmt Sturlubók og Hauksbók hafi Ketill hængur numið alla Fljótshlíð og inn af henni Einhyrningsmörk „allt inn til óbyggða“. Síðan hafi hann gefið Baugi Fljótshlíð fyrir ofan Breiðabólstað en Sighvati rauða Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará. Með hliðsjón af Melabók og mörkum annarra landnámsmanna verður niðurstaða hans þessi um landnámsmörk Ketils hængs:

Að vestan er Ytri-Rangá í mörkum, þangað upp sem Hróarslækur, eða Varmadalslækur, eins og neðsti hluti hans nefnist nú, fellur í ána. Síðan ræður lækurinn mörkum að norðvestan, einnig að ofan, því að mikil beygja er þar á honum. Rennur efsti hluti hans til norðvesturs, síðan beygir lækurinn til vesturs og þar næst til suðvesturs eigi alllangt fyrir neðan Gunnarsholt. Skiptir í rauninni ekki miklu, hvort mörkin eru þar miðuð við lækinn eða Reyðarvatn, því að lækurinn er aðeins litlu neðar en vatnið. Raunar má heita, að vatnið sé horfið nú, hefur fyllt sandi, en sagt er, að í því hafi verið veitt 1910.

Ekki eru nefnd uppmörk Ketils hængs austan Reyðarvatns en af lýsingu næsta landnáms fyrir ofan má sjá, að þau eru um Stotalæk (Stokkalæk), sem rennur til suðausturs ofan við samnefndan bæ. Er ekki langt frá upptökum hans að upptökum Hróarslækjar.

Í annan stað hafa mörkin verið um Flókastaðaá. Er hún lækur sá er fellur fyrir utan Breiðabólstað, niður úr Hlíðinni skammt fyrir utan bæinn, og út í Þverá. Ekki er hún vatnsmikil, en rennur í alldjúpu klettagili og því glögg landamerkjaa.<sup>5</sup>

Mörkin milli Stokkalækjar og Flókastaðaár telur Matthías að hafa legið nálægt sveitamörkum Rangárvallahrepps og Hvolhrepps um hnúkana Helgafell og Hnauk á Vatnsdalsfjalli.

1 *Landnámabók* 1986, s. 349-350.

2 *Landnámabók* 1986, s. 350.

3 *Landnámabók* 1986, s. 350-351.

4 *Landnámabók* 1986, s. 344.

5 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 422-423.

Af frásögn Landnámabókar má ráða að land milli Ytri-Rangár og Markarfljóts hafi verið numið í öndverðu. Syðri mörk eru ekki nefnd og einnig eru mörkin til norðurs óljós, t.d. hvort land hafi verið numið að upptökum Ytri-Rangár og Markarfljóts eða „allt inn til óbyggða“ eins og Haraldur Matthíasson gat sér til um. Efstu kennileiti, sem nefnd eru í frásögnunum hér að framan, eru Reyðarvatn (Ketill hængur), Þríhyrningur (Þorkell bundinfótur), Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará (Sighvatur rauði) og Deildarár tvær (Þórólfur Asksson).

## 5.2. Múlatorfa

Eyvindarmúli er nefndur í Sturlubók og Hauksbók Landnámu en þar bjó Eyvindur, sonur Baugs sem fyr er nefndur og nam Fljótshlíð alla að sögn. Í kirknaskrá frá um 1200 er getið um kirkju á Eyvindarmúla.<sup>1</sup> Frá Eyvindarmúla var greiddur osthleifur til kirkjunnar í Odda og er elsta heimildin um þennan osttoll frá um 1270.<sup>2</sup>

Elsti varðveitti máldagi Eyvindarmúlakirkju er talinn vera frá 1332. Þar kemur fram að kirkjan var helguð Jóni (Jóhannesi) postula og átti „prestz skyld j heima landi“, þ.e. nægilega mikið til að framfleyta einum presti. Aðrar fasteignir eru ekki nefndar. Til kirkjunnar lágu tveir bæir að tíundum og lýsitollum, og frá Eyvindarmúlakirkju átti að syngja annan hvern helgan dag til Hlíðarenda.<sup>3</sup> Þetta hélst síðan óbreytt í máldögum allar miðaldir.<sup>4</sup>

Eyvindarmúli komst síðar undir yfirráð Skálholtsbiskupa. Þetta má m.a. sjá af því að árið 1523 fékk Ögmundur biskup Pálsson Hólmfríði Erlendsdóttur Eyvindarmúla til fullrar eignar fyrir jörðina Sandgerði á Rosmhvalanesi.<sup>5</sup> Í bréfi sem eftirmaður Ögmundar, Gissur Einarsson biskup, ritaði syni Hólmfríðar, Eyjólf Einarssyni, eftir andlát hennar er því hins vegar haldið fram að hún hafi aðeins haft jörðina „j lane“ og jörðin sé því enn í eigu dómkirkjunnar.<sup>6</sup> Árið 1533 var kveðinn upp tylftardómur sex presta og sex leikmanna um kæru séra Þorleifs Eiríkssonar officialis Skálholtskirkju á hendur Jóni Magnússyni fyrir það að Jón skyldi ekki hafa staðið við það heit sitt að gefa „jumfru“ Maríu og kapellunni á Eyvindarmúla hálf skip ásamt öllu því er þar tilheyrði. Jón var dæmdur til að efna þetta loforð sitt.<sup>7</sup> Kirkjan á Eyvindarmúla virðist samkvæmt þessu annaðhvort hafa verið niður lögð og í staðinn komin kapella eða messuhæft bænhús, helgað Maríu mey, eða hér sé átt við Mariukapellu í kirkjunni sjálfri. Í máldaga frá 1553 er enn getið um kirkju á Eyvindarmúla en þar er augljóslega um að ræða uppskrift úr eldri máldögum en ekki sjálfstæða athugun.<sup>8</sup> Máldagi Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 virðist einnig vera eftirrit eldri máldaga.<sup>9</sup>

Þrátt fyrir fyrrnefnt bréf Gissurar biskups Einarssonar til Eyjólf Einarssonar um að Eyvindarmúli væri enn í eigu dómkirkjunnar í Skálholti taldi Eyjólfur sér heimilt árið 1558 að gefa eigin konu sinni, Helgu Jónsdóttur, jörðina Múla (Eyvindarmúla) í Fljótshlíð, 60 hundruð að dýrleika, í fjórðungsgjöf ásamt Efrahvoli sem einnig var metinn á 60 hundruð og til viðbótar önnur 60 hundruð í lausafé.<sup>10</sup>

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar er ritað að árið 1641 hafi verið „visiterud Johannis Apostoli K[y]rkia ad Eyvndarmula“. Kirkjan átti þá ekkert annað í fasteignum eða ítökum en

1 Skjal nr. 4 (16).

2 Skjal nr. 4 (1). Sbr. skjal nr. 4 (9) (máldagi Oddakirkju frá 1480).

3 Skjal nr. 4 (2).

4 Sbr. máldaga frá um 1387 (skjal nr. 4 (64)), máldaga frá 1397 (skjal nr. 4 (6)) og yngri máldaga sem vitnað verður til hér síðar.

5 Skjal nr. 4 (12).

6 Skjal nr. 4 (15). Útg. Fornbréfasafns taldi að bréfið hefði verið ritað 1543.

7 Skjal nr. 4 (13).

8 Sbr. lokaorð máldagans: „Þar fæ eg ecki suar“ (skjal nr. 4 (17)).

9 Skjal nr. 4 (19).

10 Skjal nr. 4 (18).

prestsskyld í heimalandi.<sup>1</sup> Í jarðabókum 1686 og 1695 er Eyvindarmúli skráður sem jörð í bændaeign, 60 hundruð að dýrleika.<sup>2</sup> Sami dýrleiki er á jörðinni í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710. Þar var sögð alkirkja „og embættað þriðja hvern helgan dag“. Afrétt átti jörðin á Grænaþjalli og Miðmörk.<sup>3</sup> Í Jarðabókinni eru taldar upp átta hjáleigur Eyvindarmúla: Háimúli, Árkvarnarkot, Ormskot, Jónssel, Bakkakot, Dúðastaðir, Sauðhústún og Múlahjáleiga.<sup>4</sup> Heimildir frá 18. öld sýna að Eyvindarmúli ásamt hjáleigum hafi þá gengið kaupum og sölum.<sup>5</sup>

Í jarðamati 1804 er Eyvindarmúli sagður 12 hundruð að dýrleika. Þar er einungis nefnd ein hjáleiga frá Eyvindarmúla, Skarð, 5 hundruð að dýrleika. Það sem vantaði á dýrleikann miðað við eldri jarðabækur hefur trúlega dreifst á þær jarðir sem áður voru skráðar hjáleigur Eyvindarmúla. Í jarðamatinu eru m.a. nefndar jarðirnar Árkvörn (7 hundruð og 60 álnir), Háimúli (7 hundruð og 60 álnir) og Múlakot (20 hundruð) sem áður voru taldar meðal hjáleigna Eyvindarmúla.<sup>6</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er Eyvindarmúli skráður 17 ½ hundrað og hjáleigurnar Háimúli, Árkvörn, Sauðhústún, Daðastaðir (Dúða) og Múlakot samanlagt 42 ½ hundrað.<sup>7</sup> Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var Eyvindarmúli 29,68 hundruð að dýrleika og með hjáleigunum fimm samtals 101,8 hundruð.<sup>8</sup>

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er það haft um Eyvindarmúla að landið sé „lítið til hagbeitar enn gott“.<sup>9</sup> Beitilandi sömu jarðar er þannig lýst í jarðamati 1916:

Beitiland er skjólgott (fjalllendi) og fremur gott til sauðfjárbeitar; lítil kúabeit. Er það óskift á milli Háa-Múla, Árkvarnar, Eyvindarmúla, Múlakots og eyðibýlanna Dúðu og Sauðhústúns og eru landamerki fyrir þessum jörðum innf. í Landamerkjabók sýslunnar II, 13. Jarðir þessar eiga land sunnan Þverár á svonefndum Aurum, sem er notað til slæгна og beitar, og liggur það undir nokkurum skemdu af Þverá. – Skógarítak eiga þær allar á Þórsmörk.<sup>10</sup>

Í athugasemd í lokin er gerð grein fyrir afrétti Fljótshlíðarhrepps. Þar segir m.a.:

Inn af Þórsmörk eru smáafréttir sem kallaðir eru Tungur og eru notaðar frá Háu-Múla (Eyvindarmúlatungur) og Árkvörn (Teigstungur). Áfréttir þessir þykja svo rírir, að eigendur vilja láta beit á þeim fyrir smölun.<sup>11</sup>

Landamerkjabréf Eyvindarmúla var undirritað 1. júní 1891 og er svohljóðandi:

Landamerkjabréf fyrir Eyvindarmúlaland, hina svo kölluðu Múlatorfu í Fljótshlíð sem er með býlunum Eyvindarmúla, Múlakoti, Sauðtúni, Árkvörn og Háamúla.

Efst á hálendinu ofan við heiðarnar er merkjalínan úr Stóra-Hæringsfelli að sjá á Tindafjöllum austur. Á hina innri og syðri hlið, á móts við Barkarstaða og Stórumerkur land er landamerkjalinan þessi: Úr fyrnefndri línu á háfjallinu beint niður um miðjar Lambatungur í Bleiksáargil, svo ræður Bleiksáargil og Bleiksáargljúfur niður til láglandis, þaðan ræður hádegislína, suður láglandið og aurana, að Stóru-

1 Skjal nr. 2 (10).

2 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 91.

3 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 140.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 140-144.

5 Skjöl nr. 4 (53, 55, 56).

6 Skjal nr. 2 (17).

7 Skjal nr. 4 (21).

8 Skjal nr. 4 (22).

9 Skjal nr. 2 (18).

10 Skjal nr. 2 (19).

11 Skjal nr. 2 (19). Sbr. einnig það sem segir um „smáafréttina“ í kafla 5.5.

merkurlandi nefnil. að stefnunni úr Lausöldu í Hákkoll á Stóra-Dímon. Á hina ytri hlið, í móts við land Hlíðarendatorfunnar er merkjalínan þessi: Úr Stóra-Hæringsfelli beint niður í miðgilið upp af Merkiárbotnum, svo ræður það gil niður í Merkiárbotna, þá Merkiárfarvegur niður heiðina, Merkiárgil og Merkiárgljúfur niður til láglendis, þaðan er merkjalínan á láglendinu og aurunum, að tveir fossar eru opnir í Merkiárgljúfri og fuglsbringu að sjá í hinn þriðja (að ofan talið) fram í norðurhamra Stóra-Dímonar, þar sem þeir eru vestast að bera á þessari leið, svo úr hömrnum upp í Hákkoll á móts við land Stóradalstorfunnar í Stóra-Dímon.

Múlatorfan á Múlatungur, sem liggja á milli Goðalands og Teigstungna með þessum takmörkum: Í móts við Goðaland ræður kvíslin í gílinu milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi, þá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir tungnarana. Á hina hlið milli Múlatungna og Teigstungna, ræður kvíslin í gílinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman.

Hagbeit og skógarhögg á Múlatorfan á Þórsmörk, tiltölulega eftir jarðarmegni með öðrum Fljótshlíð-arjörðum svo og afréttinn Grænafell í sameiningu með Fljótshlíðingum.

Múlatorfan á líka fjórða part Fjórðungafjöru sem liggur fyrir Bakkalandi og hinu forna Stokkholtlandi í Austur-Landeyjum.

Eyvindarmúla 1. júní 1891

Jón Þórðarson

Sem eigandi Eyvindarmúla, ½ Árkvarnar

½ Háamúla og

Sem eigandi Múlakots í Múlatorfu samþykkir, sömuleiðis Hlíðarenda, Hallskots og ½ Nikulásarhúsa og ½ Hlíðarendakots

S Thorarsen

Sem hlutaðeigandi Stóradalstorfunnar samþykkir: Sighv. Árnason

Sem eigandi ½ Árkvarnar samþykkir: Sigurður Tómasson

Sem eigandi ½ Dúðu samþykkir: Ólafur Ólafsson

Sem eigandi ½ Hlíðarendakots samþykkir: Ólafur Pálsson

Sem eigandi ½ Nikulásarhúsa samþykkir: Árni Guðmundsson

Sem hlutaðeigandi Stórumerkur: Einar Ólafsson

Ólafur Jónsson

Þorg. Þorgilsson



Sem eigandi að 1/6 og ábúandi	Sem eigandi að Stóradal
Barkastaða. - Samþykkir	Samþykkir,
Tómas Sigurðsson	Sig. Ísleifsson

Sem eigandi að ¼ Bakka s.þ.

Ísleifur Magnússon

Sem eigandi að ¼ og ábúandi Baka (sic)

Samþykkir (sic) Jón Ossson (sic).<sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið upp á manntalsþingi að Kirkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók.

Mörkin milli Eyvindarmúlatorfu og Hlíðarendatorfu virðast ekki hafa verið að öllu leyti ljós og voru því matsmenn fengnir til að stika þau út. Nánar tiltekið var hlutverk þeirra að finna markalínuna á Þveráráurum „úr vestra horni Stóra Dímons í Fuglsbringu í þriðja (efsta) fossi í Merkiárgljúfri sem eru þinglesin kennileyti skv. landamerkjabréfi frá 10. maí 1886“. Niðurstaða þeirra lá fyrir 23. apríl 1958, og reyndist markalínan ekki mjög langt frá þeirri girðingu sem Múlakotsbændur höfðu áður reist.<sup>2</sup>

Árið 1969 felldi gerðardómur svofelldan úrskurð:

Hákollur á Stóra-Dímon er það kennileiti, sem miða skal við merki jarðanna Kanastaða, Norðmúlastaða, Teigs, Hlíðarenda og Eyvindarmúla.<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>4</sup>

### 5.3. Barkarstaðir

Barkarstaðir koma fyrir í virðingargerð 1521 um eignir Vigfúsar Erlendssonar lögmanns og hirðstjóra.<sup>5</sup>

Vaðveitt er í afskrift lýsing á landamerkjum milli Barkarstaða og Fljótisdals frá 29. maí 1592 og er hún á þessa leið:

Anno 1592, d. 29. Maij vorum vier tilnefinder af þeim brædrum bädum, Magnuse Hjalldasyne og Ellendi Hjalldasyne til ad skoda ynnvirdulega ad rannsaka hvar oss virtust riettust landamierke ä millum Barkastada og Fliotsdals, er ägreining hafdi ävered ij nockur forlidenn är. Lofudu ädurskrifader bäder brædur, þad hafa og hallda med fullnadar handsolum er oss adurskrifudum tölf mönnum saman-kiæme og äsätter yrdum um landamerke ädurnefndra ijarda, villde Magnús eigna sier, ad Vidargile,

1 Skjal nr. 2 (3).

2 Skjal nr. 4 (107).

3 Skjal nr. 4 (113).

4 Skjöl nr. 2 (30, 31, 33, 35), 4 (71, 120). *Sunnlenskar byggðir*. 4. b. Rangárþing austan Eystri Rangár. Búnaðarsamband Suðurlands 1982. S. 393-394.

5 Skjal nr. 4 (11).

enn Ellendur að gærdi þeim er liggur j Störahöl, enn hvoruger höfdu löglegt afhendingarbréf á landamerkiu jarðanna, og aungva vitnisburde eður gögn, þau vier kinnu oss epter að rietta. Rannsökudum vier fyrst um Lyritta j þeirri þufu niður við götu er að sionhendingu þotti gegna gærdi þeim er liggur ij Störahöl ij hverri þufu oss virtest nylega munde umhrufað hafa vered og fundum þar ij iij. steina, einn litenn og ij. miog litla, og nockur mulenn kol; Leist oss ecke epter almennelegum plagsid nie laugum niður setter, og eige þviliker að það mætte lyrittir steinar vera, ridum vier og uppepter nedann ij gærd ij Störahöl og þar á holltenu ij millum grofum vier litla þufu og fundum þar mötlika mulenn kol og ij hinni, enn eigi sierdeilis steina neina, nema nöglega mölina sem allstadar ij kringum, þegar vier höfdu fared með gærdinu til enda, það oss virtest grasmyndenn vera, vard fyrer oss þvergil, er gieck vestann úr vidgili, og til landnordurs fyrer gærdenn og suo riett upp ij fiáll. Jtem var úr bugtenne á þessu gile gieck þvergærdur austur epter landsleginu og austur ij annað gil, þar fyrer austann og sa gærdzende ystri endte nærri að ijafnbyde á tunum á Fljótssdal og ij þeim gærdi fundum var ij. þúfur með sama úmbúnade og soddann lyrittum sem skrifad stendur um þá fyrstu þufuna. It[em]: gaungiæfdum vier allstadar þar oss þotti likindum giegnu, og fundum aungvann löglegann lyritt nie gærdi, þar oss þotti epter vorre skinseme epter lögum landamerkia vera meiga. Jtem skodudum vier það vidargil er Magnus sagdi að Nafi hefði sier að selt, enn það sama gil rann með 3 kvislum ofann ij fiállenu, þar með voru tungur mille þeirra gilia kalladar þrætutungur. It: Su austasta kvisl er rann ij þetta vidargil rann þvert austann fyrer þann gærd er áður er skrifadur ij Störahól. Og þar fyrer að oss þotti jafnvist huort tueggia, og að suo profudu giordum vier þessa grein á, að vier tókum sionhendingur ur vidargile, og suo til landnordurs ij þann ytra Hnúk er stendur fyrer nedann rauðyrpu flater upp yfer Klofatorfu ij efri bran, Kom oss þetta saman og ásatter urdum þetta skadlaust vera munde huortutveggium epter því Magnus hlidadi til og villdi láta sier nægia, þó þesse vor sionhending væri frek ij átölulaust hans land þar til að annað bevisast sannara með lögum. Og til meire audsýningar hier um, að suo ij sannleika er, sem fyrr skrifad stendur, þryckium vier vor innsigle á þetta bréf, huort skrifad var á Nupi ij Fljótshlid, á sama ari, enn deigi sydar en fyrr seiger.<sup>1</sup>

Árið 1670 seldi Nikulás Benediktsson séra Oddi Eyjólfssyni jörðina Fljótssdal til ystu ummerkja móts við aðrar jarðir. Landamerkjum er nánar lýst í afsalinu og þá einnig móts við Barkarstaði:

Eru þessi rjett og sönn Landamerki Jarðarinnar Fljótssdals eftir því Eignarmenn Jarðarinnar hafa Verði selldt hana og ieg hefe bæde sjálfur vitad og af gömlum Mönnum langsamlega heirt. Að austanverdu i Fremra Kanastadagil og úr því vestur i Klofning. Enn að vestanverdu Vidargil hvert ráða á Landamerkiu milli Fljótssdals og Barkastada allt á Fjall upp i norður.<sup>2</sup>

Landamerki milli Barkarstaða og Fljótssdals voru aftur til skoðunar á fimmtarstefnu 1. október 1675. Þá var m.a. lagt fram fyrrnefint landamerkjabréf frá 1592, „hvört þó ej fullkomna Grein gjörir umm viss Landamerki átölulaust, enn gétur þó umm vafalaust Land Fljótssdals“. Síðan segir í sáttargerð frá þessum sama fundi:

Enn nú með því að einginn Skjöl framkomu af Hendi þeirra Brædra Jons og Ellinds Ejrikssona, þá gjördu Eignarmennirnir beggja Jarðanna með fridsamlegre Forlíkun þessi Landamerki sem standa skulu um Alldur og Æfi fyrir þá og þeirra Eptirkomendur sem var i fyrstu: Það Gil sem kallad er Vidargil og liggur i millum beggja Jarðanna, hvert ráða skuli að nedanverdu, og allt i Fjall upp, eptir

1 Skjal nr. 2 (12). Landamerkjabréf þetta er í apogr. A.M. 5050. Uppskriftin er samlesin 30. janúar 1929 af Hannesi Þorsteinssyni Þjóðskjalaverði og Vilhelm Jakobssyni.

2 Skjal nr. 2 (13). Afrit bréfsins var vottað og staðfest 29. maí 1707.

þeim Læk sem rennur næst Hrutabotnum að vestan. So Prætutúngur skulu eign Barkastada, enn Hrutabotnar Fljótisdals.

I annan Máta tilskildi Heidurligur Kjennimann Sra Oddur Ejólfsson enn játudu Eignarmenn Barkastada Jón og Ellendur Ejrikssynir, að Beit i Prætutúngum fyrir vestan Hrutabotna skilldi vera Fljótisdals Eignum eda Ábúendum frials og heimil, án allrar Klögunar og Eptirtals, þá þeir i Fljótisdal þirftu það Land að brúka, annadhvört i Misgáangi eda Naudsinja Nafni, en afskilid fullkomlega af Sra Oddi Ejólfssyni fyrir hann og hans Eftirkomendur Eignarm. Jardarinnar Fljótisdals að Hrutabotnar edur nockurt Land fyrir austan Vidargil sem þeirra Jördu tilheyrir, væri i nockurn Máta beitt edur brúkad framur enn rjett er og Lög leifa.<sup>1</sup>

Í jarðabókum 1686 og 1695 eru Barkarstaðir metnir á 20 hundruð og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns frá 1710.<sup>2</sup> Í Jarðabók Árna og Páls er afrétti jarðarinnar lýst:

Afrjett á jörðin so sem Fljótisdalur,<sup>3</sup> líka er jörðum í Fljótshlíð eignaður annar afrjettur kallaður Miðmörk (Þórs-mörk) og er hann líka brúkaður fyrir lömb á sumur af nokkrum búendum í Fljótshlíð.<sup>4</sup>

Þar eru einnig nefndar tvær hjáleigur frá Barkarstöðum, Borg og Barkarstaðahjáleiga en báðar voru komnar í eyði þegar Jarðabókin var gerð.

Barkarstaðir eru skráðir 20 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens 1847 en 39,9 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>5</sup>

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er það eitt sagt um beitiland Barkarstaða að það sé ekki mikið en gott.<sup>6</sup> En í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru þau orð höfð um beitilandið að það sé „fremur lítið en skjólgott, fjalllendi, og allgott til beitar. - Smalamenska fremur hæg“.<sup>7</sup>

Landamerkjabréf Barkarstaða var undirritað 30. júní 1888 og er þannig:

Landamerkjaskjal fyrir Barkarstaðalandi.

Í umboði prófestsins séra Sæmundar Jónssonar á Hraungerði í Árnessýslu sem eiganda og umráðamanns jarðarinnar Barkarstaða í Fljótshlíð, skráset ég undirskrifaður ábúandi nefndrar jarðar, landamerki jarðarinnar, til ystu ummerkja við næstliggjandi jarða lönd; og tiltek þá fyrst að vestanverðu á milli Barkarstaða og Eyvindarmúlatorfunnar, að þar ræður Bleiksá eða Bleiksárgljúfur, allt frá upp-tökum hennar upp í hraunum, og niður á jafnslettu (nema hvað sagt er að Eyvindarmúli eigi vestri part af Lambatungum, enn þær liggja fyrir norðan Barkarstaðaheiði upp við hraunin). - Aftur frá jafnslettu fram yfir þvera aura ræður foss, er fellur vestanmegin í gljúfrið, ofanvið hábrúnina og „Síðjarfur“ heitir, þannig, að hann á alltaf að sjást og er það í hádegisstað, allt austur að Stórumerkurlandi, sem talið er úr landnorðurhorni á stóra „Dímon“ beina stefnu í „Lausöldu“, sem stendur á aurunum vesturundan Þórsmerkurrana.

Aftur tiltakast mörkin á milli Barkarstaða og Fljótisdals þessi: Vidargil, neðan frá jafnslettu neðan við

1 Skjal nr. 2 (13).

2 Björn Lárusson 1967, s. 138.

3 Í kaflanum um Fljótisdal standa þessi orð um afréttinn: „Afrjett á jörðin saman við aðrar jarðir í Fljótshlíð og hefur þar af helst not sumar og vetur sökum nálægðar“ (*Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 138).

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 139.

5 Skjöl nr. 4 (21 og 22).

6 Skjal nr. 2 (18).

7 Skjal nr. 2 (19).

Selhóla og inneftir Stórhólsgili, og svo á fjall upp í norður, á milli Hrutabotna og Smérbrekknna, líka kallaðar Þrætutungur. - Enn aftur að neðanverðu úr Viðargilsmynni, fram yfir þvera aura í hádegisstað, að áður nefndu Stórumerkurlandi.

Afrétt á jörðin Grænafjall og Þórsmörk, að tiltölu við aðrar jarðir sveitarinnar.

Hvað þessi landamerki snertir á milli Barkarstaða og Fljótsdals, þá hefir verið farið eftir forlíkunar-skjali gjörðu að Fljótsdal 1675, á milli eiganda Fljótsdals, séra Odds Eyjólfssonar, og eiganda Barkarstaða, bræðranna Jóns og Erlendar Eiríkssona, og er þar áskilið: „að beit í Þrætutungum fyrir vestan Hrutabotna, skuli vera Fljótsdalseigendum eða ábúendum frjáls og heimil, án allrar klögunar og eftirtals, þá þeir í Fljótsdal þyrftu það land að brúka, annaðhvort í misgangi eða nauðsynjanafni“; einnig er þar ákveðið að þessi „landamerki skyli standa um aldur og æfi“.<sup>1</sup> Þessum landamerkjum eru líka samhljóða vitnisburðir gamalla manna, er hér voru unglingar, vinnuhjú hjá Jóni prófasti Halldórssyni.

Barkarstöðum 30. júní 1888

Tómas Sigurðsson

Hvað framanskriðuð landamerki snertir á milli Barkarstaða og Eyvindarmúlatorfunnar erum við samþykkir

Jón Þórðarson Sigurður Tómasson

Ósamþykkur fyrir Fljótsdalinn Ágúst Jónsson.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp á manntalsþingi að Kirkjulæk 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Barkarstaðir verið framseldir á hefðbundinn hátt og veðsettir.<sup>3</sup>

#### 5.4. Fljótsdalur ásamt Þórólfsfelli

Ekki liggja fyrir heimildir um Fljótsdal frá miðöldum. Í jarðabók frá 1686 er Fljótsdalur sagður í bændaeign, 20 hundruð (miðað við landskuld), en í jarðabók 1695 er jörðin talin 12 hundruð að dýrleika að fornu mati og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1710 og Jarðatali Johnsens 1847.<sup>4</sup> Í Nýrri jarðabók er Fljótsdalur hins vegar metinn á 33,2 hundruð.<sup>5</sup>

Í kafla 5.3. (Barkarstaðir) er birt lýsing á mörkum milli Fljótsdals og Barkarstaða frá 1592. Þar er einnig gerð grein fyrir landamerkjum Fljótsdals eins og þau koma fyrir í afsali 1670 þegar Nikulás Benediktsson seldi séra Oddi Eyjólfssyni jörðina til ystu ummerkja móts við aðrar jarðir. Fimm árum síðar (1675) gerðu eignarmenn jarðanna Fljótsdals og Barkarstaða með sér samkomulag um landamerki og er þeim lýst í áður nefndum kafla um Barkarstaði.

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 segir m.a. um jörðina Fljótsdal:

1 *einnig* – æfi bætt við milli lína.

2 Skjal nr. 2 (2).

3 Sbr. skjöl nr. 2 (29), 4 (70, 91, 117). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 389-390.

4 Björn Lárússon 1967, s. 91. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 137. Skjal nr. 4 (21).

5 Skjal nr. 4 (22).

Fljótsdalur, tún eru góð enn ecki stór, engjar ecki litlar enn gríttar og snögglendar, hagaganga á vetrum góð því land er rumgott.<sup>1</sup>

Um beitolandið segir í fasteignamati 1916 að það sé „víðlent, skjólgott og kjarngott, en fremur snjóþungt. - Fremur erfið smalamenska“.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Fljótsdals var undirritað 24. maí 1890 en athygli vekur að þar er vesturmörkum ekki lýst:

Landamerkjabréf.

Landamerki fyrir jörðinni Fljótsdal liggjandi í Eyvindarmúlakyrkjusókn og Fljótshlíðarhreppi eru þessi sem hér greinir:

Að austanverðu milli afréttar Fljótshlíðarhrepps og jarðarinnar Fljótsdals ræður mörkum það gil sem nefnt er: fremsta Kanastaðagil; að neðanverðu þar sem gilið í hálendinu þrýtur ræður mörkum bein stefna í suður allt að Stórumerkur-marki; enn að ofanverðu tekst markið úr fyrnefndu gili (Kanastaðagili) þar sem bein stefna frá austri til vesturs lendir í efri Þórólfsárklofning; ræður svo Þórólfsá frá fyrnefndum klofning merkjum á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla.

Jörðin Fljótsdalur á upprekstur á Grænafjallsafrétti; skógarhögg og hagbeit á Þórsmörk eftir hlutfalli réttu móts við aðrar jarðir í hreppnum.

Að þetta séu hin réttu og sanngjörnu landamerki millum jarðarinnar Fljótsdals og afréttar Fljótshlíðarhrepps höfum vér undirskrifaðir komið okkur saman um og samþykkt hver með öðrum, hverju vér til sannindamerkis og vitnisburðar ritum nöfn vor með eigin hendi.

Fljótsdal 24. maí 1890

Jón Jónsson m.e.h.                      Fyrir afrétt hreppsins er hreppsnefndin

Ágúst Jónsson m.e.h.                      ósamþykk

Úlfar Jónsson m.e.h.                      Guðm. Guðmundsson

oddviti<sup>3</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Árið 1966 keypti Fljótshlíðarhreppur<sup>4</sup> Þórólfsfell af eiganda Fljótsdals ásamt ræktuðu túni (um 2 hektara), fjárheldri girðingu, fjárhúsi fyrir 200 fjár og heyllöðu. Lega og lögun hins selda lands var sem hér greinir:

Þórólfsá frá upptökum í Tindfjallajökli að undirlendi. (Gljúfrið ræður.) Frá miðjum farvegi í Þórólfsár-

1 Skjal nr. 2 (18).

2 Skjal nr. 2 (19).

3 Skjal nr. 2 (1).

4 Sveitarsjóður Fljótshlíðarhrepps er skráður eigandi Þórólfsfells (sbr. skjal nr. 4 (92)).

gljúfri þar sem undirlendið byrjar, beina sjónhendingu í vestasta skerhnjúkinn á Eyjafjallajökli. (Skerhnjúkur er fyrir austan Hádegishnúk í Fljótssdal.)<sup>1</sup>

Þórólfsfell var síðan lagt til afrettar en ekki er ljóst hvort það gerðist með lögformlegum hætti.<sup>2</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Fljótssdalur verið fram-seldur með hefðbundnum hætti og veðsettur.<sup>3</sup>

### 5.5. Fljótshlíðarfréttur (Græna-fjall)

Afréttur Fljótshlíðinga er á Græna-fjalli. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1710) er þessi frásögn í upphafi kaflans um Fljótshlíð:

Einhyrningur. (Under Einhyrninge) hefur í gamaldaga (eftir því sem menn segjast heyrt hafa) bær so kallaður verið, sást þar fyrir 50 árum til tófta brota. Er þetta pláts í miðjum afrjett Fljótshlíðar manna, hver nú er almennilega kallaður Græna-fjall, og er so vel þetta takmark sem landið þar um kring brúkað fyrir afrjett. Enginn veit nú frammar að segja um bygging þessarrar jarðar; landið er mjög blásið og komið upp hraun og hrjóstur, og þar fyrir öldungis óbyggilegt.<sup>4</sup>

Árið 1753 voru Græna-fjall, Þórsmörk og Langanes lögfest til að sporna gegn ólög-mætri nýtingu manna í öðrum sveitarfélögum á hlunnindum þessara svæða. Tekið var fram að Græna-fjall væri lögfest í nafni allra bænda í Fljótshlíð:

So sem oss underskrifudum er vitanlegt ad eigenn Sión og Umkunnugra Underlage, hvörsu ad so kall-ader Fljótshlíðar Afretter Græna-fjall og Þórsmörk ásamt Skogarplatzenu Langanese (sem efter viss-um Máldögum tilheirer Hollts og Storadals Kyrkium) eru yferfallenn og underlögð storkostlegum Yfergange og rangfullre Yrkingu margra Utann Sveitar Manna, sem rifa, skera og brenna Skogar-platzed, beita og undertroda Haglended med sinum Kvikfenade. Hvern [Hverer?] takmarka ólöglega Yrkingu eg Sigurdur Sigurdsson Jardanna Teigs og Storadals so vidt Þórsmörk og Langanes snerter, enn vid Hreppstíorar j Fljótshlíð, allra Sveitar Bænda vegna, það Græna-fjalls og Þórsmörkur (ad nockru Leite) Afrettum vidvikur. Þá lögfestum vid Underskrifader eigenn vegna og j Umbode annæra adurgreinda Afrette og Skogarplatz jnnann tiltekenna Takmarka.

1o Græna-fjall fra Þórólfsfelle j Tinðfialla Jökul, þaðann j Stora Græna-fjall sem jnnst er á Afrettenum. Sidann rædur ad austann og sunnann Markárflót. 2o Þórsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Mulatungur. 3o Langanes allt fra Storumerkur Eingia-garde, jnn under Fall Jökul med Sudurhlidum öllum á Stachhollte. Hvar vid adgætande er ad halft Langanes med vissum Örnefnum og Jtökum á Þórsmörk, lögfestest af mier Sigurde Sigurdssyni, effter Bon og Fullmagt Veleruverdugs Holltz Stadarhalldara. Fyrerbiódum vier einum og sierhvörium fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochrum sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti brítur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggja sin Skilrike þar fyrer, á næstkomande K[yr]kiulækjar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henni er ei ad Lögum hrunded.<sup>5</sup>

1 Skjal nr. 4 (96). Sbr. skjal nr. 4 (95). Afsalið var undirritað 11. júlí 1966.

2 Þetta var ekki upplýst við skýrslutökur í máli nr. 4/2003.

3 Sbr. skjöl nr. 4 (74, 116). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 387.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 137.

5 Skjal nr. 2 (14).

Til Stadfestu eru Underskrifadra Nöfn að Hljðarenda j Fljótshljó D 11ta Septembris A<sup>o</sup> 1753.

S. Sigurdsson

Oddur Þordarson                      Olafur Angrimsson<sup>1</sup>

Lögfesta þessi var lesin við kirkjurnar að Dal (Stóradal), Holti, Steinum, Skógum og Hólum (Eyvindarhólum) í september 1753 „soknarfolke ahejrande“ og fyrir rétti að Holti 28. maí 1754.<sup>2</sup> Í lýsingum Innhlíðarsóknar frá 1844 kemst séra Stefán Hansson svo að orði um afréttinn:

Grænaþjall í austur-landnorður inn af sóknunum, almenningur, þangað reka Inn- og Úthlíðarmenn. Réttir eru: Fljótshlíðar- eða Kirkjulækjarréttir liggjandi í Kirkjulækjarlandi, eingöngu fyrir áðurgreindar sóknir, haldnar 22 vikur af sumri.<sup>3</sup>

Sama ár lýsir séra Jón Halldórsson á Breiðabólstað afrétti sóknarinnar á þessa leið:

Afréttarland (úr Fljótshlíð) er Grænaþjall (almenningur). Fljótshlíðarsveit ein á þar upprekstur. Líka tilheyrir sveitinni (í hið minnsta öllum privat eignum) hálf Þórsmörk, sem af fæinum er notuð bæði sumar og vetur.<sup>4</sup>

Undir lok aldarinnar var lýst landamerkjum milli Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps bæði á hrauninum og afréttum:

Úr fjallinu Þríhyrning sjónhending í Hæringsfell (samkvæmt landamerkjabréfi á milli Þorleifsstaða og Kyrkjulækjar) og svo úr Hæringsfelli aftur sjónhending í landnorður inn hraunin á hæsta hnjúkinn á Tindfjallajökli, úr honum austur yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, úr því ræður áin „Hvítmaga“ og aðskilur hún afréttina Rangárvalla-afrétt og Grænaþjall, þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót og aðskilur afrétt Fljótshlíðarhrepps, Grænaþjall, frá öðrum afréttum, allt þar til kemur fram að landamerkjum jarðarinnar Fljótsdals.

Fljótshlíðarhreppi 2. maí 1892

(Í umboði hreppsnefndar)

Guðm. Guðmundsson

Fyrir Teigseignina samþykkur Guðm. Guðmundsson

Fyrir Hlíðarendatorfuna samþykkir

Fyrir Eyvindarmúlatorfu samþykkir<sup>5</sup>

1 Skjal nr. 2 (14).

2 Skjal nr. 2 (14).

3 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. Reykjavík 1968. S. 87.

4 *Rangárvallasýsla*, s. 98-99.

5 Hér fyrir aftan standa engin nöfn.

Fyrir Barkarstaði samþykkir Tómas Sigurðsson

Fyrir Fljótssdal samþykkir Ágúst Jónsson

Fyrir Þorleifsstaði samþykkir Guðrún Guðmundsdóttir

Þuríður Jónsdóttir, samþykk fyrir Rauðnefsstaði

Á afréttarmörkum milli Laufaleitar og Grænaþjalls

samþykkir Steinn Guðmundsson (oddviti Rangárvallahrepps)<sup>1</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók.

Afréttarins er ekki getið sérstaklega í jarðamötum frá 19. og 20. öld en í fasteignamati 1916 er þó þessi athugasemd:

Athugasemd.

Allar jarðir í Fljótshlíðarhreppi eiga rétt til uppreksturs á Grænaþjall. (Liggur það frá bygðinni að Rangárvallaafreitti, vestan Markarfljóts.-) Þær eiga og, að undanskildum Breiðabólstaðarjörðum og Austur-Torfástöðum, skógarítak á Þórsmörk, 1 hest á ári fyrir hver 5 hundr. forn, og einnar kindar beit eftir sömu reglu. Þetta er hálf beit á Þórsmörk. Hinn helmingur beitarinnar tilheyrir Oddaprestakalli og er hann nú leigður Inn-Hlíðarmönnum (Fljótssdalur - Hlíðarendi). Alls er þessi beit fyrir 200 fjár (tólfrað). Fé þetta gengur að öllu leyti úti yfir veturinn gjafar- og hirðalaust.

Inn af Þórsmörk eru smáafréttir sem kallaðir eru Tungur og eru notaðar frá Háu-Múla (Eyvindarmúla-tungur) og Árkvörn (Teigstungur). Afréttir þessir þykja svo rírir, að eigendur vilja láta beit á þeim fyrir smölun.<sup>2</sup>

Afréttir þeir, sem vikið er að í lok athugasemdarinnar (smáafréttir inn af Þórsmörk), munu vera á því landi sem Jörundur goði fór eldi og lagði til hofs, sunnan Krossár frá Jökulsá og inn í botn Krossárdals (sbr. kafla 5.1.).<sup>3</sup> Í athugasemdunum eru Tungurnar sagðar notaðar frá Háamúla (þ.e. Eyvindarmúlatungur) og Árkvörn (þ.e. Teigstungur). Háimúli og Árkvarnarkot voru samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hjáleigur Eyvindarmúla en þar er þess ekki getið að sú jörð eða hjáleigur hennar hafi átt nein réttindi í Tungunum. Af heimildum verður ekki séð að Eyvindarmúla hafi verið eignaðar Múlatungur fyrr en í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1. júní 1891 (sbr. kafla 5.2.).<sup>4</sup>

Hér er einnig rétt að vekja athygli á því sem stendur í 56. gr. reglugerðar fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 72, 8. ágúst 1921. Greinin fjallar um „smáafrétti“:

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps og hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skulu sjá um fjallskil, rétta-

1 Skjal nr. 2 (6).

2 Skjal nr. 2 (19).

3 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 429.

4 Sbr. skjal nr. 3 (88) (jarðamat 1849). *Rangárvallasýsla* 1968, s. 76 (lýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra á Þórsmörk frá um 1840)



höld og grenjaleitir o.s.frv. á Þórsmörk, en hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps á Teigs-, Múla- og Guðrúnartungum. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps sér um það á Almenninum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, og hafa hreppsnefndirnar rétt til að gera nauðsynlegar fyrirskipanir í þessu efni. Sá eða sú hreppsnefnd, sem heldur Goðaland til uppreksturs, hafi öll umráð yfir afréttinum, að því er snertir réttahöld, grenjaleitir o.fl. og skal þar halda skilarétt. Eigi má þá sá, er heldur Goðaland, láta reka fé yfir jökul að haustlagi.<sup>1</sup>

Afréttinum Grænafjalli og mörkum hans er lýst nákvæmlega í greinargerð Oddgeirs Guðjónssonar, hreppstjóra Fljótshlíðarhrepps, árið 1979:

Grænafjall, afréttur Fljótshlíðarhrepps, hefur verið eign allra jarða í Fljótshlíðarhreppi og notaður af búendum sveitarinnar sem beitiland frá landnáms tíð.

Takmörk afréttarins eru þessi: Úr hæsta tindri Tindfjallajökuls yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, síðan ræður áin Hvítmaga og skilur hún afrétti Rangárvalla og Fljótshlíðarhrepps þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót og aðskilur afrétt Fljótshlíðarhrepps Grænafjall frá öðrum afréttum allt þar til kemur fram að Lausöldu (Jökulsteini). Þaðan sjónhending í Háköll á Stóra-Dímon þar til kemur að landamörkum jarðarinnar Fljótisdals.<sup>2</sup>

Frá ómunatíð var afrétturinn Grænafjall safnaður á þremur dögum en árið 1958 var reistur skáli við Einhyrning, og dugðu eftir það tveir dagar til smölunar. Skáli þessi og annar, við Þórólfsfell, eru í eigu fjallskilasjóðs Fljótshlíðarhrepps.<sup>3</sup> Afréttarfé hafði þá jafnframt fækkað nokkuð, úr 4000-5000 í um 2000 sem kom til rétta í fyrstu leit.<sup>4</sup> Á síðari árum hefur þriðja leit ekki verið farin nema sérstök ástæða hefur þótt til. Lengst var farið í leitir vestur í Mófellsbætur á mörkum Rangárvalla- og Fljótshlíðarafréttar og í Botninn í undirhlíðum Tindfjallajökuls.<sup>5</sup>

Í upphafi þessa kafla er vitnað í frásögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um tóftabrot undir Einhyrningi. Sumarið 1885 fór Brynjólfur Jónsson frá Minnanúpi á þessar slóðir og taldi sig finna bæjarrúst „við botn lækjar þess, er fellur um Einhyrningsflatar“. Rústin var „grjót-dreif“ og fundust í henni brýnisbrot með meitilsegg á öðrum enda, þrjú smábrot af ryðjárn og sindurmolar. Einnig taldi Brynjólfur víst að á milli Gilsár og Þórólfsfells, í „halllendi upp undir Tindfjallajökul“ hefði verið bærinn Kanastaðir, í landnámi Þórólfs Askssonar.<sup>6</sup> Engar frekari heimildir eru um byggð á þessum svæðum.

## 5.6. Emstrur

Emstrur nefnist afréttur Hvolhrepps.<sup>7</sup> Afréttur með því nafni er ekki nefndur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar en Sveinn Pálsson minnst á þær þegar hann var þar á ferð 1793. Hann segir Emstrur vera nafn á nokkrum litlum afréttum austan við Markarfljót, beint á mói Grænafjalli. Síðan lætur hann þess getið að fornmenn kunni að hafa nefnt Emstrurnar Goða-

1 Skjal nr. 4 (34). Sams konar ákvæði eru í eldri fjallskilareglugerðum, sbr. 60. gr. reglugerðar fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta o.fl., nr. 80, 7. júní 1915 (skjal nr. 4 (36)); 62 gr. reglugerðar fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta o.fl., nr. 8, 12. janúar 1911 (skjal nr. 4 (37)) og 66. gr. reglugerðar fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta o.fl., nr. 58, 1894 (skjal nr. 4 (38)).

2 Skjal nr. 4 (95).

3 Kristinn Jónsson á Staðarbakka við skýrslutökur í máli nr. 4/2003.

4 Sbr. vitnisburð Kristins Jónssonar á Staðarbakka og Sváfnis Sigurjónssonar prófests við áður nefndar skýrslutökur.

5 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 362-363. Sbr. einnig lýsingu Sváfnis Sigurjónssonar við áður nefndar skýrslutökur. *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 212-227.

6 Skjal nr. 4 (131).

7 *Göngur og réttir* 1, s. 203. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 474.

land og komi það heim við frásagnir gamals fólks í Fljótshlíð. Að hans sögn voru Emstrur gróðurleysur á þessum tíma.<sup>1</sup> Við skýrslutökur í máli nr. 4/2003 (Fljótshlíðarsvæði) var vísað til sögusagna um að Katrín Erlendsdóttir á Stórólfsholvi (1612-1693) hefði gefið Hvolhreppi þennan afrétt til að þurfa ekki að bera kostnað af því að smala hann. Engar ritaðar heimildir hafa fundist sem styðja þessi munnmæli.

Í lýsingu Stórólfsholvs- og Siglúvíkursóknar frá 1839 er gerð svofelld grein fyrir afrétti Hvolhrepps:

Hvolhreppur á afrétt á svonefndum Fremri- og Innri-Emstrum. Liggja þær í austur-landnorður frá Grænaþalli, sem er Fljótshlíðar afréttur og frá hvörju Markarfljót skilur þær. Verða þær lítt notaðar vegna ófærra vatna. Siglúvíkursókn á engan afrétt.<sup>2</sup>

Eins og hér kemur fram voru litlar nytjar af Emstrum enda er þeirra hvorki getið í jarðamatið 1849 né fasteignamati 1916.<sup>3</sup>

Í bréfi, dags. 15. nóvember 1979, lýsir oddviti Hvolhrepps mörkum afréttarins á þessa leið:

Emstrur nefnist afréttur Hvolhrepps. Afrétturinn takmarkast að sunnan af Mýrdalsjökli og Syðri Emstruá. Að vestan skilur Markarfljót afréttinn frá Fljótshlíðar afrétti allt að Kaldaklofskvísl, en milli Rangárvallaafreftar liggja mörkin um Kaldaklofskvísl eftir Þrætutanga og upphaflegum farvegi Bláfjallakvíslar austan Bláfjalla suður um jökul í sýslumörk.<sup>4</sup>

Um skriflegar heimildir varðandi eignarrétt er ekki vitað en afrétturinn hefur tilheyrt Hvolhrepp svo langt aftur sem sögur herma og eingöngu verið nýttur af Hvolhreppingum.

Mörk þessi eru eftir því sem þeir telja sem gleggst þekkja til og hafa smalað afréttinn og eru honum kunnugastir.<sup>5</sup>

Emstrur voru taldar bera um 600 fjár og hefur þá verið miðað við fráfarulömb.<sup>6</sup> Með aukinni uppgræðslu þéttist gróðurinn, og eru dæmi um að allt að 900 fjár hafi verið rekið á afrétt.<sup>7</sup> Afrétturinn þótti að mörgu leyti erfiður til nýtingar vegna fjarlægðar og torleiðis því að komast þurfti yfir vötnin sem aðskilja Emstrurnar frá öðrum afréttum.<sup>8</sup> Á seinni hluta 19. aldar var notaður bátur á Markarfljóti til að ferja menn og fê þar yfir, en laust fyrir 1880 varð slys, bátnum hvolfdi, og drukkuðu tveir menn af honum. Árið 1913 var sett kláfferja á Markarfljót, og var hún í notkun allt þar til brú var gerð neðan við kláfinn um 1980.<sup>9</sup>

1 *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 1. b. Reykjavík 1983. S. 259, sbr. s. 253 og sama rit, 2. b. (Reykjavík 1983), s. 505.

2 *Rangárvallasýsla 1968*, s. 124. Með lýsingu Einars Sighvatssonar hreppstjóra í Ystaskála á Þörsmörk og nálægum afréttum frá 1845 fylgir uppdráttur þar sem m.a. Emstrur eru merktar inn (sama rit, s. [72]).

3 Sbr. skjöl nr. 2 (18, 19).

4 Að sögn Guðmundar Inga Gunnlaugssonar eru mörk Hvolshrepps og Rangárvallahrepps Bláfjallakvísl austan Bláfjalla (skýrslutökur í máli nr. 3/2003, 17. september 2003).

5 Skjal nr. 4 (95).

6 *Sunnlenskar byggðir 4*, s. 478.

7 *Göngur og réttir 1* (1983), s. 205.

8 *Sunnlenskar byggðir 4*, s. 477-478. Sbr. nafngiftina Emstrur sem mun dregin af sögninni amstra (þrælka, erfiða, kveinka sér) og vísar þá trúlega til erfiðra samgangna á afréttinn (sbr. Þórhallur Vilmundarson: „Emstrur.“ *Grímnir. Rit um nafnfræði*. 2. h. Reykjavík (Örnefnastofnun Þjóðminjasafns) 1983. S. 63-64. *Göngur og réttir 1* (1983), s. 203).

9 Sbr. *Sunnlenskar byggðir 4*, s. 478. Sváfnir Sigurjónsson við skýrslutökur í máli nr. 4/2003. Brúin er í svokölluðum Króki, nokkru neðan kláfsins ([www.nat.is](http://www.nat.is)).

Árið 1990 var gerður samningur milli Landgræðslu ríkisins og sveitarstjórnar Hvolhrepps. Helstu ákvæði samningsins voru þessi:

1. grein

Bændur í Hvolhreppi munu ekki reka eða flytja búfê á Emstrur a.m.k. næstu 5 ár.

2. grein

Landgræðsla ríkisins mun annast viðhald á ristarhliði við brú á Markarfljóti milli afréttar Hvolhrepps og Fljótshlíðarhrepps.

3. grein

Hvolhreppur annast lögbundin fjallskil á Emstrum í samráði við Landgræðsluna. Landgræðslan ber kostnað af fjallskilum, samkvæmt nánara samkomulagi, meðan samkomulag þetta gildir eða þar til hætt er að reka fê á Rangárvallaafrétt.

4. grein

Landgræðslan mun vinna að landgræðslu á afréttinum í samráði við heimamenn eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. grein

Sveitarstjórn Hvolhrepps mun beita sér fyrir því að fê sem kemur fram við haustleitir verði fargað.<sup>1</sup>

Samhljóða samningur var gerður árið 2002 milli Landgræðslu ríkisins og sveitarstjórnar Rangárþings eystra (áður Hvolhrepps).<sup>2</sup>

Á Emstrum eru tveir skálar. Annar er leitarmannaskáli, á Mosunum, rétt neðan við brúna, í eigu Hvolhrepps. Leitarmannakofi var áður í Hattafellsgili en hann er nú í einkaeign.<sup>3</sup> Hinn skálinn er í Botnum og í eigu Ferðafélags Íslands.<sup>4</sup>

Í samantekt um Hvolhrepp frá 1974 kemur fram að sauðfê í Hvolhreppi gekk að mestu í heima-högum því að afréttarlandið, Emstrur, norður af Almenninum, væri bæði lítið og lélegt.<sup>5</sup> Er það sögn manna að bæði hafi verið reynt að selja afréttinn og gefa en enginn viljað kaupa eða þiggja.<sup>6</sup>

---

1 Skjal nr. 6 (3).

2 Skjal nr. 6 (4).

3 Sváfnir Sigurjónsson prófastur við áðurnefndar skýrslutökur. Sbr. einnig vitnisburð Kristins Jónsson á Staðarbakka við sömu skýrslutökum.

4 Sbr. skjal nr. 4 (110).

5 *Rangárþing*. Greinargerð um héraðið á ellefu alda byggðarafmæli 1974. Þjóðhátíðarnefnd Rangárvallasýslu 1974. S. 49.

6 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 478.

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitassium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í Þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafreittur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggir á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.<sup>1</sup> Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar. Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

### 6.2. Landnám

Í Sturlubók og Hauksbók eru nafngreindir nokkrir landnámsmenn á því svæði sem nefnt er Fljótshlíð. Ketill hængur Þorkelsson nam öll lönd milli Þjórsár og Markarfljóts. Hann á þó einkum að hafa eignað sér land milli Rangár og Hróarslækjar en látið öðrum eftir aðra hluta landnámsins til búsetu. Í Melabók eru nefndir fleiri landnámsmenn á svæðinu: Baugur, fóstbróðir Ketils hængs, nam „Fljótshlíð alla“ ofan við Breiðabólstað til móts við Hæng, Þorkell bundinfóti nam land umhverfis Þríhyrning og Sighvatur rauði sló eign sinni á Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará. Þessara manna er einnig getið í Sturlubók og Hauksbók en sagðir hafa numið land „að ráði Hængs“ í landnámi hans. Tveir aðrir landnámsmenn koma hér við sögu: Jörundur Hrafnsson byggði „fyrir vestan Fljót“ og bjó á Svertingstöðum og Þórólfur Asksson nam „Þórólfsfell á milli Deildará tveggja“ og bjó þar síðan.

<sup>1</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 8, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Af frásögn Landnámabókar verður sú ályktun dregin að land milli Ytri-Rangár og Markarfljóts hafi verið numið til. Mörkin til norðurs eru hins vegar ekki tilgreind og því óljóst hvort þau hafi náð að upptökum Ytri-Rangár og Markarfljóts eða „allt inn til óbyggða“ eins og Haraldur Matthías-son gat sér til um. Til hliðsjónar má hafa nöfn efstu kennileita í landnámu fyrrgreindra manna: Reyðarvatn (Ketill hængur), Þríhyrningur (Þorkell bundinfótur), Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará (Sighvatur rauði) og Deildarár tvær (Þórólfur Asksson). Þá skal þess getið að í Egils sögu Skalla-Grímssonar er komist svo að orði að Ketill hængur hafi numið „á milli fjalls og fjöru“. Sú saga þykir ekki traust sagnfræðileg heimild auk þess sem orðalagið er of óljóst til að unnt sé að draga af því afdráttarlausu ályktun um efri mörk landnámsins. Af frásögn Landnámabókar má þó álykta að landnámið hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum.

### 6.3. Múlatorfa

Múlatorfa skiptist nú í Eyvindarmúla, Háamúla, Árkvörn og Múlakot I-II. Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarmúlaland, hina svo kölluðu Múlatorfu í Fljótshlíð sem er með býlunum Eyvindarmúla, Múlakoti, Sauðtúni, Árkvörn og Háamúla, dags. 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Múlatorfu liggja Hlíðarendatorfa til vesturs, Rangárvallafréttur í fyrrum Rangárvallahreppi til norðurs, Barkarstaðir til austurs og Stóramörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi til suðurs.

Bæjarstæði í Múlatorfu eru við rætur Múlaheiðar í beinni línu með fram veginum. Stórflyótíð Markarfljót ásamt kvíslum renna í vesturátt á rennsléttu láglandinu þar fyrir neðan. Undirlendið, sem liggur suður af hliðinni, er nefnt einu nafni Markarfljótsaurar eða Aurar, þó svo sléttar grundinnar séu víða grónar. Um Aurana flæmist Markarfljót og greinar sem úr því kvíslast. Frá Stóra-Dímon að rötum Múlaheiðar ná sléttir aurarnir 5 km breidd. Hlíðin í landi Múlatorfu er grasi gróin alveg upp á fjallsbrún fyrir utan nokkur svæði þar sem sér á klappirnar og með fram giljum og lækjum. Merkjaá kemur niður vestan við bæjarstæði Múlakots með hvítum fossi er nefnist Merkja-árfoss. Sami foss er stundum nefndur Gluggafoss þar sem vatnið fellur í gegnum glugga. Austar falla margir smálækir fram af fjalllendinu og kallast þeir einu nafni Fossar. Á austurmörkum Múlatorfu fellur Bleiksá sem á m.a. upptök sín á svæði sem nefnist Lambatungur, áin fellur um þröngt hylldjúpt gljúfur niður á láglandi þar sem hún sameinast að lokum Þverá. Upptök upptalinna áa og afrennsla eru að mestu leyti ofan hliðarbrúnarinnar í 500 m hæð yfir sjávarmáli uppi á Hrauni ofan Lambatungna. Hraunið er landsvæði efst í Fljótshlíð, nánast allt ofan 500 m hæðar og smáhækkar það til norðurs. Hæsti tindur upp af Múlatorfu er Bláfell á Hrauninu í 745 m hæð. Hraunin eru í raun undirhlíðar Tindfjallajökuls, og er yfirborð þeirra melar, urðir og grjót, en ekki hraun í eiginlegri merkingu þess orðs.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hæsta punkti Hæringsfells beina stefnu til suðausturs í punkt í 672 m hæð í Hrauninu upp af Múlatorfu og þaðan beina stefnu til suðausturs í upptök Fremsta Kanastaðagils. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti Hraunsins upp af Múlatorfu innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur jarða í Múlatorfu lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(29), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Af heimildum um landnám á þessu svæði megi ráða að allt undirlendi, nema afrétturinn Grænafjall og Emstrur hafi verið numið í öndverðu, en í samræmi við þekktar landnámsreglur sé takmarkað hversu langt til fjalla námið náði. Á þessu byggist kröfulína íslenska ríkisins. Vardandi Múlatorfu sérstaklega er vísað til þess að samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1891 eigi jörðin land allt í Hæringsfell að vestan og þaðan til byggða, en eystri mörkin liggja frá ákveðnum stað á línu sem dregin er milli Hæringsfells og Tindfjalla og til byggða. Ekki njóti við eldri heimilda um merki jarðarinnar nema þær upplýsingar í vísitásiu frá 1641 að þá hafi land jarðarinnar skipst í heimaland og annað land. Landskiptagerð frá 1971 hafi ekki tekið til

heiðarinnar og það sé ákveðin vísbending um að þar sé um afrétt að ræða, sbr. 1. gr. landskiptalaga. Meirihlutinn af hinu óskipta fjalllendi sé utan þjóðlendu samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins en efst sé skák sem ríkið geri kröfu til að verði úrskurðað þjóðlenda. Þar sé um að ræða gróðurvana hálendi sem eigi meira sameiginlegt með öræfunum í austri en jörðunum í hliðinni. Þá er vísað til þess að samkvæmt landamerkjalytingu Barkarstaða séu merkin milli Barkarstaða og Múlatorfu Bleiksá eða Bleiksárgljúfur, allt frá upptökum hennar uppi í Hraunum. Ekki verði séð að kröfugerð landeigenda taki mið af þessari lýsingu. Bleiksá virðist skera þjóðlendukröfulínu við landamerki Barkarstaða og Fljótsdals en ekki verði séð að upptök hennar séu innan þess lands á Hraunum, sem sé innan landamerkja Barkarstaða samkvæmt kröfugerð landeigenda. Í landamerkjalytingu Múlatorfu segi að mörkin liggi úr fyrrnefndri línu á háfjallinu beint niður um miðjar Lambatungur í Bleiksárgil. Lýsingunum tveimur beri þannig ekki saman. Þjóðlendukröfulínan liggi í gegnum óskipt land Múlatorfunnar og í hornpunkt í Stóra Hæringsfelli. Þegar mat sé lagt á það hversu hátt til fjalla beinn eignarréttur skuli ná sé óhjákvæmilegt að líta til hliðsettra jarða og líta fram hjá einhliða lýsingum sem ekki séu í samræmi við lýsingar á mörkum nágrennjarða.

Af hálfu eigenda Eyvindarmúla, Árkvarnar, Háamúla og Múlakots I í Múlatorfu, sbr. skjöl nr. 5 og 6(2), er því haldið fram að landsvæði það sem hér er til meðferðar sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Fyrir hendi sé landamerkjalyting fyrir Múlatorfu sem lesin hafi verið á viðeigandi manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók. Lýsingu þessari beri saman við lýsingar á merkjum aðliggjandi jarða og hvorki sé né hafi verið ágreiningur um merkin í ómunatíð. Umboðsmenn opinbers valds hafi hvorki fyrr né síðar dregið merkjalýsingu torfunnar í efa í orði eða verki. Þvert á móti hafi íslenska ríkið byggt samskipti sín við eigendur jarða í torfunni á því að allt land innan þinglýstra merkja væri háð einkaeignarrétti eigenda. Jarðarmat og fasteignamat sé á þessu byggt. Skattskylda eigenda jarðanna sé á því byggð að allt land innan merkja sé eign eigenda jarðanna. Lánastofnanir og opinberir sjóðir hafi tekið veð í öllu landi innan þinglesinna landamerkja og viðkomandi veðskuldabréfum þinglýst af þinglýsingardómurum og síðar af handhöfum framkvæmdavalds. Jarðir í torfunni hafi gengið kaupum og solum og hafi aðilar byggt á staðfestum upplýsingum frá opinberum aðilum um merki jarðanna. Sama gildi við skipti á landi þeirra og svo megi lengi telja. Byggt er á því að allri óvissu um merki jarða hafi verið eytt með setningu landamerkjalaga hinna eldri og hinna yngri að því er varðar þær jarðir sem þá voru gerð landamerkjabréf fyrir og þau afhent til þinglýsingar og þinglesin athugasemdalaust. Þá er því alfarið hafnað að jarðeigendum sé skylt að rekja eignarheimildir sínar annað og lengra en til þinglesinna eignarheimilda sinna og landamerkjaskráa. Því næst er vísað til þess að þau rök að enginn hafi verið til fyrirsvars þegar að endimörkum jarða til landsins kom standist ekki. Hafi eigandi fjallajarðar reynt að færa út merki sín inn til landsins og afréttur í sameign byggðarmanna verið næstur mörkum viðkomandi jarðar hefði eigendum afréttarins verið að mæta. Loks er tekið fram að landskipti sem fram hafi farið á landi innan landamerkja Múlatorfu staðfesti einungis það sem eigendur jarðanna hafi haldið fram um inntak eignarráða þeirra. Enda þótt heiðalandinu hafi ekki verið skipt þá feli það ekki í sér að ríkið geti gert tilkall til þess landsvæðis. Landið sé einfaldlega einkaeignarland þeirra innan þinglýstra landamerkja.

Af hálfu eigenda Múlakots II, sbr. skjöl nr. 7 og 7(3), er í meginatriðum vísað til sömu sjónarmiða og að framan greinir.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Múlatorfunnar er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að Eyvindarmúla er getið í heimildum allt frá því um 1200. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Þá eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Fljótshlíð, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Múlatorfu er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja torfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja torfunnar að því leyti sem þau liggja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk Múlatorfu við Stórumörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi sem jafnframt voru hreppamörk fyrrum Fljótshlíðarhrepps og fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps eru utan við það svæði sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til og þykja ekki vekja sérstakan vafa, sbr. einnig umfjöllun þar um í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk. Þau verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Múlatorfu verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Múlatorfu er að finna í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarmúlaland, hina svo kölluðu Múlatorfu í Fljótshlíð sem er með býlunum Eyvindarmúla, Múlakoti, Sauðtúni, Árkvörn og Háamúla, dags. 1. júní 1891 og þingl. 15. maí 1892. Þar er vesturmörkum torfunnar við Hlíðarendatorfu lýst „úr Stóra-Hæringsfelli beint niður í miðgilið upp af Merkiárbotnum, svo ræður það gil niður í Merkiárbotna, þá Merkiárfarvegur niður heiðina, Merkiárgil og Merkiárgljúfur niður til láglendis, . . .“. Landamerkjabréfið er samþykkt vegna Hlíðarendatorfu. Merkjum er ekki lýst með fyllilega sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Hlíðarenda í Fljótshlíð, sem er með hjáleigunum Hlíðarendakoti, Nikulásarhúsum og Halls koti, dags. 10. maí 1886 og þingl. 27. maí 1890 en þar segir að gagnvart Eyvindarmúlatorfu ráði Merkiárgljúfur, gil og farvegur hennar inneftir heiðinni allt til Merkiárbotna, síðan beina stefnu úr Merkiárbotnum miðgilinu í hánorður upp til fyrrnefndrar stefnu úr Hæringsfelli í Tindfjöll. Samkvæmt þessu virðist því hafa verið litið svo á að land Hlíðarendatorfu næði eitthvað austur fyrir Hæringsfell. Bréfið er samþykkt vegna Múlatorfu. Eldri heimildir um merki Hlíðarendatorfu eru ekki fyrir hendi.

Norðurmörkum Múlatorfu gagnvart Rangárvallaafretti er í landamerkjabréfi torfunnar lýst þannig að efst á hálendinu ofan við heiðarnar sé merkjalínan úr Stóra-Hæringsfelli að sjá á Tindfjöll austur. Bréfið er ekki samþykkt vegna Rangárvallaafretrar. Það er hins vegar í samræmi við lýsingu á landamerkjum á milli Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps bæði á hraununum og afréttum sveitanna, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí s.á., en þar er hreppamörkum á þessu svæði lýst úr Hæringsfelli sjónhendingu í landnorður inn hraunin á hæsta hnjúkinn á Tindfjallajökli. Eldri heimildir um merki Rangárvallaafretrar liggja ekki fyrir.

Austurmörkum Múlatorfu gagnvart Barkarstöðum er í landamerkjabréfi torfunnar lýst „úr fyrrnefndri línu á háfjallinu beint niður um miðjar Lambatungur í Bleiksáargil, svo ræður Bleiksáargil og Bleiksáargljúfur niður til láglendis, þaðan ræður hádegislína, suður láglendið og aurana“. Bréfið er samþykkt vegna Barkarstaða. Þá er landamerkjum lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Barkarstaða, dags. 30. júní 1888 og þingl. 27. maí 1890, svo langt sem sú lýsing nær. Það er og samþykkt vegna Múlatorfunnar. Eldri heimildir um merki Barkarstaða að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Múlatorfu. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Sá óverulegi munur sem er á bréfi Múlatorfu annars vegar og bréfi Hlíðarendatorfu hins vegar verður ekki talinn hafa sérstaka þýðingu. Landamerkjabréf Múlatorfu er nokkrum árum yngra auk þess sem það er samþykkt vegna Hlíðarendatorfu. Verður því litið svo á að um þá lýsingu sem þar kemur fram hafi ríkt sátt. Múlatorfubréfið er einnig áritað af hálfu annarra aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki torfunnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Lýsing á landamerkjum milli Fljótshlíðarhrepps og Rangárvallahrepps er í samræmi við Múlatorfubréfið og skortur á áritun fyrirsvarsmanna hreppsins vegna Rangárvallaafretrar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Þá eru bæði landamerkjabréf Hlíðarendatorfu og Barkarstaða árituð af hálfu Múlatorfu og þinglesin. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Múlatorfunnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Múlatorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að Múlatorfa hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1891 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshlíð, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 8. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Múlatorfunnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Múlatorfunnar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

#### 6.4. Barkarstaðir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Barkarstaðalandi, dags. 30. júní 1888 og þingl. 27. maí 1890.

Að Barkarstöðum liggja Múlatorfa að vestan og Fljótisdalur að austan. Til norðurs er Rangárvallafréttur í fyrrum Rangárvallahreppi og til suðurs er Stóramörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi.

Bærinn Barkarstaðir stendur á felli undir sjálfri Barkarstaðaheiðinni. Jökulfallið Markarfljót ásamt Þverá og Affalli renna í vestrátt á rennsléttu láglandinu rétt neðan við veginn. Undirlendið sem liggur suður af hlíðinni er nefnt Markarfljótsaurar eða Aurar. Um Aurana flæmist Markarfljót og greinar sem úr því kvíslast. Barkarstaðaheiðin er grasi gróin alveg upp eftir fjallshlíðinni fyrir utan nokkur svæði þar sem sér á klappirnar og með fram giljum og lækjum. Má þar nefna frá vestri til austurs Bleiksárgil, Bæjargil, Tómagil og Viðargil. Tómagil er stérstakt að því leyti að í því er inniluktur móbergshellir með opi í lofti og sindrar þar niður lækjarbuna. Viðargil er á milli Barkarstaða og Fljótisdals. Á undirlendinu og í hlíðunum upp af því er gilið nánast miðja vegu á milli bæjanna en þegar kemur upp í heiðina hallar því til austurs og heitir þá Stórhólgil og síðar Hrutagil. Á vesturmörkum Barkarstaða fellur svo Bleiksá sem á m.a. upptök sín á svæði sem nefnist í Lambatungur, áin fellur um þröngt hyldjúpt Bleiksárgljúfur, sem áður hefur verið minnst á, niður á láglandi þar sem hún sameinast að lokum Þverá. Upptök upptalinna áa og afrennsla eru að mestu leyti ofan hlíðarbrúarinnar í 500 m hæð yfir sjávarmáli uppi á Hrauni ofan Lambatungna. Hraunið er landsvæði efst í Fljótshlíð sem er nánast allt ofan 500 m hæðar og smáhækkar það til norðurs. Hraunin eru í raun undirhlíðar Tindfjallajökuls og er yfirborið þeirra melar, urðir og grjót en ekki hraun í skilningi þess orðs.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti í 672 m hæð í Hrauninu upp af Múlatorfu og þaðan beina stefnu til suðausturs í upptök Fremsta Kanastaðargils. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti Hraunsins upp af Barkarstöðum innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi Barkarstaða lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(29), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Af heimildum um landnám á þessu svæði megi ráða að allt undirlendi nema afrétturinn Grænafjall og Emstrur hafi verið numið í öndverðu en í samræmi við þekktar landnámsreglur sé takmarkað hversu langt til fjalla námið náði. Á þessu byggist kröfulína íslenska ríkisins. Varðandi Barkarstaði sérstaklega er fyrst vísað til heimilda um merki Barkarstaða og Fljótsdals. Í þeim sé merkjum á milli jarðanna lýst um Viðargil allt á fjall upp í norður. Ekki verði annað séð en að þessi lýsing sé í samræmi við kröfugerð íslenska ríkisins. Samkvæmt hæðarlínum á korti sé komið á fjall upp í um 600 metra hæð en þá fari að gisna milli lína. Kröfulína ríkisins hvað varði bæði Barkarstaði og Fljótsdal sé miklu innar í landinu og allt í 700 metra hæð. Í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar sé slíkt land flokkað sem öræfi. Þá er vísað til þess að samkvæmt landamerkjalyðingu Barkarstaða séu merkin milli Barkarstaða og Múlatorfu Bleiksá eða Bleiksárgljúfur, allt frá upptökum hennar uppi í Hraunum. Ekki verði séð að kröfugerð landeigenda taki mið af þessari lýsingu. Bleiksá virðist skera þjóðlendukröfulínu við landamerki Barkarstaða og Fljótsdals en ekki verði séð að upptök hennar séu innan þess lands á Hraunum sem sé innan landamerkja Barkarstaða samkvæmt kröfugerð landeigenda. Í landamerkjalyðingu Múlatorfu segi að mörkin liggja úr fyrrnefndri línu á háfjallinu beint niður um miðjar Lambatungur í Bleiksárgil. Lýsingunum tveimur beri þannig ekki saman. Þegar mat sé lagt á það hversu hátt til fjalla beinn eignarréttur skuli ná sé óhjákvæmilegt að líta til hliðsettra jarða og líta fram hjá einhliða lýsingum sem ekki séu í samræmi við lýsingar á mörkum nágrennajarða.

Af hálfu eigenda, sbr. skjöl nr. 5 og 6(2), er því haldið fram að landsvæði það, sem hér er til meðferðar, sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Fyrir hendi sé landamerkjalyðing fyrir Barkarstaði sem lesin hafi verið á víðeigandi manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók. Lýsingu þessari beri saman við lýsingar á merkjum aðliggjandi jarða og hvorki sé né hafi verið ágreiningur um merkin í ómunatíð. Umboðsmenn opinbers valds hafi hvorki fyrir né síðar dregið merkjalýsingu jarðarinnar í efa í orði eða verki. Þvert á móti hafi íslenska ríkið byggt samskipti sín við eigendur jarðarinnar á því að allt land innan þinglýstra merkja væri háð einkaeignarrétti eigenda. Jarðarmat og fasteignamat sé á þessu byggt. Skattskylda eigenda jarðarinnar sé á því byggð að allt land innan merkja sé eign þeirra. Lánastofnanir og opinberir sjóðir hafi tekið veð í öllu landi innan þinglesinna landamerkja og viðkomandi veðskuldabréfum þinglýst af þinglýsingardómurum og síðar af handhöfum framkvæmdavalds. Jörðin hafi gengið kaupum og solum og hafi aðilar byggt á staðfestum upplýsingum frá opinberum aðilum um merki hennar. Byggt er á því að allri óvissu um merki jarða hafi verið eytt með setningu landamerkjalaga hinna eldri og hinna yngri að því er varðar þær jarðir sem þá voru gerð landamerkjabréf fyrir og þau afhent til þinglýsingar og þinglesin athugasemdalaust. Þá er því alfarið hafnað að jarðeigendum sé skylt að rekja eignarheimildir sínar annað og lengra en til þinglesinna eignarheimilda sinna og landamerkjaskráa. Því næst er vísað til þess að þau rök að enginn hafi verið til fyrirsvars þegar að endimörkum jarða til landsins kom standist ekki. Hafi eigandi fjallajarðar reynt að færa út merki sín inn til landsins og afréttur í sameign byggðarmanna verið næstur mörkum viðkomandi jarðar hefði eigendum afréttarins verið að mæta. Loks er vikið að merkjum milli Barkarstaða og Fljótsdals og tekið fram að lýsingar í gömlum heimildarskjölum á merkjum milli jarðanna séu í fullkomnu samræmi við yngri landamerkjabréf. Í sátta- og landamerkjabréfi frá 1675 og afsalsbréfi frá 1707 sé mörkunum lýst „á fjall upp í norður“. Ekki sé mörkunum lýst þar nánar en í landamerkjabréfum frá 1888 og 1890 segi um mörkin að þau nái að hreppamörkum. Með landamerkjabréfunum hafi tilætlunin einungis verið sú að lýsa merkjum þessum nánar en ekki sú að breyta merkjum milli jarðanna frá því sem verið hafði. Minnt skuli á að mörkin milli hreppanna frá Hæringsfelli að Ými hafa legið fyrir frá öndverðu og voru síðar staðfest með landamerkjabréfi 1892. Það hafi því ekki þurft að taka neitt annað fram í hinum eldri merkjalýsingum. Út frá þessu hafi verið gengið og ekki ágreiningur milli manna. Þá hafi heldur ekki verið skylda til að hafa merki milli jarða á þessum tíma. Að endingu er minnt á

að umrædd landamerkjabréf hafi hvorki fyrr né síðar verið dregin í efa í orði eða verki og engin ágreiningur verið um þau í ómunatíð. Á þeim hafi einnig verið byggt af hálfu ríkisins, m.a. við skattskyldu, o.fl., sbr. það sem áður sé rakið.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Barkarstaða er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Barkarstaða er getið í heimildum allt frá því á fyrri hluta 16. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Fljótshlíð, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Barkarstaða er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk Barkarstaða við Stórumörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, sem jafnframt voru hreppamörk fyrrum Fljótshlíðahrepps og fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps, eru utan við það svæði sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til og þykja ekki vekja sérstakan vafa, sbr. einnig umfjöllun þar um í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk. Þau verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Barkarstaða verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í fyrirbyggjandi heimildum um landamerki Barkarstaða er vestur-, austur- og suðurmörkum jarðarinnar lýst en ekki getið um norðurmörk.

Elstu heimildir um landamerki Barkarstaða eru lýsingar á austurmörkum jarðarinnar gagnvart Fljótsdal sem gerðar voru í tilefni af deilum um mörk þar á milli. Þær deilur vörðuð ekki mörk jarðanna á kröfusvæði íslenska ríkisins og verða því ekki tíundaðar hér að öðru leyti en því að skoðað verður hversu langt til norðurs þær ná. Fyrsta lýsingin er að stofni til frá 29. maí 1529 en er einungis varðveitt í afskrift, dags. 30. janúar 1929. Samkvæmt þeirri lýsingu skal tekin sjónhending úr Viðargili til landnorðurs í þann ytra Hnúk er stendur fyrir neðan Rauðyrpuflatir og upp yfir Klofatorfu í efri brún. Við skýrslutökur í málinu var upplýst að bæði Rauðyrpuflatir og Klofatorfa væru í landi Fljótsdals þó nokkuð sunnan við hreppamörk. Ekki var upplýst til hvaða staðsetningar orðalagið efri brún vísaði. Í afsalsbréfi fyrir Fljótsdal frá árinu 1670, varðveitt í vottuðu og staðfestu afriti, dags. 29. maí 1707, segir að Viðargil ráði mörkum á milli Fljótsdals og Barkarstaða allt á fjall upp í norður. Svipaða lýsingu er að finna í sáttargerð, dags. 1. október 1675 en þar kemur fram að Viðargil skuli ráða að neðanverðu og allt í fjall upp eftir þeim læk sem renni næst Hrútabotnum að vestan. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu var jafnframt upplýst að upptök Viðargils væru vel sunnan við hreppamörk. Þá kom fram að Hrútabotnar væru rétt austan við mitt Viðargil. Austurmörkum Barkarstaða er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 30. júní 1888 og þingl. 27. maí 1890. Þar er merkjum lýst með svipuðum hætti og áður þannig að Viðargil ráði neðan frá jafnsléttu neðan við Selhóla og inn eftir Stórhólgili og svo á fjall upp í norður á milli Hrútabotna og Smérbrekkna sem einnig séu kallaðar Þrætutungur. En að neðanverðu úr Viðargilsmyinni, fram yfir þvera aura í hádegisstað að Stórumerkurlandi. Sá sem skrifar upp á bréfið vegna Fljótsdals lýsir yfir ósamþykki sínu enda hafði ágreiningur staðið um þessi mörk um langt skeið. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að Smérbrekkur væru rétt vestan við mitt Viðargil á móts við Hrútabotna. Í öllum fyrirbyggjandi heimildum, að þeirri elstu undanskilinni, er því í meginatriðum miðað við það að Viðargil ráði mörkum milli Barkarstaða og Fljótsdals auk þess sem við það er miðað í kröfugerð aðila fyrir óbyggðanefnd. Ekki verður talið hafi þýðingu að elsta lýsingin miði við önnur mörk enda var hún sem að framan greinir gerð í tilefni af ágreiningi þar um. Í landamerkjabréfi Fljótsdals, dags. 24. maí 1890 og þingl. 27.5.1890, er merkjum gagnvart Barkarstöðum ekki lýst.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Barkarstaða gagnvart Múlatorfu er að finna í landamerkja-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

bréfi jarðarinnar. Þar kemur fram að Bleiksá eða Bleiksárgljúfur ráði allt frá upptökum hennar uppi í hraunum og niður á jafnsléttu. Frá jafnsléttu fram yfir þvera aura ráði svo foss, er falli vestan megin í gljúfrið, ofan við hábrúnina og Síðjarfur heiti þannig að hann eigi alltaf að sjást og sé það í hádegisstað, allt suður að Stórumerkurlandi. Bréfið er samþykkt vegna Múlatorfu. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að upptök Bleiksár væru í hraunbrúninni norðan við Lambatungur, þó nokkuð sunnan við hreppamörk. Í landamerkjabréfi Múlatorfu, dags. 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892, er merkjum gagnvart Barkarstöðum lýst úr sjónhendingarlínu úr Stóra-Hæringsfelli að sjá á Tindfjöll austur, beint niður um miðjar Lambatungur í Bleiksárgil. Sú lýsing nær því mun lengra til norðurs eða að hreppamörkum. Að öðru leyti er merkjum lýst með sambærilegum hætti. Bréfið er samþykkt vegna Barkarstaða. Eldri heimildir um merki Múlatorfu að þessu leyti eru ekki fyrir hendi.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til norðurs og ósamræmi milli landamerkjabréfsins og kröfulýsingar jarðeiganda að sama leyti þarfnast frekari athugunar.

Í kröfulýsingu jarðeiganda er gert ráð fyrir því að land Barkarstaða nái að hreppamörkum. Þannig eru dregnar línur frá upptökum Bleiksár að vestanverðu og upptökum Viðargils að austanverðu beint í hreppamörk.

Lýsingar á austurmörkum jarðarinnar eru mjög óljósar að þessu leyti. Í þeim eldri er Viðargil sagt ráða ýmist „allt á fjall upp í norður“ eða „allt í fjall upp“ en í landamerkjabréfi jarðarinnar eru mörkin sögð vera um Viðargil, þá Stórhólgil „og svo á fjall upp í norður á milli Hrutabotna og Smérbrekkna“. Túlka verður hinar eldri þannig að þær nái ekki lengra til norðurs en að upptökum Viðargils sem eru u.þ.b. 7 km fyrir sunnan hreppamörk. Hér verður hins vegar að líta til þess að um er að ræða lýsingar sem gerðar voru í tilefni af landamerkjadeilum milli Barkarstaða og Fljótsdals á ákveðnu svæði og því hugsanlegt að ekki hafi þótt ástæða til að tíunda landamerki að öðru leyti. Hvað lýsingu í landamerkjabréfi jarðarinnar varðar telur óbyggðanefnd hins vegar ekki útilokað að með orðalaginu „og svo á fjall upp í norður á milli Hrutabotna og Smérbrekkna“ hafi verið átt við að mörk jarðarinnar skyldu ná lengra til norðurs. Vesturmörkum Barkarstaða er í landamerkjabréfi jarðarinnar lýst frá upptökum Bleiksár sem eru u.þ.b. 5 km sunnan við hreppamörk. Í landamerkjabréfi Múlatorfu er mörkum gagnvart Barkarstöðum svo beinlínis lýst frá hreppamörkum og því ekki útilokað að lítið hafi verið svo á að land hennar næði þangað. Hér verður að líta til þess að landamerkjabréf Múlatorfu er áritað vegna Barkarstaða auk þess sem það er yngra en landamerkjabréf Barkarstaða.

Við túlkun á landamerkjalyýsingu Barkarstaða verður að hafa hliðsjón af fyrirliggjandi heimildum um landamerki aðliggjandi jarða. Í landamerkjabréfi Múlatorfu er bæði vestur og austurmörkum lýst að hreppamörkum og í landamerkjabréfi Fljótsdals er austurmörkum lýst að hreppamörkum. Í samræmi við þetta er í köflum 6.3. og 6.5. komist að þeirri niðurstöðu að land þessara jarða nái að hreppamörkum og vísast þangað um rökstuðning fyrir þeirri niðurstöðu. Þegar þessi aðstaða er virt í heild sinni standa ekki rök til annars en að niðurstaðan verði sú sama að því er varðar Barkarstaði og land aðliggjandi jarða og merki Barkarstaða talin ná að hreppamörkum, þó svo að lýsingin í landamerkjabréfi Barkarstaða sé ófullkomin að þessu leyti. Þá telur óbyggðanefnd að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af hreppamörkum bæði hið efra og hið neðra. Til frekari stuðnings má svo vísa til þess að norðurmörkum jarðarinnar er alls ekki lýst í bréfinu og því líklegt að um glögg mörk, svo sem hreppamörk hafi verið að ræða.

Í kjölfar þess að landamerkjalyög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Barkarstaði. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að vesturmerkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið er áritað af hálfu Múlatorfu, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar að þessu leyti, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Múlatorfu er einnig áritað af hálfu Barkarstaða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Múlatorfu, m.a. gagnvart Barkar-

stöðum, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Fyrirliggjandi gögn benda að sama skapi til þess að austurmerkjum sé rétt lýst í landamerkjabréfi Barkarstaða. Ekki verður talið hafa sérstaka þýðingu að sá sem skrifar upp á bréfið vegna Fljótsdals lýsi yfir ósamþykki sínu enda höfðu deilur staðið um mörkin milli Barkarstaða og Fljótsdals um aldabil. Bréfið var engu að síður þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðar um merki jarðarinnar að þessu leyti, m.a. í örnefnalýsingu Fljótsdals og í kröfugerð eigenda Fljótsdals í því máli sem hér er til urlausnar. Ekki verður heldur talið hafa þýðingu að mörkum gagnvart Barkarstöðum sé ekki lýst í landamerkjabréfi Fljótsdals enda stafar það vafalaust einnig af framangreindum deilum, sbr. einnig kafla 6.5. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Barkarstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé rétt lýst í framangreindum heimildum.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Barkarstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Barkarstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki Barkarstaða hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshlíð, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 8. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Barkarstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Barkarstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5. Fljótsdalur ásamt Þórólfsfelli

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Fljótsdals, dags. 24. maí 1890 og þingl. 27. s.m. Árið 1966 seldi eigandi Fljótsdals hreppnum hluta jarðarinnar, þ.e. Þórólfsfell ásamt ræktuðu túni. Í þeirri umfjöllum sem hér fer á eftir verður ekki tekið sérstakt tillit til þeirrar skiptingar.

Að Fljótsdal liggja Barkarstaðir að vestan og Fljótshlíðarafréttur/Gænafjall að austan. Til norðurs er Rangárvallafréttur í fyrrum Rangárvallahreppi og til suðurs er Stóramörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi.

Fljótsdalur er austasti og innsti bær í Fljótshlíð og dregur nafn sitt að öllum líkindum af Markarfljóti. Undirlendið sem liggur suður af hlíðinni er nefnt Markarfljótsaurar eða Aurar. Um Aurana flæmist Markarfljót og greinar sem úr því kvíslast. Norður af bæjarstæði Fljótsdals er Fljótsdalsheiðin, grasi gróin og nokkuð aflíðandi. Nokkur vatnsföll skera heiðina og má þar helst nefna Viðará, Marðará sem rennur um mikið gil niður á Auranna, Stöpullæk og Þórólfsá. Viðargil er á milli Barkarstaða og Fljótsdals. Á undirlendinu og í hlíðunum upp af því er gilið nánast miðja vegu á milli bæjanna en þegar kemur upp í heiðina hallar því til austurs og heitir þá Stórhólsgil og síðar

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Hrútagil. Þórólfsá kemur úr Tindfjallajökli og rennur í stóru og dimmu gljúfri niður á láglandi. Austan árinna er afmarkað móbergssfell er nefnist Þórólfsfell. Þórólfsfell er reglulegt í lögun og markað af smágiljum sem lækir og ár hafa myndað í tímans rás. Mögugilshellir er í einu giljana í fellinu. Tveir jeppaslóðar eru í landi Fljótsdals, annar liggur í austur, suður með Þórólfsfelli og áfram upp með Markarfljóti og hinn liggur norður upp heiðina með fram Marðará og Selgili að Stóra-Bláfelli. Vestur af Stóra-Bláfelli sem er 1059 m hátt er lægra fell er nefnist Vörðufell í 850 m hæð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti í 672 m hæð í hrauninu upp af Múlatorfu og þaðan beina stefnu til suðausturs í upptök Fremsta Kanastaðagils. Samkvæmt þessari kröfugerð eru m.a. Vörðufell, hluti Selgils og Stóra-Bláfell innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Fljótsdals annars vegar og eigandi Þórólfsfells hins vegar lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan landamerkja Fljótsdals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 24. maí 1890. Samkvæmt þeirri kröfugerð fellur m.a. hluti Tindfjallajökuls, Bláfell og annað fjalllendi sunnan jökulsins innan merkja Fljótsdals. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(29), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Af heimildum um landnám á þessu svæði megi ráða að allt undirlendi, nema afrétturinn Grænafjall og Emstrur, hafi verið numið í öndverðu en í samræmi við þekktar landnámsreglur sé takmarkað hversu langt til fjalla námið náði. Á þessu byggist kröfulína íslenska ríkisins. Varðandi Fljótsdal og Þórólfsfell er sérstaklega vísað til þess að Þórólfsfell hafi verið landnámsjörð. Hvenær byggð hafi lagst þar af sé ekki vitað en samkvæmt landamerkjabréfi Fljótsdals hafi sú jörð á einhvern hátt eignast hluta af landnámi Þórólfs, þ.e. Þórólfsfell og landið milli Þórólfsár og að fremsta Kanastaðagili. Verði að miða við það að beinn eignarréttur hafi haldist til þessa hluta landnámsins en frá fremsta Kanastaðagili að Gilsá hafi eignarréttur fallið niður og landið einungis verið tekið til beitarnota. Hversu hátt til fjalla námið hafi náð verði að fara að álitum en venjan hafi verið að nema einungis land sem hafa mátti í heilsársnotum. Þá er vísað til landamerkjabréfs Fljótsdals frá 1890 en samkvæmt því eigi jörðin land upp Fremsta Kanastaðagil að marki þar sem bein stefna frá austri til vesturs lendi í efri Þórólfsárklofningi og ráði svo Þórólfsá merkjum frá fyrrnefndum klofningi í fjall upp í norður, allt að mörkum milli Fljótshlíðar og Rangárvalla. Eldri heimild um þessi merki jarðarinnar sé í afsalsbréfi frá árinu 1707. Þar sé þessum merkjum lýst eftir Kanastaðagili og úr því vestur í Klofning. Vesturmörkin gagnvart Barkarstöðum samkvæmt þessu skjali séu svo Viðargil allt á fjall upp norður sem sé sambærileg lýsing og í sáttargerð frá árinu 1675. Samkvæmt hæðarlínum á korti sé komið á fjall upp í um 600 metra hæð en þá fari að gisna milli lína. Kröfulína ríkisins hvað varði bæði Barkarstaði og Fljótsdal sé miklu innar í landinu og öll í 700 metra hæð. Í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar sé slíkt land flokkað sem öræfi. Þannig sé kröfulína íslenska ríkisins í fullu samræmi við þessar heimildir. Vísað er til dómafordæma Hæstaréttar og því haldið fram að í samræmi við þau sé ekki hægt með einhliða gerð merkjalýsinga að auka eignarlönd jarða á kostnað þjóðlendu. Þannig hafi enga þýðingu í þessu máli að draga landamerki Fljótsdals allt að hreppamörkum á Tindfjallajökli.

Af hálfu eigenda, sbr. skjöl nr. 5 og 6(2), er því haldið fram að landsvæði það, sem hér er til meðferðar, sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Fyrir hendi sé landamerkjalyking fyrir Fljótsdal sem lesin hafi verið á viðeigandi manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók. Lýsingu þessari beri saman við lýsingar á merkjum aðliggjandi jarða og hvorki sé né hafi verið ágreiningur um merkin í ómunatíð. Umboðsmenn opinbers valds hafi hvorki fyrir né síðar dregið merkjalýsingu jarðarinnar í efa í orði eða verki. Þvert á móti hafi íslenska ríkið byggt samskipti sín við eigendur jarðarinnar á því að allt land innan þinglýstra merkja væri háð einkaeignarrétti eigenda. Jarðarmat og fasteignamat sé á þessu byggt. Skattskylda eigenda jarðarinnar sé á því byggð að allt land innan merkja sé eign þeirra. Lánastofnanir og opinberir sjóðir hafi tekið veð í

öllu landi innan þinglesinna landamerkja og viðkomandi veðskuldabréfum þinglýst af þinglýsingardómurum og síðar af handhöfum framkvæmdavalds. Jörðin hafi gengið kaupum og sölum og hafi aðilar byggt á staðfestum upplýsingum frá opinberum aðilum um merki hennar. Byggt er á því að allri óvissu um merki jarða hafi verið eytt með setningu landamerkjalaga hinna eldri og hinna yngri að því er varðar þær jarðir sem þá voru gerð landamerkjabréf fyrir og þau afhent til þinglýsingar og þinglesin athugasemdalaust. Þá er því alfarið hafnað að jarðeigendum sé skylt að rekja eignarheimildir sínar annað og lengra en til þinglesinna eignarheimilda sinna og landamerkjaskráa. Því næst er vísað til þess að þau rök að enginn hafi verið til fyrirsvars þegar að endimörkum jarða til landsins kom standist ekki. Hafi eigandi fjallajarðar reynt að færa út merki sín inn til landsins og afréttur í sameign byggðarmanna verið næstur mörkum viðkomandi jarðar hefði eigendum afréttarins verið að mæta. Loks er vikið að merkjum milli Fljótisdals og Barkarstaða og tekið fram að lýsingar í gömlum heimildarskjölum á merkjum milli jarðanna séu í fullkomnu samræmi við yngri landamerkjabréf. Í sátta- og landamerkjabréfi frá 1675 og afsalsbréfi frá 1707 sé mörkunum lýst „á fjall upp í norður“. Ekki sé mörkunum lýst þar nánar en í landamerkjabréfum frá 1888 og 1890 segi um mörkin að þau nái að hreppamörkum. Með landamerkjabréfunum hafi tilætlunin einungis verið sú að lýsa merkjum þessum nánar en ekki sú að breyta merkjum milli jarðanna frá því sem verið hafði. Minnt skuli á að mörkin milli hreppanna frá Hæringsfelli að Ými hafa legið fyrir frá öndverðu og voru síðar staðfest með landamerkjabréfi 1892. Það hafi því ekki þurft að taka neitt annað fram í hinum eldri merkjalýsingum. Út frá þessu hafi verið gengið og ekki ágreiningur milli manna. Þá hafi heldur ekki verið skylda til að hafa merki milli jarða á þessum tíma. Að endingu er minnt á að umrædd landamerkjabréf hafi hvorki fyrr né síðar verið dregin í efa í orði eða verki og enginn ágreiningur verið um þau í ómunatíð. Á þeim hafi einnig verið byggt af hálfu ríkisins, m.a. við skattskyldu, o.fl., sbr. það sem áður sé rakið.

Varðandi Þórólfsfell sérstaklega er vísað til þess að Fljótshlíðarhreppur hafi keypt það landsvæði af eiganda Fljótisdals árið 1966, sbr. afsalsbréf þar að lútandi. Landið hafi síðan verið lagt til Fljótshlíðarafréttar og eignarland þetta síðan notað til þeitar og upprekstrar af hálfu jarða í sveitinni. Umræddur hluti Fljótshlíðarafréttar hafi áður verið hluti af landi viðkomandi jarðar og því verði að ganga út frá beinum eignarrétti afréttareigandans, sbr. Hrd. 1971, 1137 og Hrd. 1967, 916. Samkvæmt framangreindu og áðurgreindu afsalsbréfi sé hluti af þessu eignarlandi fyrir ofan kröfulínu ríkisins en eignarland jarðarinnar nái að hreppamörkum Fljótshlíðarhrepps og Rangárvalla- hrepps en ekki einungis að Klofningum eins og kröfulína ríkisins miði við.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Fljótisdals er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að Fljótisdals er getið í heimildum allt frá því í lok 16. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Fljótshlíð, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Fljótisdals er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk Fljótisdals við Stórumörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, sem jafnframt voru hreppamörk fyrrum Fljótshlíðarhrepps og fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps, eru utan við það svæði sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til og þykja ekki vekja sérstakan vafa, sbr. einnig umfjöllun þar um í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk. Þau verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Fljótisdals verður svo fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í fyrirliggjandi heimildum um landamerki Fljótisdals er vestur- og austurmörkum jarðarinnar lýst en hvorki getið um norður- né suðurmörk.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Elstu heimildir um landamerki Fljótisdals eru lýsingar á vesturmörkum jarðarinnar gagnvart Barkarstöðum sem gerðar voru í tilefni af deilum um mörk þar á milli. Þær deilur vörðuð ekki mörk jarðanna á kröfuvæði íslenska ríkisins og verða því ekki tíundaðar hér að öðru leyti en því að skoðað verður hversu langt til norðurs lýsingarnar ná. Fyrsta lýsingin er að stofni til frá 29. maí 1529 en er einungis varðveitt í afskrift, dags. 30. janúar 1929. Samkvæmt þeirri lýsingu skal tekin sjónhending úr Viðargili til landnorðurs í þann ytra Hnúk er stendur fyrir neðan Rauðyrpuflatir og upp yfir Klofatorfu í efri brún. Við skýrslutökur í málinu var upplýst að bæði Rauðyrpuflatir og Klofatorfa væru í landi Fljótisdals þó nokkuð sunnan við hreppamörk. Ekki var upplýst til hvaða staðsetningar orðalagið efri brún vísaði. Í afsalsbréfi fyrir Fljótisdal frá árinu 1670, varðveitt í vottuðu og staðfestu afriti, dags. 29. maí 1707, segir að Viðargil ráði mörkum á milli Fljótisdals og Barkarstaða allt á fjall upp í norður. Svipaða lýsingu er að finna í sáttargerð, dags. 1. október 1675, en þar kemur fram að Viðargil skuli ráða að neðanverðu, og allt í fjall upp, eftir þeim læk sem renni næst Hrutabotnum að vestan. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu var jafnframt upplýst að upptök Viðargils væru vel sunnan við hreppamörk. Þá kom fram að Hrutabotnar væru rétt austan við mitt Viðargil. Mörkum gagnvart Barkarstöðum er ekki lýst í landamerkjabréfi Fljótisdals, dags. 24. maí 1890 og þingl. 27. s.m., og stafar það vafalaust af því að enn var uppi ágreiningur um umrædd mörk. Mörkum Barkarstaða gagnvart Fljótisdal er hins vegar lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 30. júní 1888 og þingl. 27. maí 1890. Þar er merkjum lýst með svipuðum hætti og áður þannig að Viðargil ráði neðan frá jafnsléttu neðan við Selhóla og inn eftir Stórhólsgili og svo á fjall upp í norður á milli Hrutabotna og Smérbrekkna sem einnig séu kallaðar Þrætutungur. En að neðanverðu úr Viðargilsmynni, fram yfir þvera aura í hádegisstað að Stórumerkurlandi. Sá sem skrifar upp á bréfið vegna Fljótisdals lýsir yfir ósamþykki sínu og stafar það vafalaust af framangreindum ágreiningi. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að Smérbrekkur væru rétt vestan við mitt Viðargil á móts við Hrutabotna. Í öllum fyrirliggjandi heimildum, að þeirri elstu undanskilinni, er því í meginatriðum miðað við það að Viðargil ráði mörkum milli Fljótisdals og Barkarstaða. Ekki verður talið hafi þýðingu að sú elsta miði við önnur mörk enda var hún gerð í tilefni af ágreiningi þar um.

Fyrstu lýsinguna á austurmerkjum Fljótisdals er að finna í framangreindu afsalsbréfi frá 1670. Þar er austurmerkjum lýst þannig: „Að austanverðu í Fremra Kanastaðagil og úr því vestur í Klofning.“ Austurmerkjum Fljótisdals er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar þannig að milli afréttar Fljótshlíðarhrepps og jarðarinnar Fljótisdals ráði mörkum það gil sem nefnt sé Fremsta Kanastaðargil, að neðanverðu þar sem gilið í hálendinu þrjóti, ráði mörkum bein stefna í suður allt að Stórumerkur-marki, en að ofanverðu takist markið úr fyrrnefndu gili (Kanastaðargili) þar sem bein stefna frá austri til vestur lendi í efri Þórólfsárklofning, ráði svo Þórólfsá frá fyrrnefndum klofningi merkjum á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla. Mörkum er þannig lýst með nákvæmari hætti í landamerkjabréfinu en í afsalsbréfinu sem kann m.a. að stafa af breyttri legu Tindfjallajökuls, sbr. skjal nr. 11. Ekkert í afsalsbréfinu mælir þó landamerkjabréfinu í mót. Oddviti hreppsins áritar bréfið um ósamþykki hreppsnefndarinnar vegna afréttarins. Ekki var gert landamerkjabréf fyrir Fljótshlíðarafrétt. Í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð á afréttinum Græna-fjalli, Þórsmörk og Skógarplássinu Langanesi, dags. 11. september 1753, er merkjum afréttarins til vesturs lýst þannig að þau liggja frá Þórólfsfelli í Tindfjallajökul. Virðist hér vera um ónákvæmari lýsingu á sömu mörkum að ræða en Fremsta Kanastaðargil liggur meðfram Þórólfsfelli í átt að Tindfjallajökli. Þá eru sterkar líkur á að Tindfjallajökull hafi náð lengra til suðurs á þeim tíma sem lögfestan var gerð, sbr. skjal nr. 11.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins sem og eldri heimilda varðandi mörk jarðarinnar til norðurs og ósamræmi milli landamerkjabréfs jarðarinnar og kröfulýsingar jarðeiganda að sama leyti þarfnast frekari athugunar.

Í kröfulýsingu jarðeiganda er gert ráð fyrir því að norðurmörk Fljótisdals ráðist af hreppa-

mörkum. Þannig er dregin lína frá upptökum Viðargils að vestanverðu beint í hreppamörk og frá upptökum Fremsta Kanastaðargils að austanverðu beint í Ými í Tindfjallajökli.

Lýsingar á vesturmörkum jarðarinnar eru mjög óljósar að þessu leyti en í þeim er Viðargil sagt ráða ýmist „allt á fjall upp í norður“ eða „allt í fjall upp“. Túlka verður þessar lýsingar þannig að þær nái ekki lengra til norðurs en að upptökum Viðargils sem eru u.þ.b. 7 km fyrir sunnan hreppamörk. Hér verður hins vegar að líta til þess að um er að ræða lýsingar sem gerðar voru í tilefni af landamerkjadeilum milli Barkarstaða og Fljótsdals á ákveðnu svæði og því hugsanlegt að ekki hafi þótt ástæða til að tíunda landamerki að öðru leyti. Vesturmörkum gagnvart Barkarstöðum er ekki lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Í landamerkjabréfi Barkarstaða er mörkum gagnvart Fljótsdal svo lýst um Viðargil, þá Stórhólsgil „og svo á fjall upp í norður á milli Hrutabotna og Smérbrekna“.

Óbyggðanefnd telur þrátt fyrir framangreint að lýsing landamerkja „á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla“ að austanverðu sýni að litið hafi verið svo á að merki Fljótsdals næðu að hreppamörkum. Ekki er talið hafa úrslitapýðingu að lýsingar á vesturmerkjum í fyrirliggjandi heimildum gangi skemur eða séu óljósar að þessu leyti. Þá verður ekki útilokað að með orðalaginu „og svo á fjall upp í norður á milli Hrutabotna og Smérbrekna“ í landamerkjabréfi Barkarstaða hafi verið átt við að mörk milli jarðanna skyldu ná norður að hreppamörkum, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.4. Þessu til stuðnings má vísa til þess að norðurmörkum jarðarinnar er ekki lýst að öðru leyti og því líklegt að um glögg mörk, svo sem hreppamörk hafi verið að ræða. Enn fremur má vísa til legu þeirra jarða sem liggja vestan við Barkarstaði en mörkum Múlatorfu er t.d. lýst að hreppamörkum bæði að vestan- og austanverðu, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.3. Hins vegar telur óbyggðanefnd kröfugerð jarðeigenda um mörk úr Kanastaðargili í Ými í Tindfjallajökli ekki eiga við rök að styðjast og ganga þvert gegn orðalagi landamerkjabréfsins þar sem segir að markið skuli tekið „úr fyrrnefndu gili (Kanastaðargili) þar sem bein stefna frá austri til vesturs lendir í efri Þórólfsárklofning“ en þaðan ráði Þórólfsá merkjum á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla. Er þannig ljóst að ekki var litið svo á að umrætt svæði væri hluti af landi jarðarinnar. Breytir þar engu um þó svo að í afsali eiganda Fljótsdals til Fljótshlíðarhrepps á Þórólfsfelli ásamt ræktuðu túni, dags. 11. júlí 1966, segi að Þórólfsá ráði mörkum hins selda landsvæðis frá upptökum í Tindfjallajökli að undirlendi enda ljóst að eigandi Fljótsdals gat ekki framsekt viðtækari rétt en hann átti.

Kemur þá til sérstakrar skoðunar nákvæmlega hvernig draga skuli austurmörk jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfinu. Verður fyrst vikið að mörkum jarðarinnar að því leyti sem þau liggja úr Kanastaðargili í Þórólfsá og síðan að því leyti sem þau liggja með Þórólfsá og að hreppamörkum.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu var upplýst að örnefnið „efri Þórólfsárklofningur“ þekktist ekki lengur. Þá kom fram að landsvæðið vestan við Fremsta Kanastaðargil, norðan við Blesumýri, á milli Klofningsgils og Þórólfsár nefndist einu nafni Klofningar. Ekki verður með vissu fullyrt um nákvæma staðsetningu „efri Þórólfsárklofnings“. Ljóst er þó að umræddur punktur er staðsettur vestan við Fremsta Kanastaðargil og á svæði þar sem unnt er að taka beina stefnu úr gili frá austri til vesturs. Samkvæmt því er útilokað að hann liggja norðar en upptök gilsins. Þá verður að teljast líklegt að „efri Þórólfsárklofningur“ sé staðsettur á því svæði sem nú er nefnt Klofningar. Með hliðsjón af framangreindu telur óbyggðanefnd eðlilegt að draga umrædd mörk úr upptökum Fremsta Kanastaðargils í beina stefnu frá austri til vesturs um landsvæði það sem nefnt er Klofningar og í Þórólfsá.

Í landamerkjabréfi Fljótsdals segir sem að framan greinir að Þórólfsá ráði svo merkjum á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla. Upptök Þórólfsár eru í Tindfjallajökli og nær áin því ekki að hreppamörkum. Landamerkjabréf Fljótsdals var gert tveimur árum áður en fyrrisvarsmenn fyrrum Fljótshlíðarhrepps og fyrrum Rangárvallahrepps undirrituðu lýsingu þar



sem mörkum á milli hreppanna er lýst úr Hæringsfelli í hæsta hnúkinn í Tindfjallajökli. Fram til þess virðist hafa verið miðað við að hreppamörkin væru í Tindfjallajökli án nánari tilgreiningar. Verður því að teljast eðlilegt að frá upptökum Þórólfsár í jökuljaðrinum fylgi mörk jarðarinnar jaðri Tindfjallajökuls að framangreindri stefnulínu úr Hæringsfelli í hæsta hnúkinn á Tindfjallajökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Fljótsdal. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréfið var þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, m.a. í kröfugerð sveitarfélagsins í því máli sem hér er til úrlausnar án þess að séð verði að komið hafi fram frekari athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Enn fremur er umrædd lýsing í samræmi við eldri heimildir svo langt sem þær ná. Að öllu þessu virtu verður ekki talið hafa þýðingu að oddviti hreppsins áriti bréfið um ósamþykki vegna afréttarins. Þá verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu að lýsingu á vesturmerkjum skorti í bréfið þar sem til eru eldri heimildir sem lýsa þeim merkjum. Merkjum gagnvart Fljótsdal er enn fremur lýst í landamerkjabréfi Barkarstaða sem var þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðar um merki jarðanna á milli, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.4. Þá telur óbyggðanefnd að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af hreppamörkum bæði hið efra og hið neðra. Jafnframt er ljóst að eigendur Fljótsdals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Samkvæmt framangreindu eru svæði sem gerð er krafa um af hálfu eigenda Fljótsdals að séu innan landamerkja jarðarinnar utan merkja. Annars vegar er um að ræða þríhyrningslaga landsvæði sem afmarkast að sunnanverðu af línu sem dregin er úr upptökum Fremsta Kanastaðargils í beina stefnu austur vestur um Klofninga í Þórólfsá. Að vestanverðu afmarkast það af Þórólfsá að upptökum hennar í Tindfjallajökli en þaðan beinni línu til norðausturs í Ými. Að austanverðu afmarkast það svo af línu sem dregin er úr Ými beint í upptök Fremsta Kanastaðargils. Um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis verður fjallað í kafla 6.6. Hins vegar er um að ræða jökulsvæði á Tindfjallajökli sem afmarkast að suðaustanverðu af línu sem dregin er til norðausturs úr upptökum Þórólfsár í Ými. Að norðanverðu afmarkast það af hreppamörkum fyrrum Fljótshlíðarhrepps og fyrrum Rangárvallahrepps (nú mörkum Rangárþings ytra og Rangárþings eystra) þar til kemur að jökuljaðrinum. Að suðvestan afmarkast það svo af jökuljaðrinum á milli hreppamarkalínunnar og upptaka Þórólfsár. Um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis verður fjallað síðar í þessum kafla.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Fljótsdals hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Fljótsdalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki Fljótsdals hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshlíð, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 8. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Fljótsdals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Fljótsdals um beinan eignarrétt að þeim hluta Tindfjallajökuls sem afmarkast að suðaustanverðu af línu úr upptökum Þórólfsár í hæsta tind Tindfjalla-

jökuls, Ými, að norðanverðu af línu sem dregin er úr Ými í Hæringsfell að jaðri Tindfjallajökuls og að suðvestanverðu af jökuljaðrinum að upptökum Þórólfsár.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að það jökulsvæði, sem eigendur Fljótsdals gera kröfu til, sé innan upphaflegs landnáms í Fljótshlíð eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Fljótsdals hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það undir jökli, utan merkja jarðarinnar, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að verði talið til eignarlands jarðarinnar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggæringa né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að umrætt svæði sé þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Fljótsdals, svo sem því er að framan lýst, að jaðri Tindfjallajökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti Tindfjallajökuls, sem hér er til meðferðar, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Þórólfsár í jaðri Tindfjallajökuls beint í hæsta tind jökulsins, Ými. Þaðan að jökuljaðrinum eftir línu sem dregin er úr Ými beint í Hæringsfell. Svo fylgir línan jökuljaðrinum að upphafspunkti í upptökum Þórólfsár. Að því leyti sem jökuljaðri er fylgt í lýsingu þessari er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Landsvæði það, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda, er hluti af eftirfarandi landsvæði sem háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Emstrur og Fjallabak“.

## 6.6. Fljótshlíðarafréttur (Græna fjall)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem nefnt er Fljótshlíðarafréttur eða Græna fjall. Árið 1966 seldi eigandi Fljótsdals hreppnum hluta jarðarinnar, þ.e. Þórólfsfell ásamt ræktuðu túni sem síðar hefur verið nýttur ásamt afréttinum. Um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis er fjallað í kafla 6.5. Við afmörkun þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, er því að hluta stuðst við lýsingu hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps á afréttum hreppsins, dags. 3. nóvember 1979, og að hluta við heimildir um landamerki aðliggjandi jarða og landsvæða.

Að Fljótshlíðarafrétti liggja Fljótsdalur að vestanverðu, Rangárvallafréttur að norðanverðu, Emstrur (afréttur Hvolhreppinga) og Almennigar (afréttur Vestur-Eyfellinga) að austanverðu og Þórsmörk að sunnanverðu.

Fljótshlíðarafréttur tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Afrétturinn er kallaður Græna fjall og liggur í 200-1300 m hæð yfir sjávarmáli en mesti hluti hans liggur í 400-800 m hæð yfir sjávarmáli.<sup>2</sup> Afrétturinn er hálent fjalllendi og nær hæsti tindurinn, Ýmir í Tindfjallajökli, 1464 m hæð yfir sjávarmáli. Land Fljótshlíðarafréttar er mjög sundurskorið af giljum og gljúfrum og nokkuð er um fjöll sem ná 800-1000 m hæð yfir sjávarmáli. Landið er hallaminnt á syðsta hluta afréttarins og hækkar þegar norðar dregur. Nyrst á afréttinum er Stóra Græna fjall (881 m) en á því svæði er afrétturinn mjóstur eða um 2 km að breidd mælt í beinni loftlínu. Sunnan Stóra Græna fjalls eru nokkur fjöll og hólar og má þar nefna Skiptingarhöfða (746 m) og Litla Græna fjall (894 m). Sunnan Litla Græna fjalls rennur áin Þverá úr norðvestri til suðausturs saman við Markarfljót. Sunnan Þver-

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

2 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 118 km<sup>2</sup> að stærð.

ár er land einnig mjög fjalllent og giljött og ná nokkrir fjallstindar meira en 1000 m hæð yfir sjávarmáli, þá sérstaklega Hraunin sem eru undirhlíðar Tindfjallajökuls. Yfirborð þeirra eru melar, urðir og grjót. Í austurhluta Hraunanna eru Tindfjöll sem ná upp í 1100-1200 m hæð. Land er nokkuð hallaminna á austurhluta afréttarins þar sem Einhyrningsöxl ris hæst í 811 m hæð yfir sjávarmál. Úr Tindafjallajökli renna Vestri- og Eystri-Botná og renna þær saman norðaustan Botnaxlar og sameinast Gilsá sem svo rennur út í Markarfljót syðst á afréttinum eftir djúpu Gilsárgljúfrinu. Austan Gilsár liggur hallalítill Fauskheiðin en vestan árinna er hallameira heiðarlendi sem gilin Innsta Kanastaðagil og Mið Kanastaðagil skera frá norðri til suðurs.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Fljótshlíðarafréttar á eftirfarandi hátt: 36% auðnir, 8% rýrt, 13% fremur rýrt og 42% sem vel gróið land. Af þessu má sjá að afrétturinn er nokkuð gróinn.

Um landnám er áætlað að birkiskógur með gróskumiklum undirgróðri hafi þakið hlíðar upp að 300-400 m hæð. Þar fyrir ofan og allt upp undir 600 m hæð hefur landið verið vaxið nokkuð samfelldum gróðri nema þar sem mikill halli og skriður hafa komið í veg fyrir að hann næði að festa rætur. Hærri fjöll, þ.á.m. fjalllendið umhverfis Tindfjallajökul og hæstu og bröttustu móbergsfjöll á austurhluta afréttarins, hafa verið gróðurlítill. Með hliðsjón af hæð og öðrum landfræðilegum aðstæðum á kröfusvæðinu má álykta að  $1/2$ - $2/3$  hlutar þess hafi verið gróinir um landnám. Sú breyting, sem hefur orðið á gróðurfari, hefur bæði falist í beinu tapi á gróðri og jarðvegi og í gróðurryrnun á því landi sem hélst gróið.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti í 672 m hæð í hrauninu upp af Múlatorfu og þaðan beina stefnu til suðausturs í upptök Fremsta Kanastaðagils og niður eftir gilinu að mynni þess og þaðan beina línu í Öldustein á Markarfljótsaurum. Samkvæmt þessari kröfugerð er Fljótshlíðarafréttur allur innan þjóðlendu. Á móti hefur Rangárþing eystra f.h. eigenda jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi krafist beins eignarréttar að Fljótshlíðarafrétti öllum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(29), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Af heimildum um landnám á þessu svæði megi ráða að allt undirlendi, nema afrétturinn Grænaafjall og Emstrur, hafi verið numið í öndverðu en í samræmi við þekktar landnámsreglur sé takmarkað hversu langt til fjalla námið náði. Á þessu byggist kröfulína íslenska ríkisins. Varðandi Grænaafjall sérstaklega er vísað til þess að um dæmigerðan samnotaafrétt sé að ræða og því gerð krafa um að hann teljist til þjóðlendu. Einhyrningsmörk sé hluti af afrétti Fljótshlíðinga en þar hafi landnámsmaðurinn Sighvatur rauði búið. Eftir að hann flutti þaðan hafi ekki verið búið þar svo vitað sé. Beinn eignarréttur grundvallaður á landnámi Sighvats rauða sé því niður fallinn og landnámið hafi með tímanum verið tekið til afréttarnota. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu sé eðlilegt að gera þá kröfu að þessi hluti afréttarins sé innan þjóðlendu. Um sé að ræða land sem hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirferst og í aldanna rás hafi menn farið að nýta landið sem afrétt. Með tilliti til uppruna mundi afrétturinn í heild hins vegar flokkast sem samnotaafréttur, með eignarréttarlegri stöðu sem afréttareign, það er þrengri eignarráð, fyrst og fremst veiði og beit.

Af hálfu Rangárþings eystra fyrir eigin hönd og fyrir hönd jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi, sbr. skjöl nr. 5 og 6(2), er byggt á því að Fljótshlíðarafréttur sé undirorpinn beinum eignarrétti og svo hafi verið allt frá landnámsöld. Umrætt landsvæði hafi verið numið af Sighvati rauða en Landnáma geti þess að hann hafi numið land vestan við Markarfljót, Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará og búið í Bólstað. Talið sé að bæjarstæði Sighvats rauða hafi verið undir Einhyrnungi og samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi verið bær í miðjum Fljótshlíðarafrétti, Einhyrnungur (undir Einhyrnungi), og merki um tóftir sést þar fyrir 50 árum (lýsing á Fljótshlíð rituð 6. maí 1710). Smátt og smátt hafi síðan land jarðarinnar blásið upp og það síðar orðið óbyggilegt. Því er haldið fram að Fljótshlíðarafréttur allur, Grænaafjall, hafi verið numinn í öndverðu og í byggð fyrr

á tíð. Á því landi hafi jarðirnar Kanastaðir, Svertingsstaðir og Bólstaður í Einhyrningsmörk verið. Þar sem landið hafi verið numið í öndverðu haldi það einkaeignarréttarlegri stöðu sinni þó svo það hafi síðar orðið sameign jarða í Fljótshlíðarhreppi. Úr því að unnt sé að sýna fram á einkaeignarréttarlega stöðu afréttarins verði að ætla að afnotaréttur og eignaréttur fari saman nema heimildir finnist um annað og hafi ekki fallið niður. Sönnunarbyrði um annað hvíli á ríkinu. Eignarétturinn styðjist við órofa notkun byggðarmanna á afréttinum frá ómunatíð og þar af leiðandi einnig auk upphaflegs náms við hefð og venjurétt. Ríkið þurfi að sýna fram á að hefð hafi ekki unnist á landinu. Vísað er til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi kveðið á um í dómi að nægilegt sé til viðurkenningar á beinum eignarétti að sýna fram á notkun landsins frá ómunatíð og þá án nokkurrar skjallegrar eignarheimildar. Tilgátum um takmörkuð eignaréttindi byggðarmanna er hafnað. Þær hafi fyrst orðið til á 20. öld og ekki hafi tekist að styðja þær neinum viðhlítandi rökum, hvorki sögulegum né réttarlegum. Hvorki lög né dómur standi til þess að afnema þennan eignarétt og hann verði ekki afnuminn nema fullar bætur komi fyrir og farin verði leið eignarnáms. Aldrei hafi verið fallist á eignartilkall ríkisins.

Í kafla 5.5. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Fljótshlíðarafrétt. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Fljótshlíðarafréttur talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignaréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Fljótshlíðarafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða en kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu og fleiri málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd gerir ráð fyrir að öll þessi landsvæði, að jörðinni Fljótaldal undanskilinni, séu þjóðlendar.

Fyrsta heimildin sem gefur vísbendingu um afmörkun afréttarins er lögfasta hreppstjóra í Fljótshlíð á afréttinum Grænaþjalli, Þórsmörk og Skógarplássinu Langanesi, dags. 11. september 1753. Þar eru merki Grænaþjalls tilgreind þannig: „Grænaþjall frá Þorolfsfelle j Tin<ð>fialla Jökul, þaðann j Stora Grænaþjall sem jnnst er á Afrettenum. Síðann rædur að austann og sunnann Markarfljót.“

Næstu heildstæðu lýsinguna á mörkum afréttarins er að finna í lýsingu hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps á afréttum hreppsins, dags. 3. nóvember 1979. Þar er mörkum afréttarins að því leyti sem hér á við lýst svo: „Úr hæsta tindi Tindfjallajökuls yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, síðan rædur áin Hvítmaga og skilur hún afrétti Rangárvalla og Fljótshlíðarhrepps þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót og aðskilur afrétt Fljótshlíðarhrepps Grænaþjall frá öðrum afréttum allt þar til kemur fram að Lausöldu (Jöldusteini) ...“

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Fljótshlíðarafréttar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 né 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Rangárvallasýslu frá árinu 1894 til þessa dags. Í 4. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1943 kemur hins vegar fram að það skuli vera afréttir, sem áður hafi verið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 239/1974 sem og í 4. gr. gildandi fjallskilaskilaskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1990. Í fjallskilareglugerðunum frá 1943 og 1974 er kveðið á um það að hver hreppsnefnd skuli semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og rita hana í fjallskilabók. Reynt var að hafa upp á fjallskilabók fyrrum Fljótshlíðarhrepps án árangurs.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Lýsing hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps á mörkum afréttarins er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjálaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjälög mæla fyrir um varðandi landamerkjábréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhlíða staðfestingu hreppstjóra og oddvita f.h. hreppsins á heildarlandamerkjum afréttarins. Við mat á þýðingu þeirrar landamerkjálýsingar sem þar kemur fram er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins sem og fyrirliggjandi gögnum um merki aðliggjandi landsvæða. Þá er lýsingin gerð eftir að hreppurinn keypti Þórólfsfell og lagði til afréttar og því nauðsynlegt að kanna aðrar heimildir hvað afmörkun afréttarins til vesturs varðar.

Í lýsingunni er norðurmörkum afréttarins gagnvart Rangárvallaafrétti lýst úr hæsta tind Tindfjallajökuls yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð og síðan eftir ánni Hvítmögu þar til hún rennur í Markarfljót. Þessi lýsing er ekki í fullkomnu samræmi við lögfestuna frá 1753 þar sem fram kemur að mörkin liggja úr Tindfjallajökli í Stóra Grænafjall sem sé innst á afréttinum. Lítið ber þó á milli en Stóra Grænafjall er staðsett þar sem Hvítmaga rennur í Markarfljót. Virðist því vera um ónákvæmari lýsingu á sömu mörkum að ræða. Þá er lýsing hreppstjórans og oddvitans í samræmi við lýsingu landamerkja á milli Fljótshlíðarhrepps og Rangárvalla-hrepps, dags. 2. maí 1882 og þingl. 18. s.m., sem árituð er af fyrirsvarsmönnum beggja hreppa. Þá er hún í meginatriðum í samræmi við lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps á mörkum Rangárvallaafréttar, dags. 25. apríl 1979. Eldri heimildir um mörk Rangárvallaafréttar liggja ekki fyrir.

Í lýsingu hreppstjórans og oddvitans er austur- og suðurmörkum lýst þannig að Markarfljót ráði og aðskilji afrétt Fljótshlíðarhrepps, Grænafjall, frá öðrum afréttum allt þar til komi fram að Lausöldu (Jöldusteini). Með öðrum afréttum er átt við Emstrur, Almenna og Þórsmörk. Þessi lýsing er í samræmi við það sem fram kemur í lögfestunni frá 1753. Hún er og í samræmi við það sem fram kemur í lýsingu oddvita Hvolhrepps á mörkum Emstra, dags. 15. nóvember 1979, skrásetningu yfir takmörk Almenna, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. s.m., sem árituð er af fyrirsvarsmanni Fljótshlíðarhrepps, og lýsingu landamerkja á Þórsmörk, dags. 1. maí 1892, sem einnig er árituð af fyrirsvarsmanni Fljótshlíðarhrepps. Eldri heimildir um merki framangreindra afrétta að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Sem að framan greinir var lýsing hreppstjórans og oddvitans samin eftir að hreppurinn keypti Þórólfsfell og lagði til afréttar. Hvað afmörkun afréttarins til vesturs varðar verður því að styðjast við önnur gögn. Í lögfestunni frá 1753 segir að mörkin liggja frá Þórólfsfelli í Tindfjallajökul. Í landamerkjábréfi Fljótsdals, dags. 24. maí 1890 og þingl. 27. s.m., segir að milli afréttar Fljótshlíðarhrepps og jarðarinnar Fljótsdals ráði mörkum það gil sem nefnt sé Fremsta Kanastaðargil, að neðanverðu þar sem gilið í hálendinu þrjóti, ráði mörkum bein stefna í suður allt að Stórumerkur-marki, en að ofanverðu takist markið úr fyrrnefndu gili (Kanastaðargili) þar sem bein stefna frá austri til vesturs lendi í efri Þórólfsárklofning, ráði svo Þórólfsá frá fyrrnefndum klofningi merkjum á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla. Virðist hér vera um nákvæmari lýsingu á sömu mörkum og lýst er í lögfestunni að ræða en Fremsta Kanastaðargil liggur með fram Þórólfsfelli í átt að Tindfjallajökli. Þetta er og í samræmi við lýsingu í afsalsbréfi fyrir Fljótsdal frá 1709.

Sérstakt álitaefni er nákvæmlega með hvaða hætti mörk jarðarinnar Fljótsdals gagnvart Fljótshlíðarafrétti skuli dregin samkvæmt landamerkjábréfi jarðarinnar. Í kafla 6.5. er komist að þeirri niðurstöðu að þau skuli fylgja Fremsta Kanastaðargili að upptökum þess. Þaðan skuli dregin lína í beina stefnu frá austri til vesturs um Klofninga í Þórólfsá. Þaðan fylgi mörkin svo Þórólfsá að upptökum hennar í Tindfjallajökli. Við þessa afmörkun verður einnig miðað hér en um rökstuðning fyrir henni vísast til kafla 6.5.

Svo sem að framan greinir var hvorki gert landamerkjábréf fyrir Fljótshlíðarafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjálaga 1882 né 1919. Þannig liggur engin lögformleg lýsing á heildamerkjum

afréttarins fyrir. Heildstæðasta lýsingin á merkjum Fljótshlíðarafréttar er lýsing hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps frá 1979. Sú lýsing er í samræmi við lögfestu frá 1753 sem og gögn um merki aðliggjandi landsvæða. Fyrirliggjandi gögn benda því til þess að landamerkjum Fljótshlíðarafréttar sé þar rétt lýst að því leyti sem hér á við. Þá var gert landamerkjabréf fyrir Fljótshlíðarafréttar. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst að þessu leyti. Ekki verður talið hafa sérstaka þýðingu að oddviti hreppsins áriti bréfið um ósamþykki vegna afréttarins enda var það engu að síður þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, m.a. í kröfugerð sveitarfélagsins í því máli, sem hér er til úrlausnar, án þess að séð verði að komið hafi fram frekari athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Fljótshlíðarafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að skriflegar heimildir benda til að búið hafi verið á miðjum Fljótshlíðarafrétti á öldum áður. Þannig segir í Landnámu að Sig-hvatur rauði hafi numið Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará og búið á Bólstað. Fornleifarannsóknir hafa rennt undir þetta nokkrum stöðum en árið 1885 fann Brynjólfur Jónsson frá Minnanúpi bæjararrúst „við botn lækjar þess, er fellur um Einhyrningsflatir“. Ekki er vitað hvenær búseta lagðist af á þessu svæði. Brynjólfur taldi einnig fullvist að milli Gilsár og Þórólfsfells hefði staðið bærinn Kanastaðir en gerði ekki frekari grein fyrir því á hverju sú skoðun byggðist. Þá segir frá því í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 að undir Einhyrningi hafi í gamla daga staðið bær með sama nafni og að fyrir 50 árum hafi mátt sjá þar tóftir. Þar segir jafnframt að umrætt pláss sé á miðjum afrétti Fljótshlíðarmanna og sé brúkað sem afréttur á sama hátt og svæðið þar í kring.

Þegar þessa landsvæðis er getið í öðrum fyrirliggjandi heimildum er það í öllum tilvikum tengt upprekstri og afréttarnotum, sbr. lögfestuna frá 1753, lýsingar Innhlíðarsóknar frá 1844, lýsingu Breiðabólstaðarsóknar frá 1844, fjallskilareglugerðir frá 1894 og síðar, fasteignamati 1916 sem og landamerkjabréfum ýmissa jarða í Fljótshlíð.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í fyrrum Fljótshlíðarhreppi haft af Fljótshlíðarafrétti hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaut. Annars konar nýting, svo sem til ferðaþjónustu, kom fyrst til sögunnar á 20. öld og verður ekki talin hafa sérstaka þýðingu í þessu sambandi.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Fljótshlíð eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur fremur líkur til þess að Fljótshlíðarafréttur sé a.m.k. að hluta innan upphaflegs landnáms í Fljótshlíð. Þá er ekki útilokað að til forna hafi verið búið undir Einhyrningi. Heimildir um þá búsetu eru hins vegar óljósar. Ekkert liggur fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Samhengi eignarréttar og sögu liggur þannig ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því niður fallin.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Fljótshlíðarafréttar hafi orðið til á þann veg að íbúar í Fljótshlíð hafi tekið landsvæði þetta til samstarfar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu Rangárþings eystra f.h. eigenda jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi ekki verið sannað að Fljótshlíðarafréttur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi hafi verið að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998, þó þannig að jökull verður eðli málsins samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi að öðru leyti mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í almennum niðurstöðum nefndarinnar, að land Fljótshlíðarafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, síðan ræður áin Hvítmaga þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót þar til kemur að Jöldusteini. Úr Jöldusteini liggur línan beint í mynni Fremsta Kanastadargils og fylgir svo gilinu að upptökum þess. Frá upptökum Fremsta Kanastadargils er dregin lína í beina stefnu frá austri til vesturs um Klofninga í Þórólfsá og fylgir línan svo ánni að upptökum í Tindfjallajökli. Úr upptökum Þórólfsár er svo dregin lína beint í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými).*

Sama landsvæði, að undanskildum Tindfjallajökli, er afréttur jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Tindfjallajökli til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhlíða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Landsvæði það, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur fyrrum Fljótshlíðarhrepps, er hluti af efturfarandi landsvæði sem háð er sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Emstrur og Fjallabak“.

## 6.7. Emstrur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem nefnt er Emstrur. Við afmörkun þess svæðis sem til umfjöllunar er verður stuðst við lýsingu oddvita Hvollhrepps á afréttinum, dags. 15. nóvember 1979, sem og heimildir um afmörkun aðliggjandi landsvæða.

Að Emstrum liggja Fljótshlíðarafréttur eða Grænaffjall að vestanverðu, Rangárvallaafréttur að norðan- og austanverðu og Mýrdalsjökull og Almenningar að sunnanverðu.

Emstrur tilheyra sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Afrétturinn liggur að miklu leyti ofan 500 m hæðar yfir sjávarmáli.<sup>2</sup> Hann er tiltölulega flöt háslétta með melum, söndum, vikrum og hraunum. Upp úr sléttunni standa fjölmörg, stök móbergsfjöll og hálsar sem mörg eru yfir 900 m að hæð.

<sup>1</sup> Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

<sup>2</sup> Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 82 km<sup>2</sup> að stærð.

Nyrðri-Emstruá skiptir svæðinu í Inn-Emstrur og Fram-Emstrur. Nyrst á Inn-Emstrum er Stórasúla (908 m) og liggur Illasúla (690 m) 4 km vestan hennar. Um 3 km suðaustan Stórusúlu liggur Smáfjallarani (810 m) og Smáfjöll (800 m) nokkru sunnar. Á Fram-Emstrum liggur hæsta fjall afréttarins, Hattfell (924 m). Um 3 km austan Hattfells liggur Stórkonufell (894 m) og þar á milli rísa Útígönguhöfðar (675 m). Syðst á afréttinum liggja nokkur fjöll eins og Litla Mófell (790 m), Mófellschnausar (750 m) og Stóra Mófell (851 m).

Litill gróður er á Emstrunum og er undirlendið nánast ógróið, nema blautar eyrar. Einhver gróður er hins vegar í neðanverðum hlíðum allflestra fellanna, nema þar sem eru mjög brattar skriður. Gróðurþekjan er fábreytileg, rýr og rofin. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Emstrur á eftirfarandi hátt: 82% auðnir, 7% rýrt, 7% fremur rýrt og einungis 4% sem vel gróið land.<sup>1</sup> Af þessu má sjá að afrétturinn er mjög gróðursnauður og beutilandið á afréttinum rýrt og viðkvæmt.

Talið er að við landnám hafi verið meiri gróður á Emstrusvæðinu en nú en hafa verður í huga hve hátt svæðið liggur og gera verður ráð fyrir að þá hafi, eins og nú, verið þar víðáttumikil, þurr sandsvæði og að lausefni, foksandur, vikur, aska og leir undan jökli, hafi sorfið yfirborðið og komið í veg fyrir að yfirborðið greri upp. Af þessum sökum hefur svæðið verið gróðurfarslega viðkvæmt og óstöðugt.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti í 672 m hæð í hrauninu upp af Múlatorfu og þaðan beina stefnu til suðausturs í upptök Fremsta Kanastaðagils og niður eftir gilinu að mynni þess og þaðan beina línu í Öldustein á Markarfljótsaurum. Samkvæmt þessari kröfugerð eru Emstrurnar allar innan þjóðlendu. Á móti hefur Rangárþing eystra f.h. eigenda jarða í fyrrum Hvolhreppi krafist beins eignarréttar að Emstrunum. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(29), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Af heimildum um landnám á þessu svæði megi ráða að allt undirlendi, nema afrétturinn Grænafjall og Emstrur, hafi verið numið í öndverðu en í samræmi við þekktar landnámsreglur sé takmarkað hversu langt til fjalla námið náði. Á þessu byggist kröfulína íslenska ríkisins. Varðandi Emstrur sérstaklega er vísað til þess að af heimildum sé ljóst að þetta landsvæði hafi ekki verið numið. Talið sé að afrétturinn hafi verið tekinn til afréttarnota á sama hátt og greinir í Landmannaafréttardómi Hæstaréttar hinum fyrri, þ.e. til sumarbeitar fyrir búfænað og annarrar takmarkaðrar notkunar. Engin fasteignagjöld hafi verið greidd af þessum hluta kröfusvæðisins og hvorki sé landamerkjálýsingu til að dreifa né öðrum þinglýstum eignarheimildum. Þannig sé ekkert sem bendi til þess að um eignarland sé að ræða. Þessu til frekari stuðnings er vísað til niðurstöðu óbyggðanefndar um afrétti. Emstrurnar mundu flokkast sem ónumið land sem tekið hafi verið til afnota sem afréttur með óformlegum hætti. Með tilliti til uppruna mundi þessi afréttur flokkast sem samnotaafréttur, þ.e. afréttur sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Löglíkur séu taldar fyrir því að slíkt land flokkist sem þjóðlenda.

Af hálfu Rangárþings eystra fyrir eigin hönd og fyrir hönd jarða í fyrrum Hvolhreppi, sbr. skjöl nr. 6 og 6(2), er því haldið fram að af landnámslýsingum megi draga þá ályktun að landið hafi í upphafi verið numið. Um afmörkun landnámsins séu óljósar heimildir en með vísan til þess að landið hafi allt verið numið í upphafi þó ekki sé í öllum tilvikum getið hversu hátt upp landnámið náði verði að byggja á því að umrætt landsvæði hafi verið numið. Þekktar séu landnámslýsingar í grennd við Emstrur og því er á því byggt að þær hafi verið numdar. Afrétturinn hafir verið nýttur til upprekstrar og beitar, þó svo að mönnum hafi á tíðum þótt afrétturinn erfður til upprekstrar og beit hafi verið misjöfn. Þar sem landið hafi verið numið í öndverðu haldi það einkaeignarréttarlegri

1 Ólafur Arnalds o.fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.



stöðu sinni þó svo það hafi síðar orðið sameign jarða í Hvolhreppi. Úr því að unnt sé að sýna fram á einkaeignarréttarlega stöðu afréttarins verði að ætla að afnotaréttur og eignarréttur fari saman nema heimildir finnast um annað, og hafi ekki fallið niður. Sönnunarbyrði um annað hvíli á ríkinu. Eignarrétturinn styðjist við órofa notkun byggðarmanna á afréttinum frá ómunatíð og þar af leiðandi einnig auk upphaflegs náms við hefð og venjurétt. Ríkið þurfi að sýna fram á að hefð hafi ekki unnist á landinu. Vísað er til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi kveðið á um í dómi að nægilegt sé til viðurkenningar á beinum eignarrétti að sýna fram á notkun landsins frá ómunatíð og þá án nokkurrar skjallegrar eignarheimildar. Tilgátum um takmörkuð eignarréttindi byggðarmanna er hafnað. Þær hafi fyrst orðið til á 20. öld og ekki hafi tekist að styðja þær neinum viðhlítandi rökum, hvorki sögulegum né réttarlegum. Hvorki lög né dómur standi til þess að afnema þennan eignarrétt og hann verði ekki afnuminn nema fullar bætur komi fyrir og farin verði leið eignarnáms. Aldrei hafi verið fallist á eignartilkall ríkisins.

Í kafla 5.6. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Emstrur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Emstrur talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Emstra. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða en kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu og fleiri málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd gerir ráð fyrir að öll þessi landsvæði séu þjóðlendar.

Fyrsta heimildin sem gefur vísbendingu um afmörkun afréttarins er lýsing Stórólshvols- og Sigluvíkursóknar frá 1839. Þar kemur fram að Hvolhreppur eigi afrétt á svonefndum Fremri- og Innri-Emstrum sem liggja í austurlandnorður frá Grænafjalli og skilji Markarfljót þar á milli.

Fyrstu og einu heildstæðu lýsinguna á mörkum afréttarins er að finna í lýsingu oddvita Hvolhrepps á afréttinum, dags. 15. nóvember 1979. Þar er mörkum afréttarins lýst svo: „Afrétturinn takmarkast að sunnan af Mýrdalsjökli og Syðri Emstruá. Að vestan skilur Markarfljót afréttinn frá Fljótshlíðar afrétti allt að Kaldaklofskvísl, en milli Rangárvallasáfréttar liggja mörkin um Kaldaklofskvísl eftir Þrætutanga og upphaflegum farvegi Bláfjallakvíslar austan Bláfjalla suður um jökul í sýslumörk.“

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Emstra en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 né 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Rangárvallasýslu frá árinu 1894 til þessa dags. Í 4. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1943 kemur hins vegar fram að það skuli vera afréttir sem áður hafi verið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 239/1974 sem og í 4. gr. gildandi fjallskilarsamþykktar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1990. Í fjallskilareglugerðunum frá 1943 og 1974 er kveðið á um það að hver hreppsnefnd skuli semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og rita hana í fjallskilabók. Reynt var að hafa upp á fjallskilabók fyrrum Fljótshlíðarhrepps án árangurs.

Lýsing oddvita Hvolhrepps á mörkum afréttarins er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landa-

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

merkjalög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhliða staðfestingu oddvita f.h. hreppsins á heildarlandamerkjum afréttarins. Við mat á þýðingu þeirrar landamerkjalýsingar, sem þar kemur fram, er því nauðsynlegt að kanna hvort efni hennar fær samrýmst öðrum gögnum um merki afréttarins sem og fyrirliggjandi gögnum um merki aðliggjandi landsvæða.

Í lýsingu oddvitans er norður- og austurmörkum afréttarins gagnvart Rangárvallaafreйти lýst um Kaldaklofskvísl eftir Þrætutanga og upphaflegum farvegi Bláfjallakvíslar austan Bláfjalla suður um jökul í sýslumörk. Tekið skal fram að í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram sá skilningur heimamanna að Bláfjöll væru þau fjöll sem nefnd eru Smáfjöll eða Smáfjallarani á kortagrunni Landmælinga Íslands. Þessi lýsing er í meginatriðum í samræmi við lýsingu sveitarstjóra Rangárvallahrepps á mörkum afréttarins, dags. 25. apríl 1979. Eldri heimildir um merki Rangárvallaafreйти að þessu leyti liggja ekki fyrir. Óljóst er hvað átt er við með orðalaginu „suður um jökul í sýslumörk“ en einu sýslumörkin sem eru á þessu svæði eru mörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu sem dregin eru úr Mælifelli yfir Mýrdalsjökul í upptök Fúlalækjar við suðvestanverðan jökulinn. Útilokað er að átt hafi verið við þessa línu þar sem í lýsingunni segir berum orðum að afrétturinn takmarkist af Mýrdalsjökli til suðurs. Óbyggðanefnd telur því líklegt að hér sé um misritun að ræða og átt hafi verið við hreppamörk en ekki sýslumörk. Verður því miðað við að frá upptökum Bláfjallakvíslar í Mýrdalsjökli fylgi línan jökuljaðrinum suður að upptökum Syðri-Emstruár við Entugjá en samkvæmt kröfulýsingu Hvolhrepps í þessu máli fylgdu mörk fyrrum Hvolhrepps og fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps þeirri á.

Suðurmörkum gagnvart Mýrdalsjökli og Almenninum er í lýsingu oddvitans lýst þannig að afrétturinn takmarkist að sunnan af Mýrdalsjökli og Syðri-Emstruá. Þetta er í samræmi við skrásetningu yfir takmörk Almenninga, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. s.m. Eldri heimildir um afmörkun Almenninga liggja ekki fyrir.

Vesturmörkum Emstra gagnvart Fljótshlíðarafreйти er í lýsingu oddvitans lýst þannig að Markarfljót skilji afréttinn frá Fljótshlíðarafreйти allt að Kaldaklofskvísl. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í lýsingu Stórolfshvols- og Siglúvíkursóknar frá 1839. Þetta er einnig í samræmi við lýsingu hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps, dags. 3. nóvember 1979, sem og eldri heimildir um merki Fljótshlíðarafreйти að þessu leyti.

Sem að framan greinir var hvorki gert landamerkjabréf fyrir Emstrur í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882 né 1919. Þannig liggur engin lögformleg lýsing á heildarmerkjum afréttarins fyrir. Eina heildstæða lýsingin á merkjum Emstra er lýsing oddvita Hvolhrepps frá 1979. Sú lýsing er í samræmi við gögn um merki aðliggjandi landsvæða. Fyrirliggjandi gögn benda því ekki til annars en að landamerkjum Emstra sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Emstra, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan.

Þegar Emstra er getið í fyrirliggjandi heimildum er það í öllum tilvikum tengt upprekstri og afréttarnotum, sbr. ferðalýsingu Sveins Pálssonar frá 1793, lýsingu á Stórolfshvols- og Siglúvíkursókn frá 1839 og fjallskilareglugerðir frá 1874 og síðar.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í fyrrum Hvolhreppi haft af Emstrum hefðbundinn afréttarnot undir umsjón hreppsins fram að friðun árið 1990, á sama hátt og gildir um samnotafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Annars konar nýting, svo sem til ferðaþjónustu, kom fyrst til sögunnar á 20. öld og verður ekki talin hafa sérstaka þýðingu í þessu sambandi.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Hvolhreppi eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er að í því sambandi verður ekki byggt á óljósum sögugögnum um að Emstrur hafi legið undir Stórolfshvol og sýslumannsekkjan Katrín ríka Erlendsdóttir gefið hreppnum afréttinn til að losna við kostnað við að smala hann enda liggja engin gögn því til

stuðnings fyrir. Þá telur óbyggðanefnd fremur ólíklegt að landsvæði það sem Emstrur taka til hafi verið numið.

Í máli þessu er því ekki sýnt fram á annað en að réttur til Emstra hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar í fyrrum Hvollhreppi hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu Rangárþings eystra f.h. eigenda jarða í fyrrum Hvollhreppi ekki verið sannað að landsvæðið Emstrur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í fyrrum Hvollhreppi hafi verið að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það, sem hér er til umfjöllunar, verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í almennum niðurstöðum nefndarinnar, að landsvæðið Emstrur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Línan fylgir Syðri-Emstruá frá upptökum hennar í Entugjá og þar til hún rennur í Markarfljót. Síðan fylgir hún Markarfljóti allt norður að Kaldaklofskvisl og svo Kaldaklofskvisl eftir Prætutanga að Bláffallakvisl og svo eftir upphaflegum farvegi Bláffallakvislar austan Bláffalla að upptökum hennar í Mýrdalsjökli. Þaðan fylgir línan svo jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvollhreppi í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota, sem afréttareign fylgja, fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Mýrdalsjökli til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Landsvæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur fyrrum Hvollhrepps er hluti af efturfarandi landsvæði sem háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Emstrur og Fjallabak“.

## **6.8. Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppum**

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sem og þeirra landsvæða í fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppum sem ekki er fjallað um í köflum 6.3.-6.7., þ.e. lands sem til meðferðar er í þessu máli en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til, sbr. einnig kafla 2.4.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddur hluti Mýrdalsjökuls sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi á þessu svæði. Þá er óumdeilt að landsvæði það í fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppum, sem hér er til meðferðar, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að á viðkomandi hluta jökulsins hafi stofnast til beins eða óbeins eignarréttar hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Mýrdalsjökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, er dregin lína til suðausturs í stefnu á Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum Mýrdalsjökli, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli upptaka Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og Mælifells, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul. Úr framangreindum skurðpunkti liggur línan að upptökum Bláffallakvíslar við norðurjaðar Mýrdalsjökuls. Þaðan fylgir línan jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsókna, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana umfram það sem þegar hefur verið fjallað um. Þá eru engar vísbendingar um að á þessu svæði sé að finna svokallaða almenningsfjör, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

### 6.9. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

### 6.10. Um tæknileg atriði<sup>1</sup>

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Í samræmi við framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá árunum 2000, 2001 og 2003, myndir frá Landsat 7-gervitunglinu frá árunum 1999 og 2000 og þrívíddarljósmyndir sem teknar voru úr flugvél á árunum 1998-2000 og 2002. Engar

1 Sjá fylgiskjal nr. IV (Tækniskýrsla – Jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu ákvarðaður með fjarkönnun).

nothæfar myndir eru til af svæðinu í heild frá árinu 1998. Ástæðan fyrir því að framangreind gögn urðu fyrir valinu er sú að þau komast næst réttíri tímasetningu af þeim gögnum sem völ er á auk þess sem um nákvæmstu gögnin í hverju tilviki fyrir sig er að ræða. Í þeim tilvikum sem á þurfti að halda var svo einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>1</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. þeir hlutar Tindfjallajökuls og Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, Fljótshlíðarafréttur og Emstrur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum, þaðan í Þrætuhöfuð, síðan ræður áin Hvítmaga þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót að Kaldaklofskvísl og svo Kaldaklofskvísl eftir Þrætutanga að Bláfjallakvísl og svo eftir upphaflegum farvegi Bláfjallakvíslar austan Bláfjalla að upptökum hennar í Mýrdalsjökli. Þaðan liggur línan í skurðpunkt línu sem dregin er úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, til suðausturs í stefnu á Huldufjöll (730 m), við línu sem dregin er á milli upptaka Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og Mælifells, við norðaustanverðan jökulinn. Úr þessum skurðpunkti er línan svo dregin í Entu og þaðan eftir Entugjá að upptökum Syðri-Emstruár. Þaðan fylgir línan Syðri-Emstruá þar til hún rennur í Markarfljót og svo Markarfljóti að Jöldusteini. Úr Jöldusteini liggur línan beint í mynni Fremsta-Kanastaðargils og fylgir svo gilinu að upptökum þess. Frá upptökum Fremsta-Kanastaðargils liggur línan í beina stefnu frá austri til vesturs um Klofninga í Þórólfsá og fylgir svo ánni að upptökum hennar í Tindfjallajökli. Þaðan fylgir línan jaðri Tindfjallajökuls í norðurátt þar til kemur að línu sem dregin er úr hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) í Hæringsfell og svo þeirri línu til austurs í Ými. Að því leyti, sem fylgt er jökuljaðri, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 6.10. Sjá hnitaskrá í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.*

Hluti þess landsvæðis, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, þ.e. Fljótshlíðarafréttur svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, er afréttur jarða í fyrrum Fljótshlíðarhreppi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá punkti við jaðar Tindfjallajökuls þar sem lína dregin úr hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) yfir jökulinn í stærsta gilið norðan í jöklinum og þaðan í Þrætuhöfuð sker jökuljaðarinn. Þaðan ræður áin Hvítmaga þar til hún fellur í Markarfljót. Úr því ræður Markarfljót þar til kemur að Jöldusteini. Úr Jöldusteini liggur línan beint í upptök Fremsta Kanastaðargils og fylgir svo gilinu að upptökum þess. Frá upptökum Fremsta Kanastaðargils er dregin lína í beina stefnu frá austri til vesturs um Klofninga í Þórólfsá og fylgir línan svo ánni að upptökum í Tindfjallajökli. Úr upptökum Þórólfsár fylgir línan svo jökuljaðrinum í áðurnefndan upphafspunkt. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

<sup>1</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Þá er hluti þess landsvæðis, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, þ.e. Emstrur svo sem þær eru afmarkaðar hér á eftir, afréttur jarða í fyrrum Hvolhreppi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Línan fylgir Syðri-Emstruá frá upptökum hennar í Entugjá og þar til hún rennur í Markarfljót. Síðan fylgir hún Markarfljóti allt norður að Kaldaklofskvísl og svo Kaldaklofskvísl eftir Þrætutanga að Bláffjallakvísl og svo eftir upphaflegum farvegi Bláffjallakvíslar austan Bláffjalla að upptökum hennar í Mýrdalsjökli. Þaðan fylgir línan svo jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmannna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmannna ákvarðast svo: Óskar Sigurðsson hdl. og Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. sameiginlega 1.200 000 kr. og Kristinn Hallgrímsson hrl. 160.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Benedikt Bogason

## VIÐAUKAR

### I. Hnit


- II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)  
*Sjá bls. 79*

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1	469363	364907	51	469726	363869
2	469363	364906	52	469668	363869
3	469404	364880	53	469659	363842
4	469426	364848	54	469690	363829
5	469515	364817	55	469770	363824
6	469578	364786	56	469797	363824
7	469654	364754	57	469842	363833
8	469685	364714	58	469905	363829
9	469739	364665	59	469940	363838
10	469739	364625	60	470016	363851
11	469730	364589	61	470066	363851
12	469752	364544	62	470110	363882
13	469757	364517	63	470106	363927
14	469775	364464	64	470119	363990
15	469770	364428	65	470159	364021
16	469735	364410	66	470195	364057
17	469690	364401	67	470200	364110
18	469654	364410	68	470276	364106
19	469618	364446	69	470311	364066
20	469583	364464	70	470294	364021
21	469524	364473	71	470280	363967
22	469466	364441	72	470231	363932
23	469430	364397	73	470218	363900
24	469408	364365	74	470240	363856
25	469377	364321	75	470280	363802
26	469372	364289	76	470311	363784
27	469372	364236	77	470347	363771
28	469404	364204	78	470405	363721
29	469480	364213	79	470437	363659
30	469502	364218	80	470481	363601
31	469551	364213	81	470481	363560
32	469587	364187	82	470477	363520
33	469668	364169	83	470459	363502
34	469712	364155	84	470442	363428
35	469748	364146			
36	469784	364128			
37	469802	364093			
38	469797	364066			
39	469744	364066			
40	469712	364084			
41	469668	364093			
42	469623	364097			
43	469591	364079			
44	469565	364061			
45	469538	364026			
46	469542	363981			
47	469565	363949			
48	469600	363909			
49	469668	363900			
50	469703	363896			



## **FYLGISKJÖL**

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**
- IV. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd**



Krafa fjármálaráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendumörk.




Kröfur ýmissa aðila um eignarréttindi (aðalkrafa).



Útlína jökuls skv. uppréttum Landsat-7 gervitunglamyndum og loftmyndum.

Mismunur á jökulsvæði, eins og það er teiknað á kortgrunni, og úrskurðarlínu úbyggðanefndar, að því leyti sem hún fylgir jökuljaðri, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.

fyrir Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjarhreppar, nú í Rangárþingi eystra



Mörk þjóðlendu, skv. úrskurði  
óbyggðanefndar.



Mörk áfréttareignar innan þjóðlendu  
skv. úrskurði óbyggðanefndar.



Landamerkjapunktur.

Dags. 9.12.2004  
Kortgrunnur ISS0R  
Mælikvarði: 1:100 000

Kortagerð: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur  
© Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02030013

**II. Aðilaskrá**

Þjóðlenda	Fjármálaráðuneytið f. h. íslenska ríkisins
Árkvörn	Einar Sigurþórsson
Árkvörn	Jón R. Kristinsson
Árkvörn	Unnur Tómasdóttir
Árkvörn	Þórunn Jónsdóttir
Barkarstaðir	Daði Sigurðsson
Barkarstaðir	Helga Sigurðardóttir
Barkarstaðir	Inga Sigurðardóttir
Barkarstaðir	Margrét Sigurðardóttir
Barkarstaðir	Sigrún Sigurðardóttir
Barkarstaðir	Tómas Sigurðarson
Emstrur	Rangárþing eystra
Emstrur	Rangárþing eystra f. h. eiganda jarða í fyrrum
	Hvollhreppi
Eyvindarmúli	Eyvindarmúli ehf.
Fljótshlíðarafréttur (Græna fjall)	Rangárþing eystra
Fljótshlíðarafréttur (Græna fjall)	Rangárþing eystra f. h. eiganda jarða í fyrrum
	Fljótshlíðarhreppi
Fljótisdalur	Runólfur Runólfsson
Háimúli	Einar Sigurþórsson
Múlakot I	Múlakot 1 Fljótshlíð ehf.
Múlakot II	Árni Jónsson
Múlakot II	Guðjón Stefán Guðbergsson
Múlakot II	Guðrún Stefánsdóttir
Múlakot II	Sigríður Hjartar
Þórólfsfell	Rangárþing eystra

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsinga, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á Fljótshlíðarsvæði (mælikvarði 1:50 000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5) Máldagi Mariukirkju á Breiðabólstað 1397.
- 1(6) Máldagi Mariukirkju á Breiðabólstað 1371.
- 1(7) Máldagi Mariukirkju á Breiðabólstað 1332.
- 1(8) Gíslamáldagi kirkju að Breiðabólstað, um 1570.
- 1(9) Máldagi Mariukirkju á Neðra-Hvoli Rangárþingi [1480].
- 1(10) Máldagi Þorlákskirkju á Kirkjulæk í Fljótshlíð 1371.
- 1(11) Gerðardómur um að Háakollur í Stóra-Dímon skuli vera kennileiti sem miða skal við merki jarðanna Kanastaða, Voðmúlastaða, Teigs, Hlíðarenda og Eyvindarmúla, dags. 24.5.1969.
- 1(12) Landskipti Eyvindarmúlatorfu, dags. 8.5.1971.
- 1(13) Áreið á landamerki á Þveráráurum að austan og Heylækjarlandi að vestan og jarðanna þar á milli Valstrýtu og Deildar, dags. 23.4.1958.
- 1(14) Sjá skjal nr. 1(11).
- 1(15) Landskipti Hlíðarendatorfu, dags. 6.5.1958.
- 1(16) Landskipti Hlíðarendatorfu, dags. 30.3.1981.
- 1(17) Landskipti á hagalandi Þverárbæja, dags. 2.5.1958.
- 1(18) Skiptagjörð á 1/4 hluta úthaga sem verður innan hinnar fyrirhuguðu hagagirðingar Heylækjar í Fljótshlíðarhreppi, dags. 8.12.1928.
- 1(19) Endurrit fyrirtöku í máli 1/1976 um merki milli eyðijarðarinnar Gömburu og Teigs-Torfu í Fljótshlíðarhreppi, ódags.
- 1(20) Landskipti á Teigstorfu í Þveráráurum, dags. 3.10.1995.
- 1(21) Skipti á óyrktu landi, er liggur á milli jarðanna Ámundakots, Miðkots og Bollakots, dags. 5.6.1931.
- 1(22) Gerðardómur um landamerki Teigs og Kirkjulækjartorfu og fleiri jarða, dags. 10.5.1951.
- 1(23) Landskiptagerð milli Arngeirsstaða og Grjótár, dags. september 1967.
- 1(24) Landskipti á Kirkjulækjartorfu, dags. 26.4.1958.
- 1(25) Landskipti á nokkrum hluta af óskiptu beitalandi Kirkjulækjarhverfis, dags. 8.5.1942.
- 1(26) Sjá skjal nr. 1(22).
- 1(27) Landskipti Kollbæjarhverfis ásamt jörðunum Kvoslæk og Tungu, dags. 6.5.1958.
- 1(28) Sátt um suðurmerki eyðijarðarinnar Glámu og óskipts lands í Þverárfarvegi, Kirkjulækjartorfu, dags. 24.11.1976.
- 1(29) Greinargerð, dags. 5.5.2003.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

*Landamerkjalyýsingar úr landamerkjabókum:*

- 2(1) Fljótisdalur í Fljótshlíð, dags. 24.5.1890.  
 2(2) Barkarstaðarland í Fljótshlíð, dags. 30.6.1888.  
 2(3) Múlatorfa, þ.e. Eyvindarmúli, Múlakot, Sauðtún, Árkvörn og Háimúli í Fljótshlíð, dags. 1.6.1891.  
 2(4) Hlíðarendi með hjáleigum, þ.e. Hlíðarendakoti, Nikulásarhúsum og Hallskoti í Fljótshlíð, dags. 10.5.1886.  
 2(5) Teigur með hjáleigum, Butru, Finnshúsum, Ámundakoti (nú Smáratúni), Miðkoti og Bollakoti í Fljótshlíð, dags. 14.5.1890.  
 2(6) Landamerki Fljótshlíðar- og Rangárvallahreppa, dags. 2.5.1892.  
 2(7) Árgilsstaðir í Fljótshlíð, dags. 28.5.1890.  
 2(8) Þverárnar, Heylækur, Valstrýta og Deild í Fljótshlíð, dags. 14.5.1890.  
 2(9) Neðri- og Efri-Þverá í Fljótshlíð, dags. 18.5.1892.  
 2(21) Þórsmörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 12.5.1892.  
 2(22) Stóramörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, uppleið og þinglýst 27.8.1887. Landamerkjabréf er gert eftir lögfestu frá 1741.  
 2(23) Miðmörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 17.5.1890.  
 2(24) Syðstamörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 12.5.1890.  
 2(25) Rauðanefsstaðir á Rangárvöllum, dags. 24.5.1890.  
 2(26) Þorleifsstaðaland á Rangárvöllum, ódags. en þinglýst 30.5.1890.

*Visitasiubækur biskupa:*

- 2(10) a-b Visitasía Brynjólfs Sveinssonar að Eyvindarmúla í Fljótshlíð 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7 bls. 31)  
 2(11) a-b Visitasía Brynjólfs Sveinssonar að Teigi í Fljótshlíð 1644, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7. bls. 87)

*Jarðaskjöl úr Rangárvallasýslu:*

- 2(12) Landamerki Barkarstaða og Fljótisdals frá 1592. Uppskrift Vilhelms Jakobssonar á Apogr. A.M. 5050. Staðfest af honum og Hannesi Þorsteinssyni 30.1.1929.  
 2(13) a-b Landamerki Barkarstaða og Fljótisdals. Afrit afsalsbréfs frá 29.5.1707 og sátta- og landamerkjabréfs frá 1.10.1675, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(14) a-b Lögfesta fyrir Grænafjall, Þórsmörk og Langanes 1753, ásamt uppskrift.

*Kirknaskjöl úr Rangárvallasýslu:*

- 2(15) a-b Skýrsla Tómasar Sæmundssonar til biskups um Breiðabólsstaðarbrauð í júní 1839, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(16) a-b Breiðabólsstaðarskjöl úr Apographia Árna Magnússonar nr. 2110-2130, ásamt uppskrift að hluta. Uppskriftir Jóns Þorkelssonar. Upptalning á eignarskjöllum Breiðabólsstaðarkirkju úr eignaskrá kirkjunnar árið 1745 fylgir.

*Jarðamatsskjöl úr Rangárvallasýslu:*

- 2(17) a-b Jarðamat í Rangárvallasýslu 1802-1804, ásamt uppskrift að hluta. Sjá nánari lýsingu í skilabréfi Þjóðskjalasafnsins.  
 2(18) Ljósrit úr gerðabók jarðamatsnefndar frá 1849. Sjá nánari lýsingu í skilabréfi Þjóðskjalasafnsins.  
 2(19) Ljósrit úr gerðabók fasteignamatsnefndar frá 1916-1918. Sjá nánari lýsingu í skilabréfi Þjóðskjalasafnsins.

*Skjöl skráð í afsals- og veðmálabækur:*

- 2(20) Afsalsbréf fyrir 3/4 hlutum úr Eyvindarmúla, með skógarítaki og fjárbeit á Þórsmörk, 9.1.1901. Rang. DB/2, nr. 60. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 6.
- 2(28) Fljótisdalur. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(29) Barkarstaðir. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(30) Eyvindarmúli. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(31) Háimúli. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(32) Sauðhústún. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(33) Árkvörn. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(34) Daðastaðir. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.
- 2(35) Múlakot. Síða í veðmálaregistri Rangárvallasýslu.

*Skjalasöfn presta og prófesta:*

- 2(27) a-b Eignir Breiðabólstaðarkirkju, ásamt uppskrift að hluta (Breiðabólstaður í Fljótshlíð AA/2. Kirkjustóll 1752-1851, bls. 9-10).
- 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 14.2.2003.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 26.8.2003.

*Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni:*

- 4(1) Máldagi Nikuláskirkju í Odda á Rangárvöllum [1270]. Fram kemur m.a. að greiddur var osthleifur til kirkjunnar frá jörðinni Eyvindarmúla (2.b., bls. 86-88).
- 4(2) Máldagar kirknanna í Eyvindarmúla og Teigi í Fljótshlíð [1332] (2. b., bls. 686-687).
- 4(3) Samningur Orms Snorrasonar og Sigríðar Torfadóttur þar sem fram kemur m.a. að Ormur hafði selt Þverárland í Fljótshlíð, móðurarf hennar, 1369 (3. b., bls. 254-255).
- 4(4) Úr Hitardalsbók frá um 1367. Fram kemur að þá var kirkja í Eyvindarmúla og Teigi (3.b., bls. 216).
- 4(5) Máldagi kirkjunnar í Odda á Rangárvöllum, 1397. Fram kemur m.a. að greiddur var osthleifur til kirkjunnar frá jörðinni Eyvindarmúla (4. b., bls. 69, 72-73).
- 4(6) Máldagar kirknanna í Eyvindarmúla og Teigi, 1397 (4. b., bls. 76-77).
- 4(7) Jón prestur Pálsson fær Brandi Jónssyni m.a. umboð yfir Teigi í Fljótshlíð og öllum þeim peningum sem hann hafði til umboðs af Erlendi Narfasyni frænda sínum, 1439 (4. b., bls. 585-586).
- 4(8) Virðingargerð á Teigskirkju í Fljótshlíð, 1458 (5. b., bls. 175-176).
- 4(9) Máldagi Nikuláskirkju í Odda á Rangárvöllum, 1480. Fram kemur m.a. að greiddur var osthleifur til kirkjunnar frá Eyvindarmúla (6. b., bls. 322-325).
- 4(10) Máldagi kirkjunnar í Teigi í Fljótshlíð [1480] (6. b., bls. 330-331).
- 4(11) Virðingargerð á öllum peningum sem fallið höfðu börnum Vigfúsar Erlendssonar til erfða, 1521. Þar eru nefndar m.a. jarðirnar Teigur, Barkarstaðir og Þverá (8. b., bls. 794-801).
- 4(12) Ögmundur Pálsson Skálholtsbiskup fær Hólmsfríði Erlendsdóttur jörðina Eyvindarmúla í Fljótshlíð til fullrar eignar fyrir jörðina Sandgerði á Rosmhvalanesi, 1523 (9. b., bls. 181-182).
- 4(13) Dómur sex presta um að Jón Magnússon hefði ekki haldið það heit sitt að gefa jungfrú Maríu og kapellunni á Eyvindarmúla hálf skip, 1533 (9. b., bls. 648-649).
- 4(14) Testamentisbréf Páls lögmanns Vigfússsonar á Hlíðarenda [um 1540]. Í kirkjunni

- kemur fram sú ósk Páls að fá sínum „moldlega líkama“ legstað í kirkjunni að Teigi (10. b., bls. 595-597).
- 4(15) Bréf Gissurar Einarssonar Skálholtsbiskups til Eyjólfssonar í Dal um jörðina Eyvindarmúla í Fljótshlíð [1543]. Fram kemur að móðir Eyjólfssonar, Hólmfríður Erlendsdóttir, hafði Eyvindarmúla í láni af formönnum Skálholtskirkju (11. b., bls. 273).
- 4(16) Úr kirknaskrá frá um 1200. Fram kemur að kirkja var þá í Eyvindarmúla, Hlíðarenda og Teigi (12. b., bls. 6).
- 4(17) Máldagar kirknanna í Eyvindarmúla og Teigi, 1553 (12. b., bls. 650-651).
- 4(18) Skiptabréf Eyjólfssonar í Stóradal undir Eyjafjöllum, 1558. Í fjórðungsgjöf gefur hann konu sinni m.a. jörðina Múla (Eyvindarmúla) í Fljótshlíð fyrir 60 hundruð (13. b., bls. 324-325).
- 4(19) Máldagar kirknanna í Teigi, á Hlíðarenda og í Eyvindarmúla, 1570 (Gíslamáldagar) (15. b., bls. 669-670).
- 4(20) Skiptabréf eftir Pál lögmann Vigfússon, 1570. Til skipta komu m.a. jarðirnar Hlíðarenda, Þverá og Teigur (15. b., bls. 407-408).
- 4(64) Máldagi Jónskirkju í Eyvindarmúla, 1387 (3. b., bls. 404).
- 4(65) Máldagi Þollaskirkja að Hlíðarenda, 1480 (6. b., bls. 331-332).
- 4(66) Máldagi Hlíðarenda, 1397 (4. b., bls. 69).  
Skjöl nr. 1(5), 1(6), 1(7), 1(8), 1(9) og 1(10) eru einnig máldagar.

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 4(21) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 22-53).
- 4(22) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 15-18).
- 4(23) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 226-235).
- 4(24) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 1-9).
- 4(25) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 63-69).
- 4(26) Fasteignabók I, 1957. Rv. 1956-57 (bls. 325-329).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(28) Fjallskilasamykkt fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1990. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1990. B-deild, bls. 344-351.)
- 4(29) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 239/1974. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1974. B-deild, bls. 506-514.)
- 4(30) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 157, 6.7.1943, nr. 267/1968. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968 B-deild, bls. 424.)
- 4(31) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1943. B-deild, bls. 327-339.)
- 4(32) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8.8.1921, nr. 48/1936. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. B-deild, bls. 120.)
- 4(33) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, frá 8.8.1921, nr. 53/1931. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1931. B-deild, bls. 163.)
- 4(34) Reglugerð fyrir Rangárvallasýslu, um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafænaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl., nr. 72/1921. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1921. B-deild, bls. 139-150.)
- 4(35) Reglugjörð um breytingu á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafænaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl. frá 7.6.1915, nr. 140/1919. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. B-deild, bls. 187.)
- 4(36) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á



- óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl., nr. 80/1915. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. B-deild, bls. 133-146.)
- 4(37) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 8/1911. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911. B-deild, bls. 20-33.)
- 4(38) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 58/1894. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1894. B-deild, bls. 75-87.)

*Jarðabréf:*

- 4(27) Eignayfirlýsing Teigs, dags. 4.7.1703. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 57, 58, 60).

*Alþingisbækur Íslands:*

- 4(39) Skiptabréf eftir Pál lögmann Vigfússon, gert á Lambeyjarþingi 19. maí 1570: Í hlut Guðriðar Vigfúsdóttur komu m.a. jarðirnar Hlíðarendi í Fljótshlíð, 60 hundruð, og Rauðarfell ytra, 20 hundruð. Í hlut Önnu Vigfúsdóttur kom m.a. jörðin Teigur, 100 hundruð (1. b., bls. 57-58).
- 4(40) Bréf Markúsar Bjarnasonar til lögmanna og lögréttumanna um það hvort hann eigi ekki laus á eignarpörtum konu sinnar í Bjarkarstöðum, 1668 (7. b., bls. 130).
- 4(41) Kauplýsing sr. Odds Eyjólfssonar á jörðinni Fljótssdal, 1670 (7. b., bls. 194).
- 4(42) Testamentisbréf Þórðar biskups Þorlákssonar 1690. Þar eru m.a. nefndar jarðirnar Hlíðarendi í Fljótshlíð og Teigur (8. b., bls. 298-300).
- 4(43) Kaupbréf Jóns Vídalíns biskups fyrir 12 hundruðum og 75 álnum í Teigi í Fljótshlíð, 1710 (9. b., bls. 593).
- 4(44) Kaupbréf Brynjólfs Þórðarsonar sýslumanns fyrir 10 hundruðum og 30 álnum í jörðinni Teigi í Fljótshlíð, 1717 (10. b., bls. 326).
- 4(45) Kaupbréf fyrir 6 hundruðum í jörðinni Fljótssdal í Fljótshlíð, 1745 (13. b., bls. 281).
- 4(46) Kaupbréf fyrir 7 ½ hundraði í jörðinni Háamúla í Fljótshlíð, 1748 (13. b., bls. 404).
- 4(47) Kaupbréf fyrir 7 ½ hundraði í Múlakoti, 1749 (13. b., bls. 445).
- 4(48) Eignalýsing Brynjólfs Sigurðssonar sýslumanns, 1751. Þar eru m.a. tilgreind 20 hundruð í Hlíðarenda (14. b., bls. 37).
- 4(49) Makaskipti sr. Lofts Rafnkelssonar á 7 ½ hundraði í Múlakoti í Fljótshlíð fyrir 13 hundruð og 40 álnir í jörðinni Keldum, dags. 17.7.1749 (14. b., bls. 38).
- 4(50) Eignalýsing Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara, 1752. Þar eru m.a. tilgreind 5 hundruð í jörðinni Barkarstöðum í Fljótshlíð (14. b., bls. 83-84).
- 4(51) Sigurður Sigurðsson landþingsskrifari veðsetur 3 hundruð í Barkarstöðum fyrir árlega afgift Kirkjubæjarklaustursjarða, 1755 (14. b., bls. 188).
- 4(52) Dómur í brígðamáli vegna Meðalfells í Kjós, 1755. Fram kemur að sú jörð var lögð að jöfnu við 50 hundruð í Teigi (14. b., bls. 193-194).
- 4(53) Kaupbréf fyrir 4 hundruðum í jörðinni Hrutafelli, dags. 26.6.1756, og afsalsbréf á hjáleigu Eyvindarmúla, Skarði, 5 hundruð að dýrleika (14. b., bls. 272).
- 4(54) Eignalýsing Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara, 1763. Þar er m.a. tilgreindur Hlíðarendi, 60 hundruð, 1763 (14. b., bls. 516).
- 4(55) Brígðalýsing á Eyvindarmúla með tilheyrandi hjáleigum, 1768 (15. b., bls. 110).
- 4(56) Afsalsbréf á 4 hundruðum í Eyvindarmúla fyrir 43 spesiuríkisdali, dags. 26.7.1771 (15. b., bls. 570).

- 4(57) Veðsetning 87 hundraða í Teigi í Fljótshlíð fyrir árlega afgift af Þingeyraklaustri, dags. 26.7.1773 (15. b., bls. 400).
- 4(58) Brigðalýsing á jörðinni Barkarstöðum, 1774 (15. b., bls. 402).
- 4(59) Veðsetning Þorleifs Nikulássonar landþingsskrifara á 7 hundruðum í Hlíðarendakoti fyrir afgjald til konungs af Rangárvallasýslu, dags. 2.10.1788 (16. b., bls. 524).
- 4(60) Afsalsbréf á hálfu Múlakoti, 7 ½ hundraði, fyrir Syðri-Gröf í Flóa, 10 hundruð, og 48 ríkisdala millilagi, dags. 4.4.1785, og makaskiptabréf á Barkarstöðum í Fljótshlíð, 20 hundruðum, fyrir Stóradal undir Eyjafjöllum, dags. 23. 2.1784 (16. b., bls. 256-257).
- 4(61) Afsalsbréf á hálfri jörðinni Hlíðarenda í Fljótshlíð, 30 hundruðum, dags. 7.7.1784 (16. b., bls. 228).
- 4(62) Afsalsbréf Þorleifs Nikulássonar landþingsskrifara á hálfu Hlíðarendakoti, 7 ½ hundraði, fyrir 160 ríkisdali, dags. 26. 4.1796, og brigðalýsing sr. G. Þórarinssonar prófests vegna konu sinnar, Jórunnar Sigurðardóttur, dags. 22.7.1799 (17. b., bls. 298 og 469).
- 4(63) Afsalsbréf Sigurðar Sigurðssonar á hálfri jörðinni Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir 200 ríkisdali kúrant, dat. 23.1.1790, og annað afsalsbréf á hálfri jörðinni, 12 ½ hundraði, fyrir 100 ríkisdali kúrant, án kúgilda, dags. 8.4.1796 (17. b., bls. 255 og 296).

*Þinglýsingarvottorð frá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli:*

- 4(69) Þinglýsingarvottorð Árkvarnar, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(70) Þinglýsingarvottorð Barkarstaða, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003
- 4(71) Þinglýsingarvottorð Eyvindarmúla, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(72) Þinglýsingarvottorð Eyvindarmúla (sumarhúsalóð), Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(73) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr landi Eyvindarmúla, „milli lækja“, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(74) Þinglýsingarvottorð Fljótisdals, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(75) Þinglýsingarvottorð Hallskots, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(76) Þinglýsingarvottorð Háa-Múla, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(77) Þinglýsingarvottorð Hlíðarendakots, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(78) Þinglýsingarvottorð Hlíðarenda, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(79) Þinglýsingarvottorð Múlakots II, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(80) Þinglýsingarvottorð Neðri-Þverár, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(81) Þinglýsingarvottorð Nikuláshúss, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(82) Þinglýsingarvottorð Teigs I, Fljótshlíðarhreppi, dags. 2.4.2003.
- 4(114) Þinglýsingarvottorð Múlakots I, Fljótshlíðarhreppi, dags. 18.8.2003.
- 4(115) Þinglýsingarvottorð Efri-Þverár, Fljótshlíðarhreppi, dags. 18.08.2003.

*Menningarminjar:*

- 4(67) Menningarminjar í Fljótshlíð og Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. Svæðisskráning á miðhálandi Íslands, Fornleifastofnun Íslands 1996. (bls. 3, 52-54, 87-90)
- 4(68) Kort af menningarminjum á miðhálandinu 1:400 000, Rangárvallasýsla. Fornleifastofnun 1996.

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 4(83) Teigur I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(84) Nikuláshús. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(85) Neðri-Þverá. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.

- 4(86) Múlakot I (austurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(87) Múlakot II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(88) Hlíðarendakot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(89) Hlíðarendi. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(90) Árkvörn. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(91) Barkarstaðir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(92) Fljótsdalur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(93) Hallskot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(94) Há-Múli. Yfirlit í afsals- og veðmálabók. Rangárvallasýsla. Dags. 8.4.2003.
- 4(116) Fljótsdalur. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 190.
- 4(117) Barkarstaðir. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 191.
- 4(118) Há-Múli. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 192.
- 4(119) Árkvörn. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 193.
- 4(120) Eyvindarmúli. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 194.
- 4(121) Múlakot I. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 195.
- 4(122) Múlakot II. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 196.
- 4(123) Hlíðarendakot. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 197.
- 4(124) Nikulásarhús. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 198.
- 4(125) Hlíðarendi. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 199.
- 4(126) Hallskot. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 200.
- 4(127) Neðri-Þverá. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 201.
- 4(128) Sjá skjal nr. 4(129).
- 4(129) Efri-Þverá. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 202.
- 4(130) Teigur I. Yfirlit (registur) í afsals- og veðmálabók. Bls. 208.

*Matsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir jarðir í Fljótshlíð:*

- 4(98) Fasteignamatsvottorð fyrir Hallskot, dags. 12.8.2003.
- 4(99) Fasteignamatsvottorð fyrir Hlíðarendakirkju, dags. 12.8.2003.
- 4(100) Fasteignamatsvottorð fyrir Hlíðarenda, dags. 12.8.2003.
- 4(101) Fasteignamatsvottorð fyrir Nikulásarhús, dags. 12.8.2003.
- 4(102) Fasteignamatsvottorð fyrir Nikulásarhús lóð, dags. 12.8.2003.
- 4(103) Fasteignamatsvottorð fyrir Háa-Múla, dags. 12.8.2003.
- 4(104) Fasteignamatsvottorð fyrir Árkvörn, dags. 12.8.2003.
- 4(105) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindarmúla, dags. 12.8.2003.
- 4(106) Fasteignamatsvottorð fyrir Múlakot 1, dags. 12.8.2003.
- 4(108) Fasteignamatsvottorð fyrir Barkarstaði (tvær síður), dags. 12.8.2003.
- 4(109) Fasteignamatsvottorð fyrir Fljótsdal, dags. 12.8.2003.
- 4(110) Fasteignamatsvottorð fyrir Emstrur gönguskáli, dags. 12.8.2003.
- 4(111) Fasteignamatsvottorð fyrir Teig 1, dags. 12.8.2003.
- 4(112) Fasteignamatsvottorð fyrir Teig 2, dags. 12.8.2003.

*Landnáma:*

- 4(97) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 344-357.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 4(95) Afréttaskrá Rangárvallasýslu, bls. 3-5, bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985, um afréttarskrá sýslunnar, Lýsing oddvita Hvolhrepps á mörkum afréttar

- Hvolfhrepps, dags. 15.11.1979, lýsing hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps á afrétti hreppsins (Græna fjall, Þórólfsfell, Þórsmörk, Goðaland og Þórsmörk), dags. 3.11.1979.
- 4(96) Afsalsbréf fyrir Þórólfsfell dags. 11.7.1966. Hallgrímur Pálsson selur og afsalar Fljótshlíðarhreppi.
- 4(107) Lýsing landamerka milli Eyvindarmúlatorfu og Hlíðarendatorfu, dags. 23.04.1958.
- 4(113) Sjá skjal nr. 1(11).

*Önnur prentuð gögn:*

- 4(131) „Um landnám Sighvats Rauða“ eftir Brynjólf Jónsson frá Minna-Núpi. Grein í Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1886.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hdl. vegna Fljótisdals, Barkarstaða, Háamúla, Árkvarnar, Eyvindarmúla, Hallskots, Neðri-Þverár, Nikulásarhúsa, Hlíðarenda, Þórólfsfells, Græna fjalls (afréttur) og Þórsmerkur (afréttur og Teigur I) og Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl. vegna Emstra:**

- 5 Kröfulýsing vegna Fljótisdals, Barkarstaða, Háamúla, Árkvarnar, Eyvindarmúla, Hallskots, Neðri-Þverár, Nikulásarhúsa, Hlíðarenda, Þórólfsfells, Græna fjalls (afréttur) og Þórsmerkur (afréttur og Teigur I) ásamt jarðaskrá, dags. 15.1.2002.
- 5(1) Bréf Ferðafélags Íslands til Sigurþórs Ólafssonar oddvita Fljótshlíðarhrepps, dags. 18.6.1953.
- 5(2) Bréf Ferðafélags Íslands til Sigurþórs Ólafssonar oddvita Fljótshlíðarhrepps, dags. 18.6.1953.
- 5(3) Bréf Sigurþórs Ólafssonar oddvita Fljótshlíðarhrepps til Ferðafélags Íslands, dags. 3.12.1952.
- 5(4) Yfirlitskort yfir kortablöð, teikning ekki í mælikvarða, dags. 15.1.2002.
- 5(5) (a-b) Kortablöð sem sýna kröfulínur (mælikvarði 1:50 000) dags. 15.1.2002.
- 5(6) (a-b) Kortablöð sem sýna kröfulínur ásamt jarðamörkum (mælikvarði 1:50 000) dags. 15.1.2002.

**Greinargerð Óskars Sigurðssonar hdl. og Guðjóns Ægis Sigurjónssonar hdl. f.h. landeigenda Fljótisdals, Barkarstaða, Háamúla, Árkvarnar, Eyvindarmúla, Hallskots, Neðri-Þverár, Nikulásarhúsa, Hlíðarenda, Þórólfsfells, Græna fjalls (afréttur) og Þórsmerkur (afréttur og Teigur I) er númer 6(2) og endanleg kröfugerð þeirra er númer 6(5).**

- 6 Kröfulýsing vegna Emstra, dags. 15.1.2002.
- 6(1) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Emstra (mælikvarði 1:50 000), dags. 15.1.2002.
- 6(2) Greinargerð vegna Fljótisdals, Barkarstaða, Háamúla, Árkvarnar, Eyvindarmúla, Hallskots, Neðri-Þverár, Nikulásarhúsa, Hlíðarenda, Þórólfsfells, Græna fjalls (afréttur) og Teigs I og Emstra (afréttur), dags. 2.6.2003.
- 6(3) Samkomulag Landgræðslu ríkisins og sveitarstjórnar Hvolfhrepps um friðun Emstra, dags. 2.5.1990.
- 6(4) Samningur milli Landgræðslu ríkisins og sveitarstjórnar Rangárbings eystra um friðun Emstra, dags. 16.10.2002.
- 6(5) Endanleg kröfugerð fyrir Fljótisdal, Barkarstaði, Háamúla, Árkvarnir, Eyvindarmúla, Hallskot, Neðri-Þverá, Nikulásarhús, Hlíðarenda, Þórólfsfell, Græna fjall, Þórsmörk og Emstrur, ódags.

**Lagt fram af Kristni Hallgrímssyni hrl. vegna Hlíðarendakots og Múlakots II:**

- 7 Kröfulýsing, dags. 15.2.2002.
- 7(1) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hlíðarendakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 15.2.2002.
- 7(2) Útrentun af færslum fyrir jörðina Múlakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 15.2.2002.
- 7(3) Greinargerð vegna Hlíðarendakots og Múlakots II, dags. 5.6.2003.
- 7(4) Málflutningsyfirlýsing í máli nr. 4/2003 frá eigendum jarðanna Hlíðarendakots og Múlakots II, dags. 20.8.2003.
- 7(5) Málkostnaðarkrafa eigenda jarðanna Hlíðarendakots og Múlakots II, dags. 8.11.2004.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 8 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar, náttúrufræðings, um staðhætti og gróðurfar í Hvolhreppi, dags. 15.12.2002 og Fljótshlíðarhreppi, dags. 28.3.2003.
- 9 (a-b) Yfirlitskort - Lýstar kröfur í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50 000 og hitt í 1:100 000.  
Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr.1(2), 5(4), 5(5), 5(6) og 6(1).
- 10(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 4.4.2003.
- 10(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.5.2003.
- 10(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 2.6.2003.
- 10(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 20.8.2003.
- 10(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 27.-29. ágúst 2003.
- 10(6) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.
- 10(7) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 11 „Jöklar og jökulbreytingar í Fljótshlíð og Hvolhreppi Rangárvallasýslu“. Greinargerð Odds Sigurðssonar dags. 17.11.2004.
- 12 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

**Hliðsjónargögn****Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

- Ónr. Sunnlenskar byggðir IV, Bls. 354-363, 378-393, 396-401, 404-411, 418-419, 422-425, 432-33, 440-41, 458-59 og 172-79.
- Ónr. Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð, Bls. 10-25, 173-189, 195-199 og 206-213.
- Ónr. Breiðabólstaður í Fljótshlíð, Bls. 88-115, 122-25 og 128-29.
- Ónr. Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1939-1845, 1856 og 1872-1873. Bls. 118, 82-87, 98-99 og 124-125.
- Ónr. Árnes- og Rangárvallasýslur. Án bls.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1. bindi, 1913-1917. Bls. 136-141 og 144-175.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1972. Bls. 90-95, 100-113 og 138-143.
- Ónr. Göngur og réttir 1. bindi. Bls. 202-227.
- Ónr. Landið og Landnáma 2. bindi. Bls. 416-17, 420-27 og 430-437.
- Ónr. Íslendinga sögur 1. bindi. Bls. 204-213.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1995/2091, skipan Þórsmerkur o.fl. innan sveitarfélaga.
- Ónr. Efnisskipan málflutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Skjalaskrá Hæstaréttar í dómi 1995/2091.
- Ónr. Registur um jarðir í Íslensku fornbréfasafni (handrit), ásamt bréfi Björns Pálssonar héraðs-skjalavarðar.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1951/216. Hreppsnefnd Hvolhrepps gegn Páli Nikulássyni og gagnsök.
- Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Rangárvallasýslu frá 1884.
- Ónr. Efnisyfirlit landskiptabókar 1958-1987.
- Ónr. Efnisyfirlit landskipta- og landamerkjabókar Rangárvallasýslu frá maí 1987.
- Ónr. Skýrslur í máli 4/2003 hjá óbyggðanefnd, (39 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

**Tækniskýrsla**

**Oddur Sigurðsson**

**Jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu  
og Rangárvallasýslu ákvarðaður með fjarkönnun**

**Unnið fyrir óbyggðanefnd**

**Desember 2004**





## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	347
2	FJARKÖNNUNARGÖGN	347
3	LEIÐRÉTTING Á BJÖGUN MYNDA	350
4	NÁKVÆMNI Í GREININGU Á JÖKULJÖÐRUM	350
5	SKILAGÖGN	351
6	HEIMILDIR	351
	VIÐAUKI 1	352
	VIÐAUKI 2	353
	VIÐAUKI 3	355

## MYNDASKRÁ

Mynd 1:	Yfirlitsmynd af loftmyndum af Mýrdalsjökli	348
Mynd 2:	Yfirlitsmynd af loftmyndum af Eyjafjallajökli	349
Mynd 3:	Kaldaklofsjökull. Horft til suðvesturs 19. september 2002	350
Mynd 4:	Mýrdals- og Eyjafjallajöklar klipptir út úr Landsat-myndinni. Í viðauka 2	353
Mynd 5:	Landsat myndin ásamt vegakerfinu og SPOT-5 myndinni sem voru notuð við að staðsetja myndina. Í viðauka 2	354
Mynd 6:	Yfirlitskort af jökuljöðrum í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu	
	A. Jökuljaðrar Mýrdalsjökuls, Eyjafjallajökuls, Tindfjallajökuls, Kaldaklofsjökuls og Torfajökuls, auk Heklu	
	B. Jökuljaðar Vatnajökuls. Í viðauka 3	355



## 1 INNGANGUR

Að beiðni óbyggðanefndar hefur jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu verið hnitsettur. Þar sem alkunna er að útlínur jökla eru mjög breytilegar í tíma, einkum eftir loftslagi en einnig náttúruhamförum eins og eldgosum og jökulhlaupum, verður dagsetning að fylgja hverri skráningu á jökuljaðri því að annars verður sagan ófullkomin.

Unnt er að hnitsetja útlínur jökla með ýmsu móti. Í kortlagningu herforingjaráðsins danska (Generalstaben) og síðar Landmælingastofnunarinnar dönsku (Geodætisk Institut) var jökuljaðar mældur með hefðbundinni landmælingu. Er þar að finna verðmæt gögn um sögu jöklanna. Þau kort hafa verið uppfærð nokkrum sinnum og hefur jökuljöðrum þá stundum verið breytt en ekki fylgja upplýsingar um hvaða gögn liggja því til grundvallar. Kortastofnun Bandaríkjahers (AMS) lét taka loftmyndir af öllu landinu á árunum 1945 og 1946 og gaf út kort af Íslandi á árunum kring um 1950. Þar er skilmerkilega greint frá uppruna gagnanna. Defence Mapping Agency gaf út kort af helmingi landsins um 1990 í samstarfi við Landmælingar Íslands. Vegna hernaðarleyndar hafa ekki fengist upplýsingar um eftir hvaða gögnum kortin voru gerð og eru þau því harla gagnslítill til að ákvarða útlínur jökla á tilteknum tíma.

Fjarkönnunargögn svo sem hefðbundnar loftmyndir og gervitunglamyndir eru ómetanleg gögn til að skrá sögu lands. Einkum eru þau mikilvæg í löndum þar sem landbreytingar eru örar og komast fá lönd jarðar nálægt Íslandi hvað það varðar. Má þar nefna breytingar á strönd, landslagsbreytingar af völdum jarðskjálfta, breytingar á vatnsföllum, eldgos og ný hraun að jafnaði á 2-3 ára fresti og jökla sem eru á sífelldu iði.

Sá ljóður er á öllum útgefnum kortum af Íslandi að lítið mark er takandi á jökuljöðrum sem liggja hátt í landinu vegna þess að þeir eru oftast huldir snjó, nema síðla sumars eftir snjóléttan vetur og hlýindi. Hafa kortagerðarmenn, sem ekki eru sérfróðir um jökla, ekki haft neinar forsendur til að greina jökuljaðrana rétt.

Þjóðlendulögin tóku gildi 1. júlí 1998. Þar eru skil milli eignarhalds á landi víða miðuð við jökuljaðar og því mikilvægt að unnt sé að sýna fram á stöðu jökla við gildistöku laganna svo ekki verði vefengt. Jöklarannsóknafélag Íslands hefur í sínum förum árlegar mælingar á sporðum jökla á 50-60 stöðum á landinu og hefur því starfi verið haldið uppi í þrjá aldarfjórðunga. Af þeim gögnum verður ráðið hvert stefndi með breytingar á jöklum á hverjum tíma en með þeim er ekki unnt að fastsetja stöðu jökuljaðra nema nákvæmlega á þeim stað þar sem hún var mæld.


## 2 FJARKÖNNUNARGÖGN

Útlínur jökla verða best skráðar með fjarkönnunargögnum. Þau eru til bæði sem loftmyndir teknar úr flugvéllum úr fárra km hæð og einnig gervitunglamyndir sem er aflað frá skynjurum í mörg hundruð km hæð á braut um jörðu utan lofthjúpsins. Gefur augaleið að upplýsingar á loftmyndum eru mun þéttari en á gervitunglamyndum þótt nú séu tiltækar ótrúlega skarpar myndir frá SPOT-5 gervihnettinum sem er í rúmlega 800 km fjarlægð frá yfirborði jarðar. Gögn sem aflað er með sýnilegu ljósi eru alltaf háð því að ský trufli ekki myndatökuna. Hins vegar eru gögn sem aflað er með örbylgjum (radar) nánast ótruflluð af skýjum og myrkri. Með þeim er þó ekki eins auðvelt að greina jökul frá öðrum fyrirbrigðum á jörðu niðri.

Um gervitunglamyndir gildir að mikilvægt er að staðreyna með öðrum aðferðum greiningu á þeim fyrirbrigðum sem sjást á myndinni. Þegar greina skal sundur jökul annars vegar og auða jörð hins vegar má til dæmis afla slíkra staðreynda með ljósmyndatöku úr flugvél. Um frekari tækniupplýsingar vísast til skýrslu Kolbeins Árnasonar o.fl. 2003.

## Dagsetning og flughæð loftmyndatöku Loftmynda ehf.


8000m 6.-7. ágúst 1999



Mynd 1: Yfirlitsmynd af loftmyndum af Myrdalsjökli. Loftmyndir ehf.

Ekki tókst að afla nægra gagna sem sýndu útlínur Myrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls við gildistöku þjóðlendulaganna 1. júlí 1998 með viðhlítandi nákvæmni. Ólíklegt er að nokkurn tímann verði unnt að skera nákvæmlega úr um hvar þessi skil lágu á þeim tiltekna degi. Þau gögn, sem næst komast því að sýna jaðar jöklanna um það leyti, eru loftmyndir frá Loftmyndum ehf. af meginhluta Myrdalsjökuls frá 1999 (sjá 1. mynd) og af Eyjafjallajökli frá árunum 2000-2003 (sjá 2. mynd), nokkrar myndir frá Landsat-7 gervihnettinum frá árunum 2000 og 2001 og í þriðja lagi SPOT-5 gervihnattarmyndir frá 18. september 2003. Af þessum gögnum þótti vænlegast að nota loftmyndirnar frá Loftmyndum ehf. vegna þess að meirihluti þeirra kemst næst réttri tímasetningu og þær eru auk þess nákvæmstu gögnin sem völ er á. Dálítill rönd af vestan- og sunnanverðum Myrdalsjökli var ekki fáanleg í þessum gögnum (sjá 1. og 2. mynd) og var skarðið fyllt með Landsat-7 gervihnattarmynd frá 20. ágúst 2000. Á Orkustofnun eru til þrívíddarljósmyndir af svæðinu sem teknar voru úr flugvél 12. júní 1998, 18. júlí 1999, 4. ágúst 1999, 19. ágúst 2000 og 19. september 2002. Nýttust þær vel til að staðreyna greiningu bæði á loftmyndunum og gervihnattarmyndinni.

## Dagsetning og flughæð loftmyndatöku Loftmynda ehf.



Mynd 2: Yfirlitsmynd af loftmyndum af Eyjafjallajökli. Loftmyndir ehf.

Tindfjallajökull, Kaldaklofsjökull og Torfajökull eru litlir og ná ekki langt niður eftir fjöllum. Þess vegna hefur reynt öðugt að afla staðlaðra fjarkönnunargagna þar sem jaðar þeirra er ekki hulin snjó. Útlínur þessara jökla voru því raktar eftir þrívíddarloftmyndum sem til eru á Orkustofnun. Þær eru teknar á ská úr flugvél og ekki staðlaðar í fleti á neinn hátt. Jökuljaðarinn var því færður sjónrænt á uppréttar myndir. Hætta er á aðeins meiri skekkju með þessari aðferð en þar sem rakið er beint af uppréttum myndum á tölvuskjá. Loftmyndirnar frá Tindfjallajökli eru frá 19. ágúst 2000 en af Torfajökli og Kaldaklofsjökli frá 19. september 2002. Jaðar smájökla breytist mun minna milli ára en jaðar stórra jökla.

Jaðar Vatnajökuls í Vestur-Skaftafellsýslu og Rangárvallasýslu var rakinn á Landsat-7 gervi-hnattarmynd frá 4. ágúst 1999 (sjá Kolbeinn Árnason o.fl. 2003).



Mynd 3: Kaldaklofsjökull. Horft til suðvesturs 19. september 2002. Ljós. Oddur Sigurðsson.

### 3 LEIÐRÉTTING Á BJÖGUN MYNDA

Öll fjarkönnunargögn eru bjöguð af ýmsum ástæðum og þarf að „réttu upp“ sem kallað er. Hér var myndunum varpað á sléttan flöt í hornsanna keiluvörpun Lamberts (Lambert Conformal Conic Projection) í kerfi ÍSN93 (sjá Reglugerð um viðmiðun ÍSN93, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð). Loftmyndir ehf. afhentu myndirnar „réttar“ í fleti. Greinargerð um það frá Daða Björnssyni, Loftmyndum ehf. er í viðauka 1.

Landmælingar Íslands sáu um að panta og „réttu upp“ myndina úr Landsat-7. Skýrsla Ingvars Matthíassonar á Landmælingum Íslands um uppréttingu Landsat-7 myndarinnar fer hér á eftir í viðauka 2. Úrvinnslu Landsat-7 mynda er nánar lýst í skýrslu Kolbeins Árnasonar o.fl. 2003.

Myndinni úr Landsat-7 ber bærilega vel saman við myndir Loftmynda ehf. nema helst hátt uppi á jöklunum þar sem um 60 m (fjórar myndeiningar í Landsat-7) misræmi er milli myndanna í austur-vestur stefnu. Ekki er ljóst hvernig á mismuninum stendur eða hvor myndin er réttari. Ef til vill verður ekki skorið endanlega úr um það nema með því að mæla tiltekna staði sérstaklega á jörðu niðri.

### 4 NÁKVÆMNI Í GREININGU Á JÖKULJÖÐRUM

Á nokkrum stöðum var erfitt að greina nákvæmlega hvar jökul þrýtur og land tekur við vegna þess að hátt yfir sjó er jaðar jökulsins sumstaðar hulinn snjó og á sporðum er jökulísinn víða undir auri og ösku. Var þá ómetanlegt að hafa þrívíddarmyndir teknar á ská niður úr flugvél til fullvissu um hvers eðlis landið var. Einkum á þetta við um gervihnattamyndir en einnig í nokkrum mæli um hefðbundnar loftmyndir af því að þær lágu ekki fyrir í þrívídd. Byggist greining á að þekkja sögu jöklanna og á reynslu af að meta hvort það er einungis þunn skán af auri ofan á þykkum jökulís.

Eins og frá greinir í Viðauka 1 eru einingar loftmyndanna um 1 m í þvermál. Ekki er unnt að greina jökuljaðarinn sjálfan með slíkri nákvæmni og er iðulega ekki hægt á jörðu niðri. Því er rétt

að gera ráð fyrir að jökuljaðarinn geti vikið um 10-20 m frá því sem skráðar niðurstöður segja. Þar sem jökuljaðarinn liggur hæst í landinu var víða snjór yfir og voru útlínur jökulsins dregnar rétt innan við rönd snjóskaflsins. Þar má gera ráð fyrir allt að 50 m skekkju á ákvörðuninni.

Minnsta eining Landsat-7 gervihnattamynda er 15 m á hvorn veg. Á þeim verður því að gera ráð fyrir minnst 15 m skekkju og allt að 60 m þar sem hærra liggur í landinu.

Sporður Sólheimajökuls hefur verið mældur árlega síðan 1930. Jökklarannsóknafélag Íslands hefur séð um mælingarnar frá stofnun félagsins 1951. Jaðar Sólheimajökuls, sem fram kemur í þessari skýrslu, var myndaður 9. ágúst 2001. Samkvæmt ofangreindum mælingum Jökklarannsóknafélagsins hefur sporður jökulsins hopað um 20 m frá hausti 1998 til hausts 1999, 24 m í viðbót árið 2000 og 41 m árið 2001 samtals 85 m. Mestur hluti Mýrdalsjökuls kemur fram á loftmyndunum frá 1999 og má telja víst að víðast hafi jaðar jökulsins færst innar frá 1. júlí 1998 til myndatökudags 6. og 7. ágúst 1999. Sá munur hefur vart verið meiri en 30 m þar sem mest er og minnkar með hæð yfir sjó og er yfirleitt enginn þar sem jaðar jökulsins liggur hæst í landinu.

Jökklarannsóknafélag Íslands hefur jafnframt séð um mælingar á Gigjökli í Eyjafjallajökli. Samkvæmt þeim hörfaði sporður jökulsins um 136 m frá hausti 1998 til haustsins 2000 en það ár voru myndirnar teknar af vesturhluta Eyjafjallajökuls. Nokkuð víst er að hvergi hefur jökullinn rýrnað meira á umræddu tímabili og því minna sem hærra dregur. Þar sem hæst liggur í landinu hefur jaðarinn ekkert breyst á þessum tíma.

## 5 SKILAGÖGN

Með þessari greinargerð fylgir í viðauka 3 kort af útlínum þess hluta Vatnajökuls sem liggur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu prentað á Landsat-7 gervihnattarmynd frá 4. ágúst 1999 í mælikvarða u.þ.b. 1:200.000. Útlínur Mýrdals-, Eyjafjalla-, Tindfjalla-, Kaldaklofs- og Torfajökuls, auk jökla á Heklu eru prentaðar á Landsat-5 gervihnattarmynd frá 14. júlí 1992 einnig í mælikvarða u.þ.b. 1:200.000. Á bak við þessi kort liggja stafrænar skrár þar sem útlínur jöklanna eru skráðar með ofannefndri nákvæmni í Lambert-keiluvörpun í kerfi ÍSN93. Verða þær afgreiddar til frekari notkunar í því formi sem óbyggðanefnd óskar þegar þörf krefur.

## 6 HEIMILDIR

Kolbeinn Árnason, Ingvar Matthíasson og Oddur Sigurðsson 2003. Jaðar Vatnajökuls í Austur-Skaftafellssýslu ákvarðaður með Landsat-7 gervitungramyndum. Tækniskýrsla unnin fyrir Óbyggðanefnd, nóvember 2003. Landmælingar Íslands, LMÍ-2003/2, 12 bls.

Oddur Sigurðsson 2004. Gláma. Að vera eða vera ekki - jökull. Náttúrufræðingurinn, 72 (1-2), 47-61.

Oddur Sigurðsson 2004. Útlínur Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Orkustofnun, Greinargerð, OSig-2004/02, 2004-10-13.

**VIÐAUKI 1**

Loftmyndir ehf., Daði Björnsson

Myndkortin eru gerð eftir Loftmyndum teknum með Zeiss myndavélum sérhönnuðum til loftmyndatöku vegna kortagerðar. Myndirnar eru teknar með 60% lengdar og 30% hliðaryfirgripi. Loftmyndir ehf. nota hugbúnað frá ZiImaging við myndkortagerðina og filmurnar eru skannaðar með 21 mikrona upplausn (hver myndeining (pixel) er 21 míkron) með bestu fáanlegu skönnum frá ZiImaging. Myndirnar eru notaðar í hefðbundinni myndmælingu (photogrammetry) þar sem þær eru tengdar saman í heila blokk og fastmerki (landmældir GPS-punktur) fundin á myndunum og útföfnun gerð þar sem nákvæm hnit og afstaða hverrar myndar fæst. Vegna yfirgrips myndanna er unnt að greina landið í þrívídd og vinna eftir þeim nákvæmt hæðarlíkan yfir það svæðið sem myndað er. Myndkortin eru hliðarafurð þessa ferlis þar sem myndirnar eru lagðar yfir hæðarlíkanið og togaðar eða teygðar til leiðréttu skekkjur. Við þessa vinnslu breytast myndirnar úr „mynd“ með vörpun þar sem ljósgeislar frá jörðu fara í gegnum brennipunkt linsu yfir í myndkort með hornréttu ofanvörpun eins og á hefðbundnu korti. Eftir á eru myndirnar klipptar saman og litir jafnaðir til að mynda samfelldar myndkortabekjur yfir stærri svæði. Nákvæmni landlíkansins, stærð myndeininga í myndkortum og nákvæmni þeirra ræðst af þeirra hæð sem myndirnar eru teknar í.

Myndkortin sem afhent voru óbyggðanefnd og nákvæmni þeirra er eftirfarandi:

3000 m flughæð frá 1999, 2000, 2001 og 2003.

RMS  $x=0.3$   $y=0.3$   $z=0.5$  m

Myndeining í myndkortum 1x1 m

8000 m flughæð frá 1999

RMS  $x=0.9$   $y=0.9$   $z=1.5$  m

Myndeining í myndkortum 1x1 m



## VIÐAUKI 2

Landmælingar Íslands, Ingvar Matthíasson

Upprétting og vinnsla á hluta úr Landsat7TM-myndinni: LE7219015000023350  
 Unnið fyrir óbyggðanefnd 2004-10-06


1. Bönd 2, 3, og 4 sameinuð í eina mynd.
2. Sú mynd sameinuð við Pan bandið.
3. Upprétting gerð með viðmiðunarpunktum frá SPOT5-myndinni:  
 ICELAND\_714\_219\_030918\_T\_714\_219\_0 SPOTView og GPS-mældum vegum  
 Myndin var rétt upp í ERDAS Imagine forritinu með aðferðinni: „Polynomial rectification 1st.  
 Order“. Sjá niðurstöður hér að neðan.

Control Point Error: (X) 4.5840 (Y) 4.7780 (Total) 6.6214

Point ID	X Input	Y Input	X Ret.	Y Ret.	X Residual	Y Residual	RMS Error	Contrib.
GCP #1	430382.972	302905.659	430350.769	302909.116	0.075	-0.092	0.080	0.130
GCP #2	521002.056	363646.668	520952.392	363676.466	2.452	-4.247	4.904	0.741
GCP #3	460176.008	340681.537	460140.248	340687.086	-2.760	-2.255	3.564	0.530
GCP #4	489285.236	369175.400	489240.121	369203.860	-3.742	6.314	7.339	1.108
GCP #5	491088.307	325131.577	491061.788	325145.731	6.961	-4.213	8.136	1.229
GCP #6	474422.130	354421.127	474382.714	354441.276	-6.446	5.340	8.376	1.265
GCP #8	472595.072	335487.489	472565.581	335499.285	-0.872	-0.358	0.943	0.142
GCP #9	455372.710	351381.848	455353.464	351385.899	6.036	-2.960	6.723	1.015
GCP #10	478784.245	358686.832	478754.304	358696.287	5.487	-7.499	9.292	1.403
GCP #7	489476.689	335372.311	489436.700	335398.172	-6.595	8.658	10.884	1.644
GCP #11	400943.000	335356.000	400906.922	335375.067	-1.396	1.303	1.910	0.200



Mynd 4: Mýrdals- og Eyjafjallajökklar klipptir út úr Landsat-myndinni.



Mynd 5: Landsat-myndin ásamt vegakerfinu og SPOT-5-myndinni sem voru notuð við að staðsetja myndina.

### **VIÐAUKI 3**

Yfirlitskort af jökuljöðrum í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. A. Jökuljaðrar Mýrdalsjökuls, Eyjafjallajökuls, Tindfjallajökuls, Kaldaklofsjökuls og Torfajökuls, auk Heklu. B. Jökuljaðrar Vatnajökuls.



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 5/2003

Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárbíngi eystra



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>363</b>
<b>2. MÁLSMEÐFERÐ</b> .....	<b>364</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar. ....	364
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar . . .	364
2.3. Lýstar kröfur og kynning. ....	365
2.4. Afmörkun máls nr. 5/2003 .....	366
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð. ....	366
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>367</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins vegna Þjóðlendu .....	367
3.2. Kröfur eigenda lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en Steinsholts, Stakkholts og Merkurtungna, vegna Almenninga .....	367
3.3. Kröfur eigenda Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, vegna Þórsmerkur .....	368
3.4. Kröfur eigenda Breiðabólstaðar, Holts og Odda vegna hálftrar Þórsmerkur og Goðalands .....	369
3.5. Kröfur eigenda lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum, Rangárbings eystra og eigenda jarða í Eyjafjallasveit sem voru í konungseign árið 1588, til Goðalands .....	369
3.6. Kröfur eigenda Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna .....	370
3.7. Kröfur eigenda Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð vegna Múlatungna .....	370
3.8. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I, II og III vegna Merkurtungna .....	371
3.9. Kröfur eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindaholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalsseis, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða vegna Stakkholts .....	371
3.10. Kröfur eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur vegna Steinsholts .....	372
3.11. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I-III vegna Stórumerkurheiðar .....	372
3.12. Kröfur eigenda Mið-Merkur vegna Miðmerkurheiðar .....	373
3.13. Kröfur eigenda Syðstu-Merkur vegna Syðstumerkurheiðar .....	373
3.14. Kröfur eigenda Stóradalstorfu vegna Stóradalsheiðar .....	373
3.15. Kröfur eigenda Núps I-III vegna Núpsheiðar .....	374
3.16. Kröfur eigenda Ysta-Skála II og IV vegna Ytaskálaheiðar .....	374
3.17. Kröfur eigenda Mið-Skála I-III vegna Miðskálaheiðar .....	375
3.18. Kröfur eigenda Ásólfsskálajarða vegna Ásólfsskálaheiðar .....	375
3.19. Kröfur eigenda Holtshverfisjarða vegna Holtsheiðar .....	376
3.20. Kröfur eigenda Núpakots vegna Steinatungna .....	376
3.21. Kröfur eigenda Þorvaldseyrar vegna Svaðbælisheiðar .....	377
3.22. Kröfur eigenda Seljavalla vegna Lambafellsheiðar .....	377
3.23. Kröfur eigenda Raufarfells I-IV og Selkots .....	378
3.24. Kröfur eigenda Rauðafells I-III .....	378
3.25. Kröfur eigenda Eyvindahóla vegna Hólatungna í Hrutafellsheiði .....	378
3.26. Kröfur eigenda Stóruborgartorfu vegna Borgartungna í Hrutafellslandi .....	379
3.27. Kröfur eigenda Hrutafells vegna Hrutafellsheiðar .....	379
3.28. Kröfur eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða vegna Drangshlíðarheiðar . . .	380

3.29. Kröfur eigenda Ytri-Skóga vegna Ytriskógaheiði	380
3.30. Kröfur eigenda Eystri-Skóga vegna Eystriskógaheiði	381
3.31. Kröfur eigenda Ytri-Skóga og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls	381
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b>	<b>382</b>
4.1. Inngangur	382
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	382
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	383
4.4. Vettvangsferð	384
4.5. Skýrslutökur	385
<b>5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA</b>	<b>386</b>
5.1. Landnám	386
5.2. Almenningar og „smáafréttir“	386
5.3. Þórsmörk	394
5.4. Goðaland	403
5.5. Stóra-Mörk	408
5.6. Mið-Mörk	412
5.7. Syðsta-Mörk	413
5.8. Dalur (Stóradalstorfa)	415
5.9. Núpur	423
5.10. Ysti-Skáli	426
5.11. Mið-Skáli	428
5.12. Ásólfskáli og hjáleigurnar Moldnúpur, Rimhús og Björnskot	430
5.13. Holtshverfi	434
5.14. Núpakot	443
5.15. Þorvaldseyri (áður Svaðbæli/Svartbæli)	447
5.16. Seljavellir (Lambafell)	450
5.17. Raufarfell	453
5.18. Rauðafell	455
5.19. Hrutafell, Hólatungur og Borgartungur	457
5.20. Drangshlíð	461
5.21. Skarðshlíð	467
5.22. Ytri-Skógar	468
5.23. Eystri-Skógar	472
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b>	<b>475</b>
6.1. Inngangur	475
6.2. Landnám	475
6.3. Almenningar	475
6.4. Þórsmörk	481
6.5. Teigstungur	487
6.6. Múlatungur	491
6.7. Goðaland	495
6.8. Merkurtungur	500
6.9. Stakkholt	504
6.10. Steinsholt	508
6.11. Stóra-Mörk	511



6.12. Mið-Mörk .....	515
6.13. Ysti-Skáli .....	517
6.14. Mið-Skáli .....	520
6.15. Ásólfskálatorfa .....	523
6.16. Holtshverfisjarðir .....	526
6.17. Núpakot .....	529
6.18. Þorvaldseyri (Svaðbæli) .....	531
6.19. Seljavellir (Lambafell) .....	534
6.20. Raufarfell .....	537
6.21. Rauðafell .....	540
6.22. Hrutafell, Hólatungur og Borgartungur .....	543
6.23. Drangshlíð, Drangshlíðardalur og Skarðshlíð .....	549
6.24. Ytri-Skógar .....	552
6.25. Eystri-Skógar og Skógafjall .....	555
6.26. Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Núpur, Stóri-Dalur, Syðsta-Mörk og önnur landsvæði .....	561
6.27. Um málskostnað .....	563
6.28. Um tæknileg atriði .....	563
<b>7. ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>563</b>
<b>VIÐAUKAR.</b>	
I. Hnit	
II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL .....</b>	<b>591</b>
I. Kort	
II. Aðila- og eigendaskrá	
III. Skjalaskrá	
IV. Tækniskýrsla	



## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Allan V. Magnússon.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en þeirra sem lýsa kröfum til Stakkholts, Steinsholts og Merkurtungna, vegna Almenninga.

Eigendur og umráðamenn Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu vegna Þórsmerkur.

Eigendur lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum, Rangárþing eystra og eigendur jarða í Eyjafjallasveit sem voru í konungseign 1588 vegna Goðalands.

Eigendur Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna.

Eigendur Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð vegna Múlatungna.

Eigendur Stóru-Merkur I, II og III vegna Merkurtungna.

Eigendur Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða vegna Stakkholts.

Eigendur Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur vegna Steinsholts.

Eigendur Stóru-Merkur I-III vegna Stórumerkurheiðar.

Eigandi Mið-Merkur vegna Miðmerkurheiðar.

Eigandi Syðstu-Merkur vegna Syðstumerkurheiðar.

Eigendur Stóradalstorfu (Stóra-Dals, Dalskots, Mið-Dals og Eyvindarholts) vegna Stóradalsheiðar.

Eigendur Núps I-III vegna Núpsheiðar.

Eigendur Ysta-Skála II-IV vegna Ystaskálaheiðar.

Eigendur Mið-Skála I-III vegna Mið-Skálaheiðar.

Eigendur Ásólfsskálajarða (Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa) vegna Ásólfsskálaheiðar.

<sup>1</sup> Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Eigendur Holtshverfisjarða (Varmahlíðar, Vallnatúns, Hellnahóls, Ormskots, Efstu-Grundar, Mið-Grundar, Syðstu-Grundar og Indriðakots) vegna Holtsheiðar.

Eigendur Núpakots vegna Steinatungna.

Eigandi Þorvaldseyrar vegna Svaðbælisheiðar.

Eigandi Seljavalla vegna Lambafellsheiðar.

Eigendur Raufarfells I-IV og Selkots.

Eigendur Rauðafells I-III.

Eigendur Eyvindarhóla vegna beitarítaks jarðarinnar í Hólatungum í Hrutafellslandi.

Eigendur Stóru-Borgartorfu vegna beitarítaks torfunnar í Borgartungum í Hrutafellslandi.

Eigandi Hrutafells vegna Hrutafellsheiðar.

Eigendur Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða (Drangshlíðardals, Drangshlíðar I-II, Skarðshlíðar I-III) vegna Drangshlíðarheiðar.

Eigendur Ytri-Skóga vegna Ytri-Skógaheiðar.

Eigandi Eystri-Skóga vegna Eystri-Skógaheiðar.

Eigendur Ytri-Skóga og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfr.)

Eigandi jarðanna Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, Holts undir Vestur-Eyjafjöllum og Odda á Rangárvöllum vegna hálftrar Þórsmerkur og Goðalands.

(Ólafur Björnsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

### 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um

svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

Afmörkun svæðisins til austurs tók nokkrum breytingum á síðari stigum.

### 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakinn var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 5/2003

Í janúar 2003 var lögmönnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjarhreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði sem til meðferðar er í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra (Rangárvallasýslu), afmarkast til vesturs af mörkum fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps gagnvart fyrrum Austur-Landeyjahreppi og til norðurs af mörkum fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps gagnvart fyrrum Fljótshlíðar- og Hvolhreppum. Öll framangreind landsvæði eru nú í Rangárþingi eystra. Til austurs afmarkast svæðið af mörkum Rangárvallasýslu gagnvart Vestur-Skaftafellssýslu. Þá er Eyjafjallajökull allur til meðferðar hér sem og svæði á Mýrdalsjökli sem afmarkast af línu sem dregin er frá upptökum Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, til norðausturs inn á jökulinn, í stefnu á Mælifell við norðaustanverðan Mýrdalsjökul. Þeirri línu er fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í suðaustanverðum jöklinum. Úr framangreindum skurðpunkti er svo dregin lína í Entu (1347 m). Til suðurs afmarkast svæðið af hafinu.

Á því svæði sem hér hefur verið lýst hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um eignarland innan hluta þess landsvæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

#### 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 5/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og fyrirvarsmanna málsaðila 14. febrúar 2003. Gefið var færi á athugasemdum við skipan óbyggðanefndar í málinu en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og farið yfir ýmis atriði varðandi skjöl og gagnaöflun. Gerð var grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl., sbr. einnig bréf óbyggðanefndar til lögmanna, dags. 29. september 2002. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort sáttaflötur væri á málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 14. mars var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 11. apríl var sá frestur framlengdur um tvær vikur, auk þess sem óbyggðanefnd lagði fram nokkur gögn. Greinargerð Braga Björnssonar hdl. og Einars Jónssonar lögfræðings var lögð fram við fyrirtöku málsins 25. apríl ásamt fleiri gögnum. Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. vegna Prestsetrasjóðs var lögð fram við fyrirtöku málsins 27. júní. Við sama tækifæri var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Einnig voru lögð fram ýmis gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 1.-4. júlí 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferðir, skýrslutökur og munnlegan málflytning. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmannna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendlaga, en svo var ekki. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í gamla grunnskólanum á Skógum. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmennt fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmenntum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmenntum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

Málið var jafnframt endurupptekið 6. september 2005 og bókað um nánari tilgreiningu á úrskurðarlínu við sunnanvert Skógafjall, bæði í texta og á korti, án þess að í því fælist efnisleg breyting. Orðalag í upphaflegum úrskurðarorðum og meðfylgjandi skýringarkorti tók mið af upplýsingum á kortagrunni Landmælinga Íslands en í ljós var komið að þær voru rangar.

### 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

#### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins vegna þjóðlendu

Í greinargerð, dags. 13. mars 2003, er þess krafist af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk á Eyjafjallasvæði er sá sami og síðasti punktur í Mýrdalshreppi í Vestur Skaftafellssýslu og kallast A og er á sýslumörkum neðst í Skógafjalli. Frá punkti A er dregin lína upp með Fjallgili í punkt B, en hann er þar sem bein lína milli Hornfellsnípu og punkts efst í Hofsórgili sker Fjallgilið. Frá punkti B er svo lína í punkt C, sem er efst í Hofsórgili og þaðan í Hornfellsnípu, sem verður punktur D, frá punkti D er dregin lína í punkt E, sem er í 527m hæð ofarlega í Lambafellsheiði, þaðan er svo dregin bein lína í Þríhyrning í vestari hreppnum og verður punktur F, þar sem sú beina lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur- Eyjafjallahreppa.

Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi og Þórsmerkursvæði er punktur A, sem er sá sami og síðasti punktur í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, sem er þar sem bein lína milli punkts í Lambafellsheiði í 527m hæð og punkts í Þríhyrningi sker hreppamörkin. Frá punkti A er dregin lína beint í hæsta punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650m hæð (punktur B), frá punkti B í Stórhöfða 741m, sem verður punktur C, frá punkti C í punkt D, sem er í 706m hæð í Arnargilshrygg, frá þeim punkti í punkt E, sem er í Helluhnjúk, þaðan er dregin bein lína í punkt F, sem er þar sem Steinhóltsá rennur út á Markarfljótsaura og þaðan í Öldustein, sem verður punktur G og lokapunktur á kröfusvæðinu, en þar sem hreppamörk voru óljós þarna fyrir síðustu breytingu á umdæmum sveitarfélaga er kröfulínan í samræmi við fyrri kröfulýsingu dregin áfram í átt að punkti efst í Fremra Kanastaðagili.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að kröfulína íslenska ríkisins hafi tekið breytingum í samræmi við breytta staðsetningu á Jöldusteini.

#### 3.2. Kröfur eigenda lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en Steinholts, Stakkholts og Merkurtungna, vegna Almenninga

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

lögbyla í Vestur-Eyjafjallahreppi „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur afréttarins, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli falli við landamerki, til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst skv. landamerkjaskrá fyrir Almennina nr. 21 í landamerkjabók Rangárvallasýslu og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: „Afrétturinn Almenningar, sem tilheyrir meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps, hefir þessi takmörk: að innanverðu Emstruána fremri frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í Fljótsgilinu, þá Markarfljót niður eftir gilinu þar til Þröngá fellur í það; enn að framanverðu í móti Þórsmörk, Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.“ Að austan ráði jökulbrún.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Almennina og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

Við fyrstu fyrirtöku málsins var gerð sú athugasemd af hálfu framangreindra aðila að á kröfulínukorti (kortagrunni Landmælinga Íslands) séu hreppamörk rangt teiknuð rétt norður af Entujökli. Kröfulína vegna Almennina á þessu svæði sýni hin réttu hreppamörk, auk þess sem norðan við hana hafi áður verið Hvolhreppur, ekki Fljótshlíðarhreppur.

### **3.3. Kröfur eigenda Ásólfsskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, vegna Þórsmerkur**

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að Ásólfsskálakirkja og Stóradalskirkja, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landsvæðinu, skv. máldagaskrá, fornum vitnisburðum og landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki landsvæðisins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan, Þröngá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og þar til hún fellur í Markarfljót síðan ræður Markarfljót allt fram á móts við Þórsmerkurrana. En að sunnanverðu Krossá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og alla leið fram fyrir Þórsmerkurrana.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð er gerð sú breyting að kröfugerð vegna Þórsmerkur er einnig sett fram í nafni „jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu“. Einnig kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Þórsmerkur og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.



### 3.4. Kröfur eiganda Breiðabólstaðar, Holts og Odda vegna hálftrar Þórsmerkur og Goðalands

Í kröfulýsingu, dags. 7. maí 2002, er þess krafist „að viðurkennt verði að Prestsetrasjóður, sem eigandi jarðanna Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, Holts í V-Eyjafjöllum og Odda á Rangárvöllum, hafi beinan eignarrétt að ½ Þórsmörk og Goðalandi, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði hefðbundinn afnotaréttur vegna ofangreindra jarða í þjóðlendu komi til þess að hluti landsins teljist þjóðlenda.

Landamerki Goðalands, sem er afréttarland er tilheyrir jörðinni Breiðabólstað í Fljótshlíð, eru þessi: „Að innanverðu ræður gil það ofanfrá Eyjafjallajökli, sem nú er á milli Múlatungna og hinna svokölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá, þá Krossá frameftir (eða miður farvegur hennar) milli Goðalands og Þórsmerkur þar til Hvanná fellur í hana, þá Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

Í greinargerð, dags. 9. maí 2003, er framangreind kröfugerð sundurliðuð þannig að þess er krafist „að viðurkennt verði að Prestsetrasjóður, sem eigandi jarðarinnar Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, hafi beinan eignarrétt að landsvæði því er nefnt er Goðaland, sem er hluti Þórsmerkursvæðisins, sbr. og meðfylgjandi uppdrátt. Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði að Prestsetrasjóður, sem eigandi jarðarinnar Odda á Rangárvöllum, hafi beinan eignarrétt að ½ Þórsmörk. Þá ber að gæta að fornum skógartekjuréttindum jarðarinnar Holts í V-Eyjafjöllum á þessu svæði er benda til óbeins eignarréttar á svæðinu.“

„Landeigandi lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins 13. mars 2003, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

### 3.5. Kröfur eigenda lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum, Rangárþings eystra og eigenda jarða í Eyjafjallasveit sem voru í konungseign árið 1588, til Goðalands

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Austur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi og/eða hreppsins og/eða Vestur-Eyjafjallahrepps „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.

Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Krossá frá upptökum uns Hvanná fellur í hana, að vestan Hvanná frá upptökum Innri-Hvannár. Að öðru leyti ræður jökulbrún og vatnaskil á Fimmvörðuhálsi.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Framangreind kröfugerð tekur til Goðalands, ásamt Múla- og Teigstungum. Í greinargerð kemur hins vegar fram aðskilin kröfugerð vegna hvers landsvæðis um sig. Jafnframt kemur fram að Rang-

árþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Goðalands og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998“.

Í greinargerð er þannig gerð eftirfarandi krafa af hálfu Rangárþings eystra vegna Goðalands, fyrir hönd allra lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum: „Að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Jafnframt er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Hrunaá frá upptökum uns Krossá fellur í hana, að vestan Hvanná frá upptökum Innri-Hvannár. Að öðru leyti ræður jökulbrún og vatnaskil á Fimmvörðuhálsi dregin beint til austurs og vesturs frá Þrivörðuskeri að jökulbrúnum.“

Til vara gerir Rangárþing eystra sömu kröfur til handa sjálfu sér.

Til þrautavara gerir Rangárþing eystra sömu kröfur til handa eigendum konungsjarða í hreppunum eins og þær voru árið 1588, en þær eru Eystri-Skógar, Ytri-Skógar, Drangshlíð, Skarðshlíð, Bakkakot (bæði), Hörðuskáli, Lambafell (nú líka Seljavellir), Berjanes, Stóra Mörk (hálf), Mið-Mörk, Fit og Halí (nú Fitjarmýri).“

### 3.6. Kröfur eigenda Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er sett fram krafa vegna Goðalands, Múlatungna og Teigstungna sameiginlega, sjá kafla 3.5. Í greinargerð, dags. 25. apríl 2003, kemur hins vegar fram aðskilin kröfugerð vegna hvers landsvæðis um sig. Þannig krefst Rangárþing eystra þess fyrir hönd eigenda Teigstorfu í Fljótshlíð vegna Teigstungna „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Jafnframt er þess krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Krossá frá upptökum uns Hrunaá fellur í hana, uppeftir henni uns Tungnakvísl fellur í hana og síðan eftir henni til jökuls. Síðan eftir jökulbrún á milli upptaka Tungnakvíslar og Krossár.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Teigstungna og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998“.

### 3.7. Kröfur eigenda Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð vegna Múlatungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er sett fram krafa vegna Goðalands, Múlatungna og Teigstungna sameiginlega, sjá kafla 3.5. Í greinargerð, dags. 25. apríl 2003, kemur hins vegar fram aðskilin kröfugerð vegna hvers landsvæðis um sig. Þannig krefst Rangárþing eystra þess fyrir hönd eigenda Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að nytjendur afréttarins skv. hefð og venju, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til af-

réttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Jafnframt er þess krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Að norðan Tungnakvísl frá upptökum uns Hrunaá fellur í hana, síðan uppeftir henni til jökuls. Síðan eftir jökulbrún á milli upptaka Tungnakvíslar og Hrunaár.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Múlatungna og í fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

### **3.8. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I, II og III vegna Merkurtungna**

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Stóru-Merkur I, II og III „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Stóru-Merkur eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. hefð og venjubundnum merkjum. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar verði þau sem hér er lýst og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: Hvanná fremri og innri frá upptökum í jöklinum, uns þær koma saman neðan tungnanna, en jökulbrún að sunnan.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.9. Kröfur eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða vegna Stakkholts**

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir hönd eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur afréttarins eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst: skv. landamerkjaskrá fyrir Stóra-Dal nr. 22 í landamerkjabók Rangárvallasýslu og að það land sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: „Afréttarlandið Stakkholt ... liggur sunnan Krossár í millum Steinhóltsár og Hvannár.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við fyrirsvari vegna Stakkholts og í

fundargerð aðalmeðferðar málsins segir að „aðild sveitarfélagsins að kröfugerð vegna smáafréttanna norðan Eyjafjallajökuls byggist á 2. mgr. 11. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998“.

### 3.10. Kröfur eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur vegna Steinsholts

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur „að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur afréttarins eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli við landamerki, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“ Þess er einnig krafist „að viðurkennt verði að landamerki afréttarins séu þau sem hér er fyrst lýst skv. landamerkjaskrá fyrir Steinsholt nr. 20 í landamerkjabók Rangárvallasýslu og að það land allt sé allt háð beinum og fullkomnum eignarrétti: „Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Mið-Mörk, Fitjamýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: á innri hlið, á móti Stakkholti, Steinsholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót þar til Jökulá fellur í það; enn að framanverðu í móts við Langanes (Stórumerkurland) Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.“ Og að sunnan ráði jökulbrún, en að norðan Krossá/Markarfljót skv. meðfylgjandi korti.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11. Kröfur eigenda Stóru-Merkur I-III vegna Stórumerkurheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Stóru-Merkur I-III að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Stórumerkurheiði og heiða upp af Langanesi (eignarland Stóru-Merkur I-III) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 21, 22, 23, 24, 25 og 26.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Stóru-Mörk, þingl. 23. maí 1890, upplesin í Stóru-Dalskirkju og Holtskirkju 1741. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila.“

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Mót suðri og suðvestri: Ræður svokallað Bæjargil úr 320 metra hæð yfir sjó (punktur 21) og upp til enda gilsins. Þaðan ræður stefna gilsins til suðurmarka jarðarinnar (punktur 23). Síðan eru suðurmörk jarðarinnar miðuð við beina stefnu til austurs úr sunnanverðu Dagmálafjalli, þar sem 900 metra hæðarlína gengur lengst til suðurs í fjallinu (punktur 14) fyrst til viðmiðunar, en sem landamerki úr skurðpunkti línunnar að vestan og norðvestan (punktur 23) og beint til austurs að jökulbrún (punktur 24). Við jökul: Ræður jökulbrún landamerkjum (frá punkti 24) til norðurs og austurs allt að framanverðum sporði Gígjökuls (punktur 25) en þaðan miðlína jökullónsins og Jökulsár sem úr því fellur, allt að hreppamörkum (punktur 26).“

### 3.12. Kröfur eiganda Mið-Merkur vegna Miðmerkurheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Mið-Merkur að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Miðmerkurheiði (eignarland Mið-Merkur) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 19, 20, 14, 23, 22 og 21“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Mið-Mörk, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Mörk mót suðvestri: Kambagil, norðanvert við Rauðahraun, frá gilskjafti (punkti 19) að gilsbotni (punktur 20). Úr gilsbotninum ræður stefna gilsins merkjum að suðurmerkjum jarðarinnar (punktur 14). Að sunnan: Beint til austurs úr sunnanverðu Dagmálafjalli þar sem 900 metra hæðarlína nær lengst til suðurs í fjallinu (punktur 14), uns mörk jarðarinnar mót norðri og norð-austri skera þá línu (punktur 23). Mót norðri og norðaustri: Ræður svokallað Bæjargil úr 320 metra hæð yfir sjó (punktur 21) og upp til enda gilsins. Þaðan ræður stefna gilsins til suðurmarka jarðarinnar (punktur 23).“

### 3.13. Kröfur eiganda Syðstu-Merkur vegna Syðstumerkurheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Syðstu-Merkur að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Syðstumerkurheiði (eignarland Syðstu-Merkur) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 17, 18, 13, 20 og 19“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Syðstu-Mörk, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að sunnan: Úr botni Hrafnagils (punktur 17) bein lína um Hádegishnjúk og áfram með brúnum sama lína þar til komið er í vestan- og sunnanvert Dagmálafjall (punkt 18). Að austan: Ræður sjónhending í norðlæga átt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt Stórhöfði). Lengstum er sjónhending þessi til viðmiðunar en gagnvart Ysta-Skála er hún landamerkjalinna jarðarinnar (á milli punkta 18 og 13). Að norðan: Ræður Kambagil norðanvert við Rauðahraun merkjum frá gilskjafti (punkti 19) að gilsbotni (punktur 20). Úr gilsbotninum ræður stefna gilsins merkjum að austurmerkjum jarðarinnar (í punkti 13).“

### 3.14. Kröfur eigenda Stóradalstorfu vegna Stóradalsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Stóradalstorfu (Stóra-Dals, Dalskots og Eyvindarholts) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Stóradalsheiði (eignarland Stóra-Dals, Mið-Dals og Eyvindarholts) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 15, 16, 18 og 17.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Stóra-Dal, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892 og landskiptagerðar Stóradalstorfu, dags. 21. júní 1969. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan

málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að sunnan: ræður vatnsfarvegur, upp frá Seljalandsá (frá punkti 15) norðanvert við Bláfell um Tröllagil, svo langt sem hann nær (að punkti 16). Að austan: ræður sjónhending í norðlæga átt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt sem Stórhöfði) fyrst til viðmiðunar en síðan (úr punkti 16) sem landamerki torfunnar uns línan sker norðurmörk torfunnar (í punkti 18). Síðastnefndi skurðpunkturinn verður einnig ákvarðaður með því að draga viðmiðunarlínu beint til vesturs úr sunnanverðu Dagmálafjalli þar sem 900 metra hæðarlína nær lengst til suðurs í fjallinu (punktur 14). Að norðan: Úr botni Hrafna-gils (punktur 17) bein lína um Hádegishnjúk og áfram með brúnum sama lína þar til komið er í vestan- og sunnanvert Dagmálafjall (punktur 18).“ Í viðaukanum kemur einnig skýrt fram að krafan sé gerð vegna Stóra-Dals, Dalskots, Mið-Dals og Eyvindarholts.

### 3.15. Kröfur eigenda Núps I-III vegna Núpsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Núps I-III að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Núpsheiði (eignarland Núps I-III) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 11, 12, 16 og 15“. Vísað er almennt til lögfestu fyrir Núp, dags. 25. júlí 1842, upplestin í Holtskirkju 7. ágúst 1842 og 31. maí 1843 fyrir manntalsrétti. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Sunnan Króks (punktur 11) ræður vestari kvísl Írár (Myrká) til upptaka. Þaðan ræður sjónhending í norðurátt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt sem Stórhöfði) uns mætast lína þessi og landamerki jarðarinnar að norðan. Að norðan ræður vatnsfarvegur, upp frá Seljalandsá (frá punkti 15) norðanvert við Bláfell um Tröllagil, svo langt sem hann nær (að punkti 16).“

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra hafi tekið við aðild að máli þessu vegna Núps II af Vestur-Eyjafjallahreppi.

### 3.16. Kröfur eigenda Ysta-Skála II og IV vegna Ystaskálaheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Ysta-Skála II og IV að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Ysta-Skálaheiði (eignarland Ysta-Skála I-IV) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 9, 10, 14, 13, 12 og 11“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður sjónhending tekin fremst á Miðskálaegg (punktur 9) beina línu inn eftir egginni og síðan í sömu stefnu að norðurmörkum. Að vestan: Sunnan Króks (punktur 11) ræður vestari kvísl Írár (Myrká) til upptaka. Þaðan ræður sjónhending í norðurátt austanvert við landnorðurshornið á Bláfelli (á korti merkt sem Stórhöfði) uns mætast lína þessi og landamerki Mið-Merkur í Dagmálafjalli (punktur 13). Að norðan: Ráða landamerki Mið-Merkur, fyrst bein lína úr Kambagili með stefnu af gilinu (milli punkta 13 og 14) og síðan áfram bein stefna til austurs, úr sunnanverðu Dagmálafjalli þar sem landamerkin skera 900 metra hæðarlínu syðst í fjallinu (punktur 14), allt þar til austur- og norðurmörk jarðarinnar skerast (punktur 10).“

Í greinargerð kemur fram að krafa þessi sé gerð vegna Ysta-Skála I-IV.

### 3.17. Kröfur eigenda Mið-Skála I-III vegna Miðskálaheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Mið-Skála I-III að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Mið-Skálaheiði (eignarland Mið-Skála I-III) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 7, 8, 24, 10 og 9.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Mið-Skála, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður Miðskálaá frá láglandi (60 m.y.s. punktur 7) og til upptaka í jökli (punktur 8). Að vestan: Ræður sjónhending tekin fremst á Miðskálaegg (punktur 9) beina línu inn eftir egginni og síðan í sömu stefnu að norðurmörkum. Að norðan: Jökulbrúnnin uns kemur að landamerkjalinu á móti Stóru-Mörk (línu á milli punkta 10 og 24) þar sem hún sker jökulbrúnnina, á því bili ræður sú lína, en hún er dregin, fyrst sem viðmiðunarlína beint til austurs úr Dagmálafjalli sunnanverðu þar sem 900 metra hæðarlína í fjallinu gengur lengst til suðurs, en síðan sem landamerkjalinna.“

### 3.18. Kröfur eigenda Ásólfskálajarða vegna Ásólfskálaheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Ásólfskálajarða (Ásólfskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Ásólfskálaheiði (eignarland Ásólfskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 5, 6, 8 og 7.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Ásólfskála, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Holtsá ræður þar sem hún rennur á Holtsdal (punktur 5) og áfram inn til landsins þar sem áin rennur um Tungugil eystra til upptaka í jökli. Að vestan: Ræður Miðskálaá frá láglandi (60 m.y.s. punktur 7) og til upptaka í jökli (punktur 8). Að norðan ræður jökulbrún.“

### 3.19. Kröfur eigenda Holtshverfisjarða vegna Holtsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Holtshverfisjarða (Varmahlíðar, Hellnahóls, Ormskots, Efstu-Grundar, Mið-Grundar, Syðstu-Grundar og Indriðakots) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Holtsheiði (eignarland Holtshverfisjarða) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 1, 2, 3, 4, 6 og 5.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Holtsland, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Úr enda Merkisgils ofan brúna (punktur 1) ráða hreppamörk að gilinu vestan Steinatungna (punktur 3), en síðan það gil að jökulbrún. Að vestan: Holtsá ræður þar sem hún rennur á Holtsdal (punktur 5) og áfram inn til landsins þar sem áin rennur um Tungugil eystra til upptaka í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“

Í greinargerð kemur fram að umráðamenn Vallatúns (Vallnatúns) séu einnig aðilar að kröfum þessum.

### 3.20. Kröfur eigenda Núpakots vegna Steinatungna

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Núpakots að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Steinatungum (eign Núpakots) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 25, 26, 29, 28 og 27.“ Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Núpakot, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.



Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður Svaðbælisá, frá þeim stað er hún rennur í 60 metra hæð yfir sjó (punktur 25), inn til landsins. Þar sem áin greinist framan Steinatunga ræður eystri kvíslin til upptaka í jökli. Að vestan: Úr Leyni (punktur 27) ræður sjónhending með austanverðum Steinafjallsenda uns komið er að hreppamörkum. Þaðan ráða hreppamörk að gílinu vestan Steinatunga, en síðan gilið að jökulbrún (punktur 29). Að norðan ræður jökulbrún.“

### 3.21. Kröfur eiganda Þorvaldseyrar vegna Svaðbælisheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Þorvaldseyrar að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Svaðbælisheiði (eign Þorvaldseyrar) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 23, 24, 26 og 25“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Svaðbæli, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, og gerðardóms 29. júní 1968 vegna deilna um landamerki Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Frá gilkafti Merkgigils (punktur 23) ræður Lambafellsá þar sem hún rennur í gílinu, allt til upptaka í jökli. Að vestan: Ræður Svaðbælisá, frá þeim stað er hún rennur í 60 metra hæð yfir sjó (punktur 25), inn til landsins. Þar sem áin greinist framan Steinatunga ræður eystri kvíslin til upptaka í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“

### 3.22. Kröfur eiganda Seljavalla vegna Lambafellsheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Seljavalla að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Lambafellsheiði (eign Seljavalla) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 21, 22, 24 og 23“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Lambafell, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, og landskiptagerðar á milli Seljavalla og Lambafells, dags. 5. júní 1973. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Frá mótum Laugarár og árkvíslar að

austan (punktur 21) ræður Laugará að upptökum í jökli. Að vestan: Frá gilkafti Merkgils (punktur 23) ræður Lambafellsá þar sem hún rennur í gilinu, allt til upptaka í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“

### 3.23. Kröfur eigenda Raufarfells I-IV og Selkots

Í kröfulýsingu vegna fjölda jarða í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 22. apríl 2002, er ekki sett fram sérstök krafa af hálfu eigenda Raufarfells og Selkots. Samt sem áður eru eigendur Raufarfells II-III og Selkots tilgreindir sem aðilar að kröfulýsingunni, kröfulínur teiknaðar á meðfylgjandi kort og vísað almennt til landamerkjabréfs fyrir Raufarfall, dags. 16. mars 1886. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, gerði óbyggðanefnd athugasemd við skort á skýru samhengi texta og korta í framangreindri kröfulýsingu og óskaði eftir nánari upplýsingum. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Af kröfulýsingu og viðauka við hana verður ráðið að af hálfu eigenda Raufarfells og Selkots er gerð sú krafa að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra innan eftirfarandi merkja: „Að austan: Frá Högnakletti (punktur 19) ráða fjallseggiar að jökulbrún (punktur 20). Að vestan: Frá mótum Laugarár og árkvíslar að austan (punktur 21) ræður Laugará að upptökum í jökli. Að norðan ræður jökulbrún.“ Hið sama kemur síðan fram í greinargerð.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Í greinargerð kemur fram að eigandi Raufarfells I sé einnig aðili að kröfum þessum.

### 3.24. Kröfur eigenda Rauðafells I-III

Í kröfulýsingu vegna fjölda jarða í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 22. apríl 2002, er ekki sett fram sérstök krafa af hálfu eigenda Rauðafells. Samt sem áður eru eigendur Rauðafells I, II og III tilgreindir sem aðilar að kröfulýsingunni, kröfulínur teiknaðar á meðfylgjandi kort og vísað almennt til landamerkjabréfs fyrir Rauðafell, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, gerði óbyggðanefnd athugasemd við skort á skýru samhengi texta og korta í framangreindri kröfulýsingu og óskaði eftir nánari upplýsingum. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Af kröfulýsingu og viðauka við hana verður ráðið að af hálfu eigenda Rauðafells er gerð sú krafa að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra innan eftirfarandi merkja: „Að austan: Frá gilkafti Kaldaklifsgils (punktur 13) ræður Kaldaklifsá að upptökum í jökli (punktur 14). Að vestan: Frá Högnakletti (punktur 19) ráða fjallseggiar að jökulbrún (punktur 20). Að norðan ræður jökulbrún.“ Hið sama kemur síðan fram í greinargerð.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

### 3.25. Kröfur eigenda Eyvindarhóla vegna Hólatungna í Hrutafellsheiði

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eins eigenda Eyvindarhóla að Hólatung-

ur verði viðurkenndar sem beitarítak „með tilteknum merkjum innan Hrutafellsheiðar, en viðurkennd að öðru leyti eign Hrutafells að Tungunum“. Umrædd merki eru dregin á milli punktanna 14, 15, 17, 16 og 14. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Eyvindarhóla og Hólatungur, dags. 14. janúar og 27. apríl 1885 og þingl. 21. maí 1890. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Frá upptökum Kaldaklifsár (punktur 14) ræður hún uns henni sameinast á sem rennur úr austri (punktur 15). Ræður síðarnefnda áin að sunnan, en að austan árkvisl sem rennur úr jökli (punktur 16) milli Hólatungna og Borgartungna. Að norðan ræður jökulbrún mörkum.“

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra sé aðili að kröfu vegna Eyvindarhóla, fyrir hönd annarra eigenda en þess sem tilgreindur er í kröfulýsingu.

### **3.26. Kröfur eigenda Stóruborgartorfu vegna Borgartungna í Hrutafellslandi**

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eins eigenda Stóru-Borgar að Borgartungur verði viðurkenndar sem beitarítak „með tilteknum merkjum innan Hrutafellsheiðar, en viðurkennd að öðru leyti eign Hrutafells að Tungunum“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs fyrir Stóru-Borg, Klömburu, Minni-Borg og Sitjanda, dags. 25. febrúar 1886 og þingl. 21. júní 1887. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Árkvislar sem renna beggja vegna Tungnanna, og eiga upptök í jökli, afmarka Tungurnar að austan og vestan, kvíslar þessar koma saman sunnan Borgartungna (punktur 17). Að norðan á milli upptaka árkvísllanna (punktar 16 og 18) ræður jökulbrún mörkum.“

Í greinargerð kemur fram að Rangárþing eystra sé aðili að kröfu vegna Stóruborgartorfu, fyrir hönd annarra eigenda en þess sem tilgreindur er í kröfulýsingu.

### **3.27. Kröfur eigenda Hrutafells vegna Hrutafellsheiðar**

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Hrutafells að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Hrutafellsheiði (eign Hrutafells) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 11, 12, 12a, 14 og 13“. Vísað er almennt til landamerkjabréfs Hrutafells, dags.

14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, og dóms landsyfirdóms 31. mars 1913 í máli Hrutafells með Hrutafellskoti og Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal, þingl. 10. júní 1913. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi, en á Fimmvörðuhálsi á jökla upp til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og ornefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður sjónhending frá stóra steininum á Yxnadalsöxl (punktur 11) um Hornfellsnípu uns komið er að merkjum að norðan. Að vestan: Frá gilkafti Kaldaklifsgeils (punktur 13) ræður Kaldaklifsá að upptökum í jökli (punktur 14). Að norðan ræður jökulbrún frá upptökum Kaldaklifsár til austurs og norðurs uns lína frá austri til vesturs, sem dregin er um Þrívörðusker þar sem það er hæst, sker jökulbrúnina (punktur 12a), frá þeim punkti ræður línan um Þrívörðusker norðurmörkum uns hún mætir línu í austurmörkum (punktur 12).“

### 3.28. Kröfur eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða vegna Drangshlíðarheiðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða (Drangshlíðar I-II, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar I-III) að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Drangshlíðarheiði (eign Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 8, 9, 10, 12 og 11“. Vísað er almennt til landamerkjabréfa Drangshlíðar (og Skarðshlíðar), öll þrjú dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og dóms landsyfirdóms 31. mars 1913 í máli Hrutafells með Hrutafellskoti og Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal, þingl. 10. júní 1913. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna á Fimmvörðuhálsi hugsast dregin „á jökla upp til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og ornefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Frá mótum Skógár og Króksár (punktur 8), ræður Skógá til eystri upptaka sinna (punktur 9) þaðan sjónhending mitt á milli norð-austurs og norð-norð-austurs í jökulbrún. Að vestan: Ræður sjónhending frá stóra steininum á Yxnadalsöxl (punktur 11) um Hornfellsnípu uns komið er að merkjum að norðan. Að norðan ræður lína frá austri til vesturs sem dregin er um Þrívörðusker þar sem það er hæst.“

### 3.29. Kröfur eigenda Ytri-Skóga vegna Ytriskógaheiði

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Ytri-Skóga að viðurkenndur

verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Ytriskógaheiði (eign Ytri-Skóga) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 5, 6, 7, 10, 9 og 8.“ Vísað er almennt til landamerkjabréfa Ytri-Skóga, hið fyrra dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885, og hið síðara dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, auk sammings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, sem staðfestur var af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður Dalá frá u.þ.b. 240 metra hæð yfir sjó (punktur 5) allt til upptaka, þaðan sjónhending til norð-norð-austurs beint í jökul. Að vestan: Frá mótum Skógár og Króksár (punktur 8), ræður Skógá til eystri upptaka sinna (punktur 9) þaðan sjónhending mitt á milli norð-austurs og norð-norð-austurs í jökulbrún. Að norðan ræður jökulbrún.“

### 3.30. Kröfur eiganda Eystri-Skóga vegna Eystriskógaheiði

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Eystri-Skóga að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hennar að „Eystriskógaheiði (eign Eystri-Skóga) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 1, 3, 4, 7, 6 og 5“. Vísað er almennt til landamerkjabréfa Eystri-Skóga, hið fyrra dags. 9. nóvember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og hið síðara dags. 14. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, auk sammings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, sem staðfestur var af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður fremsti hluti Jökulsárgils (punktur 1), vestan Hestapingsháls, til norðurs uns komið er að Fjallgilsá, þaðan ræður áin til upptaka í jökli. Að vestan: Ræður Dalá frá u.þ.b. 240 metra hæð yfir sjó (punktur 5) allt til upptaka, þaðan sjónhending til norð-norð-austurs beint í jökul. Að norðan ræður jökulbrún.“

### 3.31. Kröfur eiganda Ytri-Skóga og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Ytri-Skóga og Eystri-Skóga að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Skógafjalli (eign Ytri-Skóga að 4/5 og Eystri-

Skóga að 1/5) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 2, 3, 4, 5 og 2.“ Vísað er almennt til samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, sem staðfestur var af stiftsýfirvöldum 14. september 1901. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Frá skurðpunkti, þar sem mætast Fjallgil og Votagjá (punktur 3), um Votugjá til austurs, síðan með sýslumörkum um Jökulsárgil til jökuls, þaðan ræður jökulbrún að upptökum Fjallagilsár (punktur 4), en síðan áin í gilinu að áður fyrstnefndum mótum Fjallgils og Votugjár (punktur 3).“

Við aðalmeðferð málsins, 4. júlí 2003, var kröfugerð vegna Skógafjalls breytt á þann veg að í stað þess að kröfulína jarðanna liggja um Votugjá „verði miðuð við sýslumörk Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu, þannig að svokallað Litlafjall syðst í Skógarfjalli falli til sameignarlands jarðanna“. Ný kröfugerð er nánar tiltekið svohljóðandi: „Frá skurðpunkti, þar sem mætast Fjallgil og sýslumörk Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu síðan til austurs, áfram með sýslumörkum um Jökulsárgil til jökuls, þaðan ræður jökulbrún að upptökum Fjallagilsár (punktur 4), en síðan áin í gilinu að áður fyrstnefndum mótum Fjallgils og sýslumarka (punktur 3).“ Breyting þessi á kröfugerð er sögð tilkomin vegna upplýsinga sem fram komu við vettvangsferð.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-14 ásamt undirskjölum eða samtals 690 skjöl, auk 36 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar sam-

kvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 3, 4 og 5. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirlinum 3 og 5) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafns er nr. 3 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar nr. 5.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leituðu eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum í óprentuðum gögnum safnsins en óbyggðanefnd aflaði ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Einnig kannaði óbyggðanefnd landskiptabækur við sýslumannsembættið.

Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfirréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitásiubækur prófastea, brauðamöt, kirkjustóla og skýrslur presta um tekjur og útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru enn fremur athuguð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfð-

ingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 4 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita sem áður hafa verið nefnd fóru starfsmenn óbyggðanefndar yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og var stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) hefur ekki verið ljósrituð að neinu leyti heldur stuðst við hana sem almennt uppsláttarrit.

Um önnur gögn, prentuð og óprentuð, en hér hafa verið nefnd er vísað til áður nefndra greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og skjalaskrár.

#### 4.4. Vettvangsferð

Farið var á vettvang dagana 1., 2. og 4. júlí. Fyrsti hluti vettvangsferðar hófst Að morgni þriðjuddagsins 1. júlí. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila, var séra Sváfnir Sveinbjarnarson, fyrrverandi prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð með í för. Ekið var frá Hótel Skógum í vesturátt eftir Þjóðvegi nr. 1. Beygt var út af við Seljalandsfoss og haldið í átt að Þórsmörk. Staðnæmst var innan við Stóru-Mörk og þeir Baldur Björnsson, Fitjamýri, og Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk, stigu upp í bílinn. Fram kom að þeir hefðu báðir verið oddvitar og fjallkóngar í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi. Guðjón tók við leiðsögn. Ekið var áfram norðaustur í átt að Þórsmörk. Guðjón greindi frá því að nú væri ekið um landnám Ásgerðar Asksdóttur. Flatlendið kvað hann eitt sinn hafa verið nefnt Langanes en sé nú almennt kallað Merkurnes. Þar hafi áður verið mikill skógur sem nú sé að fullu eyddur. Ekið var yfir Akstaðaá og stuttu síðar mátti sjá Fljótsdalsheiði og Þórólfsfell á vinstri hönd. Guðjón greindi frá landnámi í Þórsmörk og bæjarrústum þar og í Almenningum. Stöðvað var við Gígjökul og svipast um. Til norðurs mátti sjá Þórólfsfell. Aðspurðir sögðust heimamenn ekki þekkja örnefnið Þurragil í Þórólfsfelli og töldu það vera glatað. Þá bentu heimamenn viðstöddum á það sem þeir telja vera Jöldustein. Það var sameiginlegur skilningur allra viðstaddra að Jöldusteinn væri ekki rétt staðsettur á þeim kortagrunni Landmælinga Íslands sem lýstar kröfur hafa verið færðar inn á. Guðjón benti jafnframt á þann stein sem sumir hafa talið vera Jöldustein og lýsti því af hverju sú kenning ætti ekki við rök að styðjast að hans mati.

Haldið var af stað á ný og ekið sem leið lá yfir Jökulsá, Steinsholtsá og Krossá inn á Merkurrana og þaðan inn í Húsadal. Þar mátti sjá í kollinn á Valahnúk. Þaðan var ekið áfram inn eftir Langadal. Á leiðinni greindi Guðjón frá staðháttum. Ekið var framhjá Stakkholtsgjá. Valahnúkur blasti við á vinstri hönd og Hvannárgil á þá hægri. Þá mátti sjá í ranann á Merkurtungum. Guðjón greindi frá þeirri skoðun sinni að Valahnúkur hafi áður nefnst Bláfell og sé það fjall sem getið er um fjölda skógaritaka í. Þetta byggir hann á því að Bláfell í Múlatungum sé þannig staðsett að litlar líkur séu á að þar hafi nokkru sinni verið skógur. Staðnæmst var við skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Að svo búnu var gengið á Valahnúk. Af toppi Valahnúks sást vel yfir Þórsmörkssvæðið allt. Þegar ofan var komið var haldið inn í Bása á Goðalandi. Þar var stigið út og litast um.



Þá var haldið til baka. Séra Sváfnir Sveinbjarnarson tók nú við leiðsögn og greindi frá staðháttum. Staðnæmst var innan við Stóru-Mörk og Baldur Björnsson kvaddi. Haldið var af stað á ný og stöðvað við Grástein. Þar voru merki Merkurjarðanna skoðuð. Ekið var af stað á ný og haldið upp á Hamragarðaheiði. Rétt neðan við veginn upp á Hamragarðaheiði beið Guðmundur Guðmundsson, Núpum, sem steig upp í bifreiðina og tók við leiðsögn. Nokkur þoka var á heiðinni og skyggni slæmt. Guðmundur lýsti staðháttum eftir fremsta megni. Fljótlega varð þó ljóst að vegna þoku mundi ferðin ekki bera árangur og því haldið niður á ný. Haldið var áleiðis að þjóðvegi nr. 1 og svo eftir honum að Hótel Skógum. Þangað var komið síðdegis.

Að morgni miðvikudagsins 2. júlí var haldið af stað í vettvangsferð á ný. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru þeir Ingólfur Björnsson, Drangshlíðardal, og Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum, með í för. Ólafur Björnsson hrl., lögmaður Prestsetrasjóðs, var fjarverandi en Bragi Björnsson hdl. var mættur fyrir hans hönd. Ekið var sem leið lá upp Skógaheiði undir leiðsögn Sigurðar. Staðnæmst var rétt ofan við þjóðlendukröfulinu íslenska ríkisins og skyggst um. Sjá mátti Kverná á hægri hönd og Hoffellsnýpu á þá vinstri. Haldið var af stað á ný og ekið upp á Kamsfjöll. Þaðan sáu Stórgafjall vel sem og Drangshlíðarfjall. Þá mátti sjá hvernig Skógá kvíslast. Því næst var ekið yfir Skógá og inn á Landnorðurstungur. Þar tók áðurnefndur Ingólfur við leiðsögn. Ekið var sem leið lá upp að Baldvinskála á Fimmvörðuhálsi. Þar var stöðvað og litast um. Mikil þoka var og útsýni því lítið.

Þá var haldið til baka. Þegar komið var niður af Skógaheiði var ekið í austurátt eftir þjóðvegi nr. 1 í átt að Skógafjalli. Beygt var út af veginum og ekið yfir Aurakvísl, sýslumörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og áfram eftir vegslóða sem liggur upp með Jökulsá á Sólheimasandi. Stöðvað var við Sólheimajökul. Þar mátti glöggt sjá hvar Skógafjall liggur á milli Fjallgils og Jökulsárgils. Ekið var áfram veginn á enda. Þar var stöðvað og skyggst um. Að svo búnu var ekið til baka að Hótel Skógum. Þangað var komið stuttu eftir hádegi.

Síðdegis var haldið af stað á vettvang á ný. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila var Karl Sigurjónsson, Efstu-Grund, með í för. Ekið var undir leiðsögn Karls eftir þjóðvegi nr. 1 í vesturátt og merki á milli jarðanna undir Eyjafjöllum skoðuð. Að því loknu var haldið upp á Hamragarðaheiði á ný. Þoka var enn á heiðinni og skyggni slæmt og því fljótlega afráðið að snúa við. Ekið var til baka að Hótel Skógum.

Eftir hádegi miðvikudaginn 3. júlí var enn haldið af stað. Farið var frá Hótel Skógum í bifreiðum Ólafs Sigurgeirssonar hrl. og Braga Björnssonar hdl. Skyggni var mjög gott. Með í för auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila var Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk. Þá var Bragi Björnsson hdl. mættur f.h. Ólafs Björnssonar hrl. Ekið var sem leið lá í vesturátt eftir þjóðvegi nr. 1. Beygt var út af við Seljalandsfoss og ekið að vegslóða sem liggur upp á Hamragarðaheiði. Haldið var upp á heiðina. Guðjón lýsti staðháttum. Skyggni var gott og vel sást yfir. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki þekkja örnefnið Miðtungugil. Þá lýsti Guðjón þeirri skoðun sinni að Álftadalir sem nefndir eru í landamerkjabréfi Stóra-Dals væru stakkar neðst í heiðinni. Stöðvað var þrisvar sinnum á heiðinni, stigið út og skyggst um. Við þau tækifæri sáu m.a. Dagmálafjall, Hornfell, Tröllagil, Tröllagilsmýri, Stórhöfði, Bláfell, Arnargilshryggur og Hádegishnúkur. Jafnframt sást Eyjafjallajökull vel og staðsetning Dagmálafjalls miðað við jökulbrúnina. Þá voru viðstaddir sammála um að Stórhöfði væri rangt staðsettur á þeim kortagrunni Landmælinga Íslands sem lýstar kröfur hafa verið færðar inn á og að sá punktur sem nefndur er Stórhöfði á kortinu sé í raun landnorður hornið á Bláfelli. Að svo búnu var haldið sömu leið til baka að Hótel Skógum.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Sváfnir Sveinbjarnarsyni, fyrrverandi prófasti á Breiðabólstað í Fljótshlíð; Guðjóni Ólafssyni, Syðstu-Mörk; Sigurði Sigurjónssyni, Ytri-Skógum; Ingólfi Björnssyni, Drangshlíðardal; Karli Sigurjónssyni, Efstu-Grund; Ármanni Fannari

Magnússyni, Hrutafelli; Gunnari Sigurðssyni, Eyvindarhólum og Sigurði Á. Björgvinsyni, Stóru-Borg. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám í Eyjafjallasveit og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir nýtingu afréttar á svæðinu frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Í Landnámabók eru nefndir nokkrir landnámsmenn á því svæði sem nú nefnist Eyjafjallasveit. Sá sem austast nam land hét Þrasi Þórólfsson. Frásögn um hann er ýtarlegust í Hauksbók:

Þórólfr son Herjólfss hornabryjts ok Óláfr bróðir hans váru konungar at Upplöndum. ... Þrasi var son Þórólfs; hann fór af Hörðalandi til Íslands ok nam land millim Jökulsár ok Kaldaklofsár<sup>1</sup> ok bjó á Bjallabrekku<sup>2</sup>; þar heita nú Þrasastaðir skammt austr frá forsinum, en leiði Þrasa er fyrir vestan Forsá<sup>3</sup> heldr nær ánni í Drangshlíð undir gnúpinum, ok er skriða á hlaupin.<sup>4</sup>

Fyrir vestan Þrasa nam Hrafn Valgarðsson land. Um hann segir svo í Sturlubók:

Hrafn enn heimski hét maðr, son Valgarðs Vémundarsonar orðlokars, Þórólfssonar váganeffs, Hróereksssonar slongvandbauga, Haraldssonar hilditannar Danakonungs. Hann fór ór Þrándheimi til Íslands ok nam land milli Kaldaklofsár ok Lambafellsár<sup>5</sup>; hann bjó at Rauðafelli enu eystra<sup>6</sup> ok var et mesta gofugmenni. Hans þörm váru þau Jörundr goði ok Helgi bláfauskr ok Freygerðr.<sup>7</sup>

Þriðji landnámsmaðurinn var Ásgeir kneif. Í Sturlubók segir á þessa leið:

Ásgeirr kneif hét maðr, son Óleifs hvíta Skæringssonar Þórólfssonar; móðir hans var Þórhildr dóttir Þorsteins haugabryjts. Ásgeirr fór til Íslands ok nam land milli Lambafellsár ok Seljalandsár ok bjó þar, er nú heitir at Auðnum.<sup>8</sup>

Annar maður keypti hluta af landnámi Ásgeirs eins og greint er frá í sömu bók:

1 Kaldaklofsá, nú oft nefnd Kaldaklifsá, fellur fram vestan við Drangshlíðarfjall (Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 411).

2 „hann bjó í Skógum enum eystrum“ (Sturlubók); „ok bjó í Skógum hinum eystrum“ (Melabók) (sbr. *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 338).

3 Forsá heitir nú *Skógaá* (Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 412).

4 *Landnámabók* 1986, s. 339.

5 Lambafell, sem áin var kennd við, er lítið fell, um tvo km fyrir vestan Rauðafell. Lambafellsá er talin annaðhvort sama á og nú nefnist Svaðbælisá, vestan við Lambafell, eða Laugará, austan við það (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 340 (2. nmgr.). Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 412-413).

6 *Raufarfelli* stendur bæði í Hauksbók og Melabók og mun það upphafleg mynd nafnsins. *Rauðafell* getur þó verið gömul tvímynd nafnsins (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 340-341 (2. nmgr.)).

7 *Landnámabók* 1986, s. 340.

8 *Landnámabók* 1986, s. 340. Ekki er vitað hvar bærinn Auðna var.

Þorgeirr enn hvarzki son Bárðar blönduhorns fór ór Viggju ór Þrándheimi til Íslands; hann keypti land at Ásgeiri kneif milli Lambafellsár ok Írár ok bjó í Holti.<sup>1</sup>

Næst er í Landnámu frásögn um Ófeig úr Raumsdalafylki og Ásgerði konu hans. Í Sturlubók segir:

Ófeigr hét ágætr maðr í Raumsdœlafylki; hann átti Ásgerði dóttur Asks ens ómálga. Ófeigr varð mis-sátt við Harald konung hárfagra ok bjósk af því til Íslandsferðar. En er hann var búinn, sendi Haraldr konungr menn til hans, ok var tekinn af lífi, en Ásgerðr fór út með börn þeira ok með henni Þórólfr bróðir hennar laungetinn. Ásgerðr nam land milli Seljalandsmúla ok Markarfljóts ok Langanes allt upp til Jöldusteins ok bjó norðan í Katanesi.<sup>2</sup>

Þórólfs, sem fyrr er nefndur, bróður Ásgerðar Asksdóttur, er síðast getið af landnámsmönnum í héraðinu:

Þórólfr bróðir Ásgerðar nam land at ráði hennar fyrir vestan Fljót milli Deildará tveggja ok bjó í Þórólfsfelli.<sup>3</sup>

Enn einn maður er nefndur til sögunnar á svæðinu. Í Landnámu er greint frá því að írskur maður, Ásólfur alskik Konálsson, hafi komið út hingað í Ósum (sennilega Holtavatnsósi), en hann hafi ekki viljað vera við heiðna menn. Hann gerði sér skála undir Eyjafjöllum „þar sem nú heitir at Ásólfsskála enum austasta“. Héraðsmenn ráku hann þaðan brott sökum fjölkynngi því að hann var fengsælli við fiskveiðar en aðrir menn og endaði hann ævina sem einsetumaður á Hólmi á Akranesi.<sup>4</sup> Ásólfur telst ekki meðal landnámsmanna í Eyjafjallasveit.

Fyrir vestan Fljót (Markarfljót) nam Jörundur goði Hrafnsson land og bjó á Svertingsstöðum. Síðan segir í Landnámabók:

Bjórr lá ónuminn fyrir austan Fljót milli Krossár ok Jöldusteins; þat land fór Jörundr eldi ok lagði til hofs.<sup>5</sup>

Eins og Haraldur Matthíasson tók fram er landnám Jörundar „óþekkt, og veit enginn, hvar það hefur verið, og sama er þá auðvitað að segja um bæ hans, Svertingsstaði“.<sup>6</sup>

Öll þau mörk sem hér hafa verið nefnd verða að teljast skýr. Nokkurt misræmi er þó á land-

1 *Landnámabók* 1986, s. 342. Írá er lítil á sem kemur niður úr fjöllum milli Núps og Ysta-Skála (Haraldur Matthíasson 1986 (2), s. 414).

2 *Landnámabók* 1986, s. 343. Að sögn Haralds Matthíassonar er Langanes „undirlendið upp með Markarfljóti allt inn að Jökulsá sem fellur úr jökullóni við rætur skriðjökuls sem kemur frá Eyjafjallajökli og nær allt niður undir jafnsléttu“. Jöldusteinn er kallaður Öldusteinn í Njálu. Um þetta kennileiti kemst Haraldur svo að orði: „Jöldusteinn er móbergssker á Markarfljótsaurum þar á móts við sem Steinholtsá rennur niður úr hliðum Eyjafjallajökuls, og er líklegt að landnámið hafi náð inn að ánni“ (Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 415). Jöldusteinn (Öldusteinn) er nú nefndur Lausalda. Ekki er lengur vitað hvar Katanes var en giskað hefur verið á að átt sé við fjallsranann sem er sunnan við bæ í Neðra-Dal (Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 415. Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 343 (8. nmg.)). Þar nefnist nú Kattarnef (sbr. Haraldur Matthíasson, 1972: „Eyjafjöll.“ Árbók Ferðafélags Íslands. S. 17).

3 Deildará þekktist nú ekki en giskað hefur verið á að innri Deildará sé sú sem nefnd er Gilsá en ytri Deildará sé Bleiksá eða Þórólfsá. Ekki er heldur kunnugt um hvar bærinn var undir Þórólfsfelli (*Landnámabók* 1986, s. 344 (sbr. 2. nmg.)).

4 *Landnámabók* 1986, s. 61-64.

5 *Landnámabók* 1986, s. 350 (Sturlubók).

6 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 428. Haraldur gat sér þó til um að bjórin ónumdi hefði verið það land sem síðar var nefnt „smáafréttir“ (sbr. kafla 5.4.).

námsmörkum Ásgeirs kneifs og Ásgerðar Asksdóttur. Ásgeir er sagður hafa numið land milli Lambafellsár ok Seljalandsár en landnám Ásgerðar náði frá Seljalandsmúla. Að sögn Haralds Matthíassonar munar hér sáralitlu því að áin sé fast norðan undir múlanum.

Eins og fram hefur komið náði landnám Ásgerðar vestur að Markarfljóti en vitað er að rennsli þess hefur verið breytilegt. Á milli Álanna, sem mynda vesturmörk Eyjafjallahrepps og Markarfljóts, eins og það rennur nú, eru nokkrar jarðir sem upphaflega hafa verið hjáleigur stórjarða austan Markarfljóts. Má því ætla að þær hafi allar verið í landnámi Ásgerðar.<sup>1</sup>

Að lokum skal hér vitnað í Melabók þar sem segir frá landnámi í Þórsmörk. Svipaðar frásagnir eru einnig í Sturlubók og Hauksbók:

Ásbjörn Reykréttilsson ok Steinfinnr<sup>2</sup> bróðir hans námu land fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót. Steinfinnr bjó á Steinfinnsstöðum, ok er ekki manna frá honum komit. Ásbjörn helgaði landnám sitt Þór ok kallaði Þórsmörk. Hans son var Ketill er átti Þuríði dóttur Þorgeirs goldnis; börn þeira váru Helgi ok Ásgerðr.<sup>3</sup>

Haraldur Matthíasson tók fram í riti sínu Landið og landnáma að ekki væri vist hversu langt inn eftir landnám þeirra bræðra hefði náð. Hann benti þó á að nú teldist Þórsmörk ná inn að Þröngá og væri líklegt að svo hefði einnig verið um landnám Ásbjarnar. Landnám Steinfinns hefði sennilega verið fyrir innan Þröngá og náð inn að Ljósá eða jafnvel lengra. Við dauða Steinfinns hefði bær hans farið í eyði enda hefði hann ekki átt neina afkomendur og landið þá fengið nafnið Almenníngar. Vorið 1925 fannst dys á stað þar sem heitir Kápa, fyrir innan Þröngá, og ýmsir munir og mannaleifar sem benda til búsetu þar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.<sup>4</sup> Einnig hafa fundist mannvistarleifar á Þuríðarstöðum, norðan Merkurrana, í vestur frá mynni Húsadals, og á Þuríðarstöðum efri um 300 m þar frá í suðvesturátt, upp af Engidal. Þar voru fölgirnir í jörðu munir sem taldir eru frá tímabilinu 7.-12. aldar. Heimildir benda til að byggð á Þórsmörk hafi ekki haldist lengur en fram á 12. öld.<sup>5</sup>

Af þessu yfirliti sést að landnámin hafa verið nokkuð skýrt afmörkuð hvert frá öðru: frá Jökulsá að Kaldaklofsá (Kaldaklifsá) (Prasi Þórólfsson), frá Kaldaklofsá að Lambafellsá (Hrafn Valgarðsson), frá Lambafellsá að Seljalandsá (Ásgeir kneif Óleifsson), frá Seljalandsmúla að Markarfljóti (Ásgerður Asksdóttir). Ekki er kveðið skýrt á um efri mörk landnámana.

## 5.2. Almenníngar og „smáafréttir“

Afréttir, þeir sem hér um ræðir, ná yfir svæði sem ganga undir ýmsum nöfnum. Hin helstu þeirra eru: Almenníngar, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Goðaland og Þórsmörk. Í þessum kafla verða þær heimildir raktar þar sem fjallað er almennt um afrétti Eyfellinga en nánar rætt um þá helstu í köflum 5.3. (Þórsmörk) og 5.4. (Goðaland). Enn fremur er vikið að afréttum í umfjöllun um einstakra jarða þegar heimildir gefa tilefni til, einkum í köflum 5.10. (Ysti-Skáli), 5.11. (Mið-Skáli), 5.12. (Ásólfsskáli) og 5.13. (Holtshverfi).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er ekki getið um sameiginlega afrétti Eyfellinga og yfirlétt ekki minnst á fjallhaga nema í sambandi við landspjöll („Fjallhögum spillir blástur“ o.s.frv.). Einstakar jarðir áttu þó afrétt. Um kirkjujörðina Stóra-Dal segir m.a.:

1 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 415.

2 *Steinfiðr* í Sturlubók og Hauksbók.

3 *Landnámabók* 1986, s. 344, 346.

4 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 417-418. Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1982: „Byggðaleifar á Þórsmörk.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík 1983. S. 20-61. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1992: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*. (Oxbow Monograph 17.) Oxford. S. 48-49 (kort sem sýnir dreifingu byggðar frá landnámi).

5 Guðrún Sveinbjarnardóttir 1982, s. 37-53. Sbr. kafla 5.3. (Þórsmörk).

Afrjettur fylgir þar sem heitir Stakkholt, er brúkaður fyrir lamba upprekstur frá Dal og Dalshverfi, líka hefur hann frá fleirum bæjum brúkaður verið, en tolllaust.<sup>1</sup>

Önnur kirkja í Eyjafjallasveit, Hólar (Eyvindarhólar), átti einnig sinn eigin afrétt:

Afrjettarítak á og kirkjan, er heitir Hólatúngur, sem Eyjafjallajökull er að miklu leyti yfirsiginn, so haldið er þar kunnir nú ekki um sumur að forsorgast meir en hjer um 20 lömb.<sup>2</sup>

Þriðja kirkjan sem átti „afrjettarítak“ var að Stóruborg:

Afrjettarítak er kirkjunni eignað, kallað Borgartúngur, sem mönnum þykir forsorga kunna um sumar 1 [þ.e. 50] lömb, sígur Eyjafjallajökull á þetta takmark og spillir smámsaman.<sup>3</sup>

Kirkjan að Stóruborg var að vísu niður fallin þegar Jarðabókin fyrir Eyjafjallasveit var gerð 1709 en kirkjueignin sjálf hélst óbreytt.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags, sem safnað var til um miðja 19. öld, er nákvæm lýsing á Þórsmörk og nálægum afréttum, samin af Einari Sighvatssyni hreppstjóra á Ysta-Skála, en ekki er tekið fram hverjir áttu þar upprekstur. Afréttir þessir voru eftirtaldir: Steinsholt, frá Jökulsá að Steinsholtsá; Stakkholt, frá Steinsholtsá norður að Krossá, til austurs að Hvanná og að sunnanverðu upp undir jökulinn; Goðaland; Tungurnar, sem liggja syðst (Suðurafréttir), næst við Goðaland, og nefnast Múlatungur, Guðrúnartungur og Teigstungur; Þórsmörk og Almennningar fyrir norðan Þröngá (Almennningar fremri fyrir sunnan Ljósá og Innri-Almennningar fyrir norðan Ljósá).<sup>4</sup>

Í gerðabók fasteignamatsefnadar 1916 eru eftirfarandi athugasemdir um afrétti í Eyjafjallahreppi:

Athugasemd.

Enginn afréttur tilheyrir Austur-Eyjafjallahreppi en nokkrir ábúendur þar kaupa upprekstur á Goðaland, sem tilheyrir Breiðabólstaðarprestakalli. Er borgað fyrir það nú 24 krónur á ári.

Athugasemd við Vestur-Eyjafjallahrepp.

Allar jarðir í Vestur-Eyjafjallahreppi frá Varmahlíð að Tjörnum (báðar meðtaldar), að undanskildum Fit og Fitjamýri, eiga rétt til uppreksturs á „Almenninga“. Allar Stóra-Dalstorfugarðir og Hamragarðar, Neðri-Dalur og Syðsta-Mörk eiga rétt til uppreksturs á „Stakkholt“. Á „Steinsholt“ eiga rétt til uppreksturs: Fit, Fitjamýri og Mið-Mörk.

Stóra-Mörk á rétt til uppreksturs á „Merkurtungur“.<sup>5</sup>

Síðan er vísað til landamerkjja Almenninga, Steinsholts og Goðalands í landamerkjabók sýsl-

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 92.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 35.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 44.

4 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*. Reykjavík 1968. S. 74-82. Með lýsingu Einars Sighvatssonar fylgir uppdráttur sem sýnir örnefni á Almenninum og í Þórsmörk (sama rit, s. 72).

5 Skjal nr. 3 (89).

unnar. Landamerki Goðalands eru birt í kafla 5.4. en landamerki Steinsholts og Almenna fara hér á eftir:

Skrásetning yfir takmörk Steinsholts.

Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Miðmörk, Fitjarmýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: á innri hlið, á móti Stakkholti, Steinsholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót, þartil Jökulsá fellur í það; enn að framanverðu í móts við Langanes (Stórumerkurland) Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Fyrir Fitjarmýri undirskrifa: Björn Björnsson

Bergsteinn Einarsson

Framanskriafaða skrásetning á takmörkum Steinsholts samþykkjum við fyrir hönd Stórumerkur

Einar Ólafsson Þorg. Þorgilsson

Fyrir afréttinn Stakkholt samþykkja undirskrifaðir

Sighv. Árnason Jón Sigurðsson<sup>1</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi Kverkarhellsis 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Á sama tíma voru landamerki Almenna skráð og færð til bókar:

Skrásetning yfir takmörk Almenna.

Afrétturinn Almenna, sem tilheyrir meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps, hefir þessi takmörk: að innanverðu Emstruána fremri<sup>2</sup> frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljót niðureftir gilinu þar til Þröngá fellur í það; enn að framanverðu, í móti Þórsmörk, Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.

Vestur-Eyjafjallahreppi 14. maí 1892

Í umb. hreppsnefndarinnar

Kjartan Einarsson

núverandi oddviti.

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (16).

<sup>2</sup> fremri ritað utanmáls en vísað hér inn.

Fyrir Fljótshlíðarhrepp vegna Þórsmerkur samþykkir

Guðmundur Guðmundsson oddviti.<sup>1</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á Kverkarhellismanntalsþingi 21. maí 1892 og fært í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í landamerkjabréfinu er komist svo að orði að Almenningar tilheyri „meiri hluta Vestur-Eyja-fjallahrepps“ og í landamerkjabréfi Þórsmerkur 1892 (sbr. kafla 5.3.) eru Almenningar sagðir vera „afrétt Eyfellinga í Holtssókn“. Samkvæmt lýsingu séra Markúsar Jónssonar frá um 1845 voru eftirtaldar jarðir í Holtssókn á þeim tíma og hafa því átt upprekstur í Almenninga: Varmahlíð, Helluhóll (Hellnahóll), Efstakot, Brenna hin efri (nyrðri), Brenna hin syðri, Ormskot, Vallatún, Gerðakot, Efstagrund, Miðgrund, Syðstagrund, Indriðakot, Björnskot, Moldnúpur, Skálakot, Ás-ólfsskáli (Austastiskáli), Mið-Skáli, Ysti-Skáli, Aurgata, Núpur, Hvammur, Sauðhúsvöllur, Nýibær, Vesturholt, Lambhúshóll, Lambhúshólskot, Efriholt, Syðrihóll, Efrihóll, Efri-Kvíhólmi, Syðri-Kvíhólmi, Rimhús og Holt.<sup>2</sup>

Í fasteignabók 1916 er eftirfarandi athugasemd um „smáafrétti“ sem svo eru nefndir:

Allar jarðir í Fljótshlíðarhreppi eiga rétt til uppreksturs á Grænafjall. (Liggur það frá bygðinni að Rangárvallafrétti, vestan Markarfljóts. – ) Þær eiga og, að undanskildum Breiðabólstaðarjörðum og Austur-Torfastöðum, skógarítak á Þórsmörk, 1 hest á ári fyrir hver 5 hundr. forn, og einnar kindar beit eftir sömu reglu. Þetta er hálf beit á Þórsmörk. Hinn helmingur beitarinnar tilheyrir Oddaprestakalli og er hann nú leigður Inn-Hlíðarmönnum (Fljótstalur – Hlíðarendi). Alls er þessi beit fyrir 200 fjár (tólfrað). Fé þetta gengur að öllu leyti úti yfir veturinn gjafar- og hirðalaust.

Inn af Þórsmörk eru smáafréttir sem kallaðir eru Tungur og eru notaðar frá Háu-Múla (Eyvindarmúla-tungur) og Árkvörn (Teigstungur). Afréttir þessir þykja svo rírur, að eigendur vilja láta beit á þeim fyrir smölun.<sup>3</sup>

Haraldur Matthíasson taldi smáafréttina vera á því svæði sem Jörundur goði fór eldi og lagði til hofs en um það eru fræðimenn ekki sammála.<sup>4</sup>

Ekki er vitað hversu lengi smáafréttirnir höfðu verið nýttir frá Háamúla og Árkvörn. Báðar þessar jarðir voru hjáleigur frá Eyvindarmúla á tíma Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (í byrjun 18. aldar). Þar er Eyvindarmúla og hjáleigum hans ekki eignaður annar afréttur en á Grænafjalli og Mið-Mörk eins og öðrum jörðum í Fljótshlíð.<sup>5</sup> Í sömu heimild er Teigur sagður eiga „[s]kógarítak á Miðri Mörk kallað Teigs túngur“. Skógurinn hafi þar til fyrir 30 árum eða rúmlega það verið nýttur til húsaáreftis en sé nú öreyddur af mönnum úr ýmsum sveitum án þess að greiðsla hafi komið fyrir, „hefur skógurinn ekki orðið vaktadur af Teigs ábúendum vegna fjarlægðar og torfæru vatna“.<sup>6</sup> Teigstungur þær, sem hér er lýst, virðast hafa verið í Þórsmörk en ekki hluti af smáafréttunum „inn af“ Þórsmörk.<sup>7</sup> Í Jarðabókinni er hins vegar tekið fram að afréttur Teigs hafi verið hinn sami og annarra jarða í Fljótshlíð, þ.e. á Grænafjalli og Mið-Mörk.<sup>8</sup> Í gerðabók

1 Skjal nr. 3 (15).

2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 41-48. Markús Jónsson getur þess að „10 síðastöldu jarðir“ að Holti (Nýibær – Rimhús) séu almennt kallaðar í einu lagi Mýrabæirnir (sama heimild, s. 47).

3 Skjal nr. 3 (89).

4 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 428-429.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 140-144.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 52.

7 Sbr. Þórður Tómasson, 1996: *Þórsmörk. Land og saga*. Ritstjóri Hálfdan Ómar Hálfdanarson. Reykjavík. S. 75-76.

8 „Afrjett á jörðin ut supra.“

jarðamatsnefndar 1849 eru afréttir Eyvindarmúla og hjáleigna hans ekki nefndir sérstaklega og sama á við um jörðina Teig. Þar standa þó þessi orð: „Hagarýmindi [Teigs] og gæði suður á aurum og til fjalls í betra lagi enn miög ördug“.<sup>1</sup> Einar Sighvatsson hreppstjóri minnst á Tungurnar (Múlatungur, Guðrúnartungur og Teigstungur) í lýsingu sinni á Þórsmörk og nálægum afréttum frá um 1840, segir þær vera fyrir sunnan Krossá og nefnast Suðurafrétti en kennir þær ekki við neinar ákveðnar jarðir.<sup>2</sup>

Í landamerkjabréfi Eyvindarmúla, dags. 1. júní 1891, er skýrt kveðið á um rétt jarðarinnar til Múlatungna:

Múlatorfan á Múlatungur, sem liggja á milli Goðalands og Teigstungna með þessum takmörkum: Í móts við Goðaland ræður kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi, frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir tungnarana. Á hina hlið milli Múlatungna og Teigstungna, ræður kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman.<sup>3</sup>

Réttindum Teigs í Teigstungum er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 14. maí 1890: „Afréttaritök á Teigur: Teigstungur. Skógarhögg og sauðabeit í Þórsmörk eftir tiltölu við aðrar jarðir í Fljótshlíð; og sömuleiðis afrétt Græna fjall.“<sup>4</sup>

Í gerðabók fasteignamatsnefndar fyrir Fljótshlíð frá 1916 eru afréttir Háamúla, Árkvarnar og Eyvindarmúla ekki nafngreindir en „beitilandi“ Eyvindarmúla er lýst þannig: „Beitiland er skjólgott (fjalllendi) og fremur gott til sauðfjárbætur; lítil kúabeit.“<sup>5</sup> Um afrétt Teigs segir í sömu heimild: „Beitilandið fremur gott til sumarþéttar, liggur sunnan Þverár á svonefndum „Aurum“; smalamenska og fjárgæzla erfið.“<sup>6</sup>

Þá skal þess getið að í 66. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 58/1894 er fjallað sérstaklega um „smáafrétti“. Þar segir að hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skuli sjá um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o.s.frv. „í smá-afrejtunum“ Þórsmörk, Teigs- og Múlatungum og Guðrúnartungum. En hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skuli sjá um það á Almennungum, Merkurtungum, Stokkholti og Steinsholti og Goðalandi.<sup>7</sup> Sams konar ákvæði eru í 56. gr. fjallskilareglugerðar nr. 72/1921 en þar er hvorki minnst á Þórsmörk né Goðaland.<sup>8</sup> Greinin um smáafréttina er ekki í fjallskilareglugerð nr. 157/1943 og virðist ekki hafa verið tekin upp síðar.<sup>9</sup>

Eins og fram kemur í kafla 5.3. (Þórsmörk), voru Teigs-, Guðrúnar- og Múlatungur hluti þess landsvæðis sem Fljótshlíðingar og ábúendur Stóra-Dals lögfestu sér 1753. Tungurnar þrjár („Ad nordan vid Godaland“) eru einnig nefndar í skrá yfir örnefni í Goðalandi frá 17. öld (sbr. kafla 5.4.). Hér skal á það bent að í ritinu Göngum og réttum virðist hugtakið „smáafréttir“ vera notað um afrétti Vestur-Eyjafjallahrepps almennt, þ.e. Steinsholt, Staksholt (þannig ritað), Merkurtungur og Almennunga. Þar segir að afréttirnir séu sundurskiptir í smáafrétti og fylgi hver þeirra vissum jörðum.<sup>10</sup>

1 Skjal nr. 3 (88).

2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 76.

3 Skjal nr. 3 (172).

4 Skjal nr. 3 (171).

5 Skjal nr. 3 (89).

6 Skjal nr. 3 (89).

7 Skjal nr. 5 (50). Sbr. 62. gr. fjallskilareglugerðar nr. 8/12. jan. 1911 (skjal nr. 5 (51)); 60 gr. fjallskilareglugerðar nr. 80/7. júní 1915 (skjal nr. 5 (52)); 56. gr. fjallskilareglugerðar nr. 72/8. ágúst 1921 (skjal nr. 5 (54)).

8 Skjal nr. 5 (54).

9 Sbr. skjöl nr. 5 (57) og 5 (59) (fjallskilareglugerð nr. 239/1974).

10 *Göngur og réttir*: 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 186. Sbr. einnig kafla 5.4. um Goðaland og smáafréttina.



Enda þótt þær heimildir, sem hér hafa verið raktar, séu ekki skýrar um þetta efni hafa Múlatungur, a.m.k. á síðari tímum, verið taldar sérstakt upprekstrarland Eyvindarmúla og Teigstungur jarðarinnar Teigs í Fljótshlíð hvað sem líður eignarrétti þeirra á landinu sjálfu.<sup>1</sup>

Í afréttaskrá fyrir Rangárvallasýslu er eftirfarandi grein gerð fyrir afréttum Vestur-Eyjafjallahrepps:

Afréttarlönd sem Vestur-Eyfellingar eiga og nýtt hafa verið af búendum sveitarinnar um aldaðir til þessa dags, eru þessi:

1. *Steinsholt*,<sup>2</sup> afréttur milli Jökulsár og Steinsholtsár. Eru þar höfðar með hömrum og hengiflugum, í daglegu tali Hausar, Fremstihaus, Mosahaus, Helluhhaus, Kirkjuhaus og Innstihaus. Lítil gróður er á afrétti þessum. *Steinsholt tilheyrir þessum jörðum*: Fit, Fitjarmýri og Mið-Mörk.
2. *Stakkholt* er næsti afréttur við Steinsholt, fyrir austan Steinholtsá og nær til norðurs að Krossá, til austurs að Hvanná og síðan að syðri kvísl Hvannár að sunnanverðu við Merkurtungur og síðan uppundir jökulinn. (Litlaland tilheyrir Stakkholti). Allverulegur gróður er á Stakkholti. Stakkholt tilheyrir þessum jörðum: Brúnum, Borgareyrum, Dalseli, Bjarkalandi, Steinmóðarbæ, Hamragörðum, Neðra-Dal, Miðdal, Stóradal, Eyvindarholti og Syðstu-Mörk.
3. *Merkurtungur* liggja á milli Stakkholts og Goðalands, takmarkast af Hvanná að norðan og syðri kvísl Hvannár að sunnan og vestanverðu, af jöklinum að austan. Merkurtungur tilheyrir þessum jörðum: Stóru-Mörk 1-3.
4. *Almenningar* er afréttur norðan Þórsmörkur. Takmarkast hann af Þröngá að sunnan, sem rennur milli Þórsmörkur og Almenna, að vestan af Markarfljóti, að norðan Fremri Emstruá og að austan af Mýrdalsjöklum. Afréttur þessi er víðáttumikill með gisnum gróðri og allvíðáttumiklum söndum. Almennningar tilheyrir þessum jörðum: Öllum öðrum jörðum í Vestur-Eyjafjallahreppi en nefndar eru í tengslum við Steinsholt, Stakkholt og Merkurtungur.<sup>3</sup>

Vestur-Eyfellingar voru vanir að ríða til fjalls sunnudaginn í 22. viku sumars og voru ekki nema einn dag að smala ef veður var hagstætt. Um leið og fjallseðill var gefinn út skipaði hreppsnefnd fjallkóng, einn fyrir hvern smáafrétt, þ.e. Steinsholt, Stakkholt, Merkurtungur og Almenna.<sup>4</sup>

Að sögn Guðjóns Ólafssonar í Syðstu-Mörk sá hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps um skipulag smölunar frá 1944. Smölunaraðferð Vestur-Eyfellinga var þá breytt þannig að sendir voru tveir leitarflokkar til að smala afréttina. Annar smalaði Steinsholt, Stakkholt, Goðaland, Merkurtungur og Múlatungur. Hinn smalaði Almenna, Þórsmörk og Teigstungur.<sup>5</sup> Eftir 1989 var hætt að reka á afrétti Vestur-Eyfellinga samkvæmt samningi við Landgræðslu ríkisins.<sup>6</sup>

1 Sbr. Gestur Guðfinnsson 1972: „Þórsmörk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. (Rangárvallasýsla austan Markarfljóts.) S. 118-122. Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 429. Þórður Tómasson 1996, s. 74-76. Björgvin Vigfússon sýslumaður taldi Tungurnar vera eign viðkomandi kirkna (sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 154).

2 Skáletruð orð eru undirstrikuð í frumtexta.

3 Skjal nr. 5 (66). Afréttaskráin fylgdi bréfi sem Ólafur Kristjánsson á Seljalandi sendi Oddgeiri Guðjónssyni hreppstjóra 8. mars 1979 (sbr. skjal nr. 5 (67)).

4 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 186.

5 Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk, við skýrslutökur í máli nr. 5/2003, 1.-4. júlí 2003. Sbr. einnig vitnisburð Karls Sigurjónssonar, Efstugrund, við sömu skýrslutökur.

6 Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk, við áður nefndar skýrslutökur. Samningur var gerður við Landgræðslu ríkisins 1990 (skjal nr. 3 (188), sbr. kafla 5.3. (Þórsmörk)).

### 5.3. Þórsmörk

Í Landnámu eru nefndir bræður tveir, Ásbjörn og Steinfinnur Reykertilssynir. Þeir námu land „fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót. Steinfinnur bjó á Steinfinnsstöðum, ok er ekki manna frá honum komit. Ásbjörn helgaði landnám sitt Þór ok kallaði Þórsmörk“.<sup>1</sup> Steinfinnssstaðir eru taldir hafa verið á Almennungum norður af Þórsmörk.<sup>2</sup> Þar hafa fundist kuml úr heiðni en að auki eru menjar um byggð á tveimur öðrum stöðum í Þórsmörk eins og greint er frá í kafla 5.1. Í Húsadal eru þó ekki sjáanlegar minjar um eldri byggð en frá um 1800.<sup>3</sup> Þórður Tómasson í Skógum telur ekki loku fyrir það skotið að fleiri rústir kunni að finnast: „Raunar er enginn kominn til með að segja að jafnvel fjórða bæjarrústin eigi ekki eftir að finnast. Rústir geta vel leynst í Hamraskógum og Langadal, svo að dæmi séu nefnd.“<sup>4</sup> Þórsmörk er einnig nefnd í Njálu. Þar voru samkvæmt sögunni þrír bæir sem allir hétu í Mörk og bjó í miðbænum maður er kallaður var Björn hvíti.

Ekki er vitað hvenær byggðin í Þórsmörk fór í eyði en líklega hefur það gerst töluvert áður en Oddaverjinn Jón Loftsson lét að því liggja við Þorlák biskup Þorláksson að hann ætlaði „að fara í Þórsmörk eða einhvern þann stað, er eigi sekist alþýða af samneyti við mik“.<sup>5</sup> Þetta mun hafa gerst um 1180.

Í „gömlum“ máldaga kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum eru henni eignaðir sjö skógar í Þórsmörk.<sup>6</sup> Þetta er síðan ítrekað í yngri máldögum kirkjunnar frá miðöldum.<sup>7</sup> Kirkjan í Odda á Rangárvöllum átti einnig skóg í Þórsmörk, í Engidal, samkvæmt máldaga 1397 og síðar.<sup>8</sup> Þessi skógar-eign er hins vegar ekki skráð í máldaga kirkjunnar frá um 1332.<sup>9</sup> Þá ber að nefna að Breiðabólstaðarkirkja átti skóg í Stapa sem séra Hafliði Magnússon á að hafa gefið kirkjunni sennilega á fyrri hluta 14. aldar.<sup>10</sup> Kenningar eru um að Stapi hafi verið í Þórsmörk en það er þó alls óvíst enda örnefnið niður fallið.<sup>11</sup> Enn fremur var kirkjunni í Stóra-Dal eignaður skógur í Þórsmörk samkvæmt vitnisburði Sighvats Jónssonar 1599. Þar segir m.a.:

Enn þesse skógar takmörk hef eg heyrð atölulaust Dals kirkiu eign halldin: allur skógur ij Alsstaða halse og alstaðagil, bæde fremra og nyrðra, svo og líka: Asláks Holm, hef eg heyrð Dal sialfum tvímælislaust eignað suo inn ij Sundin ä Stark hollte austan til, allar suður hlíðer ä miðre Mörk, allt inn að Eingedal, Syrteiga alla austan svo inn frá Eingedal, Dalur ætte allan skög frá Valahnauk, og svo þar inn frá langa Dal, allan upp under mollder: So líka þar enn inn frá það takmarks örnefne er kallast, Orms nautur, og til þess heylækjar skógur tekur til, svo líka hálfann husa dal, fyrer austan gautuna: Þetta allt hef eg tvímæles laust dals eign heyrð halldið vera þennann allann minn alldur, sem áður sagtt er. Enn ij langanese: hef eg heyrtt Dal og Mörk, þesse skógar takmörk: sameigenlega eignuð, sem er allann skog inn under Breiðaur ätölulaust, útan Suðhusnes og Hrossavallar gil, og það sem er inn ij merkur kiere eignað Miðmörk að eg heyrð hefe.<sup>12</sup>

1 *Landnámabók* 1986, s. 346 (Melabók).

2 *Landnámabók* 1986, s. 346 (1. nmgr.).

3 Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1982: „Byggðaleifar á Þórsmörk.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík 1983. S. 51-53. Sbr. einnig það sem segir um þetta efni í kafla 5.1.

4 Þórður Tómasson, 1996, s. 118.

5 „Oddaverja þátr.“ *Byskupa sögur*. 1. b. Skálholtsbyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150-151. Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir 1982, s. 53.

6 „Her fylgia einuirdis: vij skogar,j þorsmörk“ (*Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 85). Máldaginn er talinn frá um 1270.

7 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 681 (máldagi frá um 1332). *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 648 (máldagi 1553) (skjal nr. 5 (36)) og *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 671 (máldagi frá um 1570).

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 74. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 664 (máldagi frá um 1570).

9 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 690-692.

10 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 689 (máldagi um 1332). *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 270. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 82. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 667.

11 Þórður Tómasson 1996, s. 169.

12 Skjal nr. 3 (50).

Ekki er kunnugt um uppruna þessara skógarítaka Stóra-Dals en þeim var haldið við ásamt öðrum eignum kirkjunnar með lögfestum næstu aldir eins og nánar er rakið í kafla 5.8. Samkvæmt þessu yfirliti benda heimildir til þess að þegar á miðöldum hafi kirkjurnar í Holti, Odda, á Breiðabólstað og í Stóra-Dal eignast skóg eða skógarítak í Þórsmörk.

Þórsmörk var einnig notuð sem afréttur Fljótshlíðinga. Elsta heimildin um það, sem kunnugt er um, er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á einum stað, þar sem fjallað er um jarðir í Eyjafjallasveit, standa þessi orð:

Þuridarstader kallast takmark nokkurt á Miðrimörk (sem nú er so nefnd) fyrir innan Þórsmörk; þar segjast menn heyrt hafa, að í gamaldaga hefði bær verið, en ekki er víst þar sjáist líkindi til. Slægjur eru engar, en vetrarhart mjög, því þykir mönnum ómögulegt þar kunní bygging á að komast; annars eru á sumur hagar nógir. Þetta pláts og þar um kríng er brúkað fyrir lamba afrjett úr Fljótshlíð.

Húsadalur heitir annað örnefni skamt frá Þuridarstöðum. Þar halda og menn til forna hafi bygð verið, jafnvel mikil, af girðingum, sem enn nú til sjest. Er og óbyggilegt sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Þetta pláts er og búkað fyrir afrjett úr Fljótshlíð.<sup>1</sup>

Samkvæmt sömu heimild átti staðurinn Oddi á Rangárvöllum einnig afrétt í Þórsmörk auk afréttar sem kirkjan átti til félags með jörðum á Rangárvöllum: „Allan hálfan afrjett í Mið-Mörk, hver nú er ljeður til brúkunar nokkrum af staðarins landsetum.“<sup>2</sup>

Síðar á öldinni, árið 1753, sáu bændur í Fljótshlíð og ábúendur Stóra-Dals undir Eyjafjöllum ástæðu til að lögfesta réttindi sín til afréttar og skógartekju í Þórsmörk:

So sem oss underskrifudum er vitanlegt ad eigenn Sión og Umkunnugra Underlage, hvörsu ad so kallader Flíotzhljdar Afretter Grænafiáll og Þorsmörk ásamt Skogarplatzenu Langanese (sem epter vissum Máldögum tilheirer Hollts og Storadals Kyrkium) eru yferfallenn og underlögð storkostlegum Yfergange og rangfullre Yrkingu margra Utann Sveitar Manna, sem rifa, skera og brenna Skogarplatzed, beita og undertroda Haglended med sinum Kvikfenade. Hvern [Hverer?] takmarka ólöglega Yrkingu eg Sigurdur Sigurdsson Jardanna Teigs og Storadals so vidt Þorsmork og Langanes snerter, enn vid Hreppstíorar j Flíotzhljð, allra Sveitar Bænda vegna, það Grænafialls og Þorsmerkur (ad nokkru Leite) Afrettum vidvikur. Þá lögfestum við Underskrifader eigenn vegna og j Umbode annæra adurgreinda Afrette og Skogarplatz jnnann tiltekenna Takmarka.

1° Grænafiáll fra Þorolfsfelle j Tinðfiälla Jökul, þaðann j Stora Grænafiáll sem jnnst er á Afrettenum. Sidann rædur ad austann og sunnann Markárflót. 2° Þorsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Mulatungum. 3° Langanes allt fra Storumerkur Eingiagarde, jnn under Fall Jökul med Sudurhlidum öllum á Stachholte. Hvar vid adgiætande er ad halft Langanes med vissum Örnefnum og Jtökum á Þorsmörk, lögfestest af mier Sigurde, effter Bon og Fullmagt Veleruverdugs Holltz Stadarhalldara. Fyrerbiódum vier einum og sierhvöríum fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggja sin Skilrike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækjar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

1 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 101-102, sbr. einnig s. 139.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 260.

Til Stadfestu eru Underskrifadra Nöfn ad Hljdarenda j Fljotzhjld D 11ta Septembris A0 1753.

S. Sigurdsson

Oddur Þordarson Olafur Arngrimsson.<sup>1</sup>

Lögfestan var lesin upp við Dalskirkju, Holts-, Steina-, Skóga- og Hólakirkju í september 1753 og fyrir rétti að Holti 28. maí 1754. Nokkru síðar, árið 1772, lögfesti presturinn í Holti, séra Sigurður Jónsson, skógarítök kirkjunnar í Þórsörk og hálf Langanes.<sup>2</sup> Heimildir eru fyrir því að fleiri prestar og staðarhaldarar í Holti hafi fyrr og síðar lögfest þessar eignir kirkjunnar og hálf Langanes að auki.<sup>3</sup>

Í lok 18. aldar tóku flestir eða allir þeir, sem hagsmuna áttu að gæta í Þórsörk, sér fyrir hendur að lögfesta réttindi sín þar á landsvæðinu. Í dóma- og þingabók Rangárvallasýslu er eftirfarandi skráð 21. júní 1790:

Var sidan upplest Lögfesta fyrir hálfre Þórsörk frá Prestenum Sr. Gisla Thorarensyni sem Odda Stadar Beneficiario sömuleides Lögfesta fyrir allann þann Þórsörkur Afrettar Part er Odda Kyrkiu ej med rettu tilheirer frá Fljotshlydar Jnbyggendum, en þá nu var upplest Lögfesta fyrir Storumork i Ejafiála Sveit fra nefndrar Jardar Bændum nefnel. Jone Gudmundssyne, Jone Vilhialmssyne, Gudmunde Isleikssyne og Ingebiorgu Ejolfsdottur. Og enn nu var upplest Lögfesta fyrir Skogar Eign og Itökum á Þórsörk Holts Kyrkiu tilheirande frá Profastenum Sr. Paule Sigurssyni i Holte samt Kaupbref Ingegerdar Jonsdottur á Steinmodarbaj fljyer] 2c [2 hundruð] 17 Al. I Jordinne Storumork.<sup>4</sup>

Um svipað leyti lögfesti presturinn í Odda, séra Gísli Þórarinsson, hálf Þórsörk með þessum orðum:

Jeg undirskrifadur allranádusgast collationeradur Prestur til Odda lögfesti hér með hálf Þórsörk, liggjandi í Rángárþinge, með öllum hans [svo] Gögnum og Gjædum, so sem mér allranádugst tiltrúad var Odda Kirkiu Eign eftir gömlum óafturrekanlegum Máldögum. Fyrerbyd eg hverjum Manni ad beita, brúka edur í nokkurn Máta sér ad nýta þenann hálf Afrétt framvegis, undir þær Sektir sem Lög qveda, án míns Leyfis. Stande þesse mín Lögfesta Afréttinum til Friheligis og Sekta um næstu 12 Mánude, edur so leingi henni er ej ad Lögum hrundid, hvad ef nokkur fýsist af gjöra, advarast þeir og kallast innan Fimtar, sín Rettugheit á þessa Lands Takmörk ad löghelgi. Til Stadfestu er mitt Nafn ad Odda Prestagarde D. 14da Junii 1790.

GThóraransen Prestur til Odda Safnadar.<sup>5</sup>

Lögfestan var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti að Kirkjulæk 19. júní 1790 og 15. júní 1791.

Árið 1801 ritaði sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, Vigfús Þórarinsson, stiftamtanni bréf og tilkynnti honum að bóndinn Sæmundur Ögmundsson<sup>6</sup> hefði óskað eftir því að fá að stofna nýbýli í afréttinum í Þórsörk („i Afrets Fælleden Thorsmörk“) í samræmi við tilskipunina frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipunina). Að sögn sýslumannsins heyrðu ¾ afréttarins undir Fljótshlíðinga eða

1 Skjal nr. 3 (72).

2 Skjal nr. 3 (81).

3 Sbr. skjal nr. 3 (82) (lögfesta 1819). Skjal nr. 3 (87) (eignaskjalabók Holts með skrá yfir lögfestur frá 1674-1867).

4 Skjal nr. 3 (12).

5 Skjal nr. 3 (95)b.

6 Sæmundur var faðir Tómasar Sæmundssonar Fjölnismanns, síðar prests á Breiðabólstað í Fljótshlíð.

nokkurn hluta byggðarmanna („eller Deel Indbyggere“) til uppreksturs á sumrin en ¼ Oddakirkju. Hann lætur þess einnig getið að rústir finnist á afréttinum en þær séu svo gamlar að enginn geti lengur haldið þar fram eignarrétti sínum. Orðrétt er bréfið á þessa leið:

Pro Memoria. Paa Grund af Forordning af 15<sup>de</sup> Apr. 1776 har Bonden Sæmund Ögmundsen af Gularas her i Sysselet anmeldet [?] sig til að optage en Gaard i Afrets Fælleden Thorsmørk, hvorfor det i bem. Forordning er min allerunderdanigste Pligt at angive samme for Deres Høyvelbaarenhed, med den tilføyede Oplysning, at ¾ Deele af bemte Afret tilhører Fljótshliden eller Deel Indbyggere, til Brug eller Overdrev [svo] om Sommer, hvilken dog er ikke af nogen af dem undtagen mig selv allene, er bleven benyttet, siden min Tiltrædelse her til Sysselet. ¼ Deel af ommeldte Afret tilhører Kirken paa Odda i følge Vilkens Måldaga; eller (som den udtrykker sig) hálfur Afrettur i midia Mørk, hvilken og af Beneficiarierne ikkuns lidet er bleven brugt, naar undtages at nærværende Beneficiarius har tilladt nogle faa Bønder, at drive deres Lamme derhen om Sommeren. At her dog i forrige Tiider have været 3de eller i det mindste nogle Bøndergaarde, sees saavel af den bekjendte Historie Niála, som af Arnæ Magnæi Jordeobog. Rudera sees der og, især paa eet Stæd, menn sikkert ere de fra saa ædligamle Tider nedlagde at ingen nu kan angive dem for sin Eyendom. Ikke heller stöde nogle Gaarde til denne Afret hvis Beboere i følge Forordningens 4de & kunde indvarsles til Forretning over den optagende Gaard.

Manden har vel begiæret, at ham til næstkommenfe Flötte-Tiid maatte tillades at optage Begiæring, anmeldes ikkuns, og henstilles underdanigst til Deres Høyvelbaarenheds Forgotbefindende og Naadige Resolution.

Hlidarende den 2en Martii 1801 underdanigst WThorarensen.<sup>1</sup>

Stiftamtmaðurinn, Ólafur Stefánsson, sem jafnframt var amtmaður suðuramts, svaraði sýslumanni 15. apríl sama ár og benti á að Sæmundur gæti ekki talist eigandi þess býlis sem hann vildi stofna ef afrétturinn „tilheyrði“ Fljótshlíðingum og kirkjunni („Præstegaarden“) í Odda og að auki væri nauðsynlegt að tilkynna um fyrirhugaða nýbýlastofnun ef einhverjir vildu gera við hana athugasemd:

Nr 3006. Til Sysselemanden Thorarensen.

Da Herr Sysselmand har, ved Skrivelse af 2. f.M. indmeldet af Bonden paa Gularaas Saimund Ögmundsen, vilde optage en Gaard paa Thorsmarken hvilken til ¾ Deele tilhørte Fljótshlyden, ellers dens Indbyggere, men ¼ Deel deraf Præstegaarden Odda, saa indsees heraf at beme Saimund ikke kan blive Ejer af den af ham optagende Jord men vel Leilænding paa samme i Følge Forordningens af 15. Apr. 1776 & og 10, denne Optagelse vilde og have været at [þetta orð undirstrikað = yfirstrikað] i Forvejen at bekjendtgjøre ved Altingsbogen, i Fald man havde paatvivelt Fljótshlydens og Præstkaldets Ejendomsret til Thorsmarken. I Anledning heraf har jeg ikke skullet undlade herved at anmode Herr Sysselmanden, om at forhøre: om Fljótshlydens Indbyggere, saavel som Præsten til Odda Beneficium have noget at indvende imod at fornte Saimund optager en Gaard i denne dem tilhørende i Böygdén beliggende ypperlige Beedemark, og især med tilagne 4 uvillige Danne Mænds, skjönne: 1, om disse hermed maatte skee nogen Fornærmelse eller Skade ved deres Fædrikt til Marken eller ikke. - 2, om det maatte ansees for sikkert, at een eeneste Mand nedsætter sig langt fra alle beboende Jorder, i Thorsmarken blandt en Mængde af andres Faar, og ikke ansees at kunne derved gjöre sig mistænkt for Sveitefaarenes Mishandling, paa enn eller anden Maade, hvilket omendskjönt, ikke maatte

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (91)b.

være at befrygte af Saimund Ögmundsen som troes at være en reedelig Mand, saa dog mueligen af hans Eftermænd paa den midt i Marken optagne Jord, hvilke ingen endnu kjander. I saa Fald var det tjenligere at flere Gaarde belv optagne i oftnævnte Mark, naar Boygde-Folkets Fædrivt ellers kunde taale slig Indskrænkning.

Vidöe, den 15. Apr. 1801. O. Stephensen.<sup>1</sup>

Ljóst er að Sæmundur fékk heimild til að hefja búskap í Húsadal því að hann er skráður þar í sóknarmannatali Fljótshlíðarþinga, Eyvindarmúlasókn, í nóvember 1802 ásamt Guðrúnu Jónsdóttur eiginkonu sinni, dóttur, þriggja missera gamalli, vinnumanni og vinnukonu. Í Húsadal var einnig annað býli og þjuggu þar hjónin Magnús Árnason og Þuríður Guðmundsson ásamt nýfæddum syni þeirra.<sup>2</sup> Bændurnir í Húsadal urðu fyrir fjárfelli vorið eftir og fluttu þaðan niður í Landeyjar.<sup>3</sup>

Árið 1813 veitti sóknarpresturinn í Odda, Steingrímur Jónsson prófastur, fyrrnefndum Vigfúsi Þórarinssyni umboð til að nota eða leigja öðrum afrétt Oddakirkju gegn árlegu gjaldi. Orðrétt segir í yfirlýsingu prófastsins:

Gjorist vitanlegt: að ieg Steingrímur Jónsson Prófaster i Rángárþingi og Sóknarprestur til Odda, hefi gefid og hérmed géf S.T.Hra Cancellieraad W. Thorarensen mitt Umbod yfir Odda Kirkiu Afrétti á Þórmörk tilad nota og liá öðrum til forsvaranlegrar Brúkunar, móti því, að hann gialdi mér árlega eptir sama Afrétt 1rd Courant. Áskil eg, þó jafnframt, sjálfum mér og Odda Kirkiujarda Landsetum fri Upprekstur, þá eg það min eda þeirra Vegna begiæri.

Stendur þetta Umbod, svolengi sem ockur bádum umsemur.

Odda þann 29da Octobr 1813 Steingrímur Jónsson

Ofanskrifad undergeingst Hlidarenda D. 19da Novembr 1813 WThorarensen<sup>4</sup>

Í sama skjali kemur fram að Vigfús greiddi prófastinum leigu fyrir afréttinn en ekki var þeim ljóst hvort „eign“ Oddakirkju væri  $\frac{1}{2}$  eða  $\frac{1}{4}$  hluti Þórsmerkur. Þetta er rakið nánar í eftirfarandi orðum:

Extract af Breffe Canc. R. Vigfusa Thorarenssonar til Prófasts Steingrims Jonssonar, dat. 20 Novembr 1813.

Eg legg herinn Bladed um Þórmörk af mér uppaskrifad, hvarvid eg vil minnst þess, að eg sidstl. Haust med Ásetninge taldi út 2rd fyrir hana, því þá er eg ánægður að betala eptir hana, so lengi eg hefi hana eins og i Fyrra og i Ár, so sem eg og skrifadi yður i Fyrra, að eg þá hefði betalad oflitid 1rd. Enn þegar Odda Stadarhalldari og Landsetar reka þángad, er fullsett á  $\frac{1}{4}$  af Þórmörk, og er eg þá frá þeim Parte hennar.

Extractens Rigtighed vitnar Steingrímur Jónsson.

Extract af Breffi Prof. Steingrims Jonss. til Hr CancRaad V. Thorarensen D. 29 Novembr 1813.

1 Skjal nr. 3 (92)b.

2 Skjal nr. 3 (93). Drengurinn var skirður í Húsadal 27. ágúst 1802, daginn eftir fæðingu (sbr. skjal nr. 3 (94)).

3 Þórður Tómasson 1996, s. 138-139, sbr. s. 268-271.

4 Skjal nr. 3 (73).

Svo skal vera sem þer vilied um Þórsmörk ockar í mille 2rd Eptirgialded og eg skal ecke liá, helldur vísa, ef Afrettarins beidast, Odda Landsetum til Ydar, enn einasta fyrir mig siálfan, ef tilkjæmi, villda eg ega hann friann. Uti Interpretationina af Máldagans Ordum  $\frac{1}{2}$  Afrett í Midia Mörk, fer eg ecke. Hún má vera sem vill  $\frac{1}{4}$  eda  $\frac{1}{2}$  Partur Þórsmörkur. Á medan adrir hafa ecke nein Document fyrir hinum  $\frac{1}{2}$  eda  $\frac{3}{4}$  Pörtum, ætla eg ecke giörist Þörf, ad determinera Odda Eign, og því let eg vera ótilgreint, hvad miked eg eignadi Odda til þess hvörki ad auka né vana Máldagans [ ] med mínum Skilninge, neinum til þræjudice.<sup>1</sup>

Eins og rakið hefur verið hér að framan eru allmörg dæmi um að prestar að Holti undir Eyjafjöllum hafi lögfest kirkjunni skógaritök í Þórsmörk. Ein hin síðasta er frá 1867:

Eg undirskrifaður Björn Þorvaldsson, prestur að Holti undir Eyjafjöllum, lögfesti hér í dag eptirskrifuð skógaritök Holtskirkju liggjandi fyrir austan Markarfljót og ofan Krossá í afréttinum Þórsmörk, (og máské Almenníngum) sem í elztu máldögum Holtskirkju, biskupa-visitatium og fjölda af lögfestum, nefnd eru þannig:

„Sjö skógarteigar í Þórsmörk í Stöng, gamla Nautur-gatnaskógur, Loptsnautur, Lækjarskógur og Tungur inni gil frá Höfða-skógi“, sem einnig í sumum seinni tíða lögfestum eru nefnd: „Hamar-skógar, Litli-endi og Stóri-endi, Stöng og Stangar-háls, að Gilinu fyrir innan Stöng“. Líka svonefndar „Svínatungur“. Lögfesti eg til þessara ummerkja, að sunnan og vestan frá Krossá í vestanverðan Langadal, í götuna (há Skugga), sem liggur norður í Húsadal, og svo ofaneptir henni, að múlanum fyrir framan húsatættur, þaðan beint vestur í götuna, sem liggur norður við brekkuna í Húsadalsmynni vestur á aurinn, og norður að Markarfljóti, svo ræður fljótsgilið inneptir, þar til Þröngá fellur í það, úr því ræður hún, inni svokallað Rjúpnafellsgil, þá skal úr því ofanverðu taka sjónhendíng suður í gilið fyrir innan Stöng (sem kallað er „Góðagil“) í það ofanvert, lækurinn, sem í því rennur ræður ofanað Kro[ssá] svo frá nefndu gili sunnaní Mörkinni allt vestur að Langadal, allt það pláz neðan frá Krossá og uppundir hamra, svo langt sem byrkiskógur vex, lögfesti eg vegna Holtskirkju, að orðfullu og lögmáli réttu til friðhelgis og verndar alls byrkiskógarviðar, sem vex innan hér tiltekinnar takmarka, fyrirbjóðandi einum og sérhverjum, nefnda viðartegund að höggva, rífa eður nokkurn hátt hana sér<sup>2</sup> í nyt að færa, án míns leyfis og samþykkis, undir fullkomnar landnáms- og Skaðabætur. Standi þessi lögfesta um næstu tólf mánuði, til fullra sekta, en fyrir Holtskirkju-máldaga fyrir alda og óborna, allt svo lengi henni er ekki með riktugum skjölum og eiðfestum vitnum hrundið.

Leggi þeir fímtarstefnu mót lögfestu minni, sem meina sig með henni aflaga borna, í byrki-skóga notkun, innan þeirra takmarka, sem í henni eru tilgreind.

Til staðfestu er mitt undirskrifað nafn, og hjásett innsigli.

Holti d. 7 Maí 1867

Björn Thorvaldsson<sup>3</sup>

Lögfestan var lesin upp og bókuð í manntalsþingsrétti að Kirkjulæk 18. maí 1867 og færð í kaup- og veðmálabók Rangárvallasýslu.

1 Skjal nr. 3 (73).

2 Upphaflega ritað *sér hana* en orðaröð breytt með tölustöfum.

3 Skjal nr. 3 (98).

Þessari lögfestu mótmæltu Fljótshlíðingar, einkum því að presturinn í Holti væri að eigna kirkjunni nýgræðuskóga á framanverðri Þórsmörk enda ætti það sér enga stoð í eldri heimildum:

Presturinn sjera Björn Þorvaldsson á Holti undir Eyjafjöllum ljet á manntalsþingi voru þann 18. þ.m. lesa upp lögfestu eina, hvar hann vill eigna sjer, eða kirkjunni í Holti, mestan hluta þess nýgræðu-skógar, sem sprottið hefur á framanverðri Þórsmörk í næstliðin 40 ár, síðan skógarætur þar voru friðaðar, sem þá voru óeyddar; þessari lögfestu prestsins finnum vjer undirskrifaðir ástæðu til að mótmæla, þar við hugsum að presturinn viti ekki betur, hvar þeir skógarteigar munu legið hafa, er þeir fornu og rjettu máldagar Holtskirkju eigna henni, en prestar þeir, sem voru í Holti á 17. og öndverðri 18. öld, en að þetta hafi átt sjer stað sýnir ljóslega visitatía Jóns biskups Árnasonar yfir Holtskirkju ár 1731 hvari biskupinn spyr um eignir og ítök kirkjunnar, þá svarar presturinn og nærstaddir sóknarmenn: að skógarteigar þeir, sem kirkjunni tilheyrir, sjeu sumir eyddir með öllu, en sumir viti menn ekki hvar legið hafa. Þegar presturinn sjera Þorsteinn Oddsson lýsti þessu fyrir biskupi, þá var enn nú skógur á framanverðri Þórsmörk, en norðari og efri hluti hennar, mun þá hafa verið orðinn skóglaus að mestu; en Þórsmörk nefndist í forna daga allur sá landshluti, sem liggur fyrir austan fljót, milli Krossár og Emstruár. Um þetta leyti var og síðastnefndur prestur búinn að þjóna Holtsbrauði næstum 30 ár, og var þar borinn og barnfæddur, því sjera Oddur faðir hans var þar prestur um 40 ár, en hann tók við brauðinu að fyrirrennara sínum lifandi, sjera Þorsteini Jónssyni, en hann fjeck Holtið 1632. Öngvir þessir prestar eignuðu sjer skóg í framanverðri Þórsmörk, utan skógarteiginn Stöng. En á seinni hluta næstliðinnar aldar byrjaði prófasturinn sjera Sigurður Jónsson, að eigna kirkjunni á Holti skóg á framanverðri Þórsmörk, og reyndi til að telja mönnum trú um að þar lægu þeir fornu skógarteigar kirkjunnar, þó örnefni þau bæru önnur nöfn, en þau fornu. En þareð Fljótshlíðingar mótmæltu þessu, þá var síðastnefndur prófastur fullséður að halda þá ekki lengra úti það mál. Um þetta leyti gekk líka sú aldar óvenja sem hæzt, að bæði æðri- og lægristjettar-menn hirtu lítið um hverjir skógana ættu, því þeir voru þá brúkaðir sem herfang, og kepptist hver við annan að eyða þeim í mesta regluleysi, svo um næstliðin aldamót var Þórsmörk orðin skóglaus með öllu, en á fyrsta fjórðungi þessarar aldar var byrjað á því, að friða þær fornu skógarætur, sem þá voru óuppgrafnar, því þá fór stjórnin að styrkja þetta mál, og síðan hefir skógur þessi sprottið, undir vöktun og umsjón Fljótshlíðinga; af hjertöldum ástæðum, finnum við undirskrifaðir oss knúða til, að mótmæla frama(n)nefnd(r)vi lögfestu sjera Björns, sem ástæðulausri, og eins allri yrkingu skógarins af prestsins hálfu (að fráskildum skógarteiginum „Stöng“ innundir „Góðagil“) á meðan hann ekki löglega sannar fyrir oss að þeir fornu skógarteigar Holtskirkju, sjeu á framanverðri Þórsmörk...

Fljótshlíðarhreppi 28. maí 1867<sup>1</sup>

Mótmæli þessi voru lesin upp og bókuð í manntalsþingsrétti að Steinahelli 4. júní 1867 og innfærð í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu.

Árið 1877 tók sýslumaður skýrslu „hlutaðeigenda útaf kæru umsjónarmanna Þórsmarkurskógaranna í Fljótshlíðarhreppi um heimildarlaust skógarhögg þar“. Ekki er gerð frekari grein fyrir þessum „umsjónarmönnum“.<sup>2</sup> Teknar voru skýrslur af tveimur vinnumönnum í Eyjafjallasveit, Þórði Jónssyni á Hamragörðum og Bjarna Gíslasyni á Syðrirotum. Báðir kváðust þeir hafa tekið viðarklyfjar fyrir norðan Þröngá, sem skilji Þórsmörk frá Almenninum, og vissu ekki betur en að til þess hefðu þeir haft fulla heimild. Sýslumaður sá ekki ástæðu til, eins og sakir stóðu, að halda rannsókninni áfram.<sup>3</sup>

1 Skjal nr. 3 (83), sbr. nr. 3 (99). Undir bréfið rita 32 menn nöfn sín.

2 Meðal eftirlitsmanna með skógarhöggi í Þórsmörk í byrjun 20. aldar var Arnþór Einarsson í Teigi. (Þórður Tómasson 1996, s. 232).

3 Skjal nr. 3 (113).



Sérstakt landamerkjabréf er til fyrir Þórsmörk, gert árið 1892:

Landamerki á Þórsmörk

Markið að norðan, sem aðskilur Þórsmörk og Almenna, afrétt Eyfellinga í Holtssókn er á, sem heitir Þröngá, allt frá upptökum hennar upp við jökul og þar til hún fellur í' [Markarfljót síðan ræður] Markarfljót allt fram á móts við Þórsmörkurrana.

Enn að sunnanverðu Krossá, sem aðskilur Þórsmörk og afréttina sunnan árinna, Teigs og Múlatungur, Goðaland og Stakkholt allt frá upptökum hennar upp við jökul og alla leið fram fyrir Þórsmörkurrana.

Fljótshlíðarhreppi 2. maí 1892

Í umboði hreppsnefndar Guðm. Guðmundsson

Fyrir hönd afréttarins Stakkholts samþykki ég hins vegar skrifuð landamerki

Eyvindarholti 12. maí 1892

Sighv. Árnason

Fyrir afréttinn Almenna samþykki ég hins vegar rituð landamerki í umboði hreppsnefndarinnar Vestur-Eyjafjallahrepps

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson núverandi oddviti

Við hinsvegar rituð landamerki athugast, að Holtsprestakall undir Eyjafjöllum á þessi skógaritök á Þórsmörk: Í Stöng Gamlanaut og Loftsnaut, Lækjarskóg og Gatnaskóg og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi, og tvo skógarteiga á Ákstöðum. Að öðru leyti samþykkjast landamerkin.

Holti undir Eyjafjöllum 14. maí 1892

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Fyrir hönd séra Eggerts Pálssonar Oddur Oddsson

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk í Fljótshlíð 18. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Enginn virðist hafa staðfest landamerkjabréf Þórsmörkur af hálfu Odda á Rangárvöllum en samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 22. maí 1890, var „[a]fréttur hálfur í miðja Þórsmörk“ meðal „ítaka“ sem „fylgdu“ jörðinni.<sup>2</sup>

Í Þórsmörk var afréttur Fljótshlíðinga eins og fram kemur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.<sup>3</sup> Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps tók hins vegar á leigu afrétt Oddakirkju í Þórsmörk

1 Það sem er í hornklofa er ritað utanmáls en vísað hér inn. Skjal nr. 3 (17).

2 Skjal nr. 3 (185).

3 Sbr. skjal nr. 3 (103): Afsal, dags. 9. janúar 1901, fyrir ¼ í Eyvindarmúla í Fljótshlíð „með tiltölulegum hluta úr kúgildum, skógaritaki og fjárbeit í Þórsmörk“. Skjal nr. 3 (106): Samningur, dags. 7. mars 1914, um sölu á hluta í Kirkjulæk í Fljótshlíð „með öllum gögnum og gæðum er téðum jarðarparti hafa fylgt ... þar á meðal skógaritak og vetrarþing á Þórsmörk“.

árið 1901 en áður höfðu Vigfús sýslumaður Þórarinnsson og síðar ábúendur Árkvarnar haft umboð fyrir afréttinum.<sup>1</sup> Árið 1918 tók nýr prestur við embætti í Odda. Sagði hann þá upp samningnum við Vestur-Eyjafjallahrepp og leigði Tómasi Sigurðssyni á Barkarstöðum afrétt kirkjunnar í Odda. Þetta kemur fram í bréfi sem hreppstjóri Vestur-Eyjafjallahrepps ritaði stjórnarráði Íslands, dóms- og kirkjumáladeild, 5. október 1918. Hreppstjóri taldi að við prestaskiptin hefði „ítak“ þetta átt að hverfa undir embætti hans í samræmi við lög nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta og vildi fá úrskurð stjórnarráðsins um það efni.<sup>2</sup> Stjórnarráðið sendi erindið til biskups sem svaraði með bréfi 29. nóvember sama ár. Þar segir biskup m.a.:

Út af erindi þessu vil ég virðingarfylst leyfa mér að taka fram, að ítak þetta er metið hinum núverandi Oddapresti til heimatekna (sbr. bréf stjórnarráðs til mín dags. 25. febr. þ.á) og hefir Oddaprestur því full umráð þess og fulla heimild til að leigja það hverjum sem hann vill, án þess að vera í nokkru bundinn af samningum fyrirrennara síns við V. Eyjafjallahrepp, því að þeir samningar eru að sjálfsgöðu bundnir við prestskapartíð hans, sem útrann í næstliðnum fardögum.<sup>3</sup>

Á 19. öld tóku stjórnvöld að beita sér fyrir friðun skóglendis með lagasetningu. Árið 1894 voru sett lög um friðun skóga og mels og árið 1907 samþykkti Alþingi lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Árið eftir tók danski skógræðingurinn A.F. Kofoed-Hansen við embætti skógræktarstjóra og tveimur árum síðar var Einar E. Sæmundsen skipaður fyrsti skógarvörður á Suðurlandi. Sumarið 1909 fór Einar í fyrstu ferð sína í Þórsmörk ásamt Árna Einarssyni, bónda í Múla, en hann var kunnugur á þeim slóðum. Þessar ferðir munu hafa sannfært Einar og Kofoed-Hansen um nauðsyn þess að láta friða Þórsmörk alla fyrir búfjárbæit.<sup>4</sup>

Árið 1920 rituðu eigendur og ábúendur jarða í Fljótshlíð nöfn sín undir yfirlýsingu um að þeir vildu endurgjaldslaust gefa eftir beitiréttinn í Þórsmörk gegn því að landstjórnin sæi um að girða þar skóginn með fjárheldri girðingu og að skógræktarstjórnin tæki að sér að annast um smölnun að haustlagi á því fé sem kynni að smeygja sér inn fyrir girðinguna. Sóknarpresturinn í Odda féllst einnig á þetta „[sem] umráðamaður hálftrar Þórsmörkur er liggur undir Oddakirkju, að því er beit snertir“.<sup>5</sup> Bæði í yfirlýsingu Fljótshlíðinga og sóknarprestsins í Odda er komist svo að orði að gefinn sé eftir „beitarrjettur“ („beitirjettur“) og í bréfum prestsins og biskups vegna þessa máls er talað um „ítak“ sem hafi verið tekið undan Oddaprestakalli 1920.<sup>6</sup> Árið 1924 var hafist handa við að setja upp varnargirðingu með fram Þórsmörk að norðan og jafnframt unnið að því að stækka friðunarsvæðið þannig að það næði yfir Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Merkurtungur (sbr. kafla. 5.4.). Árið 1927 var gerður samningur milli landeigenda og Skógræktar ríkisins um að hún tæki að sér friðun og umsjón svæðisins. Í samningnum var tekið fram að bændur eða eigendur jarða misstu allan rétt til landnytja í Mörkinni nema skógarhögg.<sup>7</sup> Friðun þessa landsvæðis var m.a. þeim vandkvæðum bundin að girðingin var ekki að öllu leyti fjárheld og leitaði því fé úr afrétti Vestur-Eyjafjallahrepps (Almenningum) inn á hið friðaða svæði. Annars staðar var ekki völ á góðu beitarlandi. Úr þessu rættist ekki fyrr en árið 1990 með samkomulagi milli Landgræðslu ríkisins og Vestur-Eyfellinga um að þeir rækju ekki fé á afrétti hreppsins næstu 10 ár. Með þessum samningi tókst að lokum að ná því markmiði sem stefnt var að árið 1920 að tryggja friðun Þórsmörkur fyrir allri búfjárbæit.<sup>8</sup>

1 Þórður Tómasson 1996, s. 148-149.

2 Skjal nr. 3 (175).

3 Skjal nr. 3 (175).

4 Andrés Arnalds, 1990: „Friðun Þórsmörkursvæðisins.“ *Ársrit Skógræktarfélags Íslands*. S. 89-92. Þórður Tómasson 1996, s. 232.

5 Skjal nr. 5 (199). Sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 232-245.

6 Þórður Tómasson 1996, s. 234-235.

7 Andrés Arnalds 1990, s. 93.

8 Skjal nr. 3 (188). Andrés Arnalds 1990, s. 89-98.

Samkvæmt lögum um lausn skógarítaka nr. 100/1940 og um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952 skyldu allir þeir sem töldu sig eiga ítök (skógarítök og síðar önnur ítök) lýsa þeim. Frá árinu 1953 er varðveitt lýsing á ítökum kirkna undir Eyjafjöllum. Þar kemur fram að kirkjan að Eyvindarhólum átti einn skógarteig í Þórsmörk (ítak Arnarbælskirkju), kirkjan að Ásólfstöðum átt sjö skógarteiga í Þórsmörk (í Stöng, Gamlanaut, Gatnaskóg, Loftsnaut, Lækjarskóg og tungur, eina í gil frá Höfðaskógi, tvær á Asksstöðum) og enn fremur, að sögn Jóns Helgasonar biskups, skógarteiga í Stóraenda, Litlaenda og Stöng og kirkjan að Breiðabólstað var lýstur eigandi skógar hjá Stapa.<sup>1</sup>

Á síðari árum hefur verið komið fyrir aðstöðu fyrir ferðamenn í Þórsmörk. Þar eru nú þrjár gisti-skálar: skáli Ferðafélags Íslands í Langadal, skáli Austurleiða hf. við Húsadal og skáli Útivistar í Básum á Goðalandi.<sup>2</sup>

#### 5.4. Goðaland

Elsta heimild um mörk Goðalands, sem kunnugt er um, er í örnefnaskrá sem að stofni til er talin vera frá prestskaparárum séra Sigurðar Einarssonar á Breiðabólstað (um 1630) en er nú varðveitt með hendi séra Högna Sigurðssonar frá miðri 18. öld. Í skránni er þessi lýsing:

NB Godaland er nefnt innan Hrunagilzár og Hvannár firer austan Krossá. Þar örnefne: Strákagil, Riettarflötur, Godalandzheller, í Básum, Riettafell. Þar fyrir framan ad sunnanverdu; Stackhollt, Steinhollt, Fagredalur og þar fyrir framan tunga Ein firer framan falljökul. NB

Ad nordan vid Godaland, Gudrunartungur, Teigstungur, Mulatungur (miög litlar).

So kemur Stangarhals þar í Budarhamar, Ende store og litle, Valahnukur, fyrir nedan Snorra Rike koma breckurnar í dalnum sem skogartoften tekur til.<sup>3</sup>

Í sömu heimild eru einnig taldir upp skógar sem Breiðabólstaður átti og var einn þeirra hjá Réttarfalli sem nefnt er hér í örnefnaskránni.

Árið 1588 var staðfestur í lögréttu svonefndur Kirkjulækjardómur Nikulásar Björnssonar frá 27. september 1578 og einnig Lambeyjarsamþykkt frá 14. maí 1579 um Goðaland. Tildrögin voru þau að séra Erasmus Villatsson (Vilhjálmsson), prófastur í Odda og á Breiðabólstað (1573-1579)<sup>4</sup> hafði kært nokkra bændur sem bjuggu „fyrir austan vatn under Eyjafjöllum“ fyrir þá sök „sem er ad þeir brukudu. hefði og hieldi fyrir sier kirkiunnar afriett fra Breidabolstad sem kallazt Godaland“. Prófasturinn lagði fram nokkur innsiglið bréf með vitnisburði nafngreindra manna sem öllum bar saman um að þeir vissu ekki annað sannara „en þessi Godalandz afriettur væri og hefði verid halldinn vafalaus kirkiunnar eign aa Breidabolsstad. og aller þeir sem þann afriett hefdi viliad hafa fyrir vestan Marckarfliót. hefdi þeigít leyfi af kirkiunnar formanni aa Breidabolsstad“.

Í úrskurði sínum vísaði sýslumaðurinn til þess sem stóð í lögbókinni („laugmaalinu“) „ad hvad stadid hefur. xx. ár edur leingur ataululaust skal halldazt um alldur og æfi“. Enn fremur minnti hann á það sem getið er um í „gaumlum kirkiunnar laugum“ og í „Ordubok“ konungs að lénsmenn væru skyldugir til að koma því aftur til kirkju sem ranglega væri frá henni tekið. Dómsniðurstaðan var því sú að Goðalandsafréttur skyldi teljast eign Breiðabólstaðarkirkju:

Dæmdum vier fyrr nefnder domsmenn med fullnadardoms áliktan þennann optnefndan Godalandz afriett eign kirkiunnar aa Breidabolsstad epter því sem fyrrgreinder vitnisburder til vjsa. utan dandi-

1 Skjal nr. 3 (187). Ekki er að fullu kunnugt um hvar Stapi er (sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 169).

2 Þórður Tómasson 1996, s. 254-257.

3 Skjal nr. 3 (184). Sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 70.

4 Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 459.

menn under Ƿiafiollum fyrir austan vatn gieti hier að komit sterckari bivijisungum. þeim er þessum hrinde. Og vier vitum ecki.<sup>1</sup>

Ári síðar (1579) komu nokkrir nafngreindir menn saman á þriggja hreppa þingi í Lambey í Fljótshlíð til að fara yfir þennan dóm og athuga hvort nokkur skjöl hefðu verið lögð fram sem gætu hrundið honum. Það reyndist ekki vera og var dómurinn því staðfestur „j aullum sinum Articulis og greinum“.<sup>2</sup> Í þessu sambandi er rétt að taka fram að ekki er minnst á Goðaland í ýtarlegum máldaga Breiðabólstaðarkirkju frá um 1570.<sup>3</sup> Í fyrrnefndum staðfestingardómi lögréttu 1588 er hafður á fyrirvari, sem hvorki er að finna í Kirkjulækjardómi né Lambeyjarsamþykkt, um ítak kóngsjarðar:

Domur vm mál Erassmus vm Godaland. ...

Dæmdu þeir þá dóma og vitnisburdi skiallega og minduga. sem herra Erassmus fram bar. þó að ökreinktu því jtaki sem kongsins jörðu til kemur.<sup>4</sup>

Hér kann að vera um almennan fyrirvara að ræða, þ.e. ef vera kynni að konungs jörð ætti ítak í Goðlandi, skyldi það haldast óbreytt.

Í vísitásiubók Jóns biskups Vídalíns frá 1704 er vikið að Kirkjulækjardómi 1578 um leið og gerð er grein fyrir eignum Breiðabólstaðarkirkju. Þar segir m.a.:

Epter Medkenningu Sr Sigurdar Einarssonar hvoria Presturinn Sr Jon Torfason frammlagde á Kirkian þessa Skoga og Itök, Völlu er liggia norður fra Næfurhollte, Långafell so langt framm sem Skoge er vaxid austan til. Melfell er liggur i landnordur fra Næfurhollte, Skog hia Stapa /sem adur er umgeted /: svo langt sem Skoge er vaxed framm ad Utisaudagia og Skogur inn fra er kollud er Mariutunga sem liggur i millum Gilianna. Jtem tvær Skogar Topter hvora hia annarre fyrer framan Falljökul, svo langt ofan sem Sliettan tekur vid. Jtem Skógartópt i Langadal framanverdum, fyrer vestan i Dalnum inn ad Breckum ad Hlidarenda Skogi og fram á Hálsin. Jtem Skóg i Rietta Felle. Jtem litla Skogartoptt fyrer jnnann Kýle, upp under Jökulinn og eru þessar Skogar nu sagder nærre eidder. Epter Dómj Nikulasar Biörnssonar geingnum 1578, er Erasmus Villadsson var Stadarhalldare ad Breidabolstad, a Kirkian Godalands Afriett. ... Þesse Skiöl liggia á Kirkiunne, Domur Nikulasar Biörnssonar Valldsmanns i Rángárþinge, a Pergament dateradur 1578. Hliódande umm, ad Godalands Afrietur sie Eign Kirkiunnar ad Breidabolstad. Brefid er med þremur hangande Jnsiglum, öllum nockud skertum, en iiii eru i burtu.<sup>5</sup>

Einhver óvissa virðist hafa verið áfram um eignarréttinn á Goðlandi því að í verklýsingu fyrir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar er Goðaland nefnt í kafla um atriði sem athuguð skyldu sérstaklega:

Eyðilönd, ef nokkur á landi eru, álíka og um eyjarnar sagt var, sem engum vissum jörðum tileinkuð eru (svo sem vera kynni Goðaland fyrir ofan Fljótshlíð, Traðardalur í Hvammssveit, ef hann engum tilheyrði).

1 Skjal nr. 5 (70).

2 Skjöl nr. 5 (70, 198).

3 Sbr. skjal nr. 7 (3).

4 Skjal nr. 5 (70).

5 Skjal nr. 3 (38).

Hvar eru (forte nullibi sunt [ef til vill eru þau hvergi]).

Hvert aldrei hafi byggð verið.

Hvert ei byggjast kunni og hvar fyrir eða ef byggjast kynni, þá með hvaða hætti og kostum.

Hvað þau eigandanum importera, hver hann er.<sup>1</sup>

Þá er þess einnig að geta að laugardaginn 15. júní 1720 tilnefndi Hákon Hannesson sýslumaður í Rangárþingi átta menn til að fjalla um stefnu sem séra Þorleifur Arason staðarhaldari að Breiðabólstað lagði fram „með hvörre hann hafde til vitnesburdar Stefnt Halldore Magnussyne, Magnuse Brandssyne og Snorra Bödvarssyni til að vitna það framast þeir visse under sinn svarenn eyd hvar Godalands afriettur liggur, og hvort þeir visse nockurn annann afriett sem Godaland kalladest fyrer utann þann eina“.<sup>2</sup> Hinir stefndu voru allir tregir til að vitna í málinu. Um þetta segir m.a. í gögnum réttarins:

Frammlagde Halldor Magnusson eitt Jnnlegg, i Hvöriu hann oskar ad metest hvört sier bere ad lögum hier umm ad vitna; þvj sie það Prestsens ástæda ad átelia vegna Kirkiunnar ad Breidabolsstad þann Afriett, er Eystra parte Eyafiallasveitar eignadur sie, og af Abuendum þar hafe um lágann tima brukadur vered, halde hann sier tilheyre, ásamt ödrum Hlutadeigendum, efter eignar ummráðum hans j Hrutafelle, fyrer þann Afriett Svörum ad hallda, dat. Holltsstad 15. Junij 1720.<sup>3</sup>

Niðurstaðan var sú að hrófla ekki við því sem áður hafði verið ákveðið og dæmt um Goðaland og voru bæði Kirkjulækjardómur og Lambeyjarsamþykkt lesin upp „fírer Riettinum ad Holti“ 16. júní 1722.<sup>4</sup>

Í skýrslu, sem séra Tómas Sæmundsson gerði um Breiðabólstaðarbrauð 1839 og sendi biskupi, er þess getið að Goðalandsafréttur „tilheiri brauðinu, og er hann bigður Austrejafjallamönnum fyrir 2 vættir af fiski árlega - 40 al.“<sup>5</sup> Í þessari sömu skýrslu er einnig lögfesta Torfa Jónssonar, staðarhaldara (beneficiarius) á Breiðabólstað, frá 9. maí 1821:

Eg Torfi Jónsson Beneficiarius til Breiðabólstadar i Fljótshlíð lögfesti hjermed í dag allt Breiðabólstadar heímaland med öllum þess gögnum og gjæðum til lands og vatns, fjalls og fjöru, sömuleidis lögfesti eg þessi eptirskrifud ítök, skóga og rekafjörur Breiðdabst. k[ir]kiu tilheirandi: Godaland allt innan Hraungilsár og Hvannár...Beítarland ad Dagverdarnesi og Kanastöðum liggjandi fyrir vestan Markarfljót – Völlu sem liggja nordur frá Næfurholti, Lángafell so langt fram skógi er vagsid – Skóg hjá Stapa allt frammad Sandagjá – 2 Skógartóptir hvörja hiá annari fyrir framann Falljökul – Skógartópt í Lángadal framanverðum fyrir vestan í dalnum innad Brekkum ad Hlíðarenda skógi og framamá hálsinn – Skóg i Rjettafelli og litla Skógartópt fyrir innan Kíli uppundir Jökulinn - Markhlíð edur Mariútungur milli giljanna i landnordur af Næfurholti. ...<sup>6</sup>

Í sambandi við afmörkun Goðalands skal þess getið að í lok 18. aldar var Sveinn Pálsson með

1 Skjal nr. 5 (63): *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990. S. 42.

2 Skjal nr. 3 (186).

3 Skjal nr. 3 (186).

4 Skjal nr. 5 (70). Sbr. einnig skjal nr. 3 (b, nr. 263) (uppskriftir frá Þjóðskjalasafni Íslands á gögnum í kirkjustóli Breiðabólstaðar 1752-1851).

5 Skjal nr. 3 (170).

6 Skjal nr. 3 (170).

þá kenningu að fornmenn hefðu nefnt Emstrurnar Goðaland enda kæmi það heim við frásagnir gamals fólks í Fljótshlíð.<sup>1</sup> Jafnvel er nú talið, með hliðsjón af leiðarlýsingu í Njálu, að Goðaland hið forna hafi náð að minnsta kosti yfir það landsvæði sem nú nefnist Almenningar og Emstrur, frá Jökulsá úr Gígjökli (eða Steinholtsá) og upp að Kaldaklofskvísl (eða Bláfjallakvísl).<sup>2</sup>

Í lýsingu séra Magnúsar Torfasonar á Eyvindarhóla-, Steina- og Skógasóknum 1840 er komist svo að orði um „afréttarlöndin“:

Afréttarlönd fylgja engin þessari sveit, en þeir sem eiga land að Hrótafells-, Drangshlíðar- og Skóg[a]heiðum reka þangað lömb sín og geldfé, þó allt kannske á miðju sumri komi saman við búsmalann. Hólahverfið og Stóruborgareign eiga lítið pláts upp undir jökli til lamba uppreksturs og heitir þetta pláts Hólatungur og Borgartungur. Þessar tungur bera yfir það heila hér um 80 lömb. Hinar aðrar jarðir hér hafa leigt sér afréttarpláts af prestinum á Bre[i]ðabólstað, hvort pláts liggur fyrir norðan jökulinn og heitir Goðaland.<sup>3</sup>

Árið 1844 lýsti séra Jón Halldórsson búskaparháttum og landslagi í Breiðabólstaðarsókn og gerði þá rækilega grein fyrir eignum Breiðabólstaðarkirkju. Í lok þeirrar greinargerðar er þessi yfirlýsing: „Eftir dómum af 1578 og 1720 á kirkjan Goðalands afrétt.“<sup>4</sup>

Í jarðamati 1849 er minnst á Goðaland í sambandi við úttekt á Breiðabólstað:

Jörðinni fylgir auk afréttar á Grænaþjalli einsog öðrum Flíotshlýdarjörðum, afrétturinn Goðaland með skógarlog nockurri.<sup>5</sup>

Varðveitt er skýrsla um tekjur og útgjöld Breiðabólstaðarprestakalls á tímabilinu 1862-1867. Meðal þeirra ískyldna, ítaka og hlunninda, sem presturinn notaði sjálfur, var nýgræddur skógur á Goðalandi. Um þetta segir í skýrslunni:

Nýgræddur skógur á Goðalandi en skógarviðið er ofurlítið og ekki nema handa prestinum einum og til að gjalda þeim fyrir ómak sitt, sem hefur vöktun skógarins á hendi; en mjög er torvelt að friða hann fyrir óhlutvandi irkingu, meðan þeir, sem eiga skóga í grennd, gæta ekki góðrar reglu með þá. Að meðaltali hefur prestur látið taka þar 6 hesta á hverju hausti, sem metst 6 al.<sup>6</sup>

Afrétturinn sjálfur var hins vegar leigður til upprekstrar eins og Tómas Sæmundsson hafði áður upplýst um:

Goðalandsafrjettur, leigður til lambauppreksturs á sumrum fyrir 40 al. árlega, sem gjaldast haust hvert í hörðum fiski með 2 vættum.<sup>7</sup>

Áður hafði Goðaland verið leigt öðrum til vetrarþeitar en ekki lengur sökum vetrarharðinda.<sup>8</sup>

1 Sveinn Pálssonar, 1983: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 1. b. Reykjavík. S. 259.

2 Guðmundur Páll Ólafsson, 2000: *Hálendið í náttúru Íslands*. Reykjavík. S. 366 (þar er m.a. vitnað í „Sagnfræðilega vangaveltu“ Freysteins Sigurðssonar jarðfræðings).

3 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 20.

4 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 100.

5 3 (88).

6 Skjal nr. 3 (126). Sbr. einnig skjal nr. 3 (121) („Skýrsla um Tekjur og Útgjöld Breiðabólstaðar Prestakalls í Rángarþingis-prófastsdæmi eptir 5 Ára Meðaltali 1849, 1853“).

7 Skjal nr. 3 (126). Sbr. einnig skjal nr. 3 (121).

8 Skjal nr. 3 (126).

Sérstakt landamerkjabréf er til fyrir Goðaland, gert í maí 1891:

Landamerkjabréf

Landamerki „Goðalands“ afréttarlands, er tilheyrir Breiðabólstað í Fljótshlíðarhreppi. Mörkin eru þessi: Að innanverðu ræður gil það ofan frá Eyjafjallajökli, sem er á milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá; þá Krossá fram eftir (eða miður farvegur hennar) milli Goðalands og Þórsmerkur þar til Hvanná fellur í hana; þá Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls.

Í maim. 1891

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa:

Eggert Pálsson	Skúli Skúlason	Tómas Sigurðsson
Guðm. Guðmundsson	Ágúst Jónsson	Kjartan Einarsson <sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 28. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Að lokum skal hér vitnað í það sem sagt er um Goðaland í gerðabók fasteignamatnefndar 1916:

Afnót þess tilheyrir Breiðabólstaðarprestakalli, sem eru sumarheit fyrir sauðfé og dálítið skógarhögg. – Goðaland mun eiga að teljast með Vestur-Eyjafjallahreppi. – Metið á kr. 600.

Athugasemd.

Enginn afréttur tilheyrir Austur-Eyjafjallahreppi, en nokkurir ábúendur þar kaupa upprekstur á Goðaland, sem tilheyrir Breiðabólstaðarprestakalli. Er borgað fyrir það nú 24 krónur á ári.<sup>2</sup>

Við skýrslutökur hjá óbygðanefnd 1.-4. júlí 2003 kvaðst séra Sváfnir Sveinbjarnarson, prestur á Breiðabólstað 1963-1998, ekki vita annað en að Goðaland hefði alltaf verið eign Breiðabólstaðarkirkju. Prestar á staðnum hefðu leigt bændum undir Austur-Eyjafjöllum upprekstur í Goðaland og haft af því tekjur fram yfir aldamótin 1900 en eftir það látið nægja að þeir smöluðu og hirtu afréttinn. Hann skýrði frá því að faðir sinn, sem einnig var prestur á Breiðabólstað, hefði notað Goðaland til beitar fyrir geldneyti síðast árið 1932. Einnig kom fram í máli séra Sváfnis að árið 1927 hefði Jón Helgason biskup afsalað „beitarítaki Breiðabólstaðar í Goðalandi“ til skógræktarinnar (Skógræktar ríkisins).<sup>3</sup>

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var aðdragandi þessa máls á þá leið að dóms- og kirkjumála-ráðuneytið ritaði sýslumanninum í Rangárvallasýslu bréf 13. október 1926 til að spyrjast fyrir um

1 Skjal nr. 3 (28). Af markalýsingu almenninga má ráða að Kjartan Einarsson hafi verið oddviti Vestur-Eyjafjallahrepps og Guðmundur Guðmundsson oddviti Fljótshlíðarhrepps (skjal nr. 3 (15)). Kjartan Einarsson var einnig nafn prestsins í Holti og Eggert Pálsson var prestur á Breiðabólstað (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 116, 135, 458).

2 Skjal nr 3 (89).

3 Sjá skjal nr. 5 (66): Afréttaskrá fyrir Rangárvallasýslu. Þar segir á einum stað: „Árið 1920 afhentu eigendur og umráðamenn framtalinna afrétta austan Markarfljóts [m.a. Goðalands] landstjórninni beitarrétt sinn þar, gegn ákveðnum skilyrðum.“

nýtingu Goðalandsafréttar. Í svari sínu 9. desember 1926 skýrði sýslumaður frá því að séra Eggert Pálsson, prestur á Breiðabólstað, hefði leigt Austur-Eyjafjallahreppi á sínum tíma „beitarrjett á Goðalandsafrjetti“ en við fráfall hans hlýti þessi „afnotarrjettur Eyfellinga yfir Goðalandi“ að vera upphafinn og afrétturinn ætti því að vera kominn undir umsjón hreppstjórans í Fljótshlíðarhreppi. Kirkjustjórnin hefði þó enn ekki „afhent eða látið afhenda umráð afrjettar þessa í hendur áðurnefnds hreppstjóra“ en það hefði sennilega átt að gerast þegar séra Eggert komst á föst laun og hætti að nota „beitarrjettinn“ árið 1921.<sup>1</sup> Síðar í þessum sama mánuði ritaði skógræktarstjórinn bréf til stjórnarráðsins og minnti á að bráðlega yrði skipaður nýr prestur til Breiðabólstaðar og fór þess á leit við yfirvöld að í embættisbréfinu yrði tekið fram að presturinn hefði ekki lengur leyfi til að beita skepnum á Goðalandsafrjetti og að „beitarrjetturinn á Goðalandsafrjetti“ væri tekinn af að öllu leyti.<sup>2</sup> Jafnframt sendi skógræktarstjórinn erindi um sama efni til biskupsins yfir Íslandi, Jóns Helgasonar. Eins og fram kemur í eftirfarandi bréfi biskups til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tók hann að öllu leyti undir tilmæli skógræktarstjóra:

Jafnframt því að senda hinu háa ráðuneyti erindi skógræktarstjóra viðvíkjandi afréttaritaki Breiðabólstaðarprestakalls í Fljótshlíð á Goðalandi upp af Þórsmörk, vil ég skýra ráðuneytinu frá því, að ég hefji tilkynnt bæði prófasti í Rangárþingi og væntanlegum nýjum presti þar í prestakallinu, að itak þetta sé tekið undan Breiðabólstaðar-prestakalli vegna fyrirhugaðrar friðunar Þórsmarkar.<sup>3</sup>

Biskupinn lét ekki þar við sitja heldur tók sérstaklega fram í bréfi til prófestsins 22. febrúar 1927 „að afréttar-itakið á Goðalandi, sem áður fylgdi þessu prestakalli, er nú algerlega undan því tekið vegna fyrirhugaðrar friðunar Þórsmarkar...“<sup>4</sup>

Samkvæmt lögum um skógrækt, nr. 100/1940, og um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952 skyldu allir þeir sem töldu sig eiga ítök (skógaritök og síðar önnur ítök) lýsa þeim. Frá árinu 1953 er varðveitt lýsing á ítökum kirkna undir Eyjafjöllum. Þar kemur fram að Stóradalstunga var talin eiga fjórðung skógarar í Bláfelli (Múlatungum) og hvað kirkjuna á Breiðabólstað snerti var haft eftir eftir Jóni Helgasyni biskupi að hún ætti nýgræddan skóg í Goðalandi og Goðalandsafrétt.<sup>5</sup>

## 5.5. Stóra-Mörk

Stóra-Mörk var bær Ketils Sigfússonar og Þorgerðar Njálisdóttur sem frá er sagt í Njálssögu. Í Stóru-Mörk var kirkja, helguð Pétri postula, og þjónað frá Dal<sup>6</sup>. Elsti varðveitti máldagi kirkjunar er talinn vera frá fyrri hluta 14. aldar.<sup>7</sup> Þar er hvorki getið um hlut hennar í heimalandi né aðrar fasteignir.<sup>8</sup> Sama á við um yngri máldaga. Kirkjan virðist einungis hafa átt kvikfé, helgigripi og skrúða.<sup>9</sup> Í Stóru-Mörk hefur því verið bændakirkja en ekki staður.

Í kaupmálabréfi frá 1485 en þar er greint frá því að Sveinn Sumarliðason hafi haft til kaups og eignorðs alla peninga sína, m.a. Mörk undir Eyjafjöllum.<sup>10</sup> Nokkru síðar virðist hálf jörðin hafa komist í eigu konungs en hinn helmingurinn var í eigu Hólmfríðar Erlendsdóttur (Erlendssonar í Dal), síðar eiginkonu („hústrú“) Jóns Hallssonar sýslumanns sem varð umboðsmaður konungs-

1 Skjal nr. 3 (182).

2 Skjal nr. 3 (181).

3 Skjal nr. 3 (180).

4 Skjal nr. 3 (183). Sbr. kafla 5.3. (Þórsmörk) um friðun Þórsmarksvæðisins.

5 Skjal nr. 3 (187).

6 „Hálfkirkja“ samkvæmt máldaga frá um 1570 (skjal nr. 5 (39)).

7 Útgefandi 2. bindis Fornbréfasafns telur máldagann vera frá 1332.

8 Skjal nr. 5 (3).

9 Skjöl nr. 5 (36 og 39). Skjal nr. 5 (39).

10 Skjal nr. 5 (20).



hlutans í Merkureignum 1522.<sup>1</sup> Í skiptabréfi Eyjólfss bónda Einarssonar í Stóra-Dal 1588 er elsta syni hans, Magnúsi, eignuð hálf Stóra-Mörk, 30 hundruð.<sup>2</sup> Öll jörðin hefur því verið 60 hundruð að dýrleika. Stóra-Mörk er að vísu metin á 76 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en þá var tekið mið af landskuldinni sem var 3 hundruð og 100 álnir. Í jarðabók 1695 er dýrleikinn 60 hundruð í samræmi við fornt mat.<sup>3</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er dýrleiki Stóru-Merkur einnig sagður 60 hundruð en bætt við að hálf jörðin hafi ekki verið talin nema 20 hundruð þegar Jón Einarsson á Hrutafelli fékk konungshlutann á leigu og hafi það síðan viðhaldist í 8 eða 9 ár. Kirkjan var þá fyrir löngu niður lögð.<sup>4</sup> Tvær eyðihjáleigur eru nefndar í Jarðabókinni, Grófurtún og Nauthús sem eiga að hafa verið í landi Stóru-Merkur.<sup>5</sup> Í sambandi við úttektina á Stóru-Mörk er minnst á tvö önnur örnefni, Þuríðarstaði „á Miðrimörk (sem nú er so nefnd fyrir innan Þórsmörk“<sup>6</sup>) og Húsadal, „skamt frá Þuríðarstöðum“. Bæði þessi „pláts“ voru brúkuð fyrir afrétt úr Fljótshlíð.<sup>6</sup>

Eins og getið er um í Jarðabók Árna og Páls var konungshluti Stóru-Merkur metinn á 20 hundruð í byrjun 18. aldar og var öll jörðin eftir það talin 40 hundruð að dýrleika. Þetta má m.a. sjá í jarðamati 1802 og í Jarðatali Johnsens 1847.<sup>7</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Stóra-Mörk metin á 68,5 hundruð.<sup>8</sup>

Elsta landamerkjalyýsing Stóru-Merkur mun vera í lögfestu 1741.

Eftir því vid underskrifader þikjustum underokader og ockur stór Órettur giördur af Jnnann og Utannsveitarfólke, sem giöra sier það ad skilldu ad höggva, skiera, rýfa og beita Stórumerkur Skog og Gras, hvad vid treistustum ei leingur ad þola ummtalzlaut. Hvar firer vid Eignarmenn og Ábuendur samt Ummbodshaldarenn Stórumerkur, liggjande under Eyafiöllumm og Stóradsals K[ir]khusókn, logfestumm hier i Dag hina sömu Jörd, hennar Tödur Eingiar, Hollt, Haga, Reka og allar Landsnytiar, þær er hennar Lande eiga ad fylgia, til Ummmerkia þeirra er adrer Menn eiga j Móte, og nu greinum vid þesse: Fra Grasteine, er stendur á Fitenne mille Stórumerkur og Eyvindarholts, og þangad j Bæargiled sem first siest j það. So rædur Stórumerkur Á til Merkurbotna, þaðann til Jökuls austur. Þá ur Grasteine j HestEyru j Stóru Dimon, þaðann j Hakolla, frá Hákóllumm Siönhending j Þurragil j Þorolfsfelle, ur Þurragile j Jöldustein, og þaðann Siönhending j Jökul austur. Firerböðum vier hverium Manne jrkia edur sier jnitia<sup>9</sup> tilteked Stórumerkur Land jnnann adurnefndra Takmarka, hvort helldur vera kann Skógaryrking, Hestabeit, Veideskapur, eda hver önnur Jnitia ölögleg án Leifess, hvar med

1 Skjöl nr. 5 (30, 32). Hálf Stóra-Mörk var hluti af „Merkureignum“. Í *Jarðatali Johnsens* 1847 (s. 23, 7. nmgr.) er því haldið fram að auk hálftrar Stóru-Merkur hafi Efra-Bakkakot, Syðra-Bakkakot, Berjanes og Hörðuskáli myndað sérstak umboð sem nefndist Skóga- og Merkureignir. Í gögnum Árna Magnússonar er önnur skýring gefin á þessum eignum: „Um Skógaeignir (lén) eru munnmæli, að bóndinn í Skógum hafi í reiði drepið son sinn, unglíng, og þær þar fyrir fallið. Það voru: Ytri-Skógar (nú bóndaeign), (Ytri-Skóga: er nú lénsjörð prestsins), Eystri-Skógar úr heimalandi, Drangshlíð, Skarðshlíð, Bakkakot, Hörðuskáli, Lambafell (bóndaeign nú orðin: Jón Fabíansson), Berjanes. Merkureignir meinast fallnar vera, þá bóndinn í Stóra-Dal undir Eyjafjöllum sló bóndann á Krossi í hel. Þ(ær) eru Stóra-Mörk hálf, Mið-Mörk (lénsjörð prestsins), Fit (nú orðin bændaeign), Hali, eyðilagður af Markarfljóti“ (*Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 469). Skóga- og Merkureignir voru meðal þeirra jarða sem konungur seldi Henriki Bjelke ríkisaðmíráli upp í skuld með afsalsbréfi, undirrituðu 30. apríl 1675 (skjal nr. 5 (74): *Alþingisbækur Íslands* 7, s. 443-448). Í byrjun 18. aldar hafði hluti af Skóga- og Merkureignum verið seldur, þ.e. „Vestariskógar“ (Ytri-Skógar), Drangshlíð, Skarðshlíð, Lambafell og Fit (*Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 502.). Áður höfðu erfingjar Bjelkes heimilað Lárusi Gottrup klausturhaldara og umboðsmanni að selja jarðagóssið hæstþjóðanda (sbr. skjal nr. 5 (76)).

2 Skjal nr. 5 (38).

3 Björn Lárússon 1967, s. 89.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 100.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 101. Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 470.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 101-102.

7 Skjöl nr. 3 (90), 5 (44).

8 Skjal nr. 5 (45).

9 *hagnytia* stendur í þeirri gerð lögfestunnar sem færð er í landamerkjabók, sbr. hér síðar.

og undskillst j þessare Lögfestu Stórumerkur Reke, giefande þar á saker sem Lög leifa ef nockur á móti þessare lögfestu brytur. Enn sieu þeir nockrer er þar þikiast eiga skog eda önnur Jtök Jnnann ádur lögfesta Stórumerkur Landamerkia, óskum vid alvarlega þeir hiner sömu syne þau med skilrykium hvar liggia, so bæde þeir og vid meigum syns nióta med rettu.

Þessare ofann skrifadre Lögfestu til Stadfestu skrifumm vid og látumm skrifa vor Nöfn hier under ad Storumörk þann 2 Septembris, Anno 1741.

Magnus Brandsson

Sæmundur Jónsson

Sýgurður Sueinsson

Jon Arnason

Þesse framann og ofannskrifud logfesta var openberlega upplesenn vid Stóradals Kirkiu epter afstadna Hl. Þionustugiörd 14da Sunnudag epter Trinitatis 1741 Sofnedenum á heirande vitna underskrifader.

Jon Magnusson

Ofeigur Hákonarson

Upplesið við Holtskirkju í safnaðarens á heirn þann 15 sunnudag effter Trinitatis að endadre H. Þionustugiörd, innverande arz, vitna

Arne Aarnason

Þordur Axelsson<sup>1</sup>

Lögfesta þessi var ítrekuð með litlum árangri að sögn þeirra sem að henni stóðu og var því önnur lesin upp á manntalsþingi 1833:

Lögfesta fyrir Jördinni Stóru Mörk af 3ia Junii 1833.

Jafnvel þö þad til skamms tíma optar enn einu sinni hafi med ítrekudum og opinberlega upplesnum lögfestum verid gjört heyrum kunnugt hvör lands ummerki hingad til átölulaust hafa verid haldinn og eignud ábilis og eignarjörd ockar Storumörk vid út Eyafjöll, hafa þö fleiri enn færri af þeim sem þessar ockar lögfestur heyrta hafa, litid skeitt þess Réttar er vid hér med höfum viljad helga landi voru med því eins eptir sem ádur í ockar óleifi og möt Forbodi voru, ad hafa beitt fénadi sínum og gjört jardarast med lingrifi og eidileggingu á þeirri litlu Skögarlö sem eptir er í umgetnu Storumerkurlandi. Lögfestum vid því hér med nefnda ockar eignar og ábilisjördu Storumörk med hennar tünnum, eingjum og skögalandareignum, holtum og högum og öllum landsnitjum þeim er þessari jörd hingad til filgt hafa til lands og vatns, til þeirra ummerkja er adrir kynnu möti oss eiga, bædi ad ordfullu og lögmali réttu: úr Grásteini þar sem fyrst sjest í Bæargil, rædur so Merkurá upp þadann til Jökuls, úr sama Grásteini aptur sjónhendíng Réttar í Rauduskridu uppundir Háköllum í Stóru Dímon, þadan í Þurragil í Þórólfsfelli, þadann aptur í Lausöldu, og aptur þadann stefnu beina í Falljökul austur, og Fjöru sem ad austann markast vid Dalsfjöru Eldíng rétta milli Ellireyar og Bjarnareyar, enn ad vestann frá Marju Fjöru. Eldíng milli Heimalands og Ellireyar. Fyrirbjöðum vier hedan af hvörjum manni í ad vinna edur sér ad nitja nema ockar lof edur leifi komi til undir þær frekustu sektir um landnám og áverka bætur

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (48).

sem Jónsb. Landsl. bállkur xviii og xix kap. til tekur, samt það ansvar er sömu Lagabókar Rekabállkur vid leggur vid öskil og hyrdingu á annars manns Reka. Þessa ockar lögfestu fyrir þingheimi upplesna, stadfestum vid med ockar undirskrifudum nöfnum, og hjáþriktum signetum ad

Stórumörk þann 3ia Junii 1833

Jón Guðmundsson                      Thorsteinn Jónsson

(LS)    (LS)<sup>1</sup>

Lögfestan var lesin upp fyrir manntalsrétti að Steinhelli 4. júní 1833.  
Í lok lögfestunnar eru eftirfarandi athugasemdir:<sup>2</sup>

Athugasemdir vid framanskráða lögfestu (undir staflid A og B)

A) - þar sem í lögfestunni stendur á eptir ordinu „upp undir hákollum í Stóru Dímon þadann í þurragil í Þórólfsfelli“ þá hygg eg rjettara væri sagt: „þadann - (nefnilega úr Dímon) - í Lausöldu“ a.1.<sup>3</sup>

B) - og aptur þadann (nefnilega úr Lausöldu) rjettara sagt: „Í Falljökul sudur“ b.2.<sup>4</sup>

Síðar á öldinni, árið 1877, gáfu eigendur Stóru-Merkur út yfirlýsingu til að tryggja sér allan rétt til skógartekju í landi sínu:

Sökum þess, að við undirskrifaðir eigendur jarðarinnar Stórumerkur í Vestur-Eyjafjallahreppi höfum orðið þess lítilega áskynja, að Skógarítak hafi verið á fyrri tímum eignað sjer af öðrum úti frá í landi nefndrar eignarjarðar okkar, þá gjörum við hjermeð heyrum kunnugt, að í landi nefndrar eignarjarðar okkar Stórumerkur, er nú enginn skógur til, hvorki stór nje smár og enginn sýnilegur vottur hans og hefir ekki verið í núlifandi manna minnum, og lýsum hjermeð opinberlega yfir algjörðu skógarnámi á nefndri eignarjörð okkar innan hennar yztu merkja, svo orðfullt og lögfullt, sem lög standa til.<sup>5</sup>

1 Skjal nr. 3 (138).

2 Í lok athugasemdanna er fangamarkið E.S. og stendur það trúlega fyrir Einar Sighvatsson en hann bjó á Ysta-Skála og var um tíma hreppstjóri (sbr. Þórður Tómasson 1996, s. 45. *Rangárvallasýsla* 1968, s. 71).

3 Hér er vísað neðanmáls þar sem stendur: „Eg sje ekki betur en ad ordinn: „í þurragil í Þórólfsfelli“ eigi ad fellast úr lögfestunni, því það er bæði ósennilegt og óskiljanlegt ad Stóra-Mörk geti helgad sjer nokkud í Þórólfsfelli sem er í Fljótshlídarlandi innsta Bæarins í Fljótshlíð fyrir vestann Markarfljót, sem á stundum hefur runnid framm med Þórólfsfelli og á stundum framm med Langanesi, og Brotid í sig lönd þessi...[hér hefur afritari lögfestunnar gert úrfellingarmerki og ritað „nær ólesandi“] og það alt í Stóru-Merkur landeign, og alt ad þeirri tilnefndu sjónhendingarlínu, sem tekinn er úr Dímon inn í Lausöldu.“

4 Hér er vísað neðanmáls þar sem stendur: „En þar sem lögfestann segir: „úr Lausöldu aptur í Falljökul austur“ er ekki rjett ordad, því Lausalda er ... klöpp eda klettur sem gnæfir einn sjer upp úr Markarfljótsaurum fyrir nedann grænafjall nordvestur af Þórsmerkurrana, framm med hvörjum Fljótid rennur nú á dögum. Falljökull sá sem lögfestan nefnir var ad sönnu til, enn það var skridjökultangi, sem hérumbil öndverðlega á 17du öld (eda 1612) [hér er enn vísað neðanmáls þar sem stendur: Sjá skrif Jóns prófásts Steingrímssonar um Eldgos.] hljóp ofan úr hájöklinum ofann sljettlendid alt í Markarfljót en það Jökulhraun takmarkadi Stóru-Merkur landeign ad austannverdu. Nú á dögum er þessi Falljökul allur hjadnadur og horfin enn sandhriggur liggur ofan frá Fjallinu þar sem Falljökullinn lá, og er ádurnefnd Lausalda austann vid hánordur, til ad sjá, frá endanum á þeim sandhrigg, svo hinn er þá í sudurátt ad sjá frá henni, enn ekki í Austurátt. Austan í þeim sandhrigg liggur svonefnd Hoftorfa [hér er vísað neðanmáls þar sem eru hugleiðingar um landnámsmörk og fangamarkið E.S. þar undir] í henni stendur klettur allhár. Nokkrir meina það sje sá jöldar eda öldu steinn sem í [svo] Landnáma nefnir.“

5 Skjal nr. 3 (101).

Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Stóru-Mörk í kjölfar landamerkjagalaganna, nr. 5/1882, en í stað þess er í landamerkjabók færð inn orðrétt fyrrgreind lögfesta Stóru-Merkur 1741. Í lok lögfestunnar staðfestir Halldór Danielsson, „notarius publicus“, í Reykjavík 27. ágúst 1887 að lögfestan sé rétt rituð eftir frumriti í skjalasafni Steingrims biskups (Jónssonar) í landsbókasafni.<sup>1</sup> Undir lögfestuna, eins og hún er í landamerkjabókinni, rita Kjartan Einarsson fyrir Mið-Mörk, Jón Sigurðsson og Sighvatur Árnason.<sup>2</sup> Svo virðist sem hinir tveir síðarnefndu hafi ritað hvor fyrir sinn helming Eyvindarholts en á þessum tíma bjó Jón á Syðstu-Mörk og Sighvatur í Eyvindarholti. Landamerkjalysing þessi var lesin upp og bókuð á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890.<sup>3</sup>

Eins og áður er getið var hálf Stóra-Mörk í eigu konungs. Þessi hluti jarðarinnar var seldur 19. ágúst 1808.<sup>4</sup> Tvíbýli var á jörðinni í tíð Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og fjórbylí í byrjun 19. aldar.<sup>5</sup> Stóra-Mörk skiptist í þrjú býli þegar fasteignamat var gert 1916 og er svo enn (Stóra-Mörk I, II, III).

Landamerki Stóru-Merkur voru færð í landamerkjabók undir lok 19. aldar og benda heimildir ekki til annars en að eftir þann tíma hafi jörðin verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>6</sup>

## 5.6. Mið-Mörk

Samkvæmt máldaga, sem talinn er frá 1332, átti prestur að Péturskirkjunni í Dal undir Eyjafjöllum að syngja 12 sálumessur á ári í Mið-Mörk.<sup>7</sup> Í yngri máldaga Dalskirkju (1371?) er ákvæði um 12 messur (ekki sálumessur) í Mið-Mörk og bendir það til að á þeim tíma hafi verið fjórðungskirkja.<sup>8</sup> Mið-Mörk var komin í eigu konungs fyrir siðaskipti og var ein þeirra jarða í Rangárvallasyslu sem lagðar voru prestum til upphalds.<sup>9</sup> Mið-Mörk var metin á 26 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 12 hundruð 1695 í samræmi við fornt jarðamat.<sup>10</sup> Jörðin er einnig sögð 12 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 og lénsjörð Stóradalsprestakalls en 12,6 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>11</sup>

Í athugasemdum við úttekt (Specification) á Stóradalsprestakalli 1839 er lénsjörð prestssetursins, Mið-Mörk, lýst og hlunnindum hennar. Þar segir m.a.: „Hagbeitarland sæmilegt bæði vetr og sumar feingi hún að njóta þess fyrir annara ágangi.“<sup>12</sup> Í jarðamati 1849 er land talið gott „en heldur lítið til hagbeitar“.<sup>13</sup> Í fasteignamati 1916 er þessi lýsing:

Beitilandið er skýlt, en ekki stórt, gott til sumarbeitar, vetrarbeitt góð fyrir sauðfje. Fremur erfið smalamenska.<sup>14</sup>

Landamerkjabréf Miðmerkur var undirritað 17. maí 1890 og er á þessa leið:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Miðmörk í Vestur-Eyjafjallahreppi.

1 Í upphafi landamerkjabréfsins (þ.e. lögfestunnar) í landamerkjabókinni standa þessi orð: „Stafrétt eftirrit af frumskjali í nr. 58 fol. Stgr. Í landsbókasafninu bls. 95.“

2 Skjal nr. 3 (18).

3 Skjal nr. 3 (18). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 191-192.

4 *Jarðatal á Íslandi* ... Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 435.

5 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 100. Skjal nr. 3 (90).

6 Sbr. skjöl nr. 3 (165) og nr. 5 (185, 186, 188, 234, 235, 236).

7 Skjal nr. 5 (3).

8 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 262.

9 Sbr. Björn Lárússon 1967, s. 87 (2. nmgr.), 89. *Jarðatal Johnsens* 1847, s. 27.

10 Björn Lárússon 1967, s. 89.

11 Skjöl nr. 5 (44, 45).

12 Skjal nr. 3 (117).

13 Skjal nr. 3 (88).

14 Skjal nr. 3 (89).

Á eina hliðina, í móts við Stórumerkurland, úr Grásteini bein stefna í Merkurárgil að neðanverðu; ræður svo gilið svo langt sem það nær upp til heiðarinnar og svo bein stefna í afstöðu af gilinu allt í jökul.

Á aðra hliðina, í móts við Syðstumerkurland, úr fyrnefndum Grásteini bein stefna í Kambagil; ræður svo gilið svo langt sem það nær inn til heiðarinnar, og svo bein stefna í jökul eftir afstöðu af gilinu.

Á þriðju hliðina ræður jökullinn.

Afréttina Steinsholt á jörðin hlutfallslega við aðra sameigendur; takmörk þess eru þessi: Jökulsá að framanverðu á móts við Langanes, enn Steinholtsá að innanverðu í móts við Stakkholt, sem báðar falla úr jökli þvert í Markarfljót, enn það ræður niðri á aurnum.

Holti undir Eyjafjöllum 17. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Stórumörk	Einar Ólafsson	Þorgils Þorgilsson	Ólafur Jónsson
Fyrir Syðstumörk	Jón Sigurðsson	Jón Hjörleifsson. <sup>1</sup>	

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Mið-Mörk verið fram-seld á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>2</sup>

## 5.7. Syðsta-Mörk

Syðsta-Mörk er nefnd í máldaga Péturskirkju í Dal sem talinn er frá 1332 en þar segir að frá þeirri kirkju skuli syngja tólf messur „j synztu mork“.<sup>3</sup> Það bendir til að á þeim tíma hafi verið fjórðungskirkja (messað fjórða hvern helgan dag) í Syðstu-Mörk. Syðsta-Mörk var að hálfu í eigu kirkjunnar í Dal samkvæmt áðurgreindum máldaga frá 1332.<sup>4</sup> Hinn helmingur jarðarinnar var í bændaeign og metinn á 10 hundruð í skiptabréfi Eyjólfssonar bónda Einarssonar í Stóra-Dal 1558.<sup>5</sup>

Syðsta-Mörk var metin á 36 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 20 hundruð árið 1695 í samræmi við fornt mat og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 og Jarðatali Johnsens 1847.<sup>6</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Syðsta-Mörk metin á 21,2 hundruð.<sup>7</sup> Ekki er vikið sérstaklega að afrétti eða fjallhögum Syðstu-Merkur í Jarðabók Árna og Páls að öðru leyti en því að hagar eru sagðir spilltir af skriðum og blástri, „sjerdeilis fjallhagarnir“.<sup>8</sup> Í fasteignamati 1916 er komist

1 Skjal nr. 3 (19). Í sáttabók Eyjafjallahrepps 31. október 1818 er vísað til sáttargerðar um landamerki milli Mið-Merkur og Syðstu-Merkur samkvæmt bréfi frá 1599. Þetta bréf hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni (sbr. skjal nr. 3 (46)).

2 Sbr. skjöl nr. 5 (174, 216). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 193.

3 Skjal nr. 5 (3). Sbr. einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 262 (máldagi frá um 1371). Ekki er að sjá að kirkja hafi verið í Syðstu-Mörk þegar elsti varðveitti máldagi Dalskirkju var gerður 1269 að talið er (sbr. skjal nr. 5 (7)).

4 Sbr. skjal nr. 5 (3). Ekki verður séð af máldaga Dalskirkju, sem talinn er frá 1269, að Syðsta-Mörk hafi þá verið í eigu kirkjunnar (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 1).

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 325.

6 Björn Lárusson 1967, s. 89. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 98. Skjal nr. 5 (44).

7 Skjal nr. 5 (45).

8 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 99.

svo að orði um beitalandið að það sé „fremur lítið, gott til sumarþeitar, nokkur vetrarþeit. – Smaláenska nokkuð erfíð“.<sup>1</sup>

Árið 1608 seldi Jón Vigfússon Hákonni Árnasyni Stóra-Dal og fékk í staðinn Dyrhóla í Mýrdal. Í kaupsamningnum er að nokkru leyti lýst merkjum Syðstu-Merkur og Neðra-Dals sem voru eignir Stóra-Dals:

En Dalsland og kirkiunnar eign sem er, half Sydstu mörk, og halfur nedre Dalur, Nordur ij Grástein, sem stendur upp hia merkur holum, þar fyrir sunnan Hóla og riettsynis ij fiáll austur. Enn ij vestur sionhending ur ádursgdum steini og i raudu skriduna ij sturu Dimon og svo alla stóru Dimon<sup>2</sup> ad sunnan og Dimona hólma, sidan rettsynis sudur epter ij gelldinga Tanga, svo langt ad naumast síæst vaka Selia landz foss, þa fra Tiörnum er sunnan ad er geingid.<sup>3</sup>

Næstu landamerkjalytingu, sem kunnugt er um, er að finna í lögfestu frá 1815:

Lögfesta fyrir Jördinni Sydstumörk af 29da Maii 1815.

Eptir hafandi fullmakt frá eiganda ½ Sydstumerkur sem og eiginn vegna Störadals kyrkju eignar, ad hinum helfingi Sydstumerkur. Lögfesti eg hér í dag landeign nefndrar jardar 20c ad dýrleika, eptir máldaga af kálfskinni rétt útskrifudum, nefnilega: á milli Midmerkur og Sydstumerkur úr Grásteini beina stefnu í Kambagilsbotn hinn efri enn á sudur sýduna úr nefndum Grásteini í steininn á Hraunsnefi og so í gatid á Hrafnagili innann hér tiltekinn landamerkja fyrirbíd eg öllum mönnum, ad yrkja, beita, brúka, án míns eda sameiganda leifis og samþykkis, undir frekustu landnáms og skadabætur, lika fyrirbíd eg ad nú nýbyggt fjárhús frá Midmörk sé hér eptir haft nær Sydstumerkur landi enn Jónslögbók leyfir. Skal þessi lögfesta standa þar til annadhvort verður forlíkun um landamerkin edur þaug verda fastsett med fimtarstefnudömi.

Staddur á Holti d. 29. Maii 1815

P. Guðmundsson ä Brúnum.<sup>4</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp fyrir manntalsþingi á Holti 29. maí 1815.

Landamerkjabréf Syðstu-Merkur var undirritað 12. maí 1890 og er á þessa leið:

Skrásetning

Yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Syðstu-Mörk liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur þessarar jarðar vitum þau sönnust og réttust vera þannig:

Í fyrstu úr „Grásteini“ – sem er vestanundir Merkurhólum - beina stefnu neðst í „Kambagil“. Það gil er norðanvið Rauðahraun, svo ræður gilið upp í efri brún Magradals sem er austan við Rauðahraun, þaðan ræður efri fjallsbrúin beina línu fram í Hádegishnúk, sem er hæsti hnúkurinn á fjallinu fyrir ofan Hrafnagil aftur úr Hnúknum beina línu efst í Hrafnagil, þaðan ræður gilið niðureftir niður á mótis við dalbrúnina og þaðan fram eftir allri dalbrúninni fram í Hraunsnef edur í stein sem er uppi á nefinu, úr þeim steini beina línu í áðurnefndan Grástein.

1 Skjal nr. 3 (89). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 192 en þar er minnst á Syðstumerkurheiði þar sem sagðir eru „góðir sumarhagar fyrir sauðfé og skýlt“.

2 og svo alla stóru Dimon bætt við milli lína.

3 Bréf þetta er afritað og samlesið 1929 eftir apogr. A.M. 5247.

4 Skjal nr. 3 (66).

Að því leyti hálf jörðin er Stóradals kirkjujörð ber henni að tiltölu trjáreki af Stóradalsfjöru við aðrar kyrkjujarðir en fjörumörkin eru þessi: Að austanverðu að drifandafoss beri vestast um bæinn á Fornu-söndum, enn að vestan að elding sjáist að neðanverðu<sup>1</sup> í millum Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og beri Bjarnarey austurundan.

Afréttarlandið Stakkholt sem liggur sunnan Krossár á millum Steinsholtsár og Hvannár, er afréttur jarðarinnar að rétri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Skógarítak hálftrar jarðarinnar er á Þórsmörk í húsadal sunnanmegin við lækjarfarveginn er rennur eftir dalnum og allt upp í brúin að hlutfalli við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Eystri-Skógum og Syðstu-Mörk 12. maí 1890

eigendur jarðarinnar: J. Hjörleifsson

Jón Sigurðsson

(eigandi að ¼ jarðarinnar)

(eigandi að ¾ jarðarinnar)

Sameigandi að hálfu Eyvindaholti samþykkir: Sighv. Árnason.

Fyrir Miðmörk samþykkir Kjartan Einarsson.<sup>2</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Syðsta-Mörk verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>3</sup>

### 5.8. Dalur (Stóradalstorfa)

Bærinn Dalur er nefndur í Njálssögu en þar bjó Runólfur, sonur Úlfs aurgöða. Kirkja var í Dal um 1200 þegar Páll biskup Jónsson lét gera skrá um kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi sem presta þurfti til að fá.<sup>4</sup>

Í máldaga kirkjunnar 1269<sup>5</sup> kemur fram að í Dal var alkirkja, þar voru tveir prestar og þjónaði annar þeirra m.a. Neðra-Dal.<sup>6</sup> Máldagi 1332 er nokkru ýtarlegri en upphaf hans er á þessa leið:

Peters kirkia j dal vnder fiollum a heima land halft. synztu mork halfa. savdhus völl halfvann. nedra dal halfvann. oc þesse oll med fiorum oc skoghum oc ollum þeim gognum oc giædum sem fylgia.<sup>7</sup>

Kirkjan átti heimaland hálf og var því „bændakirkja“ en engu að síður undir eftirliti biskups.<sup>8</sup> Síðar í máldaganum er tekið fram að kirkjan eigi „fiordung j skogi j blafelli“.<sup>9</sup>

Í máldaga, sem talinn er frá tímabilinu 1491-1518, er frá því greint að Eyjólfur lögmaður (Einarsson) hafi gefið kirkjunni í Dal hálfu Syðstu-Mörk og hálfan Sauðhúsvöll undir Eyjafjöllum en

1 Sýnist upphaflega skrifað *norðanverðu* en leiðrétt.

2 Skjal nr. 3 (20).

3 Sbr. skjöl nr. 3 (164) og nr. 5 (190, 237). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 192.

4 Skjal nr. 5 (37).

5 Aldursgreining máldaga í *Íslensku fornbréfasafni* er víða með fyrirvara.

6 Skjal nr. 5 (7).

7 Skjal nr. 5 (3).

8 Sbr. skjal nr. 5 (33) (dómur Ögmundar biskups Pálssonar 1538).

9 Sbr. einnig skjal nr. 5 (6) (máldagi [1371]).

áður hafi jarðirnar verið að hálfu í eigu kirkjunnar og væru þær því eftir það eign hennar að fullu.<sup>1</sup> Þessi eignabreyting er þó ekki færð inn í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 heldur fylgt eldri máldögum.<sup>2</sup>

Árið 1558 gerði Eyjólfur skiptabréf þar sem tilgreindur er dýrleiki nokkurra jarða sem hann átti. Þar er þess getið að kirkjan í Stóra-Dal eigi 60 hundruð í heimalandinu og hefur jörðin öll því verið 120 hundruð að dýrleika. Kirkjan í Stóra-Dal átti einnig hálfan Neðra-Dal og var sá helmingur metinn á 10 hundruð.<sup>3</sup> Þá eru heimildir fyrir því frá 15. og síðar að jörðin hefur gengið kaupum og sölum og framselst við erfðir.<sup>4</sup>

Í fyrrnefndum máldaga Gísla biskups Jónssonar er komist svo að orði:

Jtem gardurinn .Lxc. [þ.e. 60 hundruð]

Jtem fastagotz .c. hundrada og .xxx. [þ.e. 120 hundruð og 30 hundruð að auki]<sup>5</sup>

Í fyrstu mætti ætla að „garðurinn“ merkti hér kirkjuhlotann í jörðinni (sbr. fyrrnefnt skiptabréf 1558) en jörðin í heild ásamt byggingum væri 150 hundruð að dýrleika. Í jarðabókum 1686 og 1695 kemur þó í ljós að jörðin var á þeim tíma metin á 60 hundruð. Landskuld jarðarinnar 1695 (6 hundruð) bendir til þess að hún hafi þá verið vanmetin og dýrleikinn verið nær 120 hundruðum.<sup>6</sup> Neðri-Dalur var á sama tíma metinn á 20 hundruð.<sup>7</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er Stóri-Dalur 60 hundruð að dýrleika, þ.e. heimajörðin 20 hundruð og hjáleigur, byggðar úr jörðinni, 40 hundruð. Þær voru: Króktún (2 ½ hdr.), Dalskot (2 ½ hdr.), Ólafshús (2 ½ hdr.), Brúnir (2 ½ hdr.), Borgar-Eyrar (2 ½ hdr.), Dals-Sel (5 hdr.), Steinmóðarbær (5 hdr.), Murnavöllur (2 ½ hdr.) og Eyvindaholt (15 hdr.). Tvær hjáleigur voru byggðar frá Steinmóðarbæ, Steinmóðarbæjarhjáleiga og Dímonarhólmi en báðar komnar í eyði þegar Jarðabókin var gerð.<sup>8</sup> Í Jarðabókinni er enn fremur lýst afrétti jarðarinnar:

Afrjettur fylgir þar sem heitir Stakkholt, er brúkaður fyrir lamba upprekstur frá Dal og Dalshverfi, líka hefur hann frá fleirum bæjum brúkaður verið, en tolllaust.<sup>9</sup>

Stóri-Dalur er einnig talinn 20 hundruð að dýrleika í jarðatali Johnsens 1847. Þar virðast hjáleigurnar taldar sjálfstæðar jarðir, þ.e. Brúnir (3 hundruð), Borgareyrar (3 hundruð), Steinmóðarbær (5 hundruð), Dalsel (5 hundruð), Dalskot (3 hundruð), Króktún (3 hundruð) og Eyvindaholt (15 hundruð).<sup>10</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 eru þessar sömu jarðir, að frátöldu Eyvindaholti, skráðar sem hjáleigur Stóra-Dals og samanlagt 80,5 hundruð samkvæmt nýju mati (Stóri-Dalur 23,95 hundruð). Neðri-Dalur var þá talinn 23,9 hundruð og Eyvindaholt með eyðihjáleigunni Murnavelli 35,5 hundruð.<sup>11</sup>

1 Skjal nr. 5 (22).

2 Skjal nr. 5 (39).

3 Skjal nr. 5 (38).

4 Skjöl nr. 5 (13, 20, 31). Skjöl nr. 5 (106, 109, 116, 122, 123, 131) (heimildir frá 18. öld). Skjöl nr. 5 (119, 120, 127) (framsal Neðra-Dals á 18. öld).

5 Skjal nr. 5 (39).

6 Sbr. þá viðmiðunarreglu við gerð jarðabókarinnar 1686 að dýrleiki skyldi vera tvítugföld landskuld (sbr. Björn Lárusson 1967, s. 16-17).

7 Björn Lárusson 1967, s. 89.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 91-98.

9 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 92.

10 Skjal nr. 5 (44).

11 Skjal nr. 5 (45).



Í jarðamati 1849 er ekki farið mörgum orðum um hlunnindi og landgæði Stóra-Dals en í fasteignamati 1916 er þessi lýsing:

Beitilandið er meiri hluti víðlent heiðarland, gott til sauðfjárbeitar að sumri, en fremur lítil stórgripabeit, vetrarbeitt nokkur. Smalamenska ekki erfið. ... Jörðin á rekafjöru fyrir Sandalandi og skógarhögg á Þórmörk í svonefndum Húsadal, sunnan götu. – Allar jarðir Stóra Dals-torfunnar njóta þessara hlunninda tiltölulega eftir stærð þeirra, að fornu mati.<sup>1</sup>

Elsta landamerkjabréf Stóra-Dals er frá 1599:

Svo felldann vitnisburð ber eg Sigvatur Jonsson, að eg hef tilmunað vel ij LX. ár, og hef eg til vitað, að þá sem i jörðina Störadal ätt og halldið hafa, henne land ätölulaust eignað ij þesse ummerke. J fyrstu ij grästein upp: sunnan under merkur hölum, allt land þaðan rettsynes<sup>2</sup> til fialls, upp ij Kambagils botn hinn efra, og svo líka þaðan rettsynes ut ij Rauðuskriðu J storu Dimon, Item [einnig] og alla Dimon sunnan vert, þar með og eirnen Dimonar holma allann, og liosa dyla, og suður allt i gellinga tanga, til að naumast mä siäst fuglsbringa, ofan ä Selialands foss, svo líka Dals hölma ytra, sem fyrer utan Dals sel er so og eirnin líka allan hälfan skiptinga hölma ä mots við Vomulastade. Enn a mille Neðra dals og Stora Dals hef eg vitað og heyrte hallden landamerke þau, hinn efra gardinn, sem nær liggur Dalsvelle og so sionhending ur honum ij dagmälavorðuna uppä fiallinu, og það riettsynes fra vörðunne og norður ij norðasta Gliufurz är botn, og svo alla ölfra Dale: hverutveggju nyrdre og fremre, fram under fremra klif ä mötz við Hamragarða heiðe. Enn þesse skögar takmörk hef eg heyrte atölulaust Dals kirkiu eign halldin: allur skögur ij Alsstaða hälse og alstaðagil, bæðe fremra og nyrdra, svo og líka: Asläks Holm, hef eg heyrte Dal sialfum tvímælislaust eignað suo inn ij Sundin ä Stark hollte austan til, allar suður hlíðer ä miðre Mörk, allt inn að Eingedal, Syrteiga alla austan svo inn frá Eingedal, Dalur ætte allan skög frá Valahnauk, og svo þar inn frá langa Dal, allan upp under mollder: So líka þar enn inn frá það takmarks örnefne er kallast, Orms nautur, og til þess heylækjar skögur tekur til, svo líka hälfann husa dal, fyrer austan gautuna: Þetta allt hef eg tvímæles laust dals eign heyrte halldið vera þennann allann minn alldur, sem ädur sagtt er. Enn ij langanese: hef eg heyrte Dal og Mörk, þesse skögar takmörk: sameigenlega eignuð, sem er allann skog inn under Breiðaur ätölulaust, utan Suðhusnes og Hrossavallar gil, og það sem er inn ij merkur kiere eignað Miðmörk að eg heyrte hefde. Enn þesse fiörumörk. J fyrstu ä mille Merkur fiöru og Dals fiöru; Akhlið ä mille Elliða eyiar og Biarnar eyiar, enn ystre mörk ä mille Dalz fiöru og Sandafiöru að austan: Gamlafiös stæðe ä gömlu Söndum, uppe ä að vera ij Drifanda fyrer austan Selialand, þä sandafiara þaðann, og svo langt austur að austasta husstöpten ä Söndum bere ij langa Setberg. Og epter þessum minum vitnisburde ä eg sveria, ef þurfa þiker. Og til sannenda hier um set eg mitt innsigle, fyrer nedan þennann minn vitnisburð, hver utgefenn og skrifaður var, þann annann laugardag ij sumre ä Eyvendar hollte Anno 1599.<sup>3</sup>

Árið 1907 bar Jón nokkur Jónsson því vitni að „ytre Dalshölme“, sem ekki er nánar lýst, væri „halldinn Dals eign“.<sup>4</sup>

Nokkrar lögfestur um jörðina Stóra-Dal eru varðveittar frá fyrri tíð. Elst þeirra mun vera frá 1665:

Stóri Dalur.

1 Skjal nr. 3 (89).

2 *ut ij Rauðuskriðu* hér næst á eftir strikað út.

3 Skjal nr. 3 (50). Bréfið er varðveitt í afriti (Apogr. A.M.5144). Hér er farið eftir staðfestri uppskrift þess frá 30. júní 1929.

4 Skjal nr. 3 (50). Með fylgir vitnisburður frá 15. febrúar 1614 um yfirlestur þessara tveggja bréfa (1599 og 1608). Uppskriftirnar eru staðfestar 30. janúar 1929 af Hannesi Þorsteinssyni og Vilhelm Jakobssyni.

I. Lögfesta frá 19. Decembris 1665.

Jeg Oddur Magnússon í umbodi Markúsar Snæbjarnarsonar lögfesti hér í dag eign hans egtakvinnu Kristínar Einarsdóttur Stóradal við Eyafjöll, ásamt nefndrar jarðar meðfilgjandi kyrkjueign, til samans Hundrad Hundrada að Dýrleika, tödur hennar, eingjar, skóga alla, Holt og Haga, vötn, veidistödur, Reka og allar landsnytjar, er henni filgja og filgt hafa að fornu og nýu, til lands, vatns og sjáfar, til ummerkja þeirra, er aðrir menn með lögum og Rétti sig til leida að í móti eigi greindri jörðu án vjela, tiltakandi þessi landamerki:

Fyrst úr Grásteini og í Rauduskridu í Dímon, svo yfir Kolla vestur í vestasta horn á Dímon og á Aurinn þar til að Vodmúlatasta Kyrkju ber í Hallvardarskóg, þá sjónhending í Kýllinn sem í miðjum Skiptihólma er, síðan sjónhending í Týundadal, þar sem sjest Fuglsbringa vaki ofanverdt í Seljalandsfoss, þaðan sjónhending í þúfuna á Geldingátanga, sem og svo sjest fuglsbringa ofanverdt að vaki í Seljalandsfoss af hestbaki naumlega sitjandi manni, en vel sjáandi á hesti standandi. Síðan stóðu þrjár þúfur á Bakkanum fyrir austan Lambhúshól, úr þeim sjónhending í Dagmálavörðu svo alla nýrdri Álfadal og norður í Skollagilsbotna, svo sjónhending í Hrafnagilsbotna, þaðan í steininn á Hraunnefi, og svo í Grástein aptur. Fjörumörk á Stóradalsrekum þau eystri eru: að Drifandafoss beri í vestustu töft miðja á Fornusöndum, enn þau vestri eru: Elding að norðanverðu á millum Ellidaeyar og Bjarnareyar, og beri Bjarnarey austur undan. – Þessi eru skógatakmörk Stóradals: í fyrstu þridja hvör hrísla í öllu Lánganesi inn undir Falljökul, í Stakkholti allar Sudurhlíðar, en á Midri Mörk. Sýrteigar allir austan, ítem allur hálfur Húsadalur, svo og á Almenninum úthólmar allir. Fjördungur skógar í Bláfelli. Fyrirbíd eg hvörjum manni allar Stóradals- og Stóradalskyrkju eignir áður nefndar til lands, reka, skóga edur vatns og sjáfar, nytja, beita brúka, á að búa edur yrkja, edur og nokkra gagnsemd af að hafa, án leifis Marchúsar Snæbjörnssonar edur míns, leggjandi við rán og rjett, sem lög og vidtekinn landsvenja framast tilstendur. ...

Þessa fyrir framanskrifada lögfestu hefi eg undirskrifadur með handsölum umbodid erlegum sámdamanni Oddi Magnússyni að birta og upplesa í hentugum stöðum að jafnfullu sem eg sjálfur persónulega væri, enn lesi hana þó heldst í heim edur nálægð þeirra manna sem eignir eiga í nánd við ádurteðar Stóradalskyrkjueignir, og sér vilja innsmeigja í ádurteð takmörk til nokkurs eigindóms. Til þessa míns umbods útgjæftar við Odd Magnússon voru vidstaddir vottar Audun Snorrason og Hafliði Jónsson.

Til merkis mitt nafn og handskrift

Ási 19. Decembris Ári 1665

Marcus Snæbjörnsson með eigin hendi

Hafliði Jónsson með eigin hendi

Audun Snorrason.<sup>1</sup>

Önnur lögfesta, frá 1795, er á þessa leið:

Eg underskrifadur, lögfesti hier í dag Landeign mína Stóradal under Eiafiöllum 29 [Hundur] að Dýrleika, sömuleiðes Kirku Eigner sömu Jarðar, hvar under og skiliast Stóradals Eidebylde, með öllum umgetennar Jarðar og hennar Kirku Eigna Gögnumm og Giædumm til Fialls og Fiöru, effter

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (65). Lögfestan var upplestin við Stóradalskyrkju, að kirkjusöfnuðinum áheyrandi, árið 1665 en eyða með úrfellingamerki er þar sem dagsetningin á að vera („1665 þann...Decembris“).

sem gomul Rit á výsa, og so vidt mier og Kirkunne tilheirande Andeil snerter, nefnel. Hollt og Haga Tödur og Eingiar, Vötn og Veidestödur, og sierhvörjar Landsnitjar, er Jördunne filgt hafa og filgia eiga, til jstju Ummmerkia. J firstu: ur Grásteine og í Rauduskridu í Stóru Dimon, so yfer Kolla vestur i vestasta Horn á Dimon og á Aurenn þar til Wodmúlastadakirku ber i Hallvardarskóg, þá Siónehending i Kylenn sem i midiumm Skiptingarhólma er (edur hefur vered) sydann Siónehending i Týundardal, þar sem siest sem Fuglsbringa vaka ofann verdt j Selialandsfoss, þadann Siónehending i Þúfuna á Geldingatanga sem og so siest sem Fuglsbringa ad vake ofann verdt j Selialands Foss, af Hestbake naumlega sitiande Manne enn vel síáande af Heste standande. Þadann sunnan til vid Lambhushól og frá hönumm i gamlann Gard á Bakkanumm. Þadan Siónehending i Dagmála Vördu (ad fra skildu því Tune er Nedradal skal firer nordann a minst Mark tilheira þo so ad það ei leingra ut setiest á þá Sydu). So Álftheadale effter fornumm Skiölumm af 1599 edur 1665 þadann nordur i Tröllagilsbotna sydann Siónehending i Hrafnagilsbotna. Þadann i Steinenn á Hraunsnefe og so j Grastein afftur. ...<sup>1</sup> Sömu Lögfestu til heirer Þrídjungur Skógar ij öllu Langanese, effter óátoldum Dóme sal. Sysslumansens Thorsteins Magnussonar Dat. 24da May 1755.<sup>2</sup> Þess ad auke Sýrteygjar aller austann á Midremork halfur Husadalur, og á Almennungumm, Utholmar aller, sem og Fiördungur Skógar i Bláfelle, alt Stakkholtt allar Sudurhlyder hvört sem heldur til Skógarhöggs þiena kann edur Fiár Afriettar. ...

Bakkahialeigu í Austur Landejum þann 31 Augustj 1795.

PGuðmundsson<sup>3</sup>

Loks er að nefna lögfestu frá 1816 þar sem áhersla er lögð á að lýsa merkjum milli Neðra-Dals og Hamragarða:

Lögfesta og Máldagi fyrir jördunum Nedradal og Hamragörðum af 8<sup>da</sup> Junii 1816.

Jafnvel þó ad Nedridalur og Hamragardar vid Eyafjöll hafi verid fyrir utann Stóradalsland, sydann Dalslandamerki voru skrifud á kálfskinn 1599, sem líka má sjá á vitnisburdi og lögfestu af 1665, um það sama, þá sjá þó allir kunnugir menn ad Nedridalur og Hamragardar hafa verid sameign i fyrstu med Stóradal. Enn af því ad fyrrnefndir máldagar seigja og tilgreina þessi landamerki milli jardanna:

Síðann stöðu þrjár þúfur á Bakkanum fyrir austann Lambhúshól, í hvörra stad langvaranlega hefur haldinn verid, og enn nú, gardlag og þúfnaröd, eingjarnmark á Dalsbökkum, og þaðann beina stefnu í Dagmálavördu ad fráskildu því túni, sem Nedradal fylgir nú, og fyrir nordann áminst mark liggur, þó soleidis, ad það má ecki leingra nordur útsetjast. Frá Dagmálavördu stefnu i Hraunid á milli Álftheadala, því það álitst enn ad Stóradals eigendur hafi aldrei úr sinni eign öllum Álftheadölum slept – frá midju þessa Hrauns i Seljalandsá, hvör verid hefur landamerki frá landnámstíð, so rædur áinn ofann eptir þar til hún kemur vestur i Markarfljót, so upp eptir því og á móts vid fyrst nefnt gardlag og þúfnaröd á Dalsbökkum austur af Lambhúshól. Eptir þessum landamerkjum lögfestist Stóradals kyrkjujörd ½ Nedridalur 10° böndaeign sömu jardar 10° og Hamragardar böndaeign 8°, þá hvörrar jardar ábúendur yrkja og beita það sem vid hvörja jörd er kéndt og þeim er nálægast, eptir lIb. [landsleigubálki Jónsbókar] ij kap. eins og ad undannförmu og til forna verid hefur innann greindra landamerkja, enn gétu ábúendur ecki komid sér samann i fridsemi þar um vísast þeim til Búfjár ítölu i haga eptir jardarmegni og lIb. iv. kap. Afréttur Stakkholt filgir öllu Dalshverfi milli Steinsholtsár og Hvannár – öllum

1 Sleppt er hér klausu um reka.

2 Sbr. k. 5.13. (Holtshverfi).

3 Skjal nr. 3 (51). Lögfestan er einnig í skjali nr. 3 (64). Lögfestan var lesin við Stóradalskirkju 13. september 1795 og á manntalsþingi að Holti 23. maí 1796.

óvirkandi mönnum er hér með fyrirbóðid án undirskrifadra leifis, öll beit og brúkun á tilteknu landi þá nefndra jarða ábúendum er og so hér með fyrirbóðid að gjöra kringbúuum sínum ágang með hag-beit og brúkun út fyrir nefnd landamerki, eptir LLb. xvj. kap. hvorutveggju undir fullkomnar landnáms og skadabætur. Þessum landamerkja endurnýudum Máldaga og lögfestu til stadfestu eru vor undirskrifud nöfn og hjáþrikkt signet.

Stóradal d. 8da Junii 1816.

P. Guðmundsson            Thorsteinn Magnússon

(L.S.)

(L.S.)

Jón Guðmundsson

(L.S.)

Ofanskrifudu er eg samþikkur og upppástend að Gljúfursá ráði milli Hamragarda og Nedradals eins og verid hefur. Til merkis mitt nafn og signet.

Páll Árnason

(L.S.)<sup>1</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp við Stóradalskirkju 9. júní 1816.

Landamerkjabréf Stóradalstorfunnar var undirritað 12. maí 1888 og er svohljóðandi:

Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Stóradals (Stóradalstorfunnar), sem er með býlunum Dalskoti, Króktúni, Eyvindarholti, Murnavelli, Steinmóðarbæ, Dalsseli, Borgareyrum og Brúnum liggjandi í Vestur-Eyjaþjallahreppi eins og við undirskrifaðir eigendur og umboðsmenn þessara jarða vitum þau sönnust og réttust vera þannig:

Í fyrstu úr Grásteini beina stefnu í Rauðuskriðu í Stóra-Dímon, svo yfir Hákölla vestur og vestur af vestasta horni og svo hrygginn þar niður af á klöppina, sem er niður við aurinn [þaðan sjónhending vestur og fram á aurinn]<sup>2</sup> þar til litlu-Dímonartá [innri]<sup>3</sup> ber í Hjálmastöðul (sic) í Murnavallartúni og jaðrar þá bærinn í Miðmörk austan við Stóru-Dímon; fyrnefnd klöpp er þá að sjá í afstöðu niður af hástandinum, sem er upp á áðurnefndu vestasta horni. Af þessum stað á aurnum sjónhending í kýlinn í Skiftingarhólma, sem er á þeim stað, er Kollabæ á Fljótshlíð ber austanhallt í há-öxlina á Vatnsdalsfjalli og hákollur litlu-Dímonar jaðrar við Hraunsnef, verður þá stefnan inn eftir frá kýlnum nálægt í fossinn í Múlakotslæk, frá þessum kýl<sup>4</sup> sjónhending í Tíundadal hinn forna, sem nú er farinn í Álana, á þeim stað sem bærinn á Bakka í Landeyjum ber í austurbrún á klifinu í Vestmannaeyjum og rætur Hæringsfells að austan taka að eins austar enn rætur Stóru-Dímonar og að sem fuglsbringa vaki af Seljalandsfossi, þaðan beint í Þúfuna á Hraunsnefi (sem er fyrir framan Brúnir) fuglsbringu stefnuna og svo áfram austur eftir að fuglsbringan vaki við þar til Vagnhólar, (sem eru norður við Stórhól í Merkurhólum) eru að sjá mitt á milli Kattarnefs og Lambhúshóls, Vagnhólar eru þá að bera um strýtu-

1 Skjal nr. 3 (65).

2 Það sem er í hornklofa er viðbót utanmáls.

3 Það sem er í hornklofa er viðbót utanmáls.

4 *eftir frá – þessum kýl* undirstrikað í handriti.

myndaðan hnúk vestan við Tindfjöll; á þessum stað jaðrar saman Hvammsnúpur og Holtsnúpur að framanverðu, af þessum þannig miðaða stað liggur stefnan beint inn eftir allt þar garðlag eða þúfnaröð á Dalsbökkum ber í Dagmalavörðu, þúfnaröðin er slægjumark á milli Neðradals og Dalskots; nokkuð af túni jarðarinnar Neðra-Dals liggur inn fyrir umgetna stefnu og látum við það óátalið eins og verið hefir enn þó þannig, að það ekki sé lengra útfært í okkar land. Svo liggur stefnan úr Dagmalavörðu inn eftir heiðina á Álftadali og inn í Tröllagilsbotna, svo sjónhending í Hrafnagilsbotna, þaðan í steininn á Hraunsnefi og svo beint í Grástein aftur, sem er nálægt sjónhending frá steininum á Hraunsnefi í hákoll á Stóru-Dímon.

Stóradalsfjara (rekafjara) sem liggur fyrir Sandalandi hefir þessi takmörk að austanverðu: að Drífandafoss beri vestast um bæinn á Fornu-Söndum, enn að vestan að elding sjáist að neðanverðu í millum Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og beri Bjarnarey austur undan.

Afréttarlandið Stakkholt, sem liggur sunnan Krossár í millum Steinsholtsár og Hvannár heyrir til Stóradalstorfundi ásamt jörðunum Syðstu-Mörk, Neðra-Dal og Hamragörðum.

Skógarítak Stóradalstorfunnar á Þórsmörk er: hálfur Húsadalur, nefnilega sá hluti hans sem liggur sunnan götunnar og lækjarins allt upp í brún.

12. maímánuð 1888

Eigandi að hálfu Eyvindarholti, Murnavelli og Króktúni

Jón Sigurðsson

Eigandi að Steinmóðarbæ: Sigurður Árnason

Eigandi að hálfu Eyvindarholti: Sighv. Árnason

Eigandi að Dalsseli: Þóroddur Magnússon

Í umboði eigenda jarðarinnar Brúna: Guðjón Sigurðsson

Eigandi að Stóradal og Dalskoti: Sigurður Ísleifsson

Sem eigendur og ábúendur Stórumerkur samþykkja:

Einar Ólafsson                      Ólafur Jónsson                      Þorg. Þorgilsson

Sem eigandi og ábúandi jarðarinnar Neðra-Dals samþykkir:

Ingvar Hallvarðsson<sup>1</sup>

Landamerkjabréf Stóra-Dals var lesið upp og bókað á Kverkarhellismanntalsþingi 21. maí 1892 og ritað í landamerkjabók.

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (21).

Tveimur árum eftir gerð þessa landamerkjabréfs undirrituðu eigendur Neðra-Dals landamerkjabréf jarðar sinnar. Það er á þessa leið:

Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Neðridal liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur þessarar jarðar vitum þau sönnust og réttust að vera þannig:

Garðlag eður þúfnaröð er á Neðradalsbökkum sem er engjarmark milli Neðradals og Dalskots, þúfnaröð þessi er austur af Lambhúshól sem er Hóll fyrir vestan Markarfljót, úr nefndu garðlagi svo beina stefnu í Dagsmálavörðu að frá skildu norðurjaðar af Neðradalstúni er fyrir norðan áminnst mark liggur; svo frá dagsmálavörðu beina stefnu í hraunið á milli Alftadala, aftur frá miðju þessu hrauni í upp-tök Gljúfurár, svo ræður áin ofanefir vestur í Markarfljót, vestur í austurmark Stóradalstorfunnar og svo beina línu í áðurnefnt garðlag á Neðradalsbökkum austuraf Lambhúshól.

Afrétt á jörðin: Stakkholt er liggur sunnan Krossár í millum Steinsholtsár og Hvannár að rétttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Skógarítak á hálf jörðin eður það sem af henni er kyrkjujörð á Þórsmörk í Húsadal fyrir vestan lækjarfarveg þann er liggur eftir endilöngum dalnum allt vestanmegin allt upp í brúnir að tiltölu rétttri við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar. Rekaítak fylgir kyrkjuhlutanum af Stóradalsfjöru eftir því sem tala rennur til.

Neðridal, Syðstu-Mörk og Eyvindarholti 22. maí 1890.

Ingvar Hallvarðsson eigandi að  $\frac{1}{2}$  jörðinni

Jón Sigurðsson eigandi að  $\frac{3}{8}$  jarðarinnar

Sighv. Árnason eigandi að  $\frac{1}{8}$  jarðarinnar

Fyrir hönd jarðarinnar Stóradals undirskrifar Sigurður Ísleifsson á Barkarstöðum.<sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Árið 1969 fóru fram landskipti á Stóradalstorfunni. Landskiptin voru gerð fyrir eftirtaldar jarðir: Mið-Dal, Dalkot og Króktún, Stóra-Dal, Eyvindarholt, Dalsel, Borgareyrar, Brúnir og Steinmóðarbæ. Í fundargerð landskiptanefndar segir m.a.:

Nefndin taldi rétt að heiðin ofan fjallsbrúnar skiptist á milli jarðanna austan Markarfljóts og þessvegna varð nauðsynlegt að meta hana til gildis borið saman við graslendi á láglandinu. Matið er þannig, að tveir hektarar í heiðinni svara til eins hektara á graslandinu.<sup>2</sup>

Mörk jarðanna austan Markarfljóts voru miðuð við fjallsbrúnina: „...og úr henni [vörðu við veginn við Dalsána] í vörðu austan við fjárrétt (10), og þaðan bein lína upp í vörðu á fjallsbrúninni (11), en þaðan fylgja mörkin brúninni vestur í Dagmálavörðu...“. Síðar í landskiptagerðinni er komist svo að orði:

1 Skjal nr. 1 (6).

2 Skjal nr. 1 (12).

Mörk Eyvindarholts (Eyvindarholt og Murnarvöllur) austan Markarfljóts voru ákveðin þannig: Frá vörðu á fjallsbrúninni (12) eru sameiginleg mörk við Stóradal allt að Litla-Dimon (18), þaðan fylgja mörkin merkjalinunni við Markarfljót (21-22) inn að þeim punkti sem hún sker útmörk torfunnar í markalínunni við Stóru-Merkurbæi. Síðan fylgja mörkin útmörkunum um Grástein (23) í stein á Hraunsnafi (24) úr honum í vörðu efst í Hrafnagili (25), en þar brotnar markalínan frá útmörkunum og fylgir síðan fjallsbrúninni til vesturs í vörðuna sem fyrst var nefnd (12). Heiðin ofan fjallsbrúnar verður óskipt sameignarland jarðanna austan Markarfljóts, Eyvindarholts, Stóra-Dals og Miðdals. Eignarhlutföll þeirra í heiðinni skulu fara eftir jarðamatinu frá 1861.<sup>1</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Stóri-Dalur og þær jarðir, sem heyrdi til Stóradalstorfu, verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>2</sup>

### 5.9. Núpur

Núpur er nefndur í máldaga Ásólfsskála, sem talinn er frá 1179. Þar er kveðið á um að öll heima-tíund frá Núpi (Gnúpi) skyldi leggjast til kirkjunnar að Ásólfsskála en á móti var skylt að syngja þangað messu fjórða hvern löghelgan dag.<sup>3</sup> Þetta bendir til að kirkja (fjórðungskirkja) hafi verið að Núpi á þeim tíma. Núpur virðist síðar hafa verið lagður undir sóknarkirkjuna í Holti því að í máldaga hennar, sem talinn er frá 1332, kemur fram að frá Núpi (Gnúpi) voru greiddar tvær merkur í tíund.<sup>4</sup> Árið 1451 eignaðist Gottskálf Keneksson Hólabiskup 10 hundruð í jörðinni Núpi í próventu Ingibjargar Ólafsdóttur og sex árum síðar hafði hann eignast 20 hundruð í jörðinni með kaupum og sem sektargreiðslu fyrir það að synir hennar slógust þar í kirkjunni.<sup>5</sup>

Núpur er metinn á 40 hundruð í jarðabókum 1686 og 1695.<sup>6</sup> Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 en vitnað er í sögn manna um að til forna hafi jörðin reiknast 50 hundruð. Fyrir 60 árum hafi fallið stór skriða með vatni og klettum á tún og engjar og „hafi jarðardýrleiki þá aftur hlaupið“. Ábúendur voru þá sex á jörðinni.<sup>7</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er Núpur einnig talinn 40 hundruð en 46,5 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>8</sup> Heimildir eru fyrir því að á þessum tíma hafi Núpur, að hluta til, gengið kaupum og sölu.<sup>9</sup>

Elsta heimild um landamerki Núps sem kunnugt er um er í eftirfarandi sátt um landamerki Ysta-Skála og Núps:

Var svo af öllum til Stadar verandi samid um og fast sett, ad hér eptir skuli haldinn vera óátalinn landa merki, í millum hinsvegar greindra jarda: Ytsta-Skála og Núps, er gildi fyrir alda og óborna: Bein stefna úr Flautahellir – sem er framann í Hömrnunum skamt fyrir vestann Ýrárgilsmunna – og í Grástein og eptir sömu stefnu-línu, úr Grá-steini í þá vörðu sem nú var byrjad ad glada á austur bakka Lángavatns. En þared sú svo nefnda Lángavatnsþúfa, sem forn Skjöl og lögfestur til nefna, er nú ei frammar til, og einginn veit, upp á víst, hvar verid hefur, utann hvad líklegast vyrdist: ad hún verid hafi þar sem Lángavatn nú rennur, þá skal sú fyrrnefnda beina stefna haldast áframm svo langt út í Lángavatn þartil ad Eldíng sést í millum Hafurshóls, ad ofan verdu, og Fitarhamra, svo þadan aptur síónhendíng í Rima-hól, fyrir vestann Rimhús. Þessu til stadfestíngar eru vor nöfn undirskrifud. Ytsta-Skála þann 7da Maji 1839.

1 Skjal nr. 1 (12).

2 Sbr. skjöl nr. 3 (163) og nr. 5 (166, 167, 169, 204, 246, 323, 324). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 188-191.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 256.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 682.

5 Skjöl nr. 5 (16-18). Sbr. einnig skjal nr. 5 (31) (10 hundruð í Núpi eru nefnd í fjárskiptabréfi Hólmfríðar Erlendsdóttur í Dal 1522).

6 Björn Lárusson 1967, s. 88.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 74.

8 Skjöl nr. 5 (44, 45).

9 Sbr. skjöl nr. 5 (99, 107).

MEinarsson [forlíkunarmaður], ASveinsson [Ystaskála], ESighvatsson [hrepstjóri, Skála], PSigurdson [Ystaskála], SISleifsson [fyrir Núp að hluta], MJonsson eptir Fullmagt frá Sra Sigurde Sigurdssyni í Guttormshaga, Eyolfur Kétils son [fyrir Ystaskála að hluta], Jón Ólafsson [Núpi], Sveinn Pálmason [Núpi], Sighvatur Þorvaldsson [Núpi], Jon Jonsson [Núpi], Sigurdur Sighvatsson [Núpi]. Foreviist paa Kollabæ den 27de Juli 1839 EBardenfleth.<sup>1</sup>

Premur árum síðar var gerð svofelld lögfesta fyrir Núp:

Lögfesta fyrir jördinni Núpi.

Vid hjer undirskrifadir, sumir eigendur og sumir eptir Bón og gefinni fullmagt af fiærverandi eigendum, lögfestum hjer í Dag jördina Núp 40c (fjörutýe hundrud) ad Dýrleika, liggjandi innann Rángárvallasýslu, Eyafjallahrepps og Holtskyrkjusóknar. Lögfestum vid land alt Jördinni tilheyrandi, Tödur og Eingjar, holt og haga, vötn og veidistadi, reka og afrettarheit og allar landsnyttjar til lands eda vatns, fjalls eda fjöru, sem því landi hefur fylgt, ad fornu og Nýu. Lögfestum vid til þessara ummerkja: úr Flautahellir sjónhending í Grástein, og sömu stefnu í þúfu, norðaustan við Lángavatn, sömu sjónhending áfram út í vatnid, þar til ad eins sjest elding á milli Hafurshóls (ad ofann) og Fitarhamra, úr þeim stad beina stefnu í þann Rimhól sem nærstur er Rimhúsum, hvör Hóll ad er svarid hornmark nærst kringum liggjandi landa, úr þessum Hól, sjónhending vestur í garðrúst þá, sem nefndur er Krossgardur, og sömu sjónhending áfram vestur í svonefndann Skirkýl. Þessi kýll meinum vid, bædi eptir sam(an)burdi<sup>2</sup> annara örnefna, og líka gamallra manna vitnisburdum, ad sje í útnordurs horni á kjeldu þeirri er liggur nordan vid sjálft heimatúnid á Jördinni Efrahól (afbili frá Efriholtum), úr þessum kýl sjónhending (til Fjalls) í svoköllud Össuaugu, framann í Hvammsnúp, og á sú sjónhending – stefna – ad vera skára og hálfskára austar en rætur á svonefndum Disjarhól, svo rædur fjallsbrúnin vestur eptir, alt í gil það fyrir austann Fit, sem kallast Merkigil, so upp eptir því, og úr því sjónhending í Tröllagil, úr Botni þess sjónhending í landnordurhorn á Bláfelli, so sjónhending austur í Írá, so rædur nefnd á, þar til hún fellur nidur af Brúninni, sýdan rædur fjallsbrúnin vestur í Flautahellir aptur. Kunni nú nokkur af nærstliggjandi jardaiegendum med rökum ad sýna vissari landamerki en þaug hjer tilgreindu, verda þeir ad géfa sig framman med gögn og skilríki þar um, og sýdann fylgja þeim ástæðum framman, þar til þær á rjettvísinnar metaskálum verda okkar varnarástæðum þingri fundnar. Enn á medann það er ekki gjört, fyrirbjóðum vid hvörjum manni í ad vinna, slá, Beita, stinga, skjera, eda nokkra gagnsemd af ad hafa, nema okkar leifi til komi, en skildi nokkur (mót von) yrkja innann hjer tiltekinna landamerkja, meiga þeir sömu búast vid, að mæta tiltali, so sem þeir, er eptir löglega gjört forbod brúka þó annara land med ofríki án Dóms og Laga, þar bædi þessir og fyrri eigendur hafa álitid þettad land sína eign, og Núpsábúendur hafa yrkt það so leingi sem nokkur til veit. Lögfestum vid ad ordfullu og lögmáli rjettu, undir lagasektir. Lögfestum vid til lýrittir og lagabeidslu allra þeirra er í móti eiga, lögfestum vid í heyranda hljódi. Lögfestuna stadfesta nöfn vor og hjáþrikkt signet.

Núpi þann 25<sup>th</sup> Júlí 1842

Sighvatur Þorvaldsson

Eigendur (hjáprikkt signet)

Sveinn Pálmason

1 Skjal nr. 3 (109).

2 Vísað er hér neðanmáls í skjalinu þar sem stendur: samburdi, handr.



(hjáprikkt signet)

Gísli Bjarnason

(hjáprikkt signet)

Eigandi og eptir fullmagt

Jón Jenson

(hjá þr. signet)

eptir fullm(akt)

Páll Sigurdsson

(hjáprikkt signet)

Landseti Einar Einarsson

(hjáþr. signet)

Eptir fullm. M. Einarsson

(hjáprikkt signet)<sup>1</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp við Holtskirkju 7. ágúst 1842 að söfnuðinum áheyrandi. Á eftir lögfestunni í sama skjali eru eftirfarandi yfirlýsingar:

Í filgi af framanskrifadri lögfestu okkar mótmælum við lögfestu prestsins sra S.G. Thórarensens á Hraungerdi í Flóa yfir landeign Jardarinnar Efriholta, að því leiti sem henni ber ekki saman við okkar í lögfestunni tilteknu landamerki, þar sem lönd Jardarinnar Núps og Efriholta liggja samann.

Sömu sem undir lögfestunni.

Upplesið fyrir manntalsréttinum að Steinahellir þann 31<sup>ta</sup> Maí 1843

vitnar

E. Sverrirsson

Framanskrifud lögfesta fyrir Jördinni Núpi er rjett afskrifud eptir eiginhandarriti Alþingismanns Páls Sigurdssonar á Árkvörn, en hún er samhljóða annari frá því ári 1787, þann 30ta Maj að öllum örnefnum til. Mótmæli á móti lögfestu prestsins Sra. Sigurdar á Hraungerdi sínast vera á rökum byggd, þegar sonefndur Skirkill varð fundinn þar sem lögfestann skýrir frá, og sem þá var af manni þeim, er sra Sigurdur í Hraungerdi hafði gefid umbod sinna vegna að vera við, þá skodunargjördinn framfór,

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (59).

samþykkt, en það var merkis og sjálfseignar Bóndinn Sigurdur Ísleifsson á Barkarstöðum í Fljótshlíð, og síðan hefur nidurfalldi sú landaþræta sem adur var á milli Núps og Efríholta, um svonefndann Kjeldubakka, sem þá vard innann Núpslands, og hefur lögfesta þessi syðann verid óátalin ad lögum. Það vottar

Yztaskála þann 21ta october 1870

E. Sighvatsson Dbr.m.

útnefndur ásamt fleirum til ad meta Jarðir í Eyafjallahreppi 1849.<sup>1</sup>

Í fasteignamati 1916 er vakin athygli á því að landamerki séu óinnfærð og eigi tilgreind. Þá var þrjúbyli á Núpi (austurbær, miðbær og vesturbær).<sup>2</sup> Árið 1963 fóru fram skipti á landi sem lá sunnan þjóðvegans og takmarkaðist að vestan, sunnan og austan af landamerkjum jarðanna Ysta-Skála að austan og Efríholtatorfunnar að sunnan og Hvamms að vestan. Á Núpi höfðu gilt þessi eignarhlutföll: Núpur I (austurbær) ½, Núpur II (miðbær) ¼ og Núpur III (vesturbær) ¼. Ákveðið var að láta sömu hlutföll gilda við landskiptin.<sup>3</sup>

Heimildir, sem rekja má aftur til 15. aldar, benda ekki til annars en að Núpur hafi verið framseldur á venjubundinn hátt og veðsettur.<sup>4</sup>

### 5.10. Ysti-Skáli

Í Landnámu er greint frá því að landnámsmaðurinn Ásólfur alskik hafi reist sér þrjú skála undir Eyafjöllum en verið jafnan hrakinn þaðan, síðast frá hinum „vestasta Ásólfsskála“.<sup>5</sup>

Í máldaga Ásólfsskála, sem talinn er frá 1179, er skýrt frá því að frá Ásólfsskála skyldi syngja messu „til ins yzta asolfs skála“ fjórða hvern dag löghelgan og sálumessu dag í viku um lönguföstu nema hina fyrstu og síðustu. Samkvæmt þessu hefur verið hálfkirkja eða jafnvel ekki nema fjórðungskirkja í Ysta-Skála þegar máldaginn var gerður.<sup>6</sup> Í máldaga Ásólfsskála 1332 er ekki lengur minnst á Ysta-Skála og virðist því sem kirkja hafi ekki lengur verið þar á jörðinni.<sup>7</sup>

Árið 1499 gerðu Kristín Þórarinsdóttir og sonur hennar, Sigmundur Guðmundsson, með sér svofelld makaskipti að hún gaf honum hálf þrettánda hundrað í jörðinni Ytri-Sólheimum fyrir 10 hundrað í Ysta-Skála.<sup>8</sup> Ysti-Skáli hefur síðar komist í eigu Skriðuklausturs því að 6. júlí 1506 kvittaði príor klaustursins Vigfúsi bónda Erlendssyni um andvirði jarðarinnar. Dýrleiki hennar er hins vegar ekki tilgreindur.<sup>9</sup>

Ysti-Skáli var metinn á 73 hundrað og 80 álnir í jarðabók 1686 í samræmi við landskuld en 40 hundrað í jarðabók 1695.<sup>10</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Ysti-Skáli einnig skráður 40 hundrað með hjáleigunni Aurgötu sem reiknaðist 5 hundrað.<sup>11</sup> Aurgötu er svo lýst að hún sé „afbýli frá Ysta skála standandi við túnið; bygd fyrst áður menn minnst“.<sup>12</sup> Í Jarðatali Johnsens

1 Skjal nr. 3 (59). E. Sighvatsson Dbr.m. (dannebrogsmáður) er Einar Sighvatsson hreppstjóri á Ysta-Skála.

2 Skjal nr. 3 (89).

3 Skjal nr. 1 (16).

4 Sbr. skjöl nr. 3 (155), nr. 5 (16-18, 31, 99, 107, 179-181, 222-224). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 153-155.

5 *Landnámabók* 1986, s. 62-64.

6 Skjal nr. 5 (1).

7 Skjal nr. 5 (3). Sbr. einnig skjöl nr. 5 (6 og 39) (máldagar 1371 og 1570).

8 Skjal nr. 5 (28).

9 Skjal nr. 5 (25).

10 Björn Lárusson 1967, s. 88.

11 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 72.

12 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 74.

er dýrleikinn óbreyttur en haft eftir sýslumanni að Ysti-Skáli sé 35 hundruð og Aurgata 10 hundruð.<sup>1</sup> Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var Ysti-Skáli með Aurgötu 50,5 hundruð.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Ysta-Skála var undirritað 14. maí 1890. Það er á þessa leið:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ystaskála í Vestur-Eyjafjallahreppi með hjáleigunni Aurgötu sem er bændaeign.

Á eina hliðina sem er milli Ystaskála og Núps er markið þannig: Úr Rimhúsafláhusunum í þufuna á Skæringshólma (sem er vestanmegin Rimhúsaáls). Úr henni bein lína þar til elding er milli Hafurshóls og drífanda fjallsbrúar og er það hornmark í svokölluðu Langavatni, þaðan bein lína í grástein neðan við Borgarsteina sem á að bera í Flauthellir, svo frá honum ráða brýr austur í Ýráarfossbrún, úr því ræður Ýráargil inn úr vestanvið Ystaskálatungur og áin úr því til jökuls.

Á aðra hlið, nl. að sunnan, úr Rimhúsafláhusum bein lína í stein í Lónsbökkum, þaðan bein lína í þúfu á háa Lónsbakkaskákarbakkanum sem á að bera í útidyr á Suðurbænum Ystaskála, þaðan bein lína allt þangað til kemur í Steinvörðu sunnan við bæjarmýri á Ystaskála, þar beygist markið í austur í grjótvörðu sem er í mýrinni sunnan við merkigarðinn sem er á milli túnanna Ystaskála og Miðskála, úr síðastnefndri vörðu liggur markið í nefndan merkigarð sem er með sínum krókum og bugum, síðan úr efri enda garðsins bein lína upp á Miðskálaegg svo ræður egginn marki til jökuls.

Fjara fylgir jörðinni fyrir Holtlandi og er austurmark hennar Rimhús í Vondaból sem eru fyrir austan Flauthellir, enn að vestan Efríhóll í Hvamm, hún á að vera fjögur hundruð tólfæðir faðmar.

Afrétt á jörðin Almenna hlutfallslega við aðrar jarðir sem þann afrétt eiga.

Ystaskála 14. maí 1890

Undir þessa landamerkjaskrá skrifá

fyrir Ystaskála Einar Jónsson Jón Einarsson

fyrir Núpinn Jón Sigurðsson Jón Einarsson Grímur Guðmundsson

Fyrir <sup>1</sup>/<sub>3</sub> í Miðskála jarðarinnar í umboði M. Magnússonar J. Hjörleifsson

Fyrir <sup>2</sup>/<sub>3</sub> í Miðskála Sighv. Árnason. Fyrir <sup>2</sup>/<sub>3</sub> heimajarðarinnar Ásólfsskála Kjartan Einarsson

Fyrir <sup>1</sup>/<sub>3</sub> í Ásólfsskála Ketill Eyólfsson.<sup>3</sup>

Landamerkjabréfið var lesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í Ysta-Skála hefur lengi verið margbýli. Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Eyjafjallasveit var gerð 1709 voru tveir ábúendur á heimajörðinni en þriðja býlið hafði ekki fengist byggt síðan 1708. Þrjú býli var þar í byrjun 19. aldar og einnig þegar fasteignamat var gert

1 Skjal nr. 5 (44) (*Jarðatal Johnsens* 1847, s. 25). Í *Nýrri jarðabók* 1861 (s. 12) er forna matið þannig tilgreint: Ysti-Skáli 35 hundruð og Aurgata 10 hundruð (skjal nr. 5 (45)).

2 *Ný jarðabók* 1861, s. 12.

3 Skjal nr. 3 (23).

1916 (austurbær, miðbær og vesturbær).<sup>1</sup> Þannig hefur það lengst af verið síðan en á tímabili skiptist jörðin þó í fjögur býli (Ystibær I-IV).<sup>2</sup> Hjáleigan Aurgata, vestast í túnfætinum á Ysta-Skála, fór í eyði í byrjun 20. aldar.<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Ysti-Skáli verið fram-seldur á venjubundinn hátt og veðsettur.<sup>4</sup>

### 5.11. Mið-Skáli

Mið-Skála reisti landnámsmaðurinn Ásólfur alskik. Í Landnámu er greint frá því að hann hafi gert sér skála undir Eyjafjöllum „þar sem nu heitir at Ásólfsskála enum austasta“ en var hrakinn þaðan. „Þá færði Ásólfur byggð sína til Mið-Skála ok var þar“ eins og segir í Landnámu.<sup>5</sup>

Í máldaga kirkjunnar að Ásólfsstöðum, sem talinn er frá 1179, segir að tíund heimamanna skuli leggjast til kirkjunnar og einnig frá þeim sem bjuggu á Ásólfsskála „inum nerra“.<sup>6</sup> Fullvist er talið eftir seinni máldögum að hér sé átt við Mið-Skála. (þ.e. Mið-Skála).<sup>7</sup> Í Mið-Skála var kirkja (trúlega fjórðungskirkja) og skyldi presturinn í Ásólfsskála syngja þar 17 messur á ári.<sup>8</sup> Jörðin gekk kaupum og sölum og er elsta heimildin um það frá fyrsta fjórðungi 16. aldar.<sup>9</sup>

Mið-Skáli er metinn á 50 hundruð í jarðabók 1686 í samræmi við landskuld en talin 30 hundruð að dýrleika 1695.<sup>10</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er jörðin einnig sögð 30 hundruð að dýrleika. Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en þó er haft eftir sýslumanni að jörðin sé ekki nema 20 hundruð og um leið vitnað til þess að 10 hundruð hafi verið komin í eyði á tíma Jarðabókar Árna og Páls.<sup>11</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 jörðin metin á 28,6 hundruð.<sup>12</sup>

Landamerkjabréf Mið-Skála var undirritað 20. maí 1887 og er á þessa leið:

#### Skrásetning

Um landamerki jarðarinnar Mið-Skála í Vestur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu, sem er að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, 28.6 hundruð, og eru mörkin sem hér greinir:

Hornmarkið á vesturhorni Miðskálalands að sunnan er steinn. Þar liggur hann sem Holt ber í söðulinn á fjallinu Pétursey, þaðan er bein sjónhending til fjalls að þúfuna á háa bakkanum í Lónsbakkaskákum beri í útidyr á Ystaskála (suðurbæ) allt þangað til að kemur á Steinvörðu sunnan við bæjarmýrina á Ystaskála, þar beygist markið til austurs í grjót- eða steinvörðu, sem er á mýrinni sunnan við markagarðinn sem er á milli túnanna á Miðskála og Ystaskála, úr síðastnefndri vörðu liggur markið í nefndan markgarð, sem úr því ræður marki með sínum krókum og bugum upp í fjallið og svo er bein lína upp á háa egg (Miðskálaegg) svo ræður egginn marki til jökuls.

Úr fyrstnefndum steini er sjónhending til austur-landsuðurs, á markapúfuna á Lónsbakkaskák að sunnan, og er þá stefnan til þess að hitta þúfuna, á burstirnar á Syðstugrund og það sömu sjónhending áfram

1 Skjöl nr. 3 (89, 90).

2 Skjöl nr. 5 (192-195, 314-317).

3 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 149.

4 Skjöl nr. 5 (192-195, 248-251).

5 *Landnámabók* 1986, s. 62.

6 Skjal nr. 5 (1).

7 Sbr. skjöl nr. 5 (3, 6, 39).

8 Skjöl nr. 5 (3, 6) (máldagi sem taldir eru frá 1332 og 1371).

9 Skjal nr. 5 (29). Sbr. einnig skjöl nr. 4 (1 og 2), skjöl nr. 5 (29, 128).

10 Björn Lárusson 1967, s. 88.

11 Skjal nr. 5 (44).

12 Skjal nr. 5 (45).

á þúfuna sem er á bökkunum vestan við blöndukíl, og ber þaðan Holtskyrkju framan til í söðulinn á fjallinu Pétursey, þaðan er sjónhending á þúfuna hjá merkigarðinum á Miðskálabökkum, þaðan er bein lína í Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu á milli brekkanna, svo ræður áin í gljúfrinu merki til jökuls austan við Miðskálatungur.

Reka á jörðin fyrir Holtslandi, fjörumark að austan, Björnskot á að bera í dagteigsgilið austan við Ásólfskála, fjörumark að vestan, bæinn Rimhús á að bera í vondaból, sem er austan við Flauthelli. Upprektor á jörðin tiltölulegan við Holtssóknarmenn á afréttarlandið Almenna.

Ritað í Eystri-Skógum dag 20. maí 1887.

Í umboði Magnúsar Magnússonar sem á  $\frac{1}{3}$  í jörðinni J. Hjörleifsson.

Í umboði kaupm. Gísla Engilbertssonar í Vestmannaeyjum, sem á  $\frac{2}{3}$  jarðarinnar Sighv. Árnason.

Kjartan Einarsson eigandi og umráðamaður  $\frac{1}{3}$  Ásólfsskálatorfunnar

Í umboði jarðeiganda að  $\frac{1}{4}$  og eiganda að  $\frac{1}{8}$  jarðarinnar Ytaskála

Einar Jónsson

Eftir umboði jarðeiganda að  $\frac{3}{8}$  jarðarinnar Sk. Árnason Einar Jónsson

Fyrir  $\frac{1}{6}$  part Kjetill Eyólfsson.<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók.

Árið 1912 var gefin út svohljóðandi skýring á landamerkjum:

Skýring á landamerkjum milli jarðanna Miðskála og Izta-Skála í Vestur Eyjafjallahreppi.

Steinn í Lönsbökkum; úr honum bein stefna yfir þúfu í Háalónsbakkaskákarbakkanum í vörðu, sem frá steininum ber í útidyr á suðurbænum á Izta-Skála og er rjett norðan við þjóðveginn. Úr þeirri vörðu (efri vörðunni) bein stefna í Beljandakíl, sem er við vatnsholið á Skálabrúnni og ber þá vestri steininn á Mýraskarðsbrúninni við öxlina á Mýraskarðshausnum. Frá Beljandakíl bein stefna í vörðu við suðurenda merkigarðsins, sem er milli túnanna á Miðskála og Izta-Skála.

Skráð af eigendum, umboðsmanni og ábúanda nefndra jarða, 25. maí 1912.

Umboðsmaður fyrir  $\frac{2}{3}$  úr Miðskála

Jón Sveinbjarnarson

Eigandi að  $\frac{1}{3}$  úr Miðskála

Eyjólfur Ketilsson

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (25).

Eigandi að  $\frac{1}{3}$  úr Izta-Skála og búandi á hálfri Aurgötu

Gísli Jónsson

Ábúandi á  $\frac{1}{3}$  úr Izta-Skála og  $\frac{1}{2}$  Aurgötu

Svb. Jónsson

Eigandi að  $\frac{1}{3}$  úr Izta-Skála

Sigríður Ólafsdóttir<sup>1</sup>

Árið 1954 fóru fram skipti á landskikum á jörðinni Mið-Skála og 1985 var skipt „brekkum fyrir ofan tún á Mið-Skála jörðunum“.<sup>2</sup> Var það lítið land, mælt í stiku.

Í Mið-Skála virðast hafa verið þrjú ábúendur fram að tíma Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en eitt býlið var þá nýlega komið í eyði.<sup>3</sup> Í byrjun 18. aldar eru fjórir ábúendur nefndir á jörðinni en við fasteignamatið 1916 skiptist jörðin í tvö býli, austurbæ og vesturbæ.<sup>4</sup> Síðar á öldinni voru bæirnir þrjú (Mið-Skáli I-III). Árið 1949 lagðist Mið-Skáli I í eyði og 1962 var búskapur á Mið-Skála II og III sameinaður.<sup>5</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Mið-Skáli verið fram-seldur á venjubundinn hátt og veðsettur.<sup>6</sup>

## 5.12. Ásólfsskáli og hjáleigurnar Moldnúpur, Rimhús og Björnskot

Eins og fyrr er getið er Ásólfsskáli kenndur við Ásólf alskik Konálsson sem kom hingað til lands á öndverðum landnámstíma.

Í máldaga sem talinn er frá 1179 segir að kirkjan að Ásólfsskála eigi hálf (heima)land. Þar hefur því verið svokölluð bændakirkja. Í máldaganum segir einnig að tíund heimamanna skuli leggjast til kirkjunnar og einnig frá þeim sem bjuggu á Ásólfsskála „inum nerra“ (þ.e. Mið-Skála). Enn fremur kemur fram að frá Ásólfsskála var skylt að syngja messu „til ins yzta asólfs skala“.<sup>7</sup> Í Mið-Skála og Ysta-Skála hafa því verið hálfkirkjur eða jafnvel ekki nema fjórðungskirkjur.

Kirkju er getið að Ásólfsskála í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200.<sup>8</sup>

Þegar máldagi kirkjunnar var gerður 1332, að talið er, hafði kirkjan, sem þá er kennd við Ólaf helga, eignast „gelldneyta afrett j langhanes<sup>9</sup>. vtvogstu j langhanesi ad helmingi vid stadinn j hollti“.<sup>10</sup>

Máldagar frá 1371 og 1570 (Gíslamáldagi) eru efnislega samhljóða hinum eldri að þessu leyti.<sup>11</sup>

Ásólfsskáli var metinn á 60 hundruð samkvæmt jarðabókum 1686 og 1695.<sup>12</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er dýrleiki Ásólfsskála sagður 60 hundruð. Býlið skiptist þá í heimajörðina Ásólfsskála (30 hundruð), Skálakot (10 hundruð), Moldnúp (10 hundruð),

1 Skjal nr. 3 (24).

2 Skjal nr. 1 (18), sbr. skjal nr. 1 (17) (landskiptin 1954).

3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 71.

4 Skjöl nr. 3 (89 og 90).

5 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 147-148.

6 Sbr. skjöl nr. 3 (153), 5 (175-177, 217-219). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 147-148.

7 Skjal nr. 5 (1).

8 Skjal nr. 5 (37).

9 *lauganes* stendur í einu handriti máldagans.

10 Skjal nr. 5 (3).

11 Skjöl nr. 5 (6) og 5 (39).

12 Björn Lárusson 1967, s. 88.

Björnskot (5 hundruð) og Rimahús (5 hundruð). Skálakot og Moldnúpur lágu „skamt frá heima-jörðunni“ en Björnskot og Rimahús lágu „úti högum jarðarinnar“. Þrír ábúendur eru nefndir á sjálfri heima-jörðinni.<sup>1</sup> Þessar sömu jarðir eru tilgreindar í Jarðatali Johnsens 1847 með óbreyttum dýrleika.<sup>2</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Ásólfsskáli metinn á 26,61 hundruð, Skálakot á 16,63 hundruð, Moldnúpur á 11,64 hundruð, Björnskot á 8,64 hundruð og Rimahús á 6,32 hundruð.<sup>3</sup>

Í gerðabók fasteignamatnefndar 1916 er komist svo að orði að beitolandið sé „fremur víðlent og skjólgott og gott til sumarþeitar, vetrarþeitar fremur létt. Fremur erfið smalamenska“. Beitolandið var þá í óskiptri eigu jarðanna Ásólfsskála, Skálakots, Moldnúps, Björnskots og Rimahúsa.<sup>4</sup>

Landamerki Ásólfsskála voru lengi ágreiningsefni milli ábúanda jarðarinnar og staðarhaldarans í Holti. Í júlíbyrjun 1680 var lesin upp í lögréttu samantekt 12 manna vegna landamerkjaágreiningar milli Holtsstaðar og Ásólfsskála. Þar kom fram að séra Oddur Eyjólfsson að Holti taldi sér ekki heimilt að leggja land kirkjunnar undir dóm og vísaði til bréfs Kristjáns konungs 3. og fleiri tilskipana konungs um „að kirkjunnar góz ei undir lög leggist fyrir utan kongl. majestats samþykki“ (sjá kafla 5.13.).<sup>5</sup>

Hinn 24. apríl 1850 var haldin samkoma og gerð áreið á landamerkin milli Holtsstaðar og bænda eignarinnar Ásólfsskála (austasta skála) „til þess að semja og fastsetja, hvörnig mörkin hér eptir skuli haldin verda, hvar þau voru ordin óglögg og nidurfallin“. Niðurstaðan var þessi:

Eptir fornum skilríkjum og vitnisburðum frá 17<sup>du</sup> öld, sem menn í höndum hafa, áttu landamerkin að vera þessi: úr þúfu á bakkanum fyrir sunnann Þurraskurd, sjónhending (í vestur átt) í þúfuna á ofanverðum Narfahólme. Þaðan og í Rimahús (en það er nú 5. landamerkjahóllinn sem er fyrir vestan Rimahús í túninu) aptur úr þúfunni fyrir sunnann Þurraskurd (í austur landnordur) skári og hálfskári fyrir sunnan Stebbakot í þúfu fyrir ofann Stekkjar Grund. – var þessi sjónhending og þúfa midud við Njóladal í Holtsnúp. – úr þessari þúfu skildi taka sjónhending (til landnordurs) í Grettirshaf á Fosshólum í Skálaheidi. átti sú sjónhending að ráða að ánni (Holtsá) sem þá hafði vissann farveg, enn áinn sydan inn eptir dalnum og í fjöll upp.

Þar ed þúfan á Narfahólma er nú fyrir laungu töpud og líklega afbrotinn af Rimhúsaál, og fáir nú á dögum vita hvar Narfahólmi hefur verid, því ekkert pláts þar nálægt er nú svo nefndt – líka, að þúfann fyrir ofan Stekkjar Grund (nú Efstu Grund) var þegar 1660 töpud vegna vatna yfirgangs, svo einginn sem nú er á dögum veit, hvar hún hefur stadið, enn af því hún hlítur þó að vera hornmark, og þá líka að vera viss, þá var við áreiðina nákvæmlega adgjætt frá þúfunni fyrir sunnann Þurraskurd stefnulínann sem liggja á skára og hálfskára fyrir sunnann Stebbakotshól og bar þá sjónhendingu norðarlega í Holtsrjett, sem stendur í Njóladal, þessari stefnu áframhaldið austur eptir á það svæði uppundan Efstu Grund hvar landamerkjapúfan skildi forðum hafa stadið, og síðan samid um, að hún skuli hjer eptir vera einmidt þar sem Grettirshaf ber í svart gjögur í innannverðum Tvöfölduhömrum í Skálaheidi, enn það er þar sem innsti lækurinn fellur ofan af innannverðum tvöföldu hamrahillu – úr þúfunni á að taka sjónhendingu í Grettishaf og á sú bein stefna að ráða, þángad til að Hesteyra af Grettishafi vakir við Hraun, sem er fyrir framan það og nedann. Enn frá þeim stad á aurnum hvar Hesteyra vakir af Grettishafi (hvar Holtsá audsjáanlega hefur runnid að undanfögnu, þó hún nú á þessu tímabili renni fram með Holtsnúp) skal taka sjónhendingu í ána, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu nedan við svonefnda gildru, og rædur áinn sýdann inn eptir, og loksins kvíslinn sem er fyrir austann Skálatungur, til Jökuls.

1 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 68.

2 Skjal nr. 5 (44). Í *Jarðatali Johnsens* 1847 er Björnskot nefnt Bjarnarkot.

3 Skjal nr. 5 (45).

4 Skjal nr. 3 (89).

5 Skjal nr. 5 (75).

Líka var ridid út á Rimhúsaálsbakkann þar sem menn hafa gamallra manna sögn fyrir að Narfahólmi muni verid hafa, enn það er þar á Bakkanum, sem saman koma eingjámörk frá Holti, Varmahlíð og Rimahúsum, þar þá þúfuna fyrir sunnann þurraskurd við Holtsrjett, þar sem áður er sagt, á hina sýduna þar þá líka 5. landamerkjahólinn, sem er fyrir vestann Rimahús – og sem lambhúsinn þaðan standa á – (og eingin tvímæli leika á að hafi verid fornu Rimahús) í Nónstein sem er nedan undir Nöntorfu – er það torfa sú, sem liggur utust nidur frá hömrnunum austan í Hvammsnúp, þar sem skugginn kemur í fjallid, og fer vaxandi að lidnu hádegi, þegar sólskin er – og skal þetta mark og Mid gilda á milli eingjanna frá Holtsstad og frá Rimahúsum, og því líka vera landamerki, og er það hid sama og fyrrum var, nefnilega stefnann úr þúfunni í Narfahólma í Rimahús, sem þá voru.

Þessi hér greind og tiltekinn landamerki höfum vjer undirskrifadir ordid ásáttir um, að hjer eptir skuli haldinn verda í fullu gildi og standa óröskud á milli Holtsstadar og Ásólfsskála, fyrir alda og óborna, hvörju til sanninda merkis vjer ritum hjer undir vor nöfn.<sup>1</sup>

Undir landamerkjalyýsingu þessa rita nöfn sín séra Þorvarður Jónsson prestur í Holti, Hjörleifur Jónsson vegna Ásólfsskála, Páll Sigurðsson hreppstjóri í Fljótshlíð og Einar Sighvatsson hreppstjóri í Eyjafjallahreppi.

Í þessu sama skjali er greint frá því að 1. maí 1853 hafi verið hlaðin upp þúfa „uppundan Efstu Grund í stefnulínunni sem liggur Skára og hálfskára fyrir sunnann Stebbakot í rjettina í Njóladal og sem sýdann skal taka úr sjónhendingu í Grettishaf“.

Í lokin er gerð svofelld athugasemd:

Þess má geta, að þegar frá hérgreindu landamerki er midad, svokallad grettishaf á Fosshólum í Skálaheidi við Eyafjall í Hájökul nedanverdt, þá ber það einmidt þar við sem árkvísl sú er fellur í Holtsá ofan gilid sem er á milli Holts Lambatúngna og Skálatúngna, kjemur úr Jöklinum.

Grettishafi er í skjalinu lýst á þá leið að það sé

ákaflega stór steinn sem stendur á ávalri Hraunklökk og er ein steinskorda undir honum að vestannverdu, þó hann sje nú svo á sig kominn, að lítt þiki hræranlegur, verda menn þó að hugsa, að hann sje þar settur af mannavöldum sem hann er og að þeir hafi þar þannig frá hönum geingid.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Ásólfsskála var undirritað 17. maí 1890. Það er á þessa leið:

Landamerkjaskrá fyrir heimajörðina Ásólfsskála, sem er hálf kyrkjueign enn hálf bændaeign, ásamt hjáleigunum Skálakoti, Moldgnúp og Rimhúsum og Björnskoti.

Á eina hliðina móts við Ystaskálaland er marklínan bein stefna úr Rimhúsa fjárhúsum á stein á Lónsbökkum og úr þeim steini bein stefna í þúfu á bakkanum vestan við Blöndukil; því næst, móts við Miðskálaland úr nefndri þúfu vestan við Blöndukil bein sjónhending í þúfu á merkigardinum á Miðskálabökkum; þaðan er bein sjónhending í Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu milli brekknanna; svo ræður áin í gljúfrinu marki allt til jökuls austan við Miðskálatungur.

Á aðra hlið móts við Holtsland er marklínan úr áðurnefndum Rimhúsafjánhúsum í vörðu á vestari bakka Rimhúsaáls; síðan úr þeirri vörðu er markið bein lína sunnanvert við svonefndan Stebbakotshól

1 Skjal nr. 3 (58).

2 Skjal nr. 3 (58).



í stóra steina fyrir ofan Efstugrund; þaðan sjónhending í Grettishaf á Fosshólum, og ræður sú sjónhending allt upp að brekku; síðan er markið inn með brekkunni allt í Holtsá; svo ræður áin inn í jökul.

Jörðinni fylgir afréttarlandið Almenningar hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þeir fylgja líka.

Fyrir Holtslandi á Ásólfsskálatorfan reka innan þessara marka: að austan á Björnskot að bera í útidyr suðurbæjarins á Ystaskála. Að vestan á Björnskot að bera í Dagteigsgil í túni vesturjarðarinnar á Ásólfsskála.<sup>1</sup>

Undir bréfið ritar Kjartan Einarsson, prestur í Holtsprestakalli. Eftirtaldir menn samþykkja það: Ketill Eyjólfsson fyrir  $\frac{1}{3}$  Ásólfsskála, Jón Einarsson og Guðmundur Jónsson fyrir Skálakot, Grímur Guðmundsson fyrir Moldgnúp, Snorri Jónsson og Eyjólfur Kjellsson (Ketilsson?) fyrir Björnskot, Jón Guðmundsson fyrir Rimhús, Einar Jónsson og Jón Einarsson fyrir Ysta-Skála, J. Hjörleifsson fyrir Mið-Skála og Sighv. Árnason fyrir  $\frac{2}{3}$  Mið-Skála.

Landamerkjabréfið var uppleið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí sama ár.

Af jörðum þeim, sem fyrr er getið á Ásólfsskálatorfunni, eru Björnskot og Rimahús komin í eyði. Á Mið-Skála var tvíbýli árið 1709 og þar var löngum þrívýli, jafnvel fjórbýli, en nú er aðeins búið í Mið-Skála II og III. Í Ysta-Skála hefur allengi verið þrívýli en hjáleigan Aurgata, vestast í túnfætinum, er komin í eyði.<sup>2</sup>

Í landamerkjabréfinu 1890 er tekið fram að jörðin sé kirkjueign að hálfu. Þannig er jörðin einnig skráð í afsals- og veðmálabók.<sup>3</sup> Í fasteignamati 1916 er því þó haldið fram að  $\frac{3}{4}$  jarðarinnar séu kirkjueign.<sup>4</sup> Af eldri heimildum verður þó ekki annað ráðið en að jörðin hafi lengst af verið bændaeign.<sup>5</sup>

Árið 1948 fóru fram landaskipti á Ásólfsskálatorfu og voru mörk ákveðin sem hér segir:

Landamerki Björnskots:

Mark er sett við Miðskálamörk 285 metra fyrir ofan núverandi Björnskotsgirðingu. Þaðan bein lína í mark sem sett er við Holtsmörk 480 metra frá girðingu í Björnskoti, sem liggur frá túninu austur í Holtsmörk.

Landamerki Rimahúss:

Úr fyrnefndu hornmarki Björnskots við Holtsmörk, bein lína upp að þjóðvegi í mark sem þar er sett 500 metra vestur frá Holtsmörkum. Síðan ræður þjóðvegurinn að Holtsmörkum. Land þetta er þrihyrna.

Landamerki Moldnúps; með  $\frac{1}{4}$  úr Skálakoti:

Frá beygju á túninu suðvestur af Moldanúpsbæ í mark sem er 10 metra vestur af heimreiðarhliðinu. Þaðan bein lína í mark sem sett er suður við Holtsmörk 50 metra ofan við girðingarhornið við þjóðveginn. Þaðan ráða Holtsmörk upp að fjalli.

1 Skjal nr. 3 (26).

2 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 142-149.

3 Sbr. skjal nr. 5 (163) og skjal nr. 1 (1) (landskipti 1948).

4 Skjal nr. 3 (89).

5 Sbr. t.d. skjal nr. 5 (44) (*Jarðatal Johnsens* 1847).

Landamerki Skálakots að  $\frac{3}{4}$ :

Frá horni á girðingunni neðan við Skálatún bein lína í mark sem sett er á aurunum vestan við Fosslæg. (Markið við Fosslæg er sett þar sem lína frá því sker Miðskálamörk í rjettu horni 668 metra frá Þjóðveginum.) Úr þessu marki við Fosslæg bein lína yfir lækinn í mark sem sett er við Þjóðveginn 250 metra austur frá Miðskálamörkum. Síðan ræður Þjóðvegurinn að Holtsmörkum og þá Holtsmörk að áðurskráðu marki frá Moldnúpi.

Landamerki Ásólfsskála:

Frá áðurskráðri vesturtakmarkalínu Skálakotslands á Ásólfsskáli allt land ofan Þjóðvegur vestur að Miðskálamörkum, og er land þetta að stærð 46.57 ha.

Enn fremur kemur í hlut Ásólfsskála land sunnan Þjóðvegarins, að flatarmáli 35.66 ha., og takmarkast það að norðan af Þjóðveginum. Að vestan af Miðskálamörkum. Að sunnan af Björnskotsmörkum og að austan af Rimahúsamörkum. Að öðru leyti sem tekið er fram sem landamerki allra ofanefndra jarða vísast til meðfylgjandi uppdráttar af landinu, þar sem allar framanskráðar merkjalínur eru færðar inn með rauðum lit. Skiptunum það [svo í hdr.] með lokið.<sup>1</sup>

Eins og áður hefur komið fram var þrjúþíli á Ásólfsskála þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð í byrjun 18. aldar og virðist sem ábúendur hafi síðan ýmist verið tveir eða þrjár á jörðinni.<sup>2</sup> Tveir ábúendur eru nefndir í jarðamati 1802 og einnig 1916 (Ásólfsskáli austurbær og vesturbær). Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins 1890 hafi Ásólfsskáli verið framseldur á hefðbundinn hátt og veðsettur.<sup>3</sup>

### 5.13. Holtshverfi

Holts er getið í Landnámabók en þar bjó Þorgeir „hinn hørzki“ Bárðarson.<sup>4</sup> Kirkja var í Holti um 1200 þegar Páll biskup Jónsson lét gera skrá yfir kirkjur í biskupsdæminu.<sup>5</sup>

Í elsta máldaga Holts, sem talinn er frá um 1270, er tekið fram að allra heilagra kirkja í Holti sé „staður“ hún eigi heimaland allt og að auki

varmarlid [Varmahlíð], vally [Völlu, Velli] og gerdar og gardhorn med ollum fiorum þeim sem þar fylgia enn það eru. xx hundrat half [synztu vestur-hollta]<sup>6</sup> fiara, half huammfiara er liggur fyrir backa. enn það eru ix tigr fadma hins fiorda hundradz: her fylger og langanes hælft med grasnautn og vtuoxt-um at þui sem alþingis domur dæmde...

Her fylgia einuirdis: vij skogar. j þorsmork j staung gamla nautur gatna skogur og loptz nautur lækiar skogur og tungur. inn j gil fra hofða skogi ij a askerstadum saudungs nes allt med vtvogstum allum: vndir saudungs hamrum: og saudungs hamrar. Her fylger xxx: sauda hofn j vestur hollte og fa skædi med stodhrossa hofn vetur og sumar fyrer vtann sandlæk. hundradz lamba hofn i langafell.<sup>7</sup>

1 Skjal nr. 1 (19).

2 Sbr. skjöl nr. 3 (90): jarðamat 1802 (tveir ábúendur) og 3 (89): fasteignamat 1916 (tveir ábúendur). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 146-147.

3 Sbr. skjöl nr. 3 (148-152) og 5 (91, 163, 164). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 146-147.

4 *Landnámabók* 1986, s. 342.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 6.

6 Orð í hornklofa eru með ýmsu móti í handritum. Í máldaga, sem talinn er frá 1332, stendur „halfva synztu vesturhollta fioru“ (skjal nr. 5 (3)).

7 Skjal nr. 5 (2). Við langafell hefur útgefandi Fornbréfasafns þessa athugasemd neðanmáls: „Lambafell (nú)?“

Í máldaga, sem talinn er frá 1332, eru eignir kirkjunnar tíundaðar skilmerkilegar. Auk fyrrgreindra jarða og fjöru og kirkjugripa voru eignir kirkjunnar þessar:

Kirkian a sio skogar teiga j þorsmork.

j stong.

gamla nautur.

gatna skogur.

loptz nautur.

lækjar skogur oc tungur inn j gil fra hofda skoghe.

ij a akstodum.

saudungsnes allt med vtvoxtum ollum vndir saudungs homrum oc saudungs hamra.

nautta rett<sup>1</sup> or hollte oc vtlondum j langanes.

vtvoxtu halfva firi ollu langhanesi.

c lamba afrett j lambafell.

xxx sauda hofn j vesterhollt.

xl. lambgymbra beit j hrutholma.

stodrossa hofn vetur oc sumar. firi vtann sanndlæk.<sup>2</sup>

Í jarðabók 1686 er Holt ekki metið til dýrleika enda jörðin staður og hvorki greidd af henni tíund né landskuld. Á sama tíma var Varmahlíð metin á 33 hundruð og 80 álnir (miðað við landskuld) og Ormskot á 20 hundruð. Í jarðabók 1695 er Holt talið 30 hundruð að dýrleika, Varmahlíð 16 hundruð og Ormskot 10 hundruð.<sup>3</sup> Fleiri jarðir voru þá eignaðar Holti en Varmahlíð og Ormskot, þ.e. Svartbæli, Vallatún, Gerðakot, Vesturholt og Nýibær. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er haft fyrir satt að jörðin sé talin 50 hundruð að dýrleika. Jörðin átti fjallhaga sem vatn og skriður höfðu spillt. Jörðin var því hagapröng og þurfti að kaupa hagagöngu fyrir fé vetur og sumar að ábúendum Ásólfsskála.<sup>4</sup> Frá Holti voru 11 hjáleigur. Þær nefndust Hellnahöll, Glóra, Einarsskot, Harðivöllur, Brenna, Lækjarbrekka, Efstakot, Efrigrund eða Stekkjargrund, Syðrigrund eða Borgargrund, Árbakkar og Fornasel. Þrjár síðastnefndu hjáleigurnar voru þá komnar í eyði.<sup>5</sup>

Við jarðamat 1802 var Holt talið 50 hundruð að dýrleika. Kirkjunni var eignaður rekaviður og

1 „nauta afrett vr Hollti“ stendur í máldaga kirkjunnar frá 1553 (skjal nr. 5 (36)) og „nauta affriett vr Holltte“ í máldaga kirkjunnar frá um 1570 (skjal nr. 5 (39)).

2 Skjal nr. 5 (3).

3 Björn Lárusson 1967, s. 88.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 62.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 63-67.

einnig afréttur og skógur án þess að tilgreina nánar hvar þessi hlunnindi („Herligheder“) voru.<sup>1</sup> Dýrleiki jarðarinnar er einnig sagður 50 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847. Þar eru taldar upp sjö hjáleigur frá Holti: Indriðakot, Efstakot, Hellnahóll, Brenna efri, Brenna syðri, Efrigrund og Syðri-grund. Að auki eru nefndar þrjár kirkjujarðir Holts: Ormskot, Vallnatún og Gerðakot.<sup>2</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 eru jarðirnar þrjár lagðar að jöfnu við hjáleigunna svo að alls verða þær tíu. Samkvæmt nýju jarðamati var Holt 45,57 hundruð að dýrleika og með hjáleigunum 175,9 hundruð.<sup>3</sup>

Árið 1650 lögfesti séra Þorsteinn Jónsson Holtskirkju tilteknar eignir í föstu og hlunnindum og virðast þær að mestu hinar sömu og tilgreindar eru í máldögunum. Landamerkjum er þar ekki lýst.<sup>4</sup>

Í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar er líklega elsta lýsing á landamerkjum Holts. Lýsingin er frá 1660. Í fyrstu er gerð grein fyrir eignum kirkjunnar í samræmi við eldri máldaga og öðrum eignum sem síðar komu til. Því næst segir:

Landamerki Stadarins að austann átölulaus er Merkis Gil, ur Gilinu og j Gardin sem fyrer nedann stendur, sem kalladur er Merkisgardur. Rædur sa Gardur sudur j Fiöromörkinn em er Hnukurinn á Midskálaegg sem vatna á vid Holtznup. Enn að vestan Þufan j Þurraskurdi átölulaus. Skal þar á Backanum takast Sióndeiling ur þ[eir]ri Pufu j vestur Átt og so j Narfahólma. Ur Narfaholma og j Rimahus. Enn á eystri Sídu ur ádursagðri Pufu á Backanum fyrer sunnann Þurraskurd var haldin Skári og hálf Skæri fyrer sunnann Stebbakot. Þaðann Siónlending [þ.e. sjónhending] tekin j Þufu þá er stóð fyrer ofann Steckar Tunid sem þá var frá Holli. Hvör Þufa nu er burt sakir Vatnagáangs. Enn j stadinn samanlagdir fimm Steinar. Þaðan Sjónhending tekinn uppi Grettershaf á Fosshólum j Skálaheidi. Hafði þá Holtsá vissann Farveg og nær su Siónhending að sunnann j Grettershaf var kominn að Ánni. Átti þá Áin að ráða ur því jnn effter Dalnum. Þetta hefur borid Jón Sigurdsson hreppstiórnamadur under Eyafiöllum og Fridur Jónsdotter. Datum Vitnisburdarins Holti 24 Majj 1660.<sup>5</sup>

Tveimur árum eftir þennan vitnisburð var tekinn fyrir á alþingi ágreiningur milli Holtskirkju og Ásólfseskála um „vafaland“. Þrætulandinu er ekki lýst nánar enda taldist málið tæplega dómtækt því að samkvæmt forordningu Kristjáns konungs 3. var óheimilt að leggja göss kirkjunnar undir dóm nema með samþykki yfirvalda. Lögbingismennirnir töldu því rétt að vísa málinu til biskups og fögetans „til góðrar úrgreiðslu“ svo að unnt yrði að útkljá málið með friðsemi og kirkjan fengi þess að njóta sem henni bar, „með því og, að allvíða um þetta land er svo ástætt, að bændur þykjast stórum vanhaldnir, sem lönd á móti kirkjum og kongsjörðum eiga, ef ei fást kann, að þvilikar þræt-ur með lögum og dómi fyrir yfirvaldsins samþykki niður setjist, þá þess þar um leiða verður.“<sup>6</sup>

Árið 1676 dæmdi Gísli Magnússon sýslumaður og sex meðdómsmenn um óleyfilega brúkun skóga Holtsstaðar. Þar segir m.a.:

Innann þeirra takmarka sem Holtz Kyrkiu Mældagi, umm getur hvar uppa Syslu Madurenn og Döms Menn andsvöruðu að þeim sýnest ongvann Veigenn lýðanlegt þuilyk Brukun og oheimildar Adtekt heldur sækest til löglegra Secta, sem þar til hlyder.<sup>7</sup>

Jón biskup Vídalín minntist ekki á landamerki í vísitasíu sinni 1704 en gerði nákvæma grein fyrir eignum kirkjunnar, m.a. skógaritökum:

1 „Drivtömmr, som falder for Gaardens Land, tilhører Kirken her, ligesom Afretter og Skov-Itake“ (skjal nr. 3 (90)).

2 Skjal nr. 5 (44).

3 Skjal nr. 5 (45).

4 Skjal nr. 3 (74). Sbr. einnig skjal nr. 3 (75) (lögfesta séra Þorsteins Oddssonar 1741).

5 Skjal nr. 3 (35).

6 Skjal nr. 5 (75).

7 Skjal nr. 3 (80).

Epter Medkenningu Sr Sigurdar Einarssonar hvoria Presturinn Sr Jon Torfason frammlagde á Kirkian þessa Skóga og Itök, Völlu er liggja norður fra Næfurhollte, Lángafell so langt framm sem Skoge er vaxid austan til. Melfell er liggur i landnordur fra Næfurhollte, Skog hia Stapa:/ sem adur er umgeted/: svo langt sem Skoge er vaxed framm ad Utisaudagja og Skogur inn fra er kollud er Mariutunga sem liggur i millum Gilianna. Jtem tvær Skogar Topter hvora hia annarre fyrir framan Falljökul, svo langt ofan sem Sliettan tekur vid. Jtem Skogartóptt i Langadal framanverdum, fyrir vestan i Dalnum inn ad Breckum ad Hlidarenda Skogi og fram á Hálsin. Jtem Skóg i Rietta Felle. Jtem litla Skogartóptt fyrir jnnann Kýle, upp under Jökulinn og eru þesser Skogar nu sagder nærre eidder. Epter Dómj Nikulasar Biörnssonar geingnum 1578, er Erasmus Villaðsson var Stadarhalldare ad Breidabolstad, a Kirkian Godalands Afriett.<sup>1</sup>

Séra Þorsteinn Oddsson tíundar einnig skógaritök og aðrar eignir Holtskirkju í lögfestu sinni 1741 en lýsir ekki landamerkjum. Það gerir hins vegar Ólafur Gíslason í vísitánu sinni 1752:

Þesse eru Stadarens Landamerke; ad austann er Merkisgil, ur Gilenu og i Gardenn sem fyrir nedann stendur, sem kalladur er Merkisgardur, rædur sá Gardur sudur i Fiörumörkenn, sem er Hnukurenn á Midskala Egg, sem vaka á vid HolltsNup. Enn ad verstanverdu þufann i Þurraskurde átölulaus, skal þar á Backanum takast Sióndeiling ur þ[eir]re þufu i Vesturátt og so i Narfa Hólma, og i Rimahus. Enn á eystre Sýdu ádur sagdre þufu á Backanum f[yrer] sunnann Þurra Skurd er Skáre og Hálfskiare halldenn<sup>2</sup> f[yrer] sunnann Stebbakot. Þadann Siónehending tekenn i þufu Nockra, sem skal hafa staded fyrir ofann Steckiartuned, sem ádur var frá Hollte. Hvör þufa nu er burtu vegna Vatnagáangs. Jtem þ[eir]r 5. Steinar sem i hennar Stad lagder voru. Þadann Siónehending uppi Grettershaf á Fosshólum i Skálaheide, og þegar so er komed ad Hollts Á, rædur hun inn epter Dalnum. Framar á Kyrkiann Land allt med Siónum frá Steinamörkum vestur ad Sandamörkum, hvör Merke millum Sanda og Nya Bæar eru Sandlækur sem ádur hefur vered rennande, enn sýdann hann þraut hafe þad vered kallad Slýlækjar Mynne, þadann uppi gamla Steckiartuned á Söndum og Hrafna Biörg. Landamerke millum Vesturhollts, Efra Hollts og Holltsstadar, Sefpollur og i Skálarrimahus og i openn Flautahellir, hvör Skálarrimahus eru nu þau gömlu Rimhús köllud, og su þyfa Hæd sem stendur hier um freka 80 Fadma til utnordurs frá þeim nu bigda Rimhusa Bæ, og eiga sömu gömlu Rimahus ad vera Horn Mark Hollts Kyrkiu Landz so ad hun eige hvörki leingur vestur nie norður á þá Sýdu. Enn ur gömlu Rimahusum á Hollts Kyrkia med riettu sem ádur er geted Siónehending i ofannverdann Narfahólma, og adskilist so her med Hollts Kyrkiu og Austasta Skála Landeigner effter Dome Sysslumansens Þorsteins Magnussonar af Dato 3. Junii 1745. Fiörumörkenn á vestare Sýduna eru austasta Hused sem þá var á Söndum og i lánga Setberg /: meinast ad Sandar hafe þá austar og ofar staded sem nu eru Fornu Sandar:Þesse Landamerke eru ut dreigenn af Mag. Brinjolfs Sveinssonar Visitatium 1641 og 1662. Jtem hiergreindum Dóme Sysslumansens S' Þorsteins Magnussonar.<sup>3</sup>

Í maí 1755 var haldið dómþing til að skipta skógum í Langanesi sem umráðamenn Holts- og Stóradalskirkjur gerðu tilkall til auk umráðamanna Eyvindarhóla-, Steina- og Miðbæliskirkna og jarðanna Austastaskála, Stóru-Merkur og Eyvindarmúla. Í niðurstöðu dómsins segir m.a.:

Landþingsskrifarenn Seigr. Sigurdur Sigurdsson og prófastr Sra Sigurdr Jónsson begjerdu þvínærst ad skifte væru ámillum Hollts kirkju og Stóradals, skógnum i Langanese eptir sérhvörs átölulausum tilkallsriette, ikrafte af þeirra i höndum hafande máldögum og Documentum.

1 Skjal nr. 3 (38).

2 *haldenn* undirstrikað, líklega til tákns um yfirstrikun.

3 Skjal nr. 3 (42).

Nefnilega Hollts Kirkiu Helming Skógar í öllu Lánganesi. Enn Stóradal Þrjúung Skógar í sama Nesi, svo hvör meige nióta sins útaf fyrir sig. Hvað og hérmed af Rjettinum sameginnl. eptir gjörða Athugan, Skodan og Ýfirreid, svol. gjörist – ad Holltskirkiu skiptist allur Skógur itakalaust frá Saudár – allt innad svokölludum Steinaskóge. – Enn allur Skógur þadann ifrá hvar Hollts Kirkju Skog sleppir allt inn og upp til Falljökuls skal tilheýra Stóradal ad frátekinne Múla Skridu – edur Breidu-Skridu, sem Múle hefur sér bevisad, samt Skálahól, sem Ásolfsskála er tilstadinn og Midbælskirkiu Skógarteigum, hvörir þo sosem annad Lánganes óvist og óskipt Skógarpláts áliktast meirenn til Helminga forgeingnir. Svo er og hérmed óspilltur allra þeirra Réttur er fleire Itök géta sér löglega bevisad, i firrgreindum efra og innra Helminge Langaness sem Stóradal er tileinkadur. – Enn ef Itökenn öll verda meire enn einn sjötte Partur alls Langaness þá hlítur þad eftir riettri Tiltölu ad uppinnast til Stóradals af Hollt Kyrkiuhluta og Helmingi.<sup>1</sup>

Frá þessum tíma eru varðveittar nokkrar lögfestur þar sem landamerkjum Holts er lýst. Hin elsta þeirra er frá 1745:

Jeg Sigurdur Jonsson [prestur] logfeste hier effter skrifada Eign Holltskirkiu under Eiafiöllum Tun hennar og Eingiar Haga Vötn Reka og Skoga og allar Landsnitjar sem hun á og henne filgt hafa ad Fornu og Nýu. Heimalandeign Kirkiunnar i þesse tiltekinn Landamerke, ad austann i Merkisgil, ur Gilenu i Gardenn sem þar firir nedann stendur og kalladur Merkegardur, enn ad vestann ur Sefpolle i Rimahus, nu köllud, effter þvj sem eg heire af her innlendum Mönnum þau fornu Rimahus, ur Rimahusum i ofannverdann Narfahoolma, enn úr Narfaholma þangad sem þufann stod á Arbackanum vid Þuraskurd. Þadann Skare og Halfskiærie firir sunnan Stebbakot, so i þ[úfuna]<sup>2</sup> firir ofann Steckiargrund, þadann Sionhending i Grettirshaf a Fosshoolum á su Sionhending ad rada ad Ánne. Enn Áenn ur þvj inn effter Dalnum, firibýd eg hvörium Manne adurskrifad Holltskirkiuland jnnann tiltekinna Tak Marka sier nita, slá, beita, skera, edur nockra ologlega Brukun i ad hafa under þær Sekter sem Lög ákveda, nema mitt se Lof edur Leife. Under somu Grein lögfeste eg greindrar Holltskirkiu Jarðer, Vesturhollt, Niabæ, her innann Soknar og halft Svarbæle ligðjande i Steina Kirkiusokn til ydstu Merkia þejrra er adrar [nær?] liggjande Jarðer i móte eiga. Til Merkis [mitt] underskrifad nafn ad Hollte D. 15 Maii [1745] Sigurdur Jo[nsson].

Hier firer framan skrifud Lögfesta var vpplesenn vid Holtskyrkiu öllu Soknarfolke áheyrande þann 4 Sunnudag epter Páska Anno 1745. Þad vitnum vier vnderskrifader

Gunnar Eýnarsson Þorlakur Gudmundsson.<sup>3</sup>

Ári síðar gaf séra Sigurður Jónsson út aðra lögfestu um eignir og ítök Holtskirkiu:

Eg Sigurdur Jons Son Prestur ad Holtz Stad logfeste hier j Dag effter skrifada Eign Holtz Kjrkiu under Eigjafiöllum, Tun hennar og Eingiar, Haga, Vötn, Fiörur, Reka og Skóg[a] og allar Landznitjar sem hún á og henne filgt hafa ad fornu og Nýu. Heima Landeign Kirkiunnar j þesse til tekenn Landa Merke: Ad austann j Merkesgil úr Gilenu j Gardenn sem þar fyrer nedann stendur og kalladur er Merkez Gard[ur]. [E]nn ad vestann úr Sefpolle j Ryma Hús so ad Flauta Heller bere j þ[a]u, úr Rima Húsum j ofann verdann Narva Hólma, [e]nn úr Narva Hólma þangad sem þufann stód á Arbackanum vid Þurra Skurd. Þadann Skære og Half Skiære fyrer sunnan Stebba Kot j Þúfuna fyrer ofann Steckiar

1 Skjal nr. 3 (87).

2 Hér og annars staðar þar sem hornklofi er hefur rifnað úr handriti.

3 Skjal nr. 3 (76).

Grund, þadan Sjó[n]hending j Gretters Haf á Foss Hólum, á sú Sioonhending ad ráða ad Anne, enn Áenn úr því jnnepter Dalnum. En þesse eru þau Skógar Platz og Jtök sem Holltz Kirkia á effter Mál-daganumm: Langa Nes halft og Grauta med Útvöxtum siö Skógarteigar j Þórs Mörk, j Staung Gamla Nautur, Gatna Skógur, Lofftznautur, Lækjar Skógur og Túngur jnn j Gil fra Höfða Skóge tveir á Aks-stöðum, Saudungs Nes allt m[ed] Utvögstum öllum under Saudungs Hömrum og Sa[u]dungs [Ha]mara, Nauta Afriett fra Holte og Út Löndum j Langa [Ne]s, Útvögstu halfa fyrer öllu Langa Nese, Hundrad Lamba [Afri]jett j Lambafelle...Thil Merkez er mitt underskrifad Nafn ad Holte þann 12 Maij Anno 1746 Sigurdur Jonsson.

Framann og ofannskrifud Lögfesta var upplesenn fyrir Riettenumm a Hollts Manntalsþyngje Dag 12ta Maj 1746 Testera Thorsteirn Magnusson Magnus Brandsson Jon Jsleifz Son.<sup>1</sup>

Á næstu árum (þ.e. 1749, 1751 og 1757) komu fleiri lögfestur frá séra Sigurði Jónssyni. Allar eru þær töluvert skertar í handriti en af því sem séð verður ber þeim saman við lögfestuna frá 1746.<sup>2</sup>

Lögfesta séra Árna Sigurðssonar í Holti 23. maí 1801 virðist hafa það helst umfram eldri lögfestur að lýst er af meiri nákvæmni en áður hvar eign kirkjunnar í Langanesi var og einnig skógar-teigarnir í Þórsmörk:

hálf Langanes að framanverðu inn þangað, sem kallast Steinalágar eður Steinaskógar; Sauðhungsnes alt undir Sauðhungs hömrum og Sauðhungs hamra; sjö skógar-teiga á Þórsmörk: Gamalnaut, Gatnaskóg og Loptsnaut, sem mér hefir verið hermt eptir eldri mönnum, að væri skógarplázin á mörkinni, Litliendi og Stóriendi svokallað, Lækjarskóg, sem nú kallast að sögn manna Hamraskógar, og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi.<sup>3</sup>

Brynjólfur Sívertsen, prestur í Holti, lögfesti eignir Holtskirkju 17. maí 1825 og lýsti um leið þá landamerkjum jarðarinnar:

Landamerke ad austann, effter Forneskiu, í Merkegil, ur Gilenu í Gardenn sem þar fyrer nedannstendur, og kalladur er Merkesgardur. Enn ad vestann ur Sefpolle í Rimahús (væntannlega þaug gömlu) so ad Flautahellir bere í þaug ur Rimhusum í Narfhólma. Enn úr Narfhólma í Þufuna vid Þurra Skurd, þadann Skára og Hálfskjære fyrer sunnann Stebbakot. So í Þufuna fyrer ofann Steckiargrund. Þadann Siönhending í Grettishaf á Fosshólum.<sup>4</sup>

Síðar í lögfestunni gerir presturinn grein fyrir skógarlöndum kirkjunnar með merkjum:

Á Þórsmörk ad vestann, frá því komed er uppa HúsadalsBruner vestur ad Fliótenu, og so langt inneffter, þangad til Þröngá rennur ofann í það, so langt med henne, þangad til kemur Tinfiáll[a?]gil. Ad austann fyrer framann Svýnatúngur, og þettad allt Pláts upp under Hamre þeim meigenn so langt Skógur vex. – Austann á mote Mörkenne frá Lángadal eður Höfða Skóge, allan Skóg upp og nidur allt ad Gilinu fyrer innan Staung. – Hier ad auke hálf Langanes ad framannverdu inni Steinalágum sokölludum, item Sauðhungs-nes undir Saudungs Hömrum, og Sauðhúngs Hamra í fylge af Areydar Dóme Sislumanns sal[ug]a Th. Magnussonar, gengnum þann 24da Maii 1755. – Hvert miked eður lited

1 Skjal nr. 3 (76).

2 Skjal nr. 3 (76). Sbr. skjal nr. 3 (81) sem er lögfesta Sigurðar Jónssonar fyrir Þórsmerkurskógum 1772 og skjal nr. 3 (112) sem er úr dóma- og þingabók 1787-1792 en þar er þess getið að upplesin hafi verið „Lögfesta fyrer Skogar Eign og Itökum á Þórsmörk Holts Kyrkiu tilheirande frá Profastenum Sr. Paule Sigurssyni í Holte“.

3 Skjal nr. 3 (77).

4 Skjal nr. 3 (78).

Skógarland, sem allt þetta á nærverande Timum hefur innehalda, jeg her med lögfeste Kyrkiunne í Holte, tilheyrande, og lyse í Vernd og Forsvare Heydarlegs Sæmdamans Mr. Sæmundar Ögmundssonar á Eivindarholte, á Móte öllu Skógar Ráne og Hnuple, effter minne skriflegre Bón, og Begære til hans, samt annare Yfervalldsens Tilskyckun til ad frid[a] þessa sem adra Skogastade á Þorsmörk edur annarstadar effter sem orded getur. – Fyrerbiódande því hverium sem einum þesse hernefnd Skógarplats, hvad litel Ló sem vera kann, innann tiltekinna Takmarka, ad yrkia, brúka, edur nockra ólejfelega Höndlun í ad hafa, under þær Sekter sem Lögenn, Amts Urskúrdur af 7da Jan. 1818 og Sislunnar Yfervalld ad eg heire sagt á næstlidnu Sumre herumm greinelega áqveda. ... Item lögfeste eg ad Lokum: Holtstadar Jök og allra Útlanda, nefnilega Naut-Afrétt í öllu Lánganesi. Eg lise og þá Gripe í Laganna Krapte, og Kóngr.ar Forordningar af 5ta April 1749 fridhelga, sem eg þángad læt færa, og eg vid hlutadegande næstu Bæa Landeigendur vil koma mér samann umm.<sup>1</sup>

Skógarítök Holtskirkju urðu síðar á öldinni tilefni deilna, einkum eftir að lögfesta séra Björns Þorvaldssonar, prests í Holti, hafði verið lesin upp á manntalsþingi að Kirkjulæk 18. maí 1867. Þar lögfesti hann, með skirskotun í máldaga, vísitásiur og fjölda af eldri lögfestum, eftirtalдар eignir:

Sjö skógar teigar í Þorsmörk í Stöng, gamla Nautur, gatnaskógur, Loptsnautur, Lækjarskógur og Tungur inni gil frá Höfða skógi, sem einnig í sumum seinni tíða lögfestum eru nefnd: „Hamar-skógar, Litli-endi og Stóri-endi, Stöng og Stangar-háls, að Gilinu fyrir innan Stöng.“ Líka svonefndar „Svínatungur“. Lögfesti eg til þessara ummerkja, að sunnan og vestan frá Krossá í vestanverðan Langadal, í götuna (hjá Skugga), sem liggur norður í Húsadal, og svo ofaneptir henni, að múlanum fyrir framan húsatættunrar, – þaðan beint vestur í götuna, sem liggur norður við brekkuna í Húsadalsmynni vestur á aurinn, og norður að Markarfljóti, svo ræður fljótsgilið inneptir, þar til Þröngá fellur í það, úr því ræður hún, inni svokallað Rjúpnafellsgil, þá skal úr því ofanverðu taka sjónhendng suður í gilið fyrir innan Stöng (sem kallað er „Góðagil“) í það ofanvert, lækurinn, sem í því rennur ræður ofanað Kro[ssá] svo frá nefndu gili sunnaní Mörkinni allt vestur að Langadal, allt það plás neðan frá Krossá og uppundir hamra, svo langt sem byrkiskógur vex.<sup>2</sup>

Þessari lögfestu andmæltu bændur í Fljótshlíðarhreppi 28. maí sama ár. Þeir sökuðu prófastinn um að eigna sér eða kirkjunni „mestan hluta þess nýgræðu skógar, sem sprottið hefir á framanverðri Þorsmörk í næstliðin 40 ár, síðan skógarrætur þar voru fríðaðar, sem þá voru óeyddar“. Síðan vitnuðu þeir í vísitásiu Jóns biskups Árnasonar yfir Holtskirkju en þar hefðu bæði presturinn og nærstaddir sóknarmenn fullyrt að skógarteigar þeir sem kirkjunni tilheyrðu væru sumir eyddir með öllu en um suma vissu menn ekki hvar legið hefðu. Þá hafi enn verið skógur á framanverðri Þorsmörk en nyrðri og efri hluti hennar hafi verið orðinn skóglaus að mestu. Enginn þeirra presta, sem sátu í Holti, hefði eignað kirkjunni skóg á framanverðri Þorsmörk, utan skógarteiginn Stöng, fyrr en Sigurður Jónsson prófastur fór að gera slíkar kröfur „á seinni hluta næstliðinnar aldar“.<sup>3</sup>

Í matsskýrslum Holtsprestakalls er einnig að finna lýsingar á eignum og hlunnindum kirkjunnar. Í skýrslu 1839 er svipuð lýsing á skógum kirkjunnar og áður hefur komið fram. Til nýjunga má telja að nefndur er Steinaskógur sem réttur kirkjunnar náði til:

Ennframar á Kirkjann Saudúngsnes allt med útvöxtum öllum undir Saudúngshömrum og Saudúngshamar og Helming Skógar í öllu Lánganesi, edur allann Skóg itakslaust frá Saudár allt innad svoköllum Steinaskógi eptir Dóme af 24a Maii 1755.<sup>4</sup>

1 Skjal nr. 3 (78).

2 Skjal nr. 3 (98).

3 Skjal nr. 3 (83, 99).

4 Skjal nr. 3 (116).



Um afrétt jarðarinnar segir í sömu skýrslu:

Afrétt: á Staurinn fyrir Naut í Lánganesi og Útvöxtu hálfu fyrir öllu Lánganesi - sömuleiðis 1<sup>o</sup> [hundraðs] Lamba Afrétt í Lambafelli, sem eg ecki veit hvar er, og 40 Lambgimbra Beit í Hrúthólma og Stóðhrossabeit Vetur og Sumar fyrir utann Sandlæk, sem eg heldur ecki veit hvar er og sem eg held ad Stadarhaldarar hefi í lánngann Tima ei hagnýtt sér. Þó finn eg allt þetta lögfest, enn ecki samt firri enn 1746 og svo þessi eptirfylgiande Ár 1748, 1751, 1752, enn svo ecki úr því firri enn 1802, þá finn eg adeins það seinasta af þessu lögfest, nefnilega Stóðhrossabeitina, enn svo ecki framar – og ecki hefi eg ennþá gétad uppspurt neitt þessu til upplýsingar. – Saudahöfn fyrir 30 Saude á Staurinn ogsvo í Vesturholt; sem í lánngann Tima heldur ecki hefur verid notad og líklega ecki verdur, þar Jörðinn er fremur ordinn hagaþraung.

Af Lánganesi hefur nú Gagnid verid misjafnt vegna Stórumerkurmannna, sem ydulega hafa amast vid Pening, sem þángad hefur verid rekinn, svosem géngi hann þaðann yfir Engiar þeirra og Slægiulönd, enn engann hefi eg vitad neita þessu Hollts-Itake.<sup>1</sup>

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls 1849-1853 eru þau hlunnindi og ítök, sem fylgt höfðu prestakallinu, talin að mestu úr gildi fallin. Skógar allir í Langanesi voru gjöreyddir þegar um aldamótin bæði af mannavöldum og vatnagangi. Enn standi þó eftir þrír skógarteigar, Stóriendi, Litliendi og Stöng með Stangarhálsi.<sup>2</sup> Þessa skóga nýtti presturinn sjálfur samkvæmt skýrslu yfir tímabilið 1862-1867. Í sérstökum dálki um tekjur af „ískildum ítökum og hlynnindum sem prestakallinu fylgja eptir máldögum“ kemur fram að ónotað hafi verið „Hundrað lamba afrjett í Lambafell, 40 gimbra beit í Vesturholt; Stóðhrossahöfn fyrir utan Sandlæk; Skógur í Langanes og Sauðungshömrur; Sjö Skógarteigar í Þórsmörk“.<sup>3</sup> Í fasteignamati 1916 er ekkert minnst á afréttinn heldur einungis sagt að beitolandið sé „lítið annað en engjar“.<sup>4</sup>

Áður var þess getið að sennilega væri elsta landamerkjalyfing Holtsjarðar í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1660. Frá því sama ári er til vitnisburður um landamerki Holts og Austastakála (Ásólfsskála).<sup>5</sup> Fleiri landamerkjalyfingar, ýmist sem vitnisburðir eða lögfestur, eru varðveittar frá 17. og 18. öld, í uppskrift Magnúsar Jónssonar, prests í Holti 1837-1846. Virðist flest samhljóða því sem hér hefur áður komið fram.<sup>6</sup> Árið 1850 fór fram áreið á landamerki Holts og Ásólfsskála og er hún að meginhluta birt í kafla 5.12. (um Ásólfsskála).

Landamerkjabréf Holts var undirritað 10. maí 1890 og er sem hér segir:

Landamerkjaskrá fyrir prestsetrið Holt undir Eyjafjöllum ásamt hjáleigunum: Hellnahól, Brennu, Efstakoti, Efstu-Grund, Mið-Grund, Syðstu-Grund, og kyrkjujörðunum: Varmahlíð, Ormskoti, Vallatúni, Gerðakoti og Indriðakoti.

Að austan, milli Holtslands og Steinalands, er markalínan úr marki milli Holtsfjöru og Steinafjöru, sem er þar sem litli hnúkurinn uppi yfir Miðskálaegg ber við Holtsnúp [sjónhending yfir Holtsós]<sup>7</sup> í

1 Skjal nr. 3 (116).

2 Skjal nr. 3 (119).

3 Skjal nr. 3 (124).

4 Skjal nr. 3 (89).

5 Sbr. skjal nr. 3 (87).

6 Sbr. skjal nr. 3 (87).

7 Orð í hornklofa viðbót milli lína.

neðri enda merkigaráðsins milli Varmahlíðar og Steina, svo ræður merkigaráðurinn og úr efri enda hans er markalínan bein stefna í svo nefnt merkigil; síðan ræður gilið upp á fjallsbrún; þaðan er markalínan beint sunnarlega í Þvertungnagil, sem skilur Þvertungur og Steinatungur; síðan ræður gilið inn í jökul milli Holts og Núpakots.

Að vestan, milli Holtslands og Vesturholtslands, er markalínan frá sjó beint í vörðu í gljábökkunum í þá stefnu, að fjárhúsin á Rimhól vestan við Rimhús beri í Flautahelli, sem er skúti í hömrnunum vestan við Írá, síðan sama stefna í vörðu, þar sem landnorðurhorn Vesturholtlands og landsuðurhorn Efriholtlands koma saman við Holtsland; þaðan enn sama stefna allt norður að áðurnefndum fjárhúsum á Rimhól. Úr þessum fjárhúsum er markalínan milli Holtslands og Ásólfskálalands í vörðu á vestari bakka Rimhúsaáls, þar sem, baka til að sjá, fjárhúsin á Rimhól bera í svonefndan Nónstein, sem er í brekkunum vestan við Núpstúnin. Úr þeirri vörðu er markið bein lína sunnanvert við svonefndan Stebbakotshól í stóra steina fyrir ofan Efstu-Grund; þaðan sjónhending í Grettishaf í Fosshólum, og ræður sú sjónhending allt upp að brekku; síðan er markið inn með brekkunni allt í Holtsá; svo ræður áin inn í jökul.

Fyrir Holtslandi austast liggur Holtsfjara innan þessara marka: að austan á litli hnúkurinn upp yfir Miðskálaegg að bera við Holtsnúp; að vestan á Björnskot að bera í útidyr suðurbæjarins í Yttaskála. Holt á Vesturholtafjöru, og eru mörk hennar: að vestan á vestasta húsið í Efriholtum að bera í Kálffhamar, sem er klettur austan við túnið í Hvammi; að austan á hæsti tindurinn á Hafurshól að bera við austurhornið á heygardinum á Vesturholtum.

Einnig á Holt Nýjabæjarfjöru, og eru mörk hennar: að austan á vestasta húsið í Lambhúshól að bera í Kálffhamar; að vestan á vestasta húsið á bæjarröðinni á Fornusöndum að bera í Setberg, sem er neðsta klöppin á Seljalandsmúla.

Enn fremur á Holt  $\frac{1}{3}$  alls reka á Maríufjöru, sem liggur fyrir Bakkalandi í Austur-Landeyjum, og eru mörk þeirrar fjöru: að austan elding milli austureyja og Urðartanga; að vestan Hábarð á Elliðaey og Bunki á Bjarnarey jafnt að vestan.

Holti fylgir skógur á Þórsmörk; 7 skógarteigar: Í Stöng Gamlanautur og Loptnautur, Lækjarskógur og Gatnaskógur og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi, og 2 á Ákstöðum. Og sömuleiðis Sauðungsnes allt með útvöxtum öllum undir Sauðungshömrum og Sauðungshamrar og helmingr skógar í öllu Langanesi.

Önnur ítök, sem nefnd eru í máldögum og lögfestum Holts, hafa svo hundruðum ára skiftir ekki verið notuð, og um flest þeirra er svo, að enginn núlifandi manna veit hvar þau hafa verið, og eru þau því ekki talin upp í þessari landamerkjaskrá.

Afréttarlandið Almenna á Holt hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þá eiga líka. Og sömuleiðis á Holt afrétt fyrir naut á Langanesi og útvöxtu hálfu fyrir öllu Langanesi.

Fyrir Holtslandi vestan við Holtsfjöru eiga Ásólfskáli og Miðskáli sívalan reka og hvali að undanskildu leiguliðagagni.

Holti undir Eyjafjöllum 10. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Steina: Þ. Bjarnarson Jón Hjörleifsson Þuríður Bjarnardóttir M. Jónsson

Fyrir <sup>1</sup>/<sub>3</sub> Ásólfskála: Ketill Eyólfsson

Fyrir Skálakot: Jón Einarsson Guðmundur Jónsson

Fyrir Moldgnúp: Grímur Guðmundsson

Fyrir Björnskot: Snorri Jónsson Eýúlfur Kjetilsson

Fyrir Rimhús: Jón Guðmundsson.<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður hefur komið fram voru 11 hjáleigur frá Holti á tímum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Efstagrund (áður Stekkjargrund og Efrigrund) og Miðgrund (áður Syðrigrund og Borgargrund) eru enn í byggð, Efstagrund í eigu kirkjujarðasjóðs en Miðgrund í einka-eigu.<sup>2</sup> Af eignarjörðum Holtskirkju, sem einnig er getið í Jarðabókinni, er enn búið í Nýjabæ, Varmahlíð og Ormskoti. Varmahlíð var seld úr Holtstorfunni með ráðherrabréfi, dags. 2. september 1925, og fóru landskipti fram 1948.<sup>3</sup> Við landskiptin fékk Varmahlíð allt land austan Holtsár.<sup>4</sup> Holt er hins vegar eign ríkissjóðs.<sup>5</sup>

#### 5.14. Núpakot

Núpakot er í heimildum frá miðöldum nefnt Gnúpar. Í máldaga kirkjunnar í Steinum, sem talinn er frá fyrsta þriðjungi 14. aldar<sup>6</sup>, standa þessi orð: „Mikals kirkia j steinum æ land at gnupum.“<sup>7</sup> Sama yfirlýsing er í máldaga frá því um 1500<sup>8</sup> og 1553.<sup>9</sup> Núpakot er talið 26 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 12 hundruð 1695 í samræmi við fornt jarðamat. Jörðin var þá í eigu kirkjunnar að Steinum sem var bændakirkja.<sup>10</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleiki Núpakots kominn niður í 10 hundruð.<sup>11</sup> Þá var tvíbylí á jörðinni og hún illa farin af skriðum og blástri („fjallhagar að miklu leyti eyddir af skriðum og blástri“).<sup>12</sup> Í jarðamati 1802 er dýrleikinn

1 Skjal nr. 3 (27).

2 Skjöl nr. 5 (168, 201) (Efstagrund) og skjöl nr. 5 (173, 203) (Miðgrund). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 136-138. Syðstagrund, vestan við Miðgrund (Syðrigrund), var byggð 1817 og er eign ríkissjóðs Íslands (skjöl nr. 5 (189, 202), *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 140).

3 Skjöl nr. 3 (153) og 1 (20).

4 Skjal nr. 1 (20).

5 Skjöl nr. 5 (171, 209). Hjá Fasteignamati ríkisins er prestssetrasjóður skráður „umráðandi“ jarðarinnar Holts (skjal nr. 5 (301)).

6 Útgefandi 2. b. Fornbréfasafns tímasetur hann við árið 1332.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 680.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 39. Útgefandinn telur máldagann vera frá tímabilinu 1491-1518.

9 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 39. *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 647. Í síðari máldaganum er jörðin nefnd Núpur (ekki Gnúpar): „Kirkiann j Steinum æ land að Nupi.“

10 Björn Lárusson 1967, s. 88.

11 Sbr. einnig skjal nr. 5 (64) (sjötti hluti Núpakots talinn 1 hundrað og 80 álnir að dýrleika í eignayfirlýsingu 1703) og skjal nr. 5 (115) (Núpakot talið 10 hundruð í gjafabréfi 1762).

12 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 51-52.

hinn sami og í Jarðabók Árna og Páls, þ.e. 10 hundruð, en er aftur kominn í 12 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847.<sup>1</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Núpakot metið á 15,9 hundruð.<sup>2</sup>

Elsta landamerkjalyfing Núpakots mun vera í lögfestu 1866:

Hérmeð lögfesti eg í dag undirskrifaður fjárhaldsmaður Steinakirkju, og meðeigandi í Steinakirkju-jarðeign, jörðina Núpakot liggjandi í Steinakirkjusókn og í Eyjafjallahrepp innan Rangárvallasýslu, með öllum gögnum og gjæðum til lands og vatns, eignum, ítökum og hlunnindum, sem þessar«i» jörð, með réttu fylgt hafa og fylgja eiga, eftir því, sem bæði gamlir og nýir, ráðvandra manna vitnisburðir ávísa, lögfesti eg tún og engjar, holt og haga, vötn og veiðistaði, til þeirra ummerkja, sem eg hértílf nefni. -

Fyrst úr ofanverðu gilinu, sem er fyrir austan Steinatungur og svo ofan eptir því, og svo gilinu, sem aðskilur hálsana og fellid, svo úr neðanverðu því gili, beina stefnu vestan við Lambafells-fjall þangað til að saman ber báða enda túnmarrústarinnar, og svo beina stefnu í efri enda áður nefndrar túnmarrústar, til hins neðri, og svo sömu stefnu þangað til að þúfan, sem skilur Leyrna- og Berjanesland, er að sjá í Holtskirkju-gafl, þaðan beina stefnu í þá þúfu, úr þeirri þúfu beina stefnu í Gjából, úr því beina stefnu austan við Skálir, inni þvertungna gil, og ræður það gil svo, þangað til ofanvert við Steina tungur, og þaðan beina stefnu ofan vert í gilið, sem er austan við Steinatungur. Svo líka lögfesti eg hérmeð Núpakotsteig, sem er engja ítak, er liggur að öllu undir hið áminnsta Núpakot, fyrirbjóðandi hverjum, sem einum, bæði meiri háttar og minni að brúka eður beita, eður nokkra gagnsemd af að hafa, nema leyfi sé áður þartil fengið; þessu samkvæmt skal þessi lögfesta standa, undir frekustu landnámssektir og skaðabætur, greindu landi til friðhelgis um næstu 12. mánuði, en fyrir máldaga téðrar jarðar, upp síðan, svo lengi henni ekki er með löggildum sönnunum hrundið fyrir sáttanefnd eða með vitnaleiðslu og dómi. Skyldi mót von minni nokkur hér í móti gjöra lögfesti eg áðurnefnt land, að lögfullu og orðfullu og lögmáli réttu.

Framanskriðri lögfestu til merkis og en«n» meiri réttar, er mitt nafn og hjásett signet.

Drangshlíð þann 4da Júní 1866

B. Jónsson L.S.<sup>3</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp og bókuð fyrir manntalsþingsrétti að Steinahelli 5. júní sama ár og innfærð í kaup- og veðmálabók Rangárvallasýslu. Á eftir lögfestunni í sama skjali er þessi athugasemd:

Athugasemd:

Lögfesta þessi var fyrir manntalsþingsréttinum [5. júní 1866] mótmælt, af ábúanda á Steinum bóndanum Einari Einarssyni, að því leyti hinar svonefndu Steinatungur væru tilgreindar innan lögfestu marka, og sömuleiðis af hreppstjóra Jóni Hjörleifssyni, hvað jörðina Svaðbæli snerti, án þess að tilgreina af hverju; ábúandinn á Núpakoti Þorvaldur Björnsson, gagn mótmælti, þeim gjörðu mótmælum. - En«n» fremur mótmæltu bændurnir: Sæmundur Jónsson á Steinum og Tómas Sigurðsson á Varmahlíð, þeim tilgreindu lögfestu merkjum, á móts við nágranna jörðina Hlíð, fyrnefndi fyrir hönd bónda Páls Sigurðssonar á Árkvörn, síðar nefndi fyrir eigin hönd.

1 Skjöl nr. 3 (90) og 5 (44).

2 Skjal nr. 5 (45).

3 Skjal nr. 3 (97).

## Þannig samkvæmt þingbókinni

Vottar

H.E. Johnsson<sup>1</sup>

Eins og fram kemur í athugasemdinni var lögfestunni mótmælt og tókst ekki að ná sáttum fyrr en tíu árum síðar. Á sáttafund, sem haldinn var að Núpakoti 31. október 1876, var komist að svofelldu samkomulagi:

Eftir að málið var á ýmsa vegu rætt af sáttanefndinni... varð að sátt og samkomulagi milli allra hlutaðeigenda að landamerki og landamerkjastefnur milli jarðanna Svaðbælis og Lambafells skuli vera þannig fast sett:

Úr svonefndri Steinkjerlingu, sem þeir viðurkjenna að sje rjett haldið og brúkað hornmark fjöggra jarða nefnil. Yztabælis, Leyrna, Svaðbælis og Lambafells, bein stefna eða sjónhending í austur landnorður framanhalt við háhnúkin [að ofanverðu]<sup>2</sup> á hæsta fjallinu sem er að sjá, frá áður nefndri Steinkjerlingu, innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð, týræð, og þrjá týu og sex faðmar frá greindri Steinkjerlingu, mældir þrjár álnir danskar í hvörjum faðmi, og svo þaðan aptur uppávið beina sjónhending í neðsta og stætza fossin sem er austan megin í Svaðbælisheiði vestanhalt við merkigil að neðan verðu og ræður sú stefna alt þangað til að kjemur í lækinn sem rennur framúr merkigili að neðanverðu og síðan ræður merkigil upp í jökul.<sup>3</sup>

Aðild að þessu samkomulagi áttu Þorvaldur Björnsson í Núpakoti, Guðmundur Gíslason á Seljavöllum, Sigríður Árnadóttir á Efrimörk, Einar Einarsson á Steinum og Jón Jónsson á Lambafelli.

Landamerkjabréf Núpakots var undirritað 1. mars 1887 og er á þessa leið:

Landamerki jarðarinnar Núpakots í A-Eyjafjallahreppi 12 hundruð að fornu mati, en 15,9 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.

Steinn er nefndur ýmist Grásteinn eða Slóðasteinn. Liggur hann norðanvert við sýsluvegin og norður frá austurenda á garðinum, sem liggur sunnan megin sýsluvegarins og hefir sá garður verið gjörður frá Hlíð austur með veginum. Úr steini þessum liggur markalínan sjónhending upp í Hamarsnefið eða hinn svonefnda Gjáþólsklett, sem er neðst í hömrnunum vestan við svo nefnt Gjáþól og það sömu stefnu upp á fjallið og svo beygist línan í austur á við meðfram fjallsbrúninni að ofan austur á Faxa, og svo þaðan norður eftir efri brúninni norður eftir svo nefndum Leynir vestan við svo nefndar Skálir, og svo úr norðanverðum Leynir beina stefnu sunnanlega í Þvertungnagil og ræður svo það gil til jökuls. Ræður svo jökullinn í austur í gilið sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í giliinu fram í gilmyggi og svo liggja mörk þaðan allt af fram með dalbrekkunni, þangað til kemur í lækinn, sem rennur fram með þeim, þá ræður lækurinn þangað til kemur í nyrðri enda túnmarkrústarinnar, sem er á millum Núpakots- og Svaðbælis-túna; þaðan ræður rústin sem langt suður sem hún nær og frá suðurenda hennar sjónhending í upphaflega nefndan stein.

1 Skjal nr. 3 (97).

2 Orðum í hornklofa bætt við milli lína.

3 Skjal nr. 3 (110).

Slægju ítak, svo nefndan Núpakotsteig, á jörð þessi austast í landi jarðarinnar Steina, sunnan og austanvert við Steina tún.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

Þ. Bjarnarson	Jón Hjörleifsson	Anna Helgadóttir	G. Jónsson
Margrét Eiríksdóttir	Benedikt Magnússon	Kjartan Einarsson	
Sigríður Björnsdóttir	K. Jónsson	Kort Hjörleifsson	Sk. Árnason
Þ. Bjarnardóttir	K. Guðmundsson	Jón Brandsson	

Eigandi að 5<sup>e</sup> f.m. [forn mat] úr jörðinni Hlíð, samþykkir ofangreind landamerki að því er Hlíðinni viðkemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889

Þuríður Þórðardóttir (handsalað)<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var uppleið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Enda þótt ekki séu bókaðar neinar athugasemdir við landamerkjabréfið virðist sem ekki hafi verið full sátt um merki jarðarinnar Núpakots. Árið 1968 var felldur gerðardómur í ágreiningsmáli um landamerki milli jarðanna Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots í Austur Eyjafjallahreppi (Gerðardómur. Mál nr. 15/1968, 29. júní 1968):

Sátt:

Aðiljar þeir Sigurjón Sigurgeirsson, Sigurbergur Sigurgeirsson, Eggert Ólafsson og Þorvarður Sigurjónsson f.h. Guðlaugar Guðjónsdóttur samþykkja landamerki á hinu umdeilda landsvæði þannig:

Frá fjögurra landa mörkum (þ.e. milli jarðanna Leirna, Hlíðar, Berjanes og Þorvaldseyrar) beina línu í blágrýtisstein, sem liggur nær fellt miðja vegu milli hinna umdeildu steina. Í þennan stein eru klappaðir stafirnir L.M.

Síðan verði mörk milli Hlíðar og Núpakots frá þessum merkjasteini beina línu í munna svonefndrar Gjábólsgjár. Þaðan eru mörkin mili þeirra tveggja jarða svo sem landamerkjabréf jarðanna segja fyrir um.

Til staðfestingar sáttargerðinni:

Sigurjón Sigurgeirsson      Eggert Ólafsson

<sup>1</sup> Skjal nr. 3 (1). Ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir landamerkjabréfið er undirritað en af öðrum heimildum má ætla að Þ. (Þorvaldur) Bjarnason hafi verið fyrir Núpakot og einnig Þorvaldseyri, Jón Hjörleifsson (hrepstjóri, Eystri-Skógum) fyrir Svadbæli, Kort Hjörleifsson fyrir Berjaneskot og Þ. Bjarnardóttir fyrir Drangshlíð. K. Jónsson er sennilega séra Kjartan Jónsson, Ytri-Skógum, Sk. (Skæringur) Árnason hrepstjóri, Skarðshlíð og K. Guðmundsson ábúandi í Drangshlíð (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 75, 87 og skjal nr. 3 (17)). Hér hefur einnig verið stuðst við Sóknarmannatal Eyvindarhóla í Þjóðskjalasafni).

Þorvarður Sigurjónsson

Sigurbergur Sigurjónsson

Gerðardómi er hérmeð lokið

Björn Fr. Björnsson

Ólafur Jóhannesson

Sveinbjörn Jónsson<sup>1</sup>

Núpakot var, eins og áður greinir, eign Steinakirkju en var komið í einkaeigu þegar fasteignamat var gert 1916.<sup>2</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Núpakot verið fram-selt á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>3</sup>

### 5.15. Þorvaldseyri (áður Svaðbæli/Svartbæli)

Svartbælis (Svartsbælis) er getið í bréfi 1499 en þar vitna tveir prestar um það að Árni bóndi Guðmundsson hafi gefið kirkjunni í Holti undir Eyjafjöllum hálfja jörðina „suartzbæli“ sér og konu sinni til sáluhjálpur en með því skilyrði að preststiund og kirkjutíund skyldi greiðast til kirkjunnar í Steinum.<sup>4</sup> Hálf Svaðbæli er eftir það talið með eignum Holtskirkju í máldaga hennar.<sup>5</sup>

Svartbæli er metið á 60 hundruð í jarðabók 1686 en 40 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>6</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er jörðin einnig nefnd Svartbæli, 40 hundruð að dýrleika. Ábúendur voru þá þrír. Svartbælisá (Svaðbælisá) spillti túnnum, engjum og høgum og var talið vandséð að jörðin gæti lengi haldist í byggingu.<sup>7</sup> Dýrleiki jarðarinnar er óbreyttur í jarðamati 1802 og í Jarðatali Johnsens 1847 og jörðin skiptist eins og áður milli kirkjunnar í Holti og nokkurra einstaklinga sem áttu hinn helming jarðarinnar, misstóran hlut hver þeirra.<sup>8</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Svaðbæli metið á 26,6 hundruð og er þar sennilega miðað við kaupahlutann eða bændahluta jarðarinnar.<sup>9</sup>

Elsta landamerkjalyfing Svaðbælis mun vera í lögfestu 1866:

Það umráðamaður Steinakirkju hér í Eyjafjallahreppi, hefir á næstliðnu ári uppsett lögfestu fyrir Steinaeignar afbýlinu (og eptir renslu jörð) Núpakoti, að hvers túni og høgum, liggja á eina síðu tún og hagar jarðarinnar Svaðbælis, sem hálf er eign Holtsstaðarkirkju í nefndum hreppi, en hálf bænda-eign. Þar fyrir til friðhelgis næstgreindri jörðu eptir géfnu umboði og eigin myndugleika, lögfestum vér undirskrifaðir hérmeð nefnda jörð Svaðbæli, hennar hús, töður, slægju og beitoland, og allar landsnyttjar þær, er því landi fylgja eiga, hverju nafni, sem heita, til ummerkja þeirra, er aðrir menn móti eiga, tiltakandi þessi landamerki á austur síðuna: fyrst ofan frá jökli niður í merki-gilið á millum Svaðbælis- og Lambafells heiðar, svo ræður lækurinn, sem í því rennur ofan heiðina; annars er landamerki

1 Skjal nr. 3 (3).

2 Sbr. skjal nr. 3 (89).

3 Sbr. skjöl nr. 3 (167) og 5 (140, 221). *Sunnlenkar byggðir* 4, s. 84.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 431-432.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 648 (máldagi 1553). *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 671 (máldagi um 1570).

6 Björn Lárusson 1967, s. 88.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 50-51.

8 Skjöl nr. 3 (90), 5 (44).

9 Skjal nr. 5 (45).

Svaðbælis á þessa síðu það sama, sem Lambafells, hvers máldagi og lögfesta frá 4. Maí 1607 vottar að séu á milli þessara jarða, svo langt suður, sem þeirra lönd liggja saman, en það er þangað, sem svokallaða Steinkérling ber í Holtskirkju-stafn, þaðan sjónhendingu í vestur í fjögra-landamerkið, sem á þeirri leið á líka að bera í Holtskirkju, þaðan uppí mýrina sjónhending í Rimatröð (svo kallaða) úr henni í Slóðastein, við mýrina undir Hlíðarleit, sem sagt er í téðri stefnu að sunnan, eigi að bera í Gjából, eða Gjábóls-klett, úr Slóðasteini, sjónhending í norð-austur, í endan á þeirri garðrúst, sem aðskilur Svaðbælis- og Núpakotstún, þá ræður garðrústin að læknum austan við Núpakot, þar sem endinn á Svaðbælistúngarði liggur austan að honum, svo ræður lækurinn innundir leytið í brekkunni, þangað, sem bugurinn er á honum, þaðan skal taka sjónhending beint í gilið, sem er fyrir austan Steinatungur, skammt fyrir neðan jökultangan, sem ofaní það liggur, á sú stefna að liggja við, eða yfir um klettabeltið vestaní Svaðbælisheiði fyrir austan gilið, en lækurinn í gílinu ræður merkjum, þangað til hann kémur á aurunum í seinastnefnda stefnu-línu.

Fyrirbjóðum vér einum og sérhverjum, hérgreint land, innan hér tiltekinna takmarka að yrkja, brúka til stungu, torftöku, eður sér á nokkurn hátt í nyt færa, án landsdrottna leyfis, eða samþykkis, undir fullkomnar landnáms og skaðabætur. Standi þessi lögfesta um næstu tólf mánuðu til fullra sekta, en fyrir máldaga jarðarinnar Svaðbælis fyrir alda og óborna, allt svo lengi í henni er ekki með riktugum skjölum og eiðfestum vitnum [hrundið?], leggi þeir fimtarstefnu mót lögfestu vorri, er meina sig af-laga borna.

Til staðfestu eru nöfn vor og innsigli

Holti, Eyvindarhólum og Skógum 7. Maí 1866

Björn Thorvaldsson E. Kjartansson Jón Hjörleifsson<sup>1</sup>

Bréfið var lesið upp og bókað fyrir manntalsþingsrétti að Steinahelli 4. júní 1867 og fært í afsals og veðmálabók Rangárvallasýslu.

Í lok þessa skjals er eftirfarandi athugasemd:

Athugasemd:

Lögfestu þessari var mótmælt á manntalsþinginu af ábúandanum á Núpakoti, sáttamanni Þorvaldi Björnssyni, og fjárhaldsmanni Steinakirkju og sameignarmanni í Steinaeigninni, bónda Birni Jónssyni á Drangshlíð, og skýrskotuðu þeir báðir til þeirrar á manntalsþingi í Eyjafjallahreppi vorið 1866 auglýstu lögfestu fyrir jörðinni Núpakoti

vottar H.E. Johnsson.<sup>2</sup>

Í lok desember 1876 var saminn sáttargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells eftir að Þorvaldur Björnsson hafði lagt fram kæru í málinu.<sup>3</sup> Orðrétt segir í sáttinni:

Eftir að málið var á ymsa vegu rætt af sáttanefndinni og málspörtum varð að sátt og samkomulagi milli allra hlutaðeigenda að landamerki og landamerkjastefnur milli jarðanna Svaðbælis og Lambafells skuli vera þannig fast sett:

1 Skjal nr. 3 (100).

2 Skjal nr. 3 (100).

3 Þorvaldur Björnsson (Bjarnarson) mun hafa eignast kirkjuhluta Svaðbælis um 1870 (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 88).



Úr svonefndri Steinkjerlingu, sem þeir viðurkjenna að sje rjett haldið og brúkað hornmark fjöggra jarða nefnil. Yztabælis, Leyrna, Svaðbælis og Lambafells, bein stefna eða sjónhending í austurlandnorður framanhalt við háhnúkin«n» að ofanverðu á hæzta fjallinu sem er að sjá, frá áður nefndri Steinkjerlingu, innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til komnir eru fjögur hundruð, týræð, og þrjátíu og sex faðmar frá greindri Steinkjerlingu, mældir þrjár álnir danskar í hvörjum faðmi, og svo þaðan aptur uppávið beina sjónhending í neðsta og stæzta fossin«n» sem er austanmegin í Svaðbælisheiði vestanhalt við merkigil að neðanverðu og ræður sú stefna alt þangað til að kjemur í lækinn«n» sem rennur framúr merkigili að neðanverðu og síðan ræður merkigil upp í jökul.<sup>1</sup>

Landamerkjabréf Svaðbælis var undirritað 1. mars 1887 og er á þessa leið:

Landamerki jarðarinnar Svaðbælis í Austur-Eyjafjallahreppi 20 hundruð að fornu mati, enn 26,6 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.

Hornmark fjöggra jarða, nefnilega: Leyrna, Ystabælis, Lambafells og Svaðbælis er svo nefnd Steinkelling. Úr henni liggur markalínan „beina stefnu eða sjónhending í austur-landnorður framanhalt við háhnúkin að ofanverðu á hæsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkellingu innanhalt fyrir ofan Selkot þar til komnir eru fjögur hundruð (tíræð) og þrjátíu og sex faðmar frá greindri Steinkellingu, mældar þrjár álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan aftur upp á við beina sjónhending í neðsta og stærsta fossinn, sem er austanmegin í Svaðbælisheiði vestanhalt við Merkigil, að neðanverðu, og ræður sú stefna allt þangað til að kemur í lækinn, sem rennur<sup>2</sup> fram úr Merkigili að neðanverðu og síðan ræður Merkigil upp í jökul“. Ræður svo jökullinn vestur í gilið, sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gílinu fram í gilmynni og svo liggja mörkin þaðan allt af fram með dalbrekkunum, þangað til kemur í lækinn, sem rennur fram með þeim; þá ræður lækurinn þangað til kemur í nyrðri enda túnmarkrústarinnar, sem er á millum Núpakots og Svaðbælistúna; þaðan ræður rústin svo langt suður, sem hún nær og frá suðurenda hennar sjónhending í stein, sem er nefndur ýmist Grásteinn eða Slóðasteinn og liggur hann norðanvert við sýsluvegin og norður frá austurenda á garðinum, sem liggur sunnanmegin sýsluvegarins og hefir sá garður verið gjörður frá Hlíð, austur með veginum. Úr steini þessum liggur markalínan sjónhending suður í fjöggra landa merkið, nefnilega jarðanna: Hlíðar, Berjaness, Leyrna og Svaðbælis. Merki þetta er þúfa í garðshorni. Úr henni sjónhending í áðurnefnda Steinkelling og þegar á henni er staðið, á hið nýnefnda fjöggra landa merki að bera í Holtskyrkjugafli.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

Þ. Bjarnarson	J. Hjörleifsson	K. Jónsson	Guðmundur Gíslason (handsalað) <sup>3</sup>
Jón Jónsson	G. Jónsson	Sigríður Björ«n»sdóttir	
Kort Hjörleifsson	Sk. Árnason	Þ. Bjarnardóttir	K. Guðmundsson.

Eigandi að 5<sup>e</sup> í jörðinni Hlíð samþykkir ofangreind<sup>4</sup> landamerki, að því er Hlíðinni við kemur.

1 Skjal nr. 3 (110).

2 *rennur* leiðrétt fyrir *kemur* sem er yfirstrikað.

3 (*handsalað*) stendur fyrir neðan nafn Guðmundar Gíslasonar og á sennilega fremur við það en nafn Sigríðar Björnsdóttur.

4 *þessa* hér næst á undan yfirstrikað.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889

Puríður Þórðardóttir (handsalað)<sup>1</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Önnur landamerkjalyásing er til fyrir jörðina Svaðbæli (Þorvaldseyri). Þar er um að ræða úrskurð gerðardóms í ágreiningsmáli um landamerki milli jarðanna Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots (mál nr. 15/1968, 29. júní 1968):

Sátt:

Aðiljar þeir Sigurjón Sigurgeirsson, Sigurbergur Sigurgeirsson, Eggert Ólafsson og Þorvaldur Sigurjónsson f.h. Guðlaugar Guðjónsdóttur samþykkja landamerki á hinu umdeilda landsvæði þannig:

Frá fjöggra landa markinu (þ.e. milli jarðanna Leirna, Hlíðar, Berjaness og Þorvaldseyrar) beina línu í blágrýtisstein, sem liggur nær fellt miðja vegu milli hinna umdeildu steina. Í þennan stein eru klappaðir stafirnir L.M.

Síðan verði mörk milli Hlíðar og Núpakots frá þessum merkjasteini beina línu í munna svonefndrar Gjábólsgjár. Þaðan eru mörkin milli þessara tveggja jarða svo sem landamerkjabréf jarðanna segja fyrir um.<sup>2</sup>

Þorvaldseyri mun vera kennt við Þorvald Bjarnarson sem, eins og áður sagði, eignaðist hálf t Svaðbæli um 1870 og síðan jörðina alla. „[Hann] reisti stórbýlið Þorvaldseyri á grýttum eyrum upp frá Svaðbæli og flutti þangað frá Núpakoti 1886.“<sup>3</sup> Einar Benediktsson sýslumaður og skáld átti Þorvaldseyri um tíma. Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Þorvaldseyri frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt.<sup>4</sup>

### 5.16. Seljavellir (Lambafell)

Lambafell er ekki nefnt í skjölum fyrr en á fyrsta fjórðungi 16. aldar.<sup>5</sup> Jörðin var þá konungseign og hluti af Skógaeignum svonefndum sem áður hefur verið gerð grein fyrir (sbr. kafla 5.5. um Stóru-Mörk). Lambafell var síðar selt úr jarðagóssinu og taldist þá „bóndaeign“.<sup>6</sup>

Í jarðabók 1686 er Lambafell metið á 30 hundruð með hliðsjón af landskuldinni en 16 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við elda mat.<sup>7</sup> Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðabók Árna Magnússonar og

1 Skjal nr. 3 (2). Ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir landamerkjabréfið var undirritað. Þ. (Þorvaldur) Bjarnason bjó á Þorvaldseyri. Jón Jónsson er nefndur ábúandi í Lambafelli og á Leirum á þessum tíma, Jón Hjörleifsson var hreppstjóri og bjó í Eystri-Skógum en hann kann að hafa ritað undir bréfið fyrir jörðina Steina (sbr. landamerkjabréf Holts hér frammar), K. Jónsson er sennilega Kjartan Jónsson, prestur í Ytri-Skógum, maður að nafni Guðmundur Gíslason bjó á Seljavöllum og Kort Hjörleifsson í Berjaneskoti. Sk. (Skæringur) Árnason var hreppstjóri og bjó í Skarðshlíð (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 22, 43, 72, 75, 89, 90. Sóknarmannatal Eyvindarhóla í Þjóðskjalasafni).

2 Skjal nr. 3 (3).

3 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 86.

4 Sbr. skjal nr 3 (147), nr. 5 (162, 254). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 86-87.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 107. Skjalið (veiting umboðs) er frá 28. júlí 1522.

6 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 469, 502. Jón Fabíansson er þar sagður hafa keypt jörðina og mun það vera sami maður og titlaður er umboðshaldari og hreppstjóri í heimildum frá síðari hluta 17. aldar og bjó í Flögu í Skaftártungu (sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 8. b. Reykjavík 1949-1955. S. 125, 253).

7 Björn Lárússon 1967, s. 88.

Páls Vídalíns, 20 hundruð. Ábúendur voru þá tveir á jörðinni. Þar er getið um hjáleigu frá Lambafelli sem nefndist Vindás og var fyrst byggð í stekkatúni heimajarðarinnar 13 eða 14 árum fyrr. Hún var þá í eyði.<sup>1</sup> Lambafell er einnig skráð 20 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 en 28,6 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>2</sup>

Elsta landamerkjalyásing Lambafells mun vera í lögfestu frá 1607. Hún er á þessa leið:

Jeg undirskrifadur lögfesti hér í dag mýna Eignar Jörd Lambafell undir Eyjafjöllum 20° [hundruð] ad Dyrleika, eftir hennar máldaga, svo hljóðandi sem fylgir. First liggur Merkid ofan frá Jökli í Raudastein, sem stendur í Laugarárgili, þaðan sjónhendíng sudur í Gardinn, sem er framavid Lambafells Jadar ad austanverdu. Frá Gardinum og vestur ad Svadbælismarki 4° týræd og 40 fadmar, úr þeim Gardi sjónhendíng og í Marka Kielduna, sem er á milli Raudafells og Mídbælis. Rædur Kieldan svo langt sudur, sem fjögra Jarda Mark saman kemur. Mælist þar Lambafells Land ad sunnan 5° 20 fadmar í greint Mark ádur Þúfa ber í Holtsstadar Kirkjustafn. Rædur svo lækur í austur landnordur, sem kallast Steinkotsbakkaskurdur, en er þó sjónhendíng úr ádur nefndri þúfu í austur landnordur allnær skurdinum 2° 60 fadmar allt þartil sjest í lækinn ad nedanverdu, sem rennur úr Merkigili, milli Lambafellsjadars ad vestanverdu og Jadarsins, eda annessins, sem liggur nidur med Koltúngulæk í framanverdu Merkigili. Rædur so Merkigil upp ad Jökli. – Þar fyrir firirbýd eg nokkur madur stýngi eda skeri, slái eda leigselje, eda veiti nokkurn yfirgang á firnefndri Jordu Lambafelli. Til stadfestu mitt Nafn ad Lambafelli þann 4da Maii Anno 1607. Marteirn Arnórsson m.e.H.

Ofanskrifadur Máldagi var lesinn vid Holtsstadar Kyrkju Annann dag Hvitasunnu 1607. Vitnum vid Bjarni Fabíansson m.e.H. Einar Finnbogason m.e.H.

Framanskrifuð lögfesta og máldagi var auglýstur að Steina Kyrkju þriðja dag Hvytasunnu Anno 1607. Vitnum vid undirskrifaðir Kolbeinn Jónsson m.e.H. Finnur Sigurdsson m.e.H.

Firskrifadur maldagi var opinberlega lesinn vid Hóla Kyrkju á Trinitatis Sunnudag [15]. Vitnum við med eigin höndum. Gýsli Arnason m.e.H. Jón Jónsson [m.e.H.].<sup>3</sup>

Á eftir lögfestunni í sama skjali er þessi yfirlýsing:

Okkur undirskrifada krafði til vitnisburdar Erlegur Mann Marteirn Arnórsson ad vitna um landeign Lambafells og hvört það ætti Jök í ödrum Jörðum, eda adrar Jarðir innan Lambafells Landeignar, hvar til vid svörum, ad engin Jök úr ödrum Jörðum hafi því tilheyrt, Ej heldur nockud lagt ur þess Landi til annara Jarda, og fyrskrifud landamerki kringum Lambafells Landeign eru sönn og átölulaus eptir máldaganum. Hvar uppa vid höfum aflagt okkar eid ad Holtsstadar Þyngi þann 28 Mai 1607. Til stadfestu skrifum vid okkar nöfn hér undir ad Lambafelli þann 3ia Octobris 1608.

Petur Rafnsson m.e.h. [JJ]Jónsson m.e.h.<sup>4</sup>

Í sambandi við þá yfirlýsingu að engin jörð ætti ítak í landareign Lambafells er rétt að benda á að Holtskirkja átti hundrað lamba afrétt í Lambafelli samkvæmt gömlum máldögum. En þetta ítak kirkjunnar og fleiri munu smám saman hafa lagst af (sbr. kafla 5.13. um Holtshverfi).

<sup>1</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 46–47.

<sup>2</sup> Skjöl nr. 5 (44, 45).

<sup>3</sup> Skjal nr. 3 (96) (úr afsals- og veðmálabók). Lögfestan er einnig í skjali nr. 3 (55) en það er úr kveri, afrituðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli 1909.

<sup>4</sup> Skjal nr. 3 (96). Sbr. skjal nr. 3 (55).

Landamerkjabréf Lambafells er undirritað 11. júní 1892 og er á þessa leið:

Landamerkjaskrá

jarðarinnar Lambafells í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu.

Eru mörkin sem hér segir:

Hornmark fjögura jarða n.l. Lambafells, Þorvaldseyrar, Ystabælis og Leirna er svo nefnd Steinkerling, úr henni liggur markalínan beina stefnu eða sjónhending í austur-landnorður framanhalt við háhnúkinn að ofanverðu á hæðsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkerlingu innanhalt fyrir ofan Selkot, þar til kommir eru fjögur hundruð (tírað) þrjátíu og sex faðmar frá nefndri Steinkerlingu mældar 3 álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan uppávið beina sjónhendingu í neðsta og stærsta fossinn, sem er austanmegin í Þorvaldseyrarheiði, austanhalt við merkigil að neðanverðu og ræður sú stefna allt þangað til að kemur í lækinn, sem rennur fram úr Merkigili að neðanverðu og síðan ræður Merkigil upp í jökul. Svo úr ofanefndri Steinkerlingu beina línu með fram Ystabælislandi að ofan í þúfunu, sem er hornmark á Lambafellslandi á suðausturkanti.

Úr þeirri þúfu er bein lína eða sjónhending í rauðastein sem er á aurunum fyrir innan Seljavelli, svo er marklínan beint áfram inn með laugarárbrekkum niður á aurunum og inn í gilið, sem er vestan við svo nefndar Raufafells-tungur, liggur svo markið eftir miðju gilinu í jökul.

Lambafelli, dag. 11. júní 1892

Jón Jónsson,            Ingibjörg Eyjólfsdóttir

Eigendur<sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið upp og bókað á Steinhellismannntalsþingi 9. júní 1893 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður er frá greint var tvíþýli í Lambafelli þegar Jarðabók Árna Magnússonar Páls Vídalíns fyrir Eyjafjallasveit var gerð 1709 og mun það hafa haldist lengst af fram til ársins 1859 þegar annar bærinn var fluttur inn á Seljavelli.<sup>2</sup> Seljavellir eru ekki nefndir í Nýrri jarðabók 1861 enda var hún unnin töluvert fyrir þann tíma en í fasteignamati 1916 eru Seljavellir skráðir sem sérstök jörð og metnir á 1200 kr. eins og Lambafell.<sup>3</sup> Árið 1973 fóru fram landskipti milli jarðanna Lambafells og Seljavalla. Í skiptagerðinni segir m.a. um land Seljavalla:

Að austan takmarkast land Seljavalla af markalínu milli Lambafellstorfu og Raufarfellstorfu. Að vestan úr síðast nefndri vörðu<sup>4</sup> við Merkigilslæk eftir Merkigilslæk í jökul samkvæmt landamerkjabréfi Lambafellstorfu.<sup>5</sup>

Ekkert bendir til annars en að búskapur hafi verið nokkuð samfelldur í Lambafelli frá því að

1 Skjal nr. 3 (4).

2 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 89. Sbr. skjal nr. 3 (90) (jarðamat 1802).

3 Sbr. skjöl nr. 5 (45) og 3 (89).

4 Hér er átt við vörðu „við fjallsrætur, sem er 22 m. norðan við gamla fjárrétt“.

5 Skjal nr. 2 (8).

jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að hún hafi verið framseld og veðsett á þann hátt sem venja var hverju sinni.<sup>1</sup>

### 5.17. Raufarfell

Raufarfell er nefnt í máldaga Miðarnarbælis sem talinn er frá 1179. Þar segir að tíund heimamanna í Miðarnarbæli skuli liggja til kirkju sem þar var, „ok af næsta bæ ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia þangat .xij. messor“.<sup>2</sup> Samkvæmt þessu hefur verið kirkja eða bænhús (fjórðungskirkja) í Raufarfelli snemma á öldum. Kirkja þessi eða bænhús virðist hafa verið í notkun að minnsta kosti fram undir lok 14. aldar en hennar er ekki lengur getið í máldaga Miðbælis frá um 1570.<sup>3</sup> Heimildir eru til um það allt frá síðasta fjórðungi 15. aldar að Raufarfell hafi gengið kaupum og solum.<sup>4</sup>

Í skiptabréfi eftir Pál lögmann Vigfússon, dags. 19. maí 1570, var ákveðið að í hlut Guðríðar systur hans skyldu m.a. koma 20 hundruð í Rauðarfelli ytra.<sup>5</sup> Ekki er þar tekið fram hver heildardýrleiki jarðarinnar var en í jarðabók 1686 er Raufarfell („Ytra Raufarfell“) metið á 78 hundruð og 80 álnir og var þá tekið mið af landskuldinni. Í jarðabók 1695 er Raufarfell talið 40 hundruð í samræmi við fornt mat.<sup>6</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er dýrleikinn hinn sami, 40 hundruð, að meðtöldu afbýlinu Selkoti sem reiknaðist 5 hundruð og 80 álnir. Eigendur voru þá tveir og ábúendur fjórir. Jörðin lá undir miklum spjöllum:

Fjallhagar jarðarinnar eru mjög spiltir af skriðum og blástri, líka skemma túnið skriður mikilega. Engjar og hagar á sljettlendinu stórlega fordjarfað og næsta alt í burt af yfirgáangi Laugarár.<sup>7</sup>

Dýrleiki jarðarinnar er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 þrátt fyrir landspjöll en haft er eftir sýslumanni að Raufarfell sé ekki meira en 35 hundruð og Selkot 7½ hundrað.<sup>8</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin metin á 39,9 hundruð.<sup>9</sup>

Elsta landamerkjalyásing Raufarfells er talin vera frá um 1850. Hún er þó einungis varðveitt í afskrift frá 20. öld. Landamerkjalyásingin er á þessa leið:

Raufarfell.

Jörðin Raufarfell er talin með afbýlinu Selkoti 40c að dýrleika. Landamerki, hvar land þessarar Jarðar og Raudafells liggja saman, eru talin ádur við Raudafell, – en fyrir sunnan Raufarfellsland skal einnig vera sama mid og fyrir sunnan Raudafellsland, nefnilega að Hesteyra sjáist af Pétursey framundan Hrutafellsfjalli, og skal þetta mid hafa vestur að Lambafellslandi, en úr því rædur Lambafells mark til Jökuls – (þarum sjá Lambafell).<sup>10</sup>

Önnur landamerkjalyásing, frá um 1870, er einnig varðveitt í afskrift frá 20. öld. Hún er nokkuð lengri og ýtarlegri en hin fyrri:

1 Sbr. skjöl nr. 5 (139, 215) (Lambafell), 5 (148, 245) (Seljavellir). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 89-90.

2 Skjal nr. 5 (1).

3 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 679. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 260. *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 38. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 672.

4 Sbr. skjöl nr. 5 (21) (kaupbréf 1489), 5 (61 og 79) (kaupsamningur 1688).

5 Skjal nr. 5 (41). Rauðarfell ytra er sama jörð og Raufarfell (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 804).

6 Björn Lárússon 1967, s. 87.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 42.

8 Skjal nr. 5 (44).

9 Skjal nr. 5 (45).

10 Skjal nr. 3 (68). Lýsing þessi er úr kveri, afrituðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli 1909.

Raufarfell.<sup>1</sup>

Jördinn Raufarfell er talin með afbilinu Selkoti að fornu mati 40° að dýrleika. Hefur hún landamerki sjer, og liggur til Fjalls nærst fyrir austann Laugará, og liggur heidarland hennar til Jökuls og fram með Laugarárgili. Lambafells máldagi tiltekur landamerkið þannig: Fyrst liggur markid ofann frá Jökli í Raudastein sem stendur í Laugarárgili. Þaðan sjónhending sudur í gardinn sem er framan við Lambafellsjadar að austanverdu. - Ekki á Jörd þessi – eða torfa – land leingra sudur með Lambafells marki en þar til sem briddir á – eða sjest – sem Hesteyra af Pjetursey í Mírdal frammundan Hrutafells (edur leiti) Fjalli, og rædur sú stefna til austur landsudurs, austur að Raudafells landeign, en Miðbælis landeign liggur sunnann að Raufarfellslandi, að austanverdu liggur Raudafellslandeign samsyða Raufarfellslandi til Jökuls. Ekkert reka jtak á jörðin. Hún er heldur landlítill, með því líka Laugará spillir töluverdt útslægjum hennar.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Raufarfells var undirritað 16. mars 1886 og er sem hér segir:

## Skrásetning

um landamerki jarðarinnar Raufarfells í Austur-Eyjafjallarhreppi Rangárvallasýslu, og er hjer lýst mörkum bæði eptir skjölum og skilríkjum, og svo líka eptir samkomulagi og sögn núlifandi manna, og eru mörkin sem nú skal greina:

Úr þúfunni sem er rjett ofan við sýsluveginn norðanvið vestri Helgubakkann, er bein sjónhending í hinn forna markgarð, á milli Raufarfells og Raudafells og það sömu beina línu yfir nefndan Sandhåls austan til og upp úr Högnaklett, og úr Högnaklett ræður egginn í yrpústungnahöfuð í jökul, úr nefndri þúfu að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pjetursey, framundan Hrutafells-fjalli allt þangað til að kemur það langt vestur að kemur á þúfuna rjett framanvið sýsluveginn, vestast á horninu á nefndri Torfmýri, svo úr þeirri þúfu beina sjónhending í Raudastein, sem er á aurnum fyrir innan Seljavelli, og svo er þessi marklína áfram innmeð Laugarásbrekkum niður á aurnum og inni gilið, sem er vestanvið svo-nefndan Raufarfellstungur, liggur svo markið eptir gilinu til jökuls.

Raufarfell, dag. 16. mars 1886.<sup>3</sup>

Í umboði Vilborgar Jónsdóttur. Jón Hjörleifsson

Bárður Pålsson, Sveinn Arnoddarson, Þ. Björnsson, Þ. Guðmundsdóttir, Tomas Stefánsson, Sveinn Sveinsson, Árni Magnússon, Halldór Magnússon, K. Guðmundsson, Eyjólfur Þórarinsson, Guðmundur Gíslason, Jón Jónsson, Sigríður Jónsdóttir, Þórður Tómasson, Halldór Jón Stefánsson, Magnús Arnoddarson<sup>4</sup>

1 Hér er vísað neðanmáls þar sem stendur: „Raufarfell og Raudafell eru adskildir Bæir, sem standa Framann undir Fjallinu, sem er á milli Kaldaklifsár og Laugarár, og er Raudafell austar (sjá þeirrar jarðar lísingu á nærstu bls.).“

2 Skjal nr. 3 (53). Lýsing þessi er úr kveri, afrituðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli 1909.

3 Virðist upphaflega ritað 1887.

4 Skjal nr. 3 (5). Ekki er tekið fram fyrir hvaða jarðir bréfið er undirritað en heimildir benda til að Bárður Pålsson og Þ(orbjörg) Guðmundsdóttir hafi verið fyrir Raufarfell, Þ. Björnsson (Þorvaldur Bjarnarson?) fyrir Þorvaldseyri, Árni Magnússon fyrir Miðbælisbakka, Guðmundur Gíslason fyrir Seljavelli, Jón Jónsson fyrir Lambafell og Þórður Tómasson og Halldór Jón Stefánsson fyrir Raudafell (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 41, 67, 87, 89, 90, 92, 95, 97). Sveinn Arnoddsson bjó að Raudafelli, Tómas Stefánsson í Selkoti, Sveinn Sveinsson í Gíslakoti, Halldór Magnússon í Miðbæli, K. Guðmundsson í Drangshlíð og Eyjólfur Þórarinsson að Raufarfelli (Sóknarmannatal Eyvindarhóla, Þjóðskjalasafni).

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli í Austur-Eyjajalla-hreppi 21. júní 1887 og fært í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður er vikið að voru ábúendur fjórir í Raufarfelli í byrjun 18. aldar. Þegar jarðamat var gert einni öld síðar voru þeir fimm og í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru skráð fjögur býli í Raufarfelli (suðurbær, austurbær, miðbær og vesturbær).<sup>1</sup> Árið 1967 fóru fram landskipti milli jarðanna Raufarfells og Selkots. Skiptahlutföll voru þessi: Raufarfell 80,08% og Selkot 19,22%.<sup>2</sup> Ári síðar var tekið til skipta allt ræktanlegt land Raufarfellsjarða, einnig brekkur ofan Raufarfellstúna og brekkur frá Djúpagili fram að mörkum Selkots. Jörðinni Raufarfelli I, II, III og IV var þá skipt þannig að úr urðu tvær jarðir, Raufarfell II, 15 hundruð (42,86%) og Raufarfell III, 20 hundruð (57,14%).<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Raufarfell verið fram-selt á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>4</sup>

### 5.18. Rauðafell

Rauðafell mun vera sama jörð og nefnd er „Rauðafell et eystra“ í Landnámu en þar bjó Hrafn hinn heimski er nam land milli Kaldaklofsár og Lambafellsár.<sup>5</sup> Í Melabók, Hauksbók og Njálu er jörðin nefnd Raufarfell og er sú nafnmynd talin upphafleg. Rauðafell er sennilega gömul tvímynd af nafn-inu og kemur fyrir í heimildum frá 19. öld.<sup>6</sup> Jörðin er nefnd í skjali 20. júní 1474 en þar bera tveir menn því vitni að 20 hundruð í Raufarfelli eystra hafi komið til greina sem greiðsla fyrir hálfan Héðinshöfða á Tjörnesi.<sup>7</sup> Raufarfell eystra var meðal þeirra jarða sem komu til skipta eftir andlát Vigfúsar Erlendssonar, lögmanns og hirðstjóra, 1521, en jarðardýrleika er ekki getið.<sup>8</sup>

Eystra-Raufarfell var metið á 71 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 (rúmlega tvítugföld land-skuld) en 55 hundruð í jarðabók 1695.<sup>9</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Raufarfell eystra einnig sagt 55 hundruð að dýrleika. Eigendur jarðarinnar voru þá fjórir og ábúendur jafn-margir. Jörðin lá undir spjöllum enda mjög hætt fyrir skriðum.<sup>10</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er „Raufarfell eystra“ skráð 55 hundruð en haft er eftir sýslumanni að hún sé 52 ½ hundrað að dýr-leika.<sup>11</sup> „Rauðafell“ er hins vegar metið á 61,8 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>12</sup>

Elsta landamerkjalyking Rauðafells, sem kunnugt er um, mun vera frá um 1850 en einungis varðveitt í afskrift frá 20. öld:

Jörðin Rauðafell er talin 51<sup>c</sup> að dýrleika. Landamerki á milli nefndrar Jarðar og Raufarfells (á hvörjum jörðum tún og eingjar liggja saman) eru: úr Eystri Sandhálsi – sem er framan í Fjallshlíðinni fyrir ofan þar sem túnin liggja saman – í læk þann sem adskilur túninn, vid nedannverd túninn skal úr þeim læk vera sjónhending í midjann kyrkjugarð í Midbæli, á sú sjónhending að ráða svo langt, þar til Hesteyra sjest af Pétursey (í Mirdal) framundan Hrutafellsfjalli (litla fjalli) þá er sjónhending til landsudurs

1 Skjal nr. 3 (90) (jarðamat 1802) og skjal nr. 3 (89) (fasteignamat 1916).

2 Skjal nr. 2 (9).

3 Skjal nr. 2 (10).

4 Sbr. skjöl nr. 3 (144), nr. 5 (144-147, 229-232).

5 *Landnámaabók* 1986, s. 340 (Sturlubók).

6 *Landnámaabók* 1986, s. 340 (2. nmgr.). Í *Jarðabók Árna og Páls* (1. b., s. 39) er jörðin nefnd „Raufarfell eystra“, „Austara Rauðafell“ í kaupbréfi 1748 (skjal nr. 5 (113)), „Rauðafell“ í brigðalykingu 1764 (skjal nr. 5 (117)) og „Röidafell“ í jarðamati 1802 (skjal nr. 3 (90)).

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 5, s. 752.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 8, s. 798, 805.

9 Björn Lárusson 1967, s. 87.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 39-41.

11 Skjal nr. 5 (44).

12 Skjal nr. 5 (45).

í þúfu ofanverdt við Drangshlíðarhólma – í þessari stefnu skal halda sama midí á Pétursey og Hrutafellsfjalli, sem hér er tilgreint – úr nefndri þúfu er tekinn sjónhending í þúfuna á Króksnesi, sem er nordanmeginn við framanverdt Kaldaklifsárgil, úr því rædur nefndt gil til Jökuls, úr upphaflega nefndum Sandhálsi í Högnaklett, frá Högnakletti rædur Brúnin edur eggjarnar fyrir austann dalinn sem er í fjallinu, til Jökuls.<sup>1</sup>

Nokkru yngri, eða frá um 1870, er önnur landamerkjalyásing og er hún eins og hin fyrri einungis varðveitt í yngri afskrift:

Jördinn Raudafell, er sumir nefna Raufarfell Eystra (t.a.m. Jardatal Johnsens) hefur sumstadar verid talin ad dýrleika (ad f.m. [að fornu mati]) 55° en nú hefur hún leingi verid talin 51°.

Landamerki á milli nefndrar jardar og Raufarfells (á hvörjum jördum tún og eingjar liggja saman) eru þessi:

Úr Eystri Sandhálsi, sem er framan í Fjallshlíðinni fyrir ofan þar sem túnin liggja saman í læk þann sem adskilur túnin, við nedanverð túnin skal úr þeim læk vera sjónhending í midjann kirkjugard í Midbæli, á sú sjónhending ad ráða svo langt sudur þar til Hesteyra sjest af Pétursey í Mírdal framundan Hrutafellsfjalli (litla fjalli) þá er sjónhending tekinn til landsudurs í þúfu ofanverdt við Drangshlíðarhólma í þessari stefnu skal halda sama midí á Pétursey og Hrutafellsfjalli, sem hjer er tilgreint, úr nefndri þúfu er tekinn sjónhending í þúfuna á Króksnefi, sem er nordanmegin við framanvert Kaldaklifsárgil, úr því rædur nefnt gil til Jökuls.

Nú er vikid aptur í vestara Markid á fyrstnefndann Sandhálsi, úr hönum skal vera bein stefna upp í svonefndann Höggaklett (sem er hár tindur í Fjallsbrúninni), frá Höggakletti rædur brúnin, eda eggjarnar fyrir austann dalinn, sem er í Fjallinu, til Jökuls.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Raudafells var undirritað 1. mars 1887 og er á þessa leið:

Landamerki jarðarinnar Raudafells í Austur-Eyjafjallahreppi 52 ½ hundrað að fornu mati, enn 61.8 hundrað að dýrleika að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.

Úr þúfu, sem er rjett fyrir norðan sýsluveginn, norðan við Vestri-Helgubakka, er bein sjónhending í hinn forna markgarð, sem er á milli Raudafells og Raufarfells, og það sömu beinu línu yfir svo nefndum Sandhálsi austan til og upp í Högnaklett og þaðan sömu beina línu í jökul eftir Kálfaskálaegg.

Úr áðurnefndri þúfu er bein sjónhending, sem næst í austur-landsuður með fram Bakkakotslandi og Hörðuskálalandi, að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pétursey framundan Hrutafellsfjalli allt þar til kemur austur á þúfuna, sem er hornmark milli Raudafells og Hörðuskála, hver þúfa að liggur í horninu að austan og norðan á svonefndum Drangshlíðarhólma sunnan við sýsluveginn. Úr nefndri þúfu er bein sjónhending í háa þúfu, sem er á neftanganum, er liggur syðst vestanvert við Kaldaklifsárgil. Ræður svo áin í gilinu marki allt til jökuls.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

Þ. Bjarnarson Jón Jónsson K. Jónsson Þ. Bjarnardóttir Tómas Stefánsson

1 Skjal nr. 3 (67). Þessi lýsing er skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli árið 1909.

2 Skjal nr. 3 (54). Þessi lýsing er skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli árið 1909.



í umboði Vilborgar Jónsdóttur Bárður Pálsson Einar Einarsson

(J. Hjörleifsson) Halldorjón Steffánsson Þórdur Tómasson

J. Hjörleifsson Sk. Árnason Þ. Guðmundsdóttir.<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinhelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Eins og áður hefur komið fram var fjórbylí í Rauðafelli þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð í byrjun 18. aldar. Í jarðamatsgögnum 1802 eru sjö ábuendur skráðir á jörðinni en fjórir í gerðabók fasteignamatnefndar 1916 (austurbær, Þórðarbær, miðbær, vesturbær).<sup>2</sup> Nú munu vera þrjú bylí í Rauðafelli (Rauðafell I, II og III).<sup>3</sup> Árið 1972 fóru fram skipti á landi Rauðafellstorfu að undanteknu heiðalandi og landi utan fyrirhleðslugarða, ógrónu, og skyldu hlutföllin vera þessi: Rauðafell I 12,5%, Rauðafell II 22,5% og Rauðafell III 17%.<sup>4</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Rauðafell verið fram-selt á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>5</sup>

### 5.19. Hrútafell, Hólatungur og Borgartungur

Hrútafells virðist ekki getið í varðveittum heimildum fyrr en eftir siðaskipti. Í jarðabók 1686 er Hrútafell metið á 80 hundruð (þ.e. tvítugföld landskuld sem var 4 hundruð) en í jarðabók 1695 er dýrleikinn sagður 40 hundruð.<sup>6</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er jörðin sögð 40 hundruð með afbýlunum Hrútafellskotu, sem reiknaðist 5 hundruð, og Bökkunum en dýrleiki þeirra var talinn 2 hundruð og 60 álnir. Þá var þrjúbylí á jörðinni.<sup>7</sup> Heimildir frá 18. öld benda til að jörðin hafi á þeim tíma gengið kaupum og sölum, að hluta til, enda jörðin í margra eigu.<sup>8</sup>

Í Jarðatali Johnsens 1847 er Hrútafell eins og áður talið 40 hundruð að dýrleika. Þar er hjáleigan Hrútafellskot einnig nefnd en ekki minnst á Bakka (Bakkana).<sup>9</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Hrútafell metið á 38,9 hundruð, þ.e. Hrútafell 33,93 og hjáleigan Hrútafellskot 4,98 hundruð.<sup>10</sup>

Í jarðamati 1849 er ekki annað sagt um beitoland Hrútafells en að það sé gott („land til hagbeitar gott“) og „gripagagn all gott“. <sup>11</sup> Í fasteignamati 1916 er lýsingin nákvæmari:

Beitolandið er mjög gott fyrir allan fénað, en sérstaklega er góð sauðabeit í Hrútafellsfjalli, sauðir ganga hér gjafalausir. Smalamenska er hæg.<sup>12</sup>

Elstu heimild um merki Hrútafells er trúlega að finna í landamerkjalyýsingu Drangshlíðar sem rekja má til fyrri hluta 19. aldar:

1 Skjal nr. 3 (6). Ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir bréfið er undirritað en samkvæmt Sóknarmannatali Eyvindarhóla bjó Þ. (Þorvaldur) Bjarnason á Þorvaldseyri, Kjartan Jónsson prestur á Ytri-Skógum, Tómas Steffánsson í Selkoti, Einar Einarsson í Hrútafellskotu og Jón Hjörleifsson hreppstjóri í Eystri-Skógum. Halldór Jón Steffánsson var ábuandi að Rauðafelli (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 97).

2 Skjöl nr. 3 (89, 90).

3 Íbúðarhús á jörðinni Rauðafelli II ber nafnið Rauðafell IV (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 97).

4 Skjal nr. 2 (11).

5 Sbr. skjöl nr. 3 (143) og 5 (141-143, 226-228).

6 Björn Lárússon 1967, s. 87.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 32-35.

8 Skjöl nr. 5 (81, 100, 105, 108, 113), sbr. einnig skjal nr. 3 (90).

9 Skjal nr. 5 (44).

10 Skjal nr. 5 (45).

11 Skjal nr. 3 (88).

12 Skjal nr. 3 (89).

## Landamerki Hrútafells og Drangshlíðar (Skarðshlíðar)

Sjónhending úr Grásteini í Hólalínu, sem er Hornmark Hóla og Hrútafells, í Grettisglugga í Skarðshlíðargrjótum. Þaðan í fjallsnef þar hjá, síðan með fjallsrótum í Þorláksgnípu. Úr Þorláksgnípu og yfir þvert Drangshlíðarfjall í Yxnadalsöxl og síðan í Hornfellsgrípu og þaðan í Finnvarðarháls við Jökul.

Brynjólfur Thómasson á Hrútafelli, 79 ára, segir svo frá 5. Ágúst 1909 eptir Magnúsi Sigurðssyni á Leirum (d. 1853).<sup>1</sup>

Í öðru landamerkjabréfi, dags. 28. desember 1885, er lýst mörkum á milli Hrútafells annars vegar og Drangshlíðar og Skarðshlíðar hins vegar og er það birt í kafla 5.20. (Drangshlíð).

Landamerkjabréf Hrútafells var undirritað 14. maí 1886 og er svohljóðandi:

## Skrásetning

yfir landamerki og landamerkjastefnur sem og rekafjörutakmörk jarðarinnar Hrútafells í Austur-Eyja-fjallahreppi eftir því sem við undirskrifaðir eigendur og umráðamenn jarðarinnar vitum þetta sannast og réttast að vera, sem er með báðum Hrútafellskotunum 38.9° að dýrleika eftir jarðabókinni frá 1861.

Í móts við Eyvindarhólaland að vestanverðu er landamerkið Reynhóll, úr honum er stefna austur um hinn svo kallaða merkigaráð (sem er þar austur af og sem en<sup>n</sup>)<sup>2</sup> sést glöggmt móta fyrir) allt austur í mólón sunnanvert, þaðan upp á við, í móts við Skarðshlíðarland (Drangshlíð), beina stefnu í Grettisglugga, svo í bláa nefið á fjallsrótunum (Litlafjalli) þar upp af, síðan austur með rötum fjallsins og í Þorláksgnípu og þaðan í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsgrípu og þaðan í Finnvarðarháls.

Aftur að vestanverðu móts við Klömbruland, Hörðuskála og Rauðafellsland, úr Reynhól, fyr nefndum, í vestrátt beint í markavörðu, sem er á þeim stað sem Rauðafellsbæ ber í Högnaklett, þaðan upp eftir nefnda stefnu að Rauðafellsbæ beri í Högnaklett, þar til sundið á milli bæjanna að Hrútafelli ber um fremstu brún Skógarnúps, þá beygist merkjalínan vestur á við í keldu, sem merkjavarða verður við sett ef þessi skrásetning samþykkist af öllum hlutaðeigendum úr keldunni aftur í Brúarendanum sem þar er upp af sem líka verður sett merki við ef samþykkist og þaðan beina stefnu í Háupúfu við Kaldaklifsárgil<sup>3</sup> og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna.

Hrútafellsfjara hefir þessi takmörk: varða suður við sjó eða fjöru beina stefnu í Losaberg, sem er í fjallinu austan við Löngutorfu í Drangshlíðarfjörumark milli Hrútafellsfjöru og Drangshlíðar, enn milli Hrútafells og Hóla, að sjáist sem fuglsbringa austan undan Skóganúp.

Hrútafelli 14. maí 1886.

Tómas Tómasson, Ólafur Guðmundsson, Þorsteinn Þorsteinsson

K. Jónsson, B. Tómasson, Sveinn Arnoddasson<sup>4</sup>

1 Skjal nr. 3 (71). Undir þetta ritar Jón Þorkelsson, þáverandi þjóðskjalavörður: „Er þetta orðrétt eptir Brynjólfi ritað samstundis og síðan upp fyrir honum lesið og af honum samþykkt. Magnús á Leirum var uppalinn á Hrútafelli [viðb. neðanmáls: „Fæddur á Hrútafelli í Maí 1770“].“

2 en bætt við milli lína.

3 sem líka – Kaldaklifsárgil bætt við milli lína.

4 Skjal nr. 3 (7). Þorsteinn Þorsteinsson og Tómas Tómasson voru báðir bændur í Hrútafelli (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 54. Skjal nr. 3 (115)). Samkvæmt Sóknarmannatali Eyvindahóla í Þjóðskjalasafni bjó Ólafur Guðmundsson í Hrútafellskotu syðra, Brynjólfur Tómasson í Hrútafelli og Sveinn Arnoddason í Rauðafelli.

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinhelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Undir lok aldarinnar gáfu ábúendur Drangshlíðar, Skarðshlíðar og Hrótafells út svofellda yfirlýsingu um upprekstur í heiðarland jarðanna:

Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrótafells, fyrirbjóðum öllum upprekstur á heiðarland téðra jarða, sem er milli Kaldaklifsár og Skógarár.

Brjóti nokkur móti þessu banni okkar, munum við leita réttar okkar á annan hátt, og verður fénaður sá, sem þar finnst, tekinn fastur og meðhöndlaður sem lögum er samkvæmt.

Drangshlíð, Skarðshlíð og Hrótafelli 31. maí 1894

Þuríður Bjarnardóttir Þorsteinn Jónsson

Sigurður Halldórsson Hjörl. Jónsson

Þorsteinn Þorsteinsson Tómas Tómasson

Guðmundur Ólafsson Stefán Tómasson

Jóhannes Símonarson Sólveig Finnsdóttir<sup>1</sup>

Vestan Þorvaldstungna, sem nefndar eru í landamerkjabréfinu, eru Borgartungur sem Stóraborg hefur gert tilkall til a.m.k. frá 17. öld. Vísitasía Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Stóruborg, 26. september 1641, hefst á þessum orðum:

Kyrkian að Borg vnder Eyafiollum á Klambrar Land, Borgartungur nema Bref framm komi.<sup>2</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er komist þannig að orði:

Afjettar ítak er kirkjunni [að Borg] eignað, kallað Borgartúngur, sem mönnum þykir forsorga kunna um sumar I [þ.e. fimmtíu] lömb, sígur Eyjafjallajökull á þetta takmark og spillir smámsaman.<sup>3</sup>

Í jarðamati 1849 er ekki minnst á þetta „ítak“ Stóruborgar þó að jörðinni fylgdu „hagaþreingsli mikil“ og ekki heldur í fasteignamati 1916.<sup>4</sup> Jörðin er þó enn talin eiga upprekstur í Borgartungur.

Fyrir vestan Borgartungur eru Hólatungur sem eignaðar eru Eyvindarhólum. Um þetta segir í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 26. september 1641:<sup>5</sup>

[Mariukirkja að Eyvindarhólum] á það ítak sem kallast Hólatungur norður j Heidinne, og Skógarítak j Langanesi sem kallast Holaskogur.<sup>6</sup>

1 Skjal nr. 3 (102).

2 Skjal nr. 3 (31).

3 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 44.

4 Skjöl nr. 3 (88, 89).

5 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 11, 61.

6 Skjal nr. 3 (30).

Í annarri vísitasíu Brynjólfs biskups, frá 4. september 1662, er þessi yfirlýsing:

Jt[em] á Kyrkian Hólaatungur sem liggja milli Hrutafellsheidar og Raufarfellsheidar. Halldast enn under til Lamba og Gelldfiárreksturs.<sup>1</sup>

Yngri vísitasíur virðast engu bæta við það sem áður hefur komið fram. Í vísitasíu Finns biskups Jónssonar 29. ágúst 1757 segir t.d. á þessa leið:

Anno 1757. 29 Augusti visiterud Kyrkiann ad Holum under Eyafiollum. Hun á Heimaland allt med Gögnum og Giædum; 21 Malnytu Kugyllde, 3 hundrads Hesta. Innanngátta í ofrýdum Peningum 5 aura. Itak sem kallast Hola Tunga. Visitatia Mag. Jóns Arnasonar af Dato 1722 sem citerar adrar elldre Visitatiur eignar henne Skógar Jtak i Langanese sem kallast Hola Skógur, hvort Stadarhalldarenn seiger ad á næstfyrerfarande Áre hafe undann K[yr]kiunne dæmt vered.<sup>2</sup>

Ekki er minnst á Hólatungur í jarðamati 1849 en í skýrslu um tekjur og útgjöld Eyvindarhóla-prestakalls á tímabilinu 1849-1853 er gerð svofelld grein fyrir tekjum prestssetursins:

Prestssetrið Eyvindarhólar, nefndir 26<sup>e</sup> með sínum 3<sup>e</sup> hjáleigum, kúgildi heima 4<sup>e</sup>.

Jörð þessi er mjög hagalítill, spillir Kaldaklifsá þeim árlega meira og minna er undirorpin griot og sandfoki til stórskjemma í ýmsum veðrum, útslægjulaus, túnið er stort ogreidt og þift, fást af því í meðalári herumbil 160 hestar, ætlast því að jörðin frammfæri 3 kýr 15 ær 15 lömb 3 hross, motekja er einginn, svo bruka verður haug til eldividar; hlynnindi eru: opt hægt aðfærslu með sjóarabla og trjáreki fyrir jarðarinnar landi þó sjaldann sé að miklu verði, lamba-afréttur, svonefndar Holatungur, nordan vid Hrutafellsheidi, hérumbil fyrir 40 lömb sem heimajördinni ásamt hjáleigum hennar fylgia.<sup>3</sup>

Í fasteignamati 1916 er ekki minnst á Hólatungur en tekið fram að beitolandið sé „fremur víðlent og gott til allrar beitar. Smalamenska hæg“.<sup>4</sup>

Engar athugasemdir eru skráðar í landamerkjabók við landamerkjabréf Hrutafells en árið 1907 gáfu eigendur Drangshlíðar og Skarðshlíðar út yfirlýsingu þar sem þeir mótmæltu því að eigendur Hrutafells hefðu eignað sér land þessara jarða. Landsvæði þetta væri austan við markalínu sem þeir hefðu lýst með landamerkjaskjali 28. desember 1885 og væri sem hér segir:

Grásteinn, sem er hornmark á suður og vesturkanti Drangshlíðar og Skarðshlíðarlands, liggur austan og ofanvert við Hólahæðir, úr honum er sjónhending í austurhornið á Rútshelli og það sömu sjónhending upp á fjallsbrúnina, svo liggur markið með brúnunum austur í Grettisskarð og þaðan með brúnunum í Þorláksgnýpu og svo sjónhending úr Þorláksgnýpu í stóra steininn á Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sjónhending í jökul.<sup>5</sup>

Árið 1909 lögðu eigendur Drangshlíðar og Skarðshlíðar fram kærú á hendur eigendum Hrutafells og var málið tekið fyrir í aukarétti Rangárvallasýslu 12. maí sama ár. Dæmt var í málinu 24. október 1910 á þessa leið:

1 Skjal nr. 3 (37).

2 Skjal nr. 3 (43).

3 Skjal nr. 3 (118). Sams konar lýsing er í brauðamati Eyvindarhólaprestakalls 1862-1867 (sbr. skjal nr. 3 (123)).

4 Skjal nr. 3 (89).

5 Skjal nr. 3 (105).

Að landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrutafells og Hrutafellskoti á hina hlið, skulu hér eftir vera þessi: að sunnanverðu úr hornmarksvörðu á landamerkjum Eyvindarhólalands í merkjavörðu á Grásteini, þaðan sjónhending til fjalls í merkjavörðu neðst í garðrústinni fyr nefndu og eftir garðrústinni upp til hamra, þaðan með klettartótum í bláa nefið á suðaustur horni Hrutafellsins upp af Ófeigs eða Skarðshlíðargrjótum og þar lóðrétt upp hamrana og þaðan með klettabrúnum í Grettisglugga upp á fjalli, þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnýpu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn á Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sömu sjónhending í jökul.<sup>1</sup>

Eigendur Hrutafells áfrýjuðu þessum dómi til yfirréttar en þar var málinu vísað frá með dómi 25. mars 1912. Þeir stefndu síðan málinu aftur fyrir yfirdóm sama ár. Fyrir utan annmarka á skipan merkjadómsins og málsmeðferð þar töldu Hrutafellingar að merkjadómurinn hefði farið með lögleysu með því að ákveða suðurmarkið milli jarðanna töluvert norðar og vestar en rétt væri. Dómur yfirréttar var kveðinn upp 31. mars 1913 og skyldi landamerkjadómurinn vera óraskaður.<sup>2</sup>

Árið 1954 fóru fram landskipti á spildum í Hrutafellslandi. Í ljós hafði komið, þegar gengið var á mörk, að ágreiningur var um landamerki milli Hrutafells og Eyvindarhóla og var ágreiningslandið 4,5 hektarar að stærð. Ákveðið var að skipta landinu „út frá sjónarmiði Hrutafellsmanna“. Bakka-mýri fékk 45 m breiða skák með fram Hrutafells- og Skarðshlíðarmörkum ofan frá þjóðvegi suður í Eyvindarhólamörk. Hrutafell II fékk spildu austur af spildu Hrutafellskots innan skilgreindra takmarka.<sup>3</sup>

Eins og áður hefur verið getið var þríbýli á Hrutafelli á tímum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og einnig í byrjun 19. aldar.<sup>4</sup> Samkvæmt fasteignamatí 1916 skiptist Hrutafell í suðurbæ og norðurbæ auk Hrutafellskots.<sup>5</sup> Norðurbærinn lagðist undir suðurbæinn þegar hann fór í eyði um miðja 20. öld.<sup>6</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Hrutafell verið fram-selt á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>7</sup>

## 5.20. Drangshlíð

Drangshlíð er nefnd í Landnámu þegar skýrt er frá því að leiði Þrasa Þórólfsssonar sé fyrir vestan Fossá „heldr nær ánni í Drangshlíð undir gnúpinum“.<sup>8</sup> Hér mun þó fremur átt við fjallið Drangshlíð en jörðina. Jarðanna Drangshlíðar og Skarðshlíðar er einnig getið í máldaga kirkjunnar í Skógum frá um 1332 (sbr. kafla 5.21.). Drangshlíð og Skarðshlíð voru í eigu konungs og meðal þeirra jarða sem konungur framseldi Henriki Bjelke ríkisaðmíráli í veð fyrir láni (sbr. kafla 5.5.). Þessar jarðir voru seldar einkaaðilum á 9. áratug 17. aldar.<sup>9</sup> Í jarðabók 1686 er Drangshlíð metin á 60 hundruð og 56 hundruð og 80 álnir 1695. Skarðshlíð er í sömu jarðabókum metin á 26 hundruð og 160 álnir og 20 hundruð. Í síðari jarðabókinni var farið nær hinu forna mati.<sup>10</sup>

Frá byrjun 18. aldar er til mikið safn jarðabréfa sem safnað var í aðdraganda Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á seðli einum er minnst á selstöðu frá Ytri-Skógum „nærri upp undan Eystri-Skógum“. Síðan segir:

1 Skjal nr. 3 (115).

2 Skjal nr. 3 (128).

3 Skjal nr. 2 (12).

4 Sbr. skjal nr. 3 (90) (jarðamat 1802).

5 Skjal nr. 3 (89).

6 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 55.

7 Sbr. skjöl nr. 3 (142) og 5 (137, 138, 210, 211, 212, 213). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 54-55.

8 *Landnámabók* 1986, s. 339.

9 Björn Lárusson 1967, s. 132, 6. nmgr. Skjal nr. 5 (76).

10 Björn Lárusson 1967, s. 87.

Líka so hefur áður fyrrum önnur selstaða brúkast að sögn á Eskiheiði, sem undan er gengin jörðunni Ytriskógum til Drangshlíðar með áreið hér um fyrir 20 árum.<sup>1</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls 1709 er Drangshlíð sögð vera 40 hundruð að dýrleika og Skarðshlíð 20 hundruð. Tvíbýli var á hvorri jörð.<sup>2</sup> Dýrleiki jarðanna er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847.<sup>3</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Drangshlíð metin á 38,2 hundruð og Skarðshlíð á 25,9 hundruð.<sup>4</sup>

Af heimildum má sjá að ágreiningur hefur verið um nýtingu lands vestan Skógarár milli eigna og ábúenda Drangshlíðar annars vegar og umboðsmanns Skóga- og Merkureigna hins vegar en hann bjó í Ytri-Skógum. Ábúendur Skarðshlíðar tóku afstöðu með ábúendum Drangshlíðar eins og fram kemur í eftirfarandi bréfi frá 1777:

Medan Kongurinn sialfur atte Drangshlyd veit einginn annad enn Dalurin [þ.e. Drangshlíðardalur] og Heidenn öll fyrer vestan Skogaá hafe fillgt Drangshlyd allt nordur ad Drangshlydar Botnum, hvar Hrutfells Land tekur vid. Ádurnefndar Kongs Jarðer hiellt i Forlieningu nockra Tyd sa madur er hiet Amunde Thormodsson og bio i Ytre Skógum, storrýkur og harddrægur madur. Hann bigde fatækum mönnum Drangshlydena so ad hann tók under Bu sitt i Skógum allt Sliettlende ad þvj sem Steirn kann ad vellta ur Brecku. Enn beitte Heidina; En þeir fátæku menn sem i Drangshlyd biuggu og voru hans undergiefner Leigulidar hlutu ad láta liggia i þvj Skaute er hann villde. Þesse hans Asælnis Yfirgángur, barst þo ut, hvort til Kongssins edur Thorkiels saluga<sup>6</sup> kunnnum vid ej vyst ad seigia sem hafde þann Útgáng, ad tilskickud var Logmans Áreid a Drangshlydar Dal og Heide. Var þar tilskickadur vice Logmadur Jón Eiolfsson. En þar hann forfalladist, skal Areidena hafa giört Broder hans sa lærde Syslumadur Arnes syslu Einar Ejulfsson sem med sýnum Áreidarmonnum dæmde Dalinn og Heidina ad tiltecknum adurgreindumm Mörkumm ævarande Drangshlydar Eign og Eiginndóm, hefur so adur tied Land atolulaust verid sleigid beitt og brukad frá Drangshlyd. ...<sup>7</sup>

Hvað margar fornar og nyar Logfestur sem eru til og finnast fyrer Skóga Lande skal alldrej i þeim finnast ad þeir hafe eignad ser nockud Jtak i Drangshlydarlande fyrer vestann Ána, sem sannarlega hefde annars nefnt og tiltekid verid. ej eru mörg Ár sydan Drangshlydar og Skoga Mönnum vard sundurorda um Beit þessa, og hofdu Skogamenn þer ej annad til Forsvars en Skiæringur enn verandi i Skardshlyd hefde lied sier Þridiung umm tvistadra Haga þvij Skardshlyd vill telia ser, allann þridia Part i Drangshlydar Hogum þvj Löndinn liggia þar ad ollu leite saman og hefdu þeir ej borid þetta i Væng, hefdu þeir vitad sig hafa nockurn Riett edur Hefd á Brukune. Þó hafa þeir sem nu a Skogum bua meir og meir bæmegtad ser Brukuniðna og þvj frammar sem þeir, sierdeilis eirn af þeim bigde eina Nylendu uppi synu eigin Hagbeitar Lande, so það sem þar fyrer þreingde ad hefur þvj meirra sokt uppa Drangshlydar Land so nu er so komid, þott þeir sem a Drangshlyd verie Kvikfienade þeirra þa reka hiner hann med Kappi og Ofbelde i Landid afftur. Þo upp sie hladinn sa gamle Varnar Gardur er hann jafnodum afftur nidur drifinn, sem ny Dæmi eru til, þvj þeir láta á ser heira og hafa leitast vid ad taka beinke [svo] uppa það sama: ad hefd sie hier a kominn.<sup>8</sup> Þessu er so i Sanleika háttad effter þvj sem

1 Skjal nr. 5 (62).

2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 30-31.

3 Skjal nr. 5 (44). Í *Jarðatali Johnsens* (3. nmgr.) er þess getið að Drangshlíð hafi áður verið eign Thorkilii barnaskólans en seld 1838.

4 Skjal nr. 5 (45).

5 *allt* hér næst á undan yfirstríkað.

6 Hér er sennilega átt við Þorkel Jónsson í Njarðvík sem keypti Drangshlíð af konungi (sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 502).

7 Framhaldið er um ágreining út af beit Skógamanna í Drangshlíðarlandi. Áreið sú sem hér er vísað til hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni.

8 Skrifað með gleiðara lettri í handriti.

hvör og eirn af oss veit til og ver heirt og fornumid hofumm af og effter oss eldre Mönnum. Hvar a ver vilium frekare Stadfestu giöra ef Þorf krefur. Til Merkis voru Nöfn D. 28 Junji 1777

Andres Gudnason Þorleifur Gudnason Snore Eiriksson Buande i Skardshlyd

Oddni Ellensdotter Gudni Ellensdotter

i Skardshlyd j Skardshlid<sup>1</sup>

Í byrjun 19. aldar stefndu bændur í Drangshlíð bændum í Ytri-Skógum fyrir sáttanefnd um notkun á Drangshlíðardal og heiði. Lofuðu Ytriskógamenn

ad þeir hier efter skule það frekast þeir gieta halda sínum Skiepnum eda Kvikfenade frá Drangshlíðar Dal og Heýde og i aungan Máta bruka edur nota þeirra Land þar eda annarstadar án þeirra Leifens enn haldest ecke þesser Skilmálar standa allar Saker opnar eins og Eingenn Forlykun hefde giörd vered eda Contractar Rof skied være og lofa ad veria sinn Pening frá sögdu Plátse, enn það ecke verdur vid-giört kiemur ey til Ummtals.<sup>2</sup>

Þessi sátt virðist hafa verið ótraust. Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 segir t.d. um Drangshlíðardal: „Þrætuland millum Ytri-Skóga og Drangshlýðar mest til beitar.“<sup>3</sup> Undir lok aldarinnar gáfu ábúendur Drangshlíðar, Skarðshlíðar og Hrutafells út svofellda yfirlýsingu um upprekstur í heiðarland jarðanna:

Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrutafells, fyrirbjóðum öllum upprek(s)tur á heiðarland téðra jarða, sem er milli Kaldaklifsár og Skógarár.

Brjóti nokkur móti þessu banni okkar, munum við leita réttar okkar á annan hátt, og verður fénaður sá, sem þar finnst, tekinn fastur og meðhöndlaður sem lögum er samkvæmt.

Drangshlíð, Skarðshlíð og Hrutafelli 31. maí 1894

Þuríður Bjarnardóttir Þorsteinn Jónsson

Sigurður Halldórsson Hjör. Jónsson

Þorsteinn Þorsteinsson Tómas Tómasson

Guðmundur Ólafsson Stefán Tómasson

Jóhannes Símonarson Sólveig Finnsdóttir<sup>4</sup>

Yfirlýsingin var þinglesin á Steinahellismanntalsþingi 1. júní 1894.

1 Skjal nr. 3 (44). Neðst á skjalinu standa þessi orð: „Frá Jóni hrstj. [hrepstjóra] Hjörleifssyni í Drangshlíð 15/12 1705.“

2 Skjal nr. 3 (111).

3 Skjal nr. 3 (88).

4 Skjal nr. 3 (102).

Elsta vitnisburð um landamerki Drangshlíðar má rekja aftur til fyrri hluta 19. aldar. Þar er lýst mörkum milli Hrutafells og Drangshlíðar (sbr. kafla 5.19. Hrutafell).

Í öðru landamerkjabréfi, frá um 1870, er lýst mörkum milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar:<sup>1</sup>

Drangshlíð og Skardshlíð.

Drangshlíð 40° og Skardshlíð 20° hundrud að fornu mati að dýrleika samtals 60° hundrud eiga haga saman en tún þessara Bæa liggja saman.

Landamerki á milli þessara Jarða að sunnann og Eyvindarhóla sem eiga land austur að Skógaá<sup>2</sup> til vesturs tekinn að austann eru: Eptir visitatiu Biskups Mag. Brinjúlfs Sveinssonar yfir Hóla kirkju undir Eyafjöllum frá 4da Septembris Anno 1662 „úr lækjarbotnum austur í Móanum (vestur) í grástein þann er stendur sunnann undir Stórutjörn“ og á þá stein þann að bera í Reinhól (það er í vesturátt).

Úr Grásteini skal taka sjónhending til fjalls – en það er landamerki á milli Skardshlíðar og Hrutafells, sem þá á land fyrir vestann – sjónhending upp að Brekkum, í garðrúst sem liggur á snid til landnordurs, uppeptir Brekkunni (hjer um bil) 46. födmum fyrir vestann Ófeigshellir (þegar það er mælt á jafnsliettu nedan verdt við Brekkuna) og svo upp í fjallsbrún og svo með Brúnum austur í svonefnda Þorláksgnipu, þaðann sjónhending til landnordurs í stóra steininn í Yxnadal, þaðann sjónhending í Hornfellsognipu og svo sömu sjónhending í Jökul, á eystri sýðu adskilur Skógaá að sunnann frá Drangshlíðar og ytri skóga lönd alt upp að Skógafossi en fyrir vestann ána frá svonefndum Skóganúp<sup>3</sup> og inn að Skógafossi liggur Drangshlíðardalur, frá Fossinum skilur áinn heidarlöndin í Jökul nordur, í Dal þessum er bygd kominn fyrir fáum árum frá Drangshlíð<sup>4</sup>. Dalur þessi lagdist til Drangshlíðar eptir á, árid 1689. Eingja ítak á Skardshlíð í Hrutafellslandi<sup>5</sup>.

Drangshlíð og Skardshlíð eiga fjörustúf samann fyrir ytri Skóga landi, (Skógasandi) fjörumarkid er, að vestann: „Grjóthruða eda varda sem er á Sandinum á að bera við Flosaberg, það er í Brekkum<sup>6</sup> fyrir austann Drangshlíð. Eystra markid er: varda sem er hlandinn á stórann stein á sandinum, á að bera í Úlfhildarklof<sup>7</sup> í Brekkum fyrir austann ytri Skóga.<sup>8</sup>

Þrjú þinglýst landamerkjabréf um Drangshlíð eru varðveitt frá lokum 19. aldar. Í fyrsta bréfinu er lýsing á landamerkjum allrar jarðarinnar:

Skrásetning yfir landamerki jarðarinnar Drangshlíðar í Austur-Eyja fjallahreppi Rangárvallasýslu að fornu mati 60° hundrud, enn eftir jarðabókinni 1861 60,1° hundrud<sup>9</sup> – að Drangshlíðardal og Skarðshlíð með töldum, einungis verður hér lýst mörkum á milli Drangshlíðar og Ytri-Skóga, eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem við undir höndum höfum, og svo líka eftir sögu núlifandi manna, og er markið sem hér greinir:

1 Tímasetning skjalsins er frá Jóni Þorkelssyni Þjóðskjalaverði.

2 Neðanmáls í handriti: „Í fornöld nefnd Fossá.“

3 Neðanmáls í handriti: „Í fornöld hefur undra mikid grjóthrun fallid úr Skóganúp. Meining manna er að leidi Þrasa landnámsman(n)s hafi þar verid og undir því ordid.“

4 Neðanmáls í handriti: „Bilid í Drangshlíðardal er nú álitid að vera 1/3ji (einn þridji) partur af jördinni Drangshlíð og er því 13° og 40 álnir: þrettán hundrud og 40 álnir.“

5 Neðanmáls í handriti: „Það eru nefndir Skardshlíðar Hólmar.“

6 Skrifað *Brekkunum* en leiðrétt.

7 Skrifað upphaflega *Úlfhlidar* en breytt á milli lína.

8 Skjal nr. 3 (52).

9 Þessi dýrleiki jarðarinnar er ekki í samræmi við heimildir, sbr. það sem getið er um hér framar.



Skógá ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp svo ræður sjónhending til suðurs að sem fuglsbringa sjáist af Skógafossi austur undan Skóganúp í hornmarkið að austan, sem er grjótvarða framarlega á Skógáaröldu austanmegin við Skógá, hver nefnd varða að er hornmark að austan á milli nefndrar jarðar Drangshlíðar á aðra síðu enn Eyvindarhóla á hina. Þegar á þessari nefndu vörðu er staðið ber Reinhól í bæinn Hlíð.

Fjöru á Drangshlíð og Skarðshlíð í sameiningu fyrir framan Skógasand (vestantil) fjörumark er að austan stórsteinn, upp á sandinum, sem á að bera í mitt Úlfhildarklof, sem er láginn framan í löngu torfunni sem nefnist Úlfhildi, austan við Ytri-Skóga.

Drangshlíð 28. dag desember m. 1885

J. Hjörleifsson í umboði E. Kjartanssonar (J. Hjörleifsson)

Jón Guðmundsson      K. Guðmundsson      Björn Jónsson<sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í næsta landamerkjabréfi er einungis lýst mörkum milli Drangshlíðar og Eyvindarhóla:

Skrásetning

Í áframhaldi af skjali merkt Nr. 1. yfir landamerki jarðarinnar Drangshlíðar, og er hér einungis lýst merki milli hennar og Eyvindarhóla, og er hér farið eftir skjölum og skilríkjum, sem við í höndum höfum og svo líka sögu eldri manna, og eru þau sem nú skal greina:

Grjótvarða syðst á Skógáröldum austanmegin við Skógá og sést eins og fyr segir í skjali merkt Nr. 1. að eins sem fuglsbringa af Skógafossi austur undan Skóganúp, úr þessari nefndu grjótvröðu er sjónhending vestur í Grástein, sem er hornmark að vestan á Drangshlíðar landi, nefndur Grásteinn liggur ofan og austanvert við hólահæðir, þegar á þessari oftnefndu vörðu er staðið ber nefndan Grástein í Reinhól, enn þegar á nefndum Grástein er staðið ber framannefnda vörðu fyrir framan dyrhólaey.

Drangshlíð 28. dag desember m. 1885

J. Hjörleifsson í umboði E. Kjartanssonar (J. Hjörleifsson)

Jón Guðmundsson      K. Guðmundsson      Björn Jónsson<sup>2</sup>

Bréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Þriðja bréfið lýtur að mörkum milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar annars vegar og Hrutafells hins vegar:

1 Skjal nr. 3 (9). Ekki er þess getið hvar þeir menn bjuggu sem undirrituðu landamerkjabréfið. Jón Hjörleifsson var ábúandi í Eystri-Skógum 1885 en bjó frá 1901 í Drangshlíð. Líklegt er að E. Kjartansson hafi búið í Drangshlíðardal (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 43, 46, 48). Samkvæmt Sóknarmannatali Eyvindarhóla var Jón Guðmundsson ábúandi í Berjanesi og K. Guðmundsson í Drangshlíð.

2 Skjal nr. 3 (10).

Í þriðja máta áframhald af markalýsingarskjölum merkt Nr. 1. og 2. og er hér lýst einungis marki á milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar á aðra síðu, enn Hrutafells á hina, og er farið eftir skjölum og skilríkjum, sem við í höndum höfum, og svo líka sögn núlifandi manna og er markið sem nú skal greina:

Grásteinn sem liggur austan vert og ofan<sup>1</sup> við hólahæðir (er hornmark að vestan) úr honum er sjónhending [í austurhornið á Rútshelli og það sömu sjónhending]<sup>2</sup> upp á fjallsbrúnina, svo liggur markið með brúnum austur í Grettisskarð og þaðan með brúnum austur í Þorláksnýpu og svo sjónhending úr Þorláksnýpu í stóra steininn í Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu, og þaðan sömu sjónhending í jökul.

Fjöru á Drangshlíð og Skarðshlíð í sameiningu framan við Skógasand (vestantil) og er fjörumark að vestan grjótvarða á sandinum sem á að bera í mitt Losaberg, sem er fyrir austan Löngutorfu í Drangshlíð.

Engjaitak á Drangshlíð tvö, annað í Hörðuskálalandi hitt í Bakkakotslandi.

Engjaitak á Skarðshlíð tvö, eitt í Hrutafellslandi annað í Hörðuskálalandi.

Innan framangreindrar markalínu á þrjá vegu kringum Drangshlíðarland, á enginn ítak í, nema ef vera skyldi Hrutafell, slægjustykki austan við Rútshelli, kölluð Kinn, austur að garðrústinni, er liggur á snið í brekkunni; fyrir þetta slægjustykki hefir Hrutafell lagt Skarðshlíð slægju stykki nefnt enn í dag Skarðshlíðarhólmar.<sup>3</sup>

Drangshlíð 28. dag desembermánað 1885

J. Hjörleifsson í umboði E. Kjartanssonar J. Hjörleifsson

Jón Guðmundsson K. Guðmundsson Björn Jónsson Sæmundur Árnason<sup>4</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Miðvikudaginn 12. maí 1909 var tekið fyrir í aukarétti Rangárvallasýslu landamerkjámál sem eigendur Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal höfðuðu gegn eigendum Hrutafells. Dómur var upp kveðinn 24. október 1910 var niðurstaðan sem hér segir:

Að landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrutafells með Hrutafellskoti á hina hlið, skulu hér eftir vera þessi: að sunnanverðu úr hornmarksvörðu á landamerkjum Eyvindarhólalands í merkjavörðu á Grásteini, þaðan sjónhending til fjalls í merkjavörðu neðst í garðrústinni fyr nefndu og eftir garðrústinni upp til hamra, þaðan með klettarrótum í bláa nefið á suðaustur horni Hrutafellsins upp af Ófeigs eða Skarðshlíðargrjótum og þar lóðrétt upp hamrana og þaðan með klettabrúnum í Grettisglugga upp á fjalli, þaðan með klettabrúnum í Grettisskarð og þaðan með brúnum kletta í Þorláksnýpu, þaðan sjónhending til landnorðurs í stóra steininn á Yxnadalsöxl, þaðan sjónhending í Hornfellsnýpu og þaðan sömu sjónhending í jökul.<sup>5</sup>

1 Ritað *ofan og austan vert* en orðaröð breytt með tölustöfum.

2 Orð í hornklofa eru rituð milli lína.

3 Byggð hófst í Drangshlíðardal 1855 á einum þriðja Drangshlíðar (*Sunnlenskar byggðir* 4, s. 46).

4 Skjal nr. 8.

5 Skjal nr. 3 (115).

Eigendur Hrutafells með Hrutafellskoti áfrýjuðu landamerkjadóminum til landsyfirréttar 18. sept. 1911 en málinu var vísað frá. Áfrýjendur stefndu málinu síðan aftur fyrir landsyfirrétt og 31. mars 1913 kvað hann upp þann úrskurð að landamerkjadómurinn frá 24. október 1910 skyldi vera óraskaður (sbr. einnig kafla 5.19.).<sup>1</sup>

Í fasteignamati 1916 er komist svo að orði um beitiland Drangshlíðardals að það sé „viðlent heiðarland, óskift frá Drangshlíð og Skarðshlíð“.<sup>2</sup> Neðan hamra fóru landskipti fram 1977.<sup>3</sup>

Eins og fyrr er getið var tvíbýli í Drangshlíð á tímum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og hefur lengst af þannig verið. Drangshlíð skiptist nú í Drangshlíð I og II auk Drangshlíðardals.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins 1885 hafi Drangshlíð verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>4</sup>

### 5.21. Skarðshlíð

Skarðshlíð er nefnd í máldaga Nikulásarkirkju í Skógum undir Eyjafjöllum en hann er talinn ritaður um 1332. Þar segir að kirkjan eigi hálf t heimaland með öllum rekum þeim sem þar fylgja „oc þessum vtjordum. halfa drangshlyd. skardzhlyd. hordaskäle. backe. oc berianes. oc eystre skogar“.<sup>5</sup> Skarðshlíð varð síðar á miðöldum hluti af svonefndum Skógaeignum sem komust í eigu konungs en voru seldar Henriki Bjelke ríkisaðmíráli eins og gerð er nánari grein fyrir í kafla 5.5. um Stóru-Mörk.<sup>6</sup> Árið 1684 veittu erfingjar Bjelkes í Kaupmannahöfn Lárusi Gottrup, klausturhaldara á Þingeyrum, umboð fyrir þessum jörðum og jafnframt heimild til að selja þær hæstbjóðanda. Skarðshlíð var á þeim tíma metin á 20 hundruð.<sup>7</sup> Í jarðabók tveimur árum síðar (1686) er Skarðshlíð talin 26 hundruð og 160 álnir miðað við landskuld en 20 hundruð í jarðabók 1695.<sup>8</sup> Frá 18. öld eru síðan heimildir um að Skarðshlíð hafi gengið kaupum og sölum, fyrir 20 hundruð öll jörðin.<sup>9</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 er jörðin sem fyrr talin 20 hundruð þó að hún hafi orðið fyrir miklum skaða „vegna stórkostlegs skriðuhlaups á tún úr fjallinu“. Í stað þess að færa dýrleikann niður var 30 álnum létt af landskuldinni. Tveir ábúendur voru þá á jörðinni.<sup>10</sup> Dýrleikinn er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er Skarðshlíð metin á 25,9 hundruð.<sup>11</sup>

Skarðshlíð átti landamerki með Drangshlíð og er í kafla þeirrar jarðar raktar allar tiltækar heimildir um landamerki um það efni, hin elsta frá 1777.

Sérstakt landamerkjabréf Skarðshlíðar er ekki til og verður að vísa til þess sem skráð er um merki Drangshlíðar.<sup>12</sup>

Í byrjun 18. aldar var tvíbýli í Skarðshlíð og einnig öld síðar þegar jarðamat fór fram 1802.<sup>13</sup> Tvö býli (austurbær og vesturbær) eru skráð í Skarðshlíð í fasteignamati 1916.<sup>14</sup> Nú munu vera þrjú

1 Skjal nr. 3 (128).

2 Skjal nr. 3 (89).

3 Sbr. skjal nr. 2 (13). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 47.

4 Sbr. skjöl nr. 3 (140), nr. 5 (94-98, 132-134). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 46-49.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 677. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 258 (máldagi Nikulásarkirkju í Skógum 1371?). *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 646 (máldagi Nikulásarkirkju í Skógum 1553).

6 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 105-107.

7 Skjal nr. 5 (76).

8 Björn Lárusson 1967, s. 87.

9 Sbr. skjöl nr. 5 (101, 121, 124, 126, 129).

10 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 31.

11 Skjöl nr. 5 (44, 45).

12 Sbr. kafla 5.20. um Drangshlíð og skjal nr. 3 (8) (landamerki milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar annars vegar og Hrutafells hins vegar 1885).

13 Sbr. skjal nr. 3 (90).

14 Skjal nr. 3 (89).

býli í Skarðshlíð: Skarðshlíð I, sem er gamli austurbærinn, Skarðshlíð II (vesturbærinn) og Skarðshlíð III en það var byggt sem nýbýli úr Skarðshlíð II árið 1951.<sup>1</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búskapur hafi verið nokkuð samfelldur í Skarðshlíð frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að hún hafi verið framseld og veðsett á þann hátt sem venja var hverju sinni.<sup>2</sup>

## 5.22. Ytri-Skógar

Í Hauksbók Landnámu segir frá því að Þrasi Þórólfsson hafi farið af Hörðalandi til Íslands „ok nam land millim Jökulsár ok Kaldaklofsár ok bjó á Bjallabrekku; þar heita nú Þrasastaðir skammt austr frá forsinum, en leiði Þrasa er fyrir vestan Forsá heldr nær ánni í Drangshlíð undir gnúpinum, ok er skriða á hlaupin“.<sup>3</sup> Bjallabrekka er sögð vera fyrir ofan bæinn í Ytri-Skógum. En samkvæmt Melabók og Sturlubók bjó Þrasi í „Skógum enum eystrum“.<sup>4</sup>

Kirkja var í Skógum samkvæmt kirknaskrá sem Páll biskup Jónsson lét gera um 1200.<sup>5</sup> Í máldaga, sem talinn er frá 1332, er Nikulásarkirkju í Skógum eignað hálf heimaland með öllum rekum þeim sem þar fylgdu „oc þessum vtjordum. halfa drangshlyd. skardzhlyd. hordaskäle. backe og berianes. oc eystre skogar“.<sup>6</sup> Þetta hélt óbreytt í yngri máldögum kirkjunnar.<sup>7</sup> Af þessu er ljóst að í Ytri-Skógum hefur verið svokölluð bændakirkja og að Eystri-Skógar heyrðu undir hana.<sup>8</sup> Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er hins vegar ekki lengur minnst á Eystri-Skóga eða aðrar útjarðir kirkjunnar.<sup>9</sup> Skógajarðirnar voru þá komnar undir konung og voru hluti af Skóga- og Merkureignum sem gerð er nánari grein fyrir í kafla 5.5. Ytri-Skógar voru ásamt fleiri jörðum seldir Henriki Bjelke ríkisadmiráli með afsalsbréfi 30. apríl 1675. Eigi síðar en í byrjun 18. aldar höfðu Ytri-Skógar verið seldir úr jarðagóssi Bjelkes og erfingja hans.<sup>10</sup>

Ytri-Skógar voru metnir á 60 hundruð í jarðabókum 1686 og 1695 og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709.<sup>11</sup> Þá var alkirkja í Ytri-Skógum sem þjónað var þriðja hvern helgan dag af staðarhaldaranum að Hólum. Ábúendur voru tveir þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð en höfðu áður verið þrír. Í jarðamati 1802 hefur dýrleiki jarðarinnar verið færður niður í 40 hundruð með þeirri athugasemd að helmingur jarðarinnar tilheyrir Högna Benediktssyni en hinn helmingurinn kirkjunni í Skógum.<sup>12</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 eru Ytri-Skógar einnig sagðir 40 hundruð en í Nýrri jarðabók 1861 eru þeir metnir á 56,5 hundruð.<sup>13</sup>

Á ódagsettum seðli, sem er í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, standa þessi orð:

Eystriskógar undir Eyjafjöllum þykjast menn hafa heyrt, að byggðir sé úr Ytriskógum og hafi prestinum í Meðallandi lagðir verið, nær prestunum voru lénsjarðir til uppheldis eftirlátar, en nær vita menn ekki, og hafi Eystriskógar í fyrstu verið hjáleiga frá enum ytri, hvað og vera kann, því engin landa-

1 *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 51-53. Nafnleyfi var veitt 1953 (sbr. skjal nr. 5 (152)).

2 Sbr. skjöl nr. 3 (141) og 5 (151, 152, 241-243). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 50-53.

3 *Landnámabók* 1986, s. 339.

4 *Landnámabók* 1986, s. 339 (8. nmgr.).

5 Skjal nr. 5 (37).

6 Skjal nr. 5 (4).

7 Sbr. skjöl nr. 5 (9) (máldagi 1371?) og nr. 5 (35) (máldagi 1553).

8 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 676.

9 Skjal nr. 5 (40).

10 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 502. Í sömu heimild (s. 498) stendur að Bergur Benedixen hafi keypt Eystri-Skóga fyrir 700 ríkisdali en það hlýtur að vera misritun fyrir Ytri-Skóga. Í *Sunnlenskum byggðum* 4 (s. 44) segir að séra Högni Ámundason hafi keypt Ytri-Skóga af erfingjum Henriks Bjelkes um 1685.

11 Björn Lárusson 1967, s. 87. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 28.

12 Skjal nr. 3 (90).

13 Skjöl nr. 5 (44, 45).

merki eru á millum þessara jarða. Þar til hefur og selstaða frá Ytriskógum brúkuð verið nærri upp undan Eystriskógum átölulaust af þeirrar jarðar meðeigendum. Líka so hefur áður fyrrum önnur selstaða brúkast að sögn á Eskiheidi, sem undan er gengin jörðunni Ytriskógum til Drangshlíðar með áreið hér um fyrir 20 árum.<sup>1</sup>

Það sem hér segir um selstöðu Ytri-Skóga vísar til langvarandi ágreinings milli ábúenda Ytri-Skóga og Drangshlíðar sem nánar er fjallað um í kafla 5.20. (Drangshlíð).

Árið 1768 var kveðinn upp svofellur dómur í ágreiningsmáli milli eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um landamerki þessara jarða og skógarpláss milli Jökulsárgils og Hofsár:

Eystri Skógar. Dómur sýslumanns Jóns Jónssonar og hanns 8 meðómsmanna afsagdur á Eystri Skógum í Landa og Skógarþrætu sökinni milli eystri og ytri Skóga.

Eptir framkomnum gögnum og bevisingum í landamerkja málinu millum ytri og Eystri Skóga er vor undirskrifadra Dómur: ad ytri Skögum tilheyri land alt og Löd upp á Heidinni, sem liggur á milli nefndra jarða og á millum Hvarnarhölsár og Dalagilsár, [og það alt austur ad Dalagili eda Dalagilsá]<sup>2</sup> samt alt fram á Brúnir (eda svokalladar Þverbrekknabrír) þar til ofan eptir hallar. Enn Eystri Skögum tilheyri og tildæmast allar Brekkur fyrir nedann Brúnir (eda Þverbrekknabrír) á milli Dalagilsár og Hvarnahölsár, svo ytri Skógar eiga alt heidarland alt austur ad Dalagilsá hid efra. Enn Eystri Skögum til dæmast hér med allar Brekkur nidur ad Sandi og þeirri svokölludu Austustu Fit, út ad Hvarnarhölsá hid nedra, því þar það er margbevisad eru og hafa verið eignarland, slæjuland og stekkjartúnsland Eystri Skóga frá alda ödli, og hvad ytri Skögumenn hafa leitast vid ad veikja þennann eignarrétt Eystri Skóga er fánitt, veikt og ölogmætt, og þarf einginn ad taka sér til forundrunar né ásteitingar þött Landamerkjum hafi svo hagam og nidur radad verið í firndinni ad lönd liggj á misvíxl, svo einn eigi efra, annar nedra, því þar til finnast mörg dæmi undir Eyafjöllum, hvar margbilt og þraungbilt var og er. Hér ad auki hafa ytri Skóga eigendur og ábúendur Gudmundur og Ísleifur Jónss(ynir) lögfest undir sína jörd skógarplátsid milli Hofsár og Jökulsárgils, sem liggur fyrir austann Eystri Skóga i og vid þeirrar jarðar átölulause landeign. Enn þar um leidd og afheyrd 10. vitni af beggja málspartanna hálfu, hafa öll vitnad, ad þetta skógarpláts tilheyri Eystri Skögum enn ekki ytri Skögum hvörs (vegna) það og Eystri Skögum med fullum og öllum eignarrétti tildæmist. – Fyrir önaudsinlega málsýfing, samt þar vid orsakada mædu og málskostnad betali saksöknaarmir ytri Skóga eigendur og ábúendur Ísleifur og Gudmundur Jónss(ynir) til prestsins séra Björns Jónssonar á Hómaseli 4rd croner, nefnilega sína 2rd hvör þeirra innann 6. vikna frá þessa Dóms uppsögn fyrir Réttinum, alt undir löglega adför og Execoutción eptir lögum.

Þessi Dómur var opinberlega fyrir réttinum upplesinn þeim Gudmundi og Ísleifi Jónssonum áheyrandi, en síra Björn mætir ei vid Réttinn.

J. Jónsson

Bjarni Jónsson

Brandur Jónsson

Einar Ólafsson

Þorleifur Gudnason

Jón Árnason

I. Simonarson

Jón Þórdarson

Kolbeinn Markússon<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Skjal nr. 5 (62).

<sup>2</sup> Orð í hornklofa eru rituð neðanmáls en vísað hér inn.

<sup>3</sup> Skjal nr. 3 (69). Texti þessi er úr kveri, uppskrifuðu eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar 1909.

Landamerkjabréf Ytri-Skóga var undirritað 22. maí 1886 og er á þessa leið:

Skrásetning

yfir landa og fjörumerki Ytri-Skóga undir Eyjafjöllum sem hálf er bænda og hálf kyrkjueign með 14 kyrkjukúgildum.

Þá samkvæmt þeirri brúkun sem bæði vegsummerki og örnefni votta að tíðkuð hafi verið frá ómunatíð og samkvæmt viðvarandi sögusögn manna fram af manni, leyfum við okkur hér með í tilefni af lögum frá 17. mars mánaðar 1882 að skrásetja lýsingar á lands og fjörumörkum eins og vér vitum þau réttust vera:

1. er þá á austurhlíðina: Steinhjúga suður á sjávarkamp, sem er bæði fjöru og landamark, hún á að bera eða miðast beina sjónhending í miðjan Dalagilsfoss, Dalagil aðskilur síðan nokkuð langt til norðurs Ytri og Eystri-Skóga heiðarland hvort frá öðru; síðan beygist sama gilið til austurs og er úr því kallað Hnaukagil og ræður það mörkum millum áður nýnefndra Ytri og Eystri Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru, enn úr því bein stefna til landnorðurs inn á svo nefndan Bolagilstanga sem er í vesturbrún Fjallgils. Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystri-Skógaheiði austur að Fjallgili, frá Bolagilstanga er Fjallgilsáin, sem kemur undan jökli, mark milli Ytri-Skóga-afréttar, sem nefnist Skógafjall, og Eystri-Skógaheiðar; þangað til hún rennur aftur undir jökulinn við fremri enda Skógafjalls, og er fjallið þar umkringgt jökli, að austan afmarkar Skógafjall eins og við höfum lýst frá Hvítmöguafrétti Ytri-Sólheima Jökulsárgil og svo nefnt Lónið sem liggur innan við falljökulinn<sup>1</sup>.

2. Að vestan markar syðst Skóga-áin, Evyndarhóla, Drangshlíðar og Skarðshlíðar land frá Ytri-Skógalandi frá fjöru til fjalls beina sjónhending í Vörðu á Skóganúp, sem mun vera felld eða fallin (síðan Drangshlíðar eigendur hafa sjálfir tekið sér rétt á dalnum Questionis, sem er þrætuland millum þeirra og Ytri-Skóga eigenda), úr nefndri vörðu eða hennar stöðvum, er mark, beinlínis sjónhending inn á svo nefnt Krókshöfuð, sem er innanlega í austurbrún Skógargils. – Þaðan er Skógargilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heiðarlands.

3. Fjöru-mark að vestan milli Ytri-Skóga og Eyvindarhóla fjöru er að bryddi á Skógafossi sem svarar fuglsbringu austur undan Skóganúp. – Getið skal þess, að ítaksfjörur frá Drangshlíð, Skarðshlíð, Hnútafelli og Hnútafellskotum eru á vesturparti Ytri-Skóga-Fjöru og er stór strýtusteinn suður við sjó, sem markar Ytri-Skóga-fjöru frá þeim, þannig, að steinninn beri í Úlfhildarklof, sem er í neðri enda Úlfhildartorfu.

Ytri Skógum 22. maí 1886.

Sem eigandi og ábúandi Kjartan Þórsson

[Sem eigandi og ábúandi] Oddur Sveinsson

[Sem eigandi og ábúandi] fyrir handsal Högni Ólafsson<sup>2</sup>

1 Sýnist standa *fulljökulinn*.

2 Skjal nr. 3 (12).

Landamerkjabréf þetta var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Í landamerkjabók er einnig skráð lýsing á mörkum milli afrétta Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima frá svipuðum tíma:

Mark milli afrjettanna Ytri-Skóga, hverra afrjettur kallaður er Skógafjall, og Ytri-Sólheima sem kallaður er Hvítmaga er Jökulsárgil sem Jökulsá rennur nú (?)<sup>1</sup> framúr og hefir runnið svo lengi sem elstu menn muna til.

Ytri-Skógum og Ytri-Sólheimum, 14. júní 1885.

K. Jónsson, Fyrir handsal Oddur Sveinsson,

Vigfús Þórarinnsson, Einar Guðmundsson,

Þorleifur Jónsson, Sæm. Árnason,

Guðmundur Ólafsson, Sveinn Magnússon, Jón Ólafsson, nafnið handsalað

Handsalsvottar: Árni Jónsson. Friðrik Jónsson<sup>2</sup>

Lýsing þessi var lesin á manntalsþingi að Loftsalahelli 22. júní 1885 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Árið síðar, 11. júní 1886, var hún lesin og bókuð á manntalsþingi að Steinahellisþingstað í Austur-Eyjafjallahreppi og rituð í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Svo virðist sem landamerkjabréf Ytri-Skóga hafi ekki verið undirritað fyrir Eystri-Skóga enda voru deilur milli eigenda þessara jarða, ekki síst um eignarréttinn á Skógafjalli. Í þessu sambandi skal á það bent að 14. desember 1885 undirritaði Jón Hjörleifsson í Eystri-Skógum einn undir lýsingu á merkjum milli Eystri- og Ytri-Skóga (sbr. kafla 5.23.).

Hinn 27. júlí 1894 höfðuðu ábúendur Ytri-Skóga, Bárður Bergsson og Gyðríður Guðmundsdóttir, mál á hendur Jóni Hjörleifssyni hreppstjóra í Eystri-Skógum og kröfðust þess að Skógafjall yrði dæmt „eign bændakirkjujarðarinnar Ytri-Skóga og að stefndi yrði dæmdur til að borga sanngjarnan hagatoll fyrir hvert ár, sem hann heimildarlaust hefur beitt umþráttáð fjall...“<sup>3</sup> Málinu var vísað frá héraðsdómi með þeim rökum að þess hefði eigi verið gætt að krefjast útnefningar meðdómsmanna eins og fyrirskipað væri í landamerkjalogum 17. mars 1882. Að auki var bent á að einungis annar stefnandinn hefði heimtað hagatoll og enginn vísar til þess fyrir því að spurningin um hagatoll hefði verið lögð fyrir sáttanefnd eins og málið sjálft á sínum tíma.<sup>4</sup> Deilum þessum lauk með samningi með svohljóðandi samningi í lok árs 1899:

Ár 1899, hinn 13. des. mán. gjörðu þeir hreppstjóri Jón Hjörleifsson, búandi Eystri-Skóga, í von samþykki kirkjustjórnarinnar, Bárður Bergsson eigandi og ábúandi Ytri-Skóga, og Ísleifur Oddsson ráðamaður móður sinnar Gyðríðar Guðmundsdóttur, eiganda og ábúanda Ytri-Skóga, þann samning milli sín er nú skal greina:

1. Hið svonefnda Skógafjall, afréttarland Skóga, sem liggur milli Jökulsár og Fjallgilsár, skal hér eftir

1 Spurningarmerki í sviga í handriti.

2 Skjal nr. 3 (11).

3 Skjal nr. 3 (114).

4 Skjal nr. 3 (114).

vera eign Ytri- og Eystri-Skóga þannig, að Ytri-Skógar eiga  $\frac{4}{5}$  nefnds afréttarlands, en Eystri-Skógar  $\frac{1}{5}$ . Tekið skal það fram að engar aðrar jarðir en Ytri- og Eystri-Skógar eiga rétt til upprekstrar í téð Skógafjall.

2. Landamerkjalinna milli Ytri- og Eystri-Skóga skal vera þannig: Úr vörðu á Öldunum, sem er fjöru-mark milli Ytri- og Eystri-Skóga fjöru, bein stefna í Dalagilsfoss, síðan úr áður nefndri vörðu beint alt upp að Dölu suðvestan við Eystri- Skóгатún; síðan ræður Dala upp að fossi, og svo áfram austan við svo nefndan Hnauka, alt inn að Kambsfjöllum (frb. Kanfjöll) og þaðan í norður til jökuls. – Auk þess eiga Eystri-Skógar Brekkur allar og Þverbrekkur alt að Efribrúnum, Austustu Fit.

Staddir í Ytri-Skógum 14. de. 1899.

Vitundarvottar:	Jón Hjörleifsson,	Bárður Bergsson <sup>1</sup>
	Kjartan Einarsson	Ísleifur Oddsson
	Lárus Bjarnason	

Sáttargjörð þessi er hér með staðfest.

Stiftsyfirvöld Íslands

Reykjavík 14. seft. 1901.

J. Haavsteen Hallgr. Sveinsson

Rétt eftirrit staðfestir.

Bjarni Einarsson (prófastur)<sup>2</sup>

Eins og áður hefur verið getið var bændakirkja í Ytri-Skógum og mun hún hafa staðið til ársins 1890. Ytri-Skógar eru tvíbýlisjörð og hefur það yfirleitt verið þannig eftir því sem heimildir greina. Árið 1944 var jörðin gefin Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og var þar rekið skólalabú til 1968.<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búskapur hafi verið nokkuð samfelldur í Ytri-Skógum frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld á venjubundinn hátt og veðsett.<sup>4</sup>

### 5.23. Eystri-Skógar

Landnámsmaðurinn Þrasi Þórólfsson af Hörðalandi bjó í „Skógum enum eystrum“ samkvæmt því sem stendur í Melabók og Sturlubók Landnámu.<sup>5</sup> Í Hauksbók segir hins vegar að Þrasi hafi búið á Bjallabrekku en hún er sögð vera fyrir ofan bæinn í Ytri-Skógum<sup>6</sup> Eystri-Skógar eru nefndir sem ein af „útgörðum“ kirkjunnar í Ytri-Skógum í máldaga sem talinn er frá 1332 og jafnan síðan þar til kemur að máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570. Þá er útjarða ekki lengur getið (sbr. kafla 5.22.).

1 Jón Hjörleifsson er skráður ábúandi í Eystri-Skógum 1861-1901 og Bárður Bergsson í Ytri-Skógum 1887-1907 (*Sunnlenskar byggðir* 4, s. 43 og 45).

2 Skjal nr. 3 (104). Ekki er að sjá að þessum samningi hafi verið þinglýst.

3 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 44. Skjal nr. 5 (156). Héraðsnefndir Rangæinga og Vestur-Skaftafellssýslu eru skráðir eigendur jarðarinnar (sbr. skjal nr. 5 (257)).

4 Sbr. skjöl nr. 3 (139), nr. 5 (156-161, 252, 256-260). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 44-45.

5 *Landnámabók* 1986, s. 339.

6 *Landnámabók* 1986, s. 339 (8. nmgr.).



Ytri-Skógar ásamt „útjörðinni“ Eystri-Skógum og fleiri eignum komust undir konung seint á 15. öld. Skógaeignir voru seldar Henriki Bjelke ríkisaðmíráli með afsalsbréfi 30. apríl 1675 að undanskildum Eystri-Skógum sem höfðu verið gerðir að lénsjörð prestsins að Skarði í Meðallandi um 1580.<sup>1</sup> Vikið er að þessu á ódagsettum seðli sem er í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og birtur í kafla 5.22.

Eystri-Skógar voru metnir á 23 hundruð og 80 álnir í jarðabók 1686 en á 12 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>2</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleikinn ekki gefinn upp enda Eystri-Skógar lénsjörð og því ekki tíundarskyld.<sup>3</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 eru Eystri-Skógar skráðir á 12 hundruð en 23,2 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>4</sup>

Í kaflanum um Ytri-Skóga er gerð grein fyrir ágreiningi um landamerki milli Ytri- og Eystri-Skóga. Þar er vísað til landamerkjadóms 1768, deilna um Skógafjall 1893-1895 og sammings um rétt þessara jarða til Skógafjalls og landamerki þeirra 1899. Hér er því við að bæta að árið 1839 gaf ábúandinn í Eystri-Skógum út svofellda lögfestu:

Lángholts-kyrkju prestakalli innann Vestur Skaptafellssýslu tillagda mensal Jörð Eystri Sköga vid Eyafjöll innann Rángárvallasýslu. Lögfesti eg hér undirskrifadur í dag ad ordfullu og lögmáli réttu ábilisjörð mína Eystri Sköga til lands og vatns og ytstu takmarka, sem adrir menn í möti eiga, og eru þessi ad austan: ur Fjörumarki nordur ad Fjallgili og þadan sýdann nordur í Jökul, ad vestann: ur fjöru-marki í Dalagilsfoss, og so rædur Dalagil til Jökuls sem og líka med öllum Brúnum vestur ad Kvarnarhólgili, úr því sudur í sand á milli austustu og Mid Fitjar, – fyrirbid eg öllum mönnum þettað mitt leiguland ad brúka nema mitt sé lof eda leifi til undir lagasektir. Enn óskil af nábilismönnum, sem hafa lögfest undir sig af mínu leigulandi, sem eru studjos Einar Högnason, síra Kjartan Jónsson, Sveinn Ísleifsson, ad þeir þá þessa mína lögfestu innann lagatermins afrii med fimtarstefnu og þeir þá vid Fimtarðöminn framleggi þaug skilríki og Document, sem þeir hafa kinni hér á möti, þar eg tjái mig fúsann til ens sama. Til stadfestu er mitt undirskrfað nafn.<sup>5</sup>

Eystri Skógum þann 22. Novembris 1839

H. Jonsson<sup>6</sup>

(LS)

Lögfestan var lesin upp við Skógakirkju 24. nóvember 1839 að söfnuðinum áheyrandi. Landamerkjabréf Eystri-Skóga var undirritað 9. nóvember 1885 og er þannig:

Skrásetning um landamerki jarðarinnar Eystri-Skóga í Austur-Eyafjallahreppi í Rangárvallasýslu að fornu mati 12<sup>e</sup> enn eftir jarðabókinni 1861 23.2<sup>e</sup>. – Einungis er hér lýst mörkum á milli nefndrar jarðar Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, bæði eftir sögu núlifandi manna og svo líka eftir þeim skjölum og skilríkjum sem ég undirritaður í höndum hefi.

1 Sbr. Björn Lárússon 1967, s. 87 (2. nmgr.). *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 27.

2 Björn Lárússon 1967, s. 87.

3 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 27.

4 Skjöl nr. 5 (44, 45). Þessi mikli munur á dýrleika jarðarinnar 1847 og 1861 er skýrður í úttekt 1915 á þá leið að á þeim tíma hafi allt að hálfum heyskap verið fluttur frá öðrum jörðum og jörðin því gefið af sér meiri heyskap (sbr. skjal nr. 1 (134)).

5 Lögfesta sú sem hér er vísað til hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni.

6 Skjal nr. 3 (70). Lögfestan er úr kveri, skrifuðu upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli 1909 (sbr. skjal nr. 3 (137)).

Fjörü á jörðin fyrir sínu landi, fjörumark er nú brúkað samkvæmt forlíkun sem gjörð er af undirrituðum ábúanda, að stórsteinn rétt ofan við fjöruna með hlaðinni vörðu á, á að bera við vestasta heiðarhornið á Ytri-Sólheimaheiði.

Landmarkið. Hinn nefndi stórsteinn, sem brúkaður er fyrir fjörumark. Úr honum er bein lína í Jökulsárgil, svo ræður gilið upp undir svonefnt Skóga-fjall þá liggur merkjalínan austur úr votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin sem er í síðastnefndu gljúfri marki norður í jökul. Allt það land sem er fyrir vestan nefnda markalínu tilheyrir Eystri-Skógum, allt út að mörkunum sem eru á milli Eystri og Ytri Skóga, sem skjal merkt Nr. 2. skýrir frá.

Eystri-Skógum dag 9. nóvember 1885.

Jón Hjörleifsson (ábúandi í Eystri-Skógum.)

Undirritaðir ábúendur og eigendur Ytri-Sólheima eru samþykki framanskriafaðri markalýsingu.

E. Eyólfsson (h.s.) S. Magnússon (h.s.) G. Eyólfsdóttir (h.s.) Einar Guðmundsson

Sæmundur Árnason Guðmundur Ólafsson (h.s.) Jón Ólafsson (handsalað) G. Ólafsson

Sveirn Sigurðsson (handsalað)<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Steinahelli 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu.

Annað landamerkjabréf er til um Eystri-Skóga og lýsir það einungis markalýsingu milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga:

Í framhaldi af markalýsingarskjali merkt Nr 1 um landamerki jarðarinnar Eystri-Skóga í Austur-Eyja-fjallahreppi í Rangárvallasýslu, og er hér lýst einungis markalínu á milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga í nefndum hreppi og sýslu eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem ég í höndum hefí og svo líka eftir sögu núlifandi manna, og er markalínan sem nú skal greina:

Fjörumark milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga er grjótvarða á Öldunum fram við fjöru, sem á að bera í dalagilsárfoss, úr þessari vörðu er bein lína á sandinum sem næst til útnorðurs, það langt, að þangað til að sjá má Kvarnarhólsárfoss, liggur þá markið upp á milli svonefndrar Austustu fitar og miðfitar og það beina sjónhending upp í Kvarnarhólsá, svo rædujr áin í gílinu þangað til að kemur á móts við efri Þverbrekknabryr, liggur þá markið austur á við með brúnunum og það austur að miðtungugili og með þeim brúnum ofan við svo nefnt laufeimi og álfhól og kofaskjól, úr því ræður dalagil þangað til að það fer að beygjast austur í við vestan við svonefnda hrauka, þá liggur markalínan í laufatungugilið og það áfram sem næst í hánorður, norður í jökul. Allt það land sem er fyrir austan hér nefnda markalínu frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima tilheyrir allt Eystri-Skógum.

Eystri-Skógum dag 14. desember 1885

Jón Hjörleifsson<sup>2</sup>

1 Skjal nr. 3 (13).

2 Skjal nr. 3 (14).

Árið 1915 óskaði ábúandi Eystri-Skóga, Vigfús Ólafsson, eftir því að fá að kaupa jörðina sem þá var sögð eign Langholtskirkju í Vestur-Skaftafellssprófastsdæmi.<sup>1</sup> Ekkert varð úr sölu í það sinn en í úttekt á jörðinni um líkt leyti er henni talið til tekna að beitolandið sé „viðlent og gott til allra beitar“ en smalamennska erfið.<sup>2</sup> Eystri-Skógar voru seldir ábúandanum 1947 og eru nú í einkaeigu.<sup>3</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða visbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, að mestu í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.<sup>4</sup> Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar og loks gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

### 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi við Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul vestanverðan. Þar eru nafngreindir landnámsmennirnir Þrasi Þórólfsson nam land milli Jökulsár og

1 Sbr. skjal nr. 3 (134).

2 Skjal nr. 3 (89) (fasteignamat 1916).

3 Sbr. skjöl nr. 5 (135, 208, 255). *Sunnlenskar byggðir* 4, s. 43.

4 Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 10, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Kaldaklofsár (Kaldaklifsár), Hrafn Valgarðsson milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, Ásgeir kneif Óleifsson milli Lambafellsár og Seljalandsár og Ásgerður Asksdóttir frá Seljalandsmúla að Markarfljóti. Ásgerður er sögð hafa numið Langanes allt upp til Jöldusteins og búið í Katanesi. Einnig er þess getið að Þorgeir hinn hörski Bárðarson hafi keypt land af Ásgeiri kneif milli Lambafellsár og Írár og búið í Holti.

Í Landnámabók er enn fremur greint frá tveimur bræðrum, Ásbirni og Steinfinni Reyrekilssonum, sem námu land „fyrir ofan Krossá ok fyrir austan Fljót“. Landnám sitt kallaði Ásbjörn Þórsmörk. Steinfinnur bjó á Steinfinnsstöðum en ekki kemur fram hvar Ásbjörn reisti bæ sinn. Skammt fyrir norðan (innan) Þröngá, á stað sem heitir Kápa, hafa fundist mannvistarleifar, m.a. dys, og eru getgátur um að þar hafi bær Steinfinns staðið. Einnig hafa fundist húsarústir við norðanverðan Merkurran þar sem heita Þuríðarstaðir og Þuríðarstaðir efri. Þar komu í ljós gripir sem samkvæmt aldursgreiningu gætu verið frá öndverðri landnámsöld. Hugmyndir eru um að á Þuríðarstöðum hafi búið Þuríður Gollnisdóttir og Ketill auðgi, sonur Ásbjarnar Reyrekilssonar landnámsmanns, en um það verður ekkert fullyrt. Enn einn landnámsmaður er nefndur austan Markarfljóts, Jörundur goði Hrafnsson. Í Landnámu segir að bjór hafi legið ónuminn fyrir austan Fljót (þ.e. Markarfljóts) milli Krossár og Jöldusteins. Það land hafi Jörundur farið eldi og lagt til hofs. Haraldur Matthíasson gat sér til um að landsvæði þetta hefði verið þar sem „smáafréttirnir“ urðu síðar (þ.e. Eyvindarmúlatungur og Teigstungur) en um það verður ekkert fullyrt enda landnám Jörundar óþekkt.

Samkvæmt framangreindu hefur landnám á Eyjafjallasvæðinu náð frá Jökulsá í austri að Markarfljóti í vestri og norðaustur með því. Land undir Eyjafjöllum er að öðru leyti afmarkað af Eyjafjallajökli, Mýrdalsjökli og hafi. Næst ströndinni er undirlendi en heiðarlönd og fjalllendi upp við jökla og þeirra á milli. Jöklar og hálendi sunnan þeirra blasa við frá fjöru séð, og fjarlægðir þar á milli eru ekki verulegar. Norðan Eyjafjallajökuls og norðvestan Mýrdalsjökuls er land fjalllent, mjög skoríð giljum og víða all bratt, þá einna helst norðan undir jökluum. Undirlendi og flatlendi svæðisins er að finna með fram Markarfljóti og Krossá.

Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Eyjafjallasvæðinu verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur líklegt að sunnan- og vestanvert Eyjafjallasvæðið hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti. Staðhættir mæla hins vegar fremur gegn því að landið norðan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla hafi verið numið. Bein túlkun Landnámu styður þó fremur ályktun í þá veru. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbygðanefndar.

### 6.3. Almenningar

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Almenningar tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Að Almenninum liggur til vesturs afréttur Fljótshlíðinga (Græna fjall), til norðurs er afréttur Hvolhrepps (Emstrur), Mýrdalsjökull er til austurs og Þórsmörk að sunnanverðu.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Almenningar eru bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, að mestu í 200-1100 m yfir sjávarmáli.<sup>2</sup> Vesturhluti Almenninga er hallalítill en austan til undir jökli hækkar landið snögg og mætir jökli í um 1000 m. Vestasta tá Almenninga kallast Kápurani á Kápu sem afmarkast að norðan af ánni Ljósá, sem sker

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5. 1999.

2 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarövegssrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 38 km<sup>2</sup> að flatarmáli.

landsvæðið þvert frá austri til vesturs, og Þröngá að sunnan. Ljósá skiptir Almanningum í Fram- og Innafrétt. Austur frá Kápu liggur Gráfell í 427 m. Innan Gráfells liggja Þröngárkrókar (Þröngárbrúnir) í 400-500 m norðan Þröngár, austur að jökli. Norðan Ljósár liggja Úthólmar sem eru gróðurreitir í örfoka landi á vestasta tanga landsvæðisins. Innan þeirra liggja Ljósabrýr sem ná austur að Fauskatorfum í Fauksheiði sem er eldbrunnið land með rauðagjalli í 300-500 m. Inn af Fauksheiði er land í 400-600 m og austan þeirra eru nokkuð brattar flatir sem nefnast Lakaflatir og er hæsti tindur þeirra 782 m. Ofan og austan þeirra eru hallalitlir Lakar. Norðaustan Laka rís Illhöfuð undir Entujökli í 871 m. Landræma skilur Entujökul og Merkurjökul suðaustur Illhöfuðs og nær hún í 1400 m. Á norðanverðum Almanningum er hallalitill Langhál sem liggur að Söndunum til norðurs. Sandarnir eru nyrsti hluti Almanninganna og standa þeir í 500-600 m og eru þeir víðlend og gróðurlaus flatneskja. Norðan þeirra rennur Fremri-Emstrúa.

Gróður um landnám var ólíkur því sem nú er og talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja ofan skógarmarkanna verið nokkuð samfelld. Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjallendi Eyjafjalla- og Þorsmerkursvæðisins eins og í öðrum landshlutum. Almenningar eru nú að mestur gróðurlaus auðn sbr. málsskjal nr. 11. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Almenninga á eftirfarandi hátt: 68% auðnir, 16% rýrt, 14% fremur rýrt og 3% vel gróið. Af þessu má sjá að Almenningar eru gróðurlitlir.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Almenningar liggja norðan sömu jökla og eru því allir í þjóðlendu miðað við þessa kröfugerð.

Á hinn bóginn hafa eigendur lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að meiri líkindi en minni séu fyrir því að byggilegt land af þessu landsvæði hafi verið numið. Sú lýsing Landnámu að numið hafi verið land „fyrir ofan Krossá fyrir austan Fljót“ þurfi þó ekki að taka til mikils landsvæðis og land sé ekki sagt numið til jökuls. Á það er einnig bent að Steinfinni Reykertilssyni hafi verið vísað þarna til búsetu af bændum í héraðinu án þess að hann sérstaklega helgaði sér land eftir reglum þess tíma. Hafi hér farið fram landnám sé alla vega ljóst að beini eignarrétturinn hafi fallið niður eins og gerðist í landnámsbyggðinni Þjórsárdal hver svo sem ástæðan hafi verið hér. Allar síðari heimildir um Almenninga lúti að afréttarnotum. Þar hafi verið rekið á fjall og gerð fjallskil af hálfu sveitarstjórnar. Ekkert heimildarskjal liggja frammi um eignarrétt og þaðan af síður sé til sérstakur þinglýstur eigandi. Þá sé landsins ekki getið í jarðabókum eða jarðarmötum.

Af hálfu jarðeigenda undir Vestur-Eyjafjöllum, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið. Fornleifarannsóknir hafi leitt í ljós tvær bæjarrústir á svæðinu, sú fremri á Kápu skammt norðan Þröngár, en þær innri á Bæjaröldu skammt norðan Ljósár. Byggð þessi virðist hafa staðið stutt á Innri-Almanningum en að líkindum fram á 13. öld á Fremri-Almanningum. Svæðið hafi að fornu heyrt til Eyjafjallasveit, og eignarréttur fallið til aðila innan þeirrar sveitar þegar byggð lagðist þar af. Svæðið hafi að fornu, og sé enn, kostaríkt af skógum og kjarngott beitiland bæði til sumar- og vetrarþeirra. Því er haldið fram að allur eignarréttur norðan Krossár sé með einum eða öðrum hætti leiddur af eignarrétti Holtskirkju og Stóradalskirkju. Kirkjurnar hafi síðan lagt þeim Eyfellingum, sem ekki áttu afrétt sunnan Krossár, til afrétt norðan Þorsmerkur, lagt eignarland til afréttar. Landsvæði þetta hafi á hverjum tíma verið nýtt á einhvern hátt. Eðli málsins samkvæmt hafi not þessi þó verið mismikil á hverjum tíma og jafnvel fallið niður um tíma á einhverjum svæðum. Nú um stundir sé það fjölsótt ferðamannasvæði. Við margháttaða

fríðun „Þórsmerkursvæðisins“ hafi réttur Eyfellinga verið skertur með ýmsum hætti. Sú skerðing eigi þó ekki að raska eignarrétti á svæðinu, heldur sé aðeins um að ræða stjórnsýslufrákvæmd. Vísað er til hefðar.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Almennina. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírátt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Almenningar talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Almennina. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar skal þess getið að í máli nr. 4/2003 hjá óbyggðanefnd er komist að þeim niðurstöðum að afréttur Fljótshlíðar (Grænafjall) og Hvolhrepps (Emstrur) séu þjóðlendir.

Merkjum Almennina er lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892. Komist hafa fram kenningar um að til forna hafi landsvæði þetta, ásamt Emstrum og jafnvel stærra svæði, verið nefnt Goðaland en um það verður engu slegið föstu. Þá er að auki til takmörkuð lýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra frá því um miðja 19. öld. Loks liggur fyrir lýsing á merkjum Almennina úr afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Almennina gagnvart Fljótshlíðarafrétti. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu liggja þau í Markarfljóti þaðan sem Emstruáin rennur í það og „niðureftir gilinu þar til Þröngá fellur í það“. Bréfið er ekki áritað sérstaklega vegna Fljótshlíðarafréttar enda Markarfljót glögg afmörkun af náttúrunnar hendi en oddviti Fljótshlíðarhrepps áritar bréfið vegna Þórsmerkur. Um Fljótshlíðarafrétt er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Markarfljót ráði gagnvart Almenninum, sbr. m.a. lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753 um Grænafjall, Þórsmörk, Teigs- Guðrúnar- og Múlatungur, auk Langaness. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 er einnig miðað við Markarfljót að vestan.

Norðurmerki Almennina, gagnvart Emstrum, afrétti Hvolhrepps, liggja samkvæmt landamerkjabréfinu í Emstruánni fremri, „frá upptökum hennar úr jöklinum allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu“. Bréfið er ekki áritað vegna Emstrusvæðisins. Í afréttalýsingu Einars Sighvatssonar kemur einungis fram að Almenningar nái norður fyrir Ljósá. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 segir einnig að Fremri-Emstruá ráði að norðan. Um Emstrur er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Syðri- (eða Fremri-) Emstruá, nánar tiltekið sú kvísl hennar sem á upptök við Entugjá, ráði merkjum gagnvart Almenninum, með vísan til fyrstu og einu heildstæðu lýsingarinnar á mörkum afréttarins, frá 1979.

Hér ber þess að geta að afmörkun Almennina á korti meðfylgjandi kröfulýsingu jarðeigenda undir Vestur-Eyjafjöllum miðar upptök Emstruárinnar fremri úr jöklinum hins vegar ekki við framangreinda upptakakvísl við Entugjá heldur kvísl sem kemur undan jöklinum nokkru sunnar og vestar. Á þeim stað eru teiknuð hreppamörk á staðfræðikorti Landmælinga Íslands. Þá kom fram sú athugasemd af hálfu jarða undir Vestur-Eyjafjöllum við fyrstu fyrirtöku máls þessa að á kröfulínukorti væru hreppamörk ranglega teiknuð á þessu svæði, þ.e. í þeirri kvísl Emstruár sem á upptök við Entugjá. Þau ættu réttilega að fylgja kröfulínu jarðeigenda undir Vestur-Eyjafjöllum, þ.e. þeirri kvísl Emstruár sem liggur sunnar og vestar. Þar norðan við sé fyrrum Hvolhreppur. Um sé að ræða villu í kortagrunni Landmælinga Íslands. Um það landsvæði norðvestan Entujökuls sem hér hefur

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

verið lýst og telja verður með vísan til framangreinds að falli utan merkja Almenninga er að öðru leyti fjallað í kafla 6.26.

Suðurmerkjum Almenninga, gagnvart Þórsmörk, er lýst í „Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili allt frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót“. Bréfið er áritað um samþykki oddvita Fljótshlíðarhrepps vegna Þórsmerkur. Afréttalýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra frá því um miðja 19. öld er í samræmi við þetta. Til er landamerkjabréf fyrir Þórsmörk, dags. 2. maí 1892, og áritað um samþykki fyrir „afréttinn Almenninga“, í umboði hreppsnefndar Vestur-Eyjafjallahrepps. Merkjum er þar eins lýst og Almenningar eru nefndir „afréttur Eyfellinga í Holtssókn“. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 er einnig miðað við Þröngá að sunnan.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Almenninga og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Austurmörkum Almenninga er hins vegar einungis sérstaklega lýst í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 þar sem segir að afrétturinn takmarkist af Mýrdalsjökli að austan. Í kröfugerð eigenda lögbýla undir Vestur-Eyjafjöllum vegna Almenninga er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti.

Að því er varðar austurmerki Almenninga, gagnvart Mýrdalsjökli, telur óbyggðanefnd að landamerkjabréf svæðisins frá 1892 beri með sér að lítið hafi verið svo á að merki landsvæðisins næðu upp að jökli, sbr. einnig afréttaskrá sýslunnar 1979. Merkjum til norðurs og suðurs er þannig lýst alla leið í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst í hinum eldri heimildum.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Almenninga. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er skýrt afmarkað af jökulum, ám og árgiljum. Umrætt landamerkjabréf er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þeir sem átt hafa hagsmuna að gæta á Almenninum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Almenninga, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á því landsvæði sem nú nefnist Almenningar, sbr. kafla 6.3. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Minnst er á Almenninga í lögfestu Stóra-Dals frá 19. desember 1665, sbr. einnig lögfestu frá 1795. Þar er fyrst lýst landamerkjum því næst fjörumörkum og loks skógaritökum og ýmsu fleiru, m.a. eru „úthólmur allir“ á Almenninum taldir til eigna Stóra-Dals. Samkvæmt örnefnaskrá Almenninga eru Úthólmur gróðurtorfa á suðvestanverðum Almenninum. Ekkert liggur nánar fyrir um tilurð þessara réttinda og á Almenninga eða Úthólma er ekki minnst í landamerkjabréfi Stóradalstorfu 1888.

Í landamerkjabréfum jarðanna Mið-Skála, Ásólfsskála, Holts og Ysta-Skála, sem gerð voru á árunum 1886 og 1890, segir að Almenningar séu afréttur viðkomandi jarða. Svo sem áður greinir liggja Almenningar norðan Þórsmerkur, norðaustur af Eyjafjallajökli en jarðir þessar undir Vestur-Eyjafjöllum, með fram jöklinum suðvestanverðum. Orðalag bréfanna er með ýmsum tilbrigðum. Í bréfi Mið-Skála segir nánar tiltekið að jörðin eigi „upprekstur ... á afréttarlandið Almenninga“ og í bréfi Ásólfsskála segir að afréttarlandið Almenningar „fylgi“ henni. Þá segir í bréfum Holts og Ysta-Skála að jarðirnar „eigi“ það sem nefnt er „afréttarlandið“ eða „afrétt“ Almenninga. Í öllum

bréfunum er gert ráð fyrir að réttur viðkomandi jarðar sé hlutfallslegur við aðrar jarðir sem sama rétt eigi. Í samræmi við þetta segir í sérstöku landamerkjabréfi Almenna frá 1892 að „Afrétturinn Almennigar“ tilheyri „meiri hluta Vestur-Eyjafjallahrepps“. Undir landamerkjabréfið skrifar oddviti Vestur-Eyjafjallahrepps. Sama dag áritar oddvitinn landamerkjabréf Þórsmerkur fyrir Almenna sem í því bréfi eru nefndir „afréttur Eyfellinga í Holtssókn“.

Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 segir að Almennigar tilheyri „öllum öðrum jörðum í Vestur-Eyjafjallahreppi en nefndar eru í tengslum við Steinsholt, Stakkholt og Merkurtungur“. Þær jarðir sem nefndar eru í tengslum við Steinsholt, Stakkholt og Merkurtungur eru eftirtaldar: Fit, Fitjarmýri, Mið-Mörk, Brúnir, Borgareyrar, Dalsel, Bjarkaland, Steinmóðarbær, Hamragarðar, Neðri-Dalur, Mið-Dalur, Stóri-Dalur, Eyvindaholt, Syðsta-Mörk, Stóra-Mörk 1-3. Jarðir þessar tilheyrðu ekki Holtssókn. Í gerðabók fasteignamatnefndar 1916 segir svo: „Allar jarðir í Vestur-Eyjafjallahreppi frá Varmahlíð að Tjörnum (báðar meðtaldar), að undanskildum Fit og Fitjamýri, eiga rétt til uppreksturs á „Almenna“.

Þegar þessa landsvæðis er getið í öðrum skriflegum heimildum er það einnig tengt upprekstri og afréttarnotum, sbr. afréttalýsingar Einars Sighvatssonar hreppstjóra á Ysta-Skála frá 19. öld, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar, auk gerðabókar fasteignamatnefndar 1916.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarða undir Vestur-Eyjafjöllum, annarra en Fitjar, Fitjarmýrar, Mið-Merkur, Brúna, Borgareyrar, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðri-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindaholts, Syðstu-Merkur og Stóru-Merkur, hafi haft af Almennigum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Almennigar hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttir til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir umfjöllun um Almenna í framangreindum landamerkjabréfum Almenna og jarða undir Vestur-Eyjafjöllum fremur til afréttareignar en beins eignarréttar og hið sama á við um lögfestur Stóra-Dals. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkur-svæðisins liggur ekkert fyrir um það að rétti þessum hafi verið afsalað.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig umræddar jarðir undir Vestur-Eyjafjöllum eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útloka að Almennigar séu innan upphaflegs landnáms á Eyjafjallasvæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirferslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Almenna hafi orðið til á þann veg að hluti íbúa undir Vestur-Eyjafjöllum hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda jarða undir Vestur-Eyjafjöllum að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðir undir Vestur-Eyjafjöllum hafi átt þar upprekstrar-rétt, þ.e. aðrar en þær sem sams konar rétt hafa átt til Steinholts, Stakkholts og Merkurtungna.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Almennigar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



*Frá upptökum Fremri-Emstruár við suðvesturjaðar Entujökuls í Mýrdalsjökli er þeirri á fylgt allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljóti niður eftir gilinu þar til Þröngá fellur í það, þaðan Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili, allt að upptökum hennar í Merkurjökli í Mýrdalsjökli. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, annarra en Fitja, Fitjarmýra, Mið-Merkur, Brúna, Borgareyrar, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðri-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur og Stóru-Merkur.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign hluta jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

#### 6.4. Þórsmörk

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Þórsmörk, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Að Þórsmörk liggur til vesturs afréttur Fljótshlíðinga (Grænaþjall), til norðurs eru Almenningar og til austurs Mýrdalsjökull. Að sunnanverðu eru Teigstungur, Goðaland og Stakkholt.

Þórsmörk er aflangt, fjallent heiðarland, sundurskorið af giljum og dalverpum. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hliðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Þórsmörk er bæði í hliðar- og fjallbeltinu, í 200-1100 m hæð.<sup>2</sup> Vestasti hluti Þórsmerkur er Ranatá á Merkurranum sem liggur við mót Markarfljóts og Krossár. Á Ranatá eru brattir gróðurlitlir Eggjar sem ná um 260 m hæð. Merkurranum, sem er að mestu uppblásturssvæði, nær austur að bröttum og grónum Valahnúk (458 m) um 2,5 km austan Eggja. Norðan Valahnúks liggur breiður og gróinn Húsadalur og austan Valahnúks liggur gróinn Langidalur. Norðan Húsadals eru Hamraskógar, gróðursælt svæði að mestu vaxið birkisskógi í um 250-300 m hæð. Austan Hamraskóga er Tindfjallagil og sunnan þess eru brött og klettótt Tindfjöll. Hæsti tindur þeirra nær 628 m hæð. Suðurhluti Þórsmerkur er mjög skorinn giljum og hryggir og hálsar þeirra á milli. Á eystri hluta Þórsmerkur eru einstök fell, svo sem Svínatungur (532 m) sem liggja austan Tindfjallagils. Sunnan þeirra er Brúni (550 m). Austan Svínatungna er Rjúpnafell (824 m) og innan þess liggur Mófell (853 m). Innan Mófells tekur Merkurjökull við og mætir land jökli í um 1030 m hæð. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæðið Þórsmörk á eftirfarandi hátt: 51% auðnir, 17% rýrt, 20% fremur rýrt og 12% vel gróið.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins, eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygst sig upp í hliðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjallendið verið þakið nokkuð samfelldum

<sup>1</sup> Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5. 1999.

<sup>2</sup> Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 72 km<sup>2</sup> að flatarmáli.

lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Þórsmörk liggur norðan sömu jökla og er því öll í þjóðlendu, miðað við þessa kröfugerð.

Á móti hafa fyrisvarsmenn Ásólfskálakirkju og Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.3.

Jafnframt hefur eigandi jarðarinnar Odda á Rangárvöllum lýst kröfu um beinan eignarrétt að ½ Þórsmörk. Vegna jarðarinnar Holts í Vestur-Eyjafjöllum hefur sami aðili, eigandi Holts, lýst því yfir að „gæta beri að“ fornum skógartekjuréttindum jarðarinnar er bendi til óbeins eignarréttar á svæðinu. „Landeigandi lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að enda þótt hluti Þórsmerkur hafi verið numinn í öndverðu hafi sá beini eignarréttur, sem varð til við námið, ekki framsetst með löggerningum og ekki sé vitað til þess að eignarréttinum hafi á nokkurn hátt verið haldið við með virkum yfirráðum. Í byrjun 19. aldar hafi átt stofna til nýbýla í Þórsmörk en slíkt hafi aðeins verið heimilt í afréttum, sbr. nýbýliláttskipun frá 1776. Nýting Þórsmerkur, þar til svæðið var friðað, sýni glögg að um afréttarland hafi verið að ræða. Fé hafi verið rekið á fjall og fjallskil verið gerð eins og í öðrum samnotaafréttum hér á landi.

Af hálfu eigenda og umráðamanna Ásólfskálakirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að fornleifar styðji frásögn um byggd í Þórsmörk sem hafi staðið fram á 13. öld. Heimildir frá 1270 um skógareign Holtskirkju og um skógareign Stóradalskirkju geti svo mikillar og samfelldrar skógareignar að fullyrða megi að kirkjan hafi eignast þær jarðir sem á Þórsmörk voru. Á 13. og 14. öld hafi kirkjur undir Eyjafjöllum átt mestan ef ekki allan skóg á Þórsmörk að öðru leyti en því að Oddakirkja hafi eignast skóg í Engidal 1397. Samkvæmt máldaga Holtakirkju frá 1270 eigi hún sjö skógarteiga á Þórsmörk. Þá verði ekki annað séð af máldögum og öðrum heimildum en að Holtskirkja hafi átt umtalsverðan skóg á norðanverðri Þórsmörk, á svæðinu frá Markarfljóti og norðurbrún Húsadals inn í Rjúpnafellsgil og að sunnanverðu frá Langadal inn í Góðagil: Þetta sé allur miðhluti Merkurinnar. Í máldaga kirkjunnar í Dal frá árinu 1332 sé lýst eignum kirkjunnar og megi vera ljóst af vitnisburðum að skógaritök sem kirkjunni séu eignuð hafi verið á Þórsmörk. Þannig hafi kirkjurnar undir Eyjafjöllum, Holtskirkja, Miðbæliskirkja og kirkjueign í Dal, átt meginhlutann af skóginum í Þórsmörk á 13. og 14. öld. Engar heimildir séu um að kirkjur eða aðrir aðilar í Fljótshlíð hafi átt itök á Þórsmerkursvæðinu fyrr en á síðari hluta 16. aldar þegar kirkjunni á Breiðabólstað hafi verið dæmdur eignarréttur að meirihluta Goðalands. Í upphafi 18. aldar hafi eigendur bændajarða í Fljótshlíð tekið að eigna sér hluta beitarinnar í Þórsmörk og réttur þeirra til skógarhöggs síðan fest í sessi. Beitarafnot Fljótshlíðinga hafi verið takmörkuð og einskorðuð við útigang. Vegna eyðingar skóga á Þórsmörk hafi nöfn fyrri skóga horfið. Um rétt Ásólfsstaðakirkju er vísað til þess að hún hafi verið lénskirkja og arftaki Holtskirkju. Margar heimildir hafi varðveist um tilraunir til þess að verjast ágangi í skóga kirknanna.

Af hálfu eigenda Odda á Rangárvöllum, sbr. skjöl nr. 9 og 9(8), er vísað til landamerkjaskrár fyrir Þórsmörk, sem þinglýst hafi verið 18. maí 1892. Landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og eignarrétti verið haldið við með máldögum, visitasíum og lögfestum. Þórsmörk sé nú innan sérstakra þinglýstra landamerkja, Oddi eigi helming hennar og hafi svo verið samkvæmt elstu heimild-

um. Útilokað sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag og telja verði eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af slíkum vafa. Landeigendur hafi farið einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð, innan þinglýstra landamerkjja. Kirkjan hafi því haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi á umþrættu landsvæði enda hafi hún getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og nýtingarmöguleika á hverjum tíma. Þannig hafi hálf Þórsmörk lengstum verið nýtt til beitar. Loks er að auki vísað til hefðar.

Í kafla 5.3. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Þórsmörk. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Þórsmörk talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma. Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Þórsmörkur. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar skal þess getið að í máli nr. 4/2003 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að afréttur Fljótshlíðar (Grænafjall) sé þjóðlenda.

Merkjum Þórsmörkur er fyrst lýst í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð fyrir hönd bænda þar og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753. Í lögfestunni er fjallað um Grænafjall, „Þórsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Guðrunar og Múlatungum“, auk Langaness. Árið 1892 er síðan gert landamerkjabréf fyrir Þórsmörk. Þá er að auki til takmörkuð lýsing Einars Sighvatssonar hreppstjóra frá því um miðja 19. öld.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Þórsmörkur, gagnvart Fljótshlíðarafrétti. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu liggja þau í Markarfljóti þaðan sem Þröngá fellur í það og síðan ræður „Markarfljót allt fram á móts við Þórsmörkurrana“. Bréfið er undirritað í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps. Um Fljótshlíðarafrétt er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Markarfljót ráði merkum, sbr. m.a. lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753 um Grænafjall, Þórsmörk, Teigs- Guðrunar- og Múlatungur, auk Langaness.

Norðurmerki Þórsmörkur eru gagnvart Almennungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu liggja þau í Þröngá, þaðan sem hún fellur í Markarfljót og að upptökum hennar upp við jökul. Bréfið er áritað af hálfu hreppsnefndar Vestur-Eyjafjallahrepps „fyrir afréttinn Almennunga“. Lögfestan 1753 og afréttarlýsing Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld miða einnig við Þröngá. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Almennunga, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892, sbr. kafla 6.3. Það bréf er áritað „Fyrir Fljótshlíðarhrepp vegna Þórsmörkur“.

Sunnan Þórsmörkur eru Teigstungur austast, síðan Goðaland og loks Stakkholt. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Þórsmörkur eru suðurmerki í Krossá, sbr. einnig lögfestuna 1753. Bréfið er áritað af hálfu Stakkholts og prestsins á Breiðabólstað, að telja verður vegna Goðalands. Þá ber þess að geta að Guðmundur Guðmundsson, sem undirritar landamerkjabréf Þórsmörkur í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, var eigandi jarðarinnar Teigs sem Teigstungur eru kenndar við.

Um Teigstungur, Goðaland og Stakkholt er fjallað í köflum 6.5., 6.7. og 6.9. Þar kemur m.a. fram að norðurmerki þessara landsvæða miðist við Krossá, sbr. landamerkjabréf Stóradalstorfu,

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, vegna Stakkholts, og landamerkjabréf Goðalands, dags. 1. maí 1891 og þingl. 28. maí 1891. Bréf Goðalands er áritað af fyrirsvarsmanni hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps en framangreind þrjú bréf sem lýsa merkjum Stakkholts eru ekki árituð vegna Þórsmerkur. Ekkert landamerkjabréf er hins vegar til fyrir Teigstungur né heldur aðrar merkjalýsingar. Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 kemur þó fram að Teigstungur séu „inn af Þórsmörk“.

Hér hafa að framan verið raktar ýmsar heimildir um merki Þórsmerkur og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og suðurs. Austurmörkum Þórsmerkur, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar einungis lýst í framangreindri lögfestu frá 1753, þar sem segir að Þórsmörk liggja á milli Þröngár og Krossár og „upp under Jökul“. Í kröfugerð eigenda Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju og eigenda jarða í Fljótshlíð, austan Breiðabólstaðartorfu, er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi við landamerki, falli til afrettarins með fullkomnum eignarrétti.

Óbyggðanefnd telur að af landamerkjabréfi Þórsmerkur frá 1892 verði ráðið að merki landsvæðisins hafi verið talin ná upp að Mýrdalsjökli. Merkjum til norðurs og suðurs er þannig lýst alla leið austur í jökul, sbr. einnig lögfestuna 1753. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til austurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Þórsmörk. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum. Umrætt landamerkjabréf er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttihafar að Þórsmerkursvæðinu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Þórsmerkur, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu styður fremur þann skilning að hluti svæðisins, a.m.k., hafi verið numinn í öndverðu. Þá benda rannsóknir á sviði fornleifafraði til þess að byggð hafi verið að fornu norðan Þórsmerkur, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla á hinn bóginn fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Þórsmörk er fjallað í máldaga Holtskirkju undir Eyjafjöllum frá 1270. Þar segir að kirkjunni fylgi m.a. „vij skogar. j þorsmork“. Í samræmi við þetta segir í máldaga kirkjunnar frá 1332 að hún eigi „sio skogar teiga j þorsmork“, sbr. einnig fjöldan allan af lögfestum frá 18. og 19. öld, auk skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls. Í lögfestu prestsins að Holti frá 1867 segir orðrétt, eftir að skógararteigar hafa verið tilgreindir og merkjum lýst: „... svo langt sem byrkiskógur vex, lögfesti eg vegna Holtskirkju, að orðfullu og lögmáli réttu til friðhelgis og verndar alls byrkiskógarviðar, sem vex innan hér tiltekinna takmarka, fyrirbjóðandi einum og sérhverjum, nefnda viðartegund að höggva, rífa eður nokkurn hátt hana sér í nyt að færa, án míns leyfis og samþykkis, undir fullkomnar landnáms- og Skaðabætur.“ Árið 1890 er gert landamerkjabréf fyrir Holt og sjö skógararteigar á Þórsmörk taldir upp á eftir lýsingu landamerkja og umfjöllun um reka og fjörur. Í samræmi við þetta áritar presturinn í Holti landamerkjabréf Þórsmerkur 1892 með athugasemd um að Holtsprestakall eigi tiltekin „skógaritök“ á Þórsmörk.

Fleiri jarðir undir Vestur-Eyjafjöllum hafa átt skógaritök í Þórsmörk. Þannig kemur fram í landamerkjabréfi Stóra-Dals, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, að skógaritök Stóradalstorfunnar sé hálfur Húsadalur, sbr. einnig fasteignamat um þá jörð frá 1916. Þá segir í landamerkja-

bréfi Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, að hálf jörðin „edur það sem af henni er kyrkjujörð“ eigi skógarítak á Þórsmörk í Húsadal, með nánari afmörkun, „að tiltölu rétttri við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar“. Í landamerkjabréfi Syðstu-Markar, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár, er skógarítak hálftrar jarðarinnar einnig sagt á Þórsmörk í Húsadal, með nánari afmörkun og í hlutfalli við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar. Ekki er hins vegar minnst á Þórsmörk í landamerkjabréfi Ásólfsskála, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár.

Auk framangreindra jarða undir Vestur-Eyjafjöllum átti kirkjan í Odda á Rangárvöllum skóg í Engidal í Þórsmörk, samkvæmt því sem greinir í máldögum 1397 og 1570. Þá lögfestir presturinn í Odda „hálfá Þórsmörk“ 1790 og 1791 „med öllum hans [svo] Gögnum og Gjædum, ... Odda Kirkiu Eign eftir gömlum óafturrekanlegum Máldögum. Fyrerbyd eg hverjum Manni ad beita, brúka edur í nokkurn Mátá sér ad nýta þenann hálfá Afrétt framvegis, undir þær Sektir sem Lög qveda, án míns Leyfis.“ Umráddur afréttur Oddakirkju mun hafa verið nýttur af öðrum með leyfi, sbr. bréf sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 1801, og einnig leigður út gegn gjaldi, sbr. yfirlýsingu prófastsins í Odda frá 1813. Í landamerkjabréfi Odda, dags. 22. maí 1890, segir að ítök fylgi jörðinni, þ. á m. „afréttur hálfur í miðja Þórsmörk“.

Heimildir eru einnig um að Fljótshlíðingar hafi kallað til réttinda í Þórsmörk. Þannig segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 að Þuríðarstaðir á Mið-Mörk og þar um kring sé „brúkað fyrir lamba afrjett úr Fljótshlíð“, sbr. einnig umfjöllun í jarðabókinni um einstakar jarðir í Fljótshlíð. Talið er að Þuríðarstaðir hafi verið í Þórsmörk. Einnig kemur fram að Húsadalur, „skammt frá Þuríðarstöðum“, sé brúkaður fyrir afrétt úr Fljótshlíð. Árið 1753 lögfesta hreppstjórinn í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmenn Teigs í Fljótshlíð og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum, Grænaþjall, Þórsmörk ásamt Teigs-, Guðrúnar- og Múlatungum, auk Langaness. Báðir aðilar telja til réttinda yfir Þórsmörk. Í lögfestunni segir orðrétt:

Fyrerbióðum vier einum og sierhvörium fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggja sin Skilriike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækjar og Holts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hruded.

Í bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 1801 kemur fram að  $\frac{3}{4}$  afréttarins í Þórsmörk heyrðu undir Fljótshlíðinga til uppreksturs á sumrin en  $\frac{1}{4}$  Oddakirkju. Sýslumaður lætur þess einnig getið að rústir finnist á afréttinum en þær séu svo gamlar að enginn geti lengur haldið þar fram eignarrétti sínum. Þá mótmæla bændur í Fljótshlíð tilkalli prestsins í Holti til nýgræðuskóga á fram-anverðri Þórsmörk 1867.

Árið 1892 er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Þórsmörk. Lýst er merkjum en ekki fjallað um réttindi eða nýtingu. Bréfið er undirritað í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps. Í landamerkjabréfum Eyvindarmúla og Fljótisdals í Fljótshlíð, hið fyrirnefnda dags. 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892 og hið síðarnefnda dags. 24. maí 1890 og þingl. 27. maí 1890, segir að jarðir þessar eigi hagbeit og skógarhögg á Þórsmörk, í hlutfalli við aðrar jarðir í Fljótshlíð. Þá kemur fram í landamerkjabréfi Barkarstaða, dags. 30. júní 1888 og þingl. 27. maí 1890, að jörðin eigi afrétt í Þórsmörk að tiltölu við aðrar jarðir sveitarinnar. Í samræmi við þetta segir í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 að allar jarðir í Fljótshlíð, „að undanskildum Breiðabólstaðarjörðum og Austur-Torfastöðum“, eigi „skógarítak á Þórsmörk, 1 hest á ári fyrir hver 5 hundr. forn, og einnar kindar beit eftir sömu reglu. Þetta er hálf beit á Þórsmörk. Hinn helmingur beitarinnar tilheyrir Odda-prestakalli og er hann nú leigður Inn-Hlíðarmönnum (Fljótisdalur – Hlíðarendi)“, sbr. einnig um-

fjöllun um Múlarjarðir, Fljótisdal Í sömu heimild er ekki gert ráð fyrir því að jarðir undir Eyjafjöllum eigi afrétt í Þórsmörk.

Þá segir í fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 58/1894 að hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skuli sjá um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o.s.frv. á Þórsmörk, sem talin er með svokölluðum smáafréttum. Samkvæmt fjallskilareglugerð nr. 72/1921 skyldu hreppsnefndir Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps sjá um þetta verk.

Óbyggðanefnd telur líkur á því að Þórsmörk sé innan upphaflegs landnáms sunnan Markarfljóts. Tilvist byggðar á þessu svæði hefur verið staðfest með fornleifarannsóknunum. Sú byggð hefur hins vegar snemma lagst af og þess utan liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Síðari tíma heimildir, frá því á 13. öld og fram að gerð landamerkjabréfa í lok 19. aldar, eiga það sameiginlegt að fjalla um rétt tiltekinna jarða til takmarkaðrar nýtingar í Þórsmörk, beitar og skógartekju. Þannig er lýst rétti jarða í Vestur-Eyjafjöllum til skógar, Odda á Rangárvöllum til skógar og afréttar og jarða í Fljótshlíð til skógar og afréttar. Ekki liggur fyrir hvernig jarðirnar eru komnar að umræddum réttindum.

Landamerkjabréf umræddra jarða eru í samræmi við þetta og umfjöllun í þeim um Þórsmörk-svæðið bendir fremur til afréttar- og annarra óbeinna eignarréttinda en beins eignarréttar. Þegar þessa landsvæðis er getið í heimildum frá 20. öld er það einnig tengt upprekstri, afréttarnotum og skógartekju, sbr. afréttalýsingar Einars Sighvatssonar hreppstjóra á Ysta-Skála frá 19. öld, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar, auk gerðabókar fasteignamatnefndar 1916. Ekkert liggur fyrir um að Þórsmörk hafi, fram til 1927, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Þórsmörk hafi orðið til á þann veg að tilteknar jarðir hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening, skógartekju og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnunum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Ásólfsskálakirkju og Stóradalskirkju, jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu, Odda á Rangárvöllum og Holts undir Vestur-Eyjafjöllum að landsvæði það, sem hér eru til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að hluti jarða í Fljótshlíð, auk Odda á Rangárvöllum, hafi átt rétt til upprekstrar á Þórsmörk. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabíl, vegna friðunar þess, liggur hins vegar ekkert fyrir um það að rétti þessum hafi verið afsalað.

Kröfur og sjónarmið um viðurkenningu annars konar óbeinna eignarréttinda, fyrst og fremst umræddra skógarítaka, eru vanreifaðar, auk þess sem alls óvíst er um núverandi tilvist slíkra réttinda, hvað þá nákvæma staðsetningu þeirra eða inntak. Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd ekki unnt að taka kröfur um viðurkenningu annars konar óbeinna eignarréttinda til greina að neinu leyti. Hér ber þess þó að geta að umrædd ítaksréttindi benda e.t.v. til að eignarhald landsvæðisins hafi verið með einhverjum öðrum hætti en að aðeins hafi verið um að ræða hefðbundin óbein eignarréttindi, þar sem til ítaka var ekki svo vitað sé stofnað nema í eignarlandi. Hins vegar eru þessi sérstök réttindi óljós og engar heimildir eru til um það hvernig viðkomandi aðilar öðluðust þau. Ekki er heldur að finna neinar vísbendingar um að eignarhald þetta hafi verið viðtækara heldur en þessi tilteknu afmörkuðu réttindi. Enn fremur er ekki að finna neinar vísbendingar um

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

það hver hafi átt eignarland það sem umrædd ítök voru í ef um eignarland yfir höfuð hefur verið að ræða. Svo sem að framan getur er ekki útilokað og raunar líklegra en hitt að fyrr á tímum hafi Þórs-mörk að hluta eða öllu leyti verið undirorpin beinum eignarrétti. Vera kann að til umræddra ítaks-réttinda hafi stofnast á þeim tíma. Allt að einu skal það ítrekað að ekkert liggur fyrir um mögulegt framsal þess beina eignarréttar til þeirra aðila sem á síðari tímum hafa fyrst og fremst gert tilkall til afmarkaðra réttinda, þ.e. beitar, skógartekju o.fl. Fær tilvist ítakanna þannig ekki breytt fyrrgreindri niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis í heild.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Þórsmörk, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá upptökum Þröngár í Mýrdalsjökli all niður í Markarfljót, þá Markarfljót þar til Krossá fellur í það, þaðan Krossá allt að upptökum hennar í sama jökli. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu og Odda á Rangárvöllum, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign tiltekinn jarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhlíða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

## 6.5. Teigstungur

Landsvæði það sem nefnt hefur verið Teigstungur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Að Teigstungum liggja til suðvesturs Múlatungur, til norðurs er Þórsmörk og til austurs og suðvesturs er Mýrdalsjökull með skriðjökulum sínum. Teigstungur tilheyra svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; lág-lendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjall-belti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Teigs-tungur eru bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 300-1200 m hæð.

Teigstungur eru brattar, sundurskornar og hrjóstugar. Fjallhryggir Teigstungna liggja frá austri til vesturs og skipta tvö gil landsvæðinu í þrjú hluta. Syðst eru brattar Teigstungurnar sem eru að mestu umvafðar jökli. Hæstu mót lands og jökuls á Teigstungum eru í um 1200 m hæð. Fremst á Teigstungunum er hátt keilulaga fell sem heitir Moldi og nær það í um 700 m hæð. Norðan Molda er Teigstungnaháls. Fremst á honum er lágur, aflangur grasháls sem nefnist Guðrúnartungur og liggja þær norðaustan Tungnakvíslar. Teigstungnaháls tekur við inn til landsins þegar Guðrúnar-tungum sleppir. Efst í þeim, sunnan undir jöklurönd Krossárjökuls, er mikið gróðurlaust harmabelti sem ber nafnið Litfari og nær það í 1099 m hæð. Innarlega á Teigstungnahálsi eru hvammarnir Innraver og Fremraver. Ain Kvíslin rennur úr Krossárjökli, norðan Teigstungnaháls. Fremst á því svæði, norðan Kvíslarinnar, er Teigstungnarani en á honum er gróðurlítið fjall sem heitir Góltur (503 m). Austan Galtar er Stóristandur (600 m). Milli Galtar og Stórástands er Stóraskarð. Norð-

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

austan Stórástands liggja brattar Eggjar í um 600 m hæð. Land mætir Krossárjökli í um 500 m hæð. Frá Guðrúnartungum að bæjarstæði Teigs í Fljótshlíð eru 15 km í beinni loftlínu.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins, eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjallendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Mýrdalsjökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Teigstungur liggja norðan sama jökuls og eru því samkvæmt þeirri kröfugerð allar í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Teigstorfu í Fljótshlíð lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli kunni að koma við landamerki falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að af lýsingu á landnámi Jörundar goða sé ekki hægt að gefa sér að land fyrir austan Fljót, milli Krossár og Jöldusteins, hafi verið numið allt til jökla. Jörundur hafi lagt numið land á þessu svæði til hofs. Eignarréttur hofsins hafi fallið niður við kristnitöku. Um sé að ræða dæmigert afréttarland.

Af hálfu eigenda Teigstorfu, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði tilheyri austurhluta bjórs þess sem Jörundur goði hafi numið enda renni Krossá til vesturs norðan þeirra. Þessarar eignar Teigskirkju sé að engu getið í miðaldamáldögum og ekki heldur í Gíslamáldögum 1570. Langlíklegast virðist því að ítök þessi hafi kirkjan fengið frá Breiðabólstaðarkirkju eftir að hún hafi náð tókum á Goðalandi. Líta verði svo á að kirkjan hafi öðlast fullkominn eignarrétt að landsvæði þessu fyrir traustfang þrátt fyrir að réttur afsalsgjafa hafi ekki átt við rök að styðjast. Teigskirkja hafi verið bændakirkja sem lögð hafi verið niður á 19. öld, áður en landamerkjabréf Teigs var gert. Þá og síðan hafi umræddar Teigstungur verið átölu- og athugasemdarlaust taldar eign þeirrar jarðar sem Tungurnar áður tilheyrðu. Margháttað friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnásluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Teigstungur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírátt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Teigstungur talist til afréttar, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Í landamerkjabréfi fyrir Teigsland, dags. 14. maí 1890 og þingl. 27. maí 1890, er engin lýsing á merkjum Teigstungna. Þar segir einungis að Teigur eigi „afréttarítak“ í Teigstungum. Merki Teigstungna verða því helst ráðin af landamerkjalyfingum aðliggjandi landsvæða, jarðarinnar Eyvindarmúla í Fljótshlíð vegna Múlatungna, Goðalands og Þórsmerkur, frá árunum 1891-1892. Aðrar heimildir lýsa einungis afstöðu Teigstungna miðað við Goðaland og Þórsmörk án þess að merkin sjálf séu tíuðuð.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Teigstungna. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Teigstungna, gagnvart Múlatungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands, dags. 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892, ræður þar merkjum „kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman“. Tekið er fram að lýst sé merkjum gagnvart Teigstungum. Tungnakvísl sameinast Hrunakvísl og tekur nafn hennar áður en þær renna út í Krossá. Landamerkjabréf Eyvindarmúlalands er ekki áritað af hálfu Teigstorfu. sbr. kafla 6.6. Ljóst er af samhengi í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands að þarna er átt við Tungnakvísl. Eldri heimildir um merki Múlatungna eru ekki fyrir hendi.

Af landamerkjabréfi Goðalands, dags. 1. maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, verður ráðið að austurmerki liggja í Hrunakvísl, sbr. kafla 6.7. Hrunakvísl nær alla leið frá jökli og út í Krossá en Múlatungur einungis þangað sem Hrunakvísl sameinast Tungnakvísl. Samkvæmt því á Goðaland merki gagnvart Teigstungum frá þeim stað sem árnar sameinast og að Krossá. Ekki verður séð að bréf Goðalands hafi verið áritað af hálfu Teigstungna en þess ber að geta að Tómas Sigurðsson sem áritar bréfið var meðal eigenda Eyvindarmúla og kann að hafa komið fram fyrir hönd Múlatungna. Í lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld, segir m.a. að Teigstungur og Múlatungur séu norðan við Goðaland. Hið sama má ráða af lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld.

Norðurmerki Teigstungna eru gagnvart Þórsmörk, sem um er fjallað í kafla 6.4. Í landamerkjabréfi Þórsmörkur, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí 1892, segir að Krossá aðskilji Þórsmörk og afréttina sunnan árinna, þ. á m. Teigstungur, sbr. einnig lögfestu 1753. Bréfið er ekki áritað í nafni Teigstungna en þess ber að geta að Guðmundur Guðmundsson sem undirritar landamerkjabréf Þórsmörkur í umboði hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps var eigandi jarðarinnar Teigs sem Teigstungur eru kenndar við. Þá kemur fram í gerðabók fasteignamatnefndar 1916 að Teigstungur séu „inn af Þórsmörk“.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Teigstungna, fyrst og fremst eins og þau verða ráðin af heimildum um merki aðliggjandi landsvæða til suðurs, vesturs og norðurs. Austurmörkum Teigstungna, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar hvergi sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Teigstorfu er gert ráð fyrir að merki Teigstungna og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreind landamerkjabréf Eyvindarmúla og Þórsmörkur beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Múlatungna og Þórsmörkur gagnvart Teigstungum næðu upp að jökli. Þessum merkjum er þannig lýst alla leið austur í jökul. Telja verður að hið sama gildi að þessu leyti um Teigstungur og um Múlatungur og Þórsmörk, þ.e.a.s. að jökull hafi afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir þau landsvæði sem liggja að Teigstungum, þ.e. Eyvindarmúlaland vegna Múlatungna, Goðaland og Þórsmörk. Eldri heimildir um merki Teigstungna eru ekki fyrir hendi. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Teigstungna sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og argiljum.

Umrádd landamerkjabréf voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki landsvæðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn Teigstungna eða annarra aðliggjandi landsvæða. Eigandi Teigs, sem jafnframt var oddviti Fljótshlíðarhrepps, áritar bréf Goðalands og Þórsmörkur, án þess þó að það sé í nafni Teigstungna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem al-

mennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttahafar að Múlatungum, Goðalandi og Þórsmörk hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst. Það er því álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Eyvindarmúlalands, vegna Múlatungna, Goðalands og Þórsmörkur verði lögð til grundvallar um mörk Teigstungna.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Teigstungna. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Teigstungna, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Teigstungur er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710. Þar segir að Teigur eigi „[s]kógarítak á Miðri Mörk kallað Teigs túngur“. Næst er fjallað um Teigstungur, og einnig þá einnig Guðrúnartungur, í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum frá 1753. Í lögfestunni er fjallað um Grænafjall, „Þórsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Múlatungum“, auk Langaness. Ekki kemur fram hvort annar aðilinn telji sig eiga rétt til Teigstungna umfram hinn en báðir telja til réttinda yfir Þórsmörk. Í lögfestunni segir orðrétt:

Fyrerbiódum vier einum og sierhvörum fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggja sin Skilrike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækjar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

Árið 1890 er gert landamerkjabréf fyrir Teigsland, og þar segir svo: „Afréttarítök á Teigur: Teigstungur: Skógarhögg og sauðaleit í Þórsmörk eftir tiltölu við aðrar jarðir í Fljótshlíð; og sömu leiðis afrétt Grænafjall.“ Umfjöllun um Teigstungur er þannig staðsett eftir að landamerkjum hefur verið lýst og áður en fjallað er um skógarhögg og sauðaleit Teigstorfu í Þórsmörk og afrétt á Grænafjalli. Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Teigs.

Þegar fjallað er um Teigstungur í öðrum heimildum eru þær áfram nefndar afréttur, sbr. lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld, landamerkjabréf Þórsmörkur frá 1892, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og athugasemd í gerðabók fasteignamatnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að Teigstungur séu notaðar frá Árvör. Á Guðrúnartungur er minnst með Teigstungum í fjallskilareglugerðum og í lýsingu Einars Sighvatssonar. Sú umfjöllun er sams konar og um Teigstungur.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðarinnar Teigs hafi haft af Teigstungum afréttar-not. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Teigstungur hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir umfjöllun um Teigstungur í framangreindu landamerkjabréfi Teigs fremur til afréttareignar en beins eignarréttar og hið sama á við um lögfestu Stóra-Dals. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabíl vegna friðunar Þórsmörkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur Teigs hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur Teigs eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Teigstungur séu innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Teigstorfu að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að jörðin Teigur í Fljótshlíð hafi átt upprekstrarrétt í Teigstungum.

*Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Teigstungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Á móts við Þórsmörk ræður Krossá, þaðan sem hún kemur undan Krossárjökli og þangað sem Hrunakvisl fellur í hana. Á móts við Múlatungur ræður Tungnakvisl, frá upptökum hennar við Tungnakvislajökul og þangað sem hún fellur í Hrunakvisl. Frá þeim stað þar sem Tungnakvisl fellur í Hrunakvisl er Hrunakvisl fylgt uns hún fellur í Krossá. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Teigs í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign jarðarinnar Teigs, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

## 6.6. Múlatungur

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Múlatungur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>2</sup> Að Múlatungum liggur Goðaland til suðurs og vesturs, til norðurs og austurs eru Teigstungur og til suðausturs Mýrdalsjökull með skriðjökulum sínum. Múlatungur tilheyra svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglandisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hliðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Múlatungur eru bæði í hliðar- og fjallbeltinu, í 300-700 m hæð.

Múlatungur eru bratt og nokkuð gróið fjalllendi og mætir land jökli í um 550 m hæð norðan Bláfells sem er hæsti tindur landsvæðisins. Frá nyrsta tanga Múlatungna til bæjarstæðis Eyvindarmúla í Fljótshlíð eru u.þ.b. 22 km í beinni loftlínu.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjallendi Eyjafjalla- og Þórsmerkursvæðisins, eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hliðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins, þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjallendið verið þakið nokkuð samfelldum

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafli í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

<sup>2</sup> Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

lággróðri. Í fjalllendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur, sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Mýrdalsjökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Múlatungur liggja norðan sama jökuls og eru því samkvæmt þeirri kröfugerð allar í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Eyvindarmúlatorfu í Fljótshlíð lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli kunni að koma við landamerki falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að af lýsingu á landnámi Jörundar goða sé ekki hægt að gefa sér að land fyrir austan Fljót, milli Krossár og Jöldusteins, hafi verið numið allt til jökla. Jörundur hafi lagt numið land á þessu svæði til hofs. Eignarréttur hofsins hafi fallið niður við kristnitöku. Um sé að ræða dæmigert afréttarland.

Af hálfu eigenda Eyvindarmúlatorfu, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði tilheyri austurhluta bjórs þess sem Jörundur goði hafi numið enda renni Krossá til vesturs norðan þeirra. Þessarar eignar Múlakirkju sé að engu getið í miðaldamáldögum og ekki heldur í Gíslamáldögum 1570. Langlíklegast virðist því að ítök þessi hafi kirkjan fengið frá Breiðabólstaðarkirkju eftir að hún hafi náð tókum á Goðalandi. Líta verði svo á að kirkjan hafi öðlast fullkominn eignarrétt að landsvæði þessu fyrir traustfang þrátt fyrir að réttur afsalsgjafa hafi ekki átt við rök að styðjast. Eyvindarmúlakirkja hafi verið bændakirkja sem lögð hafi verið niður á 19. öld áður en landamerkjabréf Eyvindarmúla var gert. Þá og síðan hafi umræddar Múlatungur verið átölu- og at-hugasemdarlaust taldar eign þeirrar jarðar sem Tungurnar áður tilheyrðu. Marghátuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Múlatungur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Múlatungur talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarf nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Múlatungna. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða.

Elsta eiginlega merkjalýsingin fyrir Múlatungur er í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands, 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892. Aðrar heimildir lýsa einungis afstöðu Múlatungna miðað við Goðaland og Þórsmörk án þess að merkin sjálf séu tíunduð.

Verður þá fyrst litið til suður- og vesturmerkja Múlatungna, gagnvart Goðalandi. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu ræður þar „... kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna í Goðalandi, frá upptökum hennar í jöklinum niður fyrir tungnarana ...“. Bréf Eyvindarmúlalands er ekki áritað af hálfu Goðalands en landamerkjabréf Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, fær vel samrýmst þessu, sbr. kafla 6.7. Í lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld, segir m.a. að Múlatungur og Teigstungur séu norðan við Goðaland. Hið sama kemur fram í lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Norðurmerkjum Múlatungna, gagnvart Teigstungum, er lýst þannig að þar ráði „kvíslin í gilinu á milli tungnanna frá upptökum hennar úr jöklinum niður fyrir fyrrnefndan tungnarana þar sem kvíslarnar falla saman“. Landmerkjabréf Eyvindarmúlalands er ekki áritað af hálfu Teigstorfu. Ljóst er af samhengi í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands að þarna er átt við Tungnakvísl. Landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar liggja ekki fyrir vegna Teigstungna, sbr. kafla 6.5.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Múlatungna og aðliggjandi landsvæða til suðurs, vesturs og norðurs. Austurmörkum Múlatungna, gagnvart Mýrdalsjökli er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Eyvindarmúlatorfu vegna Múlatungna er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreint landamerkjabréf frá 1891 beri með sér að eigendur Eyvindarmúla hafi litið svo á að merki Múlatungna næðu upp að jökli. Merkjum til suðurs og norðurs er þannig lýst alla leið austur í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalgöta taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Eyvindarmúlalands og m.a. lýst merkjum Múlatungna. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Múlatungna sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum. Umrætt landamerkjabréf er undirritað af fyrirsvarsmönnum Eyvindarmúla, þinglesíð, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Eyvindarmúlatorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Múlatungna. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Múlatungna, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Múlatungur er fyrst getið í lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrirsvarsmanns Teigs í Fljótshlíð og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum frá 1753. Í lögfestunni er fjallað um Grænafjall, „Þorsmörk mille Þraungar og Krossár upp under Jökul ásamt sokölludum Teigs Gudrunar og Múlatungum“, auk Langaness. Ekki kemur fram hvort annar aðilinn telji sig eiga rétt til Múlatungna umfram hinn en báðir telja til réttinda yfir Þorsmörk. Í lögfestunni segir ordrétt:

Fyrerbióðum vier einum og sierhvörum fyrrgreinda Afrette og Skógarplátz j nochru sier nitia, beita, bruka, yrkia, edur nockra Gagnsemd af hafa, under fullkomna Landnámz Sekt, og adrar frekustu Skadabætur effter Lögum, af þeim visvitande hier á móti britur. Enn hvör sá sem meinar sig Skóg edur önnur Jtök eiga jnnann fyrrgreindra Takmarka, sem þesse Lögfesta uppastendur, advarast hier med ad frammleggja sin Skilriike þar fyrir, á næstkomande K[yr]kiulækjar og Hollts Vor Manntals Þingum. Stande Lögfesta þesse til Sekta um næstu 12 Mánude. Enn fyrir Máldaga so leinge henne er ei ad Lögum hrunded.

Minnst er á „Bláfell“ í lögfestu Stóra-Dals frá 19. desember 1665, sbr. einnig lögfestu frá 1795. Þar er fyrst lýst landamerkjum, því næst fjörumörkum og loks skógarítökum og ýmsu fleiru, m.a. er „Fjördungur skógar í Bláfelli“ talinn til eigna Stóra-Dals. Á Bláfell er minnst allra síðast í lögfestunum, eftir að talin hafa verið upp réttindi Stóra-Dals á Þorsmerkursvæði, þ.e. í Langanesi og Stakkholti, Mörk, Húsadal og Almennungum. Til eru tvö Bláfell á því svæði sem til umfjöllunar er

í þessu máli. Annað er miðsvæðis í Múlatungum en hitt innan merkja jarðarinnar Núps, sem er næsta jörð við Stóradalstorfu. Umfjöllun í lögfestum Stóra-Dals virðist fremur benda til þess að átt sé við Bláfell í Múlatungum en um það verður þó engu slegið föstu. Þá liggur ekkert nánar fyrir um tilurð þessara réttinda og á Bláfell eða Múlatungur er ekki minnst í landamerkjabréfi Stóradalstorfu 1888.

Árið 1891 er gert landamerkjabréf fyrir Eyvindarmúalaland, og þar segir svo: „Múlatorfan á Múlatungur sem liggja á milli Goðalands og Teigstungna með þessum takmörkunum ...“ Umfjöllun um Múlatungur er staðsett eftir að landamerkjum hefur verið lýst og áður en fjallað er um hagbeitt og skógarhögg Múlatorfu í Þórsmörk. Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Eyvindarmúalakirkju og á Múlatungur er ekki minnst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1710.

Þegar fjallað er um Múlatungur í öðrum heimildum er það áfram nefnt afréttur, sbr. lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld, landamerkjabréf Þórsmörkur frá 1892, fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og athugasemd í gerðabók fasteignarmatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að Múlatungur séu notaðar frá Háa-Múla.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðarinnar Eyvindarmúla hafi haft af Múlatungum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaut. Ekkert liggur fyrir um að Múlatungur hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir umfjöllun um Múlatungur í framangreindu landamerkjabréfi Eyvindarmúla fremur til afréttareignar en beins eignarréttar og hið sama á við um lögfestu Stóra-Dals. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabíl vegna friðunar Þórsmörkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur Eyvindarmúla hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur Eyvindarmúla eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Teigstungur séu innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Eyvindarmúla að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að jörðin Eyvindarmúli í Fljótshlíð hafi átt upprekstrarrétt í Múlatungum.

*Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Múlatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Á móts við Goðaland ræður kvíslin í gílinu milli Múlatungna og hinna svokölluðu Hruna á Goðalandi, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul og niður fyrir tungnarana. Á milli Múlatungna og Teigstungna ræður kvíslin í gílinu á milli tungnanna, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul niður fyrir fyrrnefndan tungnarana, þar sem kvíslarnar falla saman. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Eyvindarmúla í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign jarðarinnar Eyvindarmúla, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

### 6.7. Goðaland

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Goðaland, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Að Goðalandi liggja til vesturs Eyjafjallajökull og smáafréttirnir Merkurtungur og Stakkholt. Til norðurs er Þórsmörk og til austurs eru Teigstungur, og Múlatungur, auk Mýrdalsjökuls. Að sunnanverðu jörðin Hrutafell, handan við Fimmvörðuháls. Goðaland tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglandsbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hliðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Goðaland er bæði í hliðar- og fjallbeltinu, í 300-1000 m hæð.

Landsvæði það, sem hér um ræðir er mjög fjallent og bratt. Á norðvestur tá Goðalands rétt austan Hvannár rís Réttarfellið 509 m. Austan Réttarfellsins eru Básar, hallalítir og vel grónir. Ofan og austan Bása eru Votupallar, nokkuð grónir, og gnæfir brattur og tignarlegur Útigönguhöfði yfir þeim í 805 m. Austan Útigönguhöfða liggur brattur Illihryggur upp að hallalítilli Morinsheiði (Morrisheiði) í 750-800 m hæð. Sunnan Morinsheiðar (800-900 m) liggja Úthólmar og sunnan þeirra í um 1000 m hæð liggur Brattafönn á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls við Fimmvörðuháls. Strákagil sker landsvæðið norður frá Markarfljóti suður að Morinsheiði. Austan Strákagils liggja hallalítlar Foldir og innan þeirra koma brattar Hestagötur en þær liggja vestan Hrunár. Sunnan Hestagatna kemur bratt Heiðarhornið en Hrunagilið skilur það frá Hrunum. Hrunagil liggur frá Heljarkambi í um 800 m hæð og sameinast Hruná við nyrsta tanga Hruna. Innrihrunar liggja sunnan undir Hrunajökli í Mýrdalsjökli í um 600 m hæð. Frá Álfakirkjunni í norðvestur tá Goðalands til bæjarstæðis Breiðabólstaðar í Fljótshlíð eru 31,5 km í beinni loftlínu.

Frá landnámi fram á þennan dag hefur orðið mikil breyting og hnignun á gróðurfari bæði í byggð, á heiðum og í fjalllendi Eyjafjalla- og Þórsmörkursvæðisins eins og í öðrum landshlutum. Talið er að um landnám hafi skógur teygst sig upp í hliðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjallendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjallendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjalla- og Mýrdalsjökla svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Goðaland liggur norðan sömu jökla og er því allt í þjóðlendu, miðað við þá kröfugerð.

Á móti hefur Rangárþing eystra aðallega fyrir hönd eigenda lögbýla í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, til vara fyrir hönd sveitarfélagsins og til þrautavara fyrir hönd eigenda jarða, sem voru í konungseign í Eyjafjallasveit árið 1588, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún og vatnaskilum á Fimmvörðuhálsi. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi,

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.5.

Jafnframt hefur eigandi jarðarinnar Breiðabólstaðar í Fljótshlíð lýst kröfu um beinan eignarrétt að Goðalandi. Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði hefðbundinn afnotaréttur ofangreindrar jarðar komi til þess að hluti landsins teljist þjóðlenda. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að sá hluti Goðalands, sem lægra liggja hafi verið innan landnáms Jörundar goða og verið lagður til hofs. Eignarréttur hofsins að hinu numda landi hafi fallið niður við kristnitöku. Hér hafi aldrei verið jörð og ekki njóti við þinglýstra eignarheimilda, einungis landamerkjabréfs. Upplýsingar um afréttarnot og fjallskil styðji þessa kröfu. Því sé sérstaklega mótmælt að dómur staðfestur í Lögréttu við Öxará 1588, þar sem kveðið hafi verið á um að Goðaland skyldi vera ævinleg eign kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð, verði skilinn þannig að verið sé að dæma beinan eignarrétt. Ríkið gerir kröfu til þess að landsvæðið Goðaland verði úrskurðað þjóðlenda en þar sem fleiri en einn aðili kalli til landréttinda hér verði ekki tekin afstaða til afréttarréttar eða hverjum hann tilheyri. Það snúi að þeim aðilum að færa fram rök og sönnunargögn fyrir máli sínu.

Af hálfu eiganda Breiðabólstaðar í Fljótshlíð er vísað til dóms, er staðfestur hafi verið í Lögréttu við Öxará árið 1588, um að Goðaland skyldi vera „æfinleg eign“ kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð og landamerkjaskrár fyrir Goðaland sem þinglýst hafi verið 8. maí 1891. Landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu og eignarrétti verið haldið við með máldögum, vísitásium og lögfestum. Goðaland sé nú allt innan sérstakra þinglýstra landamerkja, fylgi jörðinni Breiðabólstað í Fljótshlíð og hafi svo verið samkvæmt elstu heimildum. Útilokað sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag og telja verði eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af slíkum vafa. Landeigendur hafi farið einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð, innan þinglýstra landamerkja. Kirkjan hafi því haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi á umþrættu landsvæði enda hafi hún getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og nýtingarmöguleika á hverjum tíma. Þannig hafi Goðaland lengstum verið nýtt með því að leigja það Eyfellingum til beitara og þeir goldið hagatoll fyrir. Þá er að auki vísað til hefðar.

Af hálfu framangreindra jarðeigenda í Rangárþingi og sveitarfélagsins sjálfs, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið. Ljóst sé af Kirkjulækjardómi frá 1578 að bændur undir Eyjafjöllum hafa talið sig eiga afrétt á Goðalandi og ekki þurfa leyfi frá prestinum á Breiðabólstað fyrir beit þar. Dómurinn hafi sennilega verið staðfestur með „Lambeyjarsamþykkt“ 1579 en þó sé ekki til staðfesting á því af hálfu allra dómsmanna, einungis bréf tveggja þeirra. Óvíst sé hvort það verði talið gilt enda gert af minnihluta dómsmanna heima hjá öðrum málsaðilanum 16 dögum seinna. Þá séu dómaramir augljóslega hlutdrægir, m.a. komi ekki fram við hvað Eyfellingar hafi stuðst, þó ætla megi af bókuninni að þeir hafi lagt fram skrifleg gögn. Dómar þessir hafi verið staðfestir í Lögréttu 1588, að undanteknu „því jtaki sem konungsins jörðu til kemur“. Þannig skyldu jarðir í eigu konungs halda ítökum sínum í Goðalandi en ítök annarra jarða dæmast eign Breiðabólstaðarkirkju. Þessi undantekning geri dóminn mjög tortryggilegan. Með henni sé einnig í raun viðurkennt að Goðaland hafi verið afréttarland bænda undir Eyjafjöllum. Jafnframt sé ljóst að kirkjunni á Breiðabólstað hafi ekki verið dæmt allt Goðaland heldur hluti þess eða jafnvel aðeins réttur til afréttartolls. Þá verði ekki betur séð en að jarðir þær undir Eyjafjöllum, sem verið hafi í konungseign þegar Lögréttudómurinn hafi verið kveðinn upp, eigi þann beitarrétt sem þeim hafi verið dæmdur. Hér beri þess einnig að gæta að Goðaland sé aldrei nefnt þegar taldar séu upp eignir og ítök Breiðabólstaðarkirkju í máldögum frá því fyrir áður en dómurinn var kveðinn upp, ekki einu sinni í Gíslamáldaga, átta árum áður. Samkvæmt vitnisburði Halldórs Magnússonar á Hrutafelli 1720 hafi bændur undir Eyjafjöllum enn þá notað Goðaland,



sem afrétt án leyfis prestsins á Breiðabólstað, á fyrri hluta 18. aldar, ekki aðeins þeir sem bjuggu á jörðunum sem voru í konungseign, heldur hinir líka því Hrutafellið hafi ekki verið konungsjörð. Árið 1722 hafi verið haldið réttarhald að Holti um Goðalandsafrétt. Þar hafi Kirkjulækjar- og Lambeyjardómarnir verið lesnir upp en sennilega ekki Lögréttudómurinn enda sé engin áritun um slíkt í Alþingisbókum Íslands. Þetta bendi ákveðið til þess að síðastnefndi dómurinn hafi ekki verið lagður fyrir réttinn og presturinn fengið niðurstöðu í málinu á þeim forsendum að hann væri ekki til. Bændurnir hafi ekki haft hann tiltækan til þess að leggja hann fram. Ósennilegt sé að Breiðabólstaðarpresti hafi tekist að koma á leigugjaldi fyrir afnot Austur-Eyfellinga af afréttinum fyrir en eftir rekistefnu á árunum 1720-22 en hafi undantekningar lögréttu um beitarrétt konungsjarðanna að engu getið. Enn sé þess að geta að leigugjald fyrir afréttinn hafi ekki verið goldið síðasta aldarfjórðunginn sem Austur-Eyfellingar hafi notað afréttinn. Forsendur virðist mjög hæpnar fyrir upphaflegum dómi og staðfestingardómurinn talandi dæmi um gallað réttarfar. Réttur kirkna til afgjalds af afréttarnotendum eins og hér um ræði virðist oft hafa fallið niður á síðustu eða þar síðustu öld og borið fremur vott um lénska skattheimtu en eignarrétt. Við margháttaða friðun „Þörsmerkursvæðisins“ hafi réttur Eyfellinga og Fljótshlíðinga verið skertur með ýmsum hætti. Sú skerðing eigi þó ekki að raska eignarrétti á svæðinu heldur sé aðeins um að ræða stjórnsýsluframkvæmd en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.4. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Goðaland. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Goðaland talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarf ast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Goðalands. Í því sambandi verður einnig litið til merkja aðliggjandi landsvæða.

Merkjum Goðalands er lýst í lögfestu Torfa Jónssonar staðarhaldara á Breiðabólstað frá 9. maí 1821. Því landsvæði, sem nú er nefnt Goðaland, er lýst í landamerkjabréfi afréttarins frá 1891. Þá eru að auki til lýsingar séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum frá því um miðja 18. öld, sem rekja má aftur til lýsingar frá fyrri hluta 17. aldar, og Einars Sighvatssonar hreppstjóra, frá því um miðja 19. öld.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Goðalands, gagnvart Stakkholti og Merkurtungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu eru „... Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls...“. Ekki verður séð að landamerkjabréf Goðalands sé áritað af hálfu Merkurtungna né Stakkholts. Eldri heimildir um merki Goðalands miða einnig við Hvanná.

Um Stakkholt og Merkurtungur er fjallað í köflum 6.9. og 6.8. Þar kemur m.a. fram að austurmerki Stakkholts miðist við Hvanná, sbr. landamerkjabréf Stóradalstorfu, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, vegna Stakkholts. Framangreind þrjú bréf eru ekki árituð vegna Goðalands. Eldri heimildir um merki Stakkholts eru í samræmi við þetta. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Merkurtungur en með hliðsjón af framangreindu landamerkjabréfi Goðalands frá 1891 verður að telja líklegt að merki Goðalands gagnvart Merkurtungum liggi í svokölluðu Norðurgili, þ.e. Innra-Hvannárgili.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Norðurmerkjum Goðalands, gagnvart Þórsmörk, er lýst í Krossá, frá þeim stað sem gilið á milli Múlatungna og Hruna á Goðalandi kemur í Krossá og þar til Hvanná fellur í Krossá. Bréfið er áritað af fyrirsvarsmanni hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps. Lýsing Einars Sighvatssonar, hreppstjóra, frá því um miðja 19. öld miðar einnig við Krossá. Landamerkjabréf Þórsmerkur, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí sama ár, lýsir merkjum í samræmi við þetta, sbr. einnig lögfestu frá 1753, sjá kafla 6.4. Bréf Þórsmerkur er áritað af hálfu prestsins á Breiðabólstað, að telja verður vegna Goðalands.

Verður þá næst litið til austurmerkja Goðalands, gagnvart Múlatungum og Teigstungum. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu ræður „... gil það ofan frá Eyjafjallajökli, sem er á milli Múlatungna og hinna svo kölluðu Hruna á Goðalandi allt niður í Krossá“. Af þessari lýsingu er ljóst að hér hlýtur að vera átt við Mýrdalsjökul, en það mun hafa verið venja í Rangárvallasýslu, a.m.k. fram á 20. öld, að kalla Mýrdalsjökul Eyjafjallajökul, sbr. skjal nr. 10(1). Jafnframt er ljóst af henni að austurmerki Goðalands liggja í Hrunakvísl. Hrunakvísl nær alla leið út í Krossá en Múlatungur einungis þangað sem Hrunakvísl sameinast Tungnakvísl. Samkvæmt því á Goðaland merki gagnvart Teigstungum frá þeim stað sem árnar sameinast og að Krossá. Ekki verður séð að bréf Goðalands hafi verið áritað af hálfu Teigstungna en þess ber að geta að Tómas Sigurðsson sem áritar bréfið var meðal eigenda Eyvindarmúla og kann að hafa komið fram fyrir hönd Múlatungna.

Afmörkun Múlatungna í landamerkjabréfi Eyvindarmúlalands, 1. júní 1891 og þingl. 18. maí 1892, fær vel samrýmst þessu, sbr. kafla 6.6., enda þótt það sé ekki áritað af hálfu Goðalands. Ekkert landamerkjabréf er hins vegar til fyrir Teigstungur né heldur aðrar merkjalýsingar. Í lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld, segir m.a. að Múlatungur og Teigstungur séu norðan við Goðaland. Hið sama má ráða af lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Goðalands og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Goðalands, gagnvart Eyjafjallajökli, Mýrdalsjökli og Fimmvörðuhálsi, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf svæðisins frá 1891 beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Goðalands til suðurs næðu upp að jökulum. Merkjum til vesturs og austurs er þannig lýst suður í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Þeim er því ekki sérstaklega lýst. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu í kafla 6.22. að heimildir um merki jarðarinnar Hrútafells, sunnan Goðalands, bendi til þess að merki hennar hafi einnig náð upp að jökli.

Kröfugerð Rangáþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi miðar merki Goðalands og Hrútafells á Fimmvörðuhálsi við sömu línu og kröfugerð eigenda Hrútafells, þ.e. línu sem dregin er frá austri til vesturs á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls um Þrívörðusker þar sem það er hæst. Í kröfugerð Prestsetrasjóðs eru merki hins vegar dregin töluvert norðar.

Hér ber þess að geta að á Fimmvörðuhálsi, á milli stóru jöklanna tveggja, hefur ekki verið jökull um áratugaskeið. Heimildir eru hins vegar um að þar hafi verið samfelldur jökull fram á fyrri hluta 20. aldar. Í greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sjá skjal nr. 10(1), eru þó færð fyrir fram rök gegn því að jökull, samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks, hafi verið á Fimmvörðuhálsi til þess tíma en fönn kunnir að hafa hulið hálsinn.

Úrlausn þess álítaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Goðalands og Hrútafells fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna verður að útkljá ágreininginn eftir öðrum leiðum. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar er um eignarréttarlega stöðu Goðalands og Hrútafells.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Goðaland. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Goðalands sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökulum, ám og árgiljum.

Umrætt landamerkjabréf er áritað af fyrirsvarsmanni Breiðabólstaðar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar Goðalands hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum jarðarinnar væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Goðalands. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Goðalands, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Í elstu fyrirliggjandi heimildum um Goðaland, Kirkjulækjardómi frá 1578 og Lambeyjarsamþykkt frá 1579, er „Goðalandz afriett“ dæmd „eign kirkiunnar aa Breidabolsstad“. Í vitnisburðum, sem lagðir voru til grundvallar þessari niðurstöðu, segir að Goðalandz afriett sé „haldinn vafalaus kirkiunnar eign aa Breidabolsstad“. Dómar þessir voru staðfestir í lögréttu 1588 en þeir voru kvæðnir upp í tilefni af deilum prestsins í Fljótshlíð og bænda undir Austur-Eyjafjöllum um beit í Goðalandi.

Óbyggðanefnd telur að af dómi lögréttu 1588, og fyrirrennrum hans 1578 og 1579, verði ekki annað ráðið en að Goðaland hafi verið afréttur Breiðabólstaðar án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt.<sup>1</sup> Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Breiðabólstaðarkirkju og á Goðaland er ekki minnst í ítarlegum máldaga kirkjunnar frá því um 1570.

Þegar fjallað er um Goðaland í öðrum heimildum er það áfram nefnt afréttur, sbr. skýrslu um Breiðabólstaðarbraud 1839, lýsingu á Eyvindarhóla-, Steina- og Skógasóknum 1840, lýsingu á Breiðabólstaðarsókn 1844 og jarðamati 1849. Í lögfestu staðarhaldara á Breiðabólstað frá 1821 er Goðaland talið upp með ítökum, skógum og rekafjörum, á eftir umfjöllun um „heimaland“, sbr. einnig skýrslu um tekjur og gjöld Breiðabólstaðarprestakalls á tímabilinu 1862-1867. Árið 1891 er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Goðaland, og það nefnt „afréttarland er tilheyrir Breiðabólstað í Fljótshlíð“. Undir landamerkjabréfið skrifa presturinn á Breiðabólstað, Tómas Sigurðsson á Barkarstöðum, Guðmundur Guðmundsson í Teigi, oddviti Fljótshlíðarhrepps, Ágúst Jónsson í Fljótsdal, Kjartan Einarsson, oddviti og prestur í Holti og Skúli Skúlason, prestur í Odda.

Heimildir benda þannig til þess að Breiðabólstaðarkirkja hafi átt upprekstrarétt í Goðalandi. Ekkert liggur fyrir um að Goðaland hafi, fram til friðunar, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarþeir fyrir búfé, stundum gegn gjaldi og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá bendir framangreint landamerkjabréf fremur til afréttareignar en beins eignarréttar. Kemur þá til álita hvaða þýðingu yfirlýsing biskupsins yfir Íslandi frá 22. febrúar 1927 hafi í þessu sambandi. Þar segir að afréttarítak Breiðabólstaðarprestakalls á Goðalandi sé tekið undan Breiðabólstaðarprestakalli vegna fyrirhugaðrar friðunar Þórsmurkur. Óbyggðanefnd telur að í þessari yfirlýsingu felist ekki skýrt afsal umræddra eignarréttinda. Í því sambandi hefur ekki úrslitabýðingu að svæðið hefur ekki verið nýtt til beitar um árabíl vegna friðunar Þórsmurkursvæðisins.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig Breiðabólstaðarkirkja er komin að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Goðaland sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Hvað varðar kröfur Rangárþings eystra fyrir hönd lögbýla í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi og fleiri er það mat óbyggðanefndar að af þeirra hálfu hafi ekki verið sýnt fram á það í málinu að þeir

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

hafi notið sjálfstæðs réttar til Goðalands, umfram eða samhliða framangreindum rétti Breiðabólstaðarkirkju. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til sömu niðurstöðu. Ekki verður þannig séð að not þeirra hafi verið á sjálfstæðum grundvelli heldur eingöngu leidd af rétti kirkjunnar.

Kröfur og sjónarmið um viðurkenningu annars konar óbeinna eignarréttinda eru vanreifaðar, auk þess sem alls óvíst er um núverandi tilvist slíkra réttinda, hvað þá nákvæma staðsetningu þeirra eða inntak. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka þær til greina að neinu leyti.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Breiðabólstaðarkirkju, Rangárþings eystra aðallega og framangreindra jarðeigenda að landsvæði það sem hér eru til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign Breiðabólstaðarkirkju, að því leyti sem það liggur að jökulum, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jöklanna eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Eftir er þá að taka afstöðu til merkja Goðalands, sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda, og Hrutafells, en í kafla 6.22. er komist að þeirri niðurstöðu að það sé eignarland. Óbyggðanefnd telur ljóst af framangreindu að snjór hafi að staðaldri hulið Fimmvörðuháls í lok 19. aldar þegar landamerkjabréf Goðalands og Hrutafells voru gerð. Í því sambandi verður ekki talið skipta máli hvort um jökul hefur verið að ræða eður ei. Svæði þetta hefur nú verið jökullaust um áratugaskeið og merki á milli Goðalands og Hrutafells verða því ekki lengur miðuð við jökuljaðar eða snjólinu. Með hliðsjón af framangreindu og staðháttum á svæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að miða umrædd merki við þá línu sem miðað er við í kröfugerð Rangárþings eystra fyrir hönd eigenda lögþýla í Austur-Eyjafjallahreppi vegna Goðalands og jarðeigenda vegna Hrutafells.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem nefnt er Goðaland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Þaðan sem Hrúnaá kemur undan Tungnakvíslajökli í Mýrdalsjökli og þangað sem hún sameinast Krossá. Síðan er Krossá fylgt þar til Hvanná sameinast henni. Þaðan liggja merki fyrst í Hvanná og síðan í Innri-Hvanná, að upptökum hennar við Eyjafjallajökul. Á milli framangreindra punkta við jaðra Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., og þeirra á milli ræður lína sem dregin er beint til austurs og vesturs frá Þrivörðuskeri að jökulbrúnum.*

Sama landsvæði er í afréttareign Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.8. Merkurtungur

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Merkurtungur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>2</sup> Að Merkurtungum liggur Stakkholt til vesturs, til norðurs og austurs er Goðaland og til suðurs er Eyjafjallajökull með skriðjökulum sínum. Merkurtungur tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; lág-lendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hliðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Merkurtungur eru bæði í hliðar- og fjallbeltinu, í 300-900 m hæð.

Landsvæðið þetta er fjalllent og land mætir jökli skammt sunnan Merkurtungnahaus í um 1000 m hæð. Nyrsti rani þess nefnist Niðurganga en ofan hennar er hallalítið graslendi. Nokkru sunnar tekur við nokkuð brattlendi og gnæfir þar efst Merkurtungnahaus (868 m).

Talið er að um landnám hafi skógur teygst sig upp í hliðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjalllendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjallendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og óskublandinn jarðvegur, sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjallajökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Merkurtungur liggja norðan sama jökuls og eru því samkvæmt þeirri kröfugerð allar í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Stóru-Merkur I, II og III lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli kunni að koma við landamerki, falli til afrettarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að land þetta hafi ekki verið numið. Það hafi ekki verið hluti af jörð eða nýtt til búskapar en verið leigt til afrettarnota gegn gjaldi. Svæðið sé ekki þinglýst eign nokkurs aðila, heldur fylgi beitarrétturinn tiltekinni jörð, eins og sé um öll afrettarlönd landsins. Slíkt sé ekki grundvöllur beins eignarréttar. Krafa um beinan eignarrétt grundvallaðan á hefð sé ekki rökstudd með tilliti til þess á hvern hátt hefðarrétturinn hafi orðið til. Þessum rétti er mótmælt og vísað til umfjöllunar ríkisins um hefð. Viðurkenndur er réttur Stóru-Merkur jarða til afrettarnota landsins, eins og jörðunum hafi tilheyrt frá fornu fari.

Af hálfu eigenda Stóru-Merkur I, II og III, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði tilheyri austurhluta bjórs þess sem Jörundur goði hafi numið enda renni Krossá til vesturs norðan þeirra. Landamerkjabréf hafi ekki verið gert fyrir Merkurtungur en mörk þeirra séu óumdeild. Marghátuð friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Merkurtungur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírátt að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Merkurtungur talist til afretta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Merkurtungna. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Merkurtungna. Þess skal strax getið að um Merkurtungur eru litlar heimildir.

Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Merkurtungur í kjölfar landamerkjagalanna frá 1882.

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afrettur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Sama máli gegnir um Stóru-Mörk en þess í stað var lögfesta Stóru-Merkur frá 1741 færð orðrétt inn í landamerkjabók, sbr. kafla 6.11. Þar segir ekkert um Merkurtungur. Merki landsvæðisins verða því helst ráðin af landamerkjalyásingum aðliggjandi landsvæða, Stakkholts og Goðalands, auk merkjalýsingar í afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979.

Verður þá fyrst litið til austurmerkja Merkurtungna, gagnvart Goðalandi. Í landamerkjabréfi Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, kemur fram að Hvanná og Hvannárgil ráði upp til Merkurtungna og síðan liggi merki norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna og ráði upp til jökuls, sbr. kafla 6.7. Líklegt er hér átt við svokallað Norðurgil, þ.e. Innra-Hvannárgil, sbr. einnig afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Ekki verður séð að bréf Goðalands hafi verið áritað af hálfu Stóru-Merkur eða Merkurtungna. Eldri heimildir um merki Goðalands miða einnig við Hvanná.

Verður þá næst litið til vesturmerkja Merkurtungna, gagnvart Stakkholti. Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Stakkholt en merkjum landsvæðisins er lýst í landamerkjabréfum Stóra-Dals, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðri-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, sbr. kafla 6.9. Samkvæmt því er þar greinir eru austurmerki Stakkholts í Hvanná. Með hliðsjón af framangreindu landamerkjabréfi Goðalands frá 1891 verður að telja líklegt að átt sé við svokallað Suðurgil, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816, afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979. Þá skal þess getið að landamerkjabréf Stóra-Dals, þar sem m.a. er fjallað um Stakkholt, er áritað af eigendum og ábúendum Stóru-Merkur, sem talið hafa til réttinda yfir Merkurtungum, án þess þó að tilgreint sé hvers vegna þeir árita.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Merkurtungna og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Merkurtungna, gagnvart Eyjafjallajökli, er hins vegar einungis lýst í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 þar sem segir að svæðið takmarkist „af jöklinum að austan“. Í kröfugerð eigenda Stóru-Merkur er gert ráð fyrir að merki Merkurtungna og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreind landamerkjabréf Goðalands og Stóra-Dals, Syðstu-Merkur og Neðri-Dals beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Goðalands og Stakkholts gagnvart Merkurtungum næðu upp að jökli. Hvanná rennur úr jökli og í bréfi Goðalands er merkjum beinlínis lýst upp til jökuls. Telja verður að hið sama gildi að þessu leyti um Merkurtungur og um Goðaland og Stakkholt, þ.e.a.s. að jökull hafi afmarkað það land sem máli skipti með augljósum hætti til suðurs.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir Goðaland, Stóra-Dal, Syðstu-Mörk og Neðridal. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Merkurtungna sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum.

Umrædd landamerkjabréf eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki Goðalands og Stakkholts, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, þ. á m. fyrirsvarsmenn Stóru-Merkur vegna Merkurtungna, sem þýðingu hafi hér. Jafnframt er landamerkjabréf Stóra-Dals áritað af fyrirsvarsmönnum Stóru-Merkur. Þá ber lýsingum bréfanna saman við þær litlu heimildir aðrar sem til eru um Merkurtungur. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að fyrirsvarsmenn Goðalands og Stakkholts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum þeirra landsvæða gagnvart Merkurtungum væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Merkurtungna. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Merkurtungna, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Utan framangreinds landamerkjabréfs Goðalands frá 1891 er einungis fjallað um Merkurtungur í fjallskilareglugerðum Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og gerðabók fasteignamatsnefndar 1916. Í fjallskilareglugerðum þessum er kveðið á um að hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skuli sjá um fjallskil, réttarhöld, grenjaleitir o.s.frv. í „smáafréttunum“, þ. á m. Merkurtungum. Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 segir að Stóra-Mörk eigi „rétt til uppreksturs“ á Merkurtungur. Þá segir í afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979 að Merkurtungur „tilheyri Stóru-Mörk 1-3“.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðarinnar Stóru-Merkur hafi haft af Merkurtungum afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athuga-semdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Merkurtungur hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabil vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur Stóru-Merkur hafi afsalað sér umræddum rétti.

Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig eigi að hafa verið stofnað til umkrafinna réttinda Stóru-Merkur. Þannig er ekki minnst á Merkurtungur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710, lýsingu séra Högna Sigurðssonar á Breiðabólstað á afréttum og örnefnum, frá því um miðja 18. öld eða lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Í tveimur síðastnefndu heimildunum er gert ráð fyrir að framan við Goðaland að sunnanverðu séu Stakkholt og Steinsholt en ekki minnst á Merkurtungur. Þá segir ekkert um Merkurtungur í lögfestu Stóru-Merkur sem færð var inn í landamerkjabók í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Merkurtungur sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Stóru-Merkur I, II og III að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að jörðin Stóra-Mörk I-III hafi átt upprekstrarrétt í Merkurtungum.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Merkurtungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Á móts við Stakkholt ræður Suðurgil, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Á móts við Goðaland ræður Norðurgil, þ.e. Innra-Hvannárgil. Gilin mætast að norðanverðu og að sunnanverðu, þ.e. á milli upptaka tveggja framangreindra kvísla Hvannár í Suðurgili og Norðurgili við jökul er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóru-Merkur I-III, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign jarðarinnar Stóru-Merkur, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

### 6.9. Stakkholt

Landsvæði það sem nefnt hefur verið Stakkholt tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Að Stakkholti liggur Steinsholt til vesturs, til norðurs Þórsmörk, til austurs Goðaland og Merkurtungur. Að sunnanverðu er Eyjafjallajökull með skriðjökulum sínum. Stakkholt tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár, ásamt Steinsholti, Merkurtungum, Goðalandi, Múlatungum og Teigstungum.

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglandisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hlíðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka, en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Stakkholt er bæði í hlíðar- og fjallbeltinu, í 200-900 m hæð. Bratt og sundurskorið fjalllendi einkennir stóran hluta þessa landsvæðis. Krossá rennur um flatlendið. Skörp skil eru á milli flatlendis og fjalllendis. Að sunnanverðu rís land hæst við jökuljaðar Eyjafjallajökuls í um 800-850 m hæð við Skaratungnahaus. Syðst í Stakkholti rísa fell og tindar, Hátindar (672 m) upp af Stakkhálsi, Skaratungnahaus (856 m) norður undir Eyjafjallajökli og bratt og algróið Rjúpnafell (497 m) liggur norðaustan undir Steinsholtsjökli. Norðan undir Hátindum eru grassléttur sem heita Hátindaflattir en annars er efri hluti landsvæðisins að miklum hluta gróðurlitlir klettur og urðir. Breið og djúp Stakkholtsgjáin sker afréttinn þvert og skiptir honum í tvo parta, Innafrétt og Framafrétt. Fremst á Stakkholti, vestan Stakkholtsgjárinna, er svæði er kallast Fagriskógur en þar er nú skóglaut. Innan Fagraskógar er Bólhöfuð og Fagraskógarból. Norður undir Steinsholtsjökul er Lón en þar eru upp-tök Steinsholtsárinnar. Austan Stakkholtsgjárinna eru Flár og austan þeirra er stutt Stráksgilið. Austan þess við Hvannárgil eru Gunnufuð en innan þess eru brattar Nauthillur. Suðaustan Hátinda fyrir botni Syðra-Hvannárgils er Litlaland og nær það upp að jökli.

Talið er að um landnám hafi skógur teygt sig upp í hlíðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins, þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkanna hefur fjallendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í fjallendinu neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjallajökuls svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Stakkholt liggur norðan sama jökuls og er samkvæmt þeirri kröfugerð allt í þjóðlendu.

Á móti hafa eigendur Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli kunni að koma við landamerki falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að landsvæði þetta hafi verið numið en beini eignarrétturinn hafi fallið niður af einhverjum orsökum. Vera kunni að það hafi gerst við það að séreignir hofa féllu niður við kristnitökuna. Stakkholt sé ekki jörð, enginn þinglýstur eigandi og ekki vitað til þess að landið hafi verið nýtt til búskapar frá þeim jörðum, sem nú geri eignartilkall. Því er þó ekki mótmælt að þær jarðir, sem nýtt hafi þarna beit frá fornu fari, haldi þeim rétti sínum. Landið hafi hins vegar aldrei verið hluti af jörðunum sjálfum.

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.



Af hálfu eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dals-sels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að Stakkholt tilheyri landnámi Jörundar goða. Fræðimenn séu á einu máli um að þar sé um að ræða landið sunnan Krossár sem frá ómunatíð hafi verið afréttarland. Stakkholt er eignarland og afréttur nokkurra jarða undir Vestur-Eyjafjöllum sem allar hafa áður verið hluti svonefndrar Dalstorfu en þær eru núverandi Dalstorfujarðir auk Syðstu-Merkur, Neðsta-Dals og Hamragarða. Vísað er til landamerkjabréfs Stóra-Dals þar sem fjallað er um Stakkholt. Margháttað friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýslu-framkvæmd að ræða, en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Stakkholt. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðal-meðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráð-stafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírátt að við gildistöku þjóð-lendulaga hefur Stakkholt talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóð-lendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Stakkholts. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Stakkholts.

Merkjum Stakkholts er fyrst lýst í lögfestu Neðra-Dals og Hamragarða frá 1816. Þá er til lýs-ing Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Ekki var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Stakkholt í kjölfar landamerkjagalaganna frá 1882 en merkjum svæðisins er lýst í landamerkjabréfum Stóradalstorfu, dags. 12. maí 1888 og þingl. 21. maí 1892, Syðstu-Merkur, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og Neðra-Dals, dags. 22. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Þá er gerð grein fyrir merkjum Stakkholts í afréttaskrá Rangárvallasýslu frá 1979.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Stakkholts, gagnvart Steinsholti. Í landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890, kemur fram að Steinholtsá ráði þar mörkum. Bréfin eru ekki árituð af hálfu Steinsholts en landamerkjabréf Steinsholts, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892, er áritað um samþykki vegna Stakkholts, sbr. kafla 6.10. Merkjum er þar eins lýst og sama máli gegnir um lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816, afréttar-lýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld, heimild um merki Steinsholts frá 1890 og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979.

Verður þá næst litið til norðurmerkja Stakkholts, gagnvart Þórsmörk. Af landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890, verður ráðið að Krossá ráði þar mörkum. Bréfin eru ekki árituð af hálfu Þórsmerkur. Þessi lýsing er í samræmi við afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 en á norðurmerki er ekki minnst í lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816. Landamerkjabréf Þórsmerkur, dags. 2. maí 1892 og þingl. 18. maí sama ár, lýsir merkjum í samræmi við þetta, sbr. einnig lögfestu frá 1753. Bréfið er áritað af hálfu Stakkholts, sjá kafla 6.4.

Samkvæmt landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890, liggja austurmerki Stakkholts, gagnvart Goðalandi og Merkurtungum, í Hvanná. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816, afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Landamerkjabréfin eru ekki árituð af

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

hálfu Goðalands og Merkurtungna. Samkvæmt landamerkjabréfi Goðalands, dags. í maí 1891 og þingl. 28. maí 1891, er „...Hvanná og Hvannárgil milli Goðalands og Stakkholts upp til Merkurtungna og síðan norður gilið milli Goðalands og Merkurtungna upp til jökuls...“, sbr. kafla 6.7. Bréfið er ekki áritað af hálfu Stakkholts. Eldri heimildir um merki Goðalands miða einnig við Hvanná.

Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Merkurtungur en með hliðsjón af framangreindu landamerkjabréfi Goðalands frá 1891 verður að telja líklegt að merki Stakkholts gagnvart Merkurtungum liggi í svokölluðu Suðurgili, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Þá skal þess getið að landamerkjabréf Stóra-Dals, þar sem m.a. er fjallað um Stakkholt, er áritað af eigendum og ábúendum Stóru-Merkur, sem talið hafa til réttinda yfir Merkurtungum, án þess þó að tilgreint sé hvers vegna þeir árita.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Stakkholts og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Stakkholts, gagnvart Eyjafjallajökli, er hins vegar einungis lýst í afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Í hinni fyrnefndu segir að Stakkholt nái „að sunnanverðu upp undir jökulinn“. Í hinni síðarnefndu segir að Stakkholt nái „uppundir jökulinn“. Í kröfugerð eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkarlands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða er gert ráð fyrir að merki Stakkholts og beinn eignaréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir beri með sér að litið hafi verið svo á að merki Stakkholts næðu upp að jökli enda renna bæði Steinholtsá og Hvanná úr jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur. Fyrirliggjandi gögn, benda til þess að landamerkjum Stakkholts sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er afmarkað af jökli, ám og árgiljum.

Umrædd landamerkjabréf eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki Stakkholts, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða, sem þýðingu hafi hér. Þá ber lýsingum bréfanna saman við aðrar heimildir um merki Stakkholts. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að fyrirsvarsmenn Stakkholts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignaréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Stakkholts. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu norðan Stakkholts, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Stakkholt er fyrst getið í lögfestu Stóra-Dals frá 19. desember 1665. Lýst er landamerkjum og síðan segir svo: „Þessi eru skógatakörk Stóradals: í fyrstu þridja hvör hrísla í öllu Langanesi inn undir Falljökul, ítem í Stakkholti allar Sudurhlídar, en á Midri Mörk...“ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 segir að Stóra-Dal fylgi „Afjrettur“, þar sem heiti Stakkholt. Fram kemur að hann hafi verið brúkaður frá Dal og Dalshverfi en líka frá öðrum bæjum, tolllaust. Önnur lögfesta Stóra-Dals er frá 31. ágúst 1795. Lýst er landamerkjum og því næst er fjallað um skógareign Stóra-Dals, „syrteiga“ og fleiri atriði. Síðan segir m.a. svo: „... alt Stakkholtt allar Sudurhlyder hvört sem heldur til Skógarhöggs þiena kann edur Fiár Afriettar“. Næst er fjallað um Stakkholt í lögfestu og máldaga fyrir jörðunum Neðra-Dal og Hamragörðum frá 8. júní 1816. Lýst er landamerkjum og síðan segir svo: „Afréttur Stakkholt filgir öllu Dalshverfi milli Steinsholtsár og Hvannár – öllum óvidkomandi mönnum er hér med fyrirbodid án undirskrifadra leifis, öll beit og brúkun á tilteknu landi þá nefndra jarda ábúendum er og so hér med fyrirbodid ad gjöra kríngbúum sínum ágáng med hagbeit og brúkun út fyrir nefnd landamerki, eptir LLb. xvj. kap. hvorutveggju undir fullkomnar landnáms og skadabætur.“

Árið 1888 er gert landamerkjabréf „jarðarinnar Stóra-Dals (Stóradalstorfunnar), sem er með

býlunum Dalskoti, Króktúni, Eyvindaholti, Murnavelli, Steinmóðarbæ, Dalsseli, Borgareyrum og Brúnum“. Tveimur árum síðar eru gerð landamerkjabréf fyrir Syðstu-Mörk og Neðridal. Í fyrstnefnda bréfinu segir að Stakkholt „heyri til Stóradalstorfunni ásamt jörðunum Syðstu-Mörk, Neðra-Dal og Hamragörðum“. Í því næsta er notað orðalagið „Afréttarlandið Stakkholt ... er afréttur jarðarinnar að rétttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.“ Í því þriðja segir síðan „Afrétt á jörðin: Stakkholt ... að rétttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.“ Orðalag bréfanna er þannig með blæbrigðamun. Umfjöllun um Stakkholt er á eftir lýsingu merkja, með umfjöllun um reka og skóg-arítök. Þá eru landamerkjabréf Steinsholts og Þórsmerkur frá 1892 árituð um samþykki fyrir afréttinn Stakkholt.

Þegar fjallað er um Stakkholt í öðrum heimildum er það áfram nefnt afréttur, sbr. lýsingu Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld og fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar, athugasemd í gerðabók fasteignarmatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að allar Stóradalstorfjarðir og Hamragarðar, Neðri-Dalur og Syðsta-Mörk eigi rétt til uppreksturs á Stakkholt. Í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979 segir að Stakkholt tilheyri Brúnum, Borgareyrum, Dalseli, Bjarkalandi, Steinmóðarbæ, Hamragörðum, Neðra-Dal, Mið-Dal, Stóra-Dal, Eyvindaholti og Syðstu-Mörk.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðanna Brúna, Borgareyra, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðra-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindaholts og Syðstu-Merkur hafi haft af Stakkholti afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Stakkholt hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá benda fyrirbyggjandi gögn, þ. á m. framangreindar lögfestur Stóra-Dals frá 1665 og 1795 og landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Syðstu-Merkur og Neðri-Dals 1888 og 1890 fremur til afréttareignar jarðarinnar en beins eignarréttar. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabíl vegna friðunar Þórsmerkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur framangreindra jarða hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur framangreindra jarða eru komnir að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Stakkholt sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Stóra-Dals, Mið-Dals, Eyvindaholts, Syðstu-Merkur, Steinmóðarbæjar, Dalssels, Bjarkalands, Borgareyra, Brúna, Neðra-Dals I og II og Hamragarða að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðirnar Brúnir, Borgareyra, Dalsel, Bjarkaland, Steinmóðarbær, Hamragarðar, Neðri-Dalur, Mið-Dalur, Stóri-Dalur, Eyvindaholt og Syðsta-Mörk hafi átt upprekstrarétt í Stakkholti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Stakkholt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Steinsholtsá ræður þaðan sem hún kemur undan jökli og þangað sem hún rennur í Markarfljót. Markarfljóti er fylgt þangað sem Hvanná rennur í það og Hvanná upp í Suðurgil, þ.e. Fremra-*

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

*Hvannárgil, og í jökul. Á milli upptaka Steinholtsár og framangreindrar kvíslar Hvannár í jökli ræður jaðar Eyjafjallajökuls og er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Brúna, Borgareyra, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðra-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts og Syðstu-Merkur sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign framangreindra jarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkna að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

### 6.10. Steinsholt

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Steinsholt, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Að Steinsholti liggja til vesturs Stóra-Mörk, til norðurs er Fljótshlíðarafréttur, einnig nefndur Grænafjall, og til austurs Stakkholt. Að sunnanverðu er Eyjafjallajökull. Steinsholt tilheyrir svokölluðum „Smáafréttum“ sunnan Krossár, ásamt Stakkholti, Merkurtungum, Goðalandi, Múlatungum og Teigstungum.

Landsvæði þetta liggur í 200-900 m hæð. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í þrjú gróðurfarsleg hæðarbelti; láglendisbelti sem nær að jafnaði upp að 150-200 m hæð yfir sjó, hliðabelti í 200-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka en þar eru að jafnaði veðurfarsleg mörk nokkuð samfellds gróðurs. Steinsholt er bæði í hliðar- og fjallbeltinu. Bratt og sundurskorið fjalllendi einkennir stóran hluta þessa landsvæðis. Að sunnanverðu, milli Gígjökuls og Steinholtsjökuls, er landslag sundurskorið af djúpum giljum. Þar standa Fremstihaus, Helluhhaus, Mosahaus, Kirkjuhaus og austast Innstihaus, í 700-800 m hæð. Norðar skagar út úr fjallendinu hryggur, er nefnist Hoftorfa, í um 300 m hæð. Flatlendi er takmarkað, aðallega nyrst á áraurum jökulárinnar Markarfljót.

Talið er að um landnám hafi skógur teygst sig upp í hliðar hamrabeltis Eyjafjallasvæðisins þar sem ekki voru of brattar og lausar skriður, og heiðarnar ofan byggðar hafa verið vaxnar skógi og kjarri upp undir 300-400 m hæð. Ofan skógarmarkna hefur fjallendið verið þakið nokkuð samfelldum lággróðri. Í því neðanverðu hefur verið þykkur, þurr og öskublandinn jarðvegur sem grynntist er ofar dró.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína sunnan Eyjafjallajökuls, svo sem nánar er lýst í kafla 3.1. Steinsholt liggur norðan sama jökuls og er því allt í Þjóðlendu, miðað við þessa kröfugerð.

Á móti hafa eigendur jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp að jökulbrún. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan landsins teljist Þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 1, er því haldið fram að Steinsholt sé samnota-afréttur. Að minnsta kosti hluti þessa landsvæðis hafi verið innan landnáms Jörundar goða og verið lagður til hofs. Líklegt sé að séreignir hofa hafi þá fallið niður. Engar heimildir liggja fyrir um fram-

<sup>1</sup> Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

sal þessa lands sem eignarlands og ekki sé vitað um búsetu. Því er mótmælt að þetta afréttarland sé þinglýst eign einhvers. Engin sérstök eignarheimild sé til og ekkert annað sönnunargagn en einhliða merkjalýsing. Eignarréttarkröfur séu þannig ekki studdar við gögn sem óbyggðanefnd hefur tekið mark á við fyrri úrskurði um bein eignarréttindi.

Af hálfu eigenda jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur, sbr. skjöl nr. 7 og 8(3), er því haldið fram að Steinsholt tilheyri landnámi Jörundar goða. Fræðimenn séu á einu máli um að þar sé um að ræða landið sunnan Krossár sem frá ómunatíð hafi verið afréttarland Austur-Eyfellinga, Merkur-bæja og Dalstorfubæja, auk Fitjar og Hala (Fitjamýrar). Steinsholt sé eignarland og afréttur þriggja jarða, þ.e. Mið-Merkur, Fitjar og Fitjamýrar. Vísað er til landamerkjabréfs fyrir Steinsholt frá 14. maí 1892. Margháttað friðun „Þórsmerkursvæðisins“ eigi ekki að raska eignarrétti á svæðinu. Þar sé aðeins um stjórnsýsluframkvæmd að ræða en ekki verði séð að eignarrétti hafi nokkru sinni verið afsalað til annars aðila.

Í kafla 5.2. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Steinsholt. Gögn þessi eru afrakstur af kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis, auk skjalaframlagningar málsaðila.<sup>1</sup> Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun Steinsholts. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Steinsholts.

Til eru nokkrar heimildir um merki Steinsholts. Elst er lýsing Einars Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Því næst er landamerkjabréf Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár. Tveimur árum síðar er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Steinsholt, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892. Þá er merkjum Steinsholts lýst í afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Steinsholts, gagnvart Stóru-Mörk. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Steinsholts liggja merki þar á milli í „Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Stóru-Merkur. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við afréttalýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og landamerkjabréf Mið-Merkur frá 1890, sbr. einnig afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Hún er hins vegar nokkuð frábrugðin heimildum um merki Stóru-Merkur. Samkvæmt landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur, dags. 1890 (1741) og þingl. 23. maí 1890, liggja austurmerki, gagnvart Steinsholti, úr Þurragili í Þórólfsfelle „... j Jöldustein, og þaðann Siónhending j Jökul austur“. Í kafla 6.11. er komist að þeirri niðurstöðu að með áritun af hálfu Stóru-Merkur á landamerkjabréf Steinsholts, tveimur árum eftir að lögfesta Stóru-Merkur fékk stöðu landamerkjabréfs, hafi óljós merki Stóru-Merkur og Steinsholts verið skýrð.

Norðurmerki Steinsholts, gagnvart Grænafjalli, afrétti Fljótshlíðinga, liggja samkvæmt landamerkjabréfinu í Markarfljóti, frá þeim stað þar sem Steinholtsá rennur í það og þar til Jökulsá fellur í það. Þessi lýsing er samræmi við landamerkjabréf Mið-Merkur frá 1890. Bréf Steinsholts er ekki áritað sérstaklega vegna Fljótshlíðarafréttar enda Markarfljót glögg afmörkun af náttúrunnar hendi. Um Fljótshlíðarafrétt er fjallað í máli nr. 4/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Markarfljót ráði gagnvart Steinsholti, sbr. m.a. lögfestu hreppstjóra í Fljótshlíð, fyrir hönd bænda þar, og fyrisvarsmanns Teigs og Stóra-Dals undir Eyjafjöllum árið 1753 um Grænafjall, Þórsmörk, Teigs- Guðrúnar- og Múlatungur, auk Langaness.

Verður þá næst litið til austurmerkja Steinsholts, á móti Stakkholti. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfinu ræður þar „... Steinholtsá allt frá upptökum hennar á jöklinum niður í Markarfljót ...“. Bréfið er áritað um samþykki vegna Stakkholts. Þessi lýsing er í samræmi við afréttarlýsingu Einars Sighvatssonar frá miðri 19. öld og landamerkjabréf Mið-Merkur frá 1890, sbr. einn-

1 Sjá nánar í kafla 4.

ig afréttaskrá Rangárvallasýslu 1979. Ekki var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Stakkholt í kjölfar landamerkjagalaganna frá 1882 en merkjum þess landsvæðis er lýst í landamerkjabréfum Stóradalstorfu, Neðra-Dals og Syðstu-Merkur, frá 1888 og 1890. Merkjum er þar eins lýst og sama máli gegnir um lögfestu Neðri-Dals og Hamragarða frá 1816.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Steinsholts og aðliggjandi landsvæða til vesturs, norðurs og austurs. Suðurmörkum Steinsholts, gagnvart Eyjafjallajökli, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur er gert ráð fyrir að merki landsvæðisins og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til afréttarins.

Óbyggðanefnd telur að framangreind landamerkjabréf Steinsholts og Mið-Merkur beri með sér að litið hafi verið svo á að merki þess næðu upp að jökli. Merkjum til vesturs og austurs er þannig lýst alla leið í jökul. Jökull hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til suðurs að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Suðurmerkjum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Steinsholt. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Steinsholts sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að skýrt afmarkað af jöklum, ám og árgiljum.

Umrætt landamerkjabréf er undirritað af Kjartani Einarssyni oddvita og prests í Holti og áritað af hálfu Fitjamýrar, Stóru-Merkur og Stakkholt, það er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki svæðisins, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar Steinsholts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum landsvæðisins væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Steinsholts. Þar ber þess fyrst að geta að frásögn Landnámu og rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til að byggð hafi verið að fornu á því norðan Steinsholts, sbr. kafla 6.2. Staðhættir mæla þó fremur gegn því að nám hafi náð langt norður fyrir Eyjafjallajökul.

Um Steinsholt er fyrst getið í lýsingu Einaris Sighvatssonar, hreppstjóra á Ysta-Skála, á Þórsmörk og nálægum afréttum frá því um miðja 19. öld. Árið 1890 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Mið-Mörk og þar segir svo: „Afréttina Steinsholt á jörðin hlutfallslega við aðra sameigendur; takmörk þess eru þessi ...“ Tveimur árum síðar er gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Steinsholt. Þar segir svo: „Steinsholt, sem tilheyrir jörðunum Mið-Mörk, Fitjamýri og Fit í Vestur-Eyjafjallahreppi, hefir þessi takmörk: ...“ Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda jarðanna Mið-Merkur, Fitjar og Fitjamýrar.

Þegar fjallað er um Steinsholt í öðrum heimildum eru það áfram nefnt afréttur, sbr. fjallskilareglugerðir fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar og athugasemd í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916. Í hinni síðastnefndu segir að á Steinsholt eigi „rétt til uppreksturs“ Fit, Fitjamýri og Mið-Mörk. Hið sama kemur fram í afréttaskrá fyrir Rangárvallasýslu frá 1979.

Heimildir benda þannig til þess að eigendur jarðanna Fitjar, Fitjamýrar og Mið-Merkur hafi haft af Steinsholti afréttarnot. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Steinsholt hafi, fram til 1989, nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota. Þá benda fyrirliggjandi gögn, þ. á m. landamerkjabréf Steinsholts 1892 og Mið-Merkur 1890, fremur til afréttareignar jarðanna en beins eignarréttar. Enda þótt svæðið hafi ekki verið nýtt til beitar um árabíl vegna friðunar Þórsmörkursvæðisins liggur ekkert fyrir um það að eigendur framangreindra jarða hafi afsalað sér umræddum rétti.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig eigendur framangreindra jarða eru komnir að rétti sínum

til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Steinsholt sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæðinu eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu eigenda Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggeringa né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðirnar Fit, Fitjamýri og Mið-Mörk hafi átt upprekstrarétt í Steinsholti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Steinsholt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá þeim stað þar sem Steinholtsá rennur undan Steinholtsjökli í Eyjafjallajökli og niður í Markarfljót. Þaðan er Markarfljóti fylgt þar til Jökulsá fellur í það og síðan Jökulsá að upptökum hennar í Eyjafjallajökli. Á milli upptaka Steinholtsár og Jökulsár í jökli ræður jaðar Eyjafjallajökuls, miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign framangreindra jarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarkað að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

## 6.11. Stóra-Mörk

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í lögfestu Stóru-Merkur, dags. 2. september 1741, innfærð í landamerkjabók og þingl. 23. maí 1890.

Að Stóru-Mörk liggja til vesturs Mið-Mörk og Stóradalstorfa og til austurs er Gígjökull og Steinsholt. Að norðanverðu er Markarfljót og jarðir í Fljótshlíð. Til suðurs er Eyjafjallajökull og Ysti-Skáli.

Nyrsti hluti þess landsvæðis sem hér er um ræðir er hallalítið undirlendi en fjalllendi og gróið heiðarland að sunnanverðu. Skörp skil eru á milli flatlendis og fjalllendis. Til suðausturs af bæjarstæði Stóru-Merkur ris aflíðandi grasi gróin Stórumerkurheiðin sem afmarkast af Illagili að austan. Austan Illagils tekur við aflíðandi Hrossavallaheiði og nær hún að Akstaðaheiði í austri og Miðtungugili í suðri. Við Langanes er hlíðin í landi Stóru-Merkur og er hún skarpari og brattari en vestari hlíðar jarðarinnar. Gil, gljúfur og skörð skera hlíðina og renna um þau vatnsföll sem eiga upptök sín í Eyjafjöllum og sameinast að lokum Markarfljóti niður á láglandi. Akstaðaá kemur niður vestan við Akstaðaheiði. Austar liggur Litlaheiði í um 600-700 m hæð og brattir Innstuhnaus-

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

ar vestan Gígjökuls. Syðst taka við undirhlíðar Eyjafjallajökuls uns land mætir jökli í um 900 m hæð. Frá bæjarstaði Stóru-Merkur til jökuls efst í Miðtungugili eru um 9 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá þeim stað þar sem Steinhóltsá rennur út á Markarfljótsaura (punktur F), í Helluhnjúk (punktur E) og áfram í 706 m hæð í Arnargilshrygg (punktur D). Á móti hafa eigendur Stóru-Merkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.11.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að Ásgerður, ekkja Ófeigs, hafi numið land á milli Seljalandsmúla og Markarfljóts og Langanes allt upp til Jöldusteins. Hér sé ekki tiltekið land á milli vatnsfalla og glöggst sjáist að verið sé að nema land á láglandi og ekki hærra upp en að Seljalandsmúla. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við hálendisbrún fyrir ofan jörðina Stóru-Mörk og Langanes. Þetta umþrætta land sé auðvitað langt fyrir ofan landnámslínu Ásgerðar. Langanesið sé stór hluti þessa kröfusvæðis. Það hafi ekki alltaf legið undir Stóru-Mörk. Samkvæmt elsta máldaga Holtsstaðar 1270 sé Langaness meðal staðareigna. Þetta hafi verið skilið þannig að Langanesið hafi verið afréttur Holtsstaðar á þessum tíma. Í máldaga Holtskirkju sem í Fornbréfasafni sé talinn frá 1332 segi um Langanes: „Nauta rétt úr Holti og útlöndum í Langanesi. Útvöxtu hálfu fyrir öllu Langanesi.“ Hér sé kveðið á um að grasnautnin sé handa nautum og leiguliðar Holtsprests hafi átt rétt á að reka naut sín í afréttinn. Talið sé að orðið útvextir sé notað um útfærslu á gróðri í áður ógrónu landi og hafi grasnautnin með sama hætti verið eign staðarins fyrir hálfu nesinu. Af yngri heimildum sé einnig ljóst að Holt hafi átt helming skóga í öllu Langanesi en verulegt skóglendi hafi haldist þar fram um miðja 18. öld. Árið 1753 hafi hálf Langanes, með vissum örnefnum og ítökum í Þórsmörk, verið lögfest Holts stað. Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Holt, dags. 10. maí 1890, eigi Holt ýmis skógarítök, m.a. helming skógar í öllu Langanesi og sömuleiðis afrétt fyrir naut á Langanesi.

Þá kemur fram í greinargerð íslenska ríkisins að í máldaga Ásólfsskálakirkju, sem talinn sé frá 1332, segi: „Geldneyta afrétt í Langanes.“ Enn fremur er bent á Gíslamáldaga 1570 en þar sé sömu kirkju talinn afréttur í Langanesi og útvextir í Langanesi að helmingi við staðinn í Holti. Einnig sé getið um Langanes í heimildum um afréttarlönd í Stóradalssókn. Byggt er á því að hægt sé að eiga skógarítök án þess að grunnréttur fylgi, sbr. úrlausn óbyggðanefndar varðandi Þjórsárdal. Þá hafi verið kirkja að Steinum og samkvæmt vísitásiu Brynjólfur Sveinssonar frá 1641 hafi það leikið á tungum að Steinaskógur á Langanesi heyrði henni til.

Af hálfu eiganda Stóru-Merkur I-III, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið og nýtt á einhvern hátt á hverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjalýsingar í bréfi, dags. 27. ágúst 1887 og þingl. 23. maí 1890, en þar sé um að ræða stafrétt eftirrit af frumskjali af lögfestu. Lögfesta þessi hafi verið gerð árið 1741 til að hindra ágang utansveitar fólks sem gerði stóran órétt með því að höggva, skera, rjúfa og beita Stórumerkurskóg og gras. Til sé önnur lögfesta fyrir Stóru-Mörk, dags. 3. júní 1833, með svipaðri merkjalýsingu. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Stóru-Mörk er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Stóru-Merkur er getið í heimildum frá því á fyrri hluta 14. aldar en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til loka 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Stóru-Merkur er lýst í lögfestu jarðarinnar, dags. 2. september 1741. Lögfesta þessi fékk síðar stöðu landamerkjabréfs, var þinglýst 23. maí 1890 og færð inn í landamerkjabók Rangárvallasýslu. Þá er að auki til önnur lögfesta, dags. 3. júní 1833. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Stóru-Mörk. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Stóru-Merkur verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Merki Stóru-Merkur til norðurs liggja gagnvart jörðum í Fljótshlíðarhreppi, sbr. mál nr. 4/2003, handan Markarfljóts. Stóra-Mörk á einnig merki gagnvart Stórudalstorfu. Landamerkjabréf (lögfesta) Stórmerkur er áritað af hálfu Stórudalstorfu og gagnkvæmt. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur 1890 (1741) liggja vesturmerki að sunnanverðu í „... Stóru-Merkur Á til Merkurbotna, þaðann til Jökuls austur ...“ Landamerkjalyting þessi er árituð af hálfu Mið-Merkur. Síðari lögfesta Stóru-Merkur, frá 1833, lýsir þessum merkjum með sambærilegum hætti. Landamerkjabréf Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, er einnig í samræmi við þetta og það er áritað af hálfu Stóru-Merkur. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Mið-Merkur, sbr. kafla 6.12.

Samkvæmt landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur 1890 (1741) liggja austurmerki, gagnvart Steinsholti, úr Purragili í Þórólfsfelli „... j Jöldusteini, og þaðann Siónehending j Jökul austur“. Síðari lögfesta Stóru-Merkur, frá 1833, er frábrugðin að því leyti að talað er um Lausöldu í stað Jöldusteins og Falljökul í stað ótilgreinds jökuls. Landamerkjabréf Stóru-Merkur 1890 (1741) er ekki áritað í nafni Steinsholts en hins vegar af hálfu Mið-Merkur, svo sem áður sagði. Mið-Mörk er ein þeirra jarða sem Steinsholt er sagt tilheyra í landamerkjabréfi Steinsholts, dags. 14. maí 1892 og þingl. 21. maí 1892. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Steinsholts liggja vesturmerki, gagnvart Stóru-Mörk, í „... Jökulsá frá upptökum hennar úr jöklinum niður í Markarfljót“. Lýsing þessi fær vel samrýmst eldri heimildum um merki Steinsholts, sjá kafla 6.10., þ. á m. landamerkjabréfi Mið-Merkur frá 1890. Hins vegar er hún nokkuð frábrugðin framangreindum heimildum um merki Stóru-Merkur. Jökulsá kemur undan Gígjökli (Falljökli) og rennur þaðan í sveig til norðvesturs í Markarfljót. Bréf Steinsholts er gert tveimur árum eftir að lögfesta Stóru-Merkur fær stöðu landamerkjabréfs og það er áritað um samþykki vegna Stóru-Merkur. Með hliðsjón af framangreindu verður að líta svo á að með þessu hafi óljós merki Stóru-Merkur og Steinsholts verið skýrð.

Suðurmerkjum Stóru-Merkur er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréfið bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Suðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Hér ber þess að geta að síðan þá hefur jökull hins vegar hopað, einkum að vestanverðu. Á korti sem danskir landmælingamenn unnu 1904 í mælikvarðanum 1:50.000 má sjá hvar jökull eða fannir liggja í Miðtungugili, að því er virðist u.þ.b. 3,3 - 3,5km til vesturs í beinni loftlínu út frá meginjökli Eyjafjallajökuls. Þessi jökull er nú horfinn.

Í köflum 6.12. og 6.13. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki jarðanna Mið-Merkur og Ysta-Skála bendi til þess að merki þeirra hafi einnig náð upp að jökli, hin fyrrnefnda vestan við Stóru-Mörk og hin síðarnefnda sunnan Stóru-Merkur og Mið-Merkur. Norðurmerki Ysta-Skála og suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur hafi þannig ekki náð saman heldur miðast við jökul sem að hluta sé nú horfinn. Í kröfugerð eigenda Stóru-Merkur, Mið-Merkur og Ysta-Skála

er gert ráð fyrir að merki þessara jarðanna nái saman, með tilteknum hætti, á svæði þar sem samkvæmt framangreindu er ástæða til að ætla að áður hafi verið undir jökli.

Úrlausn þess álítaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Stóru-Merkur, Mið-Merkur og Ysta-Skála fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Stóru-Merkur, Mið-Merkur, Ysta-Skála, og þess lands þar á milli sem áður var hulið jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er lögfesta Stóru-Merkur frá 1741 færð inn í landamerkjabók og gefin staða landamerkjabréfs. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Stóru-Merkur er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Stóru-Merkur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Um fjöllum um skógarítök Stóra-Dals og fleiri aðila í Langanesi verður ekki talin mæla gegn beinum eignarrétti á svæðinu, sbr. þá niðurstöðu óbyggðanefndar að tilvist ítaks bendi fremur til þess að svæði það sem itakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Stóra-Mörk hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 og færð inn í landamerkjabók 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki, sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurpekja undir Vestur-Eyja fjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Stóru-Merkur gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>2</sup> Framangreint getur þó einungis átt við um merki Stóru-Merkur að hluta. Suðvestur af jörðinni hefur jökull hopað svo mjög að merki jarðarinnar verða ekki lengur miðuð við jökuljaðar enda hefur það ekki sjálfstæða þýðingu um eignarréttarlega stöðu lands að það hafi einhvern tíma verið hulið jökli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Stóru-Merkur sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig

1 Sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup> Það fellur þannig utan við verksvið óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja Stóru-Merkur sem samkvæmt framangreindu er eignarland, Mið-Merkur, Ysta-Skála og annarra jarða á þessu svæði sem einnig eru taldar eignarland, sbr. kafla 6.12. og 6.13. Hér ber þess einnig að geta að um jarðirnar Núp, Stóradalstorfu og Syðstu-Mörk, sem allar liggja vestan Ysta-Skála og Mið-Merkur er fjallað í kafla 6.26.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Stóru-Merkur, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.12. Mið-Mörk

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Að Mið-Mörk liggja til suðvesturs Syðsta-Mörk og til norðausturs Stóra-Mörk. Að norðvestanverðu er Markarfljót og til suðurs Ysti-Skáli.

Fjalllendi og gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Upp frá bæjarstæði Mið-Merkur rís Miðmerkurheiðin í um 500 m og nær hún suðaustur að Dagmálafjalli. Gróður minnkar eftir því sem ofar dregur í heiðinni. Ofan hennar taka við Merkurbotnar og sunnar rís Dagmálafjall í 968 m.y.s. Flatlendi jarðarinnar er vestan Miðmerkurheiðarinnar að Markarfljóti.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Helluhnjúk (punktur E) í 706 m hæð í Arnargilshrygg (punktur D) í Stórhöfða 741m (punktur C) og í hæsta punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B). Á móti hefur eigandi Mið-Merkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.12.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að Ásgerður, ekkja Ófeigs, hafi numið land á milli Seljalandsmúla og Markarfljóts og Langanes allt upp til Jöldusteins. Hér sé ekki tiltekið land á milli vatnsfalla og glöggt sjáist að verið sé að nema land á láglendi og ekki herra upp en að Seljalandsmúla. Kröfulína íslenska ríkisins miðist við hálendisbrún fyrir ofan jörðina Stóru-Mörk og Langanes. Þetta umþrætta land sé auðvitað langt fyrir ofan landnámslínu Ásgerðar. Lýsingar í landamerkjabréfum séu auk þessa ónákvæmar. Hvað varðar hefð þá sé hún einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Mið-Merkur, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Mið-Merkur, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verði ekki tekið til Þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Mið-Mörk er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að Mið-Merkur er getið í heimildum frá því á 14. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>2</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mið-Merkur er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, en eldri heimildir um merki hennar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Mið-Mörk. Athugun þessi tekur til sunnanverðra suðvestur- og norðausturmerkja, gagnvart hálendi, og innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mið-Merkur verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Merkur liggja merki jarðarinnar til suðvesturs, gagnvart Syðstu-Mörk, að sunnanverðu „... úr fyrnefndum Grásteini bein stefna í Kambagil; ræður svo gilið svo langt sem það nær inn til heiðarinnar, og svo bein stefna í jökul eftir afstöðu af gilinu“. Landamerkjabréf Mið-Merkur er áritað af hálfu Syðstu-Merkur. Landamerkjum Syðstu-Merkur er lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 12. maí 1890 og þingl. 23. maí sama ár. Samkvæmt því liggja merki gagnvart Mið-Mörk að sunnanverðu „úr Grásteini – sem er vestanundir Merkurhólum – beina stefnu neðst í Kambagil. Það gil er norðanvið Rauðahraun, svo ræður gilið upp í efri brún Magradals sem er austan við Rauðahraun ...“. Landamerkjabréf Syðstu-Merkur er áritað af hálfu Mið-Merkur. Að auki eru til tvær eldri lýsingum á merkjum Syðstu-Merkur, í kaupsamningi frá 1608 og lögfestu, dags. 29. maí 1815. Í framangreindum kaupsamningi segir einungis um þetta efni að merki liggja frá láglandi „og riettsynis íj fiall austur“. Sú lýsing mælir ekki í mót landamerkjabréfinu. Í lögfestunni frá 1815 ná norðurmerki austur í „Kambagilsbotn hinn efri“ og suðurmerki austur í „gatid á Hrafnagili“ án þess þó að merkjum þar á milli sé lýst. Magradalur er ekki nefndur og því nær lýsingin ekki eins langt til suðausturs en að öðru leyti er lýsingin svipuð og í landamerkjabréfinu. Eldri heimildir um merki jarðarinnar virðast fá samrýmst þessu enda þótt orðalag sé ekki hið sama.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Merkur eru merki til norðausturs, gagnvart Stóru-Mörk, að sunnanverðu dregin „... úr Grásteini bein stefna í Merkurárgil að neðanverðu; ræður svo gilið svo langt sem það nær upp til heiðarinnar og svo bein stefna í afstöðu af gilinu allt í jökul“. Landamerkjabréf Mið-Merkur er áritað af hálfu Stóru-Merkur. Landamerkjum Stóru-Merkur er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi (lögfestu) Stóru-Merkur 1890 (1741), sbr. einnig síðari lögfestu Stóru-Merkur, frá 1833. Landamerkjalyking þessi er árituð af hálfu Mið-Merkur.

Um suðurmerki Mið-Merkur er tekið fram að „jökullinn“ ráði. Hér ber þess að geta að síðan þá hefur jökull hins vegar hopað, einkum að vestanverðu. Á korti, sem danskir landmælingamenn unnu 1904 í mælikvarðanum 1:50.000, má sjá hvar jökull eða fannir liggja í Miðtungugili, að því er virðist u.þ.b. 3,3-3,5 km til vesturs í beinni loftlínu út frá meginjökli Eyjafjallajökuls. Þessi jökull er nú horfinn.

Í köflum 6.11. og 6.13. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki jarðanna Stóru-Merkur og Ysta-Skála bendi til þess að merki þeirra hafi einnig náð upp að jökli, hin fyrnefnda austan við Mið-Mörk og hin síðarnefnda sunnan Mið-Merkur og Stóru-Merkur. Suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur og norðurmerki Ysta-Skála hafi þannig ekki náð saman heldur miðast við jökul sem að hluta sé nú horfinn. Í kröfugerð eigenda Mið-Merkur, Stóru-Merkur og Ysta-Skála er gert ráð fyrir að merki jarðanna nái saman, með tilteknum hætti, á svæði þar sem samkvæmt framangreindu er ástæða til að ætla að áður hafi verið undir jökli.

Úrlausn þess álítaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Mið-Merkur, Stóru-Merkur og Ysta-Skála fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Mið-Merkur, Stóru-Merkur, Ysta-Skála og þess lands þar á milli sem áður var hulið jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Mið-Mörk. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Mið-Merkur er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Mið-Merkur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Mið-Mörk hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigandi Mið-Merkur gæti hafa horft til þegar hann lýsti merkjum í jökul 1890 hefur gengið til baka. Land sem þá var hulið jökli er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Á svæðinu suður af jörðinni Mið-Mörk hefur jökull hins vegar hopað svo mjög að merki jarðarinnar verða ekki lengur miðuð við jökuljaðar enda hefur það ekki sjálfstæða þýðingu um eignarréttarlega stöðu lands að það hafi einhvern tíma verið hulið jökli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Mið-Merkur sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup> Það fellur þannig utan við verksvið óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja Mið-Merkur sem samkvæmt framangreindu er eignarland, Stóru-Merkur, Ysta-Skála, og annarra jarða á þessu svæði sem einnig eru taldar eignarland, sbr. kafla 6.11. og 6.13. Hér ber þess einnig að geta að um jarðirnar Núp, Stóra-dalstorfu og Syðstu-Mörk, sem allar liggja vestan Mið-Merkur og Ysta-Skála er fjallað í kafla 6.26.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Mið-Merkur, svo sem því er að framan lýst, þ. á m. að ótilgreindum mörkum gagnvart jörðinni Ysta-Skála, þar sem áður var jökull á milli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.13. Ysti-Skáli

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að Ysta-Skála liggja til vesturs Núpur og Stóradalstorfa. Til austurs er Mið-Skáli. Að norðanverðu eru Merkurjarðir og til suðurs Ásólfskálatorfa.

Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Ysta-Skála. Hallalítið undirlendi jarðarinnar er einkum sunnan við Ystaskálaheiði sem rís skarpt norðan við bæjarstæði Ysta-Skála og nær allt að jökli. Að vestan sker heiðina Írá sem rennur niður á láglandi um Írárgil. Tungnahaus liggur á milli Myrkárgils og Írárgils en norðan Tungnahaus er Krókur. Land hækkar til norðurs og rís hæst við Miðtungugil í 1000 m.y.s. Frá brekkurótum Ystaskálaheiðarinnar að áðurnefndu Miðtungugili eru um 7,5 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Stórhöfða 741m (punktur C) og í punkt á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B). Á móti hafa eigendur Ysta-Skála I-IV lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.16.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbryði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalyásingar. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Ysta-Skála I-IV, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdaleaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ysta-Skála er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Ysta-Skála er getið í heimildum frá því á 12. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ysta-Skála er lýst í landamerkjabréfi torfunnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Ysta-Skála. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ysta-Skála verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Ysta-Skála er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ysta-Skála eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Núp, að norðanverðu miðuð við „...Ýrarárgil inn úr vestanvið Ystaskálatungur og áin úr því til jökuls“. Bréfið er áritað af hálfu Núps. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Núp.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ysta-Skála eru merki til austurs, gagnvart Mið-Skála, að norðanverðu miðuð við „... merkigarð sem er með sínum krókum og bugum, síðan úr efri enda garðsins bein lína upp á Miðskálaegg svo ræður egginn marki til jökuls.“ Bréfið er áritað af hálfu Mið-Skála og gagnkvæmt. Landamerkjum Mið-Skála er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Mið-Skála, sbr. kafla 6.14.

Ysti-Skáli á einnig merki gagnvart Stórudalstorfu, þegar sunnar dregur að vestanverðu, og til suðurs er Ásólfskálatorfa. Landamerkjabréf Ysta-Skála er áritað af hálfu Ásólfskálatorfu og gagnkvæmt, sjá kafla 6.15, en ekki af hálfu Stórudalstorfu. Merki þessi liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Ysta-Skála, gagnvart Merkurjörðum, er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Bréf þessara jarða bera ekki gagnkvæmar áritanir. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréfið bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Hér ber þess að geta að síðan þá hefur jökull hins vegar hopað, einkum að vestanverðu. Á korti sem danskir landmælingamenn unnu 1904 í mælikvarðanum 1:50.000 má sjá hvar jökull eða fannir liggja í Miðtungugili, að því er virðist u.þ.b. 3,3 - 3,5 km til vesturs í beinni loftlínu út frá meginjökli Eyjafjallajökuls. Þessi jökull er nú horfinn.

Í köflum 6.12. og 6.11. er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki jarðanna Mið-Merkur og Stóru-Merkur bendi til þess að merki þeirra hafi einnig náð upp að jökli, norðan við Ysta-Skála. Norðurmerki Ysta-Skála og suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur hafi þannig ekki náð saman heldur miðast við jökul sem að hluta sé nú horfinn. Í kröfugerð eigenda Ysta-Skála, Mið-Merkur og Stóru-Merkur er gert ráð fyrir að merki jarðanna nái saman, með tilteknum hætti, á svæði þar sem samkvæmt framangreindu er ástæða til að ætla að áður hafi verið undir jökli.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Ysta-Skála, Mið-Merkur og Stóru-Merkur fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Ysta-Skála, Mið-Merkur, Stóru-Merkur og þess lands þar á milli sem áður var hulið jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjaloð taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ysta-Skála. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Ysta-Skála er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Ysta-Skála hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ysti-Skáli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur Ysta-Skála gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890 hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Á svæðinu norður af jörðinni Ysta-Skála hefur jökull hins vegar hopað svo mjög að merki jarðarinnar verða ekki lengur miðuð við jökuljaðar enda hefur það ekki sjálfstæða þýðingu um eignarréttarlega stöðu lands að það hafi einhvern tíma verið hulið jökli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ysta-Skála sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Það fellur þannig utan við verksvið óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja Ysta-Skála sem samkvæmt framangreindu er eignarland, Mið-Merkur, Stóru-Merkur og annarra jarða á þessu svæði sem einnig eru taldar eignarland, sbr. kafla 6.11. og 6.12. Hér ber þess einnig að geta að um jarðirnar Núp, Stóradalstorfu og Syðstu-Mörk, sem allar liggja vestan Ysta-Skála og Mið-Merkur er fjallað í kafla 6.26.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ysta-Skála, svo sem því er að framan lýst, þ. á m. að ótilgreindum mörkum gagnvart jörðinni Mið-Mörk, þar sem áður var jökull á milli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

#### 6.14. Mið-Skáli

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Mið-Skála, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890.

Að Mið-Skála liggja til vesturs Ysti-Skáli og til austurs og suðurs er Ásólfsskáli. Að norðan-verðu er Eyjafjallajökull.

Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Mið-Skála, svo sem víðast annars staðar undir Eyjafjöllum. Hallalítið undirlendi jarðarinnar er einkum sunnan við talsvert bratta Mið-skálaheiði sem er hálend og hrjóstrug að innanverðu og nær norður að jökli. Ofan bæjarstæðis í um 600 m.y.s. gnæfir fjallið Miðskálaegg og nær það norður að Miðskálaheiði. Að austan sker fjalllendið Miðskálaá sem á upptök sín í Eyjafjallajökli og rennur hún um Miðskálaárgil. Miðskálatungur liggja austan Miðskálaheiðar og afmarkast af Tungugili að vestan og Miðskálaárgili að vestan. Land hækkar til norðurs og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 900 m hæð. Frá bæjarstæða Mið-Skála til jökuls eru um 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Stórhöfða í 741m hæð (punktur C), í hæsta punkt á Þrihyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B) og þangað sem bein lína milli punkts í Þrihyrningi og punkts í 527 m hæð í Lambafellsheiði sker hreppamörkin milli Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa (punktur A). Á móti hafa eigendur Mið-Skála I-III lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jardeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.17.



Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfufsvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalyýsingar. Árið 1985 hafi farið fram landskipti á torfunni að undanskildu heiðalandi. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign, eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Mið-Skála I-III, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Mið-Skála, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdaleaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Mið-Skála er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Mið-Skála er getið í heimildum frá því á 12. öld og sagnir um hana má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mið-Skála er lýst í landamerkjabréfi torfunnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Mið-Skála. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mið-Skála verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Mið-Skála er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Norðurmerkjum er ekki lýst sérstaklega og ástæða er því til að huga að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Skála eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Ysta-Skála, að norðanverðu miðuð við „markgarð, sem úr því ræður marki með sínum krókum og bugum upp í fjallið og svo er bein lína upp á háa egg (Miðskálaegg) svo ræður egginn marki til jökuls“. Bréfið er áritað af hálfu Ysta-Skála. Landamerkjum Ysta-Skála er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Bréfið er áritað af hálfu Mið-Skála. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ysta-Skála, sbr. kafla 6.13.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mið-Skála eru merki til austurs, gagnvart Ásólfsskála, að norðanverðu miðuð við „Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu á milli brekkanna, svo ræður áin í gljúfrinu merki til jökuls austan við Miðskálatungur.“ Bréfið er áritað af hálfu Ásólfsskála. Norðanverðum vesturmerkjum Ásólfsskálatorfu er eins lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, sbr. kafla 6.15. Bréfið er áritað af hálfu Mið-Skála. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ásólfsskála að þessu leyti.

Norðurmerkjum Mið-Skála, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að

merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Mið-Skála frá 1887 bendi ótvírátt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Mið-Skála. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökli um hið efra. Landamerkjabréf Mið-Skála er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Mið-Skála hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Mið-Skáli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur Mið-Skála gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890 hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Mið-Skála sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

innan tilgreindra landamerkja Mið-Skála sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Mið-Skála, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.15. Ásólfskálatorfa

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Ásólfskála ásamt hjáleigunum Skálakoti, Moldgnúp, Rimhúsum og Björnskoti, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Að Ásólfskálatorfu liggja til vesturs Mið-Skáli og Ysti-Skáli. Til austurs og suðurs eru Holts hverfisjarðir. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull. Skörp skil eru milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Ásólfskála, svo sem víðast annars staðar undir Eyjafjöllum. Hallalítið undirlendi jarðarinnar er einkum sunnan við talsvert gróna Ásólfskálaheiðina sem skiptist í Vesturheiði og Austurheiði. Norðar, í um 500 m hæð, gnæfir fjallið Ásólfskálaegg. Eystra- og Vestra-Tungugil skera fjallendið og afmarka Ásólfskálalungur í um 500-700 m hæð. Til norðurs hækkar land og við taka undirhlíðar jökulsins uns land mætir jökulrönd í um 800 m hæð. Frá brekkurótum Ásólfskálaheiðar til jökuls eru u.þ.b. 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hæsta punkti á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B) og þangað sem bein lína á milli áðurnefnds punkts í Þríhyrningi og punkts í 527 m hæð í Lambafellsheiði sker hreppamörkin milli Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa (punktur A). Á móti hafa eigendur Ásólfskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðatorfunnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.18.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalyýsingar. Árið 1948 hafi farið fram landskipti á heimalandi torfunnar. Heiðarlandi var ekki skipt og er því í óskiptri sameign, eins og öll afreittarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Ásólfskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots og Rimahúsa, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Ásólfskála, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ásólfskála er rakin í kafla 5.12. Þar kemur fram að Ásólfskála er getið fyrst í frásögnum Landnámabókar sem rekja má til 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ásólfskálajarða er lýst í landamerkjabréfi torfunnar og hvað ráðið verður af eldri heimild um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Ásólfskálatorfu. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðatorfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ásólfskálajarða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Ásólfskálatorfu er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Lýsing á merkjum jarðarinnar gagnvart Holtshverfisjörðum kemur einnig fram í áreiðargjörð frá 1850.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ásólfskála eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Mið-Skála, að norðanverðu miðuð við „Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu milli brekknanna; svo ræður áin í gljúfrinu marki allt til jökuls austan við Miðskálatungur.“ Norðanverðum austurmerkjum Mið-Skála er eins lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 20. maí 1887 og þingl. 23. maí 1890. Bréf Ásólfskála er áritað vegna Mið-Skála og gagnkvæmt. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Mið-Skála, sbr. kafla 6.14.

Ásólfskálatorfa á einnig merki gagnvart Ysta-Skála, þegar sunnar dregur að vestanverðu. Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað af hálfu Ysta-Skála og gagnkvæmt, sbr. landamerkjabréf Ysta-Skála, dags. 14. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Merki þessi liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ásólfskála eru merki til austurs, gagnvart Holtstorfu, að norðanverðu miðuð við „...Holtsá; svo ræður áin inn í jökul“. Bréfið er áritað vegna Holts. Árið 1850 er gerð áreið á landamerki Holtsstaðar og Ásólfskála, til að semja og fastsetja mörk „hvar þau voru orðin óglögg og niðurfallin“. Fram kemur að eftir fornum skilríkjum og vitnisburðum frá 17. öld hafi Holtsá ráðið „inn eftir dalnum og í fjöll upp“ enda hafi hún áður haft „vissan farveg“. Samkvæmt áreiðargjörðinni skyldi „taka sjónhending í ána þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu neðan við svonefnda gildru, og ræður áin síðan inn eftir, og loksins kvislin sem er fyrir austan Skálatungur, til jökuls“. Landamerkjabréf Holtshverfisjarða er dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Bréfið er áritað af hálfu Ásólfskálatorfu. Merki gagnvart Ásólfskálatorfu eru að norðanverðu í Holtsá og svo „ræður áin inn í jökul“. Til eru nokkrar eldri heimildir um merki Holtstorfu, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 „skipter Holltz á í fjöll upp“. Í vísitásiu Brynjólfs 1662 skyldi Holtsá ráða „inn eftir dalnum“, sbr. einnig vísitásiu Ólafs Gíslasonar 1752.

Norðurmerkjum Ásólfskála, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Ásólfskála frá 1890 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingu um á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ásólfsskála. Fyrirbyggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökli um hið efra. Landamerkjabréf Ásólfsskála er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðatorfunnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Ásólfsskálajarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir, sem fram hafa farið, hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ásólfsskáli hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Ásólfsskála gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Ásólfsskálatorfu, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ásólfsskálatorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

<sup>2</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ásólfskálatorfu, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.16. Holtshverfisjarðir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi prestsetursins Holts ásamt hjáleigunum Hellnahól, Brennu, Efstakoti, Efstu-Grund, Mið-Grund, Syðstu-Grund og kirkjujörðunum Varmahlíð, Ormskoti, Vallatúni, Gerðakoti og Indriðakoti, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890.

Að Holtshverfisjörðum liggja til vesturs Ásólfskálatorfa og til austurs Núpakot og Steinar. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs haf.

Syðsti hluti þess landsvæðis sem hér um ræðir er hallalítið undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Niðri á sléttlendinu neðan vegar breiðir úr sér byggð í landi Holts og til norðurs ofan byggðarinnar rís bratt og hamrótt Steinafjallið. Að vestan sker fjallið Holtsá sem rennur niður á láglandi um Holtsárgil sem liggur milli Holtsheiðar og Ásólfskálaheiðar. Frá brekkurótum að austanverðu liggur Holtsós og nær vatnið allt fram að sjó, aðeins er sandrif sem skilur frá hafi. Til norðurs hækkar land og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 900 m hæð. Holtslambatungur ná inn að jökli og eru mjög víðáttumiklar en gilið Þrengsli skilur að tungurnar Holtsheiðina. Frá Hellnahóli við rætur Steinafjalls að jökli eru rúmir 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá hæsta punkti á Þríhyrningi fyrir sunnan Miðskálaheiði í 650 m hæð (punktur B) og þangað sem bein lína á milli áðurnefnds punkts í Þríhyrningi og punkts í 527 m hæð í Lambafellsheiði sker hreppamörkin milli Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa (punktur A). Á móti hafa eigendur og umráðamenn Holtshverfisjarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðatorfunnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.19.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(21), er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalyýsingar. Mikið misræmi sé í merkjalyýsingum fyrir Holt og nýrri merki dregin lengra en áður hafi verið. Í vísitánu Brynjólfs Jónssonar biskups 1641 hafi fjallmerkjum verið lýst svo: „síðan skiptir Holtsá á fjöll upp. Að austan eru landamerki úr merkigardi og ofan í Holts ós.“ Í áreiðargjörð 1850 og í landamerkjabréfi 1890 sé merkjum hins vegar lýst alla leið í jökul. Vísað er til þess að í dómsmálinu um Neðra Hundadal í Dölum hafi verið til eldri lögfesta fyrir næsta bæ, sem náð hafi skemur til fjalls en landamerkjabréf jarðarinnar. Þetta atriði hafi verið talið veita líkur á að eins væri farið með landamerkjalyýsingu nágrannajarðarinnar. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Holtshverfisjarðanna Varmahlíðar, Vallatúns, Hellnahóls, Ormskots, Efstu-Grundar, Mið-Grundar, Syðstu-Grundar og Indriðakots, sbr. skjöl nr. 6 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Holtstorfujarðir eigi heiðalandið óskipt. Vísað er til landamerkjabréfs Holts, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Allmargar vísitásiur lýsi vesturmerkjum Holtstorfu með sama hætti og landamerkjabréfið, að undanskildum neðstu brekkum.

Það atriði hafi ekki þýðingu í þessu máli. Að austanverðu séu lýsingar eldri skjala ófullkomnar en það hafi ekki heldur þýðingu. Þau mörk, sem hér skipti máli, séu glögg frá náttúrunnar hendi og lýst skilmerkilega í staðfestri og þinglesinni landamerkjaskrá. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annað hvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Holti er rakin í kafla 5.13. Þar kemur fram að Holts er getið í heimildum frá því um 1200 og í frásögnum Landnámabókar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Vestur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Holtshverfisjarða er lýst í landamerkjabréfi torfunnar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Holtshverfi. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðatorfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálandi og jökli, og innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Holtshverfisjarða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Holts er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Lýsingar á merkjum jarðarinnar koma einnig fram í vísitاسium Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og 1662, vísitاسíu Ólafs Gíslasonar 1752 og áreið á landamerki Holtsstaðar og Ásólfskála frá 1850.

Samkvæmt landamerkjabréfi Holtstorfu eru merki hennar til vesturs, gagnvart Ásólfskálatorfu, í Holtsá og svo „ræður áin inn í jökul“. Bréfið er áritað vegna Ásólfskálatorfu. Samkvæmt vísitاسíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 „skipter Holtz á í fjöll upp“. Í vísitاسíu Brynjólfs 1662 skyldi Holtsá ráða „inn eftir dalnum“, sbr. einnig vísitاسíu Ólafs Gíslasonar 1752. Árið 1850 er gerð áreið á landamerki Holtsstaðar og Ásólfskála til að semja og fastsetja mörk „hvar þau voru orðin óglögg og niðurfallin“. Fram kemur að eftir fornum skilríkjum og vitnisburðum frá 17. öld hafi Holtsá ráðið „inn eftir dalnum og í fjöll upp“ enda hafi hún áður haft „vissan farveg“. Samkvæmt áreiðargjörðinni skyldi „taka sjónhending í ána þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu neðan við svonefnda gildru, og ræður áin síðan inn eftir, og loksins kvíslin sem er fyrir austan Skálatungur, til jökuls“.

Landamerkjabréf Ásólfskála er dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890. Samkvæmt því eru merki gagnvart Holtstorfu að norðanverðu miðuð við „... Holtsá; svo ræður áin inn í jökul“. Bréfið er áritað vegna Holts. Frekari heimildir um merki Ásólfskála eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.15.

Merki Holtstorfu til austurs, gagnvart Núpakoti, eru að norðanverðu miðuð við Þvertungnagil „sem skilur Þvertungur og Steinatungur; síðan ræður gilið inn í jökul milli Holts og Núpakots.“ Bréfið er ekki áritað vegna Núpakots. Samkvæmt því er greinir í vísitاسíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 eru landamerki að austan „úr merkisgarði úr Merkisgili og ofan í Holts ós.“ Áfram er miðað við Merkisgil í vísitاسíu Brynjólfs 1662, sbr. einnig vísitاسíu Ólafs Gíslasonar 1752. Landamerkjum Núpakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Merki gagnvart Holtstorfu eru að norðanverðu miðuð við Þvertungnagil „og ræður svo það gil til jökuls“. Bréf Núpakots er áritað vegna Holts. Eldri heimild um Núpakot fær samrýmst þessu, að teknu tilliti til framskriðs jökuls á síðari hluta 19. aldar, sbr. kafla 6.17.

Holtshverfi á einnig merki gagnvart Steinum þegar sunnar dregur að austanverðu. Landamerkjabréf Holtstorfu er áritað af hálfu þessarar jarðar. Merki þessi liggja utan við kröfuvæði

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Holtshverfis gagnvart Eyjafjallajökli er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðatorfunnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Holtshverfis frá 1890 bendi ótvírátt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Holtshverfi. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra og sjó hið neðra. Landamerkjabréf Holts er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Holtshverfisjarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Holtshverfisjarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Vestur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn Holtshverfisjarða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlagala 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Holtshverfis, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Holtshverfis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Holtstorfu, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendlagala 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.



## 6.17. Núpakot

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Núpakots, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890.

Að Núpakoti liggja til vesturs Holtshverfi, Hlíð og Steinar. Til austurs og suðurs er Þorvaldseyri. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull. Skörp skil eru milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Núpakots, svo sem víðast annars staðar undir Eyjafjöllum. Undirlendi er takmarkað og liggur einkum sunnan við Steinafjall og austur inn með bröttum austurhlíðum fjallsins. Bæjarstæði Núpakots stendur við suðausturhorn Steinafjalls sem rís skarpt til norðurs. Í um 600 m y.s. eru Faxi og Faxalág í Steinafjalli og nyrst eru Þvertungur og Steinatungur. Djúp gil skera fjallendið að norðan og má þar nefna Þvertungnagil sem skilur milli Holtsheiðar og Núpakotsdals og Norðurgil sem er austan Steinatungna. Frá bæjarstæði Núpakots til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þríhyrningi undir Vestur-Eyjafjöllum og verður punktur F, þar sem sú lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, í stefnu á 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E). Á móti hafa eigendur Núpakots lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.20.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalyðsinganna. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Núpakots, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Núpakots, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdaleaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Núpakoti er rakin í kafla 5.14. Þar kemur fram að Núpakots er getið í heimildum frá því því í byrjun 14. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Núpakots er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimild um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Núpakoti. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Núpakots verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Núpakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Auk þess er til lögfesta frá 4. júní 1866 þar sem fjallað er um sama efni.

Norðurmerkjum Núpakots er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1887 að þaðan sem Þvertungnagil ræður til jökuls „Ræður svo jökullinn í austur í gilið sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilmynni ...“ Bréfið er áritað vegna Þorvaldseyrar (Svaðbælis). Í lögfestu Núpakots frá 1866 eru merki einnig dregin „inni þvertungna gil, og ræður það gil svo, þangað til ofanvert við Steinatungur, og þaðan beina stefnu ofan vert í gilið, sem er austan við Steinatungur.“ Lögfestu þessari var mótmælt á manntalsþinginu 1866, vegna jarðanna Steina, að því er varðaði Steinatungur, Svaðbælis og Hlíðar, þess að tilgreint væri af hverju.

Norðurmerkjum Núpakots er þannig sérstaklega lýst í framangreindum heimildum. Samkvæmt lögfestunni 1866 liggja þau beint á milli Þvertungnagils og gilsins austan við Steinatungur en samkvæmt landamerkjabréfinu, rúmlega 20 árum síðar, liggja þau með fram Eyjafjallajökli. Af lögfestu Svaðbælis, sem einnig er gerð 1866, sést glöggst hver staða jökuls var þá á svæðinu. Þar er lýst sjónhendingu „beint í gilið, sem er fyrir austan Steinatungur, skammt fyrir neðan jökultangan, sem ofaní það liggur, ... en lækurinn í gilinu ræður merkjum, þangað til hann kémur á aurunum í seinastnefnda stefnu-línu“. Með hliðsjón af framskríði jökuls á síðari hluta 19. aldar, verður að telja líklegt að norðurmerkjum sé lýst sunnar í landamerkjabréfinu en í lögfestunni.

Landamerkjabréf Núpakots og lögfesta eru hins vegar samhljóða um að neðan jökuljaðars sé Þvertungnagil á vesturmörkum, gagnvart Holtstorfu, og að gilið austan við Svíptungur á austurmörkum, á milli Núpakots og Þorvaldseyrar (Svaðbælis). Landamerkjabréf Holtstorfu, dags. 10. maí 1890 og þingl. 23. maí 1890, og landamerkjabréf Þorvaldseyrar (Svaðbælis), dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, eru í samræmi við þetta. Bréf Núpakots er áritað vegna Holtshverfis og Þorvaldseyrar (Svaðbælis). Bréf Holtshverfis og Þorvaldseyrar (Svaðbælis) er hins vegar ekki áritað vegna Núpakots. Eldri heimild um merki Þorvaldseyrar (Svaðbælis) lýsir merkjum með svipuðum hætti og eldri heimildir um merki Holtshverfisjarða mæla þessu ekki í mót, sbr. kafla 6.18. og 6.16.

Núpakot á einnig merki gagnvart Hlíð og Steinum þegar sunnar dregur að vestanverðu. Landamerkjabréf Núpakots er áritað af hálfu Hlíðar. Merki þessi liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Óbyggðanefnd telur ótvírætt af landamerkjabréfi Núpakots frá 1887 að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Í kröfugerð núverandi eigenda Núpakots er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Í kjölfar þess að landamerkjalgö taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Núpakot. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra. Landamerkjabréf Núpakots er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Núpakots hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Núpakot hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða

staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Núpakots gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Núpakots, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Núpakots sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Núpakots, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.18. Þorvaldseyri (Svaðbæli)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Svaðbælis, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, en Svaðbæli (Svartbæli) nefnist nú Þorvaldseyri.

Að Þorvaldseyri liggja til vesturs jörðin Núpakot og Hlíð. Til austurs eru Seljavellir. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs Leirur og Berjanes. Fjallendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess svæðis sem hér um ræðir, undirlendi er einkum sunnan Svaðbælisheiðarinnar sem liggur um 2 km norður af bæjarstöði Þorvaldseyrar. Svaðbælisá rennur niður á undirlendið um Núpakotsdalinn sem sker heiðina að vestan. Fremsti hluti heiðarinnar nefnist Svaðbælistúli og ofan hennar hækkar land jafnt uns kemur að jaðri Eyjafjallajökuls í um 800 m hæð. Heiðin er sundurskorin af giljum og talsvert gróin. Frá rótum Svaðbælisheiðar að jökli eru um 3 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þríhyrningi undir Vestur-Eyjafjöllum og verður punktur F, þar sem sú lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, í stefnu á 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E). Á móti hefur eigandi Þorvaldseyrar lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.21.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Seljalandsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í um og yfir 600 metra hæð. Ekki sé ólíklegt að jökull hafi legið allt að 600 m hæðarlínu við gerð landamerkjalyðsinganna. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Af hálfu eiganda Þorvaldseyrar, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Svaðbælis, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdaleaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Þorvaldseyri og áður Svaðbæli (Svartbæli) er rakin í kafla 5.15. Þar kemur fram að Svaðbælis er getið í heimildum frá því á 15. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Þorvaldseyrar (Svaðbælis) er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þorvaldseyri. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þorvaldseyrar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Svaðbælis er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Auk þess er til lögfesta frá 1866 þar sem fjallað er um merki Svaðbælis og sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876.

Norðurmerkjum Svaðbælis er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar 1887 að þaðan sem Merkgil ræður upp í jökul „ræður svo jökullinn vestur í gilið, sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilsmynni ...“ Norðurmerkjum er hins vegar ekki lýst sérstaklega í eldri heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er þar lýst til vesturs og austurs og bera saman við landamerkjabréf jarðarinnar.

Landamerkjabréf og lögfesta Svaðbælis eru samhljóða um að gilið austanmegin með Steinatungum sé á vesturmörkum, gagnvart Núpakoti. Ekki er að sjá að bréf Þorvaldseyrar sé áritað vegna Núpakots. Í lögfestu Svaðbælis er tekin sjónhending „beint í gilið, sem er fyrir austan Steinatungur, skammt fyrir neðan jökultangan, sem ofaní það liggur, ... en lækurinn í gilinu ræður merkjum, þangað til hann kémur á aurunum í seinastnefnda stefnu-línu.“ Af þessari lýsingu sést glöggst hver staða jökuls var á svæðinu 1866. Með hliðsjón af framskriði jökla á síðari hluta 19. aldar verður að telja líklegt að vesturmerkjum sé lýst norðar í lögfestunni en landamerkjabréfinu. Lögfestu Svaðbælis var mótmælt á manntalsþinginu af ábúandanum á Núpakoti, meðal annarra. Lögfestu Núpakots var mótmælt á manntalsþinginu 1866, vegna jarðanna Steina, að því er varðaði Steinatungur, Svaðbælis og Hlíðar, þess að tilgreint væri af hverju. Í landamerkjabréfi Núpakots, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, og lögfestu þeirrar jarðar frá 1866 segir einnig að merki liggji í gilinu austanmegin með Steinatungum, sbr. kafla 6.17. Bréfið er áritað vegna Þorvaldseyrar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Svaðbælis eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Lambafelli (Seljavöllum), að norðanverðu miðuð við „Merkgil upp í jökul“. Bréfið er áritað af hálfu Lambafellstorfu. Lögfesta Svaðbælis frá 1866 er í samræmi við þetta, auk þess sem fram kemur að umrætt Merkgil liggji „á millum Svaðbælis- og Lambafells heiðar“. Jafnframt er tekið fram að

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

annars „sé landamerki Svaðbælis á þessa síðu það sama, sem Lambafells, hvers máldagi og lög-festa frá 4. Maí 1607 vottar að séu á milli þessara jarða, ...“. Sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876 er í samræmi við framangreint, miðað er við „... merkigil upp í jökul“. Í landamerkjabréfi Lambafells (Seljavalla), dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, eru norðan-verð merki gagnvart Þorvaldseyri, einnig miðuð við merkigil sem síðan ráði „upp í jökul“, sbr. kafla 6.19. Bréfið er ekki áritað vegna Þorvaldseyrar. Í lögfestu Lambafells, dags. 4. maí 1607, segir á sama hátt „Rædur svo Merkigil upp ad Jökli“, sbr. framangreinda tilvísun til þessarar lögfestu í lögfestu Svaðbælis frá 1866.

Þorvaldseyri á einnig merki gagnvart Hlíð, Steinum og Berjanesi þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Þorvaldseyrar er áritað af hálfu þessara jarða. Merki þessi liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nán-ari athugunar.

Óbyggðanefnd telur ótvírætt af landamerkjabréfi Svaðbælis frá 1887 að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Í kröfugerð núverandi eigenda er gert ráð fyrir að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jökuljaðri. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Svaðbæli. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra. Landamerkja-bréf Svaðbælis er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Svaðbælis (Þorvaldseyrar) hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Svaðbæli hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparhátt-um og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Svaðbælis (Þorvaldseyrar) gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokk-urri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendu-laga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Þorvaldseyrar sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.26.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkjja Þorvaldseyrar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þorvaldseyrar, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.19. Seljavellir (Lambafell)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Lambafells, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, nánar tiltekið þann hluta sem við skipti á Lambafellstorfu árið 1973 var talinn til Seljavalla.

Að Seljavöllum liggja til vesturs jörðin Þorvaldseyri og til austurs Raufarfell. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs Ystabælistorfa og Miðbælistorfa. Fjallendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, undirlendi er einkum sunnan og austan með Lambafelli (160 m) sem skagar fram úr heiðarlandinu. Lambafellsháls tengir fellid og gróna Lambafellsheiðina að norðan. Lambafellsá, sem fellur úr Merkigili, sker heiðina að vestan og Laugará að austan. Til norðurs hækkar land jafnt og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 800 m hæð við Mörleysur. Frá rótum Lambafells til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Þríhyrningi undir Vestur-Eyjafjöllum og verður punktur F, þar sem sú lína sker hreppamörkin milli fyrrum Austur- og Vestur- Eyjafjallahreppa, í stefnu á 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E). Þaðan er kröfulínan dregin áfram í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hefur eigandi Seljavalla lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.22.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalyásing Lambafells nái til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Landskiptagerð Lambafells og Seljavalla frá 1973 styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eiganda Seljavalla, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Lambafells, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eignum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Með skiptagerðinni á milli Seljavalla og Lambafells 1973 hafi öllu landi torfunnar allt til jökuls verið skipt á milli jarðanna. Í hlut Seljavalla hafi komið verðminna land, m.a. allt heiðalandið sem um sé deilt í máli þessu, en stærra að flatarmáli. Samkvæmt landskiptagerðinni hafi þannig verið litið á allt land jarðanna sem heimaland, sbr. 1. gr. landskiptalaga.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Seljavöllum og áður Lambafelli er rakin í kafla 5.16. Þar kemur fram að Lambafells er getið í heimildum frá 16. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Seljavalla (Lambafells) er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Seljavöllum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Seljavalla verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Lambafells (Seljavalla) er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893. Auk þess er til lögfesta fyrir Lambafell, dags. 4. maí 1607, og sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Lambafells eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Svaðbæli (nú Þorvaldseyri), að norðanverðu miðuð við merkigil sem síðan ráði „upp í jökul“. Í lögfestu Lambafells, dags. 4. maí 1607, segir á sama hátt „Rædur svo Merkgil upp að Jökli“. Sættargerð um landamerki Svaðbælis og Lambafells frá 1876 er í samræmi við þetta, miðar við „... merkigil upp í jökul“. Í landamerkjabréfi Svaðbælis (nú Þorvaldseyrar), dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, er merkjum þessum eins lýst, sjá kafla 6.18. Það bréf er áritað vegna Lambafellstorfu en bréf torfunnar er ekki áritað vegna Þorvaldseyrar. Í lögfestu Svaðbælis frá 1866 er nokkuð nánari lýsing á þessum merkjum þar sem segir svo: „fyrst ofan frá jökli niður í merki-gilið á millum Svaðbælis- og Lambafells heiðar, svo ræður lækurinn, sem í því rennur ofan heiðina; annars er landamerki Svaðbælis á þessa síðu það sama, sem Lambafells, hvers máldagi og lögfesta frá 4. Maí 1607 vottar að séu á milli þessara jarða ...“.

Samkvæmt landamerkjabréfi Lambafells 1892 eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Raufarfelli, að norðanverðu miðuð við „... gilið, sem er vestan við svo nefndar Raufarfells-tungur, liggur svo markið eftir miðju gilinu í jökul“. Í lögfestu Lambafells frá 1607 er efnislega samhljóða lýsing á þessum merkjum þar sem segir „Fyrst liggur Merkið ofan frá Jökli í Raudastein, sem stendur í Laugarárgili ...“. Í landamerkjabréfi Raufarfells, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887, er nánast samhljóða lýsing á merkjum Lambafells og Raufarfells og áður greindi. Landamerkjabréf Raufarfells er áritað vegna Lambafells en ekki gagnkvæmt. Eldri heimild um merki Raufarfells er einnig í samræmi við framangreint, sjá kafla 6.20.

Seljavellir (Lambafell) eiga einnig merki gagnvart Ystabælistorfu og Miðbælistorfu þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Lambafellstorfu er ekki áritað af hálfu þessara jarða. Landamerkjabréf Miðbælis, dags. 15. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887, er hins vegar áritað af hálfu Lambafells og sama máli gegnir um landamerkjabréf Ystabælis, dags. 15. mars 1886 og þingl. 21. maí 1890. Merki þessi liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Seljavalla (Lambafells), gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstak-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

lega í heimildum um merki jarðarinnar og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Lambafells frá 1892 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Lambafell. Fyrirliggjandi gögn benda til þess en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra. Landamerkjabréf Lambafells er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Lambafells (Seljavalla) hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Seljavellir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1893, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Lambafells (Seljavalla) gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1893, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Seljavalla, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Seljavalla sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Seljavalla, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.20. Raufarfell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Raufarfells, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887.

Að Raufarfalli liggur til vesturs jörðin Seljavellir, áður Lambafell, og til austurs Rauðafell. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs Miðbælistorfa. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Norður af Raufarfellsbæjum eru grónar hlíðar undir hamrabelti Raufarfells sem nær í 760 m y.s. Að vestan sker Laugará sem rennur um gil uns heiðinni sleppir, þar tekur við gróið undirlendi sem liggur vestur og suður með Raufarfalli. Brött vesturhlíð Raufarfells nefnist Raufarfellsheiði austan Laugarár. Raufarfellsheiði nær að inn að Eyjafjallajökli. Innri hluti heiðarinnar er sundurskorinn af giljum. Innst og vestast í heiðinni liggja sundurskornar gróðurlitlar Raufafellstungur milli Laugarár og Tungnaár inn að Eyjafjallajökli. Land mætir jökli við Guðnanípu í um 1050 m y.s. Frá Raufarfellsbæjum til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E) og í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hafa eigendur Raufarfells I, II og III og Selkots lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.23.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrötum beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalyking Raufarfells ná til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Árið 1967 hafi landi Raufarfells og Selkots verið skipt, að undanskildu heiðalandi og áraurum. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign, eins og öll afreittarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Raufarfells I, II, III og IV og Selkots, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Raufarfells, dags. 16. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Raufarfelli er rakin í kafla 5.18. Þar kemur fram að Raufarfells er getið í heimildum frá því á 12. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Raufarfells er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimild um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Raufarfelli. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálandi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Raufarfells verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Raufarfells er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887. Auk þess er til eldri lýsing á merkjum Raufarfells, frá því um 1870. Lýsing þessi er varðveitt á Þjóðskjalasafni og mun skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli, árið 1909. Þar segir að jörðin Raufarfell liggja „til Fjalls næst fyrir austann Laugará, og liggur heidarland hennar til Jökuls og fram með Laugarárgili. Lambafells máldagi tiltekur landamerkið þannig: Fyrst liggur markid ofan frá Jökli í Raudastein sem stendur í Laugarárgili.“ Lýsing þessi var ekki undirrituð og samþykkt af þeim sem hagsmuna áttu að gæta og hefur því takmarkað heimildargildi.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Raufarfells eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Lambafelli (nú Seljavöllum), að norðanverðu miðuð við „... gilið, sem er vestanvið svonefndan Raufarfells-tungur, liggur svo markid eptir gilinu til jökuls“. Bréfið er áritað af hálfu Lambafells. Í áður nefndri heimild frá því um 1870 er gert ráð fyrir því að jörðin Raufarfell liggja „til Fjalls næst fyrir austann Laugará, og liggur heidarland hennar til Jökuls og fram með Laugarárgili. Lambafells máldagi tiltekur landamerkið þannig: Fyrst liggur markid ofan frá Jökli í Raudastein sem stendur í Laugarárgili.“ Í landamerkjabréfi Lambafells, dags. 11. júní 1892 og þingl. 9. júní 1893, er nánast samhljóða lýsing á merkjum Lambafells og Raufarfells og áður greindi, sbr. kafla 6.19. Bréfið er ekki áritað vegna Raufarfells. Lögfesta Lambafells frá 1607 er efnislega samhljóða lýsing á þessum merkjum þar sem segir „Fyrst liggur markid ofan frá Jökli í Raudastein, sem stendur í Laugarárgili, ...“

Samkvæmt landamerkjabréfi Raufarfells eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Rauðafelli, að norðanverðu miðuð við „... Högnaklett, og úr Högnaklett ræður egginn í yrpústungnahöfuð í jökul ...“ Bréfið er áritað vegna Rauðafells. Í áður nefndri heimild frá því um 1870 er gert ráð fyrir því að Rauðafellslandeign liggja „samsyða Raufarfellslandi til Jökuls“. Í landamerkjabréfi Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð merki gagnvart Raufarfelli einnig miðuð við Högnaklett og þaðan í jökul. Bréfið er áritað vegna Raufarfells. Eldri heimildir um merki Rauðafells eru í samræmi við þetta, sjá kafla 6.21.

Raufarfell á einnig merki gagnvart Miðbælistorfu þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Raufarfells er áritað af hálfu Miðbælistorfu. Þá er landamerkjabréf Miðbælis, dags. 15. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887, einnig áritað af hálfu Raufarfells. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Raufarfells, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í heimildum um merki jarðarinnar og þau þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Lambafells frá 1886 eða 1887 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Raufarfell. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Raufarfells er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Raufarfells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Raufarfell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 eða 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki, sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur Raufarfells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886 eða 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Raufarfells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Raufarfells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Rauðafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.21. Rauðafell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890.

Að Rauðafelli liggur til vesturs jörðin Rauðafell og til austurs er Hrutafell. Að norðanverðu er Eyjafjallajökull og til suðurs eru Bakkakot og Drangshlíð. Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Norður af Rauðafellsbæjum eru grónar hlíðar sem ná upp undir bratt Rauðafell (743 m y.s.). Austan Rauðafells fellur Kaldaklifsá um Kaldaklifsgil uns heiðinni sleppir. Brött austurhlíð Rauðafells nefnist Rauðafellsheiði vestan Kaldaklifsár. Nyrst eru sundurskornar og giljóttar Rauðafellstungur. Nyrst á Rauðafellstungum mætir land jökli í um 1000 m y.s. Fremra-Tungugil, sem er djúpt gil, skilur að Rauðafellstungur og Rauðafellsheiði en kjaftur gilsins er við Rana sem er á suðvesturenda Rauðafellstungnanna. Frá Rauðafellsbæjum til jökuls eru um 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E) og í Hornfellsnípu (punktur D). Á móti hafa eigendur Rauðafells I, II og III lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.24.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklifsár og Lambafellsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalyking Rauðafells nái til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfuvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Arið 1974 hafi landi Rauðafellstorfu verið skipt, að undanskildu heiðalandi og landi utan fyrirhleðslugarða. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign, eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Rauðafells I, II og III, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eignum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Rauðafelli er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Rauðafells er getið fyrst í frásögnum Landnámabókar sem raktar eru til 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyja-fjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Rauðafells er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Rauðafelli. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálandi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Rauðafells verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Rauðafells er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890. Auk þess eru til tvær eldri lýsingar á merkjum Rauðafells, frá því um 1850 og 1870. Lýsingar þessar eru varðveittar á Þjóðskjalasafni og munu skrifaðar upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrótafelli, árið 1909. Lýsingar þessar voru ekki undirritaðar og samþykktar af þeim sem hagsmuna áttu að gæta.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Rauðafells eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Raufarfelli, að norðanverðu miðuð við „Högnaklett og þaðan sömu beina línu í jökul eftir Kálfskálaegg“. Landamerkjabréf Rauðafells er áritað af hálfu Raufarfells. Áður nefndar lýsingar frá því um 1850 og 1870 eru í samræmi við landamerkjabréf Rauðafells frá 1890. Í landamerkjabréfi Raufarfells, dags. 16. mars 1886 eða 1887 og þingl. 21. júní 1887, er norðanverðum merkjum gagnvart Rauðafelli einnig lýst úr Högnakletti og í jökul. Landamerkjabréf Raufarfells er einnig áritað vegna Rauðafells. Eldri heimild um merki Raufarfells, frá því um 1870, fær vel samrýmst framangreindri lýsingu, sbr. kafla 6.20.

Samkvæmt landamerkjabréfi Rauðafells eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Hrótafelli, að norðanverðu miðuð við Kaldaklifsárgil „og ræður svo áin í gílinu allt til jökuls“. Bréfið er áritað vegna Hrótafells. Austurmerkjum Rauðafells er lýst með sama hætti í þeim uppskriftum Brynjólfs Tómassonar frá 1909, sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrótafells eru merki jarðarinnar til vesturs að norðanverðu miðuð við „Háupúfu við Kaldaklifsárgil og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna“. Bréfið er áritað vegna Rauðafells. Eldri heimildir um merki Hrótafells eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.22.

Hér ber þess að geta að Kaldaklifsá á upptök sín í nokkrum kvíslum frá jökli. Á milli vestustu upptakakvíslar Kaldaklifsár og þeirrar kvíslar árinna, sem fellur næst Þorvaldstungum að vestanverðu, eru aflíðandi heiðarlönd, nefnd Hólatungur og Borgartungur. Þeirra á milli rennur enn ein upptakakvísl Kaldaklifsár. Sunnan við Hólatungur og Borgartungur, eins og þær eru teiknaðar á kort Landmælinga Íslands og afmarkaðar í kröfugerð málsaðila, sameinast þessar kvíslar og afmarka tungurnar frá Hrótafelli. Rauðafell á merki að Hólatungum næst jökli en Hrótafelli sunnan Hólatungna. Samkvæmt þessu miðast merki Rauðafells og Hrótafells næst jökli hvort við sína kvíslina og þar á milli liggja Hólatungur og Borgartungur. Í samræmi við þetta segir í landamerkjabréfi Eyvindarhóla, dags. 14. janúar 1885 og þingl. 21. maí 1890, að merki Hólatungna til vesturs, þ.e.a.s. gagnvart Rauðafelli miðist við árgil vestan Rauðafellsheiðar.

Rauðafell á einnig merki gagnvart Bakkakoti og Drangshlíð, þegar sunnar dregur. Landamerkjabréf Rauðafells er áritað af hálfu Drangshlíðar. Þá er landamerkjabréf Bakkakots, dags. 16. mars 1886 og þingl. 21. júní 1887, einnig áritað af hálfu Rauðafells. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Norðurmerkjum Rauðafells, gagnvart Eyjafjallajökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í heimildum um merki jarðarinnar og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðarinnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Rauðafells frá 1887 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Rauðafell. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra. Landamerkjabréf Rauðafells er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Rauðafells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í tilviki þessarar jarðatorfu, sem og í tilvikum annarra sambærilegra jarðatorfa á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu, að landskiptagerðir sem fram hafa farið hafi þýðingu við mat á því óskipta fjallendi torfanna sem ekki hefur verið tekið undir viðkomandi skipti. Með vísan til niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, staðfestri með dómi hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, þar sem sambærilegum sjónarmiðum var haldið fram af ríkisins hálfu í tilviki Úthlíðartorfu í Bláskógabyggð, er sjónarmiðum í þessa veru hafnað. Niðurstöður landskiptagerða í þessa veru hafa því ekki, einar og sér, neina sérstaka eignarréttarlega þýðingu fyrir þann hluta lands sem skilið er eftir óskipt við landskipti.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Rauðafell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Rauðafells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Rauðafells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Rauðafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Rauðafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.22. Hrutafell, Hólatungur og Borgartungur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hrutafells, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, ásamt Hólatungum og Borgartungum sem kröfugerð eigenda Hrutafells, Eyvindarhóla og Stóru-Borgar tekur einnig til.

Að Hrutafelli liggur til vesturs jörðin Rauðafell og til austurs eru Drangshlíð og Skarðshlíð. Að norðanverðu eru Hólatungur, Borgartungur, Eyjafjallajökull og Goðaland en til suðurs eru Eyvindarhólar. Fjallendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Upp frá bæjarstæði Hrutafells rís landið skarpt með 200 m háum móbergshöfða sem gengur fram suðvestur úr Drangshlíðarfjalli og nefnist Hrutafell. Norðan Drangshlíðarfjalls liggur aflíðandi Hrutafellsheiðin og vestan við innanverða heiðina eru Borgartungur, Hólatungur og Þorvaldstungur í 500-900 m hæð. Norðar taka við undirhlíðar Eyjafjallajökuls og nefnist þar einu nafni Hraunin inn að Fimmvörðuhálsi sem er í um 1000 m y.s. milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. Frá bæjarstæði Hrutafells inn að Fimmvörðuhálsi eru um 13 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E) og í Hornfellsnipu (punktur D). Á móti hefur eigandi Hrutafells lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Þá krefjast eigendur jarðarinnar Eyvindarhóla þess að Hólatungur verði viðurkenndar sem beitarítak „með tilteknum merkjum innan Hrutafellsheiðar og eigendur jarðarinnar Stóru-Borgar krefjast þess að Borgartungur verði viðurkenndar sem beitarítak“ með tilteknum merkjum innan Hrutafellsheiðar. Báðir hinir síðastnefndu aðilar „viðurkenna að öðru leyti eign Hrutafells að Tungunum“. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.25, 3.26 og 3.27.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár (Kaldaklifsár) og Jökulsár að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám. Í forsendum dóms um landamerki Hrutafells og Drangshlíðarjarða frá 1913 komi fram að í málinu væru engin skjallleg skilríki til að byggja á með nokkurri vissu hver væru rétt merki. Ekki væri á öðru að byggja en vitnisburðum lifandi manna en þeir væru mjög mismunandi. Árið 1954 hafi landi Hrutafells verið skipt. Heiðarlandið sé samkvæmt því í óskiptri sameign eins og öll afréttarlönd hérlendis sem ekki tilheyri einum aðila. Þessi landskiptagerð styðji kröfugerð ríkisins. Þá er vísað til H 1994 117 (Fimmvörðuháls) sem lokið hafi með frávísunardómi. Í forsendum Hæstaréttar segi m.a. að mjög sé á reiki sé hvar jökulbrúnnin hefjist, óvíst sé hvar norðurmörk jarðarinnar Hrutafells liggja og engar heimildir liggja fyrir um að fé hafi fundið beit á þessu svæði. Þá sé ágreiningur í málinu um staðarmörk sveitarfélaga og mörk milli heimalanda, afrétta og hálendis. Þetta styðji allt kröfugerð ríkisins nú.

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá er því haldið fram af hálfu íslenska ríkisins að Hólatungur og Borgartungur séu afréttarsvæði sem tilheyri annars vegar Eyvindarhólum og hins vegar Stóru-Borg. Um þessi svæði gildi sömu eignarréttarreglur og um afrétti almennt. Þar sé enginn þinglýstur eigandi og af svæðunum hafi einungis verið höfð beitarafnot. Þegar harðast hafi verið í ári hafi jökull flætt yfir hluta þessara svæða. Ríkið geri kröfu til þess að hér sé um þjóðlendu að ræða en viðurkenni afréttarrétt þeirra jarða sem hann hafi tilheyrt.

Af hálfu eiganda Hrutafells, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Hrutafells, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Að vestanverðu sé eðlilegt að miða við aðalkvísl Kaldaklifsár. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdaleaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eignum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skríður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annað hvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Af hálfu eigenda Eyvindarhóla annars vegar og Stóru-Borgar hins vegar, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að Hólatungur séu beitarítak Eyvindarhóla í landi Hrutafells og Borgartungur séu beitarítak Stóru-Borgartorfunnar, einnig í landi Hrutafells. Þessu til stuðnings er vísað til landamerkjaskrár fyrir Eyvindarhóla og Hólatungur, dags. 14. janúar og 27. apríl 1885 og skrásetningar yfir landamerki Stóru-Borgar, Klömbu, Minni-Borgar og Sitjanda, dags. 25. febrúar 1886.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hrutafelli er rakin í kafla 5.19. Þar kemur fram að Hrutafells er getið í heimildum frá því á 17. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hrutafells, Hóla- og Borgartungna er lýst í fyrirliggjandi landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrutafells, Hóla- og Borgartungna verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru.

Landamerkjum Hrutafells er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Einnig er til lýsing Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli á merkjum Hrutafells og Drangshlíðar (Skarðshlíðar) frá 5. ágúst 1909. Þá er til dómur Landsyfírréttar frá 24. október 1910 um merki Skarðshlíðar, Drangshlíðar og Drangshlíðardals annars vegar og Hrutafells og Hrutafellskots hins vegar.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Hrutafells. Samkvæmt landamerkjabréfi Hrutafells eru merki jarðarinnar til vesturs að norðanverðu miðuð við „Háupúfu við Kaldaklifsárgil og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna“. Bréfið er áritað vegna Rauðafells. Í landamerkjabréfi Rauðafells, dags. 1. mars 1887 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð merki einnig miðuð við Kaldaklifsárgil „og ræður svo áin í gilinu allt til jökuls“. Bréfið er áritað vegna Hrutafells. Eldri heimildir um merki Rauðafell eru í samræmi við framangreint, sjá nánar í kafla 6.21.

Hér ber þess að geta að Kaldaklifsá á upptök sín í nokkrum kvíslum frá jökli. Á milli vestustu

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



upptakakvísar Kaldaklifsár og þeirrar kvísar árinna, sem fellur næst Þorvaldstungum að vestanverðu, eru aflíðandi heiðarlönd, nefnd Hólatungur og Borgartungur. Þeirra á milli rennur enn ein upptakakvísar Kaldaklifsár. Sunnan við Hólatungur og Borgartungur, eins og þær eru teiknaðar á kort Landmælinga Íslands og afmarkaðar í kröfugerð málsaðila, sameinast þessar kvísar og afmarka tungurnar frá Hrútafelli. Rauðafell á merki að Hólatungum næst jökli en Hrútafelli sunnan Hólatungna. Samkvæmt þessu miðast merki Rauðafells og Hrútafells næst jökli við sitt hvora kvísina og þar á milli liggja Hólatungur og Borgartungur. Ekki er gerð sérstök grein fyrir Hólatungum og Borgartungum í heimildum um merki Hrútafells. Um þessi landsvæði er hins vegar fjallað í heimildum um þær jarðirnar Eyvindarhóla og Stóru-Borg. Landamerkjabréf Hrútafells er ekki áritað vegna Eyvindarhóla eða Stóru-Borgar.

Í landamerkjabréfi Eyvindarhóla, dags. 14. janúar 1885 og þingl. 21. maí 1890, segir þannig að merki Hólatungna til vesturs, austurs og suðurs, þ.e.a.s. gagnvart Rauðafelli, Borgartungum og Hrútafelli, miðist öll við árgil, hið fyrstnefnda nánar tiltekið milli Hólatungna og Rauðafellsheiðar og hið síðastnefnda norðan við Hrútafellsheiði. Jafnframt er sérstaklega tekið fram að takmark Hólatungna að norðan sé „Eyjafjallajökullinn“. Landamerkjabréf Eyvindarhóla er áritað af hálfu Hrútafellstorfu. Eldri heimildir eru í samræmi við þetta. Í vísitاسium Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og 1662 og brauðamati Eyvindarhóla 1855 eru Hólatungur þannig sagðar „norður j Heiðinne“, „milli Hrutafellsheiðar og Raufarfellsheiðar“, og „nordan við Hrutafellsheiði“.

Í landamerkjabréfi Stóru-Borgar o.fl., dags. 25. febrúar 1886 og þingl. 21. júní 1887, segir svo: „Beitaritak fylgir jörðinni, nefnt Borgartangar og meina menn það liggja innan Hrútafells-landamerkja.“ Bréfið er áritað af hálfu Hrútafells. Telja verður líklegt að hér sé átt við Borgartungur. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er einnig fjallað um merki Borgartungna þar sem segir „sígur Eyjafjallajökull á þetta takmark og spillir smámsaman“. Af þessu orðalagi er ljóst að svæðið hefur legið upp að jökli.

Í kröfugerð eigenda Hrútafells er gert ráð fyrir að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái til Hóla- og Borgartungna. Kröfugerð eigenda Eyvindarhóla vegna Hólatungna og Stóru-Borgar vegna Borgartungna er í samræmi við þetta. Einungis eru gerðar kröfur um beitaritök með tilteknum merkjum en „viðurkennd að öðru leyti eign Hrútafells að Tungunum“.

Svo sem að framan greinir kveður landamerkjabréf Hrútafells 1886 hins vegar skýrt á um það að vesturmerki jarðarinnar miðist við Kaldaklifsárgil og „farveg upp til jökuls vestan Þorvaldstungna“. Hóla- og Borgartungur eru vestan við umræddan farveg og liggja þannig utan við landamerkjalytingu Hrútafells. Sé litið til landamerkjabréfs Eyvindarhóla 1885 fær þessi ályktun vel staðist. Óljóst orðalag í landamerkjabréfi Stóru-Borgar 1886, á þá leið að „menn meini“ að „Borgartangar“ liggja „innan Hrútafells-landamerkja“, ræður ekki úrslitum um þetta atriði. Krafa eigenda Hrútafells um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái til Hólatungna og Borgartungna verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu landamerkjabréfa Hrútafells, Eyvindarhóla eða Stóru-Borgar en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað hér á eftir.

Verður þá næst fjallað um austurmerki Hrútafells. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886 segir að merki hennar til austurs, gagnvart Drangshlíð (Skarðshlíð), miðist að norðanverðu við „Þorláksnýpu og þaðan í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsnýpu og þaðan í Fimmvörðuháls“. Bréfið var áritað af hálfu Skarðshlíðar en ekki Drangshlíðar. Lýsing Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli frá 1909 miðar einnig við „Finnvarðarháls“ auk þess sem tekið er fram að það sé „við Jökul“. Tekið skal fram að lýsing þessi var ekki undirrituð og samþykkt af öðrum þeim sem hagsmuna áttu að gæta og hefur því takmarkað heimildargildi. Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu frá 24. október 1910, sbr. dóm Landsyfírréttar 31. mars 1913, um landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrútafells með Hrútafellskotu á hina hlið“ er í samræmi við þetta, þó þannig að frá Hornfellsnýpu er dregin lína í jökul en ekki í Fimmvörðuháls eins og í landamerkjabréfinu.

Landamerkjabréf Drangshlíðar, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, er í samræmi við framangreindan dóm og sama máli gegnir um lýsingu Brynjólfs Tómassonar á landamerkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870, sbr. kafla 6.23.

Hrútafell á einnig merki gagnvart Eyvindarhólum þegar sunnar dregur. Um landamerkjabréf Eyvindarhóla er þegar fjallað, þ. á m. áritun af hálfu Hrútafellstorfu Merki þessi liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Hrútafells, Hóla- og Borgartungna og aðliggjandi landsvæða til vesturs og austurs. Þá er að auki greint frá lýsingu á norðurmörkum Hólatungna, þ.e. Eyjafjallajökli, en norðurmörkum Hrútafells og Borgartungna er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Þarfnast það atriði nánari athugunar. Í kröfugerð jarðeigenda er gert ráð fyrir að merki svæðanna, beinn eignarréttur eigenda Hrútafells, ítaksréttur eigenda Eyvindarhóla í Hólatungum og ítaksréttur eigenda Stóru-Borgar í Borgartungum nái upp að jaðri jökulsins og á Fimmvörðuhálsi að línu sem dregin er frá austri til vesturs á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls um Þrívörðusker þar sem það er hæst. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vönum halli til“.

Samkvæmt framangreindu er vesturmerkjum Hrútafells lýst til jökuls og austurmerkjum „í Fimmvörðuhálsi“. Þar fyrir norðan er Goðaland sem um er fjallað í kafla 6.7. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um merki Goðalands bendi til þess að merki þess næðu upp að jökli. Kröfugerð Rangárþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi miðar suðurmerki Goðalands, á Fimmvörðuhálsi, við sömu línu og kröfugerð eigenda Hrútafells. Í kröfugerð Prestsetrasjóðs eru merki hins vegar dregin töluvert norðar.

Hér ber þess að geta að á Fimmvörðuhálsi, á milli stóru jöklanna tveggja, hefur ekki verið jökull um áratugaskeið. Heimildir eru hins vegar um að þar hafi verið samfelldur jökull fram á fyrri hluta 20. aldar. Í greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sjá skjal nr. 10(1), eru þó færð fyrir fram rök gegn því að jökull, samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks, hafi verið á Fimmvörðuhálsi til þess tíma en fönn kunni að hafa hulið hálsinn.

Með hliðsjón af framangreindu telur óbyggðanefnd að landamerkjabréf Hrútafells, sbr. einnig dóm Landsyfírréttar 1913, bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Jökull eða heilsársfannir hafa að langmestu leyti afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls á þessu svæði hafi á merki milli Hrútafells og Goðalands fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland beggja vegna verður að útkljá ágreininginn eftir öðrum leiðum. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar verður um eignarréttarlega stöðu Hrútafells og Goðalands.

Þá telur óbyggðanefnd ljóst að Hólatungur afmarkist einnig af jökli til norðurs enda skýrt tekið fram í landamerkjabréfi Eyvindarhóla. Hið sama verður talið eiga við um Borgartungur enda afmarkaðar af giljum og ám sem eiga upptök í jökli.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir jarðirnar Hrútafell, Eyvindarhóla og Stóru-Borg. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Hrútafells og Hólatungna sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er að mestu afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Hrútafells er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið

í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að rétthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Hrutafells. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Hólatungna og Borgartungna.

Þess ber fyrst að geta að í H 1994:117 var deilt um norðurmörk Hrutafells vegna fjallaskála á Fimmvörðuhálsi. Ekki var lagður efnisdómur á málið og staðfesti Hæstiréttur frávisun héraðsdóms vegna vanreifunar. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að vafi væri um norðurmörk Hrutafells og mjög væri á reiki hvar jökulbrún hæfist. Úr slíkum vafamálum er þjóðlendulögum hins vegar ætlað að leysa. Við þá efnisúrlausn verður engin stoð sótt í framangreindan dóm.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hrutafell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Yfirlýsing eigenda og ábúenda Hrutafells, Drangshlíðar, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar, dags. 31. maí 1894 og þingl. 1. júní 1894, þess efnis að fyrirbjóða upprekstur á heiðarland tédra jarða, milli Kaldaklifsár og Skógarár, styður þetta.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka Hrutafells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Hrutafells hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájöklum og heilsársfönnum, sem skilist hafa frá jökulbreiðunni, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Hrutafells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Eftir er þá að taka afstöðu til merkja Hrutafells, sem samkvæmt framangreindu er eignarland, og Godalands en í kafla 6.7 er komist að þeirri niðurstöðu að það sé þjóðlenda. Óbyggðanefnd telur ljóst af framangreindu að snjór hafi að staðaldri hulið Fimmvörðuháls í lok 19. aldar þegar landamerkjabréf Hrutafells og Godalands voru gerð. Í því sambandi verður ekki talið skipta máli hvort um jökul hefur verið að ræða eður ei. Svæði þetta hefur nú verið jökullaust um áratugaskeið og merki á milli Godalands og Hrutafells verða því ekki lengur miðuð við jökuljaðar eða snjólínu. Með hliðsjón af framangreindu og staðháttum á svæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að miða umrædd merki við þá línu sem miðað er við í kröfugerð jarðeigenda vegna Hrutafells og Rangáþings eystra fyrir hönd eigenda lögbýla í Austur-Eyjafjallahreppi vegna Godalands.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Hrutafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Hrótafells, Eyvindarhóla og Stóru-Borgar til Hólatungna og Borgartungna sem samkvæmt framangreindu er utan merkja Hrótafells.

Svo sem áður greinir eru Hólatungur landfræðilega aðskildar frá Hrótafelli og Borgartungum með giljum og árfarvegum. Þá eru Borgartungur með sama hætti landfræðilega aðskildar frá Hólatungum og Hrótafelli. Áður var komist að þeirri niðurstöðu að heimildir bendi til þess að tungurnar falli utan landamerkja Hrótafells. Þegar fjallað er um þessi landsvæði í heimildum er það fyrst og fremst í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þannig segir í landamerkjabréfi Eyvindarhóla frá 1885 að Hólatungur séu „(sem ítak) lambaafréttur Eyvindarhólatorfunnar“ og eigendur Hrótafells-torfu árita þetta skjal um samþykki sitt. Hólatungur eru einnig nefndar „ítak“ í vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641, sagðar „halldast enn under til Lamba og Gelldfiárreksturs“ í vísitásiu sama biskups 1662 og kallaðar „lambaafréttur“ í brauðamati Eyvindarhóla frá 1855. Í landamerkjabréfi Stóru-Borgar o.fl. frá 1886 segir að „beitarítak“ fylgi jörðinni, „nefnt Borgartangar“. Í vísitásiu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641 segir að kirkjan að Borg „eigi“ Borgartungur en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 eru Borgartungur nefndar „Afrjettar ítak“ og taldar fyrir 50 lömb.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar heimildir um rétt Eyvindarhóla og Stóru-Borgar til Hólatungna og Borgartungna bendi þannig ótvírætt til þess að þessar jarðir hafi átt þar beitarrétt en ekki beinan eignarrétt.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Hólatungur og Borgartungur séu innan upphaflegs landnáms undir Eyjafjöllum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Hrótafells, Eyvindarhóla og Stóru-Borgar hefur ekki verið sýnt fram á að Hólatungur og Borgartungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að jarðirnar Eyvindarhólar og Stóra-Borg hafi átt þar upprekstrarétt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hrótafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þau sem nefnd eru Hólatungur og Borgartungur, svo sem þau eru afmörkuð hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá jaðri Eyjafjallajökuls, þaðan sem áin í gilinu vestan Þorvaldstungna kemur undan Eyjafjallajökli og þangað sem hún rennur saman við ána úr Kaldaklifsárgili, austan Rauðafellstungna. Þaðan er hinni síðarnefndu á fylgt norður að upptökum sínum við jökul. Innan þessa svæðis eru Hólatungur að vestanverðu og Borgartungur að austanverðu og þar skilur á milli á sú sem rennur frá jökli á milli hinna tveggja. Á milli fyrrnefndra tveggja punkta við jaðar Eyjafjallajökuls, vestan Þorvaldstungna og austan Rauðafellstungna, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Hólatungur eru í afréttareign eigenda jarðarinnar Eyvindarhóla og Borgartungur í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóru-Borgar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þeirra svæða sem samkvæmt framangreindu eru í afréttareign, að því leyti sem þau liggja að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að þar er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. lag-

anna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

### 6.23. Drangshlíð, Drangshlíðardalur og Skarðshlíð

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Drangshlíðar, að Drangshlíðardal og Skarðshlíð meðtöldum, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890.

Að Drangshlíðartorfu liggur til vesturs jörðin Hrutafell og til austurs eru Ytri-Skógar. Að norðanverðu er Mýrdalsjökull og til suðurs Eyvindarhólar. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og heiðarlanda. Til norðurs ofan byggðarinnar rís bratt og hömrum girt Drangshlíðarfjall 476 m y.s. og norðar liggur gróin Drangshlíðarheiðin. Ofan heiðarinnar hækkar land og við taka Landnorðursbungur sem eru undirhlíðar jökulsins uns land mætir jökulröndinni í um 1000 m hæð við Fimmvörðuháls. Frá bæjarstæði Drangshlíðar til jökuls eru u.þ.b. 13 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því í 527 m hæð ofarlega í Lambafellsheiði (punktur E), yfir í Hornfellsnipu (punktur D) og áfram í punkt C sem er efst í Hofsfárgili. Á móti hafa eigendur Drangshlíðar I-II, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar I-III lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Mýrdalsjökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.28.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár og Jökulsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða hafi ævinlega smalað sínar jarðir. Vísað er til landamerkjabréfs Drangshlíðar, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890. Landamerki hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Loks er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Drangshlíðartorfu er rakin í köflum 5.20.-5.21 Þar kemur fram að Drangshlíðar og Skarðshlíðar er getið í heimildum frá því á 14. öld og sagnir um Drangshlíð má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Dragnshlíðardalur er stofnaður úr landi Drangshlíðar á 19. öld. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Drangshlíðartorfu er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að jarðatorfunni. Athugun þessi tekur til norðurmerkja hennar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríki-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

isins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Drangshlíðartorfu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Drangshlíðar, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð, er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890. Einnig er til lýsing á merkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870, varðveitt á Þjóðskjalasafni og mun skrifuð upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909. Lýsing þessi er ekki undirrituð af öðrum þeim sem hagsmuna áttu að gæta og hefur því takmarkað heimildargildi. Sama máli gegnir um bréf fyrirvarsmanna Skarðshlíðar frá 28. júní 1777, þar sem gerð er grein fyrir ágreiningi við ábúendur Ytri-Skóga. Þá er til dómur Landsyfírréttar frá 24. október 1910 um merki Skarðshlíðar, Drangshlíðar og Drangshlíðardals annars vegar og Hrútafells og Hrútafellskots hins vegar.

Norðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt norður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Drangshlíðartorfu 1885 liggja vesturmerki torfunnar, gagnvart Hrútafelli, „... í Þorláksnýpu og svo sjónhending úr Þorláksnýpu í stóra steininn í Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu, og þaðan sömu sjónhending í Jökul“. Bréfið er áritað af hálfu Hrútafells. Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu frá 24. október 1910, sbr. dóm Landsyfírréttar 31. mars 1913, um landamerki milli Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal á aðra hlið og Hrútafells með Hrútafells koti á hina hlið er í samræmi við þetta. Sama máli gegnir um lýsingu Brynjólfs Tómassonar á landamerkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870.

Í landamerkjabréfi Hrútafells, dags. 14. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð merki gagnvart Drangshlíðartorfu miðuð við „Þorláksnýpu og þaðan í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsnýpu og þaðan í Fimmvörðuháls“, sbr. kafla 6.22. Bréfið var áritað af hálfu Skarðshlíðar en ekki Drangshlíðar. Lýsing Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli frá 1909 miðar einnig við „Finnvarðarháls“ auk þess sem tekið er fram að það sé „við Jökul“.

Verður þá næst litið til austurmerkja Drangshlíðarjarða, gagnvart Ytri-Skógum. Samkvæmt landamerkjabréfi Drangshlíðartorfu miðast norðanverð austurmerki, gagnvart Ytri-Skógum, við Skógá, sem „ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp“. Bréfið er ekki áritað vegna Ytri-Skóga. Lýsing Brynjólfs Tómassonar á landamerkjum Drangshlíðar og Skarðshlíðar frá því um 1870 miðar einnig við að Skógá skilji „áinn heidarlöndin í Jökul norður“. Í bréfi fyrirvarsmanna Skarðshlíðar frá 1777 kemur einnig fram sú skoðun þeirra að „... Dalurin [þ.e. Drangshlíðardalur] og Heidenn öll fyrir vestan Skogaá hafa fillgt Dráng(s)hlyd allt norður að Drangshlydar Botnum, hvar Hrutfells Land tekur við ...“

Landamerkjum Ytri-Skóga til vesturs er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Bréfið er ekki áritað vegna Drangshlíðarjarða en samkvæmt því miðast norðanverð austurmerki við „... Skógargilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heidarlands.“ Eldri heimildir eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.24. Lýsingar á merkjum Ytri-Skóga og Drangshlíðar fá þannig ágætlega samrýmst.

Drangshlíðartorfa á einnig merki gagnvart Eyvindarhólum þegar sunnar dregur. Merki þessi liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerkjum Drangshlíðartorfu, gagnvart Mýrdalsjökli, er þannig ekki lýst sérstaklega í heimildum um merki jarðarinnar og þarfnast nánari athugunar. Í kröfugerð eigenda jarðatorfunnar er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Drangshlíðartorfu frá 1885 bendi ótvírætt til þess að eigendur hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingu á

vestur- og austurmerkjum og þar á milli hefur jökull afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Drangshlíð, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra. Landamerkjabréf Drangshlíðartorfu er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðatorfunnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Drangshlíðartorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðatorfan Drangshlíð, Drangshlíðardalur og Skarðshlíð hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Viðbrögð fyrirsvarsmanna Skarðshlíðar árið 1777 við beitarnotum Ytri-Skóga á landi fyrir vestan Skógará styðja þetta og sama máli gegnir um yfirlýsingu eigenda og ábúenda Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrutafells, dags. 31. maí 1894 og þingl. 1. júní 1894, þess efnis að fyrirbjóða upprekstur á heiðarland téðra jarða, milli Kaldaklifsár og Skógarár. Ummæli í lýsingu Brynjólfs Tómassonar frá því um 1870, á þá leið að í Drangshlíðardal sé „bygd kominn fyrir fáum árum frá Drangshlíð“ og að dalur þessi hafi lagst til Drangshlíðar „eptir á, árið 1689“ segja ekki til um eignarréttarlega stöðu landsins áður en þar var sett niður byggð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Drangshlíðartorfu gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1885, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájöklum og heilsársfönnum sem skilist hafa frá jökulbreiðunni hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Drangshlíðartorfu, innan jaðars meginjökulsins, sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Drangshlíðar, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Drangshlíðar, Drangshlíðardals og Skarðshlíðar, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

#### 6.24. Ytri-Skógar

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi fyrir Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, að teknu tilliti til sáttargjörðar um Skógafjall og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Um Skógafjall, sbr. afmörkun þess í framangreindri sáttargjörð, er fjallað sérstaklega í kafla 6.25.

Að Ytri-Skógum liggja til vesturs Drangshlíðartorfa og Eyvindarhólar. Til austurs eru Eystri-Skógar en austan þeirra er Skógarfjall. Að norðanverðu er Mýrdalsjökull og til suðurs haf. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er flatt undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Til suðurs breiðir úr sér flatur og nokkuð gróinn Skógasandurinn og til norðurs ofan byggðarinnar ris hlíðin upp á gróna og talsvert sundurskorna Skógaheiðina. Ofar hækkar land jafnt og þétt og við taka undirhlíðar jökulsins uns land mætir jökulröndinni í um 1000 m hæð. Um 7 km (í beinni loftlínu) suður af jökli eru Kambfjöll í um 620 m y.s. Frá bæjarstæði Ytri-Skóga til jökuls eru u.þ.b. 11 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hornfellsnípu (punktur D) og efst í Hofsgaril (punktur C). Á móti hafa eigendur Ytri-Skóga lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.29.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár (Kaldaklifsár) og Jökulsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrótum beri sönnunarbyrði fyrir því. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Ytri-Skóga, og að auki Eystri-Skóga að því er varðar Skógafjall, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða og afrétta hafi ævinlega smalað sínar jarðir og afrétt. Vísað er til landamerkjabréfs Ytri-Skóga, dags. 22. maí og þingl. 21. maí 1890, og samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, staðfestur af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Landamerki Ytri-Skóga hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eignum nema með eignarnámi og gegn bótum. Að því er varðar Skógafjall er einnig vísað framangreinds til samnings frá 14. desember 1899. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá, teljist til eignarlands verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ytri-Skógum er rakin í kafla 5.22. Þar kemur fram að Skóga (Ytri-Skóga) er getið í heimildum frá því um 1200 en sagnir um búsetu þar má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup>

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ytri-Skóga er lýst í landamerkjabréfi hennar, samningi um Skógafjall og merki Skógajarða 1899 og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ytri-Skóga verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á merkjum Ytri-Skóga er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890. Lýst er merkjum til vesturs og austurs og sérstök grein gerð fyrir afmörkun „Ytri-Skóga-afreitar sem nefnist Skógafjall“ gagnvart Eystri-Skógum og Hvítmögu. Áður höfðu fyrirvarsmenn Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima einnig ritað undir lýsingu á merkjum milli „afreittanna“ Skógafjalls og Hvítmögu, þ.e.a.s. austurmerkjum Skógafjalls, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885. Fyrirvarsmenn Ytri-Skóga og Eystri-Skóga gera síðan með sér samning um Skógafjall, „afreitarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Lýst er annars vegar merkjum Skógafjalls gagnvart Eystri-Skógum og Hvítmögu og hins vegar merkjum á milli Ytri- og Eystri-Skóga. Heimildum þessum ber ekki að öllu leyti saman, auk þess sem lýsingar á norðurmerkjum eru takmarkaðar. Ástæða er því til að huga nánar að þessum atriðum.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Ytri-Skóga, gagnvart Drangshlíðarjörðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, miðast norðanverð vesturmerki við „... Skógargilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heiðarlands.“ Bréfið er ekki áritað vegna Drangshlíðarjarða.

Landamerkjum Drangshlíðar, að meðtöldum Drangshlíðardal og Skarðshlíð, er lýst í landamerkjabréfi jarðatorfunnar, dags. 28. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890. Bréfið er ekki áritað vegna Ytri-Skóga en samkvæmt því miðast norðanverð austurmerki, gagnvart Ytri-Skógum, við Skógá, sem „ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp“. Eldri heimildir um merki Drangshlíðar og Skarðshlíðar styðja þetta, sbr. kafla 6.23. Lýsingar á merkjum Ytri-Skóga og Drangshlíðar fá þannig ágætlega samrýmst.

Verður þá næst litið til austurmerkja Ytri-Skóga, gagnvart Eystri-Skógum. Hér ber þess fyrst að geta að á ódagsettum seðli, sem er að finna í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, segir að engin landamerki séu á millum þessara jarða. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð austurmerki, gagnvart Eystri-Skógum, miðuð við Dalagil og síðan Hnaukagil, sem ráði mörkum á milli „Ytri og Eystri-Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru“. Merkjum er því næst lýst til landnorðurs (norðausturs) inn á Bolagilstanga í vesturbrún Fjallgils. Síðan segir svo: „Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystriskógaheiði austur að Fjallgili ...“ Þá er í beinu framhaldi sérstaklega fjallað um merki „Ytri-Skóga afreittar, sem nefnist Skógafjall ...“, svo sem nánar verður gerð grein fyrir síðar. Bréfið er ekki áritað af hálfu Eystri-Skóga.

Í kafla 6.25. er gerð grein fyrir lýsingum fyrirvarsmanna Eystri-Skóga á vesturmerkjum þeirrar jarðar, gagnvart Ytri-Skógum, lögfestu frá 1839 og tveimur landamerkjabréfum frá 1885. Þessar heimildir gera í meginráttum ráð fyrir að merkin liggi frá Dalagili og í jökul. Bréfin eru ekki árituð af hálfu Ytri-Skóga.

Ljóst er af framangreindu að fyrirvarsmenn Ytri- og Eystri-Skóga hafa deilt um merki jarða sinna og Skógafjall sérstaklega í því sambandi. Um merki Skógafjalls sérstaklega er fjallað í kafla 6.25. Þar er m.a. gerð grein fyrir lýsingu fyrirvarsmanna Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima, án aðildar

Eystri-Skóga, á merkjum milli „afrjettanna“ Skógafjalls og Hvítmögu, þ.e.a.s. austurmerkjum Skógafjalls, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885. Landamerkjabréf Eystri-Skóga eru gerð nokkrum mánuðum síðar. Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga frá 1886 er síðan gert ráð fyrir því að merki Ytri-Skóga liggi þvert yfir það landsvæði sem lýst er í lögfestu og landamerkjabréfum Eystri-Skóga 1839 og 1885 og taki til þess norðanverðs, auk þess sem í beinu framhaldi er fjallað sérstaklega um merki Skógafjalls.

Deilum þessum lauk með því að fyrirvarsmenn Eystri- og Ytri-Skóga gerðu með sér samning um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Skógafjall er sem fyrr sagt afmarkað af Jökulsá og Fjallgilsá. Merki Eystri-Skóga og Ytri-Skóga eru að norðanverðu miðuð við Dölu „upp að fossi, og svo áfram austan við svo nefndan Hnauka, alt innað Kambsfjöllum (frb. Kamfjöll) og þaðan í norður til jökuls“. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Eystri-Skóga 1839 og síðara landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 1885. Af hálfu Ytri-Skóga hefur hins vegar verið horfið frá því að draga mörk þvert yfir þau merki sem þessar heimildir um Eystri-Skóga lýsa, svo sem gert var í landamerkjabréfi þeirrar jarðar 1886.

Óbyggðanefnd telur að samningur fyrirvarsmanna Eystri- og Ytri Skóga um Skógafjall og merki Skógajarða 1899 bendi til þess að Skógafjall hafi verið talið sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki Ytri-Skóga, sbr. einnig lýsingu á merkjum Skógafjalls og Hvítmögu 1885. Þá verður að líta svo á að með samkomulaginu 1899 dragi fyrirvarsmenn Ytri-Skóga til baka þá lýsingu á austurmörkum sem fram kemur í landamerkjabréfi jarðarinnar 1886. Um önnur atriði er varða afmörkun og eignarréttarlega stöðu Skógafjalls er fjallað í kafla 6.25.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Ytri-Skóga og aðliggjandi landsvæða til vesturs og austurs. Norðurmörkum Ytri-Skóga, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Ytri-Skóga vegna Ytriskógaheiði er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land sem undan jökli komi falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötnum halli til“.

Að því er varðar norðurmerki Ytri-Skóga, gagnvart Mýrdalsjökli telur óbyggðanefnd að lýsing vesturmerkja í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886 og austurmarka í samningnum 1899, beri með sér að eigendur hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum lýst í „landnorðurstunguánni, sem rennur ... undan jökli“ og í samningnum inn að Kambsfjöllum og þaðan „í norður til jökuls“. Jökull hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ytri-Skóga og að afstöðnum nokkrum deilum er gerður samningur um merki Skógajarða og Skógafjalls. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að vesturmerkjum Ytri-Skóga sé rétt lýst í landamerkjabréfinu og austurmörkunum í samningnum, svo langt sem þessar lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökklum hið efra og sjó hið neðra. Umrætt landamerkjabréf og samningur er undirritaður af fyrirvarsmönnum Ytri-Skóga, skjölin eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þá ber landamerkjabréfinu saman við landamerkjabréf Drangshlíðarjarða sem einnig er þinglesið. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli sem á landamerkjabréfi Ytri-Skóga er að því leyti að áritun vantar vegna Drangshlíðarjarða verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Ytri-Skóga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum jarðarinnar væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Ytri-Skóga.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ytri-Skógar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 og 1899, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Ytri-Skóga hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886 og 1899, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Ytri-Skóga, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ytri-Skóga sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ytri-Skóga, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

## 6.25. Eystri-Skógar og Skógafjall

Hér verður fjallað um landsvæði þau sem afmörkuð eru í samningi um Skógafjall og merki Skóga-jarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902, annars vegar Eystri-Skóga og hins vegar Skógarfjall.

Að Eystri-Skógum liggja Ytri-Skógar til vesturs og suðurs og til austurs eru Skógafjall og Ytri-Sólheimar, þegar sunnar dregur. Austan Skógafjalls er Hvítmaga, afréttur Ytri-Sólheima. Að norðanverðu er Mýrdalsjökull.

Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er flatt undirlendi en fjallendi og heiðarlönd að norðanverðu. Til suðurs breiðir úr sér marflatur Skógasandurinn og til norðurs ofan byggðarinnar rís gróid heiðarland. Þar er Flatheiðin, sem liggur austan Dalárgils, í um 200-300 m y.s. Austan Flatheiðar liggur fjallið Vestastiháls sem afmarkast af Hofsárgili að vestan og Þurragili að austan. Skógaheiði liggur milli Skógaár að vestan austur að Fjallgili. Skógaheiði er með nokkuð jafnan halla og hækkar land til norðurs og við taka undirhlíðar jökulsins uns það mætir jökulröndinni í um 900 m hæð. Frá bæjarstæði Eystri-Skóga til jökuls eru um 10 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hornfellsnípu (punktur D) og efst í Hofsárgil (punktur C). Á móti hafa eigendur Eystri-Skóga lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar,

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

upp að jaðri Eyjafjallajökuls. Einnig er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, svo langt sem vötnum hallar til. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.30.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1(21) og 2, er því haldið fram að landnámslýsingu á þessu svæði verði að skilja á hefðbundinn hátt, þ.e. að land hafi verið numið á milli Kaldaklofsár (Kaldaklifsár) og Jökulsár, að því marki sem þar reis byggð. Sá sem haldi því fram að land hafi verið numið umfram þetta og allt að jökulrötum, beri sönnunarbyrði fyrir því. Merkjalýsing Eystri-Skóga ná til jökuls en óvissa sé um það hvar jökulrönd hafi legið þegar hún hafi verið gerð. Þá sé kröfusvæði íslenska ríkisins allt í yfir 600 metra hæð og lítt gróið. Hefð sé einungis yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en aldrei frumstofnun, svo sem lög og nám.

Af hálfu eigenda Eystri-Skóga, og að auki Ytri-Skóga að því er varðar Skógafjall, sbr. skjöl nr. 8 og 8(3), er því haldið fram að landnám á svæðinu hafi náð allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Eigendur einstakra jarða og afrétta hafi ævinlega smalað sínar jarðir og afrétt. Vísað er til landamerkjabréfa Eystri-Skóga, hið fyrra dags. 9. nóvember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og hið síðara dags. 14. desember 1885 og þingl. 21. maí 1890, og samnings um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14. desember 1899, staðfestur af stiftsyfirvöldum 14. september 1901 og þingl. 29. maí 1902. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdaláus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Að því er varðar Skógafjall er einnig vísað framangreinds til samnings frá 14. desember 1899. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land, sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands, verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Eystri-Skógum er rakin í kafla 5.23. Þar kemur fram að Eystri-Skóga er getið í heimildum frá því fyrri hluta 14. aldar en sagnir um búsetu þar má rekja enn lengra aftur. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms undir Austur-Eyjafjöllum og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Eystri-Skóga er lýst í samningi um Skógafjall og merki Skógajarða 1899 og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Eystri-Skóga og Skógafjalls verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru.

Heimildir um merki Eystri-Skóga eru nokkrar. Sú elsta, lögfesta frá 22. nóvember 1839, lýsir merkjum til vesturs og austurs. Árið 1885 voru gerð tvö landamerkjabréf fyrir Eystri-Skóga, hið fyrra dags. 9. nóvember og hið síðara dags. 14. desember. Bæði eru bréfin þingl. 21. maí 1890. Í fyrra bréfinu er lýsing á austurmörkum og í því síðara á vesturmörkum. Þá liggur fyrir framangreindur samningur fyrirsvarsmanna Ytri-Skóga og Eystri-Skóga, um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Þar er gerð grein fyrir merkjum Eystri-Skóga til vesturs, þ.e. gagnvart Ytri-Skógum, og til austurs, þar sem lýst er merkjum Skógafjalls gagnvart Eystri-Skógum og Hvítmögu.

Heimildum þessum ber ekki að öllu leyti saman, auk þess sem lýsingar á norðurmerkjum eru takmarkaðar. Ástæða er því til að huga nánar að þessum atriðum.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Eystri-Skóga, gagnvart Ytri-Skógum. Hér ber þess fyrst að geta að á ódagsettum seðli, sem er að finna í jarðabókargögnum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, segir að engin landamerki séu á millum þessara jarða. Samkvæmt því er greinir í lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 liggja norðanverð vesturmerki Eystri-Skóga hins vegar „... í Dalagilssfoss, og so ræður Dalagil til Jökuls ...“. Vesturmerkjum er ekki lýst í fyrra landamerkjabréfi Eystri-Skóga 1885 en í hinu síðara er miðað við „... dalagil þangað til að það fer að beygjast austur á við vestan við svonefnda hnauka, þá liggur markalínan í laufatungnagilið og það áfram sem næst í hánorður, norður í jökul.“ Tekið er fram að allt land austan merkjanna, „frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima“ tilheyrir Eystri-Skógum. Bréfið er ekki áritað af hálfu Ytri-Skóga.

Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, eru norðanverð austurmerki, gagnvart Eystri-Skógum, einnig miðað við Dalagil og síðan Hnaukagil, sem ráði mörkunum á milli „Ytri og Eystri-Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru“, sbr. kafla 6.24. Í stað þess að markalínan sé því næst dregin í jökul er merkjum hins vegar lýst til landnorðurs (norðausturs) inn á Bolagilstanga í vesturbrún Fjallgils. Síðan segir svo: „Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystriskógaheiði austur að Fjallgili ...“. Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga frá 1886 er þannig gert ráð fyrir því að merki Ytri-Skóga liggja þvert yfir það landsvæði sem lýst er í lögfestu og landamerkjabréfum Eystri-Skóga 1839 og 1885. Jafnframt er í beinu framhaldi fjallað sérstaklega um merki Skógafjalls, svo sem nánar verður gerð grein fyrir síðar. Bréfið er ekki áritað af hálfu Eystri-Skóga.

Verður þá næst litið til austurmerkja Eystri-Skóga. Að sunnanverðu liggja þau gagnvart Ytri-Sólheimum. Bréf Eystri-Skóga er áritað af hálfu þeirrar jarðar. Merki þessi liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins og rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Samkvæmt því er greinir í lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 liggja norðanverð austurmerki „... ur Fjöromarki norður að Fjallgili og þaðan sýdann norður í Jökul“. Í fyrra landamerkjabréfi Eystri-Skóga 1885 liggja austurmerki „á milli nefndrar jarðar Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima ...“ úr fjöromarki í „Jökulsárgil, svo ræður gilið upp undir svonefnt Skóga-fjall þá liggur merkjalínan austur úr votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin sem er í síðastnefndu gljúfri marki norður í jökul“. Tekið er fram að allt land vestan merkjanna tilheyrir Eystri-Skógum, „allt út að mörkunum sem eru á milli Eystri- og Ytri-Skóga“. Bréfið er áritað af hálfu Ytri-Sólheima.

Á milli Fjallgils og Jökulsárgils er svonefnt Skógafjall. Austan Jökulsárgils er Hvítmaga, afréttur Ytri-Sólheima, afmörkuð til norðurs af Mýrdalsjökli og Sólheimajökli til austurs og suðurs. Í síðara landamerkjabréfi Eystri-Skóga er austurmerkjum ekki lýst en þó tekið fram að allt land austan vesturmerkja jarðarinnar, sem tilgreind eru í bréfinu, „frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima“ tilheyrir Eystri-Skógum. Af framangreindu er ljóst að umtalsverður munur er á lýsingum á austurmerkjum Eystri-Skóga í heimildum frá 1839 og 1885. Nánar tiltekið felst mismunur þessi í umfjöllun um Skógafjall. Samkvæmt lýsingu í lögfestunni frá 1839 liggur Skógafjall utan merkja og á fjallið er ekki minnst í lögfestunni. Sama fjall er hins vegar innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum frá 1885 og þar er enginn greinarmunur gerður á fjallinu og öðru landi þar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skógafjalls er lýst í heimildum sem stafa frá fyrirsvarsmönnum annarra jarða. Elsta heimildin um afmörkun Skógafjalls er yfirlýsing fyrirsvarsmanna Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885. Um er að ræða landamerkjabréf þar sem lýst er merkjum milli „afrjettanna“ Skógafjalls og Hvítmögu, þ.e.a.s. austurmerkjum Skógafjalls. Samkvæmt þeirri lýsingu liggur þar á milli „Jökulsárgil sem Jökulsá rennur nú framúr og hefir runnið svo lengi sem elstu menn muna til“. Fyrirsvarsmenn Eystri-Skóga eiga ekki aðild að þessu landamerkjabréfi og austurmerkjum Skógafjalls er hér eins lýst og austurmerkjum Eystri-Skóga í fyrra landamerkjabréfi þeirrar jarðar 1885 sem þegar hefur verið gerð grein fyrir,

sbr. einnig tilvísun til merkja Ytri-Sólheima í síðara landamerkjabréfi Eystri-Skóga frá sama ári. Eina eldri heimildin um afmörkun Hvítmögu er lögfesta frá 1789, sem endurnýjuð var 1865, sbr. mál nr. 3/2003. Merkjum er þar einnig lýst í „Jökulsár gamla Farvegi“, þ.e. Jökulsárgili, frá sjó og norður í jökul. Eðlilegt er að líta svo á að hér sé átt við Sólheimajökul en telja má víst að hann hafi á þessum tíma gengið fram í dalinn á milli Hestapingháls og Loðmundarstrætis, sbr. skjal nr. 10.

Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga, dags. 22. maí 1886 og þingl. 21. maí 1890, er lýsing á sunnanverðum vesturmörkum og austurmörkum Skógafjalls. Þar segir að Fjallgilsáin, sem komi undan jökli, sé „mark milli Ytri-Skóga-afréttar sem nefnist Skógafjall, og Eystri-Skógaheiðar; þangað til hún rennur aftur undir jökulinn við fremri enda Skógafjalls, og er fjallið þar umkringnt jökli, að austan afmarkar Skógafjall eins og við höfum lýst, frá Hvítmöguafrétti Ytri-Sólheima Jökulsárgil og svo nefnt Lónið sem liggur innan við falljökulinn.“

Svo sem framangreindar heimildir bera með sér er Skógafjall glögg afmarkað landfræðilega. Til vesturs er Fjallgil, sjá landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886, sbr. einnig lögfestu Eystri-Skóga 1839. Til austurs er Jökulsárgil, sjá landamerkjalytingu Skógafjalls og Hvítmögu 1885, fyrra landamerkjabréf Eystri-Skóga 1885 og landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886.

Ljóst er hins vegar að fyrirsvarsmenn Ytri- og Eystri-Skóga hafa deilt um merki jarða sinna og Skógafjall sérstaklega í því sambandi. Skógafjall er utan þeirra merkja sem lýst er í lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 en samkvæmt landamerkjabréfum jarðarinnar frá 1885 er það innan merkja og enginn greinarmunur gerður á fjallinu og öðru landi þar. Landamerkjabréf Eystri-Skóga eru gerð nokkrum mánuðum eftir að fyrirsvarsmenn Ytri-Skóga og Ytri-Sólheima undirrita lýsingu á merkjum Skógafjalls og Hvítmögu, án aðildar Eystri-Skóga. Það samkomulag fjallar einungis um merki Skógafjalls. Í landamerkjabréfi Ytri-Skóga frá 1886 er síðan gert ráð fyrir því að merki Ytri-Skóga liggja þvert yfir það landsvæði sem lýst er í lögfestu og landamerkjabréfum Eystri-Skóga 1839 og 1885 og taki til þess norðanverðs, auk þess sem í beinu framhaldi er fjallað sérstaklega um merki Skógafjalls.

Deilum þessum lýkur með því að fyrirsvarsmenn Eystri- og Ytri-Skóga gera með sér samning um Skógafjall, „afréttarland Skóga“, og merki Skógajarða, dags. 14. desember 1899 og þingl. 29. maí 1902. Skógafjall er sem fyrr afmarkað með Jökulsá og Fjallgilsá. Merki Eystri-Skóga og Ytri-Skóga eru að norðanverðu miðuð við Dölu „upp að fossi, og svo áfram austan við svo nefndan Hnauka, alt innað Kambsfjöllum (frb. Kamfjöll) og þaðan í norður til jökuls“. Þessi lýsing er í samræmi við lögfestu Eystri-Skóga 1839 og síðara landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 1885. Af hálfu Ytri-Skóga hefur hins vegar verið horfið frá því að draga mörk þvert yfir þau merki sem þessar heimildir um Eystri-Skóga, svo sem gert var í landamerkabréfi þeirrar jarðar 1886.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Eystri-Skóga, Skógafjalls og aðliggjandi landsvæða til vesturs, suðurs og austurs. Norðurmörkum Eystri-Skóga og Skógafjalls, gagnvart Mýrdalsjökli, er hins vegar ekki sérstaklega lýst. Í kröfugerð eigenda Eystri-Skóga vegna Eystri-skógaheiði er gert ráð fyrir að merki hennar og beinn eignarréttur þeirra nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötn-um halli til“.

Í sameiginlegri kröfugerð eigenda Ytri- og Eystri-Skóga vegna Skógafjalls er gert ráð fyrir að merki svæðisins og beinn eignarréttur þeirra, í hlutföllunum 4/5 og 1/5, nái upp að jaðri jökulsins. Jafnframt er þess krafist að land, sem undan jökli komi, falli til jarðeigenda, „svo langt sem vötn-um halli til“.

Öbyggðanefnd telur að elstu heimildir, þ.e. lögfesta Eystri-Skóga frá 1839 og lýsing á merkjum Skógafjalls og Hvítmögu 1885, bendi til þess að Skógafjall hafi verið talið sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki jarðanna. Yngsta heimildin, þ.e. samningur fyrirsvarsmanna Eystri- og Ytri-Skóga um Skógafjall og merki Skógajarða 1899, staðfestir þann skilning. Aðrar heimildir bera með sér ágreining eigenda þessara jarða og tilraunir hvorra um sig til að telja Skógafjall innan eigin

merkja. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Skógafjall sé sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, sbr. kafla 6.24. Með þessu er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Skógafjalls sem fjallað verður um hér síðar.

Að því er varðar norðurmerki Eystri-Skóga, gagnvart Mýrdalsjökli, telur óbyggðanefnd að bæði landamerkjabréf Eystri-Skóga frá 1885, sbr. einnig lögfestu jarðarinnar frá 1839 og sáttargjörð frá 1899, beri með sér að eigendur hafi litið svo á að merki hennar næðu upp að jökli. Í þessum heimildum er merkjum til vesturs og austurs lýst alla leið í jökul. Auk þess er tekið fram í síðara landamerkjabréfinu að allt land austan tilgreindra vesturmerkja, „frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima“ tilheyri Eystri-Skógum. Þá segir í fyrra landamerkjabréfi jarðarinnar, eftir að austurmerkjum hefur verið lýst „norður í jökul“, að „allt það land sem er fyrir vestan nefnda markalínu“ tilheyri Eystri-Skógum, allt út að mörkum við Ytri-Skóga. Jökull hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa frekari umfjöllunar við.

Þá telur óbyggðanefnd ljóst að Skógafjall afmarkist einnig af jökli til norðurs enda eiga bæði Fjallgilsá á vesturmörkum og Jökulsá á austurmörkum upptök sín þar. Þar á milli hefur jökull afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Eftir að landamerkjalog hafa tekið gildi 1882 og að afstöðnum nokkrum deilum er gerður samningur um merki Skógajarða og Skógafjalls. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum annars vegar Eystri-Skóga og hins vegar Skógafjalls sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökli hið efra og, að því er varðar Eystri-Skóga, sjó hið neðra. Umræddur samningur er áritaður af fyrirsvarsmönnum Eystri- og Ytri-Skóga, þinglesinn, færður í landamerkjabók og á honum byggt síðan um merki jarðanna og Skógafjalls, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Eystri-Skóga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum jarðarinnar væri þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Eystri-Skóga. Að því loknu verður tekin afstaða til kröfu eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um beinan eignarrétt að Skógafjalli sem samkvæmt framangreindu er utan merkja beggja jarða.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Eystri-Skógar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1899, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem hér skipti máli. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja undir Austur-Eyjafjöllum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 11. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Eystri-Skóga hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1899, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti

í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Eystri-Skóga, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.26.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Eystri-Skóga sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um beinan eignarrétt að Skógafjalli sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja jarðanna.

Svo sem áður greinir er Skógafjall landfræðilega aðskilið frá Eystri-Skógum með Fjallgili og frá Hvítmögu með Jökulsárgili. Um Skógafjall er fyrst og fremst fjallað í tengslum við deilur eigenda Eystri- og Ytri-Skóga um merki jarða sinna og rétt til fjallsins. Í elstu fyrirbyggjandi heimild um þetta efni, landamerkjalytingu Skógafjalls og Hvítmögu frá 1885, er Skógafjall nefnt „afrjettur“ Ytri-Skóga og sama máli gegnir um landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886. Í landamerkjabréfum Eystri-Skóga frá 1885 er hins vegar enginn greinarmunur gerður á Skógafjalli og öðru landi innan merkja þeirrar jarðar. Þá er allt land vestan tilgreindrar markalínu sagt tilheyra Eystri-Skógum. Áður var hins vegar gerð grein fyrir lögfestu Eystri-Skóga frá 1839 þar sem ekki er gert ráð fyrir að fjallið sé innan merkja jarðarinnar og ekkert um það fjallað.

Í samningi fyrirsvarsmanna Eystri- og Ytri-Skóga um Skógafjall og merki Skógajarða frá 1899, í kjölfar málshöfðunar ábúenda Ytri-Skóga 1894, er fjallið nefnt „afréttarland Skóga“ og kveðið á um að Ytri-Skógar skyldu „eiga 4/5 nefnds afréttarlands, en Eystri-Skógar 1/5“. Þá segir svo: „Tekið skal fram að engar aðrar jarðir en Ytri- og Eystri-Skógar eiga rétt til upprekstrar í téð Skógafjall.“

Áður var komist að þeirri niðurstöðu að heimildir bendi til þess að Skógafjall falli utan landamerkja jarðanna Eystri- og Ytri-Skóga. Þá telur óbyggðanefnd að umfjöllun um fjallið í samningi þessara aðila frá 1899 bendi fremur til afréttareignar jarðanna en beins eignarréttar. Landamerkjalyting Skógafjalls og Hvítmögu frá 1885 og landamerkjabréf Ytri-Skóga 1886 styðja þá ályktun. Þá verður að líta svo á að með samkomulaginu 1899 dragi fyrirsvarsmenn Eystri-Skóga til baka þá lýsingu á austurmörkum sem fram kemur í landamerkjabréfum jarðarinnar 1885 enda í ósamræmi við eldri heimild um sömu jörð. Þegar fjallað er um Skógafjall í heimildum er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engin gögn liggja fyrir um að Skógafjall hafi nokkurn tímann verið nýtt til annars en sumarþeirra fyrir búfé.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Skógafjall sé innan upphaflegs landnáms undir Eyjafjöllum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Eystri- og Ytri-Skóga hefur ekki verið sýnt fram á að Skógafjall sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé Þjóðlenda. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að jarðirnar Eystri- og Ytri-Skógar hafi átt þar upprekstrarrétt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Eystri-Skóga, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Skógafjall, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Fjallgilsár við Mýrdalsjökul og eftir Fjallgili [að Votugjá, síðan í þeirri gjá allt*

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



*til enda og þaðan í Jökulsárgil. Síðan er] Jökulsárgili fylgt að upptökum við Mýrdalsjökul. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Eystri- og Ytri-Skóga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis, sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Eystri- og Ytri-Skóga, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi gagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

## **6.26. Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Núpur, Stóri-Dalur, Syðsta-Mörk og önnur landsvæði**

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess lands sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun þess en ekki hefur þegar verið fjallað um. Það eru í fyrsta lagi Eyjafjallajökull og hluti Mýrdalsjökuls. Í öðru lagi þau landsvæði á Eyjafjallasvæðinu sem fyrri kaflar taka ekki til, þ. á m. landsvæði það norðvestur af Entujökli sem fellur utan merkja Almenninga, sbr. kafla 6.3., og jarðirnar Núp, Stóradalstorfa og Syðsta-Mörk, sbr. umfjöllun í köflum 6.11.-6.13. um jarðirnar Stóru-Mörk, Mið-Mörk og Ysta-Skála.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að Eyjafjallajökull og umræddur hluti Mýrdalsjökuls séu þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi inn á jökulsvæðin, að öðru leyti en því að jökulrönd á hverjum tíma ráði merkjum. Íslenska ríkið gerir einnig þjóðlendukröfu til hluta þeirra landsvæða sem eigendur jarðanna Núps, Stóra-Dals og Syðstu-Merkur telja eignarland sitt og hafa sett fram kröfur um, sbr. kafla 3.1. og 3.13.-3.15. Óumdeilt er hins vegar að önnur landsvæði undir Eyjafjöllum en þau sem þegar hefur verið gerð grein fyrir hér og í fyrri köflum, séu eignarland. Hér ber þess að geta að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Þess ber fyrst að geta að óbyggðanefnd hefur áður hafnað þeirri almennu kröfu jarðeigenda að merki jarðar gagnvart jökli skuli miðuð við jökuljaðarinn eins og hann er á hverjum tíma, sbr. úrskurði nefndarinnar í málum á svæði 2. Grundvallast sú niðurstaða á því að löggjafinn hafi ekki álitid að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Jafnframt hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. úrskurði í málum á svæði 2 og köflum hér að framan, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að Eyjafjallajökull og Mýrdalsjökull sé stærri nú en á landnámsstíma. Ætla má því að jökull hafi gengið yfir land sem numið var í öndverðu. Lega jökuls á landnámsstíma verður hins vegar ekki ákvörðuð með nokkurri vissu og því ekki unnt að afmarka þau eignarréttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til. Staðhættir og sönnunarstaða leiða því til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.<sup>2</sup>

1 Við endurupptöku málsins, 6. september 2005, var bókað um svohljóðandi tilgreiningu úrskurðarlinu á þessu svæði, án þess að í því fælist efnisleg breyting.

2 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að á viðkomandi jökulsvæðum hafi á síðari tímum stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það á Mýrdalsjökli sem til meðferðar er í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Dregin er lína upp eftir Entugjá frá upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá í Entu. Úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, er dregin lína til suðausturs í stefnu á Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum Mýrdalsjökli, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli upptaka Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og Mælifells, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul og þeirri línu fylgt til suðvesturs í upptök Fúlalækjar. Þaðan fylgir línan jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að Eyjafjallajökull teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Allur Eyjafjallajökull, miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Þá er þess að geta að í kafla 6.3. er fjallað um Almenninga, vestur af Entujökli og Merkurjökli. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að norðurmerki Almenninga, gagnvart Emstrum, afrétti Hvolhrepps, miðist ekki við þá kvísl Fremri-Emstruár sem á upptök við Entugjá, sbr. niðurstöðu um merki Emstrusvæðisins í máli nr. 4/2003, heldur aðra upptakavísl Fremri-Emstruár, sem kemur undan jöklinum nokkru sunnar og vestar. Á milli austasta hluta norðurmarka Almenninga og suðurmarka Emstrusvæðisins, upp við Entujökul er þannig landsvæði sem fellur hvorki innan merkja Almenninga né Emstra. Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að á viðkomandi jökulsvæðum hafi stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það norðvestan Entujökuls í Mýrdalsjökli sem til meðferðar er í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Þaðan sem Fremri-Emstruá kemur undan jökli við Entugjá er þeirri á fylgt til þar til kemur að þeirri kvísl árinna sem kemur undan suðvesturhorni sama jökuls. Á milli tveggja framangreindra punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er jaðri jökulsins fylgt, eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana, umfram það sem þegar hefur verið fjallað um. Þá eru engar vísbendingar um að á svæðinu sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjöru í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Að því er varðar jarðirnar Núp, Stóra-Dal og Syðstu-Mörk, sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur til, er í köflum 6.11.-6.13. komist að þeim niðurstöðum að heimildir um merki jarðanna Mið-Merkur og Stóru-Merkur bendi til þess að merki þeirra hafi náð upp að jökli. Þannig hafi norðurmerki Ysta-Skála og suðurmerki Stóru-Merkur og Mið-Merkur miðast við jökul sem nú sé horfinn. Vestan þessara þriggja framangreindra jarða liggja jarðirnar Núpur, Stóri-Dalur og Syðsta-Mörk. Í kröfugerð eigenda Ysta-Skála, Mið-Merkur, Stóru-Merkur, Núps, Stóra-Dals og Syðstu-Merkur er gert ráð fyrir að merki jarðanna nái meira og minna saman, með tilteknum hætti.

Úrlausn þess álitaefnis hvort og þá hvaða áhrif breytt lega jökuls hafi á merki milli jarða á þessu svæði fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland er komið út fyrir verksvið óbyggðanefndar. Óbyggðanefnd hefur þegar komist að þeim niðurstöðum að Ysti-Skáli, Mið-Mörk og Stóra-Mörk, sem liggja að vesturhorni Eyjafjallajökuls, séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlönda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Jarðirnar Núpur, Stóri-Dalur og Syðsta-Mörk, sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til, liggja þannig að eignarlandi en ekki þjóðlendu. Óbyggðanefnd telur að þær þarfnist ekki frekari athugunar í málinu en jarðir utan kröfusvæðis íslenska ríkisins, sbr. framangreint og niðurstöðu Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004, um jarðirnar Austurhlíð, Neðridal og Helludal.

### 6.27. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

### 6.28. Um tæknileg atriði<sup>1</sup>

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Í samræmi við framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá árunum 2000, 2001 og 2003, myndir frá Landsat-7 gervitunglinu frá árunum 1999 og 2000 og þrívíddarljósmyndir sem teknar voru úr flugvél á árunum 1998-2000 og 2002. Engar nothæfar myndir eru til af svæðinu í heild frá árinu 1998. Ástæðan fyrir því að framangreind gögn urðu fyrir valinu er sú að þau komast næst rétttri tímasetningu af þeim gögnum sem völ er á auk þess sem um nákvæmstu gögnin í hverju tilviki fyrir sig er að ræða. Í þeim tilvikum, sem á þurfti að halda, var svo einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>2</sup>

Landsvæði það, sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði það innan jaðars Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Dregin er lína upp eftir Entugjá frá upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá í Entu. Úr Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, er dregin lína til suðausturs í stefnu á Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum Mýrdalsjökli, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli upptaka Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og Mælifells, við norð-*

1 Sjá fylgiskjal nr. IV (Tækniskýrsla – Jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu ákvarðaður með fjar-könnun).

2 Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

*austanverðan Mýrdalsjökul og þeirri línu fylgt til suðvesturs í upptök Fúlalækjar. Þaðan fylgir línan jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Syðri-Emstruár í Entugjá. Á milli framangreindra punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 6.28., sjá einnig hnitaskrár í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.*

Landsvæði það, sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði innan jaðars Eyjafjallajökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Miðað er við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 6.28., sjá einnig hnitaskrár í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.*

Landsvæði það norðvestan Entujökuls í Mýrdalsjökli, sem til meðferðar er í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Þaðan sem Fremri-Emsturá kemur undan jökli við Entugjá er þeirri á fylgt til þar til kemur að þeirri kvísl árinna sem kemur undan suðvesturhorni sama jökuls. Á milli tveggja framangreindra punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er jaðri jökulsins fylgt, eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Landsvæði það, sem nefnt er Almenningar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá upptökum Fremri-Emstruár við suðvesturjaðar Entujökuls í Mýrdalsjökli er þeirri á fylgt allt niður í Markarfljót í fljótsgilinu, þá Markarfljóti niður eftir gilinu þar til Þröngá fellur í það, þaðan Þröngá, sem fellur eftir Þröngárgili, allt að upptökum hennar í Merkurjökli í Mýrdalsjökli. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, annarra en Fitjar, Fitjarmýrar, Mið-Merkur, Brúna, Borgareyrar, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðri-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur og Stóru-Merkur.

Landsvæði það, sem nefnt er Teigstungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Á móts við Þórsmörk ræður Krossá, þaðan sem hún kemur undan Krossárjökli og þangað sem Hrunakvísl fellur í hana. Á móts við Múlatungur ræður Tungnakvísl, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul og þangað sem hún fellur í Hrunakvísl. Frá þeim stað þar sem Tungnakvísl fellur í Hrunakvísl er Hrunakvísl fylgt uns hún fellur í Krossá. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Teigs í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það, sem nefnt er Þórsmörk, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá upptökum Þröngár í Mýrdalsjökli allt niður í Markarfljót, þá Markarfljót þar til Krossá fellur í það, þaðan Krossá allt að upptökum hennar í sama jökli. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólstaðartorfu og Odda á Rangárvöllum, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það, sem nefnt er Múlatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Á móts við Goðaland ræður kvíslin í gilinu milli Múlatungna og hinna svokölluðu Hruna á Goðalandi, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul og niður fyrir tungnarana. Á milli Múlatungna og Teigstungna ræður kvíslin í gilinu á milli tungnanna, frá upptökum hennar við Tungnakvíslajökul niður fyrir fyrrnefndan tungnarana, þar sem kvíslarnar falla saman. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Eyvindarmúla í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það, sem nefnt er Goðaland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Þaðan sem Hrunaá kemur undan Tungnakvíslajökli í Mýrdalsjökli og þangað sem hún sameinast Krossá. Síðan er Krossá fylgt þar til Hvanná sameinast henni. Þaðan liggja merki fyrst í Hvanná og síðan í Innri-Hvanná, að upptökum hennar við Eyjafjallajökul. Á milli framangreindra punkta við jaðra Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., og þeirra á milli ræður lína sem dregin er beint til austurs og vesturs frá Þrívörðuskeri að jökulbrúnum.*

Sama landsvæði er í afréttareign Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það, sem nefnt er Merkurtungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Á móts við Stakkholt ræður Suðurgil, þ.e. Fremra-Hvannárgil. Á móts við Goðaland ræður Norðurgil, þ.e. Innra-Hvannárgil. Gilin mætast að norðanverðu og að sunnanverðu, þ.e. á milli upptaka tveggja framangreindra kvísla Hvannár í Suðurgili og Norðurgili við jökul, miðað er við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóru-Merkur I-III, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem nefnt er Stakkholt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Steinsholtsá ræður þaðan sem hún kemur undan jökli og þangað sem hún rennur í Markarfljót. Markarfljóti er fylgt þangað sem Hvanná rennur í það og Hvanná upp í Suðurgil, þ.e. Fremra-Hvannárgil, og í jökul. Á milli upptaka Steinholtsár og framangreindrar kvíslar Hvannár í jökli ræður jaðar Eyjafjallajökuls, miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Brúna, Borgareyra, Dalsels, Bjarkalands, Steinmóðarbæjar, Hamragarða, Neðra-Dals, Mið-Dals, Stóra-Dals, Eyvindarholts og Syðstu-Merkur sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það, sem nefnt er Steinsholt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá þeim stað þar sem Steinholtsá rennur undan Steinholt sjökli í Eyjafjallajökli og niður í Markarfljót. Þaðan er Markarfljóti fylgt þar til Jökulsá fellur í það og síðan Jökulsá að upptökum hennar í Eyjafjallajökli. Á milli upptaka Steinholtár og Jökulsár í jökli ræður jaðar Eyjafjallajökuls, miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Fitja, Fitjamýrar og Mið-Merkur, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði þau, sem nefnd eru Hólatungur og Borgartungur, svo sem þau eru afmörkuð hér á eftir, er þjóðlendur í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá jaðri Eyjafjallajökuls, þaðan sem áin í gilinu vestan Þorvaldstungna kemur undan Eyjafjallajökli og þangað sem hún rennur saman við ána úr Kaldaklifsárgili, austan Rauðafellstungna. Þaðan er hinni síðarnefndu á fylgt norður að upptökum sínum við jökul. Innan þessa svæðis eru Hólatungur að vestanverðu og Borgartungur að austanverðu og þar skilur á milli á sú sem rennur í frá jökli á milli hinna tveggja. Á milli fyrrnefndra tveggja punkta við jaðar Eyjafjallajökuls, vestan Þorvaldstungna og austan Rauðafellstungna, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Hólatungur eru í afréttareign eigenda jarðarinnar Eyvindarhóla og Borgartungur í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóru-Borgar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það, sem nefnt er Skógafjall, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Fjallgilsár við Mýrdalsjökul og eftir Fjallgili [að Votugjá, síðan í þeirri gjá allt til enda og þaðan í Jökulsárgil. Síðan er] Jökulsárgili fylgt að upptökum við Mýrdalsjökul. Á milli framangreindra tveggja punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Eystri- og Ytri-Skóga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Bragi Björnssonar hdl. og Einar Jónsson lögfr. sameiginlega 1.750.000 kr. og Ólafur Björnsson hrl. 400.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta þjóðlendlínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Karl Axelsson

1 Við endurupptöku málsins, 6. september 2005, var bókað um svohljóðandi tilgreiningu úrskurðarlínu á þessu svæði, án þess að í því fælist efnisleg breyting.

## **VIÐAUKAR**

### **I. Hnit**

### **II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**

*Sjá bls. 79*

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1	481993	344409	51	480681	346045	101	479807	346930	151	479648	347169
2	481983	344411	52	480704	346108	102	479794	346913	152	479663	347168
3	481920	344419	53	480696	346140	103	479787	346904	153	479673	347168
4	481849	344458	54	480594	346187	104	479770	346907	154	479681	347163
5	481802	344490	55	480531	346219	105	479762	346904	155	479688	347166
6	481723	344482	56	480459	346266	106	479752	346897	156	479695	347174
7	481675	344466	57	480428	346298	107	479738	346906	157	479701	347186
8	481652	344387	58	480349	346353	108	479738	346911	158	479695	347212
9	481557	344356	59	480333	346385	109	479730	346922	159	479695	347227
10	481494	344332	60	480294	346424	110	479717	346930	160	479698	347235
11	481462	344348	61	480207	346464	111	479700	346930	161	479701	347242
12	481399	344395	62	480112	346471	112	479693	346935	162	479708	347255
13	481375	344458	63	480017	346527	113	479700	346946	163	479711	347264
14	481336	344561	64	480041	346606	114	479707	346961	164	479718	347280
15	481352	344664	65	480088	346669	115	479715	346969	165	479719	347295
16	481375	344774	66	480120	346756	116	479728	346982	166	479719	347308
17	481344	344869	67	480175	346835	117	479739	346989	167	479719	347325
18	481344	344932	68	480246	346858	118	479753	346996	168	479719	347338
19	481328	345027	69	480309	346921	119	479758	347000	169	479719	347356
20	481336	345129	70	480357	346969	120	479769	347003	170	479713	347373
21	481328	345224	71	480365	347024	121	479774	347007	171	479703	347386
22	481375	345295	72	480325	347048	122	479781	347010	172	479698	347398
23	481328	345406	73	480254	347064	123	479792	347019	173	479690	347408
24	481281	345421	74	480191	347064	124	479782	347032	174	479685	347416
25	481241	345461	75	480120	347064	125	479777	347040	175	479686	347434
26	481186	345445	76	480049	347056	126	479781	347052	176	479698	347447
27	481170	345366	77	479994	347032	127	479789	347070	177	479714	347451
28	481123	345271	78	479951	347004	128	479791	347083	178	479731	347456
29	481131	345193	79	479951	347005	129	479786	347098	179	479751	347454
30	481099	345129	80	479961	347014	130	479771	347090	180	479761	347451
31	481075	345074	81	479964	347014	131	479757	347075	181	479771	347451
32	480996	345043	82	479974	347017	132	479749	347058	182	479787	347459
33	480933	345011	83	479981	347019	133	479739	347058	183	479797	347467
34	480846	345011	84	479984	347024	134	479719	347067	184	479805	347480
35	480799	345050	85	479991	347030	135	479716	347077	185	479812	347497
36	480775	345098	86	479999	347030	136	479719	347088	186	479817	347510
37	480775	345193	87	479994	347032	137	479708	347096	187	479817	347525
38	480791	345248	88	479951	347004	138	479691	347090	188	479817	347538
39	480831	345335	89	479944	347001	139	479680	347088	189	479817	347543
40	480815	345414	90	479933	346994	140	479671	347086	190	479822	347555
41	480712	345453	91	479924	346989	141	479668	347096	191	479829	347570
42	480720	345493	92	479911	346982	142	479665	347108	192	479840	347576
43	480759	345571	93	479903	346980	143	479660	347120	193	479854	347581
44	480673	345650	94	479892	346972	144	479658	347144	194	479862	347590
45	480602	345643	95	479876	346966	145	479642	347143	195	479860	347601
46	480546	345690	96	479858	346966	146	479635	347138	196	479845	347610
47	480562	345753	97	479837	346968	147	479625	347133	197	479830	347613
48	480570	345816	98	479821	346952	148	479622	347141	198	479825	347624
49	480625	345911	99	479814	346949	149	479630	347161	199	479815	347629
50	480602	346006	100	479806	346944	150	479638	347174	200	479809	347626



201	479797	347626	251	479536	347252	301	479267	347001	351	478963	347218
202	479792	347624	252	479537	347242	302	479262	347001	352	478953	347225
203	479786	347621	253	479539	347222	303	479256	347002	353	478948	347245
204	479777	347620	254	479536	347207	304	479252	347003	354	478955	347259
205	479767	347610	255	479531	347199	305	479248	347004	355	478948	347268
206	479767	347603	256	479531	347186	306	479243	347005	356	478946	347279
207	479761	347585	257	479537	347179	307	479239	347006	357	478925	347269
208	479761	347575	258	479544	347166	308	479234	347008	358	478913	347256
209	479754	347565	259	479551	347154	309	479231	347007	359	478910	347246
210	479738	347543	260	479547	347141	310	479227	347007	360	478895	347241
211	479733	347535	261	479542	347128	311	479224	347005	361	478883	347241
212	479721	347528	262	479532	347113	312	479222	347004	362	478867	347238
213	479706	347519	263	479526	347096	313	479220	347004	363	478868	347215
214	479691	347519	264	479519	347075	314	479220	347004	364	478862	347208
215	479686	347520	265	479509	347060	315	479210	346994	365	478852	347211
216	479673	347514	266	479503	347045	316	479196	346989	366	478840	347215
217	479663	347512	267	479494	347032	317	479186	346990	367	478816	347205
218	479655	347510	268	479489	347045	318	479177	346994	368	478794	347206
219	479645	347510	269	479479	347043	319	479167	346997	369	478774	347195
220	479642	347514	270	479463	347037	320	479160	347000	370	478758	347185
221	479642	347532	271	479445	347037	321	479155	347003	371	478726	347188
222	479627	347533	272	479430	347029	322	479155	347004	372	478710	347198
223	479625	347520	273	479421	347019	323	479150	347005	373	478705	347215
224	479625	347504	274	479421	347009	324	479137	347019	374	478696	347241
225	479625	347499	275	479413	347002	325	479123	347025	375	478700	347256
226	479625	347490	276	479416	347001	326	479109	347030	376	478706	347271
227	479630	347482	277	479415	346997	327	479097	347037	377	478710	347293
228	479642	347474	278	479411	346990	328	479075	347045	378	478710	347312
229	479640	347461	279	479408	346987	329	479067	347048	379	478715	347327
230	479640	347449	280	479404	346987	330	479059	347060	380	478719	347352
231	479642	347446	281	479397	346982	331	479042	347062	381	478723	347370
232	479638	347437	282	479390	346982	332	479037	347065	382	478723	347387
233	479637	347424	283	479377	346983	333	479027	347070	383	478728	347412
234	479635	347413	284	479367	346990	334	479024	347085	384	478731	347425
235	479632	347386	285	479357	346992	335	479036	347093	385	478733	347448
236	479627	347375	286	479353	346987	336	479037	347105	386	478741	347463
237	479610	347356	287	479342	346979	337	479029	347116	387	478748	347475
238	479602	347350	288	479341	346978	338	479011	347116	388	478769	347490
239	479594	347346	289	479337	346975	339	479001	347110	389	478779	347495
240	479579	347343	290	479333	346970	340	478993	347110	390	478792	347503
241	479567	347330	291	479328	346967	341	478979	347113	391	478807	347514
242	479557	347327	292	479317	346966	342	478981	347130	392	478811	347517
243	479552	347323	293	479306	346967	343	478998	347138	393	476673	347434
244	479546	347320	294	479299	346969	344	479008	347146	394	476676	347402
245	479532	347308	295	479294	346971	345	479011	347154	395	476676	347391
246	479521	347303	296	479293	346972	346	479013	347165	396	476680	347378
247	479519	347293	297	479288	346980	347	479003	347180	397	476683	347360
248	479522	347285	298	479281	346989	348	478994	347190	398	476688	347342
249	479526	347274	299	479274	346999	349	478986	347198	399	476686	347331
250	479532	347260	300	479271	347000	350	478974	347206	400	476684	347314

401	476676	347297	451	476615	346973	501	476362	346682	551	476292	346374
402	476668	347282	452	476607	346978	502	476360	346670	552	476282	346357
403	476663	347274	453	476599	346978	503	476374	346648	553	476272	346335
404	476658	347263	454	476590	346978	504	476364	346631	554	476294	346323
405	476649	347254	455	476584	346978	505	476396	346614	555	476343	346316
406	476639	347248	456	476577	346978	506	476423	346604	556	476360	346309
407	476631	347242	457	476568	346975	507	476449	346604	557	476372	346304
408	476623	347229	458	476561	346971	508	476469	346592	558	476389	346287
409	476611	347222	459	476554	346964	509	476476	346570	559	476403	346285
410	476608	347220	460	476547	346961	510	476466	346546	560	476423	346272
411	476594	347217	461	476540	346962	511	476461	346522	561	476452	346243
412	476599	347206	462	476532	346969	512	476456	346507	562	476464	346234
413	476605	347198	463	476527	346974	513	476464	346490	563	476473	346209
414	476616	347191	464	476520	346973	514	476464	346491	564	476485	346200
415	476621	347185	465	476515	346972	515	476426	346451	565	476495	346096
416	476621	347175	466	476508	346971	516	476435	346454	566	476495	346067
417	476633	347180	467	476501	346968	517	476444	346455	567	476505	346025
418	476646	347186	468	476495	346966	518	476449	346457	568	476517	345994
419	476660	347186	469	476490	346964	519	476457	346466	569	476507	345970
420	476663	347175	470	476486	346962	520	476458	346473	570	476488	345955
421	476665	347162	471	476472	346948	521	476461	346479	571	476473	345948
422	476654	347148	472	476469	346943	522	476466	346486	572	476454	345926
423	476644	347141	473	476465	346939	523	476464	346491	573	476435	345914
424	476636	347126	474	476458	346937	524	476426	346451	574	476420	345914
425	476636	347115	475	476451	346932	525	476408	346459	575	476391	345941
426	476634	347107	476	476447	346925	526	476393	346466	576	476367	345941
427	476628	347097	477	476447	346918	527	476350	346466	577	476343	345938
428	476624	347091	478	476445	346913	528	476321	346473	578	476306	345936
429	476623	347080	479	476440	346909	529	476284	346481	579	476301	345936
430	476624	347071	480	476429	346906	530	476253	346481	580	476280	345921
431	476631	347063	481	476424	346906	531	476234	346483	581	476265	345916
432	476634	347055	482	476411	346910	532	476209	346483	582	476253	345897
433	476637	347050	483	476399	346909	533	476188	346478	583	476277	345861
434	476641	347042	484	476390	346911	534	476146	346478	584	476260	345851
435	476644	347036	485	476377	346907	535	476117	346471	585	476246	345839
436	476652	347031	486	476370	346907	536	476100	346466	586	476263	345812
437	476658	347026	487	476351	346910	537	476076	346459	587	476301	345810
438	476663	347023	488	476346	346907	538	476062	346447	588	476328	345800
439	476670	347016	489	476333	346907	539	476049	346437	589	476340	345798
440	476667	347008	490	476328	346907	540	476052	346423	590	476374	345788
441	476667	346998	491	476318	346905	541	476064	346418	591	476362	345773
442	476667	347003	492	476338	346885	542	476096	346403	592	476345	345761
443	476668	346998	493	476369	346859	543	476120	346401	593	476338	345735
444	476666	346993	494	476379	346844	544	476139	346401	594	476335	345689
445	476666	346989	495	476391	346832	545	476156	346398	595	476338	345652
446	476658	346988	496	476396	346827	546	476168	346398	596	476362	345616
447	476645	346986	497	476413	346784	547	476192	346401	597	476364	345597
448	476640	346988	498	476389	346745	548	476217	346398	598	476330	345582
449	476629	346973	499	476374	346725	549	476241	346396	599	476306	345580
450	476623	346973	500	476369	346713	550	476263	346396	600	476265	345585

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
601	476246	345575	651	475427	345633	701	475255	345201	751	474752	344543
602	476224	345548	652	475406	345637	702	475231	345199	752	474737	344534
603	476205	345536	653	475397	345624	703	475212	345212	753	474707	344543
604	476185	345536	654	475397	345607	704	475184	345203	754	474683	344536
605	476156	345555	655	475395	345596	705	475162	345195	755	474661	344526
606	476127	345558	656	475376	345579	706	475151	345169	756	474637	344528
607	476103	345565	657	475363	345570	707	475153	345152	757	474609	344534
608	476083	345575	658	475356	345557	708	475173	345156	758	474573	344528
609	476054	345585	659	475345	345534	709	475194	345160	759	474558	344536
610	476030	345594	660	475348	345527	710	475207	345143	760	474540	344556
611	476020	345597	661	475376	345536	711	475227	345126	761	474534	344573
612	476001	345589	662	475395	345536	712	475212	345106	762	474525	344588
613	476004	345594	663	475436	345540	713	475218	345091	763	474504	344612
614	475997	345598	664	475455	345527	714	475222	345078	764	474482	344623
615	475982	345598	665	475468	345521	715	475242	345087	765	474460	344631
616	475967	345598	666	475488	345510	716	475263	345108	766	474445	344659
617	475939	345600	667	475494	345497	717	475276	345124	767	474417	344690
618	475922	345600	668	475496	345477	718	475309	345143	768	474385	344696
619	475900	345603	669	475490	345458	719	475315	345121	769	474361	344705
620	475885	345603	670	475479	345441	720	475326	345119	770	474327	344718
621	475868	345618	671	475473	345419	721	475356	345115	771	474301	344729
622	475850	345618	672	475468	345408	722	475371	345100	772	474288	344741
623	475825	345624	673	475481	345389	723	475397	345072	773	474260	344767
624	475812	345626	674	475481	345374	724	475380	345054	774	474234	344806
625	475786	345631	675	475479	345348	725	475352	345046	775	474225	344823
626	475764	345637	676	475468	345326	726	475313	345057	776	474214	344834
627	475753	345646	677	475475	345320	727	475298	345057	777	474184	344841
628	475730	345654	678	475479	345307	728	475270	345044	778	474160	344849
629	475686	345674	679	475481	345290	729	475266	345041	779	474128	344862
630	475665	345672	680	475518	345281	730	475244	345031	780	474109	344865
631	475650	345672	681	475533	345285	731	475231	345016	781	474083	344867
632	475635	345661	682	475566	345253	732	475205	344992	782	474042	344858
633	475632	345644	683	475579	345214	733	475199	344966	783	474033	344828
634	475635	345622	684	475570	345188	734	475160	344925	784	474037	344802
635	475617	345607	685	475537	345173	735	475121	344901	785	474029	344763
636	475602	345607	686	475509	345167	736	475117	344880	786	474009	344724
637	475594	345588	687	475484	345156	737	475093	344852	787	474012	344703
638	475570	345575	688	475473	345171	738	475054	344826	788	473988	344681
639	475557	345559	689	475460	345203	739	475026	344800	789	473971	344647
640	475546	345536	690	475445	345214	740	475007	344780	790	473973	344616
641	475527	345527	691	475423	345236	741	474985	344754	791	473962	344575
642	475514	345529	692	475380	345255	742	474959	344729	792	473949	344549
643	475503	345538	693	475369	345240	743	474927	344679	793	473927	344515
644	475503	345559	694	475367	345221	744	474914	344655	794	473876	344521
645	475496	345566	695	475352	345212	745	474881	344621	795	473826	344543
646	475486	345590	696	475335	345199	746	474851	344593	796	473798	344556
647	475481	345598	697	475324	345193	747	474845	344534	797	473768	344573
648	475473	345620	698	475307	345195	748	474834	344517	798	473755	344586
649	475466	345624	699	475294	345208	749	474802	344517	799	473740	344618
650	475449	345631	700	475268	345208	750	474795	344534	800	473714	344668

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
801	473701	344672	851	473010	342367	901	472784	343378	951	472333	344002
802	473671	344679	852	473004	342386	902	472770	343392	952	472333	344003
803	473619	344677	853	472994	342415	903	472749	343421	953	472331	344007
804	473586	344675	854	472989	342439	904	472739	343450	954	472329	344012
805	473545	344672	855	472983	342464	905	472751	343464	955	472328	344016
806	473509	344675	856	472973	342484	906	472753	343487	956	472329	344021
807	473476	344670	857	472961	342505	907	472755	343515	957	472328	344027
808	473444	344657	858	472955	342525	908	472745	343538	958	472323	344029
809	473437	344627	859	472957	342556	909	472743	343561	959	472319	344035
810	473463	344618	860	472952	342566	910	472737	343587	960	472316	344039
811	473472	344597	861	472942	342591	911	472733	343608	961	472312	344042
812	473500	344558	862	472940	342614	912	472731	343635	962	472307	344046
813	473528	344519	863	472940	342632	913	472731	343653	963	472302	344047
814	473552	344472	864	472942	342663	914	472727	343676	964	472294	344043
815	473565	344437	865	472924	342698	915	472727	343700	965	472290	344039
816	473586	344416	866	472909	342724	916	472725	343729	966	472287	344037
817	473589	344396	867	472907	342743	917	472723	343751	967	472282	344038
818	473604	344329	868	472916	342761	918	472723	343774	968	472278	344040
819	473632	344284	869	472924	342786	919	472727	343793	969	472272	344042
820	473651	344234	870	472952	342802	920	472729	343811	970	472263	344043
821	473645	344206	871	472963	342829	921	472723	343823	971	472255	344044
822	473653	344144	872	472969	342858	922	472710	343831	972	472249	344045
823	473651	344109	873	472973	342876	923	472700	343836	973	472244	344047
824	473662	344072	874	472975	342895	924	472692	343834	974	472242	344050
825	473655	344064	875	472959	342903	925	472682	343831	975	472241	344052
826	473662	344071	876	472936	342895	926	472665	343823	976	472236	344053
827	473063	341908	877	472920	342882	927	472661	343817	977	472233	344054
828	473057	341920	878	472914	342903	928	472645	343817	978	472225	344056
829	473051	341943	879	472918	342915	929	472630	343827	979	472221	344056
830	473065	341957	880	472905	342940	930	472622	343840	980	472217	344052
831	473063	341973	881	472909	342971	931	472595	343858	981	472219	344047
832	473059	341998	882	472914	342989	932	472583	343864	982	472223	344045
833	473067	342008	883	472909	342999	933	472565	343864	983	472226	344040
834	473080	342033	884	472899	343028	934	472556	343866	984	472226	344036
835	473082	342055	885	472893	343049	935	472542	343866	985	472232	344033
836	473088	342074	886	472893	343071	936	472517	343868	986	472235	344030
837	473092	342101	887	472889	343104	937	472501	343875	987	472242	344025
838	473090	342131	888	472895	343133	938	472478	343883	988	472247	344021
839	473080	342140	889	472875	343141	939	472458	343897	989	472247	344016
840	473074	342158	890	472858	343149	940	472448	343901	990	472243	344015
841	473069	342177	891	472850	343158	941	472433	343907	991	472232	344016
842	473055	342189	892	472844	343175	942	472413	343918	992	472221	344015
843	473047	342203	893	472838	343191	943	472403	343922	993	472211	344014
844	473041	342224	894	472831	343222	944	472388	343932	994	472205	344011
845	473047	342248	895	472829	343243	945	472380	343941	995	472201	344007
846	473041	342267	896	472827	343261	946	472376	343956	996	472200	344005
847	473041	342287	897	472827	343284	947	472370	343970	997	472199	344003
848	473035	342302	898	472813	343314	948	472362	343980	998	472197	344002
849	473028	342320	899	472803	343339	949	472347	343993	999	472190	344003
850	473020	342349	900	472794	343357	950	472337	344001	1000	472184	344008

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1001	472179	344011	1051	472174	343995	1101	471908	344082	1151	472064	343907
1002	472174	344009	1052	472176	343999	1102	471911	344078	1152	472068	343905
1003	472169	344007	1053	472176	343999	1103	471915	344073	1153	472070	343900
1004	472169	344006	1054	472020	344002	1104	471921	344074	1154	472073	343899
1005	472172	344006	1055	472022	344003	1105	471930	344071	1155	472077	343894
1006	472175	344003	1056	472015	344014	1106	471938	344066	1156	472082	343890
1007	472176	343999	1057	472013	344025	1107	471943	344064	1157	472086	343887
1008	472020	344002	1058	472006	344029	1108	471948	344060	1158	472086	343885
1009	472021	343998	1059	472001	344030	1109	471955	344050	1159	472081	343878
1010	472023	343997	1060	471997	344030	1110	471957	344045	1160	472075	343875
1011	472026	343996	1061	471994	344032	1111	471963	344037	1161	472070	343872
1012	472031	343994	1062	471993	344037	1112	471968	344035	1162	472066	343866
1013	472033	343991	1063	471990	344043	1113	471971	344026	1163	472068	343860
1014	472034	343987	1064	471986	344046	1114	471976	344019	1164	472073	343853
1015	472034	343983	1065	471980	344046	1115	471977	344015	1165	472080	343849
1016	472039	343979	1066	471980	344049	1116	471980	344010	1166	472087	343848
1017	472045	343975	1067	471979	344054	1117	471983	344003	1167	472091	343847
1018	472051	343971	1068	471977	344054	1118	471983	344002	1168	472099	343845
1019	472058	343967	1069	471972	344056	1119	471981	344000	1169	472101	343844
1020	472064	343963	1070	471968	344058	1120	471981	343994	1170	472104	343839
1021	472070	343961	1071	471961	344060	1121	471992	343981	1171	472103	343832
1022	472076	343963	1072	471957	344062	1122	472002	343973	1172	472097	343829
1023	472078	343966	1073	471955	344064	1123	472003	343970	1173	472087	343830
1024	472084	343968	1074	471955	344070	1124	472003	343964	1174	472082	343832
1025	472089	343968	1075	471954	344073	1125	472003	343960	1175	472074	343834
1026	472093	343968	1076	471951	344073	1126	472002	343957	1176	472068	343835
1027	472100	343969	1077	471948	344073	1127	472004	343954	1177	472060	343834
1028	472108	343971	1078	471948	344078	1128	472004	343949	1178	472059	343829
1029	472115	343972	1079	471946	344083	1129	472004	343945	1179	472060	343821
1030	472121	343972	1080	471941	344088	1130	472004	343940	1180	472064	343817
1031	472125	343971	1081	471937	344089	1131	472004	343933	1181	472061	343806
1032	472130	343968	1082	471933	344093	1132	472005	343929	1182	472056	343804
1033	472133	343968	1083	471930	344094	1133	472010	343927	1183	472052	343806
1034	472137	343969	1084	471928	344096	1134	472013	343927	1184	472046	343811
1035	472140	343968	1085	471923	344103	1135	472015	343927	1185	472044	343816
1036	472144	343968	1086	471920	344104	1136	472018	343932	1186	472042	343821
1037	472148	343963	1087	471914	344109	1137	472021	343934	1187	472039	343823
1038	472153	343961	1088	471907	344112	1138	472025	343937	1188	472032	343826
1039	472163	343959	1089	471900	344112	1139	472031	343939	1189	472028	343828
1040	472167	343958	1090	471893	344110	1140	472035	343941	1190	472025	343830
1041	472170	343958	1091	471889	344110	1141	472038	343945	1191	472024	343833
1042	472171	343958	1092	471885	344111	1142	472041	343947	1192	472022	343837
1043	472171	343966	1093	471882	344109	1143	472048	343943	1193	472023	343843
1044	472170	343970	1094	471884	344107	1144	472050	343938	1194	472021	343848
1045	472167	343973	1095	471887	344107	1145	472053	343928	1195	472020	343851
1046	472165	343975	1096	471890	344107	1146	472050	343921	1196	472016	343855
1047	472166	343981	1097	471893	344099	1147	472051	343917	1197	472012	343857
1048	472165	343983	1098	471896	344097	1148	472052	343915	1198	472010	343857
1049	472167	343989	1099	471900	344091	1149	472054	343913	1199	472006	343856
1050	472171	343992	1100	471905	344089	1150	472058	343910	1200	472003	343855

1201	472001	343854	1251	471888	343428	1301	471198	343474	1351	470973	343437
1202	472002	343851	1252	471851	343418	1302	471188	343495	1352	470968	343445
1203	471994	343847	1253	471814	343432	1303	471171	343515	1353	470960	343453
1204	471992	343845	1254	471784	343443	1304	471159	343530	1354	470954	343459
1205	471977	343853	1255	471756	343447	1305	471149	343530	1355	470956	343474
1206	471967	343855	1256	471741	343441	1306	471134	343521	1356	470958	343486
1207	471956	343863	1257	471722	343428	1307	471138	343492	1357	470968	343488
1208	471948	343863	1258	471677	343441	1308	471155	343470	1358	470977	343492
1209	471938	343872	1259	471662	343449	1309	471153	343459	1359	470977	343503
1210	471936	343886	1260	471646	343447	1310	471159	343435	1360	470964	343521
1211	471940	343892	1261	471640	343434	1311	471182	343422	1361	470964	343530
1212	471942	343898	1262	471642	343416	1312	471198	343416	1362	470964	343555
1213	471944	343909	1263	471648	343397	1313	471217	343401	1363	470948	343561
1214	471938	343925	1264	471650	343379	1314	471248	343401	1364	470935	343569
1215	471934	343931	1265	471637	343366	1315	471267	343401	1365	470913	343559
1216	471927	343931	1266	471627	343368	1316	471287	343383	1366	470913	343540
1217	471927	343909	1267	471613	343379	1317	471283	343372	1367	470917	343521
1218	471927	343900	1268	471606	343391	1318	471289	343335	1368	470923	343499
1219	471938	343896	1269	471594	343412	1319	471283	343318	1369	470919	343486
1220	471929	343886	1270	471575	343434	1320	471283	343294	1370	470908	343472
1221	471931	343878	1271	471555	343434	1321	471267	343275	1371	470892	343486
1222	471925	343871	1272	471536	343424	1322	471269	343256	1372	470875	343499
1223	471923	343851	1273	471524	343414	1323	471269	343231	1373	470861	343515
1224	471923	343834	1274	471511	343397	1324	471261	343211	1374	470848	343530
1225	471927	343818	1275	471511	343379	1325	471256	343196	1375	470846	343540
1226	471919	343805	1276	471509	343358	1326	471236	343180	1376	470840	343559
1227	471911	343795	1277	471497	343354	1327	471221	343161	1377	470840	343582
1228	471898	343789	1278	471492	343360	1328	471213	343149	1378	470840	343604
1229	471878	343782	1279	471482	343374	1329	471184	343157	1379	470834	343619
1230	471869	343762	1280	471464	343366	1330	471173	343176	1380	470828	343656
1231	471865	343739	1281	471455	343352	1331	471173	343188	1381	470821	343671
1232	471871	343702	1282	471441	343348	1332	471151	343211	1382	470805	343675
1233	471900	343693	1283	471441	343364	1333	471124	343217	1383	470795	343681
1234	471929	343706	1284	471426	343379	1334	471105	343219	1384	470792	343698
1235	471958	343714	1285	471416	343399	1335	471097	343211	1385	470782	343700
1236	471973	343695	1286	471408	343424	1336	471070	343215	1386	470766	343695
1237	471975	343675	1287	471416	343434	1337	471060	343229	1387	470751	343683
1238	471967	343656	1288	471399	343449	1338	471051	343242	1388	470734	343669
1239	471973	343633	1289	471376	343453	1339	471045	343271	1389	470726	343656
1240	471963	343621	1290	471362	343453	1340	471041	343277	1390	470718	343644
1241	471934	343615	1291	471335	343464	1341	471031	343287	1391	470710	343625
1242	471911	343606	1292	471316	343463	1342	471014	343298	1392	470714	343608
1243	471892	343598	1293	471304	343463	1343	471016	343316	1393	470730	343610
1244	471871	343575	1294	471289	343459	1344	471018	343335	1394	470743	343621
1245	471838	343540	1295	471265	343461	1345	471024	343348	1395	470753	343619
1246	471849	343515	1296	471260	343459	1346	471018	343372	1396	470761	343606
1247	471867	343513	1297	471246	343453	1347	471008	343377	1397	470763	343579
1248	471884	343511	1298	471234	343453	1348	471002	343391	1398	470761	343567
1249	471898	343476	1299	471221	343457	1349	470989	343406	1399	470753	343550
1250	471900	343453	1300	471205	343463	1350	470987	343424	1400	470743	343536

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1401	470730	343511	1451	470295	343755	1501	470057	343378	1551	469834	342370
1402	470714	343497	1452	470298	343751	1502	470047	343361	1552	469823	342358
1403	470706	343492	1453	470289	343735	1503	470039	343349	1553	469813	342360
1404	470699	343488	1454	470275	343727	1504	470024	343336	1554	469817	342382
1405	470676	343488	1455	470266	343731	1505	470026	343326	1555	469817	342393
1406	470658	343497	1456	470258	343718	1506	470026	343307	1556	469803	342407
1407	470648	343494	1457	470257	343716	1507	470018	343286	1557	469796	342420
1408	470633	343478	1458	470256	343717	1508	470010	343259	1558	469784	342436
1409	470629	343464	1459	470252	343719	1509	470007	343243	1559	469771	342434
1410	470614	343445	1460	470244	343725	1510	470003	343220	1560	469751	342440
1411	470590	343437	1461	470233	343727	1511	470003	343202	1561	469747	342447
1412	470583	343414	1462	470213	343707	1512	470001	343181	1562	469738	342461
1413	470565	343412	1463	470196	343707	1513	470007	343160	1563	469732	342478
1414	470536	343420	1464	470184	343707	1514	470020	343154	1564	469730	342496
1415	470511	343424	1465	470171	343694	1515	470024	343133	1565	469730	342511
1416	470482	343432	1466	470163	343684	1516	470020	343108	1566	469720	342523
1417	470463	343447	1467	470148	343676	1517	470018	343092	1567	469711	342538
1418	470453	343468	1468	470134	343678	1518	470024	343081	1568	469715	342556
1419	470459	343490	1469	470123	343680	1519	470024	343061	1569	469716	342575
1420	470467	343501	1470	470115	343692	1520	470014	343032	1570	469709	342596
1421	470476	343526	1471	470103	343692	1521	470014	343011	1571	469699	342610
1422	470467	343555	1472	470092	343686	1522	470016	342986	1572	469689	342631
1423	470459	343569	1473	470076	343701	1523	470007	342959	1573	469680	342639
1424	470445	343569	1474	470059	343707	1524	470016	342938	1574	469674	342645
1425	470428	343579	1475	470055	343723	1525	470016	342918	1575	469662	342662
1426	470411	343586	1476	470047	343746	1526	470041	342901	1576	469643	342677
1427	470411	343602	1477	470051	343759	1527	470032	342854	1577	469624	342670
1428	470420	343629	1478	470051	343775	1528	470022	342837	1578	469610	342666
1429	470420	343639	1479	470032	343763	1529	470007	342806	1579	469599	342664
1430	470420	343666	1480	470024	343746	1530	470001	342779	1580	469583	342662
1431	470424	343685	1481	470032	343727	1531	469995	342765	1581	469568	342676
1432	470416	343704	1482	470028	343707	1532	470001	342736	1582	469548	342689
1433	470418	343727	1483	470028	343688	1533	469985	342721	1583	469537	342703
1434	470424	343739	1484	470028	343672	1534	469981	342704	1584	469513	342728
1435	470430	343747	1485	470047	343653	1535	469974	342678	1585	469494	342759
1436	470422	343762	1486	470049	343636	1536	469962	342665	1586	469482	342782
1437	470409	343770	1487	470049	343614	1537	469966	342642	1587	469473	342801
1438	470409	343780	1488	470047	343597	1538	469964	342630	1588	469467	342823
1439	470413	343791	1489	470043	343583	1539	469949	342597	1589	469481	342846
1440	470418	343803	1490	470055	343574	1540	469927	342572	1590	469477	342863
1441	470401	343799	1491	470061	343560	1541	469908	342541	1591	469467	342879
1442	470384	343785	1492	470072	343541	1542	469898	342510	1592	469473	342910
1443	470374	343778	1493	470076	343529	1543	469887	342470	1593	469479	342917
1444	470364	343774	1494	470088	343510	1544	469889	342463	1594	469498	342944
1445	470357	343764	1495	470080	343481	1545	469875	342455	1595	469504	342973
1446	470341	343760	1496	470068	343464	1546	469861	342445	1596	469504	342983
1447	470326	343764	1497	470051	343456	1547	469848	342428	1597	469481	342966
1448	470310	343770	1498	470055	343440	1548	469865	342416	1598	469452	342954
1449	470302	343770	1499	470051	343423	1549	469860	342405	1599	469424	342964
1450	470298	343766	1500	470053	343400	1550	469842	342393	1600	469403	342985

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1601	469390	343008	1651	469347	343846	1701	468926	342978	1751	468007	343340
1602	469376	343027	1652	469339	343817	1702	468904	342957	1752	467999	343340
1603	469365	343051	1653	469324	343802	1703	468873	342936	1753	467980	343346
1604	469357	343066	1654	469318	343781	1704	468842	342916	1754	467951	343361
1605	469343	343076	1655	469318	343759	1705	468794	342914	1755	467945	343375
1606	469337	343091	1656	469316	343740	1706	468777	342918	1756	467928	343400
1607	469330	343120	1657	469307	343723	1707	468744	342934	1757	467912	343419
1608	469328	343142	1658	469295	343698	1708	468709	342949	1758	467897	343452
1609	469328	343157	1659	469285	343678	1709	468674	342965	1759	467891	343473
1610	469324	343196	1660	469278	343659	1710	468647	342972	1760	467893	343512
1611	469326	343227	1661	469270	343651	1711	468626	342980	1761	467893	343552
1612	469308	343267	1662	469247	343645	1712	468583	342992	1762	467893	343587
1613	469307	343289	1663	469237	343636	1713	468552	343009	1763	467883	343620
1614	469312	343300	1664	469221	343645	1714	468529	343023	1764	467874	343663
1615	469334	343321	1665	469202	343632	1715	468514	343040	1765	467870	343692
1616	469328	343348	1666	469189	343634	1716	468491	343052	1766	467870	343728
1617	469326	343383	1667	469163	343641	1717	468465	343065	1767	467870	343773
1618	469316	343414	1668	469146	343647	1718	468442	343067	1768	467866	343806
1619	469316	343441	1669	469131	343632	1719	468396	343073	1769	467858	343844
1620	469332	343459	1670	469123	343616	1720	468376	343067	1770	467856	343877
1621	469336	343482	1671	469102	343597	1721	468349	343071	1771	467856	343914
1622	469353	343515	1672	469090	343572	1722	468334	343081	1772	467860	343945
1623	469353	343538	1673	469086	343554	1723	468322	343112	1773	467864	343974
1624	469353	343563	1674	469088	343539	1724	468316	343131	1774	467870	344000
1625	469366	343592	1675	469090	343527	1725	468303	343162	1775	467877	344012
1626	469378	343623	1676	469098	343506	1726	468278	343185	1776	467884	344017
1627	469368	343629	1677	469111	343489	1727	468260	343191	1777	467897	344025
1628	469368	343656	1678	469115	343465	1728	468239	343191	1778	467914	344039
1629	469368	343671	1679	469115	343448	1729	468226	343201	1779	467922	344057
1630	469363	343683	1680	469109	343435	1730	468222	343202	1780	467920	344072
1631	469363	343698	1681	469094	343407	1731	468212	343224	1781	467921	344089
1632	469353	343712	1682	469092	343394	1732	468200	343216	1782	467919	344104
1633	469363	343737	1683	469090	343378	1733	468183	343206	1783	467917	344119
1634	469357	343737	1684	469076	343373	1734	468166	343220	1784	467914	344136
1635	469357	343736	1685	469065	343377	1735	468164	343235	1785	467909	344150
1636	469355	343748	1686	469059	343359	1736	468166	343255	1786	467909	344168
1637	469357	343759	1687	469059	343344	1737	468144	343245	1787	467904	344183
1638	469366	343771	1688	469045	343332	1738	468131	343235	1788	467898	344193
1639	469366	343779	1689	469028	343320	1739	468113	343226	1789	467896	344222
1640	469370	343796	1690	469011	343299	1740	468112	343239	1790	467896	344232
1641	469370	343812	1691	468991	343280	1741	468104	343266	1791	467899	344242
1642	469372	343821	1692	468997	343243	1742	468102	343286	1792	467899	344243
1643	469372	343835	1693	468997	343214	1743	468108	343311	1793	467900	344243
1644	469370	343841	1694	469001	343168	1744	468094	343307	1794	467900	344243
1645	469370	343854	1695	469005	343141	1745	468073	343303	1795	467900	344243
1646	469370	343870	1696	468993	343127	1746	468063	343309	1796	467900	344243
1647	469376	343883	1697	468987	343112	1747	468057	343324	1797	467902	344254
1648	469376	343899	1698	468980	343079	1748	468044	343330	1798	467896	344268
1649	469359	343883	1699	468960	343044	1749	468026	343336	1799	467885	344290
1650	469357	343864	1700	468947	343015	1750	468015	343340	1800	467875	344307



nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1801	467860	344316	1851	467332	343823	1901	466665	343305	1951	466687	344155
1802	467840	344321	1852	467332	343804	1902	466650	343320	1952	466694	344175
1803	467819	344329	1853	467332	343790	1903	466642	343346	1953	466698	344195
1804	467791	344334	1854	467326	343769	1904	466638	343378	1954	466703	344208
1805	467773	344327	1855	467317	343756	1905	466638	343417	1955	466709	344221
1806	467756	344310	1856	467303	343732	1906	466644	343446	1956	466717	344243
1807	467747	344292	1857	467288	343711	1907	466655	343477	1957	466726	344262
1808	467737	344278	1858	467268	343696	1908	466667	343506	1958	466731	344277
1809	467729	344262	1859	467255	343688	1909	466659	343527	1959	466737	344284
1810	467725	344246	1860	467241	343680	1910	466642	343539	1960	466744	344304
1811	467722	344231	1861	467232	343665	1911	466640	343549	1961	466743	344323
1812	467714	344225	1862	467222	343643	1912	466632	343566	1962	466737	344347
1813	467692	344217	1863	467205	343614	1913	466625	343589	1963	466727	344359
1814	467677	344213	1864	467195	343583	1914	466625	343612	1964	466715	344366
1815	467668	344202	1865	467172	343543	1915	466613	343632	1965	466708	344383
1816	467656	344194	1866	467152	343525	1916	466592	343624	1966	466694	344391
1817	467649	344177	1867	467131	343502	1917	466570	343622	1967	466685	344393
1818	467649	344163	1868	467121	343481	1918	466563	343622	1968	466677	344396
1819	467644	344147	1869	467108	343465	1919	466565	343639	1969	466668	344400
1820	467639	344135	1870	467108	343444	1920	466576	343665	1970	466658	344400
1821	467628	344117	1871	467110	343427	1921	466586	343682	1971	466646	344399
1822	467614	344102	1872	467079	343398	1922	466596	343709	1972	466638	344397
1823	467601	344090	1873	467062	343380	1923	466605	343732	1973	466620	344391
1824	467585	344081	1874	467044	343351	1924	466615	343752	1974	466611	344389
1825	467555	344074	1875	467029	343336	1925	466625	343773	1975	466590	344380
1826	467532	344077	1876	467017	343317	1926	466638	343788	1976	466572	344379
1827	467515	344080	1877	467009	343303	1927	466638	343806	1977	466560	344379
1828	467510	344090	1878	466994	343295	1928	466636	343831	1978	466544	344380
1829	467495	344086	1879	466982	343280	1929	466632	343854	1979	466532	344384
1830	467494	344077	1880	466961	343262	1930	466642	343881	1980	466527	344384
1831	467488	344065	1881	466938	343262	1931	466650	343901	1981	466517	344384
1832	467485	344055	1882	466924	343259	1932	466655	343914	1982	466502	344385
1833	467478	344052	1883	466899	343264	1933	466659	343928	1983	466488	344383
1834	467466	344047	1884	466872	343270	1934	466652	343939	1984	466469	344372
1835	467463	344043	1885	466860	343286	1935	466655	343955	1985	466447	344361
1836	467463	344036	1886	466859	343293	1936	466657	343974	1986	466431	344348
1837	467457	344027	1887	466851	343307	1937	466657	343993	1987	466416	344341
1838	467447	344022	1888	466837	343322	1938	466665	344005	1988	466393	344334
1839	467437	344007	1889	466824	343317	1939	466669	344002	1989	466380	344329
1840	467431	344005	1890	466814	343299	1940	466669	344010	1990	466359	344320
1841	467427	343997	1891	466804	343313	1941	466672	344017	1991	466334	344316
1842	467417	343980	1892	466802	343334	1942	466672	344025	1992	466312	344308
1843	467408	343968	1893	466799	343355	1943	466678	344035	1993	466302	344307
1844	467404	343953	1894	466791	343359	1944	466678	344050	1994	466282	344307
1845	467396	343935	1895	466775	343355	1945	466678	344066	1995	466265	344302
1846	467388	343916	1896	466762	343340	1946	466676	344078	1996	466257	344307
1847	467375	343902	1897	466748	343313	1947	466671	344089	1997	466242	344313
1848	467359	343881	1898	466727	343290	1948	466672	344106	1998	466230	344324
1849	467348	343866	1899	466710	343286	1949	466672	344122	1999	466220	344335
1850	467338	343846	1900	466686	343290	1950	466681	344143	2000	466209	344341

2001	466200	344353	2051	466322	344904	2101	465959	345084	2151	465483	344773
2002	466192	344363	2052	466337	344921	2102	465946	345091	2152	465470	344763
2003	466185	344380	2053	466357	344941	2103	465936	345095	2153	465459	344757
2004	466182	344397	2054	466368	344947	2104	465924	345102	2154	465447	344752
2005	466185	344410	2055	466381	344960	2105	465914	345107	2155	465432	344745
2006	466190	344437	2056	466389	344968	2106	465903	345109	2156	465406	344738
2007	466195	344449	2057	466394	344982	2107	465892	345113	2157	465398	344734
2008	466203	344471	2058	466396	344995	2108	465879	345116	2158	465386	344726
2009	466203	344488	2059	466386	345009	2109	465875	345119	2159	465368	344724
2010	466204	344501	2060	466376	345010	2110	465870	345123	2160	465363	344742
2011	466209	344511	2061	466365	345011	2111	465865	345125	2161	465350	344741
2012	466210	344520	2062	466351	345021	2112	465849	345125	2162	465334	344738
2013	466210	344524	2063	466341	345028	2113	465840	345127	2163	465322	344727
2014	466210	344535	2064	466328	345033	2114	465836	345125	2164	465309	344730
2015	466209	344544	2065	466318	345038	2115	465828	345116	2165	465308	344738
2016	466214	344554	2066	466297	345042	2116	465825	345102	2166	465312	344752
2017	466217	344565	2067	466289	345038	2117	465813	345086	2167	465313	344767
2018	466217	344574	2068	466267	345036	2118	465803	345068	2168	465313	344773
2019	466214	344585	2069	466253	345035	2119	465791	345050	2169	465309	344777
2020	466220	344569	2070	466232	345037	2120	465784	345033	2170	465298	344761
2021	466222	344579	2071	466214	345038	2121	465773	345016	2171	465295	344751
2022	466222	344587	2072	466194	345035	2122	465760	345001	2172	465290	344746
2023	466222	344596	2073	466168	345035	2123	465750	344989	2173	465286	344749
2024	466228	344605	2074	466147	345036	2124	465738	344977	2174	465276	344741
2025	466235	344614	2075	466123	345041	2125	465725	344955	2175	465279	344731
2026	466238	344624	2076	466103	345044	2126	465717	344944	2176	465271	344722
2027	466241	344630	2077	466090	345057	2127	465707	344933	2177	465263	344711
2028	466246	344638	2078	466086	345078	2128	465705	344924	2178	465259	344705
2029	466252	344648	2079	466092	345086	2129	465703	344919	2179	465254	344693
2030	466259	344652	2080	466096	345101	2130	465705	344910	2180	465244	344683
2031	466268	344665	2081	466104	345107	2131	465704	344903	2181	465237	344678
2032	466269	344678	2082	466107	345119	2132	465698	344897	2182	465228	344672
2033	466274	344688	2083	466110	345130	2133	465690	344886	2183	465222	344666
2034	466278	344695	2084	466109	345138	2134	465682	344876	2184	465209	344659
2035	466279	344705	2085	466106	345143	2135	465674	344864	2185	465193	344652
2036	466281	344714	2086	466098	345144	2136	465663	344851	2186	465163	344641
2037	466289	344719	2087	466092	345144	2137	465651	344842	2187	465151	344636
2038	466289	344731	2088	466076	345133	2138	465637	344833	2188	465130	344632
2039	466291	344740	2089	466067	345119	2139	465631	344828	2189	465113	344632
2040	466287	344746	2090	466066	345111	2140	465624	344823	2190	465099	344639
2041	466287	344757	2091	466059	345101	2141	465614	344820	2191	465081	344648
2042	466287	344767	2092	466048	345091	2142	465604	344815	2192	465066	344654
2043	466291	344775	2093	466040	345084	2143	465598	344810	2193	465054	344662
2044	466291	344794	2094	466026	345079	2144	465585	344804	2194	465039	344671
2045	466291	344811	2095	466016	345075	2145	465575	344800	2195	465019	344675
2046	466291	344827	2096	466001	345071	2146	465564	344791	2196	465001	344681
2047	466294	344847	2097	465991	345071	2147	465549	344784	2197	464992	344675
2048	466298	344860	2098	465983	345071	2148	465529	344785	2198	464983	344673
2049	466305	344875	2099	465977	345075	2149	465513	344781	2199	464969	344670
2050	466311	344883	2100	465965	345080	2150	465496	344775	2200	464952	344677

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
2201	464938	344683	2251	464699	345402	2301	464722	345184	2351	464320	346474
2202	464927	344695	2252	464706	345415	2302	464723	345184	2352	464315	346469
2203	464913	344708	2253	464712	345429	2303	464723	345185	2353	464315	346462
2204	464906	344716	2254	464715	345439	2304	464688	346129	2354	464309	346463
2205	464904	344726	2255	464736	345462	2305	464690	346148	2355	464301	346471
2206	464899	344738	2256	464745	345476	2306	464691	346153	2356	464287	346480
2207	464895	344753	2257	464757	345483	2307	464691	346164	2357	464276	346481
2208	464895	344765	2258	464764	345494	2308	464691	346172	2358	464263	346482
2209	464895	344777	2259	464777	345499	2309	464691	346181	2359	464256	346483
2210	464889	344788	2260	464795	345508	2310	464684	346189	2360	464246	346487
2211	464881	344794	2261	464803	345517	2311	464684	346202	2361	464240	346492
2212	464871	344799	2262	464816	345520	2312	464696	346213	2362	464231	346498
2213	464861	344810	2263	464827	345528	2313	464698	346225	2363	464228	346505
2214	464854	344821	2264	464831	345539	2314	464689	346236	2364	464228	346514
2215	464847	344831	2265	464828	345547	2315	464677	346240	2365	464229	346527
2216	464830	344858	2266	464841	345558	2316	464663	346239	2366	464226	346540
2217	464819	344872	2267	464843	345564	2317	464644	346242	2367	464228	346550
2218	464807	344888	2268	464830	345558	2318	464630	346247	2368	464230	346558
2219	464801	344912	2269	464818	345560	2319	464610	346251	2369	464234	346564
2220	464801	344930	2270	464802	345557	2320	464587	346256	2370	464237	346573
2221	464797	344945	2271	464787	345557	2321	464570	346256	2371	464240	346581
2222	464792	344963	2272	464769	345548	2322	464550	346257	2372	464240	346591
2223	464798	344982	2273	464753	345538	2323	464542	346256	2373	464240	346600
2224	464803	345001	2274	464732	345530	2324	464523	346262	2374	464237	346606
2225	464809	345021	2275	464727	345526	2325	464518	346264	2375	464233	346613
2226	464809	345046	2276	464725	345530	2326	464503	346273	2376	464226	346619
2227	464811	345064	2277	464710	345544	2327	464484	346283	2377	464213	346627
2228	464811	345079	2278	464702	345560	2328	464474	346289	2378	464197	346631
2229	464809	345095	2279	464690	345586	2329	464457	346298	2379	464178	346635
2230	464803	345109	2280	464680	345602	2330	464448	346306	2380	464159	346642
2231	464795	345130	2281	464667	345627	2331	464446	346318	2381	464153	346644
2232	464788	345145	2282	464664	345657	2332	464435	346334	2382	464143	346645
2233	464770	345145	2283	464659	345680	2333	464422	346350	2383	464138	346647
2234	464754	345145	2284	464650	345714	2334	464415	346364	2384	464135	346648
2235	464744	345149	2285	464656	345745	2335	464410	346376	2385	464126	346651
2236	464741	345155	2286	464656	345772	2336	464404	346390	2386	464138	346647
2237	464725	345186	2287	464664	345800	2337	464398	346402	2387	464124	346651
2238	464723	345185	2288	464659	345840	2338	464400	346414	2388	464128	346643
2239	464715	345195	2289	464666	345896	2339	464399	346424	2389	464134	346632
2240	464709	345203	2290	464664	345918	2340	464398	346435	2390	464128	346616
2241	464706	345215	2291	464667	345944	2341	464396	346439	2391	464107	346609
2242	464704	345229	2292	464668	345976	2342	464396	346447	2392	464088	346607
2243	464701	345245	2293	464663	346001	2343	464393	346454	2393	464068	346607
2244	464701	345259	2294	464659	346017	2344	464390	346460	2394	464049	346613
2245	464700	345281	2295	464657	346040	2345	464382	346464	2395	464036	346616
2246	464698	345297	2296	464661	346057	2346	464372	346465	2396	464026	346624
2247	464693	345321	2297	464666	346076	2347	464364	346465	2397	464016	346634
2248	464693	345344	2298	464677	346106	2348	464353	346466	2398	464011	346640
2249	464696	345366	2299	464688	346128	2349	464344	346466	2399	464003	346641
2250	464699	345388	2300	464688	346129	2350	464325	346471	2400	464003	346643

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
2401	463995	346644	2451	463582	346816	2501	463132	347080	2551	463757	347035
2402	463975	346644	2452	463574	346809	2502	463144	347093	2552	463780	347047
2403	463958	346660	2453	463566	346797	2503	463161	347105	2553	463795	347051
2404	463955	346672	2454	463550	346782	2504	463180	347107	2554	463830	347051
2405	463967	346682	2455	463540	346779	2505	463203	347103	2555	463851	347053
2406	463964	346693	2456	463524	346776	2506	463213	347089	2556	463876	347051
2407	463935	346710	2457	463507	346782	2507	463242	347091	2557	463893	347055
2408	463938	346733	2458	463482	346782	2508	463255	347093	2558	463907	347060
2409	463949	346739	2459	463464	346780	2509	463278	347107	2559	463932	347072
2410	463952	346751	2460	463440	346782	2510	463311	347124	2560	463961	347078
2411	463957	346771	2461	463418	346780	2511	463326	347132	2561	463988	347080
2412	463970	346779	2462	463413	346774	2512	463342	347126	2562	463998	347083
2413	463975	346782	2463	463403	346774	2513	463363	347132	2563	463998	347083
2414	463990	346790	2464	463386	346773	2514	463374	347143	2564	464008	347090
2415	463993	346802	2465	463380	346765	2515	463392	347139	2565	464025	347099
2416	463990	346813	2466	463372	346759	2516	463409	347145	2566	464040	347111
2417	463986	346825	2467	463363	346747	2517	463415	347147	2567	464035	347109
2418	463983	346837	2468	463343	346753	2518	463434	347149	2568	464045	347115
2419	463975	346846	2469	463325	346762	2519	463455	347151	2569	464058	347125
2420	463963	346840	2470	463308	346764	2520	463476	347151	2570	464073	347141
2421	463952	346840	2471	463297	346776	2521	463503	347128	2571	464082	347153
2422	463940	346845	2472	463290	346790	2522	463515	347118	2572	464105	347171
2423	463932	346840	2473	463279	346796	2523	463534	347099	2573	464125	347190
2424	463924	346839	2474	463262	346813	2524	463532	347082	2574	464137	347202
2425	463915	346843	2475	463254	346831	2525	463532	347070	2575	464168	347220
2426	463912	346857	2476	463244	346843	2526	463547	347062	2576	464192	347229
2427	463894	346858	2477	463230	346851	2527	463549	347055	2577	464218	347239
2428	463889	346848	2478	463207	346861	2528	463546	347041	2578	464230	347245
2429	463882	346849	2479	463192	346871	2529	463536	347026	2579	464250	347262
2430	463868	346854	2480	463179	346888	2530	463532	347018	2580	464258	347281
2431	463857	346855	2481	463173	346907	2531	463538	347012	2581	464267	347301
2432	463837	346855	2482	463169	346923	2532	463542	347004	2582	464267	347315
2433	463827	346855	2483	463170	346930	2533	463557	347006	2583	464276	347338
2434	463811	346854	2484	463175	346949	2534	463578	347006	2584	464283	347364
2435	463796	346854	2485	463176	346957	2535	463594	346994	2585	464279	347387
2436	463782	346861	2486	463215	347003	2536	463599	346977	2586	464273	347402
2437	463770	346869	2487	463214	346995	2537	463597	346958	2587	464246	347422
2438	463752	346875	2488	463207	346986	2538	463615	346940	2588	464234	347425
2439	463736	346875	2489	463195	346975	2539	463636	346940	2589	464217	347424
2440	463726	346874	2490	463185	346967	2540	463638	346967	2590	464189	347398
2441	463712	346871	2491	463179	346959	2541	463634	346992	2591	464172	347382
2442	463695	346861	2492	463176	346957	2542	463645	347002	2592	464156	347359
2443	463684	346851	2493	463216	347004	2543	463669	347000	2593	464137	347341
2444	463674	346843	2494	463217	347001	2544	463686	346998	2594	464119	347321
2445	463657	346839	2495	463215	347003	2545	463701	347002	2595	464099	347311
2446	463638	346835	2496	463205	347018	2546	463699	347011	2596	464079	347303
2447	463629	346832	2497	463194	347022	2547	463701	347009	2597	464051	347303
2448	463615	346828	2498	463182	347035	2548	463715	347016	2598	464035	347300
2449	463608	346822	2499	463171	347051	2549	463728	347026	2599	464024	347295
2450	463597	346819	2500	463146	347062	2550	463742	347030	2600	464006	347297

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
2601	464001	347297	2651	464094	347594	2701	463975	347697	2751	463741	348180
2602	463993	347295	2652	464108	347601	2702	463953	347694	2752	463716	348189
2603	463984	347291	2653	464119	347604	2703	463932	347692	2753	463709	348196
2604	463970	347289	2654	464140	347606	2704	463914	347686	2754	463690	348208
2605	463957	347285	2655	464151	347606	2705	463886	347683	2755	463669	348217
2606	463943	347285	2656	464174	347609	2706	463870	347683	2756	463657	348219
2607	463926	347274	2657	464194	347612	2707	463859	347687	2757	463643	348231
2608	463920	347266	2658	464215	347620	2708	463844	347699	2758	463626	348242
2609	463905	347239	2659	464234	347627	2709	463832	347718	2759	463608	348257
2610	463901	347232	2660	464249	347639	2710	463828	347729	2760	463592	348275
2611	463884	347208	2661	464264	347643	2711	463832	347742	2761	463582	348292
2612	463861	347201	2662	464292	347646	2712	463843	347747	2762	463560	348306
2613	463836	347191	2663	464316	347647	2713	463853	347761	2763	463534	348324
2614	463815	347187	2664	464328	347655	2714	463863	347776	2764	463519	348339
2615	463799	347176	2665	464339	347664	2715	463870	347792	2765	463498	348356
2616	463765	347174	2666	464345	347675	2716	463875	347808	2766	463487	348379
2617	463759	347205	2667	464353	347687	2717	463876	347819	2767	463475	348410
2618	463755	347232	2668	464356	347705	2718	463878	347837	2768	463470	348433
2619	463749	347257	2669	464362	347719	2719	463879	347849	2769	463482	348450
2620	463745	347280	2670	464359	347734	2720	463879	347869	2770	463502	348463
2621	463745	347299	2671	464353	347740	2721	463885	347877	2771	463524	348466
2622	463749	347314	2672	464342	347739	2722	463891	347882	2772	463540	348471
2623	463755	347335	2673	464330	347744	2723	463894	347892	2773	463570	348477
2624	463770	347374	2674	464324	347748	2724	463895	347895	2774	463586	348480
2625	463770	347401	2675	464310	347750	2725	463895	347896	2775	463599	348482
2626	463774	347422	2676	464309	347757	2726	463895	347914	2776	463606	348491
2627	463782	347437	2677	464298	347763	2727	463895	347926	2777	463622	348491
2628	463788	347451	2678	464286	347766	2728	463892	347940	2778	463641	348494
2629	463792	347464	2679	464269	347768	2729	463885	347949	2779	463661	348497
2630	463828	347479	2680	464253	347759	2730	463879	347965	2780	463672	348503
2631	463868	347485	2681	464244	347757	2731	463865	347972	2781	463683	348509
2632	463901	347483	2682	464237	347759	2732	463850	347980	2782	463693	348514
2633	463924	347481	2683	464217	347763	2733	463828	347991	2783	463704	348518
2634	463943	347483	2684	464208	347763	2734	463830	347997	2784	463713	348521
2635	463959	347493	2685	464192	347763	2735	463837	348001	2785	463718	348529
2636	463966	347503	2686	464183	347762	2736	463842	348014	2786	463713	348540
2637	463984	347522	2687	464168	347748	2737	463840	348024	2787	463700	348551
2638	463992	347527	2688	464159	347745	2738	463828	348038	2788	463690	348558
2639	464001	347545	2689	464149	347740	2739	463819	348053	2789	463680	348569
2640	464003	347537	2690	464136	347740	2740	463813	348067	2790	463675	348577
2641	463995	347529	2691	464120	347733	2741	463804	348081	2791	463671	348589
2642	463992	347527	2692	464105	347727	2742	463794	348096	2792	463658	348598
2643	464001	347545	2693	464090	347724	2743	463788	348111	2793	463645	348613
2644	464001	347546	2694	464071	347719	2744	463796	348127	2794	463632	348621
2645	464013	347549	2695	464061	347717	2745	463802	348137	2795	463622	348629
2646	464024	347557	2696	464041	347714	2746	463813	348142	2796	463603	348638
2647	464039	347560	2697	464021	347711	2747	463814	348157	2797	463586	348648
2648	464053	347566	2698	464015	347710	2748	463801	348163	2798	463577	348658
2649	464065	347578	2699	463999	347707	2749	463794	348163	2799	463565	348658
2650	464082	347587	2700	463988	347703	2750	463767	348173	2800	463540	348656

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
2801	463519	348665	2851	463262	349304	2901	463082	350019	2951	464217	350098
2802	463510	348670	2852	463242	349316	2902	463074	350034	2952	464232	350095
2803	463485	348681	2853	463210	349351	2903	463062	350065	2953	464251	350081
2804	463461	348697	2854	463199	349368	2904	463062	350092	2954	464267	350065
2805	463421	348722	2855	463184	349399	2905	463060	350126	2955	464277	350053
2806	463400	348743	2856	463163	349422	2906	463057	350155	2956	464296	350042
2807	463386	348753	2857	463150	349434	2907	463079	350171	2957	464311	350039
2808	463366	348797	2858	463132	349457	2908	463111	350184	2958	464319	350024
2809	463360	348818	2859	463126	349480	2909	463139	350196	2959	464323	350015
2810	463363	348846	2860	463114	349495	2910	463161	350200	2960	464328	350002
2811	463369	348899	2861	463106	349514	2911	463202	350210	2961	464344	350003
2812	463377	348916	2862	463109	349530	2912	463221	350212	2962	464344	350003
2813	463384	348924	2863	463111	349556	2913	463255	350208	2963	464353	349996
2814	463404	348938	2864	463114	349567	2914	463313	350196	2964	464364	349988
2815	463424	348953	2865	463120	349581	2915	463354	350193	2965	464370	349974
2816	463443	348973	2866	463127	349596	2916	463395	350188	2966	464370	349962
2817	463452	348980	2867	463135	349615	2917	463419	350188	2967	464373	349948
2818	463461	348990	2868	463135	349627	2918	463453	350188	2968	464385	349937
2819	463469	348997	2869	463149	349636	2919	463480	350212	2969	464391	349930
2820	463478	349013	2870	463164	349631	2920	463463	350249	2970	464397	349919
2821	463481	349028	2871	463189	349619	2921	463439	350275	2971	464414	349919
2822	463493	349037	2872	463210	349621	2922	463415	350302	2972	464419	349913
2823	463504	349048	2873	463212	349633	2923	463424	350357	2973	464426	349901
2824	463521	349057	2874	463219	349659	2924	463480	350374	2974	464431	349890
2825	463537	349060	2875	463207	349664	2925	463540	350384	2975	464435	349881
2826	463545	349060	2876	463199	349675	2926	463588	350369	2976	464443	349866
2827	463548	349062	2877	463187	349677	2927	463634	350345	2977	464448	349859
2828	463557	349065	2878	463175	349681	2928	463677	350319	2978	464452	349855
2829	463560	349072	2879	463163	349687	2929	463716	350309	2979	464460	349843
2830	463556	349080	2880	463153	349698	2930	463757	350297	2980	464465	349836
2831	463550	349081	2881	463149	349703	2931	463793	350292	2981	464474	349829
2832	463545	349085	2882	463138	349710	2932	463846	350263	2982	464483	349821
2833	463536	349096	2883	463132	349727	2933	463880	350239	2983	464488	349817
2834	463528	349101	2884	463134	349748	2934	463912	350220	2984	464504	349814
2835	463508	349107	2885	463134	349765	2935	463955	350208	2985	464517	349800
2836	463478	349110	2886	463130	349779	2936	463977	350200	2986	464526	349795
2837	463469	349125	2887	463123	349802	2937	464001	350188	2987	464536	349791
2838	463461	349130	2888	463121	349816	2938	464008	350184	2988	464547	349788
2839	463447	349139	2889	463115	349830	2939	464020	350174	2989	464555	349789
2840	463438	349148	2890	463109	349842	2940	464044	350171	2990	464569	349798
2841	463426	349162	2891	463106	349854	2941	464046	350169	2991	464581	349803
2842	463407	349169	2892	463108	349868	2942	464073	350155	2992	464599	349806
2843	463383	349185	2893	463108	349900	2943	464084	350156	2993	464619	349806
2844	463374	349202	2894	463103	349924	2944	464102	350158	2994	464627	349806
2845	463358	349209	2895	463104	349950	2945	464124	350150	2995	464636	349803
2846	463339	349220	2896	463104	349966	2946	464139	350134	2996	464644	349795
2847	463322	349243	2897	463100	349980	2947	464150	350116	2997	464657	349786
2848	463303	349255	2898	463100	349984	2948	464166	350106	2998	464668	349781
2849	463280	349277	2899	463100	350002	2949	464180	350105	2999	464679	349775
2850	463267	349298	2900	463098	350000	2950	464195	350103	3000	464696	349755

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
3001	464699	349743	3051	465044	349416	3101	465543	349086	3151	466106	348918
3002	464699	349728	3052	465052	349408	3102	465555	349078	3152	466109	348918
3003	464694	349716	3053	465060	349391	3103	465569	349074	3153	466118	348916
3004	464686	349708	3054	465066	349382	3104	465588	349066	3154	466126	348915
3005	464673	349703	3055	465073	349374	3105	465603	349060	3155	466137	348918
3006	464673	349694	3056	465089	349368	3106	465618	349051	3156	466151	348927
3007	464673	349682	3057	465096	349365	3107	465633	349042	3157	466160	348932
3008	464677	349673	3058	465115	349361	3108	465649	349040	3158	466167	348930
3009	464680	349665	3059	465130	349355	3109	465661	349039	3159	466174	348930
3010	464683	349656	3060	465142	349347	3110	465672	349034	3160	466180	348932
3011	464691	349654	3061	465153	349342	3111	465679	349019	3161	466184	348936
3012	464691	349648	3062	465164	349338	3112	465684	349005	3162	466189	348939
3013	464696	349630	3063	465173	349330	3113	465693	348999	3163	466187	348944
3014	464702	349618	3064	465182	349324	3114	465707	348990	3164	466183	348945
3015	464705	349610	3065	465190	349315	3115	465727	348982	3165	466177	348945
3016	464709	349604	3066	465197	349298	3116	465744	348979	3166	466166	348953
3017	464715	349598	3067	465207	349278	3117	465768	348973	3167	466160	348956
3018	464720	349584	3068	465223	349258	3118	465785	348973	3168	466154	348967
3019	464725	349579	3069	465243	349240	3119	465800	348968	3169	466144	348970
3020	464734	349566	3070	465260	349232	3120	465812	348962	3170	466140	348970
3021	464743	349553	3071	465282	349232	3121	465823	348951	3171	466126	348962
3022	464749	349543	3072	465288	349221	3122	465834	348947	3172	466109	348964
3023	464758	349532	3073	465300	349223	3123	465845	348935	3173	466100	348965
3024	464774	349530	3074	465312	349215	3124	465868	348928	3174	466086	348974
3025	464787	349524	3075	465321	349200	3125	465883	348922	3175	466079	348980
3026	464800	349524	3076	465326	349189	3126	465898	348930	3176	466071	348984
3027	464813	349524	3077	465341	349179	3127	465929	348928	3177	466053	348988
3028	464827	349527	3078	465361	349174	3128	465939	348930	3178	466033	348996
3029	464829	349535	3079	465378	349160	3129	465953	348932	3179	466027	348997
3030	464841	349540	3080	465390	349159	3130	465956	348942	3180	466019	349008
3031	464856	349538	3081	465412	349151	3131	465946	348954	3181	466014	349019
3032	464872	349529	3082	465427	349148	3132	465932	348962	3182	466016	349028
3033	464884	349520	3083	465444	349146	3133	465921	348968	3183	466022	349037
3034	464896	349511	3084	465459	349146	3134	465916	348973	3184	466021	349048
3035	464910	349503	3085	465467	349136	3135	465926	348980	3185	466014	349062
3036	464917	349501	3086	465480	349130	3136	465947	348976	3186	466007	349068
3037	464925	349497	3087	465501	349123	3137	465965	348967	3187	465995	349083
3038	464936	349478	3088	465506	349123	3138	465988	348959	3188	465985	349091
3039	464936	349471	3089	465522	349123	3139	465996	348958	3189	465981	349097
3040	464933	349468	3090	465532	349124	3140	466016	348954	3190	465978	349104
3041	464936	349457	3091	465543	349126	3141	466028	348953	3191	465973	349111
3042	464946	349452	3092	465554	349121	3142	466042	348947	3192	465959	349117
3043	464951	349448	3093	465555	349114	3143	466053	348944	3193	465946	349114
3044	464960	349451	3094	465566	349107	3144	466059	348939	3194	465932	349111
3045	464976	349445	3095	465563	349098	3145	466065	348936	3195	465916	349111
3046	464992	349437	3096	465549	349100	3146	466076	348939	3196	465906	349111
3047	465003	349437	3097	465542	349100	3147	466085	348938	3197	465889	349118
3048	465014	349434	3098	465536	349103	3148	466085	348930	3198	465868	349126
3049	465025	349428	3099	465540	349095	3149	466086	348921	3199	465860	349137
3050	465032	349422	3100	465543	349094	3150	466102	348924	3200	465846	349144

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
3201	465838	349150	3251	465540	349316	3301	464992	349587	3351	464653	349820
3202	465835	349163	3252	465532	349322	3302	464992	349593	3352	464647	349821
3203	465826	349163	3253	465529	349332	3303	465000	349601	3353	464637	349826
3204	465822	349161	3254	465519	349338	3304	465012	349609	3354	464633	349829
3205	465817	349153	3255	465506	349333	3305	465025	349604	3355	464628	349841
3206	465803	349155	3256	465497	349330	3306	465031	349605	3356	464633	349856
3207	465786	349158	3257	465484	349335	3307	465031	349615	3357	464631	349864
3208	465776	349164	3258	465468	349342	3308	465021	349638	3358	464630	349875
3209	465771	349170	3259	465459	349351	3309	465021	349644	3359	464627	349884
3210	465762	349178	3260	465448	349361	3310	465021	349651	3360	464616	349904
3211	465759	349179	3261	465430	349367	3311	465020	349657	3361	464614	349919
3212	465748	349190	3262	465401	349377	3312	465009	349665	3362	464611	349933
3213	465742	349196	3263	465381	349385	3313	465003	349679	3363	464607	349944
3214	465731	349204	3264	465363	349394	3314	464999	349682	3364	464602	349951
3215	465719	349211	3265	465352	349394	3315	464997	349683	3365	464592	349968
3216	465708	349215	3266	465329	349394	3316	464997	349699	3366	464585	349976
3217	465701	349222	3267	465314	349397	3317	464995	349708	3367	464573	349982
3218	465692	349228	3268	465292	349402	3318	464997	349720	3368	464555	349983
3219	465682	349234	3269	465274	349410	3319	465000	349731	3369	464543	349991
3220	465676	349247	3270	465260	349413	3320	465005	349740	3370	464536	349996
3221	465673	349242	3271	465242	349425	3321	465002	349754	3371	464535	350002
3222	465678	349227	3272	465225	349434	3322	464994	349771	3372	464530	350007
3223	465679	349210	3273	465205	349442	3323	464986	349778	3373	464521	350013
3224	465682	349193	3274	465187	349451	3324	464976	349792	3374	464517	350025
3225	465690	349178	3275	465171	349459	3325	464969	349798	3375	464509	350043
3226	465695	349166	3276	465159	349469	3326	464956	349806	3376	464507	350052
3227	465682	349156	3277	465136	349485	3327	464942	349810	3377	464502	350061
3228	465669	349167	3278	465129	349495	3328	464930	349814	3378	464503	350067
3229	465658	349172	3279	465124	349506	3329	464913	349806	3379	464508	350066
3230	465652	349182	3280	465121	349517	3330	464898	349814	3380	464511	350071
3231	465649	349193	3281	465106	349526	3331	464885	349817	3381	464513	350078
3232	465646	349205	3282	465095	349534	3332	464875	349818	3382	464516	350087
3233	465643	349218	3283	465073	349538	3333	464858	349826	3383	464523	350087
3234	465636	349227	3284	465058	349544	3334	464847	349829	3384	464522	350093
3235	465630	349231	3285	465046	349555	3335	464829	349833	3385	464525	350106
3236	465621	349239	3286	465031	349564	3336	464813	349830	3386	464529	350119
3237	465621	349248	3287	465023	349553	3337	464797	349829	3387	464529	350136
3238	465618	349260	3288	465011	349535	3338	464784	349829	3388	464535	350141
3239	465617	349270	3289	465006	349515	3339	464772	349827	3389	464539	350150
3240	465607	349276	3290	465000	349495	3340	464761	349823	3390	464532	350160
3241	465586	349280	3291	464988	349492	3341	464752	349821	3391	464539	350172
3242	465580	349285	3292	464979	349492	3342	464743	349820	3392	464547	350182
3243	465575	349288	3293	464968	349500	3343	464728	349818	3393	464561	350171
3244	465569	349294	3294	464959	349515	3344	464722	349815	3394	464578	350167
3245	465568	349296	3295	464954	349530	3345	464712	349815	3395	464584	350173
3246	465569	349295	3296	464962	349538	3346	464706	349815	3396	464602	350164
3247	465563	349303	3297	464969	349552	3347	464697	349818	3397	464620	350160
3248	465562	349310	3298	464979	349564	3348	464688	349818	3398	464636	350142
3249	465558	349312	3299	464983	349570	3349	464676	349818	3399	464642	350128
3250	465551	349315	3300	464989	349578	3350	464667	349818	3400	464650	350113



nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
3401	464668	350095	3451	465331	349931	3501	465324	349846	3551	465773	350010
3402	464672	350083	3452	465306	349931	3502	465343	349838	3552	465766	350017
3403	464663	350067	3453	465280	349928	3503	465355	349836	3553	465760	350030
3404	464676	350056	3454	465263	349925	3504	465358	349844	3554	465755	350043
3405	464694	350055	3455	465239	349921	3505	465370	349836	3555	465747	350053
3406	464709	350058	3456	465225	349916	3506	465399	349823	3556	465740	350065
3407	464714	350049	3457	465210	349910	3507	465422	349826	3557	465729	350078
3408	464718	350035	3458	465187	349907	3508	465441	349829	3558	465726	350093
3409	464721	350026	3459	465167	349902	3509	465456	349827	3559	465710	350101
3410	464731	350026	3460	465158	349892	3510	465477	349829	3560	465697	350101
3411	464750	350027	3461	465153	349882	3511	465493	349832	3561	465684	350110
3412	464770	350030	3462	465142	349872	3512	465513	349830	3562	465671	350131
3413	464788	350029	3463	465135	349867	3513	465520	349832	3563	465665	350152
3414	464801	350030	3464	465118	349869	3514	465526	349853	3564	465673	350163
3415	464814	350033	3465	465106	349872	3515	465531	349861	3565	465679	350173
3416	464842	350025	3466	465093	349869	3516	465546	349858	3566	465689	350192
3417	464856	350022	3467	465078	349858	3517	465555	349862	3567	465689	350205
3418	464869	350017	3468	465067	349852	3518	465551	349870	3568	465686	350221
3419	464888	350017	3469	465054	349843	3519	465549	349884	3569	465679	350231
3420	464908	350013	3470	465047	349830	3520	465542	349892	3570	465673	350240
3421	464935	350013	3471	465041	349817	3521	465536	349907	3571	465675	350253
3422	464968	350007	3472	465038	349807	3522	465537	349922	3572	465678	350263
3423	464997	350004	3473	465044	349807	3523	465534	349928	3573	465678	350273
3424	465029	350011	3474	465052	349804	3524	465534	349933	3574	465679	350285
3425	465038	350022	3475	465063	349803	3525	465539	349953	3575	465684	350300
3426	465052	350039	3476	465067	349801	3526	465545	349967	3576	465702	350308
3427	465061	350048	3477	465084	349806	3527	465558	349977	3577	465713	350306
3428	465070	350053	3478	465093	349810	3528	465565	349994	3578	465721	350289
3429	465090	350055	3479	465093	349792	3529	465565	350000	3579	465737	350281
3430	465109	350044	3480	465090	349777	3530	465569	350007	3580	465755	350285
3431	465122	350035	3481	465095	349774	3531	465577	350010	3581	465763	350282
3432	465133	350026	3482	465101	349784	3532	465585	350013	3582	465768	350273
3433	465144	350020	3483	465106	349800	3533	465588	350020	3583	465777	350258
3434	465160	350015	3484	465115	349815	3534	465597	350021	3584	465787	350253
3435	465171	350013	3485	465122	349820	3535	465610	350028	3585	465803	350257
3436	465176	350013	3486	465130	349832	3536	465631	350028	3586	465813	350240
3437	465190	350008	3487	465139	349841	3537	465646	350024	3587	465822	350231
3438	465208	350009	3488	465138	349852	3538	465663	350018	3588	465824	350204
3439	465225	350013	3489	465138	349861	3539	465684	350015	3589	465845	350204
3440	465238	350022	3490	465142	349856	3540	465692	350004	3590	465869	350200
3441	465256	350022	3491	465161	349859	3541	465697	350002	3591	465890	350187
3442	465266	350016	3492	465184	349858	3542	465702	349998	3592	465896	350200
3443	465282	350002	3493	465200	349858	3543	465715	349998	3593	465891	350228
3444	465278	350003	3494	465231	349861	3544	465732	349994	3594	465879	350244
3445	465285	349999	3495	465246	349866	3545	465745	349998	3595	465863	350255
3446	465297	349988	3496	465262	349866	3546	465755	349995	3596	465842	350271
3447	465309	349973	3497	465275	349870	3547	465764	349997	3597	465830	350292
3448	465334	349954	3498	465292	349870	3548	465770	349999	3598	465834	350318
3449	465343	349942	3499	465303	349864	3549	465776	350004	3599	465834	350342
3450	465343	349933	3500	465312	349855	3550	465773	350010	3600	465840	350361

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
3601	465858	350374	3651	466532	350319	3701	466712	349698	3751	466865	350207
3602	465877	350388	3652	466534	350292	3702	466715	349692	3752	466863	350231
3603	465898	350401	3653	466545	350260	3703	466732	349693	3753	466860	350253
3604	465901	350416	3654	466547	350229	3704	466743	349687	3754	466852	350282
3605	465906	350432	3655	466548	350205	3705	466750	349683	3755	466844	350308
3606	465920	350448	3656	466547	350191	3706	466758	349675	3756	466833	350329
3607	465920	350470	3657	466540	350170	3707	466767	349658	3757	466825	350351
3608	465928	350488	3658	466542	350146	3708	466767	349649	3758	466815	350372
3609	465941	350512	3659	466552	350130	3709	466770	349663	3759	466801	350383
3610	465941	350530	3660	466568	350118	3710	466778	349672	3760	466785	350409
3611	465960	350539	3661	466593	350107	3711	466793	349670	3761	466780	350427
3612	465981	350547	3662	466616	350080	3712	466796	349664	3762	466778	350457
3613	466004	350555	3663	466613	350053	3713	466804	349661	3763	466772	350481
3614	466033	350555	3664	466610	350035	3714	466804	349678	3764	466761	350510
3615	466050	350563	3665	466622	350028	3715	466815	349692	3765	466733	350554
3616	466071	350576	3666	466634	350017	3716	466821	349706	3766	466725	350573
3617	466073	350576	3667	466653	350012	3717	466824	349721	3767	466712	350605
3618	466092	350589	3668	466669	350012	3718	466825	349736	3768	466706	350644
3619	466112	350592	3669	466680	350008	3719	466821	349756	3769	466690	350689
3620	466128	350612	3670	466686	350004	3720	466825	349762	3770	466690	350750
3621	466150	350629	3671	466686	350004	3721	466822	349770	3771	466687	350795
3622	466195	350637	3672	466686	349996	3722	466819	349784	3772	466682	350840
3623	466219	350639	3673	466686	349981	3723	466816	349796	3773	466687	350873
3624	466240	350645	3674	466691	349970	3724	466827	349807	3774	466696	350904
3625	466258	350650	3675	466694	349955	3725	466836	349811	3775	466706	350931
3626	466271	350652	3676	466691	349937	3726	466841	349813	3776	466717	350968
3627	466288	350649	3677	466688	349924	3727	466850	349830	3777	466714	350994
3628	466301	350629	3678	466689	349903	3728	466854	349845	3778	466712	351023
3629	466319	350618	3679	466689	349895	3729	466859	349863	3779	466717	351053
3630	466332	350618	3680	466689	349886	3730	466867	349885	3780	466725	351085
3631	466352	350621	3681	466689	349871	3731	466870	349898	3781	466736	351116
3632	466367	350628	3682	466683	349859	3732	466867	349911	3782	466753	351124
3633	466378	350632	3683	466675	349854	3733	466864	349918	3783	466777	351121
3634	466389	350631	3684	466668	349856	3734	466856	349934	3784	466781	351103
3635	466396	350631	3685	466660	349856	3735	466854	349944	3785	466791	351094
3636	466418	350632	3686	466652	349857	3736	466854	349961	3786	466802	351069
3637	466434	350612	3687	466645	349857	3737	466853	349978	3787	466801	351044
3638	466436	350594	3688	466646	349845	3738	466857	349992	3788	466814	351032
3639	466444	350565	3689	466654	349827	3739	466856	349999	3789	466822	351028
3640	466455	350559	3690	466655	349819	3740	466857	350001	3790	466841	351018
3641	466473	350551	3691	466655	349811	3741	466859	350016	3791	466857	350996
3642	466495	350525	3692	466662	349796	3742	466852	350033	3792	466857	350984
3643	466516	350488	3693	466663	349768	3743	466855	350053	3793	466879	350963
3644	466518	350472	3694	466663	349747	3744	466862	350067	3794	466894	350954
3645	466518	350459	3695	466669	349733	3745	466863	350088	3795	466904	350949
3646	466503	350435	3696	466675	349727	3746	466863	350099	3796	466920	350962
3647	466512	350417	3697	466683	349721	3747	466863	350120	3797	466928	350946
3648	466528	350416	3698	466694	349718	3748	466865	350141	3798	466937	350925
3649	466532	350383	3699	466707	349724	3749	466865	350162	3799	466948	350898
3650	466529	350348	3700	466712	349713	3750	466867	350187	3800	466965	350886

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
3801	466981	350875	3851	467349	350663	3901	467623	350896	3951	467987	350957
3802	466985	350859	3852	467349	350684	3902	467639	350925	3952	467986	350954
3803	467002	350848	3853	467365	350695	3903	467643	350957	3953	467986	350952
3804	467018	350838	3854	467369	350711	3904	467652	350984	3954	468002	350983
3805	467029	350819	3855	467366	350719	3905	467670	351004	3955	468001	350983
3806	467037	350806	3856	467361	350727	3906	467687	350978	3956	468010	350977
3807	467040	350793	3857	467353	350742	3907	467686	350944	3957	468018	350963
3808	467050	350806	3858	467329	350753	3908	467686	350914	3958	468032	350960
3809	467063	350814	3859	467308	350764	3909	467678	350883	3959	468040	350957
3810	467071	350811	3860	467281	350775	3910	467683	350865	3960	468051	350946
3811	467098	350798	3861	467262	350788	3911	467691	350841	3961	468059	350946
3812	467106	350790	3862	467260	350800	3912	467694	350825	3962	468066	350935
3813	467135	350779	3863	467263	350830	3913	467702	350806	3963	468079	350923
3814	467136	350748	3864	467270	350857	3914	467715	350833	3964	468080	350913
3815	467143	350729	3865	467257	350864	3915	467728	350862	3965	468082	350906
3816	467151	350706	3866	467239	350883	3916	467742	350891	3966	468090	350901
3817	467156	350684	3867	467231	350902	3917	467750	350922	3967	468097	350888
3818	467151	350666	3868	467236	350936	3918	467765	350902	3968	468093	350867
3819	467156	350653	3869	467257	350970	3919	467766	350867	3969	468091	350843
3820	467170	350658	3870	467273	350992	3920	467761	350840	3970	468101	350831
3821	467183	350666	3871	467308	351007	3921	467758	350809	3971	468111	350831
3822	467196	350677	3872	467324	350986	3922	467758	350785	3972	468132	350817
3823	467207	350665	3873	467318	350963	3923	467763	350774	3973	468146	350805
3824	467218	350669	3874	467313	350934	3924	467768	350766	3974	468161	350789
3825	467242	350668	3875	467321	350907	3925	467769	350767	3975	468164	350781
3826	467246	350645	3876	467321	350891	3926	467779	350759	3976	468166	350763
3827	467225	350636	3877	467332	350870	3927	467800	350749	3977	468158	350756
3828	467225	350621	3878	467349	350859	3928	467805	350751	3978	468127	350770
3829	467220	350604	3879	467369	350851	3929	467837	350739	3979	468118	350753
3830	467230	350584	3880	467385	350848	3930	467851	350723	3980	468104	350739
3831	467238	350594	3881	467402	350867	3931	467866	350707	3981	468094	350721
3832	467242	350579	3882	467416	350861	3932	467880	350728	3982	468093	350705
3833	467268	350592	3883	467427	350841	3933	467883	350751	3983	468113	350693
3834	467276	350583	3884	467437	350820	3934	467893	350781	3984	468136	350682
3835	467299	350581	3885	467448	350819	3935	467920	350791	3985	468144	350668
3836	467305	350578	3886	467464	350820	3936	467930	350815	3986	468150	350635
3837	467332	350570	3887	467475	350838	3937	467933	350831	3987	468166	350615
3838	467347	350571	3888	467488	350838	3938	467943	350844	3988	468198	350584
3839	467361	350565	3889	467503	350822	3939	467953	350858	3989	468226	350555
3840	467377	350571	3890	467516	350825	3940	467964	350877	3990	468243	350531
3841	467384	350597	3891	467527	350822	3941	467970	350897	3991	468276	350494
3842	467392	350608	3892	467538	350800	3942	467978	350921	3992	468307	350477
3843	467411	350605	3893	467536	350787	3943	467978	350938	3993	468326	350452
3844	467427	350600	3894	467543	350769	3944	467986	350952	3994	468351	350438
3845	467432	350615	3895	467561	350764	3945	468002	350983	3995	468389	350416
3846	467424	350624	3896	467575	350780	3946	467998	350985	3996	468408	350396
3847	467421	350644	3897	467588	350791	3947	467994	350981	3997	468420	350373
3848	467400	350653	3898	467599	350816	3948	467991	350976	3998	468428	350347
3849	467376	350650	3899	467607	350840	3949	467990	350969	3999	468434	350325
3850	467357	350652	3900	467610	350865	3950	467989	350963	4000	468433	350298

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
4001	468464	350260	4051	468745	349828	4101	468920	349803	4151	468948	350556
4002	468476	350243	4052	468745	349813	4102	468923	349811	4152	468948	350570
4003	468433	350246	4053	468749	349811	4103	468925	349822	4153	468909	350595
4004	468394	350252	4054	468754	349814	4104	468927	349831	4154	468905	350621
4005	468380	350225	4055	468765	349825	4105	468928	349838	4155	468896	350642
4006	468385	350199	4056	468775	349836	4106	468930	349847	4156	468885	350663
4007	468423	350191	4057	468793	349831	4107	468935	349858	4157	468900	350694
4008	468447	350193	4058	468795	349816	4108	468937	349873	4158	468902	350707
4009	468465	350191	4059	468794	349801	4109	468940	349885	4159	468911	350760
4010	468484	350191	4060	468793	349789	4110	468943	349892	4160	468905	350795
4011	468520	350145	4061	468788	349778	4111	468947	349903	4161	468889	350836
4012	468548	350131	4062	468784	349771	4112	468953	349915	4162	468889	350875
4013	468560	350135	4063	468784	349766	4113	468958	349923	4163	468883	350906
4014	468573	350142	4064	468788	349756	4114	468965	349935	4164	468889	350937
4015	468597	350132	4065	468790	349744	4115	468970	349945	4165	468902	350958
4016	468618	350106	4066	468788	349734	4116	468977	349960	4166	468909	350988
4017	468636	350089	4067	468794	349731	4117	468978	349971	4167	468903	351017
4018	468639	350078	4068	468799	349718	4118	468978	349985	4168	468906	351044
4019	468642	350041	4069	468799	349706	4119	468978	349995	4169	468896	351065
4020	468642	350013	4070	468798	349694	4120	468977	350002	4170	468889	351079
4021	468638	349997	4071	468798	349686	4121	468978	350004	4171	468885	351098
4022	468639	350001	4072	468801	349662	4122	468980	350008	4172	468883	351104
4023	468640	349998	4073	468810	349664	4123	468983	350015	4173	468880	351123
4024	468646	349994	4074	468818	349679	4124	468984	350022	4174	468872	351138
4025	468651	349989	4075	468824	349692	4125	468988	350027	4175	468866	351151
4026	468659	349983	4076	468826	349707	4126	468990	350030	4176	468869	351170
4027	468667	349978	4077	468828	349721	4127	468991	350032	4177	468877	351191
4028	468673	349970	4078	468828	349732	4128	468998	350052	4178	468866	351216
4029	468675	349963	4079	468834	349748	4129	468982	350075	4179	468854	351242
4030	468679	349957	4080	468840	349766	4130	468975	350090	4180	468847	351252
4031	468682	349953	4081	468843	349774	4131	468984	350107	4181	468840	351281
4032	468690	349950	4082	468849	349786	4132	468990	350132	4182	468840	351300
4033	468693	349943	4083	468853	349796	4133	468998	350157	4183	468847	351312
4034	468699	349936	4084	468860	349778	4134	469003	350194	4184	468841	351336
4035	468700	349931	4085	468861	349761	4135	469003	350216	4185	468832	351354
4036	468703	349927	4086	468870	349748	4136	469006	350239	4186	468841	351376
4037	468705	349926	4087	468876	349752	4137	469006	350253	4187	468838	351393
4038	468711	349923	4088	468883	349763	4138	469006	350261	4188	468826	351421
4039	468718	349922	4089	468883	349777	4139	468995	350284	4189	468816	351452
4040	468723	349912	4090	468884	349788	4140	468984	350292	4190	468816	351477
4041	468724	349903	4091	468894	349791	4141	468967	350303	4191	468816	351505
4042	468728	349897	4092	468908	349796	4142	468956	350325	4192	468807	351544
4043	468735	349896	4093	468919	349797	4143	468945	350350	4193	468804	351583
4044	468739	349885	4094	468922	349794	4144	468948	350378	4194	468809	351612
4045	468738	349875	4095	468923	349788	4145	468955	350404	4195	468798	351634
4046	468729	349867	4096	468924	349773	4146	468970	350423	4196	468785	351662
4047	468726	349853	4097	468927	349766	4147	468982	350454	4197	468779	351682
4048	468734	349851	4098	468932	349774	4148	468982	350486	4198	468765	351718
4049	468741	349845	4099	468933	349784	4149	468972	350503	4199	468759	351758
4050	468743	349836	4100	468923	349797	4150	468955	350531	4200	468760	351801

---

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
4201	468757	351819	4251	468968	352763
4202	468748	351896	4252	468984	352773
4203	468746	351933	4253	469001	352780
4204	468726	351994	4254	469026	352787
4205	468709	352033	4255	469023	352782
4206	468689	352067	4256	469026	352759
4207	468680	352090	4257	469027	352745
4208	468666	352145	4258	469043	352742
4209	468655	352186	4259	469059	352746
4210	468652	352219	4260	469076	352752
4211	468656	352255	4261	469085	352740
4212	468666	352278	4262	469104	352731
4213	468686	352303	4263	469122	352720
4214	468709	352339	4264	469135	352706
4215	468705	352376	4265	469156	352690
4216	468706	352380	4266	469173	352686
4217	468712	352388	4267	469177	352698
4218	468722	352400	4268	469173	352717
4219	468729	352412	4269	469161	352743
4220	468746	352417	4270	469150	352765
4221	468759	352423	4271	469151	352766
4222	468773	352428			
4223	468773	352447			
4224	468773	352465			
4225	468760	352493			
4226	468746	352516			
4227	468742	352540			
4228	468742	352558			
4229	468732	352579			
4230	468725	352596			
4231	468705	352605			
4232	468691	352614			
4233	468703	352630			
4234	468723	352644			
4235	468745	352661			
4236	468762	352665			
4237	468782	352676			
4238	468804	352681			
4239	468816	352687			
4240	468827	352698			
4241	468844	352707			
4242	468861	352711			
4243	468880	352706			
4244	468891	352690			
4245	468903	352695			
4246	468917	352698			
4247	468934	352706			
4248	468944	352717			
4249	468953	352737			
4250	468961	352760			



## FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðila- og eigendaskrá**
- III. Skjalaskrá**
- IV. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd**  
*Sjá bls. 343*



## ÞJÓÐLENDULÍNA - Mál nr 5




- Krafa fjármálaráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendumörk.
- Kröfur ýmissa aðila um eignarréttindi (aðalkrafa).
- Útlína jökuls skv. uppréttum Landsat-7 gervitunglamyndum og loftr.

Mismunur á jökulsvæði, eins og það er teiknað á kortgrunni, og úrskurðarlínu óbyggðanefndar, að því leyti sem hún fylgir jökuljaðri, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.



# 5/2003 Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra



Mörk þjóðlendu, skv. úrskurði  
óbyggðanefndar.

Mörk afréttareignar innan þjóðlendu  
skv. úrskurði óbyggðanefndar.



Landamerkjapunktur.

Dags. 13.9.2005  
Kortgrunnur ISSOR  
Mælikvarði: 1:100 000

Kortagerð: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur  
© Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02030013

## II. Aðila- og eigendaskrá

Þjóðlenda	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins.
Almenningur	Rangárþing eystra f.h. jarða, í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi sem ekki lýsa kröfum vegna Steinholts, Stakkholts og Merkurtungna.
Ásólfsskáli	Katrín Birna Viðarsdóttir
Ásólfsskáli	Sigurður Grétar Ottósson
Björnskot	Guðlaugur S. Einarsson
Björnskot	Sigríður Sigurbjörnsdóttir
Björnskot	Sigrún Sævarsdóttir
Borgartungur	Sigurður Björgvinsson
Borgartungur	Rangárþing eystra f. h. annarra eiganda
	Stóru-Borgar en Sigurðar Björgvinssonar
Dalskot	Fríða Björk Hjartardóttir
Dalskot	Ragnar M. Lárússon
Drangshlíð I	Ólafur Tómasson
Drangshlíð II	Ólafur S. Gunnarsson
Drangshlíðardalur	Ingólfur Björnsson
Efsta-Grund	Karl Sigurjónsson
Eystri-Skógar	Sigríður Jónsdóttir
Goðaland	Prestsetrasjóður vegna Breiðabólstaðar
Goðaland	Rangárþing eystra f.h. allra lögbýla undir Austur-Eyjafjöllum
Goðaland	Rangárþing eystra f.h. sjálfs sín
Goðaland	Rangárþing eystra f.h. eiganda jarða sem voru konungseign í Eyjafjallasveit árið 1588.
Hólatungur	Gunnar Sigurðsson vegna Eyvindarhóla.
Hólatungur	Rangárþing eystra vegna annarra eigenda Eyvindarhóla en Gunnars Sigurðssonar
Hellnahóll	Eyja Þóra Einarsdóttir
Hellnahóll	Jóhann Geir Frimannsson
Hrútaföll I	Ármann Fannar Magnússon
Hrútaföll II	Ármann Fannar Magnússon
Indriðakot	Ingibjörg Hildur Jónsdóttir
Indriðakot	Lárus Ágústsson
Merkurtungur	Sveinbjörn Jónsson og Sigrún Árnadóttir vegna Stóru-Merkur I
Merkurtungur	Úlfar Brynjólfsson vegna Stóru-Merkur II
Merkurtungur	Ásgeir Árnason og Guðbjörg Árnadóttir vegna Stóru-Merkur III
Mið-Grund	Bára Guðmundsdóttir
Mið-Mörk	Ásta Sveinbjörnsdóttir
Mið-Mörk	Gísli Sveinbjörnsson
Mið-Mörk	Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir
Mið-Mörk	Guðmundur Sveinbjörnsson
Mið-Mörk	Guðrún Sveinbjörnsdóttir
Mið-Mörk	Sigurbjörn Sveinbjörnsson
Mið-Mörk	Sigurjón Sveinbjörnsson
Mið-Mörk	Sæmundur Sveinbjörnsson

Mið-Skáli I	Guðmundur Jón Viðarsson
Mið-Skáli II	Guðlaugur Einarsson
Mið-Skáli II	Guðmundur Jón Viðarsson
Mið-Skáli II	Guðmundur Guðmundsson
Mið-Skáli III	Guðlaugur Einarsson
Mið-Skáli III	Guðmundur Viðarsson
Mið-Skáli III	Guðmundur Jón Einarsson
Moldnúpur	Eyja Þóra Einarasdóttir
Moldnúpur	Jóhann Geir Frímansson
Múlatungur	Rangárþing eystra f. h. eiganda Eyvindarmúlatorfu
Núpakot	Árni Gunnarsson
Núpakot	Guðlaug Þorvaldsdóttir
Núpur I	Guðmundur Ragnarsson
Núpur II	Rangárþing eystra
Núpur III	Guðmundur Guðmundsson
Núpur III	Berglind Hilmarsdóttir
Ormskot	Ólafur Sigþórsson
Rauðafell I	Ástþór Tryggvason
Rauðafell II	Þorsteinn Jónsson
Rauðafell III	Finnur Tryggvason
Raufarfell I	Anna Björk Ólafsdóttir
Raufarfell I	Kristinn Stefánsson
Raufarfell II	Bjarni Þorvaldsson
Raufarfell II	Guðni Þorvaldsson
Raufarfell III	Anna Björk Ólafsdóttir
Raufarfell III	Kristinn Stefánsson
Raufarfell IV	Bjarni Þorvaldsson
Raufarfell IV	Guðni Þorvaldsson
Raufarfell IV	Sigríður Magnúsdóttir
Rimhús	Bára Guðmundsdóttir
Seljavellir	Grétar Óskarsson
Selkot	Kolbeinn Gissurarson
Skarðshlíð I	Ólafur Tómasson
Skarðshlíð II	Kristín Hróbjartsdóttir
Skarðshlíð II	Kristín Jónsdóttir
Skarðshlíð II	Tómas Jónsson
Skarðshlíð III	Kristín Jónsdóttir
Skálakot	Guðmundur Jón Viðarsson
Skógafjall	Héraðsnefnd Rangárvallasýslu vegna Ytri-Skóga
Skógafjall	Héraðsnefnd Vestur Skaftafellssýslu vegna Ytri-Skóga
Skógafjall	Sigríður Jónsdóttir vegna Eystri-Skóga
Stakkholt	Rangárþing eystra f. h. eiganda Hamragarða, Syðstu-Merkur og jarða í Stóradalstorfu
Steinsholt	Baldur Björnsson vegna Fitjarmýrar
Steinsholt	Ólafur Baldursson vegna Fitjar
Steinsholt	Sigurjón Sveinsson vegna Mið-Merkur
Stóra-Mörk I	Sveinbjörn Jónsson
Stóra-Mörk I	Sigrún Erla Árnadóttir

Stóra-Mörk II	Úlfar Brynjólfsson
Stóra-Mörk III	Ásgeir Árnason
Stóra-Mörk III	Guðbjörg Árnadóttir
Stóri-Dalur	Fríða Björk Hjartadóttir
Stóri-Dalur	Ragnar M. Lárusson
Syðsta-Grund	Lárus Hjaltsted
Syðsta-Mörk	Björgvin Guðjónsson
Teigstungur	Rangárþing eystra f. h. eiganda Teigstorfu í Fljótshlíð
Vallnatún	Karl Sigurjónsson
Vallnatún	Lárus Hjaltsted
Varmahlíð	Anna Birna Þráinsdóttir
Varmahlíð	Sigurður Jónsson
Ysti-Skáli II	Guðlaugur Einarsson
Ysti-Skáli IV	Guðlaugur Einarsson
Ytri-Skógar	Héraðsnefnd Rangárvallasýslu
Ytri-Skógar	Héraðsnefnd V-Skaftafellssýslu
Þorvaldseyri	Ólafur Eggertsson
Þórsmörk	Prestsetrasjóður vegna Odda og Holts
Þórsmörk	Rangárþing eystra f.h. eiganda Ásólfskirkju, Stóradalskirkju og jarða í Fljótshlíð austan Breiðabólsstaðartorfu

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Vestur-Eyjafjallahrepps og Þórsmerkursvæðisins:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Vestur-Eyjafjallahreppi (mælikvarði 1:50.000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5) Um Þuridarstaði og Húsadal. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1. bindi, bls. 101-102.)
- 1(6) Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Neðri-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 22.5.1890.
- 1(7) Landamerkjalyfing fyrir jörðinni Hamragörðum í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 1.6.1893.
- 1(8) Landamerkjalyfing fyrir Seljalandi og Tjarnalandi, dags. 23.5.1890.
- 1(9) Landamerki jarðarinnar Fitjar í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 24.5.1892.
- 1(10) Skrásetning yfir landamerki Sauðhúsvallar í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 11.6.1892.
- 1(11) Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur Hvamms undir Eyjafjöllum, dags. 30.3.1886.
- 1(12) Landskipti Stóradalstorfu í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 21.6.1969.
- 1(13) Landskipti Seljalands, dags. 10.7.1958.
- 1(14) Landskipti á Eystra-Seljalandi og Seljalandi, dags. 29.4.1985.
- 1(15) Landskipti milli Fitjar og Fitjarmýrar, dags. 4.11.1954.
- 1(16) Landskipti á Núpi í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 22.6.1963.
- 1(17) Landskipti á Mið-Skála, dags. 15.10.1954.
- 1(18) Landskipti á Mið-Skála I-III, dags. 25.6.1985.
- 1(19) Landskipti á Ásólfsskálatorfu í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.10.1948.
- 1(20) Landskipti á áður óskiptu landi Holtstorfu og Varmahlíðar, dags. 6.5.1948.
- 1(21) Greinargerð fjármálaráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins, dags. 13.3.2003.

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Austur-Eyjafjallahrepps:

- 2 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 2(1) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Austur-Eyjafjallahreppi (Mælikvarði 1:50 000).
- 2(2) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 2(3) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 2(4) Uppskrift af vísitasiu Brynjólfs biskups Sveinssonar að Steinum undir Eyjafjöllum 1641.
- 2(5) Landamerki jarðarinnar Steina í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 1.3.1887.
- 2(6) Landamerkjalyfing fyrir jörðinni Hlíð í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 6.5.1890.
- 2(7) Landskipti á Steinum, dags. 1.7.1954.
- 2(8) Landskipti Lambafellstorfu, dags. 5.6.1973.
- 2(9) Landskiptagjörð milli Raufarfells og Selkots, dags. 13.4.1967.
- 2(10) Landskipti Raufarfells, dags. 12.5.1968.

- 2(11) Landskipti Rauðafellstorfu, dags. 24.4.1972.  
 2(12) Landskipti í Hrútafellslandi, dags. 2.7.1954.  
 2(13) Landskipti í Drangshlíð, dags. 15.6.1977.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 3 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

*Landamerkjalyðsingar úr landamerkjabókum:*

- 3(1) Núpakot í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 1.3.1887.  
 3(2) Svaðbæli í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 1.3.1887.  
 3(3) Landamerkjasátt milli jarðanna Hlíðar, Þorvaldseyrar og Núpakots í Austur- Eyja-  
 fjallahreppi, dags. 29.6.1968.  
 3(4) Lambafell í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 11.6.1892.  
 3(5) Raufarfell í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 16.3.1886.  
 3(6) Rauðafell í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 1.3.1887.  
 3(7) Hrútafell í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.5.1886.  
 3(8) Skarðshlíð og Drangshlíð í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 28.12.1885.  
 3(9) Drangshlíð í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 28.12.1885.  
 3(10) Drangshlíð í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 28.12.1885.  
 3(11) Merki Skógafjalls og Hvítmögu, dags. 14.6.1885.  
 3(12) Ytri-Skógar í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 22.5.1886.  
 3(13) Eystri-Skógar í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 9.11.1885.  
 3(14) Eystri-Skógar í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.12.1885.  
 3(15) Takmörk almenninga í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.5.1892.  
 3(16) Steinsholt í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.5.1892.  
 3(17) Þórsmörk, dags. 2.5.1892.  
 3(18) Stóra-Mörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 27.8.1887.  
 3(19) Mið-Mörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 17.5.1890.  
 3(20) Syðsta-Mörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 12.5.1890.  
 3(21) Stóradalstorfa, þar með Stóri-Dalur, Dalskot og Eyvindaholt í Vestur-  
 Eyjafjallahreppi, dags. 12.5.1888.  
 3(22) Landamerkjasátt milli jarðanna Hamragarðs og Seljalands, dags. 24.9.1932.  
 3(23) Yztiskáli í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.5.1890.  
 3(24) Skýring á landamerkjum milli jarðanna Yztaskála og Mið-Skála í Vestur-  
 Eyjafjallahreppi, dags. 25.5.1912.  
 3(25) Mið-Skáli í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 20.5.1887.  
 3(26) Ásólfsskáli ásamt hjáleigunum: Skálakofa, Moldnúp, Rimhúsum og Björnskoti í  
 Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 17.5.1890.  
 3(27) Holt með hjáleigum: Hellnahóli, Brennu, Efstakoti, Efstugrund, Miðgrund og Syðstu-  
 grund, og kirkjugörðunum Barmahlíð, Ormskoti, Vallnatúni, Gerðakoti og Indriðakoti  
 í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 10.5.1890.  
 3(28) Goðaland í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. í maímánuði 1891.  
 3(128) Hrútafell, Skarðshlíð og Drangshlíð. Landsyfirréttardómur, dags. 2.4.1913.  
 3(130) Eyvindahólar í Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 14.1.1885.  
 3(131) Stóra-Borg í Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 25.2.1886.  
 Skjöl nr. 1(7)-1(21) og 2(5)-2(6) falla einnig undir flokkinn „landamerkjalyðsingar úr  
 landamerkjabókum“.  
 3(171) Teigsland í Fljótshlíðarhreppi ásamt hjáleigum, dags. 14.5.1890.

- 3(172) Eyvindarmúlaland í Fljótshlíð, dags. 1.6.1891.  
 3(173) Breiðabólstaður í Fljótshlíð, dags. í maí 1891.  
 3(177) Fljótsdalur í Fljótshlíð, dags. 24.5.1890.  
 3(178) Barkarstaðarland í Fljótshlíð, dags. 30.6.1888.  
 3(185) Oddi á Rangárvöllum, dags. 22.5.1890.  
 3(189) Landamerkjabréf Sauðhúsvallar, dags. 11.6.1892.  
 3(190) Vatnsdalur í Fljótshlíð, dags. 11.12.1886.  
 3(191) Efra Holt, dags. 22.9.1885.  
 3(192) Hlíð, dags. 6.5.1890.  
 3(193) Voðmúlastaðir, dags. 23.6.1892.  
 3(194) Miðbæli, dags. 15.3.1886.  
 3(195) Ystabæli, dags. 15.3.1886.  
 3(196) Bakkakot, dags. 16.3.1886.  
 3(197) Fitjamýri, dags. 25.5.1892.

*Kirknaskjöl úr Rangárvallasýslu:*

- 3(170) a-b Skýrsla Tómasar Sæmundssonar til biskups um Breiðabólstaðarbrauð í júní 1839, ásamt uppskrift að hluta.  
 3(186) a-b Þinghald að Holti vegna Goðalands og kröfu prestsins að Breiðabólstað, dags. 15.6.1720, ásamt uppskrift.

*Vísitasíubækur biskupa:*

- 3(29) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Skógum undir Eyjafjöllum 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8, bls. 163).  
 3(30) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Hólum (þ.e. Eyvindarhólum) undir Eyjafjöllum 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8, bls. 164).  
 3(31) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Borg (þ.e. Stóruborg) undir Eyjafjöllum 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8, bls. 166).  
 3(32) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Miðbæli undir Eyjafjöllum 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8, bls. 168).  
 3(33) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Holti undir Eyjafjöllum 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. II. A, 8, bls. 170-171).  
 3(34) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Odda 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7, bls. 48).  
 3(35) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Holti undir Eyjafjöllum 1662, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7, bls. 146 og 148).  
 3(36) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Miðbæli undir Eyjafjöllum 1662, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7, bls. 155).  
 3(37) (a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Eyvindarhólum 1662, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 7, bls. 158).  
 3(38) (a-b) Vísitasía Jóns Vídalíns að Breiðabólstað í Fljótshlíð 1704, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 14, bls. 157-159).  
 3(39) (a-b) Vísitasía Jóns Vídalíns að Odda 1704, ásamt uppskrift. (Bps. A. II, 14, bls. 180-181).  
 3(40) (a-b) Vísitasía Jóns Vídalíns að Miðbæli 1704, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 14, bls. 183).  
 3(41) (a-b) Vísitasía Jóns Vídalíns að Holti undir Eyjafjöllum 1704, ásamt uppskrift að hluta. (Vps. A. II, 14, bls. 185).

- 3(42) (a-b) Vísitasía Ólafs Gíslasonar að Holti 1752, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 19, bls. 114-115).
- 3(43) (a-b) Vísitasía Finns Jónssonar að Eyvindarhólum 1757, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 21, bls. 121).
- 3(129)(a-b) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Oddstaðar kirkju 1662, ásamt uppskrift að hluta. (Bps A. II 7 bls. 132, 134, 135).
- 3(133) Vísitasía Brynjólfs Sveinssonar að Borg undir Eyjafjöllum. (Bps. A. II, 11). Skjal nr. 2(4) fellur einnig undir flokkinn „vísitasíubækur biskupa“.

*Skjalasöfn presta og prófesta:*

- 3(174) a-b Lögfesta Ytri-Sólheima 1789, ásamt uppskrift að hluta. (Sólheimaskjöl)

*Jarðamatsskjöl úr Rangárvallasýslu:*

- 3(176) Ljósrit úr Gerðabók fasteignamatnefndar frá 1916-1918. Sjá nánari lýsingu í skilabréfi Þjóðskjalasafnsins.

*Jarðaskjöl:*

- 3(44) (a-b) Drangshlíð. Bréf um Drangshlíð, Skarðshlíð og Ytri-Skóga 1777, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(45) (a-b) Lögfesta Merkihvolslandamerkja 1803, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(46) (a-b) Mið-Mörk og Syðsta-Mörk. Tilvísun til sáttabókar Vestur-Eyjafjallahrepps. Sáttagerð um landamerki samkvæmt bréfi frá 1599, gerð 31.10.1818, ásamt uppskrift.
- 3(47) (a-b) Núpur og Yztiskáli. Tilvísun til sáttabókar Eyjafjallahrepps. Sátt um landamerki 7.5.1839, ásamt uppskrift.
- 3(48) (a-b) Stóra-Mörk. Lögfesta 1741, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(49) (a-b) Galtalækur á Landi og Stóri-Dalur, Neðri-Dalur og Syðsta-Mörk undir Eyjafjöllum. Lýsing landamerkja 25.1.1608. Apogr. A.M. 5247. Uppskrift staðfest 31.1.1929 af Hannesi Þorsteinssyni og Vilhelm Jakobssyni, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(50) (a-b) Stóri-Dalur, Neðri-Dalur, Stóradalskirkja, Stóra-Mörk. Vitnisburður um landamerki og ítök frá 1599 og vitnisburður um lestur tveggja bréfa, 15.2.1614. Apogr. A.M. 514. Uppskrift staðfest 30.1.1929 af Hannesi Þorsteinssyni og Vilhelm Jakobssyni, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(51) (a-b) Stóri-Dalur. Lögfesta P. Guðmundssonar á Bakkahjáleigu í Austur-Landeyjum 31.8.1795, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(52) Landamerki Drangshlíðar og Skarðshlíðar, um 1870. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalyásingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(53) Landamerki Raufarfells, um 1870. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalyásingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(54) Landamerki Rauðafells, um 1870. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalyásingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(55) Lögfesta Lambafells, útdráttur, 4.5.1607. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalyásingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(56) Landamerki Steina eftir lögfestu 15.6. 1798. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur,



- landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(57) Lögfesta Steina 15.7.1798. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(58) Áreið á merki Holts og Ásólfsskála, dags. 24.4.1850, og sagt frá merkjaþúfugerð 1853. Tekið úr kveri sem inniheldur, lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(59) Lögfesta Núps, 25.7.1842. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(60) Landamerki Yztaskála, 7.5.1839. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(61) Lögfesta Sauðhússvallar, 4.7.1776. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(62) Lögfesta Seljalands, dags. 8.6.1831. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(63) Lögfestur Stóra-Dals frá 19.12.1665. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(64) Lögfestur Stóra-Dals, dags. 16.12.1665, 31.8.1795 og 31.5.1820. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(65) Lögfesta og máldagi jarðanna Neðra-Dals og Hamragarða, dags. 8.6.1816. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(66) Lögfesta Syðstu-Merkur, dags. 29.5.1815. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(138) Lögfesta Stóru-Merkur, dags. 3.6.1833. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(67) Landamerki Rauðafells, um 1850. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(68) Landamerki Raufarfells, um 1850. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(69) Dómur um landamerki Eystri- og Ytri-Skóga 1768? Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrútafelli, árið 1909.
- 3(70) Lögfesta Eystri-Skóga, dags. 22.11.1839. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur,

- landamerkjalyýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli, árið 1909.
- 3(71) Landamerki Hrutafells og Drangshlíðar (Skarðshlíðar) um 1790-1909. Tekið úr kveri sem inniheldur lögfestur, landamerkjalyýsingar og dóma, skrifað af Einari Þorkelssyni. Kverið er skrifað upp eftir bók sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli, árið 1909.
- 3(72) a-b Skjal um Grænafjall, Þórsmörk og Langanes, dags. 11.9.1753, ásamt uppskrift.
- 3(137) Lögfestur, landamerkjalyýsingar og dómur úr kveri sem var í eigu Brynjólfs Tómassonar á Hrutafelli, árið 1909, ásamt efnisyfirliti.

*Kirknaskjöl:*

- 3(73) (a-b) Leiga Vigfúsar Þórarinssonar á afréttinum í Þórsmörk árið 1813, ásamt uppskrift að hluta (3 skjöl).
- 3(74) (a-b) Lögfesta Holts, dags. 2.5.1650, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(75) (a-b) Lögfesta Holts 1741, ásamt uppskrift.
- 3(76) (a-b) Lögfestur Holts 1745, 1746, 1749, 1751 og 1751, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(77) (a-b) Lögfesta Holts 1801, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(78) (a-b) Lögfesta Holts 1825, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(79) (a-b) Lögfesta Holts 1832, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(80) (a-b) Dómur um óheimila brúkun skóga Holtsstaðar, dags. 19.6.1676, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(81) (a-b) Lögfesta Þórsmarkurskóga 1772, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(82) (a-b) Lögfesta Þórsmarkurskóga og hálf Langaness 1819, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(83) (a-b) Mótmæli Fljótshlíðinga gegn lögfestu Björns Þorvaldssonar í Holti á nýgræðuskógum í framanverðri Þórsmörk, dags. 28.5.1867, ásamt uppskrift að hluta. Útskrift úr afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu.
- 3(84) (a-b) Úttekt Ólafs Jónssonar fráfarandi prests á landmerkjum Mið-Merkur frá 8.6.1750.
- 3(85) (a-b) Sátt um landamerki Mið-Merkur og Syðstu-Merkur 31.10.1818 ásamt uppskrift að hluta. Útskrift úr sáttabók Vestur-Eyjafjallahrepps.
- 3(86) (a-b) Bréf eiganda Syðstu-Merkur til ábúanda Syðstu-Merkur, 28.10.1819, vegna kröfu prófasts í Rangárvallaprófastsdæmi um ógildingu sáttar um landamerki Mið- og Syðstu-Merkur, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(87) (a-b) Eignaskjalabók Holts undir Eyjafjöllum, ásamt uppskrift að hluta. Þar koma m.a. fram lögfestur á heimalandi Holtsstaðar og skógaritök Holtskirkju í Þórsmörk. Sjá nánari útlitun í skilabréfi Þjóðskjalasafns.

*Jarðamatsskjöl:*

- 3(88) Gerðabók jarðamatsnefndar 1849.
- 3(89) Fasteignamat 1916-1918. (Bls. 178-179, 181-187, 192-214, 217-220, 223-224).
- 3(90) (a-b) Jarðamat 1802-1804, ásamt uppskrift að hluta.

*Skjöl varðandi búsetu í Húsadal í Þórsmörk:*

- 3(91) (a-b) Bréf Vigfúsar Þórarinssonar, sýslumanns í Rangárvallasýslu, til stiftamtmanns, dags. 2.3.1801 um nýbýli í Þórsmörk, ásamt uppskrift. Skjalasafn stiftamtmanns III, 127.
- 3(92) (a-b) Svarbréf amtmanns í suðuramti, Ólafs Stefánssonar, til Vigfúsar Þórarinssonar, dags. 15.4.1801, ásamt uppskrift. Suðuramts bréfabók 1799-1803, bls. 220-221.
- 3(93) (a-b) Í sóknarmannatali Fljótshlíðarþinga, Eyvindarmúlasókn, í nóvember 1802 er talið heimilisfólkið í Húsadal. Fljótshlíðarþing BC/1, ásamt uppskrift.

3(94) (a-b) Í prestþjónustubók Fljótshlíðarþinga segir m.a. frá skírn barns í Húsadal árið 1802. Fljótshlíðarþing BA/1, ásamt uppskrift.

*Skjöl skráð í afsals- og veðmálabækur:*

- 3(95) (a-b) Lögfesta fyrir hálfri Þórsmörk, gerð af Gísla Þórarinssyni, presti í Odda, 14.6.1970 ásamt uppskrift að hluta. Innfærð í skjalabók Oddastaðar (Oddi AA/1), bls. 2002-2004.
- 3(96) (a-b) Lögfesta Lambafells undir Eyjafjöllum frá 4.5.1607 ásamt uppskrift að hluta.
- 3(97) Lögfesta Núpakots, eignarjarðar Steinakirkju, 4.6.1866. (Rang. DB/1, nr. 30).
- 3(98) Lögfesta skógaritaka Holtskirkju í Þórsmörk „(og máské Almenníngum)“, 7.5.1867.
- 3(99) Mótmæli Fljótshlíðinga gegn lögfestu Holtsprests á skógaritökum í Þórsmörk, dags. 28.5.1867. (Rang. DB/1, nr. 42.)
- 3(100) Lögfesta Svaðbælis (= Þorvaldseyrar), 7.5.1867. (Rang. DB/1, nr. 50.)
- 3(101) Yfirlýsing eigenda Stóru-Merkur um, að enginn skógur sé í landi jarðarinnar, og þeir lýsa „yfir algjörðu skógarnámi á nefndri eignarjörð okkar“ dags. 16.5.1877. Yfirlýsingin er staðfest af ábúendum Syðstu- og Mið-Merkur. (Rang. DB/1, nr. 256.)
- 3(102) Forboð eigenda Drangshlíðar, Drangshlíðardals, Skarðshlíðar og Hrutáfells gegn upprekstri í heiðarland jarðanna, milli Kaldaklofsár og Skógaár, dags. 31.5.1894. (Rang. DB/2, nr. 126.)
- 3(103) Afsalsbréf fyrir 3/4 hlutum úr Eyvindarmúla, með skógarítaki og fjárbeit á Þórsmörk, dags. 9.1.1901. (Rang. DB/2, nr. 60.)
- 3(104) Samningur um skipti Skógafjalls og landamerki Eystri- og Ytri-Skóga, dags. 14.12.1899. Rang. DB/2, nr. 134. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 6.
- 3(105) Yfirlýsing eigenda og ábúenda Drangshlíðar og Skarðshlíðar um merki móti Hrutáfelli, dags. 1.6.1907. (Rang. DB/2, nr. 321). Sjá nánari útskýringar í skilabréfi Þjóðskjalasafns.
- 3(106) Kaupsamningar og afsöl fyrir hlutum í Kirkjulæk í Fljótshlíð, dags. 7.3.1914 og 6. og 17.10.1912, þar sem fylgja skógarítak og vetrarþing á Þórsmörk. (Rang. DB/3, nr. 263 og 264).
- 3(132) Afsal fyrir Eyvindahóla, dags. 20.10.1916.
- 3(139) Veðbókarvottorð Ytri skóga (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(140) Veðbókarvottorð Drangshlíðar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(141) Veðbókarvottorð Skarðshlíðar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(142) Veðbókarvottorð Hrutáfells (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(143) Veðbókarvottorð Raufarfells eystra (Rauðafell I-IV) (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(144) Veðbókarvottorð Raufarfells ytra (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(145) Veðbókarvottorð Selkots (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(146) Veðbókarvottorð Stóruborgar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(147) Veðbókarvottorð Svaðbælis/Þorvaldseyrar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(148) Veðbókarvottorð Ásólfsskála (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(149) Veðbókarvottorð Skálakots (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(150) Veðbókarvottorð Moldanúps (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(151) Veðbókarvottorð Bjarnarkots (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(152) Veðbókarvottorð Rimahúss (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(153) Veðbókarvottorð Mið-Skála (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(154) Veðbókarvottorð Aurgötu (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).
- 3(155) Veðbókarvottorð Núps (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).

- 3(156) Veðbókarvottorð Fitjarmýrar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(157) Veðbókarvottorð Brúna (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(158) Veðbókarvottorð Hamragarða (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(159) Veðbókarvottorð Borgareyra (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(160) Veðbókarvottorð Steinmóðsbæjar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(161) Veðbókarvottorð Dalsels (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(162) Veðbókarvottorð Dalskots (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(163) Veðbókarvottorð Stóra-Dals (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(164) Veðbókarvottorð Syðstu Markar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(165) Veðbókarvottorð Stóru Markar (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(166) Veðbókarvottorð Neðri-Dals (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(167) Veðbókarvottorð Núpakots (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(168) Veðbókarvottorð Eyvindarmúla (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).  
 3(169) Veðbókarvottorð Teigs (veðmálaregistra Rangárvallasýslu 1839-1930).

*Sáttaskjöl:*

- 3(107)(a-b) Sátt um landamerki Syðstu- og Mið-Merkur, dags. 31.10.1818, ásamt uppskrift að hluta. Sáttabók Út-Eyjafjalla 1807-1833, bls. 21.
- 3(108) Sátt vegna óleyfilegrar kolagerðar og viðartöku nokkurra bænda inni á afrétti Eyfellinga á móti amtsboði og margítrekaðra lögfesta, dags. 13.9.1821. Sáttabók Út-Eyjafjalla 1807-1833, bls. 36-38. Sjá nánari útskýringar í skilabréfi Þjóðskjalasafns.
- 3(109)(a-b) Sáttagerð um merki Yztaskála og Núps, dags. 7.5.1839, ásamt uppskrift að hluta. Sáttabók Vestur-Eyjafjallahrepps 1834-1882.
- 3(110) Sátt um landamerki Svaðbælis og Núpakots, dags. 31.10.1876. Sáttabók Vestur-Eyjafjallahrepps 1834-1882.
- 3(111)(a-b) Sátt um Drangshlíðardal og heiði, dags. 8.5.1804. Sáttabók Rangárvallasýslu 1800-1804, ásamt uppskrift að hluta.

*Dóma- og þingbækur úr Rangárvallasýslu:*

- 3(112)(a-b) Lögfestur Oddaprests fyrir hálfri Þórsmörk, Fljótshlíðinga fyrir afrétti í Þórsmörk, bænda í Stóru-Mörk fyrir Stóru-Mörk og Holtsprests fyrir skógareign og ítökum Holtskirkju á Þórsmörk, ásamt uppskrift að hluta. Voru lesnar á manntalsþingi að Holti undir Eyjafjöllum 1790. (Rang. V, 1. Dóma- og þingbók 1787-1792)
- 3(113)(a-b) Kæra vegna heimildarlauss skógarhöggs í Þórsmörk 1877, ásamt uppskrift. (Rang. V, 15. Dóma og þingbók 1872-1880)
- 3(114) Deila milli umráðamanna Ytri- og Eystri-Skóga um rétt til Skógafjalls 1894-1895. (Rang. V, 19. Dóma- og þingbók 1893-1895)
- 3(115) a-b Landamerkjadeila milli eigenda Skarðshlíðar, Drangshlíðar og Drangshlíðardals annars vegar og eigenda Hrutafells og Hrutafellskots hins vegar 1909-1910, ásamt uppskrift að hluta. (Rang. V, 23 og 24. Dóma- og þingbækur 1907-1909, 1909-1914).

*Brauðamöt:*

- 3(116)(a-b) Mat Holts undir Eyjafjöllum, ásamt uppskrift að hluta. Skjalasafn biskups (Bps. C. V, 59 B), úr bréfi prófasts, dags. 7.9.1839. Sjá nánari útskýringu í skilabréfi Þjóðskjalasafns.
- 3(117) Dalsþing (Mið-Mörk). Skjalasafn biskups (Bps. C. V, 59 B) úr bréfi prófasts, dags. 7.9.1839. Sjá nánari útskýringu í skilabréfi Þjóðskjalasafns.
- 3(118)(a-b) Brauðamat Eyvindarhóla 1855, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. C. V, 60 B).

- 3(119)(a-b) Brauðamat Holts 1855, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. C. V, 60 B).
- 3(120)(a-b) Brauðamat Mið-Merkur (prestssetur í Dalsþingum), 1855, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. C. V, 60 B).
- 3(121)(a-b) Brauðamat Breiðabólstaðar í Fljótshlíð 1855, ásamt uppskrift. (Bps. C. V, 60 B).
- 3(122) Brauðamat Odda á Rangárvöllum 1855, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. C. V, 60 B).
- 3(123)(a-b) Brauðamat Eyvindahóla 1867, ásamt uppskrift að hluta. (Íslenzka stjórnardeildin B. IV, 1).
- 3(124)(a-b) Brauðamat Holts 1867, ásamt uppskrift að hluta. (Íslenzka stjórnardeildin B. IV, 1).
- 3(125)(a-b) Brauðamat Dalsþing 1867, ásamt uppskrift að hluta. (Íslenzka stjórnardeildin B. IV, 1).
- 3(126)(a-b) Brauðamat Breiðabólstaðar í Fljótshlíð 1867, ásamt uppskrift að hluta. (Íslenzka stjórnardeildin B. IV, 1).
- 3(127)(a-b) Brauðamat Odda á Rangárvöllum, skýrslur presta 1867, ásamt uppskrift að hluta. (Íslenzka stjórnardeildin B. IV, 1).

*Skjalasöfn presta og prófasta:*

- 3(136) Breiðabólstaður í Fljótshlíð. (AA/2. Kirkjustóll 1752-1851, bls.142-144).

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns, landshöfðingja og Stjórnarráðs Íslands:

- 3(134) Skjöl varðandi sölu á Eystri-Skógum undir Eyjafjöllum frá 1915-1918. (Stjr. Ísl. I, Db. 6, nr 78) (Ekki varð af sölunni).
- 3(135) Skjöl varðandi sölu á Varmahlíð, 1925. (Stjr. Ísl. I, Db. 6, nr. 78 og Landbúnaðarráðuneytið BA/320).

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 3(179) „Um Þórsmörk“. Greinargerð Oddgeirs Guðjónssonar í Tungu (skjal fengið frá Skógrækt ríkisins).
- 3(180) Bréf biskups, Jóns Helgasonar, til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 22.2.1927.
- 3(181) Bréf skógræktarstjóra til Stjórnarráðsins, dags. 28.12.1926.
- 3(182) Bréf sýslumanns í Rangárvallasýslu til skógræktarstjóra, dags. 9.12.1926.
- 3(183) Bréf biskups til prófests í Rangárvallaprófastsdæmi, dags. 22.2.1922, og til Sveinbjarnar Högnasonar, Laufási, sama dag, varðandi veitingu Breiðabólstaðar og beitarítak á Goðalandi.
- 3(175) Bréfaskipti vegna leigu Oddaprestakalls á beitarítaki í Þórsmörk, 1918.
- 3(184) Skógar Breiðabólstaðar í Fljótshlíð ásamt örnefnum í Þórsmörk og Goðalandi að efni til frá um 1630.
- 3(187) Lýsing á ítökum kirkna undir Eyjafjöllum (þ.e. Eyvindahóla-, Ásólfsskála- og Stóradsalskirkna) og Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, 1953.
- 3(188) Samningur Landgræðslu ríkisins við sveitarstjórn Vestur-Eyjafjallahrepps, dags. 26.4.1990.
- 4 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 14.2.2003.
- 4(1) Kaupbréf á 16 hundruðum í jörðinni Mið-Skála, dags. 30.6.1669.
- 4(2) Kaupbréf á hálfri jörðinni Mið-Skála, dags. 19.6.1674.
- 5 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags 3.7.2003.

*Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni:*

- 5(1) Máldagar kirknanna í Miðarnarbæli og Ásólfsskála hinum austasta [1179]. Fram kemur m.a. að greidd var tíund til Miðarnarbælis frá Raufarfelli hinu vestra (l. b., bls. 255-256).

- 5(2) Máldagi kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum [1270]. Fram kemur að kirkjan átti m.a. Varmahlíð og Garðshorn (Ormskot) (2. b., bls. 84-86).
- 5(3) Máldagar kirknanna í Holti, Ásólfskála, Dal og Mörk undir Eyjafjöllum [1332] (2. b., bls. 680-684).
- 5(4) Máldagi Nikulásarkirkju í Skógum [1332] (2. b., bls. 675-677).
- 5(5) Máldagi Mariukirkju í Borg undir Eyjafjöllum [1332] (2. b., bls. 678).
- 5(6) Máldagar kirknanna í Ásólfskála og Dal undir Eyjafjöllum [1371] (3. b., bls. 261-262).
- 5(7) Máldagi Péturskirkju í Dal undir Eyjafjöllum [1269] (3. b., bls. 1).
- 5(8) Úr Hítardalsbók frá um 1367. Fram kemur að þá var kirkja í Skógum, að Borg og Hlíðarenda (3. b., bls. 216).
- 5(9) Máldagar kirknanna í Skógum og Borg undir Eyjafjöllum [1371] (3. b., bls. 258-259).
- 5(10) Máldagi Þorlákskirkju að Hlíðarenda, 1397 (Vilkinsmáldagi) (4. b., bls. 69).
- 5(11) Kaupmálabréf Þorvarðs Loftssonar og Margrétar Vigfúsdóttur, 1436. Fram kemur að í kaupmála þeirra hafði Margrét jörðina Hlíðarenda í Fljótshlíð og þær jarðir, sem þar lágu nær, fyrir þrjú hundruð hundraða (360 hundruð) (4. b., bls. 562-563).
- 5(12) Skiptabréf eftir Þorvarð Loftsson á Möðruvöllum, 1446. Meðal þess, sem til skipta kom, voru Hlíðarendaeignir fyrir þrjú hundruð hundraða (360 hundruð) (4. b., bls. 677-679).
- 5(13) Kaupbréf um Stóra-Dal undir Eyjafjöllum, 1473 (5. b., bls. 724-725).
- 5(14) Vitnisburður um að Björn Snæbjarnarson hafi handsalað Finnboga Jónssyni kaup á hálfri jörðinni Héðinshöfða fyrir það andvirði sem hann mætti kjósa sér, 1474. M.a. kom til greina að hann fengi 20 hundraða part í jörðinni Eystra-Raufarfelli (5. b., bls. 752-753).
- 5(15) Dómur um Efradal, 1475 (5. b., bls. 802-804).
- 5(16) Ingibjörg Ólafsdóttir gefur í vald Gottskálks Hólabiskups 10 hundruð í Núpi undir Eyjafjöllum, 1451 (5. b., bls. 86).
- 5(17) Vitnisburður um að Sæmundur Hallsson hafi selt Gottskálki biskupi hálfra jörðina Núp undir Eyjafjöllum og fengið greitt fyrir, 1454 (5. b., bls. 122).
- 5(18) Vitnisburður Steinmóðar ábóta um að Sæmundur Hallsson og Ingibjörg Ólafsdóttir, móðir hans, hafi selt Gottskálki biskupi 20 hundruð í Núpi og kot þar nærri upp í próventu Ingibjargar, 1457 (5. b., bls. 156-157).
- 5(19) Máldagi Þorlákskirkju á Hlíðarenda [1480] (6. b., bls. 331-332).
- 5(20) Kaupmálabréf Sveins Sumarliðasonar og Guðríðar Finnbogadóttur, 1485. Fram kemur að Sveinn fékk til kaups og eiginorðs við Guðríði m.a. jarðirnar Dal og Mörk undir Eyjafjöllum (6. b., bls. 547-549).
- 5(21) Jón prestur Snorrason selur Magnúsi Áskelssyni 10 hundruð í Raufarfelli ytra, 1489 (6. b., bls. 675).
- 5(22) Máldagi Dalskirkju undir Eyjafjöllum [1491-1518] (7. b., bls. 39).
- 5(23) Hans konungur veitir Vigfúsi Erlendssyni að léni Skóga og Skógaeignir og einnig Merkureignir, 1505 (7. b., bls. 749-750).
- 5(24) Guðmundur Árnason selur Sigmundi Jónssyni hálfra jörðina Raufa(r)fell ytra undir Eyjafjöllum, 1494 (7. b., bls. 225-226).
- 5(25) Narfi priór í Skriðuklaustri gefur Vigfús bónda Erlendsson kvittan um andvirði jarðarinnar Ysta-Skála undir Eyjafjöllum, 1506 (8. b., bls. 116-117).
- 5(26) Virðingargerð á öllum eignum Vigfúsar Erlendssonar sem fallið höfðu börnum hans til erfða, 1521. Meðal eigna hans voru Hlíðarenda og Borg (8. b., bls. 794-799).
- 5(27) Skjöl um umboð Skógaeigna á tímabilinu 1522-1535 (9. b., bls. 105-107, 160-161, 492-495, 540-541, 624-625, 672-673, 678-679, 698-699, 706-709, 742-743).

- 5(28) Kristín Þórarinsdóttir greiðir Sigmundi Guðmundssyni syni sínum hálf þrettánda hundrað í jörðinni Sólheimum ytri í Mýrdal gegn tíu hundruðum í Ysta-Skála undir Eyjafjöllum, 1499 (9. b., bls. 432-433).
- 5(29) Ögmundur Pálsson Skálholtsbiskup fær séra Jóni Gíslasyni til fullrar eignar jarðirnar austasta Skála og Mið-Skála undir Eyjafjöllum fyrir jarðir í Biskupstungum [1526], (9. b., bls. 392-393).
- 5(30) Skjöl um Mörk og Merkureignir á tímabilinu 1522-1535 (9. b., bls. 86-88, 105-107, 160-161, 493-494, 540-541, 672-673, 678-679, 698-699, 707-708, 742-743).
- 5(31) Fjárskiptabréf milli Hólmsfríðar Erlendsdóttur og Eyjólfssonar, sonar hennar, og systkina hans, 1522. Fram kemur að Hólmsfríður fékk í sinn hlut m.a. Núp undir Eyjafjöllum fyrir 40 hundruð. Í bréfinu er getið um kirkju í Dal (9. b., bls. 86-88).
- 5(32) Ögmundur biskup Pálsson skipar Jóni bónda Hallssyni sýslumannsvald milli Þjorsár og Jökulsár á Sólheimasandi, 1536. Í því fólst m.a. forræði fyrir Skógum og Skógaeignum, Mörk og Merkureignum (10. b., bls. 74-75, 90-91, 109, 112-113).
- 5(33) Dómur sex presta um ákæru Ögmundar biskups Pálssonar á hendur Eyjólfssonar í Dal fyrir það að kirkjurnar í Dal undir Eyjafjöllum og á Höfðabrekku hefðu legið niðri í tíð hans sjálfs og föður hans, 1538 og 1539 (10. b., bls. 379-380, 401-403).
- 5(34) Gissur biskup Einarsson kvittar Önnu Vigfúsdóttur um reikningsskap kirkjunnar í Borg undir Eyjafjöllum, 1541 (10. b., bls. 658).
- 5(35) Máldagi Skógakirkju undir Eyjafjöllum 1553 (12. b., bls. 646).
- 5(36) Máldagar kirknanna í Holti, Ásólfsskála, Dal og Mörk undir Eyjafjöllum, 1552. Fram kemur að kirkjan átti Varmahlíð, skógarteiga í Þórsmörk og afrétt í Lambafelli (12. b., bls. 648-649).
- 5(37) Kirknaskrá frá um 1200. Fram kemur að þá voru kirkjur í Skógum, á Borg, í Holti, Ásólfsskála og Dal (12. b., bls. 6).
- 5(38) Skiptabréf Eyjólfssonar bónda Einarssonar í Stóra-Dal, 1558. Til skipta komu m.a. hálf Stóra-Mörk, hálf Syðsta-Mörk og hálfur Neðri-Dalur (13. b., bls. 324-327).
- 5(39) Máldagar kirknanna í Stóru-Mörk, Dal, Núpi, Ásólfsskála og Holti frá um 1570 (Gíslamáldagar) (15. b., bls. 670-671).
- 5(40) Máldagar kirknanna að Borg og í Skógum frá um 1570 (15. b., bls. 672-674).
- 5(41) Skiptabréf eftir Pál lögmann Vigfússon, 1570. Fram kemur að hann hafði m.a. átt Hlíðarenda, 60 hundruð, og 20 hundruð í Rauðarfelli (Raufarfelli) ytra (15. b., bls. 407-408).
- 5(42) Máldagi hálfkirkjunnar á Hlíðarenda [um 1570] (15. b., bls. 669).
- 5(43) Sjá skjal nr. 5(39).
- 5(200) Máldagi Nikulásarkirkju í Odda á Rangárvöllum [1332] (2. b., bls. 690-692).
- 5(201) Máldagi Oddakirkju [1397] (4. b., bls. 69-77). Ath. Sama nr. er á spjaldi úr afsals- og veðmálabók fyrir Efstu-Grund, dags. 2.4.2003
- 5(202) Máldagi allra heilagra kirkju í Holti undir Eyjafjöllum [1480] (6. b., bls. 329-330). Ath. Sama nr. er á spjaldi úr afsals- og veðmálabók fyrir Syðstu-Grund, dags. 4.4.2003.
- Skjöl nr. 7(1)-7(6) falla einnig undir flokkinn „máldagar o.fl. úr íslensku fornbréfasafni“.

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 5(44) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 23-53).
- 5(45) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 11-12).

- 5(46) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 217-235).  
 5(47) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 1-9).  
 5(48) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 63-69).  
 5(49) Fasteignabók 1957 (bls. 319-322).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 5(50) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 58/1894. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1894. B-deild, bls. 75-87).  
 5(51) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 8/1911. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911. B-deild, bls. 20-33).  
 5(52) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 80/1915. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. B-deild, bls. 133-146).  
 5(53) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl. frá 7.6.1915, nr. 140/1919. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. B-deild, bls. 187).  
 5(54) Reglugerð fyrir Rangárvallasýslu, um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 72/1921. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1921. B-deild, bls. 139-150).  
 5(55) Reglugerð um breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, frá 8.8.1921, nr. 53/1931. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1931, B-deild, bls. 163).  
 5(56) Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8.8.1921, nr. 48/1936. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936, B-deild, bls. 120).  
 5(57) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1943, B-deild, bls. 327-339).  
 5(58) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 157 6.7.1943, nr. 267/1968. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968, B-deild, bls. 424).  
 5(59) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 239/1974. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1974, B-deild, bls. 506-515).  
 5(60) Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1990. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1990, B-deild, bls. 344-351).

*Jarðabréf:*

- 5(61) Kaupbréf um Raufarfell, dags. 6.2.1688. (Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir (1993). Bls. 6).  
 5(62) Drangshlíð, Eystri- og Ytri-Skógar. Athugasemdir á seðlum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 44).  
 5(63) Goðaland. Eitt þeirra „eyðilanda“ sem nefndarmenn áttu að afla sér heimilda um. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 42).  
 5(64) Núpakot. Eignayfirlýsing, dags. 29.6.1703. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 67-68).  
 5(65) Athugasemdir um framsal Drangshlíðar, Eystri- og Ytri-Skóga, Skarðshlíðar og Merkur (Merkureigna), ódags. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 469).



*Menningarminjar:*

- 5(196) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (Rangárvallasýsla, bls. 3, 52-54, 85-91 og 197-204).
- 5(197) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400 000), Rangárvallasýslu.

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 5(132) Drangshlíð I (austurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(133) Drangshlíð II (vesturbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(134) Drangshlíðardalur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(135) Eystri-Skógar. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(136) Eyvindarhólar. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(137) Hrótafell I (Suðurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(138) Hrótafell II (Norðurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(139) Lambafell. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(140) Núpakot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(141) Rauðafell I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(142) Rauðafell II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(143) Rauðafell III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(144) Raufarfell I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(145) Raufarfell II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(146) Raufarfell III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(147) Raufarfell IV. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(148) Seljavellir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(149) Selkot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(150) Skarðshlíð I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 7.4.2003.
- 5(151) Skarðshlíð II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(152) Skarðshlíð III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(153) Stóra Borg I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(154) Stóra Borg II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(155) Stóra Borg III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(156) Ytri-Skógar (Skógaskáli). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(157) Hús Alberts Jóhannssonar (Stóð í landi Ytri-Skóga). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(158) Landspilda úr landi Ytri-Skóga. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(159) Fosstún, (Landspilda úr landi Ytri-Skóga). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(160) Ytri-Skógar, (Sigurjón Sigurðsson). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(161) Landspilda úr landi Ytri-Skóga (Hús Þórðar Tómassonar). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(162) Þorvaldseyri. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.

- 5(163) Ásólfsskáli (kirkjujörð). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(164) Ásólfsskáli 1/2. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(165) Björnskot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(166) Dalskot 1/2. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(167) Dalskot 1/2 (Mið-Dalur (nýbýli)). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(168) Efsta-Grund. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(169) Eyvindarholt. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(170) Hellnahóll. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(171) Holt. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(172) Indriðakot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(173) Mið-Grund. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(174) Mið-Mörk. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(175) Mið-Skáli I (austurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(176) Mið-Skáli II (miðbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(177) Mið-Skáli III (uppbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(178) Moldnúpur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(179) Núpur I (austurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(180) Núpur II (miðbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(181) Núpur III (vesturbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(182) Ormskot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(183) Rimhús. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(184) Skálakot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(185) Stóra-Mörk (austurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(186) Stóra-Mörk II (miðbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(188) Stóra-Mörk III (vesturbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(189) Syðsta-Grund. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(190) Syðsta-Mörk. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(191) Varmahlíð. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(192) Yzti-Skáli I (austurbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(193) Yzti-Skáli II (miðbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(194) Yzti-Skáli III (vesturbær). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(195) Yzti-Skáli IV. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, dags. 8.4.2003.
- 5(91) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Ásólfsskála, dags. 2.4.2003.
- 5(92) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Björnskot, dags. 2.4.2003.
- 5(93) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Dalskot, dags. 2.4.2003.
- 5(94) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Drangshlíð 1 (austurbær), dags. 2.4.2003.

- 
- 5(95) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir spildu úr landi Drangshlíðar I, dags. 2.4.2003.
- 5(96) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Drangshlíð (land), dags. 2.4.2003.
- 5(97) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Drangshlíð II, dags. 2.4.2003.
- 5(98) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Drangshlíðardal, dags. 2.4.2003.
- 5(201) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Efstu-Grund, dags. 2.4.2003. Ath sama nr. er á máldaga Oddakirkju [1397] (4. b., bls. 69-77).
- 5(202) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Syðstu-Grund, dags. 4.4.2003. Ath. Sama nr. er á máldaga allra heilagra kirkju í Holti undir Eyjafjöllum [1480] (6. b., bls. 329-330).
- 5(203) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Mið-Grund, dags. 3.4.2003.
- 5(204) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Eyvindarholt, dags. 2.4.2003.
- 5(205) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Eyvindarhóla I, dags. 2.4.2003.
- 5(206) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Eyvindarhóla II, dags. 2.4.2003.
- 5(207) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Hellnahól, dags. 2.4.2003.
- 5(208) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Eystri-Skóga, dags. 2.4.2003.
- 5(209) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Holt, dags. 2.4.2003.
- 5(210) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Hrutafell I, dags. 2.4.2003.
- 5(211) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir lóð úr landi Hrutafells II, dags. 2.4.2003.
- 5(212) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Hrutafell II, dags. 2.4.2003.
- 5(213) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Hrutafellskot, dags. 2.4.2003.
- 5(214) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Indriðakot, dags. 2.4.2003.
- 5(215) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Lambafell, dags. 2.4.2003.
- 5(216) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Mið-Mörk, dags. 3.4.2003.
- 5(217) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Mið-Skála I, dags. 3.4.2003.
- 5(218) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Mið-Skála II, dags. 3.4.2003.
- 5(219) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Mið-Skála III, dags. 3.4.2003.
- 5(220) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Moldnúp, dags. 2.4.2003.
- 5(221) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Núpakot, dags. 3.4.2003.
- 5(222) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Núp I, dags. 3.4.2003.
- 5(223) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Núp II, dags. 3.4.2003.
- 5(224) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Núp III, dags. 3.4.2003.
- 5(225) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Ormskot, dags. 3.4.2003.
- 5(226) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Rauðafell I, dags. 3.4.2003.
- 5(227) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Rauðafell II, dags. 3.4.2003.
- 5(228) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Rauðafell III, dags. 3.4.2003.
- 5(229) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Raufarfell I, dags. 3.4.2003.
- 5(230) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Raufarfell II, dags. 3.4.2003.
- 5(231) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Raufarfell III, dags. 3.4.2003.
- 5(232) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Raufarfell IV, dags. 3.4.2003.
- 5(233) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Rimhús, dags. 3.4.2003.
- 5(234) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Stóru-Mörk I, dags. 3.4.2003.
- 5(235) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Stóru-Mörk II, dags. 3.4.2003.
- 5(236) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Stóru-Mörk III, dags. 3.4.2003.
- 5(237) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Syðstu-Mörk, dags. 3.4.2003.
- 5(238) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Stóru-Borg I, dags. 4.4.2003.
- 5(239) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Stóru-Borg II, dags. 4.4.2003.
- 5(240) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Stóru-Borg III, dags. 4.4.2003.
- 5(241) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Skarðshlíð I, dags. 4.4.2003.
- 5(242) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Skarðshlíð II, dags. 4.4.2003.

- 5(243) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Skarðshlíð III, dags. 4.4.2003.  
 5(244) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Selkot, dags. 4.4.2003.  
 5(245) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Seljavelli, dags. 4.4.2003.  
 5(246) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Stóra-Dal, dags. 4.4.2003.  
 5(247) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Skálakot, dags. 4.4.2003.  
 5(248) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Yzta-Skála I, dags. 4.4.2003.  
 5(249) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Yzta-Skála II, dags. 4.4.2003.  
 5(250) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Yzta-Skála III, dags. 4.4.2003.  
 5(251) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Yzta-Skála IV, dags. 4.4.2003.  
 5(252) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Ytri-Skóga, dags. 4.4.2003.  
 5(253) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Varmahlíð, dags. 4.4.2003.  
 5(254) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Þorvaldseyri, dags. 4.4.2003.

*Alþingisbækur Íslands:*

- 5(69) Yfirlýsing séra Árna Gíslasonar um að hann eigi fyrstur kaup á 20 hundruðum í jörðinni Ysta-Skála undir Eyjafjöllum, 1586 (2. b., bls. 80).  
 5(70) Dómur um kæru séra Erasmus Vilhatssonar þess efnis að nokkrir bændur fyrir austan vatn brúkuðu, hefðu og héldu afrétt Breiðabólstaðarkirkju sem kallaðist Goðaland. Afrétturinn var dæmdur eign kirkjunnar nema bændur gætu lagt fram sannanir um annað á næsta Lambeyjarþingi að vori komanda, 1588 (2. b., bls. 114-116).  
 5(71) Lýsing á landamerkjum milli jarðanna Borgar og Miðbælis, 1590. Lýsing á fjörumörkjum milli Hóla og Borgar, dags. 11.2.1592 (2. b., bls. 173-176).  
 5(72) Heimstefnudómur Gísla Hákonarsonar lögmanns um ákæru og tilkall það sem Jón Illugason veitti upp á jörðina Stakkholt í Eystri-Landeyjum en Magnús Eiríksson taldi sína eign, 1614 (4. b., bls. 557-559).  
 5(73) Vitnisburðir um landamerki milli Hólaodda og Rauðarfells. Úrskurður konungs um að engjalandið Hólaoddar skyldu tilheyra Hrutafelli en ekki Hólakirkju, 1618 (4. b., bls. 399-405).  
 5(74) Afsölnunarbréf konungs til Hinriks Bjelke aðmiráls, 1679. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir (7. b., bls. 443 og 446).  
 5(75) Landamerkjaágreiningur milli Holtstaðar og jarðarinnar Ásólfsskála, 1680 (7. b., bls. 490-491).  
 5(76) Erfingjar Hinriks Bjelke heimila Laurits Gottrup umsjón með nokkrum jörðum. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir, Drangshlíð og Skarðshlíð, 1684 (8. b., bls. 11-13).  
 5(77) Vigfús Sigurðsson gefur Einari Þorsteinssyni 2 hundruð og 15 álnir í jörðinni Ytri-Sólheimum, 1686 (8. b., bls. 124).  
 5(78) Skrá yfir vissar tekjur konungs af klaustra-, sýslu- og umboðsjörðum, 1687. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir (8. b., bls. 167-168).  
 5(79) Kaupbréf fyrir 20 hundruðum í Raufarfelli, 1695 (8. b., bls. 510).  
 5(80) Bréf Margrétar Halldórsdóttur upp á 15 hundruð í jörðinni Ásólfsstöðum, 1698. Jarðarparturinn veðsettur fyrir 100 ríxdali (9. b., bls. 80).  
 5(81) Kaupbréf Halldórs Magnússonar fyrir 4 hundruðum og 100 álnum í jörðinni Hrutafelli undir Eyjafjöllum, 1711 (10. b., bls. 33).  
 5(82) Kaupbréf Þórunnar Torfádóttur fyrir 20 hundruðum í jörðinni Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum, 1712 (10. b., bls. 97).  
 5(83) Skrá yfir vissar tekjur konungs af klaustra-, sýslu- og umboðsjörðum, 1712. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir (10. b., bls. 80-81).

- 5(84) Kaupbréf fyrir hálfri jörðinni Stóru-Mörk, 30 hundruðum að dýrleika, 1718 (10. b., bls. 394).
- 5(85) Kaupbréf vegna jarðanna Stóruborgar, Ásólfsskála og Fljótsdals, 1719 (10. b., bls. 455).
- 5(86) Skóga- og Merkureignir boðnar upp og slegnar Magnúsi Brandssyni, 1719 (10. b., bls. 421).
- 5(87) Kaupbréf bræðranna Magnúsar og Sæmundar Jónssona fyrir 30 hundruðum í jörðinni Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum, 1720 (10. b., bls. 550-551).
- 5(88) Uppboð á jörðum skólameistarans í Maribo á Lálandi, Jónasar Gamm, 1721. Þar er m.a. nefnd jörðin Raufarfell austari undir Eyjafjöllum (11. b., bls. 48).
- 5(89) Skrá yfir tekjur af umboðsjörðum landfógeta, 1722. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir (11. b., bls. 84).
- 5(90) Skrá yfir árlegar tekjur umboðsjarða, 1722. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir (11. b., bls. 88-89).
- 5(99) Uppboð Páls Vídalíns lögmanns á 17 hundruðum og 60 álnum í jörðinni Núpi undir Eyjafjöllum, 1723 (11. b., bls. 162).
- 5(100) Kaupbréf Narfa Jónssonar fyrir 10 hundruðum í Rútafelli (Hrútafelli), 1725 (11. b., bls. 292-293).
- 5(101) Eignarbréf m.a. fyrir jörðinni Skarðshlíð undir Eyjafjöllum, 1725 (11. b., bls. 289).
- 5(102) Makaskipti á 5 hundruðum í Ásólfsskála (Björnskoti) fyrir 5 hundruð í sömu jörð, Rimhúsum, 1746 (13. b., bls. 311).
- 5(103) Uppboð á Skóga- og Merkureignum, 1747 (13. b., bls. 345).
- 5(104) Skrá yfir árlegar tekjur umboðsjarða, 1747. Þar eru m.a. nefndar Skóga- og Merkureignir (13. b., bls. 349).
- 5(105) Kaupbréf fyrir 12 hundruðum í jörðinni Ytri-Sólheimum í Mýrdal fyrir 8 hundruð í Rútafelli (Hrútafelli), 1747 (13. b., bls. 367).
- 5(106) Eignalýsing Brynjólfs Þórðarsonar Thorlacius, fyrrverandi sýslumanns, 1748. Þar eru m.a. nefndar jarðirnar Stóri-Dalur og Syðsta-Mörk (13. b., bls. 406).
- 5(107) Kaupbréf fyrir 2 hundruðum og 100 álnum í jörðinni Núpi undir Eyjafjöllum, dags. 25.6.1748 (13. b., bls. 444).
- 5(108) Bjarni Nikulásason sýslumaður pantsetur 7 ½ hundrað í Hrútafelli fyrir árlega afgift af vesturhluta Skaftafells, 1751 (14. b., bls. 23).
- 5(109) Makaskipti sr. Lofts Rafínkelssonar, 1751. Þar eru m.a. tilgreind 10 hundruð í Stóra-Dal (Dalskot) (14. b., bls. 38).
- 5(110) Kaupbréf Vilhjálms Jónssonar fyrir 15 hundruðum í Ásólfsskála, 1753 (14. b., bls. 112).
- 5(111) Uppboð á Skóga- og Merkureignum, 1754 (14. b., bls. 148).
- 5(112) Afsal á 11 hundruðum og 80 álnum í jörðinni Ásólfsskálum, dags. 25.5.1756 (14. b., bls. 225).
- 5(113) Kaupbréf fyrir 5 hundruðum í jörðinni „Austari Rauðafelli“ og annað fyrir 4 hundruðum í jörðinni Hrútafelli, 1757 (14. b., bls. 272).
- 5(114) Afsal á háflendunni Skálakoti, 5 hundruðum að dýrleika, 1758 (14. b., bls. 315).
- 5(115) Gjafabréf Bjarna Halldórssonar fyrir Núpakoti, 10 hundruðum, til Kristínar Ólafsdóttur, dags. 23.4.1762 (15. b., bls. 169).
- 5(116) Eignalýsing Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara, 1763. Þar eru m.a. tilfærð 48 hundruð og 60 álnir í Stóra-Dal (14. b., bls. 516).
- 5(117) Brigðalýsing Jóns Jónssonar, 1764. Þar er m.a. nefnt hálf Rauðafell undir Eyjafjöllum (14. b., bls. 541-542).

- 5(118) Skóga- og Merkureignir tilslegnar Sigurði Sigurðssyni landþingskrafara, 1771 (15. b., bls. 270).
- 5(119) Afsalsbréf á 10 hundruðum úr Eyvindarholti undir Eyjafjöllum, 1780 (15. b., bls. 640-641).
- 5(120) Brigðalýsing á jörðinni Eyvindarholti, 15 hundruðum, 1782 (16. b., bls. 96).
- 5(121) Afsalsbréf á hálfri Skarðshlíð, 10 hundruðum, fyrir 40 ríkisdali, dags. 1.6.1782 (16. b., bls. 95).
- 5(122) Stóri-Dalur við Eyjafjöll, 20 hundruð, ásamt tilteknum kotbýlum, seldur í skiptum fyrir hálfá jörðina Hlíðarenda í Fljótshlíð, 30 hundruð, 1784 (16. b., bls. 228).
- 5(123) Makaskiptabréf á Barkarstöðum í Fljótshlíð, 20 hundruðum, fyrir Stóra-Dal undir Eyjafjöllum, 27 ½ hundrað, ásamt kirkjueignum, m.a. Syðstu-Mörk, 1785 (16. b., bls. 257).
- 5(124) Afsalsbréf á hálfri Skarðshlíð, 10 hundruðum, dags. 29.12.1785 (16. b., bls. 316).
- 5(125) Veðsetning sr. Jóns Hálfðanarsonar á 6 hundruðum og 20 álnum í Stóruborg fyrir árlega afgift til konungs af Skóga- og Merkureignum, dags. 3.8.1786 (16. b., bls. 354).
- 5(126) Brigðalýsing á jörðinni Skarðshlíð undir Eyjafjöllum, 1787 (16. b., bls. 356).
- 5(127) Afsalsbréf Þorleifs Nikulássonar landþingskrafara á Eyvindarholti, 15 hundruðum, fyrir 120 ríkisdalacrónur, dags. 3.1.1787 (17. b., bls. 42).
- 5(128) Afsalsbréf á 10 hundruðum í Mið-Skála undir Eyjafjöllum, dags. 13.5.1788 (16. b., bls. 399).
- 5(129) Afsalsbréf á 10 hundruðum í jörðinni Skarðshlíð undir Eyjafjöllum fyrir 50 spesiuríkisdali, dags. 16.6.1792 (17. b., bls. 91).
- 5(130) Afsalsbréf á 5 hundruðum í jörðinni Rimhúsum undir Eyjafjöllum fyrir 14 kúrantríkisdali, dags. 22.7.1793 (17. b., bls. 183).
- 5(131) Afsalsbréf V. Þórarinssonar sýslumanns á jörðinni Stóra-Dal, 29 hundruðum með hjáleigum, fyrir 250 ríkisdali kúrant, dags. 10.12.1794 (17. b., bls. 253).

*Matsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir jarðir í Rangárþingi eystra (Austur-Eyjafjallahreppi):*

- 5(255) Fasteignamatsvottorð fyrir Eystri-Skóga, dags. 25.6.2003.
- 5(256) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Skóga, dags. 25.6.2003.
- 5(257) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Skóga, dags. 25.6.2003, (tvær síður).
- 5(258) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Skóga, dags. 26.6.2003.
- 5(259) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Skóga bílskúr, dags. 26.6.2003.
- 5(260) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Skóga, Baldv.skála, dags. 27.6.2003.
- 5(261) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíð 1, dags. 26.6.2003.
- 5(262) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíð 1 (lóð), dags. 26.6.2003.
- 5(263) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíð 2, dags. 26.6.2003.
- 5(264) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíð (land), dags. 26.6.2003.
- 5(265) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíð (lóð), dags. 26.6.2003.
- 5(266) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíðardal, dags. 26.6.2003.
- 5(267) Fasteignamatsvottorð fyrir Drangshlíðardal (lóð), dags. 26.6.2003.
- 5(268) Fasteignamatsvottorð fyrir Skarðshlíð 1, dags. 26.6.2003.
- 5(269) Fasteignamatsvottorð fyrir Skarðshlíð 2, dags. 26.6.2003.
- 5(270) Fasteignamatsvottorð fyrir Skarðshlíð 3 (lóð), dags. 26.6.2003.
- 5(271) Fasteignamatsvottorð fyrir Skarðshlíð (lóð), dags. 26.6.2003.
- 5(272) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafell 1, dags. 26.6.2003.
- 5(273) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafell 2, dags. 26.6.2003.
- 5(274) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafell 1 og 2 (land), dags. 26.6.2003.

- 5(275) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafell (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(276) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafellskot, dags. 26.6.2003.  
 5(277) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindahóla 1, dags. 26.6.2003.  
 5(278) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindahóla 2, dags. 26.6.2003.  
 5(279) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Borg, dags. 26.6.2003.  
 5(280) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Borg 3, dags. 26.6.2003.  
 5(281) Fasteignamatsvottorð fyrir Rauðafell 1, dags. 26.6.2003.  
 5(282) Fasteignamatsvottorð fyrir Rauðafell 2 (jörð), dags. 26.6.2003.  
 5(283) Fasteignamatsvottorð fyrir Rauðafell 2 (sumarhús), dags. 26.6.2003.  
 5(284) Fasteignamatsvottorð fyrir Rauðafell 3, dags. 26.6.2003.  
 5(285) Fasteignamatsvottorð fyrir Raufarfell 1, dags. 26.6.2003.  
 5(286) Fasteignamatsvottorð fyrir Raufarfell 2, dags. 26.6.2003.  
 5(287) Fasteignamatsvottorð fyrir Raufarfell 3, dags. 26.6.2003.  
 5(288) Fasteignamatsvottorð fyrir Raufarfell 4, dags. 26.6.2003.  
 5(289) Fasteignamatsvottorð fyrir Selkot, dags. 26.6.2003.  
 5(290) Fasteignamatsvottorð fyrir Lambafell, dags. 26.6.2003.  
 5(291) Fasteignamatsvottorð fyrir Lambafell (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(292) Fasteignamatsvottorð fyrir Lambafell (lóð), dags. 27.6.2003.  
 5(293) Fasteignamatsvottorð fyrir Seljavelli, dags. 26.6.2003.  
 5(294) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorvaldseyri, dags. 26.6.2003, (tvær síður).  
 5(295) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorvaldseyri (land), dags. 26.6.2003.  
 5(296) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpakot, dags. 26.6.2003.  
 5(297) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpakot (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(349) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafell 2 (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(350) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrútafell Fimmvörðuh., dags. 26.6.2003.

*Matsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir jarðir í Rangárþingi eystra (Vestur-Eyjafjallahreppi):*

- 5(298) Fasteignamatsvottorð fyrir Varmahlíð, dags. 26.6.2003.  
 5(299) Fasteignamatsvottorð fyrir Vallatún, dags. 26.6.2003.  
 5(300) Fasteignamatsvottorð fyrir Ormskot, dags. 26.6.2003, (tvær síður).  
 5(301) Fasteignamatsvottorð fyrir Holt, dags. 26.6.2003.  
 5(302) Fasteignamatsvottorð fyrir Efstu-Grund, dags. 26.6.2003.  
 5(303) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðstu-Grund, dags. 26.6.2003.  
 5(304) Fasteignamatsvottorð fyrir Indriðakot, dags. 26.6.2003.  
 5(305) Fasteignamatsvottorð fyrir Ásólfskála, dags. 26.6.2003.  
 5(306) Fasteignamatsvottorð fyrir Ásólfskála (land), dags. 26.6.2003.  
 5(307) Fasteignamatsvottorð fyrir Ásólfskála (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(308) Fasteignamatsvottorð fyrir Ásólfskála (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(309) Fasteignamatsvottorð fyrir Ásólfskála (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(310) Fasteignamatsvottorð fyrir Ásólfskáli (lóð), dags. 27.6.2003.  
 5(311) Fasteignamatsvottorð fyrir Moldnúp, dags. 26.6.2003, (tvær síður).  
 5(312) Fasteignamatsvottorð fyrir Skálakot, dags. 26.6.2003.  
 5(313) Fasteignamatsvottorð fyrir Björnskot, dags. 26.6.2003.  
 5(314) Fasteignamatsvottorð fyrir Ysta-Skála 1, dags. 26.6.2003.  
 5(315) Fasteignamatsvottorð fyrir Ysta-Skála 2 og 4, dags. 26.6.2003.  
 5(316) Fasteignamatsvottorð fyrir Ysta-Skála 3, dags. 26.6.2003.  
 5(317) Fasteignamatsvottorð fyrir Ysta-Skála 1 (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(318) Fasteignamatsvottorð fyrir Núp 1, dags. 26.6.2003.

- 5(319) Fasteignamatsvottorð fyrir Núp 2, dags. 26.6.2003.  
 5(320) Fasteignamatsvottorð fyrir Núp 2 (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(321) Fasteignamatsvottorð fyrir Núp 2, dags. 26.6.2003.  
 5(322) Fasteignamatsvottorð fyrir Núp 3, dags. 26.6.2003.  
 5(323) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóra-Dal, dags. 26.6.2003.  
 5(324) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóra-Dal, dags. 26.6.2003.  
 5(325) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindarholt, dags. 26.6.2003.  
 5(326) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðstu-Mörk, dags. 26.6.2003.  
 5(327) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðstu-Mörk, dags. 26.6.2003.  
 5(328) Fasteignamatsvottorð fyrir Mið-Mörk, dags. 26.6.2003.  
 5(329) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Mörk 1, dags. 26.6.2003.  
 5(330) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Mörk 2, dags. 26.6.2003.  
 5(331) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Mörk 2, dags. 26.6.2003.  
 5(332) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Mörk 2, dags. 26.6.2003.  
 5(333) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóru-Mörk 3, dags. 26.6.2003.  
 5(334) Fasteignamatsvottorð fyrir Björnskot (lóð), dags. 26.6.2003.  
 5(335) Fasteignamatsvottorð fyrir Rimhús, dags. 26.6.2003.  
 5(336) Fasteignamatsvottorð fyrir Mið-Skála 1, dags. 26.6.2003.  
 5(337) Fasteignamatsvottorð fyrir Mið-Skála 2, dags. 26.6.2003.  
 5(338) Fasteignamatsvottorð fyrir Mið-Skála 2-3, dags. 26.6.2003.  
 5(339) Fasteignamatsvottorð fyrir Mið-Skála 3, dags. 26.6.2003.  
 5(340) Fasteignamatsvottorð fyrir Mið-Skála (land), dags. 26.6.2003.  
 5(341) Fasteignamatsvottorð fyrir Goðaland, dags. 26.6.2003.  
 5(342) Fasteignamatsvottorð fyrir Þórsmörk-Bása, dags. 25.6.2003.  
 5(343) Fasteignamatsvottorð fyrir Þórsmörk-Húsadal, dags. 25.6.2003.  
 5(344) Fasteignamatsvottorð fyrir Þórsmörk-Langadal, dags. 25.6.2003.  
 5(345) Fasteignamatsvottorð fyrir Þórsmörk-Langadal, dags. 25.6.2003.  
 5(346) Fasteignamatsvottorð fyrir Þórsmörk-Slippugil, dags. 25.6.2003.  
 5(347) Fasteignamatsvottorð fyrir Þórsmörk-Goðaland, dags. 27.6.2003.

*Landnáma:*

- 5(348) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 338-347.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 5(66) Afréttaskrá Rangárvallasýslu, bls. 1-10, og bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985, um afréttarskrá sýslunnar. Bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985, um afréttarskrá sýslunnar.  
 5(67) Bréf Ólafs Kristjánssonar, oddvita Vestur-Eyjafjallahrepps, til Oddgeirs Guðjónssonar, hreppstjóra, dags. 8.3.1979, ásamt drögum að afréttaskrá fyrir Vestur-Eyjafjallahrepp.  
 5(68) Lýsing hreppstjóra og oddvita Fljótshlíðarhrepps á afréttum hreppsins (Grænafjall, Þórólfsfell, Þórsmörk, Goðaland), dags. 3.11.1979.  
 5(198) Dómurinn um Goðalandsafrétt frá 1578 staðfestur á þriggja hreppa þingi í Lambey í Fljótshlíð 30.5.1579.  
 5(199) Undirritaðir bændur í Fljótshlíðarhreppi lýsa yfir því að þeir vilji gefa eftir beitarréttinn í Þórsmörk gegn því að landstjórinn sjái um að girða skóginn. Umráðamaður hálfriar Þórsmörkur sem heyrði undir Oddakirkju samþykkti þetta einnig, dags. 4.5.1920.



**Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni lögfr. f.h. sveitarfélagsins Rangárþings eystra og eigenda og umráðamanna Holtshverfisjarða, Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots, Rimahúsa, Mið-Skála I-III, Ysta-Skála II og IV, Núps I-III, Stóra-Dals, Dalskots, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Mið-Merkur og Stóru-Merkur I-III, Steinsholts, Stakkholts, Merkurtungna, Almennunga, Goðalands, Múlatungna, Teigstungna, Þórsmerkur, Eystri-Skóga, Ytri-Skóga, Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða, Hrutafells, Eyvindahóla, Stóru-Borgar, Rauðafells I-IV, Raufarfells II-III og Selkots, Seljavalla, Þorvaldseyrar og Núpakots:**

- 6 Kröfulýsing vegna fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps (Holtshverfisjarða, Ásólfsskála-jarða, Mið-Skála I-III, Ysta-Skála II og IV, Núps I-III, Stóra-Dals, Dalskots, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Mið-Merkur og Stóru-Merkur I-III), dags. 22.4.2002.
- 6(1) Viðauki við kröfugerð vegna framangreindra jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi, dags. 20.6.2002.
- 6(2) Kort sem sýnir kröfulínur vegna framangreindra jarða í fyrrum Vestur-Eyjafjallahreppi (mælikvarði 1:50.000).
- 6(3) Ljósrit af jarðfræðikorti af Eyjafjöllum eftir Jón Jónsson, jarðfr., frá árinu 1988.
- 7 Kröfulýsing vegna fyrrum Vestur-Eyjafjallahrepps (Afréttir og „Þórsmerkursvæðið“), dags. 22.4.2002, ásamt skjalaskráum I-II.
- 7(1) Mál dagi Nikulásarkirkju í Odda á Rangárvöllum [1270].
- 7(2) Mál dagi Mariúkkirkju að Miðbæli undir Eyjafjöllum [er Jón biskup Halldórsson setti] [1332].
- 7(3) Mál dagi fyrir kirkjuna að Breiðabólstað (Gíslamáldagar, 1570 og síðar).
- 7(4) Mál dagi fyrir kirkjuna að Odda (Gíslamáldagar, 1570 og síðar).
- 7(5) Mál dagi fyrir kirkjuna að Teigi (Gíslamáldagar, 1570 og síðar).
- 7(6) Mál dagi fyrir kirkjuna að Miðbæli (Gíslamáldagar, 1570 og síðar).
- 8 Kröfulýsing vegna fyrrum Austur-Eyjafjallahrepps (Eystri-Skóga, Ytri-Skóga, Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða, Hrutafells, Eyvindahóla, Stóru-Borgar, Rauðafells I-IV, Raufarfells II-III og Selkots, Seljavalla, Þorvaldseyrar og Núpakots), dags. 22.4.2002.
- 8(1) Viðauki við kröfugerð vegna framangreindra jarða í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi, dags. 20.6.2002.
- 8(2) Kort sem sýnir kröfulínur vegna framangreindra jarða í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi (mælikvarði 1:50 000).
- 8(3) Greinargerð, dags. 25.4.2003.
- 8(4) Breyting á kröfugerð Eystri-Skóga og Ytri-Skóga í máli nr. 5/2002, dags. 4.7.2003.
- 8(5) Álit Svavars Sigmundssonar hjá Örnefnastofnun Íslands um örnefnið Þrivörður, dags. 2.7.2003.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. fh. Prestsetrasjóðs vegna hálftrar Þórsmerkur og Goðalands:**

- 9 Kröfulýsing, dags. 7.5.2002.
- 9(1) Bréf vegna meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 7.5.2002.
- 9(2) Kort sem sýnir kröfulínur (mælikvarði 1:50.000).
- 9(3) Skýrsla um tekjur og útgjöld Breiðabólstaðarprestakalls í Rangárþingsprófastdæmi eftir 5 ára meðaltali 1849-1853. (Óstaðfest ljósrit úr Kirkjubók Breiðabólstaðar). Sbr. skjal nr. 3(121)
- 9(4) Bréf Gunnars F. Guðmundssonar, sagnfr. til Ólafs Björnssonar, hrl. varðandi heimildir um eignir Oddakirkju, dags. 22.3.2002.

- 9(5) Nokkrar athugasemdir Sváfnis Sveinbjarnarsonar vegna ágreinings um Þórsmerkursvæðið, dags. 18.10.2001.
- 9(6) Fáeinar athugasemdir Sváfnis Sveinbjarnarsonar eftir yfirllestur kröfulýsingar fyrir óbyggðanefnd, dags. 28.1.2002, dags. 10.2.2002.
- 9(7) Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1. bindi, s. 258-261.
- 9(8) Greinargerð, dags. 9.5.2003.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 10(1) Jöklar og jökulbreytingar í Eyjafjallahreppum Rangárvallasýslu. Greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings til óbyggðanefndar, dags. 17.11.2004.
- 10(2) Gláma. Að vera eða vera ekki - jökull. Grein eftir Odd Sigurðsson jarðfræðing í Náttúrufræðingnum. Bls. 47-61.
- 11 Staðhættir og gróðurfar: Eyjafjöllin og Þórsörk. Greinargerð Ingva Þorsteinssonar, náttúrufræðings, til óbyggðanefndar. Febrúar 2003.
- 12 (a-b) Yfirlitskort-Lýstar kröfur í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppi. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50 000 og hitt í 1:100 000.
- 13(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 14.2.2003.
- 13(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 14.3.2003.
- 13(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 11.4.2003.
- 13(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 25.4.2003.
- 13(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 27.6.2003.
- 13(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dagana 1. til 4.7.2003.
- 13(7) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.
- 13(8) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 14 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

#### Hliðsjónargögn

##### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Vestur-Eyjafjallahrepps og Þórsmerkursvæðisins:

- Ónr. Sunnlenskar byggðir IV. Bls. 103-107, 110-113, 126-129, 132-137, 142-157, 170-177 og 186-197.
- Ónr. Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Bls. 29-65.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1972. Bls. 12-39, 70-81 og 97-149.
- Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi, bls. 186-203.
- Ónr. Landið og Landnáma. II. bindi, bls. 412-419 og 428-429.
- Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi, Landssaga og landnám, bls. 202-205.
- Ónr. Hæstaréttardómur frá 1995, bls. 2091.

##### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Austur-Eyjafjallahrepps:

- Ónr. Sunnlenskar byggðir IV. Bls. 8-13, 20-21, 40-57, 76-83, 86-87 og 90-98.
- Ónr. Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Bls. 3-7 og 16-21.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1972. Bls. 38-57.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1. bindi, bls. 34-35 og 44-49.
- Ónr. Landið og Landnáma. II. bindi, bls. 411-417.
- Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi, Landssaga og landnám, bls. 202-205.

- Ónr. Hæstaréttardómur frá 1994, bls. 117.  
 Ónr. Efnisskipan málfutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. fh. Prestsetrasjóðs vegna hálftrar Þórsmerkur og Goðalands:**

- Ónr. Breiðabólstaður í Fljótshlíð eftir Vigfús Guðmundsson. Bls. 128-131.  
 Ónr. Þórsmörk. Land og saga. Reykjavík 1996. Bls. 142-171.

**Lagt fram til hliðsjónar af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni lögfr. f.h. sveitarfélagsins Rangárbings eystra og eigenda og umráðamanna Holtshverfisjarða, Ásólfsskála, Moldnúps, Skálakots, Björnskots, Rimahúsa, Mið-Skála I-III, Ysta-Skála II og IV, Núps I-III, Stóra-Dals, Dalskots, Eyvindarholts, Syðstu-Merkur, Mið-Merkur og Stóru-Merkur I-III, Steinsholts, Stakkholts, Merkur tungna, Almenna, Goðalands, Múlatungna, Teigstungna, Þórsmerkur, Eystri-Skóga, Ytri-Skóga, Drangshlíðar- og Skarðshlíðarjarða, Hrutafells, Eyvindarhóla, Stóru-Borgar, Rauðafells I-IV, Raufarfells II-III og Selkots, Seljavalla, Þorvaldseyrar og Núpakots:**

- Ónr. Landvættir og álfar eftir Kristján Bersa Ólafsson. Grein í tímaritinu Andvara, 1962. (Bls. 260-271).  
 Ónr. Ágrip af byggðarsögu Skóga eftir Þórð Tómasson. Grein í Goðasteini, tímariti um menningarmál, 1964. (Bls. 62-71).  
 Ónr. Komdu upp í selið eftir Þórð Tómasson. Grein í Goðasteini, tímariti um menningarmál, 2001. (Bls. 122-131).  
 Ónr. Úr byggðasögu Skóga undir Eyjafjöllum eftir Jóhann Albertsson og Kristinn M. Bárðarson. KHÍ, 1983. (Bls. 14-21).  
 Ónr. Gestir og grónar götur eftir Þórð Tómasson í Skógum, 2000.  
 Ónr. Stóri-Dalur undir Eyjafjöllum eftir Þórð Tómasson. Grein í Goðasteini, tímariti um menningarmál, 1971. (Bls. 55-69).  
 Ónr. Um skóg og skógarferðir eftir Brynjólf Úlfarsson í Stóru-Mörk. Grein í Goðasteini, tímariti um menningarmál, 1969. (Bls. 15- 19).  
 Ónr. Skógarnytjar í Þórsmörk. Frásögubáttur í bókinni „Sögur úr byggðum Suðurlands“, eftir Jón R. Hjálmarsson, 1982. (Bls. 213-220).  
 Ónr. Í lundum nýrra skóga. Frásögubáttur í bókinni Sögur úr byggðum Suðurlands, eftir Jón R. Hjálmarsson, 1982. (Bls. 205-211).  
 Ónr. Efnisskipan málfutningsræðu Braga Björnssonar hdl og Einars Jónssonar lögfr.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd vegna Eyjafjalla og Þórsmerkur:**

- Ónr. Hæstaréttardómur 1995/2091: Skipan Þórsmerkur innan sveitarfélaga o.fl.  
 Ónr. Skjalaskrá Hæstaréttar í dómi 1995/2091.  
 Ónr. Hæstaréttardómur 1994/117: Skáli Útivistar á Fimmvörðuhálsi.  
 Ónr. Skjalaskrá Hæstaréttar í dómi 1994/117.  
 Ónr. Skýrslur í máli 5/2003 hjá óbyggðanefnd, (52 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).  
 Ónr. Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. S. 98-99.  
 Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1. bindi, s. 140-141 og 152-153.  
 Ónr. Registar um jarðir í Íslensku fornbréfasafni (handrit), ásamt bréfi Björns Pálssonar héraðs-skjalavarðar.  
 Ónr. Efnisyfirlit landamerkjabókar Rangárvallasýslu frá 1884.  
 Ónr. Efnisyfirlit landskiptabókar 1958-1987.  
 Ónr. Efnisyfirlit landskipta- og landamerkjabókar Rangárvallasýslu frá maí 1987.



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 6/2003  
Mýrdalshreppur



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>625</b>
<b>2. MÁLSMEÐFERÐ</b> .....	<b>625</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	625
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar ...	626
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	626
2.4. Afmörkun máls nr. 6/2003 .....	627
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	627
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>628</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins .....	628
3.1.1. Þjóðlenda .....	628
3.1.2. Fell .....	629
3.1.3. Álftagróf ásamt Keldudal (Krókjarðir) .....	629
3.2. Kröfur eigenda Ytri-Sólheimajarða .....	629
3.3. Kröfur eigenda Eystri-Sólheima .....	630
3.4. Kröfur eigenda Holts (Krókjarðir) .....	630
3.5. Kröfur eigenda Péturseyjarjarða vegna Stórhöfða .....	630
3.6. Kröfur eigenda Dalajarða .....	630
3.7. Kröfur eigenda Heiðarjarða .....	631
3.8. Kröfur eigenda Kerlingardals I-II .....	631
3.9. Kröfur eigenda Höfðabrekkutorfu .....	631
3.10. Kröfur eigenda Hjörleifshöfða .....	632
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>632</b>
4.1. Almenn .....	632
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	632
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	633
4.4. Vettvangsferð .....	634
4.5. Skýrslutökur .....	635
<b>5. SAGA JARÐA OG AFRETTA</b> .....	<b>636</b>
5.1. Landnám .....	636
5.2. Ytri-Sólheimajarðir ásamt Hvítmögu .....	637
5.3. Eystri-Sólheimar .....	643
5.4. Fell .....	647
5.5. Krókjarðir (Holt og Álftagróf ásamt Keldudal) .....	650
5.6. Stórhöfði .....	653
5.7. Dalajarðir (Stóridalur, Neðridalur, Kaldrananes, Fjós og Breiðahlíð) .....	656
5.8. Heiðarjarðir .....	658
5.9. Kerlingardalur .....	659
5.10. Höfðabrekka .....	663
5.11. Hjörleifshöfði .....	668
5.12. Afréttarnot .....	672

<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>673</b>
6.1. Inngangur .....	673
6.2. Landnám .....	674
6.3. Ytri-Sólheimajarðir ásamt Hvítmögu .....	675
6.4. Eystri-Sólheimar .....	681
6.5. Fell .....	684
6.6. Krókjarðir (Holt og Álftagróf ásamt Keldudal) .....	687
6.7. Stórhöfði .....	691
6.8. Dalajarðir .....	695
6.9. Heiðarjarðir .....	698
6.10. Kerlingardalur .....	701
6.11. Höfðabrekka (Höfðabrekka, Reynisbrekka og Höfðabrekkuafréttur) .....	705
6.12. Hjörleifshöfði .....	708
6.13. Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í Mýrdal .....	713
6.14. Um málskostnað .....	713
6.15. Um tæknileg atriði .....	713
<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>714</b>
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>717</b>
I. Hnit	
II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>731</b>
I. Kort	
II. Aðilaskrá	
III. Skjalaskrá	
IV. Tækniskýrsla	



## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 6/2003, Mýrdalshreppur,  
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,  
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,  
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur  
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og vegna ríkisjarðanna Álftagrófar, Keldudals og Fells.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur Ytri-Sólheimajarða (Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II-III, Ytri-Sólheimar IIIA, Ytri-Sólheimar IV (Framnes), Ytri-Sólheimar V (Sólheimatunga), Ytri-Sólheimar VI og Sólheimahjáleiga), Eystri-Sólheima, Holts og Péturseyjajarða (Pétursey I-III, Vellir, Nykhóll og Eyjarhóll).

(Páll A. Pálsson hrl.)

Eigendur Dalajarða (Fjós, Breiðahlíð, Stóri-Dalur, Neðri-Dalur og Kaldrananes), Heiðarjarða (Litla-Heiði og Stóra-Heiði), Kerlingardals I-II, Höfðabrekkutorfu (Höfðabrekka, Reynisbrekka og Höfðabrekkuafréttur) og Hjörleifshöfða.

(Ólafur Björnsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ<sup>1</sup>

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

<sup>1</sup> Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

## 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um Þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um Þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrátti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almennungi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór

fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 6/2003

Í janúar 2003 var lögmonnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum, og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði sem til meðferðar er í máli nr. 6/2003, Mýrdalshreppur (Vestur-Skaftafellssýslu), afmarkast til vesturs af mörkum Vestur-Skaftafellssýslu gagnvart Rangárvallasýslu og til austurs af mörkum sveitarfélagsins Mýrdalshrepps gagnvart sveitarfélaginu Skaftárhreppi. Svæði það á Mýrdalsjökli, sem til meðferðar er í máli þessu, afmarkast af línu sem dregin er frá upptökum Fúlalækjar, við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, með jökulröndinni, þar til kemur að skurðpunkti við stefnulínu sem dregin er frá framangreindum upptökum Fúlalækjar, til norðausturs inn á jökulinn, í Mælifell, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í suðaustanverðum jöklinum. Úr framangreindum skurðpunkti er dregin lína í Kötlukskoll (1310 m), kletthöfða í Höfðabrekkujökli og þaðan að jaðri Höfðabrekkujökuls í stefnu á Blautukvislarbotna austan Hafurseyjar. Til suðurs afmarkast svæðið svo af hafinu.

Á því svæði sem hér hefur verið lýst hafa í meginatriðum komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á tilteknu svæði annars vegar og kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að sama landsvæði, að undanskildu því svæði á Mýrdalsjökli, sem hér er til meðferðar, hins vegar. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

#### 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 8/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 5. febrúar

2003. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaðflun nefndarinnar. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd vinni saman að því að þeir sem hagsmuna eigi að gæta gerist aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. Þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 5. mars 2003 var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 2. apríl s.á. var greinargerð umbjóðenda Ólafs Björnssonar hrl. lögð fram, ásamt fleiri gögnum. Fram kom að umbjóðendum Páls A. Pálssonar hrl. hefði af sérstökum ástæðum verið veittur frestur til að skila greinargerð til 7. apríl n.k. og að hún yrði send lögmönnum annarra málsaðila jafnskjótt og hún bærst en formlega lögð fram við næstu fyrirtöku. Þá kom fram að fyrirjáanlegt væri að taka þyrfti málið fyrir aftur áður en að aðalmeðferð kæmi og að um tímasetningu þeirrar fyrirtöku yrði tilkynnt síðar.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 21. október 2003. Við það tækifæri voru lögð fram skjöl og farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Þá var farið yfir athugasemdir nefndarinnar við aðild að málinu o.fl. Loks var kröfulýsing íslenska ríkisins vegna Stóru-Heiðar, sem var ríkisjörð á þeim tíma sem kröfulýsingin var sett fram en er nú komin í einkaeigu, dregin tilbaka.

Aðalmeðferð fór fram dagana 22.-24. október 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflytning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Hótel Höfðabrekku. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

#### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarðanna Fells og Álftagrófár ásamt Keldudal.

##### 3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð sú krafa að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Mýrdal: „Fyrsti punktur í kröfulínu um þjóðlendumörk í Mýrdalshreppi er sami punktur og loka-punktur í Álftaveri og nefnist A. Frá punkti A er dregin lína eftir hreppamörkum til suðurs og í punkt B, frá þeim punkti er dregin lína fyrir sunnan Hafursey og í punkt, þar sem Afréttisá rennur í Múlakvísl (punktur C). Frá punkti C liggur kröfulínan upp eftir Afréttisá að Raufargilsmynni (punktur D), þaðan beina línu neðst í Koltungur (punktur E), frá þeim punkti í punkt F, sem er hæsti

1 Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

toppur á Skjólkambi 523 m, þaðan í punkt G, sem er hæsti punktur Moldhálsa fyrir sunnan Gæsavatn, frá punkti G beina sjónhendingu í punkt H, sem er hæsti punktur norðvestur á Dalaheiði fyrir norðan Sauðafell, þaðan beina línu skáhallt yfir Hafursárgljúfur með fram Stórhöfða og niður eftir honum í punkt I, sem er í suðvesturmörkum Stórhöfða, þaðan í punkt J sem er í 420 m hæð milli Þvergils og Fjallgils vestur af Stórhöfða, þaðan sjónhendingu í punkt K sem er efst í Felli fyrir sunnan Hrosshamra, þaðan í punkt L, sem er 379 metra hæðarpunktur fyrir sunnan Ártungnahöfuð, frá honum í punkt M, sem er í Sjónarhól 467 m og síðan í lokapunkt N, sem er í sýslumörkin fyrir neðan Skógarfjall.“

### 3.1.2. Fell

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist „að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands Fells eins og því er lýst í landamerkjabréfum og eins og það er teiknað á framlögðu korti af landi jarðarinnar, að þjóðlendukröfulínu ríkisins. Landamerkjalyásingin er þessi að austan: Vesturbrún Holtsgils ráði landamerkjum gagnvart Holti frá Kringlu að telja og norður til jökuls. Landamerkjalyásingin er þessi að vestan: Landmark milli Eystri Sólheima og Fells er varða sú, sem nefnd er fram undan Kleyfarárkjaftinum. Úr nefndri vörðu bein stefna í gilkaftinn og svo skilur Kleifarárgil norður í jökul. Þjóðlendukröfulína ríkisins liggur í gegnum land jarðarinnar eins og sjá má á kröfukorti fjármálaráðherra og korti jarðarinnar, sem lagt er fram með kröfulýsingu þessari. Lýst er beitarrétti í þeim hluta lands innan merkjalýsingar jarðarinnar, sem er innan þjóðlendu-kröfulínu ríkisins.“

### 3.1.3. Álftagróf ásamt Keldudal (Krókjarðir)

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að „að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðanna Álftagrófar og Keldudals eins og því er lýst í landamerkjabréfum og eins og það er teiknað á framlögðu korti af landi jarðanna, að þjóðlendukröfulínu ríkisins. Landamerkjalyásingin er þessi að austan: Úr vörðu vestan til við Stórhöfða bein lína við suðvestur horn Stórhöfða og í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum, þar sem gilið þrengist. Þaðan ræður áin í gilinu mörkum. Landamerkjalyásingin er þessi að vestan: Úr stökum steini í suðvesturenda ássins, sem liggur vestan Álftagrófarbæjarins, þaðan beina línu í vesturhlið stakstæðs hallandi drangs undir klettunum fyrir ofan Álftagrófina, þaðan beina línu í kletthaus er stendur vestan megin ofan Keldudalsgils og þaðan beina línu í jökul í botni gils vestan megin upptaka Lambár. Þjóðlendukröfulína ríkisins liggur í gegnum land jarðanna eins og sjá má á kröfukorti fjármálaráðherra og korti jarðanna, sem lagt er fram með kröfulýsingu þessari. Lýst er beitarrétti í þeim hluta lands innan merkjalýsingar jarðarinnar, sem er innan þjóðlendukröfulínu ríkisins.“

### 3.2. Kröfur eigenda Ytri-Sólheimajarða

Af hálfu eigenda Ytri-Sólheimajarða (Ytri-Sólheima I (Sólheimakots), Ytri-Sólheima II-III, Ytri-Sólheima IV (Framness), Ytri-Sólheima V (Sólheimatungu), Ytri-Sólheima VI, Ytri-Sólheima IIIA og Sólheimahjáleigu) er þess krafist „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendum í landi þeirra.“ Þess er jafnframt krafist „að allt land norðan kröfulínu fjármálaráðherra, milli punktanna 1 og 4 á uppdraetti, verði talið eignarland jarðanna. Að vestan afmarkast landið af Jökulsárgili, (punktar 1-2), sem er á sýslumörkum Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, að norðan af jökli (punktar 2-3) en að austan markast landið af landamerkjum Ytri- og Eystri-Sólheima (punktar 3-4).“

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði.

Til vara er þess krafist að „ef kröfur ríkisins verða teknar að einhverju leyti til greina, að viðurkenndur verði afnotaréttur eigenda Ytri-Sólheimajarða innan þjóðlendna skv. 5. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998.“

### 3.3. Kröfur eigenda Eystri-Sólheima

Af hálfu eigenda Eystri-Sólheima er þess krafist „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendum í landi jarðarinnar.“ Þess er jafnframt krafist „að allt land norðan kröfulínu fjármálaráðherra, milli punktanna 2-5 á uppdrætti verði talið eignarland jarðarinnar. Að vestan afmarkast landið af línu sem dregin er í norðurátt úr Merkgili neðan Ófærubotna allt til Mýrdalsjökuls (punktur 3) er línan sker kröfulínu ríkisins í punkti 4(2). Að norðan afmarkast landið af jökuljaðri úr punkti 3 allt að Klifurárgili (punktur 4) og að austan af Klifurárgili allt að kröfulínu ríkisins (punktur 5).“

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði.

Til vara er þess krafist að „ef kröfur ríkisins verða teknar að einhverju leyti til greina, að viðurkenndur verði afnotaréttur eigenda jarðarinnar innan þjóðlendna skv. 5. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.“

### 3.4. Kröfur eigenda Holts (Krókjarðir)

Af hálfu eigenda Holts er þess krafist „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendum í landi þeirra“. Þess er jafnframt krafist „að allt land norðan kröfulínu fjármálaráðherra, milli punktanna 1-4 á skjali 13(2) verði talið eignarland jarðarinnar. Að vestan afmarkast landið af línu frá rótum Fells í Stóru-Kringlu í Holtsgili. Holtsgil ræður svo til jökuls. Að norðan markast landið af jökli í merkjapunkt, sem er skammt vestan upp-taka Lambár og að austan af landamerkjum Álftagrófar og Holts allt að kröfulínu ríkisins.“

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði.

Til vara er þess krafist að „ef kröfur ríkisins verða teknar að einhverju leyti til greina, að viðurkenndur verði afnotaréttur eigenda jarðarinnar innan þjóðlendna skv. 5. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.“

### 3.5. Kröfur eigenda Péturseyjarjarða vegna Stórhöfða

Af hálfu eigenda Péturseyjarjarða (Péturseyjar I-III, Valla, Nykhóls og Eyjarhóls) er þess krafist „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendum í landi þeirra“. Þess er jafnframt krafist „að allt land í svokölluðum Stórhöfða norðan kröfulínu fjármálaráðherra, verði talið eignarland jarðanna. Að vestan afmarkast landið af Lambá, að norðan af jökli en að austan markast landið af Hafursá.“

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði.

Til vara er þess krafist að „ef kröfur ríkisins verða teknar að einhverju leyti til greina, að viðurkenndur verði afnotaréttur eigenda Péturseyjarjarða innan þjóðlendna skv. 5. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.“

### 3.6. Kröfur eigenda Dalajarða

Af hálfu eigenda Dalajarða (Fjóss, Breiðuhlíðar, Stóra-Dals, Neðri-Dals og Kaldrananness) er þess krafist „að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur ofangreindra jarða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki Dalajarða séu þessi, sbr. landamerkjabréf dags. 2. júní 1883: „Fyrst haga og heiðarland að vestanvörðu, sem liggur í Kerlingargili (p. 513) vestan til samkvæmt gömlum glöggum markagarði, sem liggur upp af Langholti, úr honum í Nefskjól á Búrfelli, (p. 512) úr Nefskjólí í vesturbrún á fremri Skjólhaus, (p. 511) úr honum í vesturbrún á nyrðri Skjólhaus, (p. 510) þaðan með vestureggjum að austan og í útnorðausturhorn Búrfells, (p. 509) þaðan í Kollból á Litlahöfða, (p. 508) úr Kollbóli í Hálsgil, (p. 507) þar ræður Hafursá marki inn að Innri-einstíg, (p. 506) svo liggur það til jökuls eftir gilinu vestan við Gvendarfell, (p. 505). Því næst austurmark Dalalands, sem liggur norðan úr Mosakambi, (p. 403) suður í Skiftingahálsa, (p. 404) þaðan í norðurhorn Gæsatinda, (p. 406) þaðan í Hestkamsnef, (p. 501) þaðan sjónhending í Marktorfaodda á Sauðafelli, (p. 502) þaðan sjónhending í seltóftina á Nestorfum, (p. 503) þaðan austur í Marktorfuodda í Fjósakömbum, (p. 504).““

Þá kom fram að litið væri svo á að í kröfugerðinni fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, ef til þess kæmi að hluti framangreinds landsvæðis teldist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7. Kröfur eigenda Heiðarjarða

Af hálfu eigenda Heiðarjarða (Litlu-Heiði og Stóru-Heiði) er þess krafist „að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur ofangreindra jarða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki Heiðarjarða séu þessi, sbr. landamerkjabréf dags. 20. maí 1921: „Að austanverðu er markið úr Vatnsármynni, (p. 402) eftir Vatnsá þar til hún fellur að Kerlingardalsá, þá eftir Kerlingardalsá að Koltungnarana, (p. 401) þá eftir Heiðargilsá í jökul, (p. 301). Að vestanverðu er markið (byrjar í norðri) úr Mosakambi, (p. 403) í Skiftingarhálsa, (p. 404) svo eftir þeim og fremst úr Skiftingarhálssum sjónhending í Norðurgilshöfuð, (p. 405) svo í eystra hornið á Gæsatindum, (p. 406) þá í Kálfrágilssfoss, (p. 407) eftir læknum í Kálfrágilskjafi, svo eftir Miðtungulæknum eystri í Prestshellir, (p. 408) úr honum í Selgilsbotn, (p. 409) svo eftir Selgili í Selgilskjafi, þá í Þvergil, eftir því að garðinum við botn þess, (p. 410). Svo garðurinn þar til hann þrýtur, þá sjónhending í Hundagilsbotn, (p. 411) eftir Hundagili í vörðu, sem er við kjafi þess, úr þessari vörðu liggur markið beina stefnu í austurendann á skurði, sem er í Stakksengi, heldur svo beinni stefnu í Heiðarvatn, (p. 412) þá eftir vatninu í minnið á Vatnsá, sem áður er nefnt.“

Þá kom fram að litið væri svo á að í kröfugerðinni fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, ef til þess kæmi að hluti framangreinds landsvæðis teldist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8. Kröfur eigenda Kerlingardals I-II

Af hálfu eigenda Kerlingadals I-II er þess krafist „að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur framangreindra jarða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki Kerlingardalstorfunnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf dags. 28. júní 1890: „ræður Heiðargilsá frá jökli, (p. 301) og fram í Byrnustein, (p. 201) svo úr honum sjónhending eftir hábrúnum fyrir framan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ræður hann, svo úr honum í Merkigil, (p. 203) svo úr norðurbotni þess, (p. 204) beint í Raufargilslækinn, (p. 205) svo ræður hann í jökul, (p. 206).“ Þá á jörðin fjöru með sérstökum fjörumörkum neðan Höfðabrekku.“

Þá kom fram að litið væri svo á að í kröfugerðinni fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, ef til þess kæmi að hluti framangreinds landsvæðis teldist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9. Kröfur eigenda Höfðabrekkutorfu

Af hálfu eigenda Höfðabrekkutorfu (Höfðabrekku, Reynisbrekku og Höfðabrekkuafréttar) er þess krafist „að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur torfunnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi hennar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki Höfðabrekkutorfunnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf dags. 6. febrúar 1887: „Að vestan fjörumark, að drangurinn vestan við Hnitbjargarhaus beri í mitt sund á millum Byrnuhausar og svokallaðra Hnausa í Höfðabrekkuhálsi. Frá Hnausum ræður Kerlingardalsá inn á móts við Byrnustein, (p. 201) úr honum sjónhending eftir hábrúnum fyrir sunnan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ræður hann, enn úr norðurenda hans beint í

Merkigil, (p. 203) svo ræður það, svo úr norðurbotni þess, (p. 204) beint í Raufargilslækinn að framan, (p. 205) svo ræður hann norður í jökul, (p. 206). Að austan fjörumark: Toppurinn hæsti á Rjúpnafelli á Kötulusandi beri í miðjan breiðasta dranginn fyrir norðan Hjörleifshöfða úr almennu flæðarmáli, (p. 105) en til tryggingar ef breyting kynni að verða, svo sem ef Katla gysi, þá er það fremsti Reynisdrangur beri fremst í Dyrhólaey, en landmarkið úr fjörumarki beina línu neðst í Mosaland vestan í Hafursey, svo beint í jökul, (p. 104). En kynni hlaup að koma og fjaran að ganga fram, þá á landmarkið að ráða. Skógarbrúkun á Klausturskógum í svo nefndum Péturshól.“

Þá kom fram að litið væri svo á að í kröfugerðinni fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, ef til þess kæmi að hluti framangreinds landsvæðis teldist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.10. Kröfur eigenda Hjörleifshöfða

Af hálfu eigenda Hjörleifshöfða er þess krafist „að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi hennar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi: „Að austan: Mörk Höfða- og Dynskógafjöru þar er merkt með landmarki, (p.101) síðan liggja landamerkin eftir beinni línu í norður að Blautukvíslarbotnum, (p.102) þaðan í beina línu norðvestur að jökulbrún, (p.103). Að norðan: Eftir jökulröndinni í vestur meðfram Moldheiði allt að (p.104). Að vestan: Frá jökulbrún, (p.104) í beina línu suður að fjöru, (p. 105).“

Þá kom fram að litið væri svo á að í kröfugerðinni fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, ef til þess kæmi að hluti framangreinds landsvæðis teldist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Almennt

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-21 ásamt undirskjólum eða samtals 447 skjöl, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf



við handritadeild Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfyrnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun er nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (studst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum í Vík. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfrréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitasubækur prófafa í Vestur-Skaftafellssprófastsdæmi, braudamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitasubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru athuguð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja.

Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til og var lögð fram örnefnaskrá fyrir Síðumannafrétt. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita sem áður hafa verið nefnd var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) var ekki ljósrituð að neinu leyti heldur stuðst við hana sem almennt uppsláttarrit. Af öðrum prentuðum gögnum lagði óbyggðanefnd fram ljósrit úr Manntali á Íslandi 1703.

Óbyggðanefnd lagði fram nokkur skjöl í flokki annarra óprentaðra frumgagna, sbr. áður nefnda greinargerð óbyggðanefndar og skjalaskrá.

#### 4.4. Vettvangsferð

Að morgni miðvikudagsins 22. október var haldið af stað í vettvangsferð frá Hótel Höfðabrekku.

Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru með í för þeir Jóhannes Kristjánsson vegna Höfðabrekku, Þórir Kjartansson vegna Hjörleifshöfða, Karl Pálmason vegna Kerlingadals og Reynir Ragnarsson vegna Mýrdalshrepps.

Ekið var af stað í norðurátt undir leiðsögn Reynis Ragnarssonar og förinni heitið inn á Höfðabrekkufrétt. Reynir skýrði frá staðháttum og gróðurfari. Ekið var fram hjá rústum Reynisbrekku. Svæðið þar upp af heitir Búðir eða Tjaldabúðir. Þar fyrir ofan mátti sjá Núpamýri. Til vesturs sást í Merkigil sem landamerki Höfðabrekku og Kerlingadals liggja um. Ekið var upp svo kallaðan Hríshól. Reynir greindi frá þeirri skoðun sinni að örnefnið benti til þess að þar hefði verið ræktað hrís. Ekið var áfram sem leið lá eftir gömlu þjóðleiðinni sem lögð var í kringum 1930. Fram undan blasti jökullinn við. Reynir greindi frá því að í skerjum fremst í jökulbrúninni hefði verið hellutaka. Þá benti Reynir viðstöddum á Merkigilsbotn en þaðan ræður sjónhending beint í Raufargil merkjum milli Höfðabrekku og Kerlingadals. Á vinstri hönd mátti sjá Hnitbjörg og fram undan sást enn fremur vel yfir á Hafursey og á hægri hönd á Hjörleifshöfða. Staðnæmst var þar sem útsýni yfir Seldal og Selfjall var gott. Úr Seldal rennur Múlakvísl. Reynir greindi frá þeim breytingum sem orðið hafa á landslaginu í kjölfar Kötlugosa. Fram undan mátti sjá Engimýri sem liggur fyrir fram- an Höfðabrekkufrétt og Afréttisá sem skilur þar á milli. Að sögn Reynis er svæðið norðan við Afréttisá af heimamönnum kallað Höfðabrekkufréttur en landið sunnan við ána Höfðabrekkuheid- ar. Þórir Kjartansson greindi frá því að fram til ársins 1860 hefði Múlakvísl runnið austan við Selfjallið en brotið sér farveg vestur fyrir það í Kötluhlaupi 1860. Hann telji mörkin milli Höfðabrekku og Hjörleifshöfða liggja um gamlan farveg Múlakvíslar. Þá telji hann að Múlakvísl sé sama áin og í fornum heimildum sé nefnd Grímsá. Þá greindi Karl Pálmason frá því að Kerlingardal tilheyrir Dynskógafjara sem eigendur jarðarinnar hafi fengið þegar menn úr Dynskógahverfi flýðu þaðan í Kötluhlaupi og settust að í Kerlingardalslandi. Þetta útskýri forna heimild um fjörumörk Kerlingar-

dals og Hjörleifshöfða. Þá eigi Kerlingardalur einnig fjöru sem kölluð sé Stúfur og liggja vestan við Höfðabrekkufjöru.

Haldið var af stað á ný og ekið áfram gömlu þjóðleiðina. Horft var yfir vatnasvæði Múlakvislar, sem er stórt og tilkomumikið. Stöðvað var við brúarstæði brúar sem fór í Kötluhlaupi 1955. Ekið var áfram eftir þjóðleiðinni yfir Afréttisá og inn á Höfðabrekkuafrétt. Fram undan mátti sjá gangnamannakofa. Um var að ræða gamlan barnaskóla sem fluttur var þangað eftir að hætt var að nota hann. Ekið var inn í Þakgil. Á vinstri hönd mátti sjá fjallið Miðfell. Í Þakgili voru hafðir sauðir fram til ársins 1940 en nú er búið að koma þar upp útileguaðstöðu. Staðnæmst var og skyggst um. Þá var ekið tilbaka að Hótel Höfðabrekku og stöðvað þar stutta stund.

Haldið var af stað á ný og ekið vestur eftir þjóðvegi nr. 1 sem leið lá að landi Heiðarjarða. Þar var beygt og haldið í norðurátt. Förlinn var heitið upp á Heiðarheiði. Á leiðinni voru mörk Heiðarjarða og Kerlingardals skoðuð. Þegar komið var upp á heiðina mátti sjá Lönguhlíðarhaus og Gæsatinda þar vestur af en um þá liggja mörkin á milli Heiðarjarða og Dalajarða. Sunnan við Gæsatinda mátti svo sjá Hrafnabök. Ekið var yfir kröfulínu íslenska ríkisins þar sem hún liggur úr Skjólkambi í Moldhálsa. Hjá heimamönnum kom fram að bæði Gæsatindar og Moldhálsar væru ranglega staðsettir á þeim kortagrunni sem óbyggðanefnd hefði látið færa lýstar kröfur inn á. Ekið var áfram í átt að Gæsavatni. Staðnæmst var á Lönguhlíðarhálsi og skyggst um. Fram undan mátti sjá Koltungur og Svínatungur. Í baksýn voru Hafursey og Höfðabrekkuafréttur.

Haldið var af stað á ný og ekið sömu leið tilbaka. Þegar komið var niður að þjóðvegi nr. 1 var beygt í vesturátt. Fyrirhugað var að aka upp Ytri-Sólheimaland og að Sólheimajökli. Á leiðinni var stöðvað við Klifanda þar sem sjá mátti Stórhöfða til norðurs. Við Klifanda slógust Péturseyjarbændur, þeir Hörður Þorsteinsson og Eyjólfur Sigurjónsson, í förina. Ekið var áfram í vesturátt eftir þjóðvegi nr. 1. Beygt var út af þjóðveginum og ekið meðfram jörðunum Holti, Álftagróf og Felli. Fram undan mátti sjá Klifurárgil en ofan í því liggur jökultunga. Á hægri hönd mátti sjá Holtsgil. Fram kom að á Felli, Álftagróf og í Keldudal er engin búseta. Einnig kom fram að Péturseyjarbændur hefðu unnið að landgræðslu á Stórhöfða í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

Þá var haldið út á þjóðveg nr. 1 á ný og ekið vestur að Eystri-Sólheimum. Staðnæmst var við Eystri-Sólheimabæinn. Þar tók Ólafur Þorsteinsson á móti hópnum og sýndi loftmynd af Eystri-Sólheimajörðinni. Á myndinni mátti glögglega sjá mörkin milli Ytri- og Eystri-Sólheima. Þá mátti sjá hvernig Sólheimajarðir liggja á milli Klifurárgils annars vegar og Sólheimajökuls hins vegar. Handan Sólheimajökuls liggur svo Hvítmaga.

Haldið var af stað á ný og ekið heim að Ytri-Sólheimum. Þaðan var fyrirhugað að aka upp á Sólheimaheiði og að skála sem þar er staðsettur. Við Ytri-Sólheima stigu upp í bifreiðina þau Tómas Ísleifsson, Sigrún Ragnarsdóttir og Einar Guðni Þorsteinsson. Ekið var um Ytri-Sólheimatorfunu undir leiðsögn Tómasar Ísleifssonar. Tómas vakti sérstaka athygli á því hversu skammt er frá sjó að jökli á þessu svæði. Fram undan blöstu Sjónarhólar við en um þá liggur kröfulína íslenska ríkisins. Skömmu síðar mátti sjá Arnardali á hægri hönd. Staðnæmst var við aðstöðu Arcanum ehf. sem rekur ferðaþjónustu á jöklinum. Þar tóku þau Benedikt Bragason og Andrina Guðrún Erlingsdóttir á móti hópnum. Þá var ekið af stað á ný í fjallatrúkk í eigu Arcanum ehf. og haldið upp á jökulinn. Þegar upp á jökulinn var komið var staðnæmst og skyggst um. Vel sást yfir Hvítmögu og glögg mátti sjá skil Hvítmögu og Skógarfjalls. Einar Guðni greindi frá því að hætt hefði verið að reka í Hvítmögu árið 1975. Ekið var niður að aðstöðu Arcanum ehf. á ný og stigið yfir í bifreið óbyggðanefndar. Þá var haldið til baka að Hótel Höfðabrekku þar sem vettvangsferð lauk að kvöldi.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Einari Þorsteinssyni, Sólheimahjáleigu; Erlingi Ísleifssyni, vegna Ytri-Sólheima; Tómasi Ísleifssyni, Ytri-Sólheimum; Ólafi Þorsteinssyni, Eystri-Sólheimum; Eyjólfu Sigurjónssyni, Pétursey I; Herði Þorsteinssyni, Nykhóli; Ólafi Gunnarssyni,

vegna Dalajarða; Tómasi Pálssyni, Litlu-Heiði; Karli Pálmasynt, Kerlingadal; Jóhannesi Kristjánssyni, Höfðabrekku; Reyni Ragnarssyni, vegna Mýrdalshrepps og Þóri Kjartanssyni, vegna Hjörleifshöfða. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir nýtingu afréttar á svæðinu frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Árið 1887 var Mýrdalnum skipt í tvö hreppsfélög, Dyrhólahrepp og Hvammshrepp, en í ársbyrjun 1984 voru þau sameinuð að nýju, og heitir hreppurinn nú Mýrdalshreppur.<sup>1</sup> Austurmörk Hvammshrepps voru talin um og í nánd við Blautukvísl á Mýrdalssandi, en vesturmörkum Dyrhólahrepps hefur verið lýst á þessa leið:

Í flæðarmáli er miðað við klapparhaus sem er á landamörkum Eystri-Skóga og Sólheima og er útfall Jökulsár að jafnaði nokkru austar og er ofar dregur liggja mörkin um svonefndan Sýslulæk eða Aurakvísl á Jökulsáraurum, vestan við Hestaþingsháls að Fjallgilsá, og þaðan fylgja mörkin rötum Skógafjalls að sunnan og austanverðu og um Jökulsárgil allt til jökuls.<sup>2</sup>

Fyrsti landnámsmaðurinn á svæði þessu var Hjörleifur Hróðmarsson, fóstbróðir Ingólfs Arnarsonar. Þegar þeir komu til Íslands öðru sinni tók Hjörleifur land við Hjörleifshöfða en þá var þar, að sögn Landnámu, fjörður, „ok horfði botninn inn at höfðanum“.<sup>3</sup> Ekki er getið um landnámsmörk og var Hjörleifur drepinn skömmu síðar af þrælum sínum.

Næstur á eftir Hjörleifi var Loðmundur hinn gamli, en frá honum er ítarlega sagt í Landnámu:

Loðmundr enn gamli hét maðr, en annarr Bjólfr, fóstbróðir hans; þeir fóru til Íslands af Vörs af Þulunesi. Loðmundr var rammaukinn mjök ok fjölkunnigr. Hann skaut fyrir borð öndvegissúlum sínum í hafí ok kvazk þar byggja skyldu, sem þær ræki á land. En þeir fóstbræðr tóku Austfjörðu, ok nam <Loðmundr> Loðmundarfjörð ok bjó þar þenna vetr<sup>4</sup>. Þá frá hann til öndvegissúlna sinna fyrir sunnan land. Eptir þat bar hann á skip öll fong sín, en er segl var dregit, lagðisk hann niðr ok bað öngvan mann vera svá djarfan, at hann nefndi.<sup>5</sup> En er hann hafði skamma hríð legit, varð gnýr mikill; þá sá menn, at skriða mikil hljóp á bæ þann, er Loðmundr hafði búit á. Eptir þat settisk hann upp ok tók til orða: „Þat er álag mitt, at þat skip skal aldri heilt af hafí koma, er hér siglir út.“ Hann hélt síðan suðr fyrir Horn ok vestr með landi allt fyrir Hjörleifshöfða ok lendi nokkuru vestar; hann nam þar land, sem

1 *Sunnlenskar byggðir*. 6. b. Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands 1985. S. 333. Einar H. Einarsson, 1975: „Mýrdalur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 11.

2 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 496.

3 *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 43.

4 *Þrjá vetr* stendur í Hauksbók.

5 *sik*, viðbót í Skarðsárþing, afskrift frá fyrri hluta 17. aldar. Það gat stefnt lífi manns í hættu ef nafn hans var nefnt á meðan hann var að fremja galdur (sbr. *Vatnsdæla saga*. Íslensk fornrit. 8. b. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík 1939. S. 35, 1. nmgr.).

súlurnar höfðu komit, ok á milli Hafrsár ok Fúlalækjar; þat heitir nú Jökulsá á Sólheimasandi. Hann bjó í Loðmundarhvammi ok kallaði þar Sólheima.<sup>1</sup>

Í Landnámabók er frásögn af landamerkjadeilum Loðmundar og Þrasa í Skógum. Sagan greinir frá því að vatnahlaup mikið hafi orðið á efri árum Loðmundar og taldi Þorvaldur Thoroddsen að það hefði stafað af gosi í Kötlu eða öðrum gíg í Mýrdalsjökli.<sup>2</sup> Þeir Þrasi eiga síðan að hafa með fjölkynngi veitt vötnum þessum hvor á annars land þar til þeir sættust á það að áin skyldi þar falla sem skemmst væri til sjávar. Hún er nú kölluð Jökulsá.

Fyrir vestan Loðmund námu nokkrir menn land og er þeirra getið í Landnámu, þó ekki í rétttri röð miðað við staðhætti:

Eysteinn hét maðr, son Þorsteins drangakarls; hann fór til Íslands af Hálogalandi ok braut skip sitt, en meiddisk sjálfr í viðum. Hann byggði Fagradal, en kerlingu eina rak af skipinu í Kerlingarfjörð; þar er nú Höfðársandr.

Ölvir son Eysteins nam land fyrir austan Grímsá<sup>3</sup>; þar hafði engi maðr þorat at nema fyrir landvættum, síðan Hjörleifr var drepinn; Ölvir bjó í Höfða. Hans son var Þórarinn í Höfða, bróðir sammæðri Halldórs örnólfssonar, er Mörðr örækja vá undir Hømrum, ok Arnórs, er þeir Flosi ok Kolbeinn, synir Þórðar Freysgoða, vágú á Skatafellsþingi.

Sigmundur kleykir son Qnundar bílds nam land milli Grímsár og Kerlingarár, er þá fell fyrir vestan Höfða. Frá Sigmundi eru þrír byskupar komnir, Þorlákr og Páll ok Brandr.

Björn hét maðr, auðigr ok ofláti mikill; hann fór til Íslands af Valdresi ok nam land milli Kerlingarár ok Hafrsár ok bjó at Reyni. Hann átti illt við Loðmund enn gamla. Frá Reyni-Birni er enn helgi Þorlákr byskup kominn.<sup>4</sup>

Einar Ólafur Sveinsson taldi að Eysteinn Þorsteinsson hefði þegið Fagradal af Reyni-Birni og að Eysteinn hefði kastað eign sinni á landið austur að Grímsá (Múlakvísl) frá Kerlingará.<sup>5</sup> Landnámsmörk Ölvis að vestan voru Grímsá, en um austurmörkin er ekkert vitað. Haraldur Matthíasson taldi sennilegt að Ölvir hefði numið allt austur að Eyjará (Blautukvísl).<sup>6</sup> Sigmundur kleykir var mágur Eysteins og kann því að hafa fengið land það í heimanmund sem honum er eignað í Landnámu. Einar Ólafur komst svo að orði að það gæti ekki hafa verið annað en „af kurteisi“ að Sigmundur væri kallaður landnámsmaður sennilega sökum þess að hann var sagður ættfaðir þriggja biskupa.<sup>7</sup> Frásögn Landnámu er einnig skýr um landnámsmörk Reyni-Bjarnar: Hafursá að vestan og Kerlingará að austan. Af lýsingu Landnámabókar verður því sú ályktun dregin að land hafi verið numið milli Jökulsár á Sólheimasandi og Múlakvíslar en um efri mörk landnámana er ekki getið.

## 5.2. Ytri-Sólheimajarðir ásamt Hvítmögu

Eins og áður hefur komið fram (sbr. kafla 5.1.) voru Sólheimar landnámsjörð Loðmundar hins

1 *Landnámabók* 1986, s. 302-304 (Sturlubók). Í Hauksbók eru engin veigamikil frávik.

2 Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 304-305 (7. nmgr.).

3 Grímsá heitir nú Múlakvísl (sbr. Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellsþingi*. Reykjavík. S. 109).

4 *Landnámabók* 1986, s. 332-334 (Sturlubók og Hauksbók).

5 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 110-111.

6 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 401.

7 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 111.

gamla. Þar var kirkja um 1200 þegar Páll Jónsson Skálholtsbiskup lét gera skrá yfir kirkjur í biskupsdæmi sínu. Elsti varðveitti máldagi kirkjunnar (Mariukirkju) „a solheimum“ er talinn vera frá um 1179 og skyldu þar þjóna tveir prestar eða prestur og djákni. Frá Sólheimum var „brottsöngur“ í fjórar kirkjur<sup>1</sup> og var ein þeirra (fjórðungskirkja) „a solheimum“. Þar mun átt við Eystri-Sólheima.<sup>2</sup> Þetta er síðan ítrekað í máldaga kirkjunnar frá um 1340.<sup>3</sup> Ekki er kunnugt um eldri heimildir um að Sólheimajarðirnar hafi verið tvær, þ.e. Ytri-Sólheimar og Eystri-Sólheimar. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er ekki lengur minnst á þær kirkjur sem þjónað var frá Sólheimum, en þar er skýrt frá dýrleika jarðarinnar og greint annars vegar á milli „garðsins“ og hins vegar „fastagóssins“:

Item garduren tjugitiger hundrud.

Fastagotz hundrad hundrada og .vij<sup>c</sup> betur.<sup>4</sup>

Hér er trúlega verið að greina á milli dýrleika jarðarinnar (garðsins), sem metinn var á 100 hundruð, og heildarverðmætis fasteignarinnar með kirkjubyggingu og öðru húsnæði (fastagóss), samtals 120 hundruð og 6 álnir. Þetta fær stuðning af því að í jarðabók frá 1695 eru Ytri-Sólheimar taldir vera 100 hundruð að dýrleika og mun þar farið eftir fornu jarðamati. Í eldri jarðabók, frá 1686, er dýrleikinn sagður vera 122 hundruð og 120 álnir og var það nálægt tvítugfaldri landskuld.<sup>5</sup> Nokkurs ósamræmis gætir í yngri jarðabókum um dýrleika Ytri-Sólheima. Í jarðamati frá 1804 er gefinn upp dýrleikinn 120 hundruð og 20 álnir<sup>6</sup> og síðan bætt við: „...en med Hjaleje 100<sup>c</sup> [100 hundruð]“.<sup>7</sup> Hér mun annars vegar vera vísað til jarðabókarinnar 1686 (120 hundruð), þar sem dýrleikinn er miðaður við landskuldina, og hins vegar til jarðabókarinnar 1695 (100 hundruð) þar sem hið forna mat er lagt til grundvallar. Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin sögð 120 <sup>1</sup>/<sub>6</sub> hundruð (þ.e. 120 hundruð og 20 álnir) en í Nýrri jarðabók er hinu forna mati skipt á milli heimajarðarinnar, 92 <sup>2</sup>/<sub>3</sub> hundruð, og hjáleigunnar, 7 <sup>1</sup>/<sub>3</sub> hundruð. Samkvæmt því verður öll jörðin, „með háleigunni“ (sbr. jarðamatið 1804) 100 hundruð að dýrleika. Þá er þess að geta að heimildir liggja fyrir um að á 18. öld hafi Ytri-Sólheimar gengið kaupum og solum og verið veðsettir.<sup>8</sup>

Í elstu landamerkjalyfingu Ytri-Sólheima, frá 1573, er gerð grein fyrir mörkum á milli Ytri- og Eystri-Sólheima (sjá kafla 5.3.). Í vísitásiúm biskupa frá 17. og 18. öld er mörkum ekki lýst og vísað til máldaga um eignir kirkjunnar.<sup>9</sup> En árið 1789 var gerð svofelld lögfesta fyrir Ytri-Sólheima:

Vid undirskrifadir lögfestum hér í Dag okkar Eignar og Ábylisjörð Ytri Sólheima í Mýrdal, sovel sjálft Heimalandid, sem Slæjuplátsítakid í Hvals Landi Kallad Solheimamýri, ásamt allar Landsnýtjar er því Landi fylgja ber til ytstu Ummerkja, sem adrir eiga á móti: Landamerkin eru ad vestannverdu Jökulsáar gamli Farvegur frá Sjó og nordurí Jökul; enn ad austannverdu Sjónhendíng úr Merkiaur í opna báda Fossana í Merkigili, rædur so það gil, so leingi sem það tilvinst, sídann eistra Gilid í Ófæru-botninn, og þaðann Sjónhendíng nordur í Jökul.<sup>10</sup>

1 Eina hálfkirkju og þrjár fjórðungskirkjur, að því er virðist.

2 Skjöl nr. 4 (4, 8).

3 Skjal nr. 4 (5).

4 Skjal nr. 4 (10).

5 Björn Lárússon, 1967: The Old Icelandic Land Registers. Lundi. S. 340. Landskuldin 1686 var 6 hundruð og 15 álnir og er tvítugföld sú upphæð 122 hundruð og 24 álnir. Ef miðað er við 6 hundruð í landskuld verður dýrleikinn, samkvæmt sömu reiknireglu, 120 hundruð.

6 Reyndar virðist standa þarna 2 álnir en það fær varla staðist.

7 Skjal nr. 2 (44).

8 Skjöl nr. 4 (52, 55-60, 74, 77, 78).

9 Sbr. skjöl nr. 2 (48, 49).

10 Skjal nr. 2 (57).

Lögfesta þessi var lesinn upp fyrir manntalsþingsrétti á Dyrhólum 23. júní 1790 „og protesterad sovídt áhrærir Hvolsland“.<sup>1</sup> Hún var síðan endurnýjuð á fundi eigenda Ytri- og Eystri-Sólheima 10. júní 1865.<sup>2</sup>

Frá lokum 18. aldar, þ.e. 1792, er einnig varðveittur vitnisburður um ítök Ytri-Sólheima:

Virduglegum Bræðrum Sveine Alegsandersýne og Ejolfé Alegsandersýne hefe eg selt og fullkomlega til Eignar feinged allt það eg atte i Jördunne Ytre Sólheimum ad Dýrleika<sup>3</sup> og fyrir gildt Andvirde sem Kaupbrief ockar i mille sýner, og effter þui j á minnstu Brefe eru ei á Nafn nefnd þau Jtök sem Ytre Solheimum fylgia, verd eg á það ad minnast svo Kaupendur vite hvad þeir meiga med friálsu bruka og er það fyrst Gield Fiár og Lamba Afriettur kallad Hvýtmaga, annad Slæiu Plats fyrir austann Hafurs Aa, kallad Solheima Mýre sem leiged hefur under Ytre Solheima sydann eg til man, og notad effter Hentugleikum, og það sama hefe eg heýrt gamla Menn seigia, af hvöríumm nockrer eru dauder, enn nockrer enn nu lifa, komner á attrædis Alldur og er þetta mitt 57 Ar. D 18 Decembris 1792 Jon Gudmundsson.<sup>4</sup>

Árið 1796 lögfesti séra Jón Jónsson<sup>5</sup> „allt Land ad Jökulsá under Skóga undan Solheimum“ en þremur árum síðar lýsti hann þá lögfestu ógilda með eftirfarandi yfirlýsingu:

Ad so miklu Leite, sem myn Lögfesta a Ejstre Skóga vid Eyafiöll Landareign af 24a Aprilis 1796, upplesenn á Holtsstadar Manntals Þinge sama Ár var fyrir ranga Underrietting og minn Okunngleika órigtug i því, ad lögfesta allt Land ad Jökulsá under Skóga undan Solheimum; So declarerast sama Lögfesta ógild, daud og maktarlaus, i allra þeirra Höndum, sem hana frammveijis hafa kunna, ad so miklu Leite, sem hún kann ad ásælast Solheimaland, til Fjalls edur Fjöru mót órækum Solheima Kirkiu Máldögum, en ad öðru Leiti sie hun i synu Gilde.

Til Stadfestu mitt Nafn Lingvum i Medallandi D. 26ta Martii 1799 Jon Jonsson Prestur til Hofi i Álfta Fyrde.

Þad sem i ofannskrifadri umgietnu Lögfestu var lögfest af okkar undirskrifadra Landeign var sierdeilislega 2 hndr. Fadmar jafnadarlega af Fjörunne, fra Jökulsá ad þeim stóra Fjörumarkssteine út vid Öldu sudur vid Fiöru, sem bera á ur Flækdar Mále i Hamars Nefid jnnannvertt vid Lödmundarsæte. Frá nefndum Fjöru Marksteini ad sunnann rædur Jökuls Ár gamle Farvegur, upp med Öldu mille Skógaheide og Hestaþings Háls nordur ad Jokle. Þetta bjódum vid med gömlum Skrifum og Vitnum ad bevísa ef Hlutadeigendur vilia áfria, og lögfestum vid hier i Dag alt Landed nefndum Farveg frá Jökulsá.<sup>6</sup>

Í fasteignamati 1849 er hlunnindum jarðarinnar lýst vandlega. Þar segir m.a.:

Afrétt i svonefndri Hvítmögu á jörðin nægan fyrir sig og er jörð þessi heldur örðug en fremur góð undir bú og álitst að gæta framfleytt 10 kúm og 600 fjár.<sup>7</sup>

1 Skjal nr. 2 (57).

2 Skjal nr. 2 (57).

3 Dýrleika er hér ekki getið.

4 Skjal nr. 2 (58).

5 Jón Jónsson (1756-1839) var prestur i Meðallandsþingum 1785-1798 og bjó að Eystri-Lyngum (*Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*. Tint hefir saman Páll Eggert Ólason. 3. b. Reykjavík 1950. S. 188-189).

6 Skjal nr. 2 (59).

7 Skjal nr. 2 (45).

Hvítmaga er í framangreindum heimildum frá 18. og 19. öld nefnd sem afréttur Sólheima. Elsta heimild um að Hvítmaga hafi verið nytjuð til upprekstrar er að líkindum máldagi Mariukirkju á Miðbæli undir Eyjafjöllum sem talinn er frá um 1332. Þar stendur orðrétt þegar lýst er eignum og ítökum kirkjunnar: „gelldfiar rekstur j huitmagafell“.<sup>1</sup> Þetta er síðan endurtekið í yngri máldögum kirkjunnar.<sup>2</sup> Engar sambærilegar heimildir eru frá miðöldum um að ábúendur Sólheimajarðanna hafi nytjað Hvítmögu.

Hinn 4. október 1865 var haldinn sáttafundur að Hvoli í Dyrhólahreppi að ósk Jóns Jónssonar á Höfðabrekku, umboðsmanns Þykkvabæjarklausturs. Ágreiningsefnið var upprekstur í Hvítmögu „afrétti Sólheiminga og slægiustykki, Sólheimamýri kölluðu, í Hvols landi“. Niðurstöður fundarins urðu þessar:

Urðu þær sættir að Sólheimingar afsala Hvola mönnum allri hálfri Hvítmögu, hvert sem þeir heldur vilja til uppreksturs, eður útláns til annara manna, eptir rettri itölu, en þar á móti afsala Hvola menn Sólheimingum hálfri Sólheima mýri til slæгна, [...] er gáangi að áraskiptum, eins og verið hefur að undanförmu, þá áskilja Hvolamenn sér hornið fyrir ofan markasteininn, er þeir hafa slegið að undanförmu, og að Sólheimingar varist að skemma eingjar sínar með yfirferð þeirra.

Að endingu skuldbinda hvorutveggju sig til að lata hvorir aðra sitja fyrir upprekstur í Hvítmögu eður slægjum í Sólheima myri, ef þeir nota það ekki sjálfir.<sup>3</sup>

Í nóvember 1886 hóf Vigfús Þórarinsson á Ytri-Sólheimum mál á hendur ábúanda jarðarinnar Hvols í Dyrhólahreppi til að fá staðfestan rétt sinn til Hvítmögu. Málsástæðum Vigfúsar er ekki lýst nákvæmlega en í aukarétti að Dyrhólum 29. september 1888 framlögðu Jón bóndi Einarsson á Hvoli og sambýlismenn hans vottorð um upprekstur í Hvítmögu. Síðan segir:

Hin stefndu mótmæla því öll, að Hvolsmenn hafi nokkurn tíma greitt Sólheimingum fyrir upprekstur í Hvítmögu annað en slægjuafnot af hálfri Sólheimamýri, en þeim helming mýrarinnar hafi Hvolsmenn alltaf notað sem sína eign átölulaust, og hafi alltaf verið slægjuskripti í mýrinni þannig, að sá helmingur mýrarinnar, sem sleginn var af Sólheimingum eitt árið, var hið næsta ár sleginn af Hvolsmönnum og svo koll af kolli. Ennfremur neita þau því, að þau nokkru sinni hafi verið krafín um afréttartoll fyrir Hvítmögu. Þau standa fast á því, að sáttinni frá 1865 hafi ávallt verið fylgt bæði af Hvolsmönnum og Sólheimingum þar til er sækjandi bannaði Hvolsmönnum upprekstur í Hvítmögu. Þau neita því, að lýsing á landamerkjum Sólheimamýrar hafi nokkurn tíma verið þeim synd og því síður, að þeir hafi samþykkt hana, en kveðast þó eigi hafa ástæðu til að mótmæla lýsingu sækjanda á marki milli Sólheimamýrar og Miðeyja.<sup>4</sup>

Frá þessum tíma er varðveitt lýsing á mörkum Hvítmögu og Skógafjalls:

Mark milli afrjettanna, ytri Skóga hverra afrjettur kallaður er Skógafjall, og ytri Sólheima, sem kallaður er Hvítmaga, er Jökulsárgil, sem Jökulsá rennur nú framúr, og hefur runnið svo lengi sem elstu menn muna til.

1 Skjal nr. 4 (150) (*Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 679).

2 Skjal nr. 4 (151) (*Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 260 (máldagi frá um 1371)) og skjal nr. 4 (149) (*Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 672 (máldagi frá um 1570)).

3 Skjal nr. 2 (90).

4 Skjal nr. 2 (64). Erlingur Ísleifsson frá Sólheimum komst svo að orði við skýrslutökur í máli nr. 6/2003: „Nýting Hvolmýringa [í Hvítmögu] var bara sem ítak af því að Sólheiminga vantaði slægju, þá vantaði bithaga.“



Ytri Skógum og Ytri Sólheimum 14. júní 1885.

K. Jónsson, fyrir handsal Oddur Sveinsson,

Vigfús Þórarinnsson, Einar Guðmundsson, Þorleifur Jónsson, Sæmundur Árnason

Sverrir Magnússon, Jón Ólafsson nafnið handsalað

handsalsvottar Arni Jónsson, Friðrik Jónsson<sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi að Loptsalahelli 22. júní 1885 og ritað í landamerkjabók.

Deilur um Hvítmögu héldu áfram næstu árin með málarekstri.<sup>2</sup> Í mars 1897 höfðuðu eigendur Hvals mál gegn eigendum Ytri-Sólheima og gerðu þá réttarkröfu „að eigendum Hvals verði dæmdur allur hálfur afrijetturinn Hvítmaga til fullra afnota og uppreksturs fyrir lömb“. Jafnframt kröfðust þeir þess að hinir stefndu ábúendur á Ytri-Sólheimum yrðu dæmdir til að greiða sækjendunum skaðabætur fyrir að hafa fyrirmanað þeim notkun afrettarins og fyrir óþarfa málarekstur og kostnað.<sup>3</sup> Málinu var vísað frá með þeim rökum að ekki hefðu allir eigendur Ytri-Sólheima verið aðilar að málinu og því eigi fullreynt um sáttaumleitanir.<sup>4</sup> Á fundi 21. apríl 1900 var loks komist að svohljóðandi sætt:

Hinir mættu varnar-aðilar [eigendur Ytri-Sólheima] lýsa því yfir, að þeir vilji samþykkja kröfu sækjendanna að því er snertir rjett eigenda Hvals til lambauppreksturs í Hvítmögu, þannig að hálf Hvítmaga skuli talin tilheyra eigendum Hvals. Af málskostnaðinum greiða þeir 10 – tíu – krónur. Sækjandinn fellur að öðru leyti frá kröfu sinni.<sup>5</sup>

Sátt þessi var í reynd felld úr gildi með samningi sem undirritaður var að Hvoli 5. júlí og Ytri-Sólheimum 8. júlí 1922. Þar segir m.a.:

Ítak Hvalsjarða, upprekstur í Hvítmögu í Sólheimalandi, og itak Sólheimajarða, slægja í Sólheimamýri í Hvolslandi. Að vjer skiftum nú þessum itökum, svo að eignarjarðir vorar Hvoll og Ytri-Sólheimar hjeðan í frá hafi óskertan sinn rjett, þeirra vegna, og gefum hverir öðrum afsal fyrir þessum forna itakarjetti þannig.

Að vjer eigendur Hvalsjarða í Dyrhólahreppi í V.-Skaftafellssýslu afsölum frá oss rjetti til lambauppreksturs í Hvítmögu í Ytri-Sólheimalandi til eigenda Ytri-Sólheimajarða, gegn samskonar afsali frá þeim á slægjuítaki þeirra í Sólheimamýri og hjer á eftir er ritað.

Og vjer eigendur Ytri-Sólheimajarða í Dyrhólahreppi í V.-Skaftafellssýslu, afsölum hjer með frá oss rjetti þeim til slægjuítaks í Sólheimamýri í Hvolslandi, er jarðir vorar hafa átt mót ofanrituðu afsali eigenda Hvalsjarða á ítaki þeirra í Hvítmögu, og til þeirra.

1 Skjal nr. 2 (3). Ekki kemur fram hvaða menn það voru sem rituðu undir bréfið en af öðrum heimildum má ráða að Vigfús Þórarinnsson, Einar Guðmundsson, Þorleifur Jónsson og Sverrir Magnússon hafi allir búið á Ytri-Sólheimum (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 612, 616-618).

2 Sbr. skjöl nr. 2 (40-42, 82).

3 Skjal nr. 2 (63).

4 Skjal nr. 2 (63).

5 Skjal nr. 2 (63). Sbr. skjal nr. 2 (41).

Skulu þessi skifti gerð fyrir oss og vora eftirkomendur, án neinnar milligjafar, eða skilorða. Samningi þessum skal þinglýsa á kostnað hlutaðeigenda og greiða sinn helming hvorir málsaðilar, og gildir frá þeim degi, að þinglýst er.<sup>1</sup>

Í heimildum er ekki minnst á aðrar nytjar af Hvítmögu en fjárbeit en við skýrslutökur í máli nr. 6/2003 (Mýrdalur) kom fram að þar hefði áður verið nokkur eggjataka (mávaegg). Fram undir fjárskiptin 1953 fór féð sjálft yfir jökulinn í Hvítmögu en þegar því fækkaði var ekki lengur talin þörf á að nýta hana til beitar.<sup>2</sup>

Ekki er öðrum landamerkjabréfum til að dreifa um Ytri-Sólheima en þeim sem hér hafa verið nefnd (þ.e. frá 1573 og 1789). Í kafla 5.3. (Eystri-Sólheimar) er gerð grein fyrir ágreiningi um landamerki milli Eystri- og Ytri-Sólheima og sáttargerð um það mál og skal hér vísað til þess sem þar stendur. Frá 1884 er varðveitt landamerkjabréf þar sem lýst er mörkum Pjeturseyjar og Ytri-Sólheima:

Skrásetning.

Í áframhaldi af skjali merktu No. 1 um landamerki jarðarinnar Pjeturseyjar, og er hjer lýst einungis markalínu á milli Pjeturseyjar og Ytri-Sólheima, sem er úr eystra fjörumarki Ytri-Sólheimafjöru bein sjónhending í jarðfastan klett með vörðu á og er sú stefna á Nónnes. Frá sama steini sjest Háfaskjól í Búrfelli að vestan að bera framar en miðjavega á milli Eyjarháls og Pjeturseyjar. Úr nefndum kletti sjónhending í grjótvörðu á Merkiaur, sem er mark á milli Pjeturseyjar og Eystri-Sólheima.

Pjetursey 13. júní 1884

Sverrir Magnússon	Jón Ólafsson
Þorl. Jónsson	Guðmundur Ólafsson
Einar Guðmundsson	Þórunn Þorsteinsdóttir
Sæmundur Árnason	Sigurður Sigurðsson
	Grímur Sigurðsson
	Vilborg Jónsdóttir (handsalað)
	Jón Árnason
	Vígfús Þórarinsson <sup>3</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 15. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu.

Í Jarðatali Johnsens 1847 er ekki getið annarra býla á jörðinni en Ytri-Sólheima og Sólheima-

1 Skjal nr. 2 (42). Samninginn átti „síðar“ að lesa á næsta manntalsþingi en hann var færður fyrirfram í afsals- og veðmála-bók Skaptafellssýslu 30. nóvember 1922.

2 Einar Þorsteinnsson, Sólheimahjáleigu, við skýrslutökur í máli nr. 6/2003.

3 Skjal nr. 2 (4).

hjáleigu. Í fasteignamati 1916 eru auk Sólheimahjáleigu skráðir sex Sólheimabæir (Ytri-Sólheimar I-VI). Ytri-Sólheimar I nefndust þá Sólheimakot. Þessi röðun bæjanna hefur síðar breyst eins og rakið er í ritinu *Sunnlenskum byggðum*.<sup>1</sup>

Fjalllendi Ytri-Sólheima hefur á síðari árum verið nýtt til útivistar og ferðaþjónustu. Í því sambandi má nefna að árið 1992 gerðu Snjósleðaferðir hf. samning við eigendur og ábúendur Ytri-Sólheimajarða um leyfi til að starfrækja skíðalyftur og snjósleðaferðir innst í Sólheimaheiði við rætur Mýrdalsjökuls. Í samningnum fólst einnig heimild til að reisa skála fyrir veitingar og svefn- aðstöðu.<sup>2</sup> Sams konar samningur var gerður þremur árum síðar við Geysi hf.<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að frá lokum 19. aldar og síðar hafi Ytri-Sólheimajarðirnar verið framseldar á hefðbundinn hátt og veðsettar.<sup>4</sup>

### 5.3. Eystri-Sólheimar

Eystri-Sólheima með því nafni er ekki getið í heimildum frá miðöldum, svo að vitað sé, en þó má ætla að sú jörð hafi snemma verið byggð. Í máldaga Mariukirkju á Sólheimum (Ytri-Sólheimum) sem talinn er frá 1179 kemur fram að þaðan var brottsöngur, „xij. messur a solheima“, og getur varla verið átt við aðra jörð en Eystri-Sólheima.<sup>5</sup> Þetta styðst við máldaga frá um 1340 en þar er þess getið að bænhús á Sólheimum liggja undir kirkjuna á Sólheimum (Ytri-Sólheimum) og greiði 5 aura fyrir prestlega þjónustu.<sup>6</sup>

Árið 1573 var gerð sátt um landamerki milli jarðanna Ytri- og Eystri-Sólheima:

J Guds nafni ämen. Giördu þeir Siera Þorlákur Einarsson og Petur Þorleifsson suofelldan samning og sáttmála sijn ä milli. Iostugir og veluivgir. vm landamerki ä millum jarðanna jtri Sólheima. er Petur Þorleifsson Eignadist og hellt. Ixij<sup>c</sup> af greindri jördu. Enn Siera Þorlákur af xij<sup>c</sup> Er hann eignadist j Eistri Solheimum. J firstu skilldi sä foss räda. sem er j Merkisgili. sem kallad hefur verid ad fornu. þaðan Rett tekin siönhendijng og sudur j Eyahölm<sup>7</sup> suo längst sudur ä merkisaurinn. sem skilst land ä millum Sólheima og Eyar. J annan mäta skilldi enn sami lækur. vpp frá fossinum j Merkisgili. Räda nordur Efftir fiöllum sem ad fornu allt j jökla. Lofudu þeir med handsöllum. ad þessi landamerki skilldi standa æfinlega fyrir sig og sijnä arfa og Efftirkomendur þeirra ä millum. vm það allt sem þeir mäetti fyrir sig og sijnä lofa og jäta. Voru þessum þeirra giörningi nærstaddir og hiäverandi. Þörður Gudmundsson lögmänn. Einar Eyreksson og Hallur Jönsson logrettumenn. med fleirum gödum mönnum. huörrier er samþiktu og stadfestu þennan þejrra giörning. og handsalada lofan. lögliga og minduga þeirra ä millum æ hedan af. og thil sanninda her vm settu firnefndir lögrettumenn sijn jnnsigli fyrir þetta landamerkiabref er giört og skrifad var ä því äri 1573 i Fells landeign j Myrdal. þann 26 dag Augusti.<sup>8</sup>

Í jarðabók 1686 eru Eystri-Sólheimar sagðir vera 46 hundruð og 160 álnir, og var þá miðað við tvítugfalda landskuld (2 hundruð og 40 álnir), en í jarðabók 1695 er dýrleikinn skráður 24 hundruð, væntanlega í samræmi við hið forna mat.<sup>9</sup> Dýrleikinn er hinn sami, 24 hundruð, í jarðamati 1804 og Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er hann færður niður í 18,4 hundruð.<sup>10</sup> Í heim-

1 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 610-618.

2 Skjal nr. 15 (20).

3 Skjal nr. 15 (21), sbr. skjal nr. 15 (22).

4 Sbr. skjöl nr. 4 (85-90, 142-145).

5 Skjal nr. 4 (8).

6 Skjal nr. 4 (5).

7 *Eyaholenn* stendur í einu handriti (120).

8 Skjal nr. 4 (44).

9 Björn Lárusson 1967, s. 340.

10 Skjöl nr. 2 (44), 4 (24, 25).

ildum frá 18. og 19. öld kemur fram að á þeim tíma var jörðin framseld á venjubundinn hátt, svo sem með sölu og við erfðir, og veðsett.<sup>1</sup>

Þrátt fyrir sáttargerðina um landamerki Eystri- og Ytri-Sólheima sem áður er getið tókst ekki að útkljá deilur um mörk þessara jarða. Miðvikudaginn 4. apríl 1866 var haldinn sáttafundur í framhaldi af kæru sem eigendur Eystri-Sólheima höfðu lagt fram á hendur eigendum Ytri-Sólheima. Niðurstöðu fundarins er lýst á þessa leið í sáttabók:

Urðu hlutaðeigendur ásáttir um, að land það, sem ágreiningurinn er af sprottinn, sem er bein stefna úr vestra fjörumarki Eystri-Sólheima og þaðan í Merkigilskjapt, austan marks, upp frá þessu skuli vera óatalið eignar sambeitarland Ytri og Eystri Sólheima eptir nú gyldandi dyrleika nefndra jarða. Að þessari sætt geingur og Eyólfur bóndi Eyólfsson á Ytri-Sólheimum, fyrir sjálfs sins hönd sem eiganda.

Ut supra

G. Thorarensen, E. Johannsson

Sigh. Árnason

Jón Þorsteinsson                      Margrjet Eyólfsdóttir (handsalaði)

Kjartan Jónsson                      Eyólfur Eyólfsson (handsalaði)

Að sömu kostum geing eg einnig, hvað framanskrifaðan sáttagjörning snertir, fyrir þaug 5 ½<sup>c</sup> (segi fimm og hálf hundrad) sem eg á í jörðunni Ytri Sólheimum; þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og viðstaddra votta, sómuleiðis eg Egill Sveinsson fyrir það sem mér viðkemur úr nefndri jörðu.

Jón Eyólfsson (handsalaði)              Egill Sveinsson

sómuleiðis jeg

Sveinn Sigurðsson (handsalaði)

Viðstaddir sem vottar

Jón Tómasson                      Hjálmar Eyrikksson<sup>2</sup>

Einnig var deila um landamerki milli Eystri-Sólheima og Péturseyjar og skipaði amtmaður sýslumanninn dómara í því máli. Eigendur Eystri-Sólheima kröfðust þess að landamerki jarðarinnar yrðu ákveðin þessi:

Sjónhending úr því umsam[da?] fjörumarki milli optnefndra jarða í Sólheimahrauni að austan verðu þar sem það skagar lengst austur og fram fyrir framan Skéllitorfu, en að eigendur Péturseyjar verði dæmdir til að borga allan málskostnað af máli þessu.

Eigendur Péturseyjar töldu hins vegar rétt landamerki vera þessi:

1 Sbr. skjöl nr. 2 (61), 4 (72, 73).

2 Skjal nr. 2 (79).

Að Eystri-Sólheima háls, sem liggur milli Hrutagils að vestan og Klifrárgils að austan sjáist framundan austasta horninu á Sólheima-hrauni og það bein sjónhending í hinn svonefnda Merkiaur fram á aurnum þar sem talið sé að Peturseyjjar- og Ytri-Sólheima lönd mætist.

Fyrir milligöngu áreiðarmanna var komist að svolatandi niðurstöðu:

Stefndu skuldbinda sig og eptirkomendur<sup>1</sup> sína og eptirkomendur allra til að líða sömu brúkun á þrætu-landinu frá Eystri-Sólheimum og hingað til hefir viðgengist í nú brúkandi og lifandi manna tíð meðan hjónin, sem nú eru á Eystri-Sólheimum, Jón Þorsteinsson og Ingibjörg Magnúsdóttir, eða annaðhvort þeirra er á lífi, eða eitthvað af börnum þeirra í fyrsta lið nýtur ábúðar á nefndri jörð. Þetta varð að handbundinni sátt.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Eystri-Sólheima var gert árið 1890 og er á þessa leið:

Skrásetning um landamerkjalyngu jarðarinnar Eystri-Sólheima í Dyrhólahreppi, lýst af ábúanda og eigendum jarðarinnar, eptir skjölum og skilríkjum, sem vjer í höndum höfum, og svo eptir sogn núlifandi manna.

1. Lækur sá, sem er í Merkgili, skilur land Eystri og Ytri Sólheima og frá upptökum lækjarins, er markið til hánorðurs í jökul, en úr því að lækurinn kemur niður á aurinn niður á jafnsljettu er markið bein sjónhending úr fossinum í Merkgili suður í Eyjarhólm og er varða hlaðin á Merkiaur í þeirri stefnu þarsem kemur saman mark á milli ytri Sólheima og Pjeturseyjjar og fossarnir í Merkgili bera saman.
2. Grjótvarða sú, sem er austanundir Eystri-Sólheimaheiði, fram undan Kleyfaráar-gilkjaptinum, þar sem sjest sem hesteyra af Máfadrang fram undan Skeiðflatarhlíðinni, úr nefndri mörk, er bein sjónhending til útsuðurs í vörðu þá, sem fyr er um getið á Merkiaur, og er hjer sjerstaklega lýst landamerkjum milli Eystri-Sólheima og Pjeturseyjjar.
3. Landmark milli Eystri-Sólheima og Fells, er varða sú, sem nefnd er fram undan Kleyfaráar-gilkjaptinum, úr nefndri vörðu bein stefna í gilkjaptinn og svo skilur Kleyfaráar gil norður í jökul.
4. Fjara fylgir jörðinni og er hinn svonefndi Stóristeinn fremst í Litlavelli látinn bera í baðstofuna á Eystri-Sólheimum; það er fjörumarkið að austan að vestan er fjörumarkið téðar grjótvrörður á Sandláguröldu ofan við fjöruna, austan við Húsá, þar sem hún kemur fram undir fjöruna; úr þessum vörðum er bein sjónhending í Nónnes í Ytri-Sólheimanesi.

p.t. Eystri Sólheimum 16. júní 1890

Jón Einarsson, eigandi að 14.9<sup>o</sup> fornt mat.

Högni Jónsson, ábúandi.

Fyrir Pjeturseyjjar ábúendur og eigendur.

Jón Ólafsson, sem eigandi og ábúandi. Jón Arnason, ábúandi 12<sup>o</sup> eigandi 1<sup>o</sup>. Árni Jónsson, ábúandi. Grímur Sigurðsson. Sigurðr Sigurðsson. Vilborg Jónsdóttir 8.40<sup>o</sup>.

Þórunn Þorsteinsdóttir.

<sup>1</sup> Hér fyrir ofan er einnig ritað *umbjóðendur*.

<sup>2</sup> Skjal nr. 2 (74).

Fyrir Ytri-Sólheima ábúendur og eigendur.

Sverrir Magnússon. Þorleifur Jónsson, ábúandi. Einar Guðmundsson. Sæmundur Árnason, ábúandi handsalað.

Jón Ólafsson eigandi að 12<sup>e</sup> að fornu mati.

Fyrir Fellið.<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 10. júní 1891 og fært í landamerkjabók Skaptafellssýslu.<sup>2</sup>

Tvö önnur landamerkjabréf eru til fyrir Eystri-Sólheima en ná einungis til tiltekinna jarða, þ.e. Fells og Péturseyjar. Fyrri bréfið er frá 1886 og lýsir mörkum á milli Eystri-Sólheima og Fells:

Skrásetning yfir landamerki jarðarinnar Eystri-Sólheima í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu, sem er að fornu mati 24<sup>e</sup>, en eftir jarðabókinni 1861, 18.4<sup>e</sup>. – Einungis er hjer lýst marki á milli Eystri-Sólheima og Fells og er farið eftir skjölum og skilríkjum, sem jeg í höndum hefí og svo líka eftir sögn núlifandi manna og er markið sem hjer greinir:

Grjótvarða á Kleyfaráar-aurunum austanundir Eystri-Sólheimaheiði, austur af svonefndu Klifí. Úr nefndri vörðu er sjónhending í mitt Kleifaráar-gil, þar sem áin Klifandi kemur fram úr gilkjaptinum, svo ræður Kleyfaráargil marki norður í jökul.

Þess skal getið þegar á ofanefndri grjótvröðu er staðið, að sem hesteyra sjest af Máfadrangi vestur undan hliðinni.

Eystri-Sólheimum

4. dag janúarm. 1886.

Guðmundr Ólafsson á Felli.

Ólafur Stephensen<sup>3</sup>

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi í Loptsalahelli 10. júní 1891 og fært í landamerkjabók. Síðara bréfið er frá 1922 og lýsir mörkum á milli Eystri-Sólheima og Péturseyjar:

Markalýsing.

Samkvæmt (privat) gerðardómi uppkveðnum 18. desember 1922, er mark milli Eystri-Sólheima og Pjeturseyjar þessi:

Varða sú, sem er fram undan Kleyfarárgils Kjaftri, ber að skoða sem markvröðu milli Pjeturseyjar og Eystri-Sólheima og liggur markið úr henni beina línu yfir hornið á Eystri-Sólheimahrauni í vröðuna á merkiaur. Og eru 2 vröður hlaðnar í þeirri stefnu á horninu á Eystri-Sólheimahrauni.

1 Hér fyrir neðan er ekkert nafn en rétt er að hafa í huga að landamerkjabréf Eystri-Sólheima frá 1886 er undirritað af hálfu Fellsmanna (sbr. hér síðar).

2 Skjal nr. 2 (14).

3 Skjal nr. 2 (14).

Eystri-Sólheimum 1. júní 1924

Grimur Sigurðsson, Ólafur H. Jónsson, Sæmundur Bjarnason

Guðm. Finnsson, Árni Jónsson.<sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 17. júlí 1924 og fært inn í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins 1890 hafi Eystri-Sólheimar verið framseldir á hefðbundinn hátt og veðsettir.<sup>2</sup>

#### 5.4. Fell

Fells er getið í máldaga Sólheimakirkju sem talinn er vera frá um 1179. Af honum má ráða að kirkja eða bænhús hafi verið á Felli og þjónað þriðja hvern helgan dag af prestinum á Sólheimum.<sup>3</sup> Fell er skráð með jörðum Kirkjubæjarklausturs í máldaga 1397 en er talið eign Þykkvabæjarklausturs 1523.<sup>4</sup>

Eins og aðrar jarðir klaustranna varð Fell eign konungs eftir siðaskiptin. Í jarðabók 1686 er það talið 25 hundruð að dýrleika í samræmi við landskuld en 12 hundruð í jarðabók 1695, og hélst sá dýrleiki óbreyttur í yngri heimildum.<sup>5</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er þess getið að á jörðinni Felli hvili sú skylda, sennilega frá þeim tíma er jörðin var gefin klaustrinu, að greiða 60 álnir (um hálf tónn) til fátækra.<sup>6</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin metin á 24,5 hundruð.<sup>7</sup>

Frá síðari hluta 18. aldar eru varðveittar lýsingar á jörðum Þykkvabæjarklausturs. Í lýsingu 1769 er sérstaklega tekið fram um Fell að vetrarhagar jarðarinnar séu mjög góðir.<sup>8</sup> Árið 1779 er komist svo að orði að Fell sé ein besta jörðin í Mýrdal, beitilandið sé „temmelig godt og stort“ en hafi rýrnað af skriðufalli.<sup>9</sup> Svipaða umsögn er að finna í jarðamati 1849: „Hagar fremur góðir bæði sumar og vetur ... Jörðin er sérlega falleg, notaleg og hæg og í betra lagi undir bú.“<sup>10</sup> Í fasteignamati 1916 segir um beitilandið að það sé „víðlent fjalllendi, fremur gott sauðland að sumri til“.<sup>11</sup>

Jörðin Fell, eign konungs, var lögð undir Sólheima- og Dyrhólaprestakall í makaskiptum fyrir jörðina Götur með stiftamtmannsbréfi 9. október 1838.<sup>12</sup> Ári síðar, 27. október 1839, fóru fram vitnaleiðslur um mörkin á milli Fells og jarðarinnar Holts. Einungis svör vitna hafa varðveist, og verður hér birtur sá hluti þeirra sem varðar landamerki:

[Árni Jónsson, Giljum. Svar við 3. spurningu:] Ecki annað en það gamla, Raudalæk svo langt sem hann nær og úr Raudalækjarbotni fyrir framann Hognavoll beina Stefnu í Stórukrínglu. Þetta mark vildi föstri minn Jón Jónsson halda.

1 Skjal nr. 2 (22). Af öðrum heimildum má ráða að Ólafur H. Jónsson hafi verið ábúandi á Eystri-Sólheimum, Sæmundur Bjarnason á Ytri-Sólheimum I, Guðmundur Finnsson í Pétursey og einnig Árni Jónsson (*Sunnlenskar byggðir* 6, s. 603-604, 615, 620).

2 Sbr. skjöl nr. 4 (91, 122, 125).

3 Skjöl nr. 4 (4 og 8).

4 Skjöl nr. 4 (3 og 6).

5 Björn Lárusson 1967, s. 340, sbr. skjöl nr. 2 (44) (jarðamat 1804) og 4 (24) (*Jarðatal Johnsens* 1847).

6 Skjal nr. 4 (24). „Fellstollurinn“ sem svo var nefndur mun hafa verið greiddur fram til ársins 1970 (*Sunnlenskar byggðir* 6, s. 621).

7 Skjal nr. 4 (25).

8 „...Vinter-Græsgang, som her er meget god“ (skjal nr. 2 (27)).

9 Skjal nr. 2 (29).

10 Skjal nr. 2 (45).

11 Skjal nr. 2 (46).

12 Skjal nr. 2 (43).

[Svar við 5. spurningu:] Nej, enn heyrð hefi eg líka mark úr Raudalækjarkjapti og í Bolhólma sem nú er ecki til. Eg heyrði líka að ágreingur hefði verið millum Jóns Sigursonar og Fellsprestisins.

[Þorsteinn Jónsson, Hvammi. Svar við 3. spurningu:] Að Raudilækur réði frá aur og það upp til Botna og beina stefnu í Krínglu. Það heyrði eg fyrst, enn síðann hefi eg heyrð talad um Diúpaskurd, sem gamlir menn aldrei ummtölodu.

[Sigurdur Eyjólfsson, Eystri-Sólheimum. Svar við 3. spurningu:] Ecki heyrði eg getid um annað mark enn úr Raudalækjarbotni í Stórukrínglu, enn þegar Holtsbóndinn og presturinn voru kændir þá vildi presturinn eiga í Diúpaskurd.

[Þórður Brynjólfsson, prófastur. Svar við 3. spurningu:] Þessvegna að eg hélt að Landadý og Diupiskurdur væru landamerki.<sup>1</sup>

Áfram var deilt um landamerki jarðanna næstu árin. Þannig segir í brauðamati 1855:

Jörðin [prestsetrið Fell] liggur undir töluverðri ábeiti og ágangi af öðrum jörðum og á þaraðauki í þrætu við jörðina Holtt, um mýrarstykki, sem víst mundi gefa af sjer 100 hesta, væri það haft til slægna. Þegar jarðirnar í Dyrhólahrepp voru metnar árið 1849 var þrætustykki þetta metið með Felli, því matsmönnum þókti ekki þrætan á rökum byggð.<sup>2</sup>

Árið 1865, 3. júlí, lagði séra G. Thorarensen fram kæru vegna ágreinings sem lengi hafði verið um landamerki milli prestssetursins Fells í Sólheimasókn að vestan og Holts og Álftagrófar að austan í sömu sókn. Í gögnum málsins kemur fram að hinir ákærðu vildu hafa Raudalæk fyrir mark upp til Botna og þaðan í Stórukrínglu, en presturinn vildi ekki á þetta fallast.<sup>3</sup> Á sáttafundi 31. ágúst 1865 var þetta bókað:

Kjærandinn [presturinn, séra G. Thorarensen] býður til sátta að landa merki verði sett úr Stóru krínglu - sem allir viðurkjenna norður markið – beint í svo nefnd Landa dý, þaðan í mynnið á Raudalæk suðurvið Aur. Þetta þýddust hinir á kjærðu ekki, en þar á móti buðu þeir til sátta að borga allan sátta fundar kostnaðinn. ... Hinir ákjærðu vildu hafa Raudalæk fyrir mark upptil Botna og þaðan í Stóru krínglu en presturinn þýddist það ekki.<sup>4</sup>

Fleiri en einn dómur var felldur í þessu deilumáli í aukarétti Skaftafellssýslu. Eftir umfangsmiklar vitnaleiðslur dagana 17.-20. september 1866 var kveðinn upp svofelldur dómur um landamerki milli Fells og Holts og Álftagrófar í Mýrdal:

Því dæmist rétt að vera: Landamerki milli prestssetursins Fells í Sólheimasókn í Vesturskaftafells Sýslu að vestan og bændaeygnanna Holts og Alptagrófar í sömu sókn og sýslu að austan skulu vera: bein sjónhendíng frá Raudalækjarmynni, þar sem lækurinn fellur fram á Hafursáraura yfir Landadý í Stórukrínglu, þá hún ber í midt Holtsgil.<sup>5</sup>

Máli þessu var áfrýjað til landsyfírréttar og felldi hann þann dóm í október 1867 að hinn stefndi,

1 Skjal nr. 2 (68).

2 Skjal nr. 2 (77).

3 Skjal nr. 2 (78).

4 Skjal nr. 2 (78). Sbr. skjal nr. 2 (80) þar sem einnig er greint frá árangurslausum sáttafundi 27. ágúst 1866.

5 Skjal nr. 2 (62).



þ.e. prestsetrið Fell, hefði eigi komið fram með neina löglega sönnun fyrir því að það ætti hið umþrætta land. Áfrýjendur (eigendur Holts og Álftagrófar) voru því dæmdir friir fyrir kærnum og kröfum hins stefnda. Þar sem þeir höfðu ekki framfylgt gagnsókn í málinu var ekki tekin til greina réttarkrafa þeirra um að landamerki jarðanna yrðu ákveðin eftir örnefnum þrætulandsins að vestanverðu.<sup>1</sup> Svo virðist sem dómur þessi hafi ekki verið virtur því að enn var haldið áfram að deila um landamerki þessara jarða. Á sáttafundi 12. apríl 1890 lagði séra Ólafur Stephensen á Hvammi fram skriflega kæru gegn ábúendum Holts og Álftagrófar vegna landamerkja Fells. Ekki náðust sættir milli kærands og bóndans í Holti, en um landamerki Fells og Álftagrófar varð samkomulag um að þau skyldu vera

úr Bolhólma í Landadý þaðan í Holtsgilskjaptinn, þaðan beina línu í Stórukringlu, svo ræður vesturbrún Holtsgils beint í jökul.<sup>2</sup>

Samkomulag þetta var ritað í sáttabók en ekki verður séð að því hafi verið þinglýst. En svo virðist sem vísað sé til þess í yfirlýsingu stjórnarráðs Íslands 1909 um landamerki milli Fells annars vegar og Holts og Álftagrófar hins vegar (sbr. hér síðar í kaflanum).

Eftir stóð að leysa úr ágreiningnum milli Fells og Holts.

Miðvikudaginn 18. mars 1891 var aukaréttur settur að Dyrhólum til að taka fyrir mál Einars Einarssonar í Felli gegn Einari Árnasyni, ábúanda jarðarinnar Holts.<sup>3</sup> Einar í Felli hafði áður fengið gjafsókn frá amtinu. Dómur var ekki kveðinn upp fyrir en 29. júní árið eftir og var á þessa leið:

Landamerki milli prestsetursins Fells og bændaeygnarinnar Holts í Mýrdal skulu vera þessi: Úr Stóru-Kringlu beina sjónhending yfir markstein við „Landadýið“ fyrir austan Fellsrjett, hið næsta fjallinu, í markstein í mýrarjaðrinum fram við aurinn; úr þessum marksteini bein lína suður og fram aurinn til þess er hornið á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og innri brún Hrosshamra undan Kristínarkletti. Að öðru leyti vísast málinu frá dómi.<sup>4</sup>

Dómur þessi var gerður ómerkur með dómi landsyfírréttar 11. september 1893.<sup>5</sup>

Í framhaldi af þessari niðurstöðu hóf eigandi Holts, Árni Gíslason sýslumaður, mál gegn sóknarpresti Mýrdalsþinga, séra Gísla Kjartanssyni, sem umráðamanni Fells. Dómur sýslumanns var kveðinn upp 27. júlí 1896:

Landamerki milli prestsetursins Fells og bændaeygnarinnar Holts í Mýrdal skulu vera þessi: Bein sjónhending úr Stórukringlu, þegar hún er miðuð framan af mýrarjaðrinum, yfir rótina á Fellsfjalli að austan og fram úr mýrinni, 30 faðma út á aurinn. Þaðan sjónhending fram í miðjuna á aurvikinu milli graslenda, þar sem Rauðilækur áður hefir runnið fram, og þaðan svo eptir beinni sjónhending suður og fram aurana til þess er hornið á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og innri brún Hrosshamra undan Kristínarkletti. – Merkjavörður skulu reistar á Fellsfjallsrótinni, mýrarjaðrinum og 30 föðnum suðvestur úti á aurnum, er standist á við Stórukringlu eptir áðursögðu, og ennfremur skal reisa merkjavörðu á miðju aurvikinu, þar sem ætlað er að mynni Rauðalækjar hafi verið. Að öðru leyti frávísað málinu.<sup>6</sup>

1 Skjal nr. 13 (1).

2 Skjal nr. 2 (81).

3 Stefnunni var síðar breytt þannig að málið var höfðað gegn eiganda Holts.

4 Skjal nr. 2 (65).

5 Sbr. skjal nr. 2 (66).

6 Skjal nr. 2 (66).

Landamerkjadómur þessi var staðfestur í landsyfirrétti 1. nóvember 1897.<sup>1</sup> Dómurinn var færður í landamerkjabók 13. júní 1908 og sem slíkur lesinn á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp þremur dögum síðar.<sup>2</sup>

Árið 1909, 12. september, gaf stjórnarráð Íslands út þá yfirlýsingu í bréfi til prestsins á Felli að það

[fyndi] ekki ástæðu til að hefja ágreining um landamerki tjeðrar jarðar [þ.e. Fells] annarsvegar og jarðanna Holts og Álftagrófar hinsvegar, heldur skuli láta sitja við þau landamerki, sem nú eru haldin og samkvæmt skýrslu yðar<sup>3</sup> hingað til hafa verið óátalin milli tjeðra jarða, þannig að vesturbrun Holtsgíls ráði landamerkjum frá Kringlu að telja og norður til jökuls.<sup>4</sup>

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 26. júní 1911 og fært í landamerkjabók. Nokkru eldra er landamerkjabréf um mörkin milli Fells og Péturseyjar:

Skrásetning.

Um landamerki jarðanna Pjeturseyjar og Fells, sem eru: Varða framan við Klifandiárgilkjapt og sjáist hesteyra af Máfadrang vestur undan Skeiðflatarhlíðinni, sama varðan, sem er mark á milli Fells og Eystri-Sólheima. Úr nefndri vörðu beina sjónhending í vörðu þá sem er landamerki milli Hvolts- og Pjeturseyjar, og sjáist hesteyra af Máfadrang vestan undir Skeiðflatarhlíðinni.

Pjetursey, þann 24. marz 1886

Grímur Sigurðsson húsbóndans vegna

Jón Árnason

Þórunn Þorsteinsdóttir

Árni Jónsson

Sigurður Sigurðarson

Jón Ólafsson

Ólafur M. Stephensen<sup>5</sup>

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 15. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu.

Búskapur mun hafa lagst af á Felli um 1966.<sup>6</sup>

Eins og áður hefur komið fram taldist Fell konungsjörð eftir siðaskiptin en varð kirkjulénsjörð á fyrri hluta 19. aldar. Ekki er vitað til að hún hafi frá þeim tíma gengið kaupum og solum. Ríkissjóður er nú skráður eigandi jarðarinnar.<sup>7</sup>

## 5.5. Krókjarðir (Holt og Álftagróf ásamt Keldudal)

Keldudalur er talin sama jörð og nefnd er Keldudalsholt í máldaga frá um 1179.<sup>8</sup> Í máldaga

1 Skjal nr. 13 (1).

2 Skjal nr. 2 (16).

3 Hér mun vera átt við fyrirspurn séra Þorvarðs Þorvarðsson í Norður-Hvammi um það hvort stjórnarráð Íslands staðfesti framangreind landamerki að því er varðaði prestssetursjörðina Fell (sbr. kafla 5.5. (Krókjarðir)).

4 Skjal nr. 2 (18).

5 Skjal nr. 2 (5).

6 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 621.

7 Sbr. skjöl nr. 4 (92, 113).

8 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 788 (Keldudalsholt í Mýrdal).

Mariukirkju á Sólheimum frá þessu tíma er komist svo að orði að brottsöngur skuli vera „j keldu dals hollt. annan hvann dag loghelgan ok enn fiorþa hvern ottu song“.<sup>1</sup> Samkvæmt þessu hefur verið hálfkirkja í Keldudal sem þjónað var frá kirkjunni á Sólheimum. Hálfkirkja þessi (Nikulásarkirkja) átti 10 hundruð í heimalandi en hún virðist hafa lagst af nokkuð snemma því að hennar er ekki getið síðar í máldögum.<sup>2</sup>

Ekki er kunnugt um hvenær búskapur hófst í Holti. Í heimild frá 1522 er skýrt frá því að Kristín nokkur Þórarinsdóttir hafði fengið úr föðurgarði jarðirnar Keldudal og Holt, að verðmæti 30 hundraða.<sup>3</sup> Frá 1680 er varðveitt kaupbréf þess efnis að Björn Jónsson (sýslumaður) selji Jóni Vigfússyni eldra sýslumanni þrjár jarðir, m.a. Keldudal, 12 hundruð að dýrleika, fyrir Staðarfell í Döllum.<sup>4</sup> Í jarðabók 1686 er Keldudalur metinn á 25 hundruð en 12 hundruð árið 1697 og mun það hafa verið nær hinu forna mati.<sup>5</sup> Í sömu jarðabókum er Holt skráð sem annars vegar 48 hundraða jörð (1686) og hins vegar 24 hundraða (1697). Dýrleiki Keldudals var kominn niður í 6 hundruð 1781 þegar makaskipti fóru fram á 3 hundruðum í Holti í Mýrdal fyrir „óðalsjörðina“ Keldudal með hálfum skipparti í millilagi.<sup>6</sup>

Álftagróf er fyrst talin í byggð 1756.<sup>7</sup> Í jarðamati 1804 segir um Álftagróf að hún sé hjáleiga frá Holti og var því ekki metin til dýrleika. Á sama tíma var Keldudalur í einkaeigu, 12 hundruð að dýrleika, og tilheyrði prestinum á Hofi, séra Jóni Jónssyni. Keldudalur átti þá „beitilandsítak í svokölluðum Stórhöfða“.<sup>8</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er haft eftir sýslumanni að hjáleigan Álftagróf sé 6 hundruð að dýrleika en heimajörðin, Holt, 18 hundruð.<sup>9</sup> Holt er þar engu að síður skráð sem 24 hundraða jörð eins og í eldri jarðabókum. Dýrleiki Keldudals var óbreyttur, 12 hundruð. Í Nýrri jarðabók 1861 er Álftagróf metin á 8,2 hundruð, Holt á 14,1 hundruð og Keldudalur á 7,6 hundruð.<sup>10</sup>

Ágreiningur virðist snemma hafa komið upp milli ábúenda bændaeignarinnar Holts og prestssetursins Fells í Mýrdal. Árið 1839 kallaði sýslumaðurinn í Skaftafellssýslum til þingsvitni til að yfirheyra þau um landamerki milli jarðanna Holts og Fells. Spurningar, sem lagðar voru fyrir vitnin, koma ekki fram í aukadómsmálabók en af svörum þeirra sem vitni gáfu virðist mega álykta að ágreiningurinn hafi snúist um það hvort landamerkjalinan ætti að taka stefnu í Kringlu eða Djúpa-skurð. Þrír menn gáfu skýr svör um landamerki jarðanna: Árni Jónsson í Giljum, Þorsteinn Jónsson í Hvammi, Sigurður Eyjólfsson á Eystri-Sólheimum og Þórður Brynjólfsson prófastur. Fjallað er um þennan ágreining í kafla 5.4. (Fell). Til viðbótar má geta þess að 19. júní 1856 var þinglesin lögfesta fyrir Holt frá 24. maí 1749. Inntak lögfestunnar er ekki skráð en fram kemur að presturinn í Felli mótmælti henni „vegna síðar gengnra sætta samninga um landamerkin“.<sup>11</sup> Ágreiningsmál þetta er nánar rakið í kafla 5.4.

Í landamerkjabréfi, undirrituðu 12. janúar 1908, er lýst merkjum á milli jarðanna Holts, Álftagrófvar og Keldudals:

Landamerkjalygis millum Holts, Keldudals og Álftagróf úr Lambá stutt frá Jökli beina stefnu í

1 Skjal nr. 4 (4). Hugmyndir hafa einnig verið um að með Keldudalsholti sé átt við jörðina Holt (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 622).

2 Sbr. skjal nr. 4 (5).

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 113.

4 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*. Útðrættir. Reykjavík 1993. S. 5 og 82.

5 Björn Lárusson 1967, s. 340.

6 *Alþingisbækur Íslands*. 16. b. Reykjavík 1986. S. 95.

7 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 622-623. Í manntali 1703 eru nefndir tveir ábúendur í Holti, og kann að vera að annar þeirra hafi búið á hjáleigunni sem í síðari heimildum er nefnd Álftagróf (sbr. skjal nr. 4 (37)).

8 „Jorden har beitelands Itak i saakaldet Storchöfða“ (skjal nr. 2 (44)).

9 Skjal nr. 4 (24).

10 Skjal nr. 4 (25).

11 Skjal nr. 2 (61).

Lakabúfu. Úr tjeðri þúfu beina sjónhending í húðarbólstand vestan vert í Keldudalsgili svo áfram haldandi stefnu í slæjumark Keldudals og Grófar í aur fram, svo beina stefnu suður aurana beint í Illagil í Mýrarhövömmum þar sem brekkur sleppir.

Litlihöfði er eign Holts og stendur í aurunum fyrir austan Holt. Mark að sunnanverðu Máfadrangshornið fram undan Skeiðflatarhlíðinni beint í Reyðarfoss í Dalaheiði.<sup>1</sup>

Undir bréfið rita fimm menn en ekki kemur fram hvar þeir bjuggu eða á hvers vegum þeir voru: Bjarni Þorsteinsson (Norður-Hvoli?), Ólafur Bjarnason (Keldudal), Þorsteinn Einarsson (Holti), Eyjólfur Guðmundsson (Mið-Hvoli?), Guðmundur Þorbjarnarson (Suður-Hvoli?), Einar Árnason (Holti) og Lárus M.P. Finnsson (Álftagróf).<sup>2</sup>

Bréfið var lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 16. júní 1908 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Séra Þorvarður Þorvarðsson í Norður-Hvammi mun hafa ritað stjórnarráði Íslands bréf með fyrirspurn um hvort það staðfesti framangreind landamerki að því er varðaði prestssetursjörðina Fell. Stjórnarráðið sá ekki ástæðu til að hefja ágreining um landamerki jarðarinnar Fells annars vegar og jarðanna Holts og Álftagrófar hins vegar heldur skyldi látið sitja við þau landamerki sem nú væru haldin „og samkvæmt skýrslu yðar hingað til hafa verið óátalin milli tjéðra jarða, þannig að vestur brún Holtsgils ráði landamerkjum frá Kringlu að telja og norður til jökuls“.<sup>3</sup>

Annað landamerkjabréf jarðanna Holts, Keldudals og Álftagrófar var undirritað 1. júní 1921 og þinglesið 19. júlí 1923. Það er í öllum meginatriðum samhljóða hinu fyrra. Frávikin eru þessi: Í stað örnefnisins Lakabúfu stendur Valabúfu í bréfinu 1921, húðarbólstand er þar ritað með stórum staf (sérnafn), í stað Grófar stendur Álftagróf og brekkur er ritað í eintölu (brekku) í bréfinu 1921.<sup>4</sup>

Þriðja landamerkjabréfið var gert 1956, milli Brekkna og Áss annars vegar og Álftagrófar, Keldudals og Holts í Dyrhólahreppi hins vegar:

Ár 1956, sunnudaginn 30. september vorum við undirritaðir, ásamt hreppstjóra Dyrhólahrepps, staddir inn á Hafursáraurum til þess að athuga og ná samkomulagi um mörk milli Brekkna og Áss annarsvegar og Álftagrófar, Keldudals og Holts hinsvegar.

Samkomulag varð, að láta markið vera úr norðausturhorni Hvolsgirðingar austur aurinn í beina stefnu á Reyðarfoss á Valaheiði, og eru vörður austur aurinn á þessari stefnu allt að hreppamörkum.<sup>5</sup>

Undir bréfið ritaði hreppstjórinn, Ásgeir Pálsson og að auki var það samþykkt fyrir jarðirnar Ás, Brekkur, Álftagróf og Keldudal, Brekkur III og Holt. Bréfið var fært í landamerkjabók 27. október sama ár og jafnframt tekið fram að það yrði lesið á næsta manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp.

Árið 1991 fóru fram landskipti milli jarðanna Holts og Álftagrófar. Dregin var lína sem hér segir:

Dregin skal lína frá þeim stað er framlengd bein lína landamerkja Holts/Álftagrófar og Keldudals kemur að Hvolslandi á áraurum austan Hafursár, í klappir við Hafursá austan megin í Holtshól þar Holtsbærinn stóð, þaðan í suðausturenda syðsta framræsluskurðar austan Holtshóls og eftir honum í miðjan veginn að Álftagróf. Þaðan beina línu í stakan stein í suðvesturenda ássins er liggur vestan Álftagrófarbæjarins, þaðan beina línu í vesturhlíð staktæðs hallandi drangs undir klettunum fyrir ofan

1 Skjal nr. 2 (17), sbr. skjal nr. 2 (19).

2 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 599-601, 622-624.

3 Skjal nr. 2 (18) (bréf, dags. 12. september 1909).

4 Skjal nr. 2 (19).

5 Skjal nr. 2 (26).

Álftagrófina, þaðan beina línu í kletthaus er stendur vestan megin ofan Keldudalsgils (á honum er lítill varða) og þaðan beina línu í jökul í botni gils vestan megin upptaka Lambár (sjá Lofmynd).<sup>1</sup>

Landið vestan megin línunnar skyldi vera eign Holts en Álftagrófar austan megin. Einnig var tekið fram að Litlihöfði í landi Keldudals væri eign Holts „frá fornu fari“.

Jörðin Holt var bændaeign til ársins 1935 þegar hún var seld ríkinu. Síðasti ábúandinn fór af jörðinni 1942 en árið 1973 keypti ekkja hans jörðina aftur. Jörðin mun nær einvörðungu vera nýttjuð til beitar.<sup>2</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búið hafi verið í Holti nær samfelld frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og fram undir miðja nýliðna öld og að hún hafi verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>3</sup>

Hinn 27. maí 1936 var Álftagróf með fasteignum seld ríkissjóði og einnig Keldudalur og voru þá þessar tvær jarðir sameinaðar.<sup>4</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins 1908 hafi jarðirnar Álftagróf og Keldudalur verið framseldar á hefðbundinn hátt og veðsettar.<sup>5</sup>

## 5.6. Stórhöfði

Stórhöfða er ekki getið í útgefnum heimildum frá miðöldum, hvorki sem örnefnis né nytjalands nokkurrar jarðar.<sup>6</sup> Samkvæmt heimildum frá 18. öld höfðu bæði ábúendur Péturseyjar og Dyrhóla nýttjar af Stórhöfða og spunnust af því deilur sem lauk ekki í það skipti fyrir en með dómi lögþingisréttarins á alþingi. Málavextir voru þeir að Péturseyjarbændur vildu meina bóndanum á Dyrhólum að nýta hagabeit sem hann hafði í mörg ár haft og brúkað á vetrardag fyrir fé sitt í Stórhöfða „hvar fyrir hann skyldi betala undirgift til Péturseyjar ábúenda“. Báðir aðilar stefndu málinu fyrir rétt sýslumannsins og kvað hann upp þann úrskurð 10. júní 1776 með sex meðdómsmönnum „að þetta afréttar plátz, Stórhöfði, sé og hafi alltið verið fullkominn eigindómur Péturseyjar að fráteknunni því ítaki, sem Keldudalur kunni þar í eiga, og enginn megi sér greint pláts hagnýta frammar en landsdrottins eður Péturseyjar ábúenda leyfi það eftirláti...“ Var bóndinn á Dyrhólum dæmdur til að greiða ábúendum Péturseyjar 30 álnir fyrir tveggja vetra fjárbeit í Stórhöfða. Þessi dómur sýslumanns var síðan staðfestur í lögþingisréttinum 18. júlí 1777.<sup>7</sup>

Í jarðamati 1804 er Keldudal eignað „beitilandsítak“ í Stórhöfða.<sup>8</sup> Á sama tíma átti Pétursey ónafngreindan afrétt sem metinn var á 80 álna.<sup>9</sup> Í sóknalýsingum séra Stefáns Stefánssonar, prests í Sólheimapingum, 1839 er Dyrhólingum eignaður lambaupprekstur árlega í Koltungum, „sem er afréttarland frá jörðinni Kerlingardal í Mýrdal“. Brekknamenn áttu og árlegan lamba- og geldfjárupprekstur í Dalahéiðinni í Reynissókn. Um afrétt annarra ábúenda í sókninni segir hann: „Péturseyjarábúendur eiga sjálfir afrétt í Stórahöfða sem er austur af Keldudalsheiðinni milli Lambáar og Hafursáar og Sólheimingar eiga sjálfir afrétt, er þeir ár(ega) brúka, Hvítmögu.“<sup>10</sup>

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er ekkert minnst á að Keldudalur eigi „ítak“ eða „afrétt“ í

1 Skjal nr. 10 (7).

2 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 622.

3 Sbr. skjöl nr. 4 (68, 93, 132).

4 Skjöl nr. 10 (5 og 6). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 623.

5 Sbr. skjöl nr. 4 (94, 95, 115, 123). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 624.

6 Skv. nafnaskrá í *Íslensku fornbréfasafni* 1.-15. b.

7 Skjal nr. 4 (67), sbr. nr. 4 (65, 66).

8 „Jorden har Beitelands Itak i saakaldet Storhøfda“ (skjal nr. 2 (44)).

9 „Jorden har Afret som anslaaes til 80 Alen“.

10 *Skafafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 264.

Stórhöfða. Um Pétursey er þess getið að hagar jarðarinnar séu þröngir, „en aptur á jörðin lamba-  
aftrétt í Stórhöfða“.<sup>1</sup>

Stórhöfða er getið í lok landamerkjabréfs Péturseyjar sem undirritað var 1. apríl 1888:

Afrjetturinn Stórhöfði fylgir jörðinni Pjetursey og liggur hann við eða hjá Keldudalslandi og skilur hann Lambá og Lambáargil frá Keldudalsheiði, en Hafursá og Hálsgil skilja hann frá Dalaheiði að austan. Ráða svo bæði gilin frá jökli fram á aura, þar til kemur þvermark milli Stórhöfða og Litlahöfða, bein sjónhending áa í milli.<sup>2</sup>

Undir bréf þetta rita eigendur og ábúendur eftirtalinna jarða: Péturseyjar, Ytri-Sólheima, Fells, Eystri-Sólheima, Dalajarða og Hvals. Það var lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 10. júní 1891 og fært í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Í byrjun 20. aldar varð ágreiningur um rétt Keldudals til Stórhöfða að dómsmáli í lögreglurétti Skaftafellssýslu. Málið hófst með því að ábúendur Péturseyjar báru fram kæru á hendur nokkrum nafngreindum mönnum fyrir fylstekju í Stórhöfða. Í reifun málsins í lögregluréttinum 23. ágúst 1906 kom m.a. þetta fram:

Kærendurnir halda því fram, að allt frá þeim tíma að fill tók sjer bólfestu í Stór-Höfða og fór að verpa þar, sem sje fram undir 20 ár, að þá minnir, þá hafi filungi verið tekinn allan þann tíma af ábúendum Pjeturseyjar átölulaust af hálfu nokkurs manns, og halda þeir því einnig fram að allan þann tíma hafi engir leyft sjer að taka þar fugla án leyfis þeirra og annara ábúenda í Pjetursey á þessu tímabili fyrr en í þetta sinn að hinir ákærðu hafi gjört það.

Þeir halda því einnig fram, að þeir hafi þinglesna landamerkjaskrá þar sem skýrt sje tekið fram að allur Stór-Höfði fylgi Pjetursey, og hafi enginn allt til þessa dags á löglegan hátt reynt til að hnekkja þeirri landamerkjaskrá.<sup>3</sup>

Í hópi hinna ákærðu var Magnús Einarsson skósmiður í Vík, eigandi Keldudals. Aðrir hinna ákærðu kváðust hafa verið ráðnir af Magnúsi til að veiða fil í Stórhöfða og ekki vita betur en að hann væri eigandi höfðans. Svo virðist sem Magnús hafi í tengslum við þetta mál kallað fram vitni, staðkunnuga menn í Holti og Keldudal, sem allir vottuðu að Stórhöfði væri eign Keldudals en Péturseyjarmenn haft þar heimild til sumarþeirra fyrir sauðfé. Fyrir þetta á bóndinn í Keldudal að hafa fengið að nýta Eyjarmýri til slægna og beitar (hrossabeitar).<sup>4</sup>

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði tekist að vefengja eða hnekkja á löglegan hátt rétti kæranda til fylstekju í Stórhöfða „hvað sem sjálfum eignarrjettinum yfir Stór-Höfðanum annars líður“. Orðrétt segir í dómnum:

Hina núverandi ábúendur Pjeturseyjar, kærendurna í máli þessu, verður þannig að skoða sem lögsmæta umráðamenn eða possidentes Stór-Höfðans [að] minnsta kosti að því er veiðiafnotin snertir, sem hjer er aðalágreiningsefnið, hvað sem sjálfum eignarrjettinum yfir Stór-Höfðanum annars líður.

Í þessu máli verður eigi uppkveðinn neinn fullnaðardómur um hann. - Til þess þyrfti landamerkjamálfutt eptir þeim reglum sem gilda í slíkum málum, og úrslit þess máls, gætu ekki haft neina þýðingu

1 Skjal nr. 2 (45).

2 Skjal nr. 2 (15).

3 Skjal nr. 2 (67).

4 Skjal nr. 2 (75).

fyrir þetta mál. Dómur í máli um eignarrjettinn yfir Stór-Höfða, er gengi hinum ákærða Magnúsi Einarssyni í vil, gæti samt eigi verkað aptur fyrir sig, heldur að eins fram fyrir sig.<sup>1</sup>

Máli þessu virðist ekki hafa lokið fyrr en með dómsátt sem báðir aðilar undirrituðu 22. júní 1908. Samkvæmt henni féllu ábúendur Péturseyjar frá öllum sekta- og skaðabótakröfum á hendur Magnúsi Einarssyni sem að sínu leyti lýsti yfir því að hann félli frá öllum þeim kröfum sem hann hefði gert til Stórhöfða og afsalaði Péturseyjarbændum þann rétt fyrir sína hönd og eftirkomenda sinna.<sup>2</sup> Lýsing jarðanna í gerðabók fasteignamatnefndar 1916 er í samræmi við þennan dóm. Þar er ekki gert ráð fyrir að Keldudalur eigi neitt tilkall til Stórhöfða en um Pétursey stendur þetta undir lið C:

Pjeturseyjarjarðir eiga sjerstakt upprekstrarland svo nefndan Stórhöfða; er þar lítills háttar filungatekja, einnig í Pjetursey. Ársarður talinn óviss.<sup>3</sup>

Fleiri jarðir átta fylungaveiði samkvæmt gerðabókinni eins og Fell, Holt, Álftagróf og Keldudalur en ekki er tekið fram hvar hún var.

Í þessu sambandi er rétt að víkja að skýrslu sem Halldór Jónsson í Vík tók saman um upprekstur í Hvammshreppi og undirrituð er 26. nóvember 1923. Þar er fjallað um vaxandi vanda við að finna upprekstrarlönd, einkum eftir 1912 þegar sauðfé tók að fjölga í hreppnum. Árið 1915 var gerður samningur um að Hvammshreppur tæki á leigu upprekstrarlönd fyrir ákveðið gjald og síðar var ákveðið að hætta að taka fé úr Dyrhólahreppi nema í Koltungur. Í skýrslunni er hvergi minnst á Stórhöfða.

Lýsing á merkjum Stórhöfða er frá 1922:

Markalýsing fyrir afrjettarlandinu Stórhöfða, gjörð af eigendum Pjeturseyjarjarða og eigendum Keldudals í Dyrhólahreppi ár 1922.

Fyrir framan Stórhöfða vestan til er reist varða í stefnu þeirri – að bein lína sje framanvert við Stórhöfða, sem hvergi snerti rætur höfðans og í horn Berjaness, þar sem það gengur lengst niður<sup>4</sup> á aurinn. – Hafursá er svo mark inn úr gili.

Úr sömu vörðu er einnig bein lína við suðvestur horn Stórhöfða og í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum, þar sem gilið þrengist. – Þaðan ræður svo áin í gilinu – mörkum.

Fyrir Keldudalinn: Hvoli 1. júlí 1922.

Eyjólfur Guðmundsson      Bjarni Þorsteinsson

Pjetursey 1. júlí 1922.

Grímur Sigurðsson      Guðmundur Finnsson      Árni Jónsson<sup>5</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið á manntalsþingi fyrir Dyrhólahrepp 17. júlí 1924 og fært í landamerkjabók.

Að lokum er hér lýsing á Stórhöfða samkvæmt afréttarskrá úr Dyrhólahreppi 1983:

1 Skjal nr. 2 (67). Dómurinn var kveðinn upp 4. október 1906.

2 Skjal nr. 2 (39).

3 Skjal nr. 2 (46).

4 Leiðrétt ofan línu fyrir suður.

5 Skjal nr. 2 (21).

Afréttur milli Hafursárgils að austan og Lambáargils að vestan. Stórhöfði tilheyrir jörðunum Eystri-Pétursey, Vestri-Pétursey, Völlum, Nykhól og Eyjarhólum.<sup>1</sup>

### 5.7. Dalajarðir (Stóridalur, Neðridalur, Kaldaðarnes, Fjós og Breiðahlíð)

Í máldagasafni Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 eru tvær jarðir í Mýrdal nefndar Dalur og var á báðum þeirra fjórðungskirkja.<sup>2</sup> Önnur jörðin var þá metin á 24 hundruð en hin á 60 hundruð.<sup>3</sup> Í eldri heimild, máldaga Mariukirkju á Reyni í Mýrdal, sem talinn er frá um 1340, segir að þangað liggi undir tíu bæir að tíundum og lýsitollum „vtan j dal tekst heima“.<sup>4</sup> Þetta bendir til þess að á þeim tíma hafi Dalur verið ein jörð með fjórðungskirkju (eða hálfkirkju) sem naut góðs af tíund heimamanna. Þess skal getið að Gíslamáldagar eru að meira eða minna leyti til í allmörgum uppskriftum og er önnur Dalajörðin, sú sem metin var á 24 hundruð, einungis nefnd í einu þeirra.<sup>5</sup> Það er því hugsanlegt að einnig í tíð Gísla biskups hafi Dalur verið ein jörð.

Samkvæmt jarðabók 1686 voru Dalajarðirnar tvær, Neðridalur, 25 hundruð að dýrleika, og Stóridalur, 60 hundruð að dýrleika. Í jarðabók 1695 er Neðridalur metinn á 10 hundruð en Stóridalur á 20 hundruð. Kaldrananes var talið 25 hundruð 1686 og 10 hundruð 1695 en Fjós 20 hundruð og síðan 10 hundruð að dýrleika. Breiðahlíð er ekki nefnd í þessum jarðabókum.<sup>6</sup> Þó er hennar getið í eldri heimildum, t.d. í yfirlýsingu Eiríks Jakobsssonar á alþingi 1589 um að Guðrún Halldórsdóttir í Mýrdal hafi heitið því að selja honum 5 hundruð í þeirri jörð.<sup>7</sup> Jarðirnar virðast því allar hafa verið sjálfstæðar jarðir en ekki hjáleigur.

Í jarðakaupabréfi frá 1703 er Neðridalur talinn 10 hundruð úr jörðinni Stóradal.<sup>8</sup> Heimildir frá 18. öld benda til að Dalur (þ.e. bæði Stóridalur og Neðridalur) hafi framselst á venjubundinn hátt og dæmi eru um að Neðridalur hafi verið veðsettur til greiðslu á afgjöldum Þykkvabæjarklausturs.<sup>9</sup> Breiðahlíð, Fjós og Kaldaðarnes gengu einnig kaupum og sölum á þessum tíma.<sup>10</sup>

Í jarðamati frá 1804 eru allar þessar jarðir, þ.e. Stóridalur, Neðridalur, Kaldrananes og Fjós, nefndar og dýrleikinn óbreyttur, og að auki er þar gerð grein fyrir jörðinni Breiðuhlíð, 10 hundraða „sjálfseignarjörð“ („Selvejerjord“).<sup>11</sup> Sama er að segja um Jarðatal Johnsens 1847 að því undanskildu að Stóridalur er þar sagður 10 hundruð eins og Neðridalur.<sup>12</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 eru allar jarðirnar fimm sagðar hver um sig 12 hundruð að fornu mati en hækkaðar lítillega við nýtt mat.<sup>13</sup>

Heimild er um að lögfesta Dalajarða hafi verið þinglesin 6. júní 1849 en um inntak þeirrar lögfestu er ekki vitað.<sup>14</sup>

Jón Sigurðsson, prestur í Reynisþingum, ritar í sóknalýsingu sinni 1840 að engir almenningar séu þar í sveit og bætir síðan við: „Dalajarðir hafa geldfjárupprekstur á heiðarlönd sín. Brekkna-

1 Skjal nr. 4 (41).

2 Í fjórðungskirkju var messað fjórða hvern sunnudag.

3 Skjal nr. 4 (17).

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 741.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 704 (nmgr.). Við útgáfu máldagasafnsins virðist hafa verið stuðst við a.m.k. sex uppskriftir (sama rit, s. 545-546).

6 Björn Lárusson 1967, s. 339.

7 Skjal nr. 4 (43).

8 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990. S. 404.

9 Skjöl nr. 4 (61, 64). *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 72-73, 114, 404-405.

10 Sbr. skjal nr. 4 (57): Eignalýsing 1748 (Breiðahlíð). Skjal nr. 4 (62): Brigðalýsing 1771 (Fjós). Skjal nr. 4 (74): Pantsetning 1789 (Fjós). Skjal nr. 4 (78): Makaskiptasamningur (Fjós). Skjal nr. 4 (46): Uppboð á jarðarparti í Kaldaðarnesi 1649. Skjal nr. 4 (38): Kaupsamningur 1680 (Kaldaðarnes).

11 Skjal nr. 2 (44).

12 Skjal nr. 4 (24).

13 Skjal nr. 4 (25). Fjós 12,2 hdr., Stóridalur 14,1 hdr., Breiðahlíð 13,5 hdr., Neðridalur 12,2 hdr., Kaldrananes 13,5 hdr.

14 Sbr. skjal nr. 2 (61).



menn reka einnig þar upp, og er þar landkreppa, þá fénaður er í meðallagi til.“<sup>1</sup> Ekkert er á þetta minnst í gerðabók jarðamatsnefndar 1849. Þar kemur fram að Dalajarðir áttu sameiginlega haga en þeir þóttu „heldur þraungvir“.<sup>2</sup> Þetta er að nokkru leyti staðfest í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 en notað orðið „beituland“ í stað „haga“:

Beitulandið er fjalllendi, víðlent og skýlt, gott sumarbeitiland fyrir allan fjenað. Vetrarþreit fremur rýr. Smalamenska er erfið.<sup>3</sup>

Sameiginlegt landamerkjabréf Dalajarða var gert 1883 og er sem hér segir:

Landamerki jarðanna Breiðuhlíðar, Stóra-Dals, Neðra-Dals, Fjösa og Kaldraness.

Þar eð við hjer undirskrifaðir sem hlutaðeigendur Dalalands höfum sameinað okkur til að athuga og tilgreina mörk fyrir landi okkar, þá vill samkvæmt gömlum mörkum og munnmælum þannig álitast:

Fyrst haga og heiðamark<sup>4</sup> að vestanverðu, sem liggur úr Kerlingargili vestan til samkvæmt gömlum enn glöggum markgarði, sem liggur upp af Langholti, úr honum í Nefskjól á Búrfelli, úr Nefskjöli í vesturbúrni á fremri Skjólhaus, úr honum í vesturbúrni á nyrðri Skjólhaus, þaðan með vestureggjum að austan og í útnorðurhorn Búrfells, þaðan í Kollból á Litlahöfða, úr Kollbóli í Hálsgil, þar ræður Hafursá marki inn að Innri-einstíg, svo liggur það til jökuls eftir gilinu vestan við Gvendarfell.

Því næst austurmark Dalalands, sem liggur norðan úr Mosakambi suður í Skiftingaháls, þaðan í norðurhorn Gæsatinda, þaðan í Hestkambssel, þaðan sjónhending í Marktorfuodda á Sauðafelli, þaðan sjónhending í seltóttina á Nestorfum, þaðan austur í Marktorfuodda í Fjósakömbum.

Því næst slægjumörk: Fyrir vestan Brandslæk er dýjarás, nefnd Dalgardrás, sem aðgreinir (frá Brekkna slægjum) fyrst Skirteig, þá Dalgard og syðst Sprengir, enn athugandi er, að tjeð rás hefur fyrir miðjum Dalgardi breytt stefnu sinni, þar hún nú rennur vestur í Kýrkeldu; ræður því að eins hennar forni farvegur marki fyrir syðri hluta Dalgards og Sprengir öllum suður að Ós.

Þá norður og austurmarkið: Á Brandslækjar bakka hinum eystri er gömul og gróin varða, úr henni liggur markið milli Ness og Dalamanna beina línu í Svarthamra, svo langt til austurs þar til komið er í beina línu úr miðri Marktorfu austan við Nesgil og í Tvíbytnuanga í Miðmýrum, sú lína ræður austurmarki Dalamanna og frá Tvíbytnuanga sömu stefnu suður, enn hvað langt, vitum við ei til vissu, óskum því að fá upplýsingu á því efni, nefnilega að gerð sje grein fyrir ástæðum að því, að Hólateigur, sem og fleiri slægjuskákar Dyrhólinga án greinilegra marka samkvæmt fyrgreindri línu, liggja innan okkar engjamarca.

Staddir á Neðra-Dal dag 2. júní 1883

Jón Jónsson	Þ. Þorsteinsson	H. Narfason	Þ. Arnoddsdóttir
J. Jónsson	S. Eyjólfsson	Br. Guðmundsson	J. Árnason
G. Arnoddsón		H. Jónsson	Ólafur Pálsson. <sup>5</sup>

1 Skaftafellssýsla 1997, s. 243.

2 Skjal nr. 2 (45).

3 Skjal nr. 2 (46).

4 Fyrst ritað *heiðarmark* en *r* strikað út.

5 Skjal nr. 2 (13). Ekki kemur fram hverjir það voru sem rituðu undir bréfið. Samkvæmt sóknarmannatali í Þjóðskjalasafni bjó Þorsteinn Þorsteinsson í Neðradal, Hafliði Narfason í Fjösi, Jón Jónsson í Stóradal (maður með sama nafni bjó einnig í Breiðuhlíð), Sigurður Eyjólfsson í Pétursey, Brynjólfur Guðmundsson á Litluheiði og Jón Árnason í Suðurhvammi. H. Jónsson er líklega Halldór Jónsson, umboðsmaður í Suðurvík. Af öðrum heimildum má ráða að Þórunn Arnoddsdóttir hafi búið í Stóradal (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 440, sbr. einnig s. 420 og 422).

Landamerkjabéfið var lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Dalajarðir verið fram-seldar á hefðbundinn hátt og veðsettar.<sup>1</sup>

### 5.8. Heiðarjarðir

Í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1340 kemur fram að klaustrið átti þá Heiði, og voru greiddar af jörðinni þrjár merkur í vöru.<sup>2</sup> Síðar í máldaganum er tekið fram að „j langanesi fylger skogur heidi“.<sup>3</sup> Í máldaga Maríukirkju að Reyni í Mýrdal frá svipuðum tíma er kveðið á um að presturinn þar skuli syngja „xij. messur a heide“ og taka hálfá mörk fyrir.<sup>4</sup> Samkvæmt þessu hefur verið bæn-hús (fjórðungskirkja) á Heiði á þessum tíma. Heiði var í eigu klaustursins fram yfir siðaskipti en varð eftir það eign konungs.<sup>5</sup>

Í jarðabók 1686 er Heiði talin 40 hundruð að dýrleika (miðað við landskuld) en 12 hundruð 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>6</sup> Sá dýrleiki hélst óbreyttur þar til nýtt jarðamat fór fram um miðja 19. öld. Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleiki Heiðar ásamt „hjáleigunni“ Litluheiði 12 hundruð en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 er Heiði ásamt Litluheiði og Kárhólmi talin 27,6 hundruð.<sup>7</sup>

Í jarðamati 1804 er þess getið að Heiði hafi verið lögð til Reynis og Höfðabrekkuprestakalls. Jörðinni var hætt við skriðuföllum en útigangur var talinn nokkuð góður.<sup>8</sup> Jón Sigurðsson, prestur í Reynisþingum, segir frá því í sóknalýsingu sinni 1840 að í Heiðarlandi „[fái] nokkrar jarðir upprekstur, þó ei ætíð staðfast enar sömu“.<sup>9</sup> Í jarðamati 1849 er jörðinni Heiði lýst „með Litluheiði og Kárhólum“.<sup>10</sup> Þar segir að hagar jarðarinnar séu „miklir og kostagóðir á sumrum og vetrum, en heldur er hér vetrarríki“. Síðar í sömu lýsingu er þessi umsögn:

Jörðin er heldur hæg, að öðru leiti enn því, að hún hefir mjög örðuga smalamennsku. Afrétt má að skaðlausu ljá öðrum á sumrum fyrir 600 fjár.<sup>11</sup>

Um miðja öldina var gerð skýrsla um tekjur og útgjöld Reynisþinga. Þar segir m.a.:

Prestssetrið Stóraheiði 12<sup>o</sup> að dýrleika; kúgylði heima 2 ½; Jörðin er einhver með þeim beztu haga-jörðum á sumrum, bæði að landrýmindum og landgæðum, en allar slæjur heldur snögglendar, og fæst þar í meðalári 280 hestar í allann heyskap, og á hann mun óhætt að setja 3 kýr og 160 fjár fullorðið, auk hesta þeirra er búið þarf. Vetrarríki er þar eitthvert hið mesta hjer í sveit, og hvervetna illveðra samt. Silungsveiði er í Heiðarvatni, og af henni talsverð hlunnindi, en mýbitið við vatnið gjörir aptur töliverðan óskunda.

Stóraheiði með hjáleigum Litlaheiði leigðri með einu kúgildi og 50 al. landskuld og Kárhólmar með ½ kúgylði og 40 al. landskuld, sem allt er ákveðið í smjöri, er eptir meðfylgjandi álitsgjörð metin til afgangis 48 [ríkisdalir].<sup>12</sup>

1 Sbr. skjöl nr. 4 (101-105). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 438-443.

2 „Af heidi iij merkur vorv“ (*Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 738 (skjal nr. 4 (1))).

3 Skjal nr. 4 (2).

4 Skjal nr. 4 (2).

5 Sbr. skjal nr. 4 (3). Björn Lárusson 1967, s. 339.

6 Björn Lárusson 1967, s. 339.

7 Skjöl nr. 4 (24, 25).

8 Skjal nr. 2 (44).

9 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 243.

10 Litlaheiði er nefnd sem hjáleiga frá Heiði í jarðabók 1760 (sbr. *Jarðatal Johnsens* 1847, s. 13, 8. nmgr. (skjal nr. 4 (24))).

11 Skjal nr. 2 (45).

12 Skjal nr. 2 (76).

Eins og áður er getið var Heiði lögð til Reynis- og Höfðabrekkuprestakalls og taldist vera kirkjulénsjörð. Árið 1904 seldi Bjarni Einarsson, prófastur í Vestur-Skaftafellssýslu, ábúandanum á Litluheiði jörðina til eignar fyrir 900 kr. Þetta gerði prófasturinn samkvæmt heimild konungs og í umboði stiftsfirvalda og skyldi jörðin eftir það skoðast sem bændaeign. Kaupsamningurinn var lesinn á manntalsþingi fyrir Hvammshrepp 1. maí 1905 og innfærður í afsals- og veðbréfabók.<sup>1</sup> Í fasteignamati 1916 er skýrt frá því að Litlaheiði, sem þá var metin á 6,9 hundruð, ætti víðlent sumarbeitiland „sem fje hefur verið tekið í til uppreksturs fyrir 10 krónur á ári“. Kárhólmar voru þá komnir í eyði.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf jarðarinnar Heiðar var gert 1921 og er á þessa leið:

Landamörk fyrir Stóru-Heiði, Litlu-Heiði og Kárhólma í Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að austanverðu er markið úr Vatnsármynni, eftir Vatnsá þar til hún fellur í Kerlingardalsá, þá eftir Kerlingardalsá að Koltungnarana, þá eftir Heiðargilsá í jökul.

Að vestanverðu er markið úr Mosakambi í Skiftingahálsa, svo eftir þeim og fremst úr Skiftingahálsum sjónhending í Norðurgilshöfuð, svo í eystra hornið á Gæsatindum, þá í Kálfrágilssfoss, eftir læknum í Kálfrágilskjafi, svo eftir Miðtungnalæknum eystri í Prestshellir, úr honum í Selgilsbotn, svo eftir Selgili í Selgilskjafi, þá í Þvergil, eftir því (Þvergili) að garðinum við botn þess. Svo garðurinn þar til hann þrýtur, þá sjónhending í Hundagilsbotn, eftir Hundagili í vörðu, sem er við kjafi þess, úr þessari vörðu liggur markið beina stefnu í austurendann á skurði, sem er í Stakksengi, heldur svo beinni stefnu í Heiðarvatn, þá eftir vatninu í mynnið á Vatnsá, sem áður er nefnt.

Þórholti dag 20. maí 1921

Páll Olafsson

Einar Finnbogason

eigandi Litlu-Heiðar umráðamaður Stóru-Heiðar og eigandi í Reynishverfi

Guðríður Þorsteinsdóttir, Kerlingardal Jón Gíslason, Götum

Haraldur Einarsson, Kerlingardal Halldór Jónsson

Oddný Andrjesdóttir [Kerlingardal]

Einar Brandsson eigandi í Reynishverfi

Ársæll Jónsson [ábúandi á Reynishólum frá 1922]

Sigurður Sverrisson

Brandur Brandsson [Presthúsum]

Vigfús Brandsson [Reynishjáleigu]

Ólafur Ólafsson, Lækjarbakka

Klemens Árnason [Görðum]

Fh. Ragnhildar Gunnlaugsdóttur eiganda Suður-Reynis

Jón Þorsteinsson

1 Skjal nr. 2 (38).

2 Skjal nr. 2 (46).

Sverrir Ormsson [Kaldrananesi]

Magnús Finnbogason [Reynisdal]

Þórður Magnússon [Neðridal]

Magnús Einarsson

Eyjólfur Jónsson [Fjósum]

Jón Þorsteinsson<sup>1</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið á manntalsþingi Hvammshrepps 16. júlí 1926 og fært í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Stóraheiði var seld ábúanda jarðarinnar með afsali 6. desember 2002. Seljandinn var landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Jörðin var seld með þeim fyrirvara „að það er alfarið á ábyrgð kaupanda hver niðurstaða óbyggðanefndar verður og/eða dómstóla, héraðsdómstóla eða Hæstaréttar, um landamerki jarðarinnar skv. lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta“.<sup>2</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelldur búskapur hafi verið á Heiði frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir sölu jarðarinnar Litluheiðar hafi hún verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>3</sup>

### 5.9. Kerlingardalur

Kerlingardalur er nokkrum sinnum nefndur í Njálssögu. Þar bjó Galdra-Héðinn sem heiðnir menn eru sagðir hafa keypt til að deyða Þangbrand prest þegar hann var að boða landsmönnum kristna trú. Sú tilraun fór að visu út um þúfur en atburðurinn á að hafa gerst skömmu fyrir 1000.<sup>4</sup> Kerlingardals er getið í kaupbréfi 1375 en þar er greint frá því að Ólafur Þorsteinsson hafi selt Þórði Kolbeinssyni jörðina Fellsmúla í skiptum fyrir jarðirnar Höfðabrekku og Kerlingardal.<sup>5</sup> Í erfðaskrá Eyjólfssonar í Dal 1558 ánafnar hann syni sínum, Eiríki, Kerlingardal fyrir 50 hundruð. Fjórum árum síðar gaf Eyjólfur öðrum syni sínum, Einari, jarðirnar Höfðabrekku og Kerlingardal til kaups við Vilborgu Bjarnardóttur.<sup>6</sup> Frá síðari hluta 16. aldar er máldagi (úr máldagasafni Gísla biskups Jónssonar 1570 og síðar) þar sem taldar eru upp eignir hálfkirkjunnar á Kerlingardal. Hún átti fjögur kúgildi og tvær klukkur litlar.<sup>7</sup> Kirkjan virðist því ekki hafa átt neinn hlut í heimalandi og verið það sem kallað var bændakirkja eða bænhús.

Kerlingardalur var metinn á 93 hundruð í jarðabók 1686 (þ.e. tvítugföld landskuld jarðarinnar) en 50 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>8</sup>

Jörðin varð fyrir miklum skemmdum í jökulhlaupi úr Kötluþjó 1756. Tveimur árum síðar var hún metin að nýju. Túnin voru þá illa farin („fordjörfuð“), einkum að vestan, af vatni, sandi og grjóti. Síðan segir:

3° Hvat Hagbeitar Landi og Útjörd vidvíkur, er hún undir stórum Skémdum allstadar med stórum Giljum graslausum, Grafskurdum og Jarðhlaupum, samt Hraunum og Moldarflögum í öllu Brattlendi, enn uppá

1 Skjal nr. 2 (23). Í hornklofa eru sett nöfn þeirra jarða sem líkur benda til að viðkomandi einstaklingar hafi búið á (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 392, 401-402, 404, 407, 410-411, 439, 441-443).

2 Skjal nr. 6 (12).

3 Sbr. skjöl nr. 4 (106), 6 (1-6) (Litlaheiði). Skjöl nr. 4 (107), 6 (7, 11) (Stóraheiði).

4 *Brennu-Njáls saga*. Einar Ól Sveinsson gaf út. Reykjavík 1954. S. 259 (101. k.).

5 Skjal nr. 4 (18).

6 Skjal nr. 4 (16).

7 Skjal nr. 2 (17).

8 Björn Lárusson 1967, s. 338.

Hæðunum er ecki nema Mosar med lítilfjörlegu Grasi, med [ ]<sup>1</sup> sérdeilis Afréttar og allt fyrir nordann sokalladann Kamb. Metum vær allan Þridjüng fallinn af Búfjárhögum, enn vel svo Helmíng af þeim nyrdri Högunum ásamt med Afrettinum. ... Þessi Jörd hefur híngad til verid leigd, sellð og Tyundud fyrir 54<sup>2</sup> enn Nidurstettist nu efftir gjördu Mati, og skal hér eptir reiknast fyrir 40<sup>3</sup> til hundrada tals og Tyundar afgjallds.<sup>3</sup>

Samkvæmt þessu var dýrleiki jarðarinnar færður úr 54 hundruðum í 40 hundruð. Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleikinn þó skráður 50 hundruð en 35,3 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>4</sup>

Í fyrrnefndri álitserð 1756 er minnst á afrétt Kerlingardals „og allt fyrir nordann sokalladann Kamb“. Undir lok aldarinnar greina heimildir frá því að ábúandi jarðarinnar hafi gert tilkall til fjárbeitar í Koltungum (sbr. hér síðar).

Heimildir um Koltungur má rekja a.m.k. aftur til ársins 1448 en þá kvað Jón prestur Jónsson officialis upp þann dóm að hálf Dyrhólaey skyldi vera ævinleg eign klaustursins í Þykkvabæ til móts við þá sem áttu Eystri-Dyrhóla „ad aullum hlutum sem fyr seigir. eingiar og garda og til skiptis. beit og haga. lambarekstur j Koltungur“.<sup>5</sup> Samkvæmt þessu höfðu Dyrhólabæir eignast upprekstur í Koltungur eigi síðar en á 15. öld.

Af heimildum má sjá að til ágreinings hefur komið milli Dyrhólabænda og ábúenda Kerlingardals um fjárbeit í Koltungum og féll dómur um málið í héraði 26. júní 1797. Í gögnum dómsins (handritið er töluvert skert) kemur fram að það hafi verið gömul sögn en þó eigi að fullu sönnuð að ábúendur eða eignarmenn Kerlingardals hafi að fornu gert þann samning við ábúendur Dyrhóla „ad Kierlingardals Menn liá Dyrhælingum greindar Koltungur fyrer Lamba[afrétt]“ gegn því að fá reiðingsskurð í landi þeirra. Nú sé reiðingsskurðurinn fyrir löngu af en Dyrhælingar noti afréttinn jafnt sem áður. Eftir að hafa reifað málið komst sýslumaður að þeirri niðurstöðu að Dyrhólamenn skyldu halda Koltungum fyrir lambaafrétt með því skilyrði að þeir rækju þangað lömb sín á vor um Jónsmessu og sæktu þau þangað að hausti og létu hvorki ungt né gamalt fé í afréttinn á vetrum eða gerðu aðrar ráðstafanir nema með leyfi Kerlingardalsmanna. Í sama máta væri Kerlingardalsmönnum óheimilt að setja svo mikið af fé eða lömbum í Koltungur eða ljá þær öðrum „ad Dyrhælinga Lömb verde verre enn adur þá færre var“.<sup>6</sup>

Á mannsþingi í Dyrhólahreppi 4. júní 1831 létu eigendur Kerlingardals lesa upp auglýsingu þar sem upprekstur fullorðins fjár í Koltungur var bannaður.<sup>7</sup> Jón Sigurðsson, prestur í Reynisþingum, segir þó í sóknalýsingum sínum 1840 að í Koltungum eigi Dyrhólabæir lambaupprekstur.<sup>8</sup> Í jarðamati 1849 er ekki minnst á Koltungur en hagar eru þar sagðir „viðlendir og góðir á sumrum, en stopulir á vetrum, þó í betra meðallagi“. Því er enn fremur bætt við að „[n]okkurn afrétt“ megi ljá öðrum og sé jörðin erfið.<sup>9</sup> Hvorki þar né í fasteignamati 1916 er þess getið að Kerlingardalur hafi fengið ítak á móti því að leyfa upprekstur frá Dyrhólajörðum í Koltungur.<sup>10</sup> Í skrá yfir afrétti og heiðarlönd í Dyrhólahreppi frá 1983 er Koltungum lýst sem afrétti úr Kerlingardalslandi milli Svínatungnagils að austan og Heiðargils að vestan. Beitarnot hafi eftirtaldar jarðir: Loftsalir, Haugur, Dyrhólar eystri, Dyrhólar vestri, Norðurgarður, Garðakot, Litlu-Hólar og Vatnsskarðshólar.<sup>11</sup>

1 Eyða í handriti.

2 Virðist upphaflega skrifað 50 (hundruð).

3 Skjal nr. 2 (55).

4 Skjöl nr. 4 (24 og 25).

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 764.

6 Skjal nr. 2 (91) (handritið er töluvert skert). Sbr. skjal nr. 4 (81) (*Alþingisbækur Íslands* 17, s. 507).

7 Skjal nr. 2 (60).

8 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 244.

9 Skjal nr. 2 (45).

10 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 583: „Dyrhólajarðir áttu engin heiðalönd en fengu upprekstur í Koltungur snemma á öldum, að sögn móti torfristu norðan Hildardrangs.“

11 Skjal nr. 4 (41).

Þegar fasteignamatið var gert 1916 hafði Kerlingardalur skipst í fjögur býli (Kerlingardalur I-IV) og var beitilandið sameiginlegt þeim öllum:

Beitilandið er fjalllendi viðlent og skýlt. Gott er það til beitar fyrir allan fjenað á sumrum. Sauðganga fremur góð á vetrum. Kvikfjárhirðing er hæg á sumrum síðan girt var.<sup>1</sup>

Elstu landamerki Kerlingardals sem kunnugt er um eru frá 1627 og lýsa mörkum Kerlingardals og Höfðabrekku. Landamerkjalyýsingin er úr kirkjustóli Höfðabrekku og var bókin löggilt 1834:

Um landamerki millum Höfðabrekku og Kéllingardals. Það gerum vér eptirskrifadir Sra Gudmundur Gudmundsson og Arnoddur Marteinson, góðum mönnum kunnugt með þessu ockar opnu bréfi: Ad vid vórum vidstadir ad Teigi i Fljot[s]hlýd Anno 1627 þann 28da Februari, sáum og heirdum á hand-saladann gjörning þeirra fedga Magnusar Eirikssonar, og hans sonar Hallgríms Magnussonar, ad svo undirtöludu og fyrirskyldu, ad nefndur Hallgrímur seldi sínum Födur ádurgreindum Magnusi þær jardir aptur sem hann hafdi honum ádur géfid til qvonar-mundar, sem er half Höfðabrecca í Mýrdal, liggjandi í sjalfrar sinnar kyrkju sókn og halfur Kyrkjulæ[k]ur i Fljótshlýd, liggjandi í Teigs kyrkju sókn. Hér á mót gaf fyrirskrifadur Magnus Eiriksson sínum ádurgreindum Sýni Hallgrími alla jördina Kellingardal í Mýrdal, liggjandi í Höfðabre[cku] kyrkju sókn, med svo ordnum skilmála og tilteknu til fjalls<sup>2</sup> og fjöru, sem er land framm i Sund<sup>3</sup> gagnvart Binnisteini og svo [sjón]hending úr sama steini<sup>4</sup> og uppá Hábrúnir, og s[v]o sjónhe[n]d[ing] med Hábrúnum í Merkigard sem kalladur er, og svo r[æd]ur sá gardur nordur eptir sjónhending í Merkigil og s[vo] nordur í afrétt, sem hún nú heldur, og hennar eignarmenn haldid hafa ad fornu og nyu. Hérmed fylgir Kellingardal Fjara liggjandi á milli Höfða Fjöru og Herjulfstada Fjöru; hérmed lagdi Magnús Eir[íks]son til Kellingardals Fjöruspott til æfinnlegrar Eignar, þessum Merkjum umgirtann, sem er: Binnir Steirn í Bolahellir ad vestann, enn opinn Skiphellir að austann, og skildi þessi Fjöruspottur Kellingardal strax fylgia til allra gag[ny]tja ad so fullu sem hann ætti Land fyrir ofan.<sup>5</sup>

Í lokin er vitnisburður um að bréf þetta hafi verið afritað 1. júní 1689 og annar vitnisburður um að það hafi verið lesið á manntalsþingi á Dyrhólum 23. maí 1704.

Frá 1713 er til lýsing á fjörumörkum milli Kerlingardals og Hjörleifshöfða og er vísað til hennar í landamerkjabók í lok 19. aldar.<sup>6</sup> Lýsingin er tekin upp orðrétt í kafla 5.11.

Landamerkjabréf Kerlingardals er frá 1890 og er á þessa leið:

Landmark fyrir jörðinni Kerlingardal í Vestur-Skaftafellssýslu: ræður Heiðargilsá frá jökli og fram í Byrnustein, svo úr honum sjónhending eftir hábrúnum, fyrir framan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ræður hann, svo úr honum í Merkigil, svo úr norðurbotni þess beint í Raufargilslækinn, svo ræður hann í jökul.

Fjörumörk ofanskriðarar jarðar að austan: að drangurinn vestan við Hnið-bjorgar hausinn beri í mitt sund á millum Byrnuhausar og svokallaðra Hnausa á Höfðabrekkuhálsi.

Enn að vestan skal Byrnusteinn bera í upphlaðna vörðu, sem er á svo kölluðum Hvíltarhól.

1 Skjal nr. 2 (46).

2 *lands* er yfirsrikað og *fjalls* skrifað þar fyrir ofan.

3 *[se]m er land framm* viðbót Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar.

4 *úr sama steini* bætt við ofan línu.

5 Skjal nr. 2 (52). Skjalið var afritað 1. júní 1689, lesið á manntalsþingi 23. maí 1704 en varðveitt í bók sem löggilt var 1834.

6 Sbr. skjal nr. 2 (11).



sem suarar til prestszkyllid oc diakns<sup>1</sup>. Þetta merkti að hún átti eins mikið og nauðsynlegt var til að framfleyta presti og djákna. Í Höfðabrekka hefur því verið svonefnd „bændakirkja“. Síðar á öldinni, þ.e. 1375, voru jarðirnar Höfðabrekka og Kerlingardalur seldar í makaskiptum fyrir jörðina Fells múla. Ekki er getið um dýrleika jarðanna en tekið fram að kirkjan í Höfðabrekku eigi 8 kýr og 48 ær og síðan bætt við: „oc iv<sup>c</sup> fæda prest og diakna“<sup>2</sup>. Líklega er hér átt við arðinn af kirkjueigninni sem átti að fara til „uppheldis“ prests og djákna. Í máldaga kirkjunnar frá um 1570 hafa ekki aðrar breytingar orðið á eignarhaldi kirkjunnar en þær að hún var tveimur köplum ríkari.<sup>3</sup>

Í erfðaskrá Eyjólfssonar í Dal 25. ágúst 1558 má sjá dýrleika Höfðabrekku. Jörðin (þ.e. bændahlutinn) er sagður 60 hundruð að dýrleika og þar til átti kirkjan 20 hundruð í heimalandi. Höfðabrekka hefur því verið alls 80 hundruð að dýrleika. Kerlingardalur var á sama tíma 50 hundruð.<sup>4</sup> Þetta er í samræmi við kaupmála sem gerður var 26. júlí 1562. Þar lýsir Eyjólfur bóndi Einarsson yfir því að hann gefi syni sínum, Einari, til eignar en til kaups við Vilborgu Bjarnadóttur samtals þrjú hundruð hundraða, m.a. Höfðabrekku og Kerlingardal „fyrir c hundraða og x<sup>c</sup> betur“ (þ.e. stórt hundrað og 10 hundruð að auki).<sup>5</sup> Samkvæmt þessu hefur Höfðabrekka ásamt Kerlingardal verið 130 hundruð að dýrleika.

Í vísitásiu árið 1641 eru endurtekin þau orð frá fyrri tíð að kirkjan eigi „so miked j Heimalandi sem Maaldagar votta“ og sama hlutfall í öðrum gæðum jarðarinnar:

Þar næst ad so mikid sem Kyrkiann á j Maaldogum falle henne thil, so til Fioru sem Fiallz so hun meige nockurz af Rekunum niota epter þui sem Tala rennur til ad hun maa eignast j Heimalandinu, so þar fl[yrer] mætti nockud af Vida Verdinu nidur slást, epter þuj sem Kyrkiu Veriararner vilia fl[yrer] Gudi med godre Samvisku giort hafa, enn onnur fl[yrer] Hofn má til Virdingarinnar falla.<sup>6</sup>

Höfðabrekka varð fyrir miklum spjöllum 1660 í vatnahlaupi „sem aftók Kyrkiuna, Stadenn og Tuned mestallt“. Við þetta féll dýrleiki jarðarinnar svo að kaupahlutinn varð ekki meiri en 40 hundruð og eignarhlutur kirkjunnar í heimalandi 14 hundruð.<sup>7</sup> Í jarðabókum 1686 og 1695 er Höfðabrekka einnig metin á 40 hundruð.<sup>8</sup> Ári eftir jökulhlaupið var jörðinni skipt í Eystri- og Vestri-Höfðabrekku sem hér segir:

Skiptabjef milli Eystri og Vestri- Höfðabrekku innrjettað eptir jökulhlaupið, sem aftók bæjinn og kirkjuna með húsum, túnnum og öllu sljettlendi, sem jörðinni fylgdi þá datum skrifaðist 1660, 6. nófembris.

Anno 1661 þann 1. Aprilis mánaðar á Hálsinum fyrir ofan Höfðabrekku í sjálfrar jarðarinnar í Höfðabrekku landeign þar Hjáleigan hafði áður staðið upp á brúninni, vorum vjer eptirskrifaðir menn tilkallaðir í viðurvist sýslumannsins Einars Þorsteinssonar af þeim bræðrum báðum, Vigfúsi og Ísleifi Magnússonum til þess sundur að skipta og hluta þessara fir greindra bræðra á milli því úthagaplássi, sem þar var upp á brúninni firir austan og vestan það gil, er þar lá firir austan þá Hjáleigu er þar firir vestan gilið staðið hafði. ... virðist oss nú firirskrifuðum skiptamönnum svo í sundur skipta og deila á millum fir greindra bræðra að sitt plátsið og landið upp á brúninni hvurjum meigin gilsins eignist hvur

1 Skjal nr. 4 (19).

2 Skjal nr. 4 (18).

3 Skjal nr. 4 (17).

4 Skjal nr. 4 (15).

5 Skjal nr. 4 (16).

6 Skjal nr. 2 (47).

7 Skjal nr. 2 (51) (vísitásiu 1677).

8 Björn Lárusson 1967, s. 338.



þeirra fyrir sig eptir hlutfalli hvarjum, sem tilfellur, first fyrir vestan gilið sá það pláss hlítur nitki og níti sjer allt frá gílinu. til slægna eða uppgræðslu að því gili, sem liggur að ofan af eistri háshlíð norður að og út að þeim hraunklettum, sem fyrir sunnan háshlíð liggja og áfast er við hraunið þar fyrir neðan, sem og þá litlu torfu er síðst liggur næst gílinu fyrir vestan framm og svo rjett norður úr leinidal, að undantekinni þeirri mýri, sem fyrir vestan gilið liggur suður undan hjáleigustæðinu því gamla, en þeim, sem fyrir austan gilið land hlotnast, þá nikki hann og noti til uppgræðslu slægna og annara nitkunar, sem honum henta virðist það land, sem hjer er tiltekið fyrir austan gilið norður í gegnum miðjan leinidal og suður á brún sem og austur að Klifjakletti rjett upp í gegn að því moldargili, sem þar liggur fyrir austan jaðarinn og fyrir austan klifjaklett sig niður skjer fram á brún sem og það enni er liggur fyrir ofan göturnar er austur úr liggja í Kaplagarða, er fyrir sunnan hraunið liggur og fyrir austan leinidal er, sem og hlíðina norður með leinidal fyrir austan framm og úr honum miðjum úr gilbotnunum, sem upptök þess eru, en mírin skiptist í helminga með hvarjum parti, sér, sem fyrir vestan gilið liggur suður undan gamla hjáleigustæðinu, svo hvar fyrir sig brúki hana sem best sínist til torfskurðar eða torfstungu og sá, sem fyrir austan gilið land hlítur eygi frjálstan tilgang það í burt að færa þeim að skaðlausu sem slægur eignast fyrir vestan framm. Það grjót sem finst í hjáleigu toptinni þá skuli leggjast í Kirkjutóptina hverjum meigin, sem Kirkjan setjast kann, ásamt hvor fyrir sig meigi að frjálssu bændabili setja í því takmarki, sem hverjum tilfellum fyrir austan eða vestan gilið, eptir því, sem hlotnast kann, sá sem hlotnast land fyrir vestan gilið hann eignast Vestari part og helming af mírini, en sá sem fyrir austan gilið land hlotnast hann eignast eistra part eður helming mírarinnar...<sup>1</sup>

Skiptabréfið var lesið upp á Dyrhólaþingi 28. maí 1661.<sup>2</sup>

Jörðin varð aftur fyrir miklu áfalli 1721 svo að ástæða þótti til að meta hana alla að nýju. Um helmingur haglendis og slægjulands breyttist í mold, grjót og hraunskriður samkvæmt því sem fram kemur í „niðursetning“ jarðarinnar 1743 og minni líkur voru á reka því að „ej kann reka so á Fjörinni að festa í Brimi fyrir Vatni og Jökli sem til Fornu“.<sup>3</sup> Eftir ýtarlegt mat var ákveðið að færa dýrleika Eystri-Höfðabrekku niður í 13 hundruð og Vestri-Höfðabrekku í 12 hundruð. Í lok þessa mats er endurritaður samningur sem gerður var 4. nóvember 1713 um fjörumörk milli Höfðabrekku og Hjörleifshöfða:

...og eptir því nu um nockur umliðin Ár, hefur ej nockur fullkominn víska á verid um fjörumörk millum nefndra Jarda Höfða og Höfðabrekku síðann þau fornu fjörumörk ej sáust fyrir Jökla yfirgangi – þá skulu það nú vera hér eptir Fjörumörk á millum þessra nefndu Jarda, sem vér í þessu bréfi tilnefnum, eptir þeim eldstu og skírustu mönnum sem þar um nú kunnugastir eru... bera þeir bádir soleidis að sjást eigi deiling til Hvamma höfud hins upp fyrir Hálfshlýd sem liggur fyrir ofann vestari Höfðabrekku Bæ, þá madur er í almennilegu Flæðarmáli, og sjóndeiling í háeggjarnar vestann á Hafurey, og þetta komast menn næst að láta standa um Fjörumörk...<sup>4</sup>

Enn varð jörðin fyrir skaða í jökulhlaupi úr Kötlugjá 17. október 1756. Í mati árið eftir er því lýst hvernig jörðin var „stórkostlega spillt og fordjörfuld... enn þó sérdeilis af því hræðilega Öskufalli, sem rigndi yfir hennar heila Landeign aflidid Haust, svo allir hennar Selhagar, og Afréttur, sem var Fótur undir þessari Jördu, er undirlagt Sandi og Vikri, so hvörgi sést til Jardar, og einginn Björg þar af væntanleg yfirstandandi Sumar“.<sup>5</sup>

Í vísitásiu Finns biskups Jónssonar 1768 er upplýst að kirkjan að Höfðabrekku eigi fjórðung í

1 Skjal nr. 2 (32).

2 Skiptabréf þetta var þinglesið að nýju 1. júní 1733 og 12. maí 1896 og þá fært í afsals- og veðbréfabók Skaftafellssýslu.

3 Skjal nr. 2 (53).

4 Skjal nr. 2 (53).

5 Skjal nr. 2 (56).

heimalandi og „ad Sögn samt gamallri Hefð Skógar Brúkun í Klausturs Skógum, hvar í Mót koma á Nautaganga í Höfðabrekku Landi“.<sup>1</sup> Heimildir eru fyrir því frá lokum 18. aldar að Höfðabrekka hafi á þeim tíma gengið kaupum og sölum fyrir 18 hundruð og 80 álnir.<sup>2</sup>

Í jarðamati 1804 eru bæði Eystri- og Vestri-Höfðabrekka metnar á 12 hundruð. Báðar jarðirnar áttu afrétt til eigin nota.<sup>3</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er Höfðabrekka metin sem ein jörð, 24 hundruð að dýrleika. Sama er gert í Nýrri jarðabók 1861 og jörðin metin á 36,8 hundruð.<sup>4</sup> Árið 1864 var gerð áreið á Höfðabrekku til að meta skemmdir eftir Kötluhlaup en merkjum er þar ekki lýst.<sup>5</sup>

Elsta landamerkjabréf Höfðabrekku er að stofni til frá 1627 og lýsir mörkum milli Höfðabrekku og Kerlingardals. Landamerkjabréfið er birt í kafla 5.9.

Landamerkjabréf Höfðabrekku er frá 1887 og er á þessa leið:

Landamerki fyrir jörðunni Höfðabrekku í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að vestan fjörumark, að drangurinn vestan við Hnitbjargarhaus beri í mitt sund á millum Byrnuhausar og svo kallaðra Hnausa í Höfðabrekkuhálsi. Frá Hnausum ræður Kerlingardalsá inn á mótis við Byrnustein úr honum sjónhending eftir hábrúnunum fyrir sunnan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ræður hann, enn úr norðurenda hans beint í Merkigil, svo ræður það, svo úr norðurbotni þess beint í Raufargilslækinn að framan, svo ræður hann norður í jökul.

Að austan fjörumark: Toppurinn hæsti á Rjúpnafelli á Kötlusandi beri í miðjan breiðasta dranginn fyrir norðan Hjörleifshöfða úr almennu flæðarmáli, enn til tryggingar, ef breyting kynni að verða á, svo sem ef Katla gysi, þá er það: fremsti Reynisdrangur beri fremst í Dyrhólaey, enn landmarkið úr fjörumarki beina línu neðst í Mosaland vestan í Hafursey, svo beint í jökul. Enn kynni hlaup að koma og fjaran að ganga fram, þá á landmarkið að ráða. Skógarbrúkun í Klausturskógum í svo nefndum Pjeturshól.

Höfðabrekku 6. febrúar 1887

Ólafur Pálsson

Andres Andresson (yngri)

(fyrir hönd eigandans)

Markús Loftsson

Egill Gunnsteinsson

Anna Stephánsdóttir

Andres Andresson (eldri)<sup>6</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Engar upplýsingar eru um þá sem rituðu undir bréfið en vitað er að Markús Loftsson var ábúandi í Hjörleifshöfða og Egill Gunnsteinsson og Andrés Andrésón (eldri og yngri) í Kerlingardal.<sup>7</sup>

Árið 1916 gerði eigandi Höfðabrekku leigusamning við nokkra nafngreinda menn í Vík. Þar segir m.a. að þeir skyldu fá

1 Skjal nr. 2 (54).

2 Sbr. skjöl nr. 4 (59, 75, 77).

3 „Denne [þ.e. Höfðabrekka eystri] og fölgende Jord [Höfðabrekka vestri] har Afret til fælle(s) til eget Brug“ (skjal nr. 2 (44)).

4 Skjöl nr. 4 (24 og 25).

5 Skjal nr. 2 (61).

6 Skjal nr. 2 (10).

7 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 386, 391-392.

Höfðabrekkuháls allan til afnota, slægna og hagbeitar, svo og upprekstur að hálfu í afrjett að sumarlagi á móts við ábúanda á Höfðabrekku, ennfremur hagbeit fyrir fjóra stórgripi í heimalandi jarðarinnar að sumarlagi, að undanskildum þeim högum sem áður hefir verið beitt í fjenaði að vetrarlagi, eða hægt er að nota til slægna, fyrir árgjald kr. 200,00, tvö hundruð krónur.<sup>1</sup>

Leigusamningur þessi var fyrir fram færður í veðmálalabók Skaftafellssýslu með þeim orðum að hann yrði þinglesinn á næsta manntalsþingi fyrir Hvammshrepp. Síðar á öldinni, árið 1923, leigði bóndinn á Höfðabrekku sýslunefndinni „áfangi fyrir sauðfje í Höfðabrekkulandi – Háfell að austan, milli Háfellsklappa“ og skyldi landið vera til frjálsrar notkunar öllum þeim sem færu með fjárrekstur austan yfir Mýrdalssand úr Vestur-Skaftafellssýslu. Samningurinn skyldi vera til 10 ára.<sup>2</sup>

Annað landamerkjabréf er til fyrir jörðina Höfðabrekku, frá árinu 1954:

Landamerki fyrir jörðina Höfðabrekku.

Að vestan fjörumark, Kaplagarðanefið beri austast í Selfjall. Úr fjörumarki í suðvesturhorn hins svokallaða Höfðabrekkujökuls, sem eru sandhólar austur af Skiphelli. Fylgir svo austur með jöklinum að norðan, austur að stórum steini við rætur hans, en hann er suðaustur af Skiphelli. Frá þessum steini þangað sem Skiphellishamrar enda að austan. Fylgir þá fjallsrótum austur á móts við þar sem Skollastígur endar að neðan. Liggur þar upp á Hálsinn sem hann er hæstur og svo eftir hábrúnum hans, norður á brúnina að norðan. Þá austur eftir hábrúnum fyrir sunnan Kerlingardal í vörðu. Úr henni í vörðu að svokölluðu Klettabaki. Úr henni í steiptan stólpa við heimreiðarveg Höfðabrekku í Búðum. Úr honum 127 metra norður í steiptan hornstólpa við Þjóðveginn. Úr honum beint í vörðu í Búðarskarði. Úr henni í vörðu við Merkgigilsendann. Fylgir þá Merkgigili og úr norðurbotni þess í upptök Súgandagils eða Illagilsbotns. Fylgir svo læknum niður með Össurheiði. Fylgir svo heiðarbrúnum og afrétti að austan norður í jökul. En sjálf Selfjall fylgi með Hvammshreppslandi.

Að austan fjörumark: Toppurinn hæsti á Rjúpnafelli á Kötulusandi beri á miðjan breiðasta dranginn fyrir norðan Hjörleifshöfða. Suðurmiðið er fremsti Reynisdrangur beri fremst í Dyrhólaey. Nú er þetta fjörumark langt uppi á sandi og á þá samkvæmt landamerkjabók V-Skaftafellssýslu landmarkið að ráða suður úr. En landmarkið er úr áðurnefndri krossmiðun og neðst í Mosaland vestan í Hafursey og þaðan beint í jökul.

Skógarbrúkun í Klausturskógum í svonefndum Péturshól.

10. apríl 1954

Ragnar Þorsteinsson, Höfðabrekku

Daniel Guðbrandsson, Kerlingardal

Andrés Á. Pálsson, Kerlingardal

Kjartan Leifur Markússon, Suður-Hvammi

F.h. Jóns Þ. Bárðarsonar, Vík í Mýrdal

Bárður Jónsson

Oddur Sigurbergsson oddviti<sup>3</sup>

1 Skjal nr. 2 (33).

2 Skjal nr. 2 (34).

3 Skjal nr. 2 (24).

Landamerkjabréfið var fært í landamerkjabók Skaftafellssýslu 24. maí 1954 með yfirlýsingu um að það yrði lesið á næsta manntalsþingi fyrir Hvammshrepp.

Á 20. öld voru gerðir nokkrir samningar um vikurnám í landi jarðanna á Mýrdalssandi og einnig samningur við Landgræðslu ríkisins og átti Höfðabrekka aðild að þeim samningum (sbr. kafla 5.11. um Hjörleifshöfða).<sup>1</sup>

Árið 1947 seldi Ragnar Þorsteinsson á Höfðabrekku Jóni Bárðarsyni svonefndan Höfðabrekkuháls með öllum mannvirkjum ásamt veiðirétti í Kerlingardalsá að hálfu á móti Höfðabrekku. Takmörk hins selda lands voru þessi:

Að austan upp á Hálsinn, þar sem hann er hæstur; að norðan alt að landi Kerlingardals; að vestan að Kerlingardalsá; að sunnan að fjöru Kerlingardals; að austan niður á jafnsljettu austur að Skollastíg; fylgir þá sljettunni, þar til er Skiphellishamrar enda að austan; þá austur í stóran stein, sem liggur vestan í svonefndum Höfðabrekkujökli; fylgir þá Jöklinum að vestan og svo úr suðvesturhorni hans beint í fjörumark á fjöru þeirri, er fylgja skal Höfðabrekkuhálsi, en takmörk hennar skulu vera frá marki Kerlingardalsfjöru og austur að útfalli Múlakvislar (sem nánar verður ákveðið með miði).<sup>2</sup>

Ragnar eignaðist þetta land aftur með kaupsamningi sömu aðila 24. september 1960.<sup>3</sup> Árið 1948 seldi Ragnar Þorsteinsson Hvammshreppi svonefndan Höfðabrekkuafrétt með heiðarlandi, sem takmarkast þannig: að Kerlingardalslandi að vestan og að Illagili í Höfðabrekkulandi, meðfylgjandi Selfjalli og Össurheiði, að Súgandagili að vestan, að undanskilinni allri fuglatekju, – fyrir umsamið kaupverð kr. 8.000.00 – átta þúsund krónur.<sup>4</sup>

Þá er þess að geta að árið 1955 gáfu Ragnar og kona hans, Guðrún Gísladóttir, syni sínum, Reyni, um 41,5 hektara ræktanlegs lands úr jörðinni Höfðabrekku til stofnunar nýbýlisins Reynisbrekku. Merki þessa lands lágu þannig:

Úr svo kölluðum Konnahamri í Merkigilsenda, þaðan í vörðu í Búðaskarði, síðan með fram þjóðvegi að steiptum hornstólpa við heimreiðarveg að Höfðabrekku. Þaðan með heimreiðarveginum að Búðagili, síðan í Búðagilsenda. Þá með rótum Háfells að norðurenda Núpakambs, síðan í Súgandagilsenda, þar til það beygir til austurs, þá beina línu í Konnahamar.<sup>5</sup>

Enn fremur fylgdu gjöfinni hálfir bithagar í Höfðabrekkulandi, rekatiltala til jafns við eigendur Höfðabrekku og 42 hektarar lands „sunnan undir Höfðabrekkufjalli, vestur að svo kölluðum Höfðabrekkujökli og austur að Kaplagörðum“.<sup>6</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búið hafi verið á Höfðabrekku nær samfelld frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins 1887 hafi hún verið fram-seld á hefðbundin hátt og veðsett.<sup>7</sup>

### 5.11. Hjörleifshöfði

Á Hjörleifshöfða var reist eitt elsta býli hér á landi ef treysta má orðum Landnámu. Í Sturlubók er komist svo að orði um búsetu Hjörleifs Hróðmarssonar þar á staðnum:

1 Sbr. einnig skjal nr. 8 (12).

2 Skjal nr. 8 (5).

3 Skjal nr. 8 (7).

4 Skjal nr. 8 (4).

5 Skjal nr. 8 (6).

6 Skjal nr. 8 (6).

7 Sbr. skjöl nr. 4 (111, 126), 8 (3, 8, 9). *Sunnlenstar byggðir* 6, s. 388.

Hjörleifr lét þar gera skála tvá, ok er önnur tóptin átján faðma, en önnur níttján. Hjörleifr sat þar um vetrinn.<sup>1</sup>

Síðar bjó í Höfða landnámsmaðurinn Ölvir Eysteinnsson.

Í skjallegum heimildum mun Hjörleifshöfða líklega fyrst getið í úrskurði um rekamörk sem talinn er vera frá 1329. Ekki verður þó skorið úr um hvort þar sé átt við jörðina Hjörleifshöfða.<sup>2</sup> Sama er að segja um tilgreiningu Hjörleifshöfða í máldaga Þykkvabæjarklausturs frá 1340: „Stadur a alla reka halfa j hofda.“<sup>3</sup> Frá öndverðri 16. öld er „gamall maldagi“ þar sem stendur: „Kirkia a hofda a iij hvndrud.“<sup>4</sup>

Í jarðabókum frá 17. öld er Hjörleifshöfði skráður sem konungsjörð og þá vísað til þess að hann hafi áður verið eign Þykkvabæjarklausturs. Hjörleifshöfði er talinn 36 hundruð og 160 álnir í jarðabók 1686 en 12 hundruð árið 1695 og hefur það verið í samræmi við fornt mat.<sup>5</sup> Í jarðamati 1804 er Hjörleifshöfði sagður 15 hundruð að dýrleika og síðan er bætt við: „angives nu 4<sup>c</sup> [hundruð]“.<sup>6</sup> Hjörleifshöfði var einnig 15 hundruð samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri Jarðabók 1861 er dýrleikinn kominn niður í 10,7 hundruð.<sup>7</sup>

Frá 18. öld eru varðveittar nokkrar úttektir á jörðum Þykkvabæjarklausturs og er Hjörleifshöfði meðal þeirra. Í úttekt frá 1769 er skýrt frá því að fyrr á tímum hafi bæjarhúsin verið á sléttunni fyrir neðan bjargið en árið 1720 hafi vatnsflóð úr Kötlugjá skolað þeim burt og breytt landinu í sandauð.<sup>8</sup> Eftir það var Hjörleifshöfði í eyði í 22 ár en byggðist þá aftur og var bærinn færður upp á Höfðann.<sup>9</sup> Í úttektinni segir enn fremur:

Her til hörer et andet öde Bierg kaldet Hafurs øe ligesaa beliggende paa Mirdals Sand lige ude for hvor det Vand og ildspydende Bierg Kötlugiaa har sit Udløb. I dette Bierg er een Del Kratriis samt god Sommer og Vinter Græsgang, dog mest til Faar, men benyttes ey som burde mest for vedkommendis Forsommelse at ödelægge de Reve som söge til og opholde sig i dette Bierg.<sup>10</sup>

Í úttekt 1779 er komist svo að orði um Hjörleifshöfða: „...der under hörer Hafurs Øe med skiön Græsgang og Krat skov hvor magelig kan underholdes baade Vinter og Sommer 200 faar, er 33 1/3 Kvilde. Beste Strand Rettighed“.<sup>11</sup> Frá svipuðum tíma (1773) er lýsing Þorsteins Bjarnasonar á klausturjörðum í Vestur-Skaftafellssýslu. Hann segir Hjörleifshöfða vera mjög hagaþrönga jörð og bætir síðar við: „Selstada heirer Jördenne til í Hafursey, Fialle einu framann fyrer Kötlugiáar Jökla hvar ed eru góder hagar og yferfliótannlegur skögur abuanda Hofdans til nota“.<sup>12</sup> Sveinn Pálsson lætur þess getið í lok aldarinnar að munnmæli gangi um heila kirkjusókn norðan Hafurseyjar, milli hennar og jökulsins þar sem enn heiti Nautadalir en hún hafi eyðst í fyrstu Kötlugosum.<sup>13</sup> Í sóknalýsingu sinni 1840 skýrir séra Jón Sigurðsson, prestur í Reynisþingum, frá því að Hjörleifshöfði sé

1 Landnámabók 1986, s. 43.

2 Sbr. orðalagið: ... „j þessu takmarke aa mille Hornafiardar aar og Hiörleyfs höfda“ (skjal nr. 4 (23)).

3 Íslenskt fornbréfasafn 2, s. 740.

4 Íslenskt fornbréfasafn 9, s. 189. Útgefandi Fornbréfasafnsins taldi máldagann vera úr tíð Ögmundar biskups Pálssonar og færði hann til ársins 1523.

5 Björn Lárusson 1967, s. 338.

6 Skjal nr. 2 (44).

7 Skjöl nr. 4 (24 og 25). Í Nýrri jarðabók 1861 er reyndar tekið fram að forn dýrleiki Hjörleifshöfða hafi verið 5 hundruð.

8 Skjal nr. 2 (28).

9 Sunnlenskar byggðir 6, s. 385, sbr. skjal nr. 2 (28).

10 Skjal nr. 2 (28).

11 Skjal nr. 2 (30).

12 Skjal nr. 2 (83). Sbr. einnig skjal nr. 2 (69) en þar er er úttekt frá 1831 á skóginum í Hafursey. Selför mun hafa haldist frá Hjörleifshöfða í Hafurseyjarsel til ársins 1854 (Einar H. Einarsson, 1975: „Mýrdalur.“ Árbók Ferðafélags Íslands. S. 80).

13 Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. 2. b. Reykjavík 1983. S. 548.

heyskapatilvitnið en allgóð til útigöngu „og hefir með Hafurey sémileg landrýmindi“.<sup>1</sup> Þegar hann ræðir um „almenninga“ sóknarmanna kemst hann á einum stað svo að orði: „Einstöku fá upprekstur í Hafurey, sem er afréttur Hjörleifshöfða og ber ei margt fé.“<sup>2</sup> Í jarðamati 1849 kemur enn fram að Hafursey lá undir Hjörleifshöfða „hvar hafa má selstöðu, eins og líka þar er smáskógur meiri enn til eigin brúkonar og álitst jörðin að gæta framfleytt 1 kú og 200 fjár“.<sup>3</sup> Að lokum skal hér vitnað til umsagnar í fasteignamati 1916:

Heimabeitiland jarðarinnar [Hjörleifshöfða] er eigi víðlent, en er snjóljett og skýlt og hægt að nota það. Jörðin á sjerstakt upprekstrarland, Hafursey, sem er talin ágætt sauðland, en notast eigi fyrri part vetrar vegna snjóálaga og fjarlægðar.<sup>4</sup>

Í júní 1839 leitaði sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu, Magnús Stephensen, eftir tilboðum í jörðina Hjörleifshöfða á Dyrhólaþingstað og bauð ábúandinn samtals 327 ríkisdali í jörð og kúgildi. Ári síðar samþykkti konungur tilboðið.<sup>5</sup> Eftir það var Hjörleifshöfði skráður sem bændaeign. Árið 1890 voru staðfest eftirfarandi fjörumörk sem rakin eru aftur til 17. aldar:

Ár 1713 þann 7. nóvember á Mýrdalssandi. Athuguð fjörumörk milli konungsjarðarinnar Hjörleifshöfða og bóndaeignarinnar Kerlingardals í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur Runólfur Jónsson, búandi á Höfðabrekku framlagt skjal, skrifað á Þykkvabæjarklaustri þann 18. september sama ár með undirskrifuðu nafni herra lögmannsins Jóns Ólafssonar og trúverðugs valdsmanns Ólafs Einarssonar, klausturhaldara Þykkvabæjarklausturs, enn sín vegna Jón Einarsson og Hallgrímur Jónsson, eignarmenn Kerlingardals, hverjir á þessum degi skýr og skilmerkileg skrif framleggja um fjörumörk milli Hjörleifshöfða og Kerlingardals, hver mörk nú glöggleg sjást.

Næst framkomu þriggja manna vitnisburðir, skrifaðir 1631 um fjörumörk milli Hjörleifshöfða og Kerlingardals, sem öllum ber saman. Eftir þessum vitnisburðum hafa þeir göfugu herrar Magnús og Hákon, synir Þorsteins fyrrum Þykkvabæjar klausturs haldara, farið, og Hallgrímur Magnúss eignarmaður Kerlingardals, hverjir gert hafa skriflegan samning um ádurteð fjörumörk, að á milli Hafurseyrar<sup>6</sup> að austan og utasta og vestasta hornsins á Sandfelli skal af fjörinni sjást með beru auga rífa norður í jökulinn, þó má sú rífa eða bilið milli fjallanna ekki sjást lengra niður enn niður að brekkunni efst við bergið austan í Hafursey.

Að þessi ofanskriðu fjörumörk skuli haldast óbreytt hjer eptir alla tíð, erum við undirskrifaðir, sem nú erum eigendur Hjörleifshöfða og Kerlingardals alveg sáttir um og eru okkar nöfn því til staðfestu hjer undir skrifuð.

Skrifað á Hjörleifshöfða þann 22. júní 1890

Markús Loptsson, eigandi Hjörleifshöfða

Egill Gunnsteinsson }

Andrés Andrésson (yngri) }

Anna Stephánsdóttir }

Andrjes Andrjesson eldri<sup>7</sup> }

eigendur Kerlingardals

1 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 243.

2 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 244.

3 Skjal nr. 2 (45).

4 Skjal nr. 2 (46).

5 Skjal nr. 2 (31).

6 Þannig í handriti.

7 Skjal nr. 2 (12).

Samningur þessi var lesinn á manntalsþingi í Loftsalahelli 30. júní 1890 og færður í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Þá liggur fyrir sátt um landamerki milli jarðarinnar Hjörleifshöfða og jarðanna Herjólfsstaða, Holts, Hraunbæjar og Bólhrauns í Álftaveri og munu þetta jafnframt vera mörk Mýrdals- og Skaftárhrepps. Sátt þessi er í greinargerð sem Óskar H. Ólafsson vann fyrir landbúnaðarráðuneytið og dagsett er 26. maí 2001:

Fjörumörk niður við sjó milli Hjörleifshöfða og Dynskógafjöru, þaðan bein lína upp að Blautukvíslarbotnum, austan Hafurseyjar. Frá Blautukvíslarbotnum bein lína í Kötlukskoll, kletthöfða í Höfðabrekkujökli, rétt austan við Kötlukskoll. Hnit Kötlukskolls: 63.37, 70 n.br. og 18.58, 30 s.br.<sup>1</sup>

Í ágúst 2001 gáfu Ólafur Pétursson að Giljum og Bjarni Þormundsson í Vík út eftirfarandi yfirlýsingu:

Jörðin Hjörleifshöfði ásamt Hafursey á land frá sjó til jökuls. Allt þetta er í einkaeign. Hafursey er mjög fallett land, grösugt og kjarri vaxið að hluta. Hafursey var mikilvægt beitarnland fyrir búfénað ábúendur [svo] Hjörleifshöfða. Í áratugi síðustu aldar höfðum við undirritaðir, ásamt öðrum Mýrdælingum, Hafursey til leigu fyrir sauðfé okkar um sumartímann.<sup>2</sup>

Landamerkjabréf Hjörleifshöfða er ekki til eldra en frá 7. apríl 2004 en þá var undirrituð eftirfarandi lýsingum á merkjum jarðarinnar:

Undirritaðir eru sammála um, og votta það hér með undirskrift sinni að eftirfarandi lýsing á landamerkjum milli jarðarinnar Hjörleifshöfða og aðliggjandi jarða eru eins og að neðan greinir.

Að vestan, við Höfðabrekku og Reynisbrekku:

Toppurinn hæsti á Rjúpnafelli á Kötluksandi, beri í miðjan breiðasta dranginn fyrir norðan Hjörleifshöfða úr almennu flæðarmáli. En til tryggingar, ef breyting kynni að verða, svosem ef Katla gysi, þá er það fremsti Reynisdrangurinn beri fremst í Dyrhólaey. En landmarkið úr fjörumarki beina línu neðst í Mosaland vestan í Hafursey, svo beint í jökul. En kynni hlaup að koma og fjaran að ganga fram, þá skal landmarkið ráða.

Að austan, við hlutaðeigandi jarðir í Álftaveri, fjörumark milli Hjörleifshöfða og Dynskógafjöru og hreppamark milli Mýrdals og Skaftárhrepps:

Vísað er til þinglýstrar bókunar í landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu, dagsett 13. júlí 2000.<sup>3</sup>

Landamerkjalyking þessi var samþykkt að því er varðaði Hjörleifshöfða, Höfðabrekku, Reynisbrekku Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp, Kerlingadal vegna Dynskógafjöru og landbúnaðarráðuneytið vegna ríkisjarðanna í Álftaveri.

Eigendur Hjörleifshöfða hafa gert nokkra samninga um nýtingu jarðarinnar. Á áttunda áratugnum fékk Vegagerð ríkisins heimild til að taka mól „á svæði því er liggur neðanundir brekkum suðausturhluta Hafurseyjar úr [þeim] malargrýfjum er hún hefur tekið úr um árabíl, og út frá þeim að stærð samtals 3 hektarar“.<sup>4</sup>

1 Skjal nr. 7 (2).

2 Skjal nr. 7 (11).

3 Skjal nr. 7 (23).

4 Skjal nr. 7 (3).

Í byrjun desember 1977 gerðu eigendur jarðanna Hjörleifshöfða, Reynisbrekku, Höfðabrekku, Hraunbæjar, Herjólfsstaða I og II, Holts I og II, Bólhrauns og Bólhraunsfjöru samning við hlutafélagið Jarðefnaiðnað hf. um „ótakmarkað leyfi til að leita að jarðefnum í landareignunum og framkvæma rannsóknir á þeim með hagnýtingu fyrir augum“.<sup>1</sup> Í 8. gr. samningsins var tekið fram að ekki væri tekin afstaða til þess hvern rétt hver landeigenda ætti á Mýrdalssandssvæðinu né heldur til þess hvar borið yrði niður á svæðinu til vinnslu eða hagnýtingarstarfsemi og hver yrði aðild hinna einstöku landeigenda í sambandi við réttindaöflun hennar vegna.

Í mars 2001 gerðu eigendur jarðanna Hjörleifshöfða, Höfðabrekku og Reynisbrekku annars vegar og Kötluvíkur ehf. hins vegar með sér samning um vikurnám í landi jarðanna á Mýrdalssandi.<sup>2</sup> Einnig liggur fyrir samningur um skógrækt í suðurhlíðum Hafurseyjar og samningur eigenda Höfðabrekku, Hjörleifshöfða, Reynisbrekku og Selfjalls við Landgræðslu ríkisins um að láta endurgjaldslaust af hendi land til landgræðslu. Landið „[afmarkaðist] af Múlakvísl að vestan, Mýrdalsjökli að norðan, hreppamörkum við Álfavershrepp hjá Blautukvísl að austan og sjó að sunnan“.<sup>3</sup>

Hjörleifshöfði hefur verið í eyði frá 1936.<sup>4</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að Hjörleifshöfði hafi verið framseldur á hefðbundinn hátt og veðsettur.<sup>5</sup>

## 5.12. Afréttarnot

Í lýsingu Sólheima- og Dyrhólasókna 1839 er gerð svofelld grein fyrir afréttarlöndum sóknarmanna:

Dyrhólingar eiga lambaupprekstur árl(ega) í Koltungum, sem er afréttarland frá jörðinni Kerlingardal í Mýrdal. Brekknamenn eiga og árlegan lamba- og geldfjárupprekstur í Dalaheiðinni í Reynirssókn. Péturseyjarábúendur eiga sjálfir afrétt í Stórahöfða sem er austur af Keldudalsheiðinni milli Lambáar og Hafursáar og Sólheimingar eiga sjálfir afrétt, er þeir árl(ega) brúka, Hvítmögu.<sup>6</sup>

Í lýsingu Reynis- og Höfðabrekkusókna frá 1840 er því haldið fram að „almenningar“ séu þar engir. Síðan segir:

Dalajarðir hafa geldfjárupprekstur á heiðarlönd sín. Brekknamenn reka einnig þar upp, og er þar landkreppa, þá fænaður er í meðallagi til. Frá Hvammi og Götum er geldfé haft í búfjárhögum, sem þó varla nægja fyrir búsmala. Í Heiðarlandi fá nokkrar jarðir upprekstur, þó ei ætíð staðfast enar sömu. Er þar mest og best land fyrir vestan Kerlingardalsá. Í Arnarstakksheiði reka allir bændur Reynirshverfisjarða, Víkur og Fagradals. Er þar landkreppa nema í fænaðarfæð. Frá Kerlingardal og Höfðabrekku er rekið í afrétti þeirra, hvar að er gott og rúmt land. Í Koltungum í Kerlingardalslandi eiga Dyrhólabæir lambaupprekstur. Einstöku fá upprekstur í Hafurey, sem er afréttur Hjörleifshöfða og ber ei margt fé.<sup>7</sup>

Afréttum hreppanna er einnig lýst í ritinu Sunnlenskum byggðum. Þar er greint frá því að ábúendur þeirra jarða í Hvammshreppi „er afréttinn áttu“ hafi leigt einstökum mönnum aðallega lambaupprekstur í afréttinn, stundum einnig sauða og annars geldfjár. Einnig hafi Heiðarbændur leigt upprekstur í Heiðarheiði og hafi það verið nokkurn veginn fastskorðað að hagatollur væri eitt

1 Skjal nr. 7 (14) (1. gr. samningsins).

2 Skjöl nr. 7 (4 og 5).

3 Skjal nr. 7 (10).

4 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 386.

5 Sbr. skjal nr. 4 (112). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 386.

6 *Skaftafellssýsla 1997*, s. 264.

7 *Skaftafellssýsla 1997*, s. 243-244.



lamb af hverjum 20. Eftir að fráfarer lögðust niður um og eftir 1920 hafi hreppsnefndin tekið fjallskilin í sínar hendur og jafnað kostnaðinum niður á hverja vetrarfóðraða sauðkind í hreppnum.

Í sama riti er komist svo að orði um „heiðalönd“ í Dyrhólahreppi.<sup>1</sup>

Norðan byggðarinnar liggja heiðalönd upp að jökulrótum og eru fjarlægðir þó víðast ekki meiri en svo að fremur má tala um heimalönd en heiðar enda tilheyra þessi lönd öll einstökum jörðum eða byggðahverfum. Almennungur eða afréttur er enginn í hreppnum.<sup>2</sup>

Áður hefur þess verið getið að eigandi Höfðabrekku seldi hreppnum Höfðabrekkuafrétt árið 1948.

Við skýrslutökur í máli nr. 6/2003 kom fram sú skoðun að allt land í Mýrdalshreppi, frá jökli og niður að sjó, væri heimaland. Hugtakið afréttur væri að vísu notað en ekki í merkingunni „sameignarafréttur“.<sup>3</sup> Jóhannes Kristjánsson, bóndi í Höfðabrekku, sagði það skilning sinn að afréttur væri sá hluti eignarlands sem jarðeigendur hjálpuðust að við að smala. Reynir Ragnarsson, fulltrúi Mýrdalshrepps, gat sér til um að afréttur hefði upphaflega verið það svæði sem lömbin voru rekin á fyrr á tíð þegar það tíðkaðist að mjólka ærnar í seli. Skipulagðar leitir fara engu að síður fram í Mýrdalshreppi og er það „framkvæmdarlegt atriði“ að sögn Ólafs Gunnarssonar á Giljum sem helgast af því að landið er mjög sundurskorið og tiltölulega afmarkað en þó ekki nóg til þess að féð fari ekki á milli heiða. Mýrdalshreppi er skipt í tvær fjallskiladeildir, eystri og vestri deild. Eystri deildin, sem Dalajarðir tilheyra, markast af gamla Hvammshreppi, að viðbættum Breknajörðum og Steig. Mörkin eru við Hafursá (frá Múlakvísl). Fjäreigendum er skylt að smala þetta svæði og þurfa menn því stundum að smala heiðar þar sem þeir eiga sjálfir ekki von á neinni kind en fá í staðinn aðstoð við að smala sitt eigið land.<sup>4</sup>

Í vesturhluta hreppsins, á svæðinu milli Klifanda (eða Klifrágils) og Jökulsár, er sá háttur hafður á að féð er ekki rekið á fjall heldur er því hleypt úr túni og fer það síðan sjálfala um fjalllendið. Land þetta smala heimamenn sjálfir eftir samkomulagi sín á milli án þess að til komi „boð og bönn og skyldur“ fjallskila.<sup>5</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítills háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hug-

1 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 351.

2 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 502.

3 Sbr. vitnisburð Tómasar Pálssonar, bónda á Litluheiði, við skýrslutökur í máli nr. 6/2003. „Afréttur hygg ég að sé í hugum Mýrdælinga mjög loðið og teygjanlegt hugtak“ (Ólafur Gunnarsson, Giljum, við áðurnefndar skýrslutökur.

4 Ólafur Gunnarsson við áðurnefndar skýrslutökur. Um fjallskil fyrr á árum er fjallað í ritinu *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 167-179.

5 Einar Þorsteinsson, Sólheimahjáleigu, við áðurnefndar skýrslutökur.

taka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í Þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafreittur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.<sup>1</sup> Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar. Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Þar eru nefndir nokkrir landnámsmenn. Fyrstur var Hörleifur Hróðmarsson sem tók land við Hjörleifshöfða. Loðmundur hinn gamli nam land milli Hafursár að austan og Fúlalækjar að vestan eða Jökulsár á Sólheimasandi eins og Fúlilækur er einnig nefndur í Landnámabók. Reyni-Björn nam land milli Hafursár og Kerlingarár og Sigmundur kleykir Öndarson milli Grímsár (Múlavíslar) og Kerlingarár „er þá féll fyrir vestan Höfða“. Fyrir austan Grímsá er Ölvir Eysteinnsson sagður hafa numið land en um austurmörk þess er ekki getið. Getgátur eru um að það hafi náð austur að Eyjará (Blautukvísl) en um það verður ekkert fullyrt. Í hópi landnámsmanna er enn fremur nefndur Eysteinn Þorsteinsson. Hann er sagður hafa búið í Fagradal en það svæði er í landnámi Reyni-Bjarna. Samkvæmt frásögn Landnámabókar var land þannig a.m.k. numið milli Jökulsár á Sólheimasandi og austur fyrir Grímsá (Múlavísl), jafnvel að Eyjará (Blautukvísl), en ekki er getið um mörk landnámsins til norðurs.

Land í Mýrdal er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Upp við jökul rís fjallendi og heiðarlönd en þar neðan við og allt niður að sjó er slétt undirlendi. Þaðan skerast fjölmargir dalir inn í fjallendið, stórir og smáir. Hálendi og jöklar blasa við frá fjöru séð enda eru fjarlægðir þar á milli litlar, eða í loftlínu u.þ.b. 8,5 km þar sem skemmst er og u.þ.b. 17 km þar sem lengst er. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal verið meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar, að undanskildum Sólheimajökli, minni, sbr. skjöl nr. 17 og 19.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur líklegt að land í Mýrdal hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.<sup>2</sup>

1 Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 8, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

2 Sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

### 6.3. Ytri-Sólheimajarðir ásamt Hvítmögu

Ytri-Sólheimar skiptast nú í Ytri-Sólheima I (Sólheimakot), Ytri-Sólheima II-III, Ytri-Sólheima IV (Framnes), Ytri-Sólheima V (Sólheimatungu), Ytri-Sólheima VI, Ytri-Sólheima IIIA og Sólheimahjáleigu. Hér verður fjallað um landsvæði það sem samkvæmt kröfugerð eigenda Ytri-Sólheimajarða fellur innan merkja Ytri-Sólheima, þar með talið landsvæði það sem nefnt er Hvítmaga. Við þessa umfjöllun verður ekki tekið tillit til skiptingar lands innan torfunnar.

Að Ytri-Sólheimum ásamt Hvítmögu liggja Eystri-Skógar ásamt Skógarfjalli í fyrrum Austur-Eyjafjallahreppi að vestanverðu og Eystri-Sólheimar og Péturseyjajarðir að austanverðu. Til norðurs er Mýrdalsjökull, þ.m.t. Sólheimajökull, og til suðurs er hafíð.

Landsvæði Ytri-Sólheima er fjallent heiðarlendi með nokkrum giljum. Norðaustur undir Sólheimajökli er Lambaskarð sem er klettaskarð þar sem langar og brattar skriður liggja inn með jöklinum. Sunnarlega á Lambaskarði milli Lakalandsgils og Hvannagils er Lakalandsrani og á honum vestanverðum er Lakapúfa sem er hár hamratindur sem nær 646 m hæð yfir sjávarmáli. Lambaskarð afmarkast af Þúfugli í suðri og austri. Austan Þúfugils liggur Lakaland norðan úr jökli og skiptist í tvennt af Þúfugli og Lakalandsgili. Sólheimaheiði liggur sunnan undir Hrossatungum vestan Hvannagils og skiptist hún í Ytriheiði vestan Hólsár og skiptir Yztagil (Ystagil) Ytriheiðinni í Yztheiði (Ystuheiði) og Selheiði. Fram úr Yztheiði (Ystuheiði) skaga Vestra-Heiðarhorn og Eystra-Heiðarhorn og vestan í heiðinni eru brekkur og undirlendi sem ná vestur að Jökulsá og kallast einu nafni Sængeyjar. Á Selheiði, inn af Yztagili (Ystagili), er Hrafnabjörg sem er klettabrún syðst við Yztagil (Ystagil). Austan við Selheiði liggur Hólsárgil en það liggur norður að Hvannagili sem er djúpt og þröngt gil sem Hólsá rennur í. Hólsárgilsop er við Kálfaskóga sem liggja suðaustur undir Selheiði. Austan Hólsár, rúmlega 1 km sunnan við Lakalandsrana, liggur Hemriheiði en hún nær austur að Húsárgili sem Húsá fellur eftir. Húsárgil verður að Skessuhellisgili suður við norður mörk Ófærubotna. Láglandi landsvæðisins er víðfemt og marflatur Sólheimasandurinn liggur milli fjalls og fjöru. Frá bæjarstæði Ytri-Sólheima að Mýrdalsjökli eru um 6,5 km í beinni loftlínu. Sólheimajökull er framhlaupsjökull sem kemur úr Mýrdalsjökli og liggur að landi Ytri-Sólheima að vestanverðu. Vestan Sólheimajökuls er fjalllendi Hvítmaga en það liggur á milli Skógarfjalls í vestri og Sólheimajökuls í austri og suðri en norðurmörk eru við Mýrdalsjökul. Hæstu mörk þar sem land mætir jökli á Hvítmögu eru í um 950 m hæð yfir sjávarmáli norðaustan við Rauða sem nær 785 m hæð yfir sjávarmáli. Landsvæði Hvítmögu er bratt en nokkuð gróíð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá mörkum fyrrum Vestur-Skaftafellssýslu og fyrrum Rangárvallasýslu neðan við Skógafjall í punkt í 467 m hæð á Sjónarhóli. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. Hvítmaga öll, Hrossatungur, Lambaskarð, Lakaland allt og Lakalandsgil, Ytri-Heiði, Sólheimaheiði sem og annað fjalllendi næst jökli innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Ytri-Sólheimajarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja Ytri-Sólheima. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitar og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Ytri-Sólheima er sérstaklega vísað til þess að fjalllendið upp af bæjunum sé óskipt og nýtt til beitar af öllum jörðunum í Ytri-Sólheimatorfunni. Um mikið öræfaland sé að ræða allt til jökuls. Þessa svæðis sé getið í afréttarskrá Dyrhólahrepps frá árinu 1983. Allt þetta styðji Þjóðlendukröfu íslenska ríkisins. Varðandi Hvítmögu er sérstaklega vísað til þess að um sé að ræða hálendissvæði sem sé landfræðilega aðskilið frá þeim jörðum sem það hafi nýtt. Engar heimildir séu um að svæðið sé eða hafi verið hluti af eignarjörð. Þannig hafi Ólafskirkja að Ásólfsskála, Maríukirkjan á Miðbæli og Hvoll talið til réttinda þar á undan Ytri-Sólheimingum. Um dæmigert afréttarland í Þjóðlendu sé því að ræða.

Af hálfu eigenda Ytri-Sólheimajarða, sbr. skjöl nr. 15 og 15(3), er einkum byggt á landnámi, skráðum eignarheimildum og hefð. Því er haldið fram að kröfugerð íslenska ríkisins styðjist hvorki við söguleg eða landfræðileg rök. Allt land Sólheima sé eignarland jarðanna og svo hafi verið frá landnámi. Sé texti Landnámu skilinn eins og hann er skrifaður sé ljóst að allt land sunnan Mýrdalsjökuls milli Hafursár og Jökulsár hafi verið numið af Loðmundi gamla. Þá er vísað til þess að landið sé þinglýst eign jarðanna svo sem glögggt megi sjá af þinglýstum landamerkjabréfum. Þinglýsing landamerkjanna hafi ekki verið uppfinning bænda til þess að slá eign sinni á ónumin lönd heldur var með þeim verið að sinna lagaskyldu um lýsingu merkja og þar hafi landeigendur staðfest það sem gilt hafði í gegnum aldir. Fullyrðingu íslenska ríkisins um sjálfstöku er þannig alfarið mótmælt. Varðandi norðurmörk Ytri-Sólheimajarða er á það bent að engar landfræðilegar eða efnahagslegar forsendur séu fyrir öðrum norðurmörkum en jökulrönd Mýrdalsjökuls. Sólheimaland sé landfræðileg heild með náttúrulegum mörkum í suðri og norðri, af hafi og jökli. Þá er vísað til þess að landeigendur telji að landið ofan Sólheimasands hafi aldrei verið almenn-ingur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameigin-leg afnot með öðrum. Enn fremur hafi ekki einungis verið um sumarafnot af heiðarlandinu að ræða heldur hafi það verið nýtt á heilsársgrundvelli. Engin skil hafi verið milli úthaga og afrétta. Búpeningur hafi verið rekinn út fyrir tún eða í úthaga og síðan runnið niður á sand eða upp á Sólheimaheiðarnar allt eftir gróðursæld á hverjum tíma. Þegar best lætur sé grænn gróður allt upp undir jökul og á landnámsöld hafi gróður verið mun meiri en nú er. Hér vegi þyngst mikil eyðilegg-ing vegna öskufalls í kjölfar eldgosa en sú eyðilegging eigi ekki að valda því að talsmenn rík- isforsjár fái landið flokkað sem þjóðlendur á þeim grundvelli að það sé illnýtanlegt nú til annars en sumarþeitar. Þeirri röksemd megi þar að auki hafna með þeirri fullyrðingu að landið, eða hluta þess, megi rækta upp eins og þegar hafi verið gert á öðrum stöðum í hinu óskipta landi jarðanna. Sólheimar hafi alla tíð verið ein efnahagsleg eining og afréttarlönd jarðanna ætíð verið þeim sameiginleg en aldrei afréttur fyrir aðrar jarðir í Mýrdal. Þá er því haldið fram að makaskipti Hvola-jarða og Sólheimajarða á beitarlandi í Hvítmögu og slægjulandi í Sólheimamýri í Hvolalandi staðfesti ótvíræðan eignarrétt Sólheimajarða á Hvítmögu. Loks er vísað til þess að engin fjallskila- stjórni sé af hálfu hreppsins á landi Ytri-Sólheima. Að endingu er svo vikið að því að ef ekki verði viðurkenndur beinn eignarréttur að landi Ytri-Sólheima á grundvelli þinglýstra eignarheimilda þá skuli hann viðurkenndur á grundvelli hefðar. Eignarhefð verði unnin á fasteign með 20 ára óslitnu eignarhaldi og ljóst sé að bæði núverandi og fyrri eigendur Ytri-Sólheima hafi í góðri trú haft öll umráð landsins í árhundraðaraðir.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Ytri-Sólheimum er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að Sólheimar voru landnámsjörð og er jarðarinnar getið í heimildum frá því um 1200. Af þeim verður ráðið að Ytri-Sólheimar hafi verið sjálfstæð jörð en þegar í elstu heimildum virðist greint á milli Ytri-Sólheima og Eystri-Sólheima.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ytri-Sólheima er lýst í fyrirliggjandi heimildum. At-hugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfufusvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Ytri-Sólheima að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun Ytri-Sólheima á landamerkjabréf viðkomandi jarða fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ytri-Sólheima verður svo fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til um-fjöllunar er.

Einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Ytri-Sólheima er að finna í lögfestu frá árinu 1789

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

sem síðan var endurnýjuð árið 1865. Að öðru leyti er um brotakenndar lýsingar á mörkum jarðarinnar gagnvart einstökum aðliggjandi jörðum að ræða.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum jarðarinnar gagnvart Eystri-Skógum er að finna í framan-greindri lögfestu. Þar segir að landamerkin séu að vestanverðu frá sjó og norður í jökul „Jökulsár gamli Farvegur“. Óljóst er hvort hér er átt við Sólheimajökul eða Mýrdalsjökul. Ljóst er að við landnám og fram eftir miðöldum var Sólheimajökull stærri en hann er í dag. Talið er að jökullinn hafi þá gengið fram í dalinn á milli Hestaþingsháls og Loðmundarsætis og Jökulsá runnið undan honum um Jökulsárgil vestan við Hestaþingsháls. Rannsóknir benda til þess að á „litlu ísöld“ hafi jökullinn svo hopað, líklega vegna breytinga á landslagi undir jöklinum í kjölfar umbrota í Kötlu og áin þá vikið úr framangreindum farvegi sínum og austur fyrir hálsinn. Eðlilegra virðist því að líta svo á að í lögfestunni sé átt við Sólheimajökul þar sem talað er um hinn gamla farveg Jökulsár en hún rann á meðan hún var í þeim farvegi undir Sólheimajökul þó lítið sé svo á að upptök hennar séu í jöklinum sem teygir sig niður í Jökulsárgil milli Hvítmögu og Skógafjalls, sbr. skjal nr. 17. Telja verður að skýrar hefði verið kveðið á um það ef ætlunin hefði verið að lýsa mörkum lengra en hinn gamli farvegur nær. Ekki liggja fyrir frekari heimildir um vesturmörk Ytri-Sólheima gagnvart Eystri-Skógum. Elsta fyrirliggjandi heimildin um mörk Eystri-Skóga gagnvart Ytri-Sólheimum er yfirlýsing frá 1799. Þar segir að Jökulsár gamli farvegur ráði upp með Öldu milli Skógaheiði og Hestaþingsháls norður að jökli. Með sömu rökum og að framan telur óbyggðanefnd eðlilegt að líta svo á að hér sé átt við Sólheimajökul. Í landamerkjabréfi Eystri-Skóga, dags. 9.11.1885 og þingl. 21.5.1890, er merkjum Eystri-Skóga og Skógarfjalls gagnvart Ytri-Sólheimum og Hvítmögu lýst úr fjörumörkum beina línu í Jökulsárgil, svo um gilið upp undir svonefnt Skógafjall en þá liggur merkjalínan austur úr Votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin, sem er í síðastnefndu gljúfri, marki norður undir jökul. Bréfið er samþykkt vegna Ytri-Sólheima. Til er lögfesta fyrir Eystri-Skóga, dags. 22.11.1839, þar sem mörkum jarðarinnar er lýst með svipuðum hætti að öðru leyti en því að samkvæmt henni liggja mörkin um Fjallgil norður til jökuls og lýsir því ekki merkjum milli Skógarfjalls og Hvítmögu. Fyrirliggjandi heimildir lýsa því allar mörkum með svipuðum hætti, a.m.k. að Sólheimajökli.

Fyrstu lýsinguna á austurmörkum Ytri-Sólheima gagnvart Eystri-Sólheimum er að finna í sátt um landamerki milli jarðanna Ytri- og Eystri-Sólheima frá árinu 1573. Þar er merkjum til fjalla lýst um læk upp frá fossinum í Merkisgili norður eftir fjöllum sem að fornu allt í jökla. Þrátt fyrir þessa sátt virðast deilur um mörk jarðanna hafa haldið áfram. Þær deilur vörðuðu þó mörk utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og verða því ekki raktar hér. Mörkum jarðanna að þess leyti er næst lýst í lögfestunni frá 1789 þannig að Merkisgil ráði svo lengi sem það til vinnst, síðan eystra gilið í Ófæru-botninn og þaðan sjónhending norður í jökul. Í landamerkjabréfi Eystri-Sólheima, dags. 16.6.1890 og þingl. 10.6.1891, er merkjum að þessu lýst um læk þann sem er í Merkisgili og frá upptökum hans til hánordurs í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Ytri-Sólheima. Frekari heimildir um mörk Eystri-Sólheima að þessu leyti liggja ekki fyrir. Fyrirliggjandi heimildir lýsa mörkum því með svipuðum hætti.

Vesturmörk Ytri-Sólheima gagnvart Eystri-Skógum og austurmörk gagnvart Eystri-Sólheimum liggja að hluta til utan við kröfussvæði íslenska ríkisins. Þá liggja austurmörk Ytri-Sólheima gagnvart Pétursey að öllu leyti fyrir utan það. Landamerkjabréf þessara jarða eru öll árituð vegna Ytri-Sólheima og lýsa merkjum með svipuðum hætti og fyrirliggjandi heimildir um landamerki jarðarinnar. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir lýsingum á landamerkjum Ytri-Sólheima í fyrirliggjandi heimildum. Í þeirri umfjöllun kom m.a. fram að mörkum Ytri-Sólheima gagnvart Eystri-Skógum er lýst í Sólheimajökul. Þar fyrir norðan taka við mörk Hvítmögu gagnvart Skógarfjalli. Í lög-

festu Ytri-Sólheima frá 1789 er ekki getið um Hvítmögu en í vitnisburði um ítök jarðarinnar frá 1792 er greint frá því að jörðinni fylgi „Gield Fiár og Lamba Afriettur kallað Hvýtuga“. Enn fremur segir í fasteignamati frá 1849 að jörðin eigi afrétt í svonefndri Hvítmögu. Þá stóðu Ytri-Sólheimingar í deilum við Hvolsmenn um rétt hinna síðar nefndu til lambauppreksturs í Hvítmögu. Þær deilur voru leiddar til lykta með sátt árið 1900 þar sem Ytri-Sólheimingar féllust á að hálf Hvítmaga tilheyrði Hvolsmönnum. Sátt þessi var felld úr gildi með samningi árið 1922 þar sem eigendur Hvolssjarða afsöluðu rétti til lambauppreksturs í Hvítmögu til eigenda Ytri-Sólheimajarða. Loks liggur fyrir landamerkjabréf, dags. 14. júní 1885 og þingl. 22. júní 1885, þar sem lýst er mörkum „milli afrjettanna, ytri Skóga hverra afrjettur kallaður er Skógafjall, og ytri Sólheima, sem kallaður er Hvítmaga“. Þar segir að mörkin liggja um Jökulsárgil.

Samkvæmt kröfulýsingu eigenda Ytri-Sólheima er Hvítmaga hluti af landi jarðarinnar og afmarkast af Jökulsárgili að vestan, Sólheimajökli að austan og sunnan og Mýrdalsjökli að norðan. Ljóst er að Sólheimajökull hefur verið til staðar allt frá landnámi, sbr. skjal nr. 17, og hefur síðan þá skilið Hvítmögu frá fjalllendi Ytri-Sólheima að meira eða minna leyti. Í lögfestu Ytri-Sólheima frá 1689 er vesturmerkjum lýst um Jökulsár gamla farveg frá sjó og norður í jökul. Sem að framan greinir telur óbyggðanefnd eðlilegt að líta svo á að hér sé átt við Sólheimajökul. Með vísan til þessa telur óbyggðanefnd að skilja verði lögfestuna svo að Hvítmaga falli samkvæmt henni utan við eiginleg landamerki jarðarinnar. Þessu til frekar stuðnings má vísa til þess að þremur árum síðar var gefinn vitnisburður um ítök Ytri-Sólheima þar sem réttindum jarðarinnar í Hvítmögu var lýst sérstaklega en það hefði vart verið gert ef lítið hefði verið svo á að landsvæðið félli innan merkja jarðarinnar. Enn fremur liggur fyrir landamerkjabréf frá árinu 1885 þar sem einungis er lýst mörkum milli Hvítmögu og Skógafjalls en það bendir einnig til þess að lítið hafi verið á Hvítmögu sem sérstakt landsvæði. Með þessu er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Hvítmögu sem fjallað verður um hér síðar.

Hvað norðurmörk Ytri-Sólheima gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul að vestan- og austanverðu í öllum fyrirliggjandi heimildum um merki jarðarinnar bendi til þess að lítið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við á sama hátt og hafið til suðurs.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem liggja að Ytri-Sólheimum, þ.e. Eystri-Skóga, Eystri-Sólheima og Pétursey. Enn fremur var gerð sérstök lýsing á merkjum á milli Hvítmögu og Skógafjalls. Bréf þessi eru öll árituð af hálfu þáverandi eigenda og ábúenda Ytri-Sólheima og til þeirra er vísað af hálfu núverandi eigenda. Þá eru lýsingarnar í bréfum þessum allar í góðu samræmi við eldri heimildir um merki Ytri-Sólheima. Fyrirliggjandi gögn benda því til að landamerkjum Ytri-Sólheima sé rétt lýst í framangreindum landamerkjabréfum. Bréf þessi voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við eigendur Ytri-Sólheima eða aðra nágretta. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur jarðanna sem og aðliggjandi jarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Það er því álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Eystri-Skóga, Eystri-Sólheima og Péturseyjar verði ásamt eldri heimildum um afmörkun Ytri-Sólheima lögð til grundvallar um merki jarðarinnar. Þá verður að skilja framangreindar heimildir svo að Hvítmaga sé sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki Ytri-Sólheima.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Ytri-Sólheima hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að

við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að við-áttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ytri-Sólheimar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1789 og svo staðfest í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða 1885, 1888 og 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér fram, og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Ytri-Sólheima gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1789 og sá jökuljaðar sem eigendur aðliggjandi jarða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum jarða sinna í jökul 1885 og 1890, hefur gengið til baka. Land sem þá var hulið jökli er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>2</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Ytri-Sólheima sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Ytri-Sólheima sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>3</sup>

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Ytri-Sólheima um beinan eignarrétt að Hvítmögu, sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja jarðarinnar.

Hvítmaga er fjalllendi sem afmarkast af Jökulsárgili að vestan, Sólheimajökli að austan og sunnan og Mýrdalsjökli að norðan. Að Hvítmögu liggur Skógafjall að vestan.

Ástæða er til að víkja fyrst að staðháttum og gróðurfari á svæðinu. Hvítmaga er hálfgróið fjalllendi í 300-900 m hæð yfir sjávarmáli. Neðst er Hvítmaga gróin mosagróðri en þegar ofar dregur tekur við mosapembugróður, gjarnan með grösum og störum. Þegar enn ofar dregur verður gróður einsleitari uns hann hverfur með öllu í 600-700 m hæð yfir sjávarmáli.<sup>4</sup>

Svo sem áður greinir er Hvítmaga landfræðilega aðskilin frá fjalllendi Ytri-Sólheima. Sólheimajökull liggur þar á milli og hefur gert svo, a.m.k. að stærstum hluta, allt frá landnámi. Elstu fyrirbyggjandi heimildir sem geta um Hvítmögu eru máladagar Maríukirkjunnar á Miðbæli undir Eyjafjöllum frá 14. öld. Þar kemur fram að kirkjan eigi „gelldfiar rekstur j huitmagafell“. Hvítmögu er svo fyrst getið í tengslum við Ytri-Sólheima í vitnisburði um ítök jarðarinnar frá árinu 1692. Þar segir að Ytri-Sólheimum fylgi geldfjár- og lambaafréttur sem nefnist Hvítmaga. Þá er Hvítmögu getið í fasteignamati Ytri-Sólheima 1849 en þar segir að jörðin eigi afrétt í svonefndri Hvítmögu.

1 Skjal nr. 19.

2 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

3 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

4 Skjal nr. 19.

Árið 1886 komu upp deilur milli Ytri-Sólheiminga og Hvolsmanna um rétt hinna síðarnefndu til upprekstrar í Hvítmögu gegn slægju í Sólheimamýri í Hvolslandi. Svo virðist sem ítakaskipti þessi hafi átt sér langa sögu en í framangreindum vitnisburði um ítök Ytri-Sólheima frá árinu 1692 er getið um slægjuþláss í Sólheimamýri. Árið 1900 var gerð sátt í málinu þar sem fallist var á það af hálfu Ytri-Sólheima að hálf Hvítmaga tilheyrði Hvoli. Sátt þessi var felld úr gildi árið 1922 með samningi þar sem ítök þessi voru bæði felld niður.

Loks liggur fyrir landamerkjabréf, dags. 14.6.1885 og þingl. 22. s.m., þar sem lýst er mörkum „milli afrjettanna, ytri Skóga hverra afrjettur kallaður er Skógafjall, og ytri Sólheima, sem kallaður er Hvítmaga“.

Þegar fjallað er um Hvítmögu í heimildum er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Það bendir ekki til þess að lítið hafi verið á Hvítmögu sem hluta af landi Ytri-Sólheima. Þá liggja engin gögn fyrir um að Hvítmaga hafi nokkurn tímann verið nýtt til annars en sumarþeir fyrir búfé. Enn fremur liggur ekkert fyrir um hvenær eða hvernig til réttinda Ytri-Sólheima yfir þessu landsvæði var stofnað en sem að framan greinir er Hvítmögu getið sem afréttar Mariukirkjunnar á Miðbæli í elstu heimildum.

Réttur Hvolsmanna til upprekstrar í Hvítmögu þarfnast sérstakrar skoðunar. Þessi réttur er í heimildum almennt talinn ítaksréttur og veittur var gegn slægjuítaki í Sólheimamýri í Hvolslandi. Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að tilvist ítaks bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>1</sup> Í því tilviki, sem hér um ræðir, telur óbyggðanefnd hins vegar að um svonefnt afréttaritak sé að ræða, þ.e. rétt jarðar til upprekstrar á afrétt sem tilheyrir annarri jörð. Slík ítök geta hvort heldur sem er verið í afréttum sem undirorpnir eru beinum eignarrétti eða afréttum sem eru í afréttareign. Þá verður það ekki talið veita sérstaka vísbendingu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins að greiðsla hafi komið fyrir af hálfu Hvolsmanna.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Hvítmaga sé innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Ytri-Sólheima hefur ekki verið sýnt fram á að Hvítmaga sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Hvítmaga sé afréttur Ytri-Sólheima.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Ytri-Sólheima, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Hvítmaga, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasani), við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, fylgir línin árið þangað sem hún rennur undir Sólheimajökul. Frá þeim punkti fylgir línin vesturjaðri Sólheimajökuls norður að Mýrdalsjökli og svo jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Fúlalækjar. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Ytri-Sólheima, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, enda verður ekki séð að aðrir eigi sjálfstæð eignarréttindi innan þjóðlendunnar. Óbyggðanefnd

1 Sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Ytri-Sólheima, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

#### 6.4. Eystri-Sólheimar

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Eystri-Sólheima, dags. 16.6.1890 og þingl. 10.6.1891.

Að Eystri-Sólheimum liggja Ytri-Sólheimar til vesturs og Fell til austurs. Til suðurs liggur Pétursey og til norðurs Mýrdalsjökull ásamt skriðjöklinum Klifurárjökli.

Landsvæðið, sem um ræðir, er fjallent heiðarlendi með nokkuð af djúpum giljum. Heiðarlendið upp að jökli eru að mestu blásnir melar en gróður er í skjólgóðum giljum og lautum. Land liggur með fram vestur hlið Klifurárjökuls og eftir Klifurárgili sem liggur austan megin landsvæðisins. Milli Klifurárgils og Hrutagils liggur Ártungnahöfuð sem nær frá Klifurárjökli í norðri og afmarkast suðurhluti þess þar sem fyrrnefnd gil mætast rúmlega 3 km sunnan við syðsta odda Klifurárjökuls. Austan Húsárgils liggja Arnardalir og ná þeir norður að jökli. Í Arnardölum sunnanverðum er Stóramýri en hún nær frá Hrutagili í austri að Húsárgili í vestri en sunnan Stórumýrar liggur Litlamýri.

Syðsti hluti landsvæðisins er flatlendur og nokkuð gróinn. Frá bæjarstæði Eystri-Sólheima til jökuls eru um 10 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti í 467 m hæð á Sjónarhóli í punkt í 379 m hæð fyrir sunnan Ártungnahöfuð og þaðan í punkt efst í Felli fyrir sunnan Hrosshamra. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. Lambagil, Hrutagil, Ártungnahöfuð sem og annað fjalllendi næst jökli innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Eystri-Sólheima lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitar og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Eystri-Sólheima er sérstaklega vísað til þess að um mikið öræfaland sé að ræða allt til jökuls en það styðji þjóðlendukröfu íslenska ríkisins.

Af hálfu eigenda Eystri-Sólheima, sbr. skjöl nr. 16 og 16(2), er einkum byggt á landnámi, skráðum eignarheimildum og hefð. Því er haldið fram að kröfugerð íslenska ríkisins styðjist hvorki við söguleg eða landfræðileg rök. Allt land Sólheima sé eignarland jarðanna og svo hafi verið frá landnámi. Sé texti Landnámu skilinn eins og hann er skrifaður sé ljóst að allt land sunnan Mýrdalsjökuls milli Hafursár og Jökulsár hafi verið numið af Loðmundi gamla. Þá er vísað til þess að landið sé þinglýst eign Eystri-Sólheima svo sem glöggst megi sjá af þinglýstum landamerkjabréfum. Þinglýsing landamerkjanna hafi ekki verið uppfinning bænda til þess að slá eign sinni á ónumin lönd heldur var með þeim verið að sinna lagaskyldu um lýsingu merkja og þar hafi landeigendur staðfest það sem gilt hafði í gegnum aldir. Fullyrðingu íslenska ríkisins um sjálftöku er þannig alfarið mótmælt. Varðandi norðurmörk Eystri-Sólheima er á það bent að engar landfræðilegar eða efnahagslegar forsendur séu fyrir öðrum norðurmörkum en jökulrönd Mýrdalsjökuls. Sólheimaland sé landfræðileg heild með náttúrulegum mörkum í suðri og norðri, af hafi og jökli. Þá er vísað til

Þess að landeigendur telji að landið ofan Sólheimasands hafi aldrei verið almenningur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Enn fremur hafi ekki einungis verið um sumarafnot af heiðarlandinu að ræða heldur hafi það verið nýtt á heilsársgrundvelli. Engin skil hafi verið milli úthaga og afrétta. Búpeningur hafi verið rekinn út fyrir tún eða í úthaga og síðan runnið niður á sand eða upp á Sólheimaheiðarnar allt eftir gróðursæld á hverjum tíma. Þegar best lætur sé grænn gróður allt upp undir jökul og á landnámsöld hafi gróður verið mun meiri en nú er. Hér vegi þyngst mikil eyðilegging vegna öskufalls í kjölfar eldgosa en sú eyðilegging eigi ekki að valda því að talsmenn ríkisforsjár fái landið flokkað sem þjóðlendur á þeim grundvelli að það sé illnýtanlegt nú til annars en sumarþeitar. Þeirri röksemd megi þar að auki hafna með þeirri fullyrðingu að landið eða hluta þess megi rækta upp eins og þegar hafi verið gert á öðrum stöðum í hinu óskipta landi jarðanna. Loks er vísað til þess að engin fjallskilastjórn sé af hálfu hreppsins á landi Eystri-Sólheima. Að endingu er svo vikið að því að ef ekki verði viðurkenndur beinn eignarréttur að landi Eystri-Sólheima á grundvelli þinglýstra eignarheimilda þá skuli hann viðurkenndur á grundvelli hefðar. Eignarhefð verði unnin á fasteign með 20 ára óslitnu eignarhaldi og ljóst sé að bæði núverandi og fyrri eigendur Eystri-Sólheima hafi í góðri trú haft öll umráð landsins í árhundraðaráðir.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Eystri-Sólheimum er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Sólheimar voru landnámsjörð og er jarðarinnar getið í heimildum frá því um 1200. Af þeim verður ráðið að Eystri-Sólheimar hafi verið sjálfstæð jörð en þegar í elstu heimildum virðist greint á milli Eystri-Sólheima og Ytri-Sólheima.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Eystri-Sólheima er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Eystri-Sólheima að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun á landamerkjabréf fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Eystri-Sólheima verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Eystri-Sólheima er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 16.6.1890 og þingl. 10.6.1891. Að öðru leyti liggja fyrir takmarkaðar lýsingar á mörkum jarðarinnar gagnvart Ytri-Sólheimum og Pétursey sem gerðar voru í tilefni af deilum um viðkomandi mörk. Þær lýsingar koma einungis til skoðunar að því leyti sem þær varða mörk jarðarinnar á kröfufsvæði íslenska ríkisins. Í framangreindum heimildum er að finna lýsingar á merkjum jarðarinnar til vesturs, austurs og suðurs en norðurmörkum er hvergi lýst sérstaklega.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Eystri-Sólheima gagnvart Ytri-Sólheimum er að finna í sátt um merki jarðanna tveggja frá árinu 1573. Þar er merkjum til fjalla lýst um læk upp frá fossinum í Merkisgili norður eftir fjöllum sem að fornu allt í jökla. Þrátt fyrir þessa sátt virðast deilur um mörk jarðanna hafa haldið áfram. Þær deilur vörðuðu þó merki jarðanna utan við kröfufsvæði íslenska ríkisins og verða því ekki raktar hér. Mörkum Eystri-Sólheima að þessu leyti er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1890 þannig að þau liggja um læk þann sem er í Merkisgili og frá upptökum hans til hánorðurs í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Ytri-Sólheima. Í lögfestu Ytri-Sólheima frá 1789 er mörkum jarðanna svo lýst þannig að Merkisgil ráði svo lengi sem það til vinnst, síðan eystra gilið í Ófærubotninn, og þaðan sjónhending norður í jökul. Frekari heimildir um mörk Ytri-Sólheima að þessu leyti liggja ekki fyrir. Fyrirliggjandi heimildir lýsa mörkum því með svipuðum hætti.

Fyrstu lýsinguna á austurmörkum Eystri-Sólheima er að finna í landamerkjabréfi, dags. 4.1.1886 og þingl. 10.6.1891, þar sem einungis er lýst mörkum á milli Eystri-Sólheima og Fells.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þar er mörkum til fjalla lýst þannig að úr grjótvörðu á Kleyfaráraurum ráði sjónhending í mitt Kleyfarárgil, þar sem áin Klifandi kemur fram úr gilkaftinum og svo ráði Kleyfarárgil marki norður í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Fells. Þá er mörkum Eystri-Sólheima að þessu leyti lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1890 sem einnig er samþykkt vegna Fells. Engar eldri heimildir um merki Fells að þessu leyti liggja fyrir.

Vesturmörk Eystri-Sólheima gagnvart Ytri-Sólheimum og austurmörk gagnvart Felli liggja að hluta til utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Þá liggja suðurmörk Eystri-Sólheima gagnvart Pétursey að öllu leyti fyrir utan það. Landamerkjabréf Eystri-Sólheima er áritað vegna allra þessara jarða. Þá liggja fyrir sérstök landamerkjabréf, eitt sem lýsir mörkum milli Eystri-Sólheima og Fells og annað sem lýsir mörkum milli Eystri-Sólheima og Péturseyjar, bæði árituð vegna viðkomandi jarða auk þess sem landamerkjabréf Péturseyjar er áritað vegna Eystri-Sólheima. Ekki var gert landamerkjabréf fyrir Ytri-Sólheima en fyrirbyggjandi heimildir lýsa merkjum hennar gagnvart Eystri-Sólheimum með sambærilegum hætti og landamerkjabréf Eystri-Sólheima. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Hvað norðurmörk Eystri-Sólheima gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul að vestan- og austanverðu í öllum fyrirbyggjandi heimildum um merki jarðarinnar bendi til þess að lítið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð tvö landamerkjabréf fyrir jörðina Eystri-Sólheima, eitt sem einungis lýsir mörkum gagnvart Felli og annað sem lýsir mörkum jarðarinnar í heild. Þriðja landamerkjabréfið er svo gert í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 og lýsir einungis mörkum gagnvart Pétursey. Fyrirbyggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé rétt lýst í þessum bréfum, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að lita verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar eru samþykkt vegna aðliggjandi jarða, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Fyrirbyggjandi landamerkjabréf aðliggjandi jarða eru einnig þinglesin, færð í landamerkjabók og árituð vegna Eystri-Sólheima. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Eystri-Sólheima hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Eystri-Sólheima hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Eystri-Sólheimar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886, 1890 og 1922, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

1 Skjal nr. 19.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn jarðarinnar Eystri-Sólheima gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886 og 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Eystri-Sólheima, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Eystri-Sólheima sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Eystri-Sólheima, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5. Fell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í fyrirliggjandi heimildum um landamerki Fells og aðliggjandi jarða. Við þá afmörkun verður einkum byggt á endanlegri niðurstöðu í langvarandi þrætumáli um mörk Fells annars vegar og Holts og Álftagrófar hins vegar sem birtist í dómi, uppkveðnum 27. júlí 1896 og þingl. 16. júlí 1908, og yfirlýsingu Stjórnarráðs Íslands í bréfi, dags. 12. september 1909 og þingl. 26. júní 1911, lýsingu á landamerkjum Fells og Péturseyjar í landamerkjabréfi, dags. 24. mars 1886 og þingl. 15. júlí 1966, og loks lýsingu á landamerkjum Eystri-Sólheima gagnvart Felli annars vegar í landamerkjabréfi, dags. 4. janúar 1886 og þingl. 10. júní 1891, og hins vegar landamerkjabréfi, dags. 16. júní 1890 og þingl. 10. júní 1891.

Að Felli liggja Eystri-Sólheimar að vestanverðu og Krókjarðir (Holt og Álftagróf ásamt Keldudal) að austanverðu. Til suðurs liggur Pétursey og til norðurs Mýrdalsjökull ásamt skriðjöklinum Klifurárjökli.

Landsvæðið, sem um ræðir, er nokkuð gróið heiðarlendi og fjalllendi með nokkrum giljum. Land mætir jökli á norðanverðri Fellsheiði í rúmlega 700 m hæð yfir sjávarmáli. Lambatungur (632 m) er fjall sem liggur á milli Klifurárgils að vestan og Fossgils að austan og ná Lambatungur suður að mótum áðurnefndra gilja um 2,5 km sunnan við syðsta odda Klifurárjökuls. Á suðaustanverðri Fellsheiðinni eru Hrosshamrar sem eru háir hamrar um 1 km austan við Lynghöfða. Sunnan við Fellsheiðina stendur fjallið Fell (356 m) en suðaustan undir því er bæjarstæði Fells. Tvær ár renna hvor sínu megin Fells. Áin Klifandi rennur vestan megin og Holtsá austan megin. Flatlendi jarðarinnar er takmarkað en það er einna helst að finna sunnan Fellsfjallsins á áraurum Klifanda og Hafursár. Frá bæjarstæði Fells til jökuls eru um 6 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 379 m hæð fyrir sunnan Ártungnahöfðu í punkt efst í Felli fyrir sunnan Hrosshamra og þaðan í punkt í 420 m hæð milli Þvergils og Fjallgils vestur af Stórhöfða. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. Fellsheiði, Lambatungur, Lynghöfði og

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

annað fjalllendi næst jökli innan Þjóðlendu. Þá hefur íslenska ríkið lýst kröfu um beinan eignarrétt að landi Fells eins og því er lýst í fyrirbyggjandi heimildum að Þjóðlendukröfulínu. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.1.

Af hálfu íslenska ríkisins vegna kröfu um Þjóðlendu, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitarráð og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Fell er sérstaklega vísað til þess að landamerkjum sé ekki lýst allt til jökuls í fyrirbyggjandi heimildum um merki jarðarinnar. Þá er vísað til þess að í ritinu Göngur og réttir segi að á árunum 1880-1890 hafi ævinlega fimm menn smalað Fellsheiðina í haustöfnum en með þessu sé vart verið að lýsa fjallskilum í heimalandi.

Af hálfu íslenska ríkisins vegna Fells, sbr. skal nr. 11, er vísað til fyrirbyggjandi heimilda um landamerki jarðarinnar. Þá er vísað til búskaparhátta á jörðinni í sögulegu samhengi. Loks er vísað til heimilda um landnám á þessu svæði.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Fells er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að Fells er getið er í heimildum allt frá því um 1200. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Fells er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Fells að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun Fells á landamerkjabréf aðliggjandi jarða fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Fells verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Engin heildstæð lýsing á landamerkjum Fells liggur fyrir einungis takmarkaðar lýsingar að mörkum jarðarinnar gagnvart einstökum aðliggjandi jörðum. Þannig liggja fyrir fjölmargar lýsingar á austurmörkum jarðarinnar gagnvart Krókjörðum (Holti og Álftagróf ásamt Keldudal) sem gerðar voru í tilefni af deilum um viðkomandi mörk. Þær lýsingar koma einungis til skoðunar að því leyti sem þær varða mörk jarðarinnar á kröfusvæði íslenska ríkisins. Þá liggja fyrir landamerkjabréf þar sem lýst er mörkum milli Fells og Péturseyjar, dags. 24.3.1886 og þingl. 15.7.1887. Loks liggja fyrir tvö landamerkjabréf Eystri-Sólheima þar sem mörkum gagnvart Felli er lýst. Í framangreindum heimildum er að finna lýsingar á merkjum jarðarinnar til vesturs, austurs og suðurs en norðurmörkum er hvergi lýst sérstaklega.

Engin sjálfstæð lýsing á vesturmörkum Fells gagnvart Eystri-Sólheimum liggur fyrir. Austurmörkum gagnvart Felli er hins vegar lýst í tveimur landamerkjalyðingum Eystri-Sólheima, hin fyrri dags. 4.1.1886 og þingl. 10.6.1891 og hin síðari dags. 16.6.1890 og þingl. 10.6.1891. Mörkum að þessu leyti er lýst með sambærilegum hætti í báðum lýsingum þannig að úr grjótvörðu á Kleyfaráráurum ráði sjónhending í mitt Kleyfarárgil, þar sem áin Klifandi kemur fram úr gilkaftinum og svo ráði Kleyfarárgil marki norður í jökul. Bréfin er bæði samþykkt vegna Fells. Engar eldri heimildir um merki Eystri-Sólheima að þessu leyti liggja fyrir.

Sem að framan greinir liggja fyrir fjölmargar lýsingar á austurmörkum Fells gagnvart Krókjörðum (Holti og Álftagróf ásamt Keldudal). Þær lýsingar eru gerðar í tilefni af deilum „um mýrarstykki, sem víst mundi gefa af sjer 100 hesta, væri það haft til slægna“ og eru því takmarkaðar. Flestar lýsa mörkum ekki lengra til fjalla en í Stórukringlu enda þrætusvæðið þar sunnan við. Á fundi í apríl 1890 náðist svo samkomulag um að merkin milli Fells og Álftagrófar skyldu vera úr

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Bolhólma í Landadý, þaðan í Holtsgilskjafinn, þaðan beina línu í Stórukringlu og svo skyldi vesturbrún Holtsgils ráða beint í jökul. Deilur stóðu áfram um merkin milli Fells og Holts niðri á lág-lendinu og voru þær ekki leiddar til lykta fyrr en með dómi Landsyfírréttar, dags. 1.11.1897 og þingl. 16.6.1908. Árið 1909 gaf stjórnarráð Íslands út yfirlýsingu í bréfi til prestsins á Felli að það teldi ekki ástæðu til að hefja ágreining um merki Fells gagnvart Holti og Álftagróf og féllist á að þau væru þannig að vesturbrún Holtsgils ræði landamerkjum frá Kringlu að telja og norður til jökuls. Bréfið var þingl. 26.6.1911.

Vesturmörk Fells gagnvart Eystri-Sólheimum og austurmörk gagnvart Krókjörðum liggja að hluta til utan við kröfufsvæði íslenska ríkisins. Þá liggja suðurmörk Fells gagnvart Pétursey að öllu leyti fyrir utan það. Bæði landamerkjabréf Eystri-Sólheima og sérstakt landamerkjabréf þar sem lýst er mörkum milli Eystri-Sólheima og Fells eru árituð vegna Fells. Þá voru deilur um mörk milli Fells og Krókjarða leiddar til lykta með dómi Landsyfírréttar 1897 sem síðar var þinglesinn og færður í landamerkjabók. Loks liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Fell þar sem lýst er mörkum á milli Fells og Péturseyjar. Það er áritað vegna Péturseyjar auk þess sem landamerkjabréf Péturseyjar er áritað vegna Fells. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Hvað norðurmörk Fells gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul að vestan- og austanverðu í fyrirliggjandi heimildum um merki jarðarinnar bendi til þess að lítið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 eru gerð tvö landamerkjabréf fyrir jörðina Eystri-Sólheima sem liggur að Felli að vestanverðu. Enn fremur var gerð sérstök lýsing á merkjum á milli Fells og Péturseyjar. Bréf þessi eru öll árituð af hálfu þáverandi eigenda og ábúenda Fells og til þeirra er vísað af hálfu núverandi eigenda. Þá liggja fyrir sátt um mörkin milli Fells og Álftagrófar frá 1890, dómur Landsyfírréttar frá 1897 um mörkin milli Fells og Holts og yfirlýsing frá stjórnarráði Íslands um mörk Fells annars vegar og Holts og Álftagrófar hins vegar þar sem vísað er til framangreindrar sáttar. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum Fells sé rétt lýst í framangreindum heimildum. Landamerkjabréf þessi, dómur Landsyfírréttar og yfirlýsing stjórnarráðs Íslands voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýsir eigendur viðkomandi jarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Það er því álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Eystri-Sólheima, framangreindur dómur Landsyfírréttar og yfirlýsing stjórnarráðs Íslands sem og lýsing á landamerkjum milli Fells og Péturseyjar verði lögð til grundvallar um merki Fells.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Fells hafi mismunandi eignaréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Fell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í fyrirliggjandi heimildum, svo sem

1 Skjal nr. 19.

þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirvarsmenn jarðarinnar Eystri-Sólheima gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum gagnvart Felli í jökul 1886 og 1890, fyrirvarsmenn Fells og Álftagrófár gætu hafa horft til þegar þeir náðu sátt um landamerki sín á milli 1890 og sem stjórnarráð Íslands gæti hafa miðað við í yfirlýsingu sinni frá 1909, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Fells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Fells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Þá ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að fjármálaráðherra sé ekki unnt að leggja til þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 1/2000, kafla 11.5.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Fells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6. Krókjarðir (Holt og Álftagróf ásamt Keldudal)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í fyrirliggjandi heimildum um landamerki hinna svonefndu Krókjarða (Holts og Álftagrófár ásamt Keldudal) og aðliggjandi jarða. Við þá afmörkun verður einkum byggt á endanlegri niðurstöðu í langvarandi þrætumáli um mörk Fells annars vegar og Holts og Álftagrófár hins vegar sem birtist í dómi, uppkveðnum 27. júlí 1896 og þingl. 16. júní 1908, og yfirlýsingu Stjórnarráðs Íslands í bréfi, dags. 12. september 1909 og þingl. 26. júní 1911, lýsingu á landamerkjum milli Krókjarða annars vegar og Brekknajarða (Brekknar I-III og Áss) hins vegar, dags. 30. september 1956, og heimildum um landamerki Stórhöfða. Ekki verður fjallað um innbyrðis skiptingu lands innan heildarlandamerkja Krókjarða.

Að Krókjörðum liggja Fell að vestanverðu og Stórhöfði (afréttarland Péturseyjarjarða) að austanverðu. Til suðurs liggja Péturseyjarjarðir, Brekknajarðir, Norður-Hvoll og Dalajarðir og til norðurs Mýrdalsjökull.

Landsvæðið, sem um ræðir, er fjalllent heiðarlendi með nokkrum djúpum giljum. Heiðarlendið er nokkuð gróid en stór hluti þess eru þó gróðurvana melar. Land mætir jökli við Jökulhaus í um 800 m hæð yfir sjávarmáli og á norðanverðum Klofningum í tæplega 1000 m hæð yfir sjávarmáli.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Valapúfa (516 m) liggur vestan Fjallgils á norðanverðri Keldudalsheiði um 4 km sunnan jökuls. Holtsgil skilur að Klofninga og Holtsheiði um 3 km sunnan jökuls. Holtsheiði liggur frá Holtsgili í norðri á milli Dimmagils í austri og Brókargils í vestri. Suðurmörk Holtsheiðar eru um 1 km norðan við bæjarstæðið. Holtsá rennur vestan Holts og sameinast Hafursá sem rennur sunnan við bæinn. Bæjarstæðin liggja í bratta mót suðri í hlið Keldudalsheiðar en hún liggur liggur upp að Jökulhaus við Mýrdalsjökul, á milli Dimmagils í vestri og Fjallagils í austri. Sunnan við bæjarstæðin rennur Hafursá. Flatlendi jarðanna er nokkuð en það er að finna við bæjarstæðin sunnan undir Keldudalsheiði sem og á söndunum sunnan Hafursár og frá Holtsheiði suður að Fauksholti skammt frá Austurmýri. Frá bæjarstæðum Holts og Álftagrófar ásamt Keldudals til jökuls eru um 6-7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 374 m hæð fyrir sunnan Hrosshamra í punkt í 420 m hæð milli Þvergils og Fjallgils vestur af Stórhöfða og þaðan í punkt á suðvesturmörkum Stórhöfða. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. Holtsheiði, hluti Keldudalsheiðar, Holtsgil, Klofningar, Dimmagil, Bárðarfell, Valapúfa, Jökulhaus og annað fjalllendi næst jökli innan þjóðlendu. Þá hefur íslenska ríkið lýst kröfu um beinan eignarrétt að landi Álftagrófar ásamt Keldudal eins og því er lýst í fyrirliggjandi heimildum að þjóðlendukröfulínu. Á móti hafa eigendur Holts lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins vegna kröfu um þjóðlendu, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitar og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginsteftu til utan eignarlanda. Varðandi Krókjarðir sérstaklega er vísað til þess að merkjum sé ekki lýst allt til jökuls í fyrirliggjandi heimildum. Fjalllendið upp af jörðunum skiptist í tvennt á milli Holts annars vegar og Álftagrófar ásamt Keldudal hins vegar og svo hafi verið síðan jarðir á þessu svæði skiptu með sér landi til afnota. Péturseyjarðir hafi þá fengið Stórhöfða en Krókjarðir fjalllendið upp af heimalandi þeirra.

Af hálfu íslenska ríkisins vegna Álftagrófar ásamt Keldudal, sbr. skal nr. 10, er vísað til fyrirliggjandi heimilda um landamerki Krókjarða. Þá er vísað til búskaparháttá á jörðunum í sögulegu samhengi. Loks er vísað til heimilda um landnám á þessu svæði.

Af hálfu eigenda Holts, sbr. skjöl nr. 13 og 13(3), er einkum byggt á landnámi, skráðum eignarheimildum og hefð. Því er haldið fram að kröfugerð íslenska ríkisins styðjist hvorki við söguleg eða landfræðileg rök. Allt land Holts sé eignarland og svo hafi verið frá landnámi. Sé texti Landnámu skilinn eins og hann er skrifaður sé ljóst að allt land sunnan Mýrdalsjökuls milli Hafursár og Jökulsár hafi verið numið af Loðmundi gamla. Þá er vísað til þess að landið sé þinglýst eign eigenda Holts svo sem glöggt megi sjá af þinglýstum landamerkjabréfum og dómum. Landið hafi um aldaðir verið nytjað eingöngu af eigendum Holts og Álftagrófar á meðan landið var sameiginlegt og öðrum verið meinaðar nytjar af því. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að landeigendur hafi aukið við eignarlönd sín á kostnað afnotalanda þar sem slík aðgreining hafi aldrei til á svæðinu. Fullyrðingu íslenska ríkisins um sjálfstöku er þannig alfarið mótmælt. Varðandi norðurmörk Holts er á það bent að engar landfræðilegar eða efnahagslegar forsendur séu fyrir öðrum norðurmörkum en jökulrönd Mýrdalsjökuls. Þá er vísað til þess að landeigendur telji að landið næst jökli hafi aldrei verið almenningur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Engin skil hafi verið milli úthaga og afrétta. Búpeningur hafi verið rekinn út fyrir tún eða í úthaga og síðan runnið niður á sand eða upp á heiðina allt eftir gróðursæld á hverjum tíma. Þegar best lætur sé grænn gróður allt upp undir jökul og á landnámsöld hafi gróður verið mun meiri en nú er. Hér vegi þyngst mikil eyðilegging vegna öskufalls í kjölfar eldgosa en sú eyðilegging eigi ekki að valda því að talsmenn ríkisfórnjars fái landið flokkað sem



þjóðlendum á þeim grundvelli að það sé illnýtanlegt nú til annars en sumarþeir. Þeirri röksemd megi þar að auki hafna með þeirri fullyrðingu að landið eða hluta þess megi rækta upp eins og þegar hafi verið gert á öðrum stöðum í hinu óskipta landi jarðanna. Loks er vísað til þess að engin fjallskilastjórn sé af hálfu hreppsins á landi Holts. Að endingu er svo vikið að því að ef ekki verði viðurkenndur beinn eignarréttur að landi Holts á grundvelli þinglýstra eignarheimilda þá skuli hann viðurkenndur á grundvelli hefðar. Eignarhefð verði unnin á fasteign með 20 ára óslitnu eignarhaldi og ljóst sé að bæði núverandi og fyrri eigendur Holts hafi í góðri trú haft öll umráð landsins í árhundraðaraðir.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Krókjarða er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Keldudalsholts er getið í heimildum allt frá því um 1200. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Keldudalur skiptist síðar í Keldudal og Holt. Álftagrófar er hins vegar fyrst getið í heimildum frá því um 1800 og þá sem hjáleigu frá Holti. Fremur eru líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Krókjarða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja torfunnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Krókjarða að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun á landamerkjabréf aðliggjandi jarða fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Krókjarða verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Engin heildstæð lýsing á landamerkjum Krókjarða liggur fyrir, einungis takmarkaðar lýsingar að mörkum torfunnar gagnvart einstökum aðliggjandi jörðum. Þannig liggja fyrir fjölmargar lýsingar á vesturmörkum jarðarinnar gagnvart Felli sem gerðar voru í tilefni af deilum um viðkomandi mörk. Þær lýsingar koma einungis til skoðunar að því leyti sem þær varða mörk á kröfusvæði íslenska ríkisins. Þá liggur fyrir landamerkjabréf, dags. 30. september 1956, þar sem lýst er mörkum milli Álftagrófar, Keldudals og Holts annars vegar og Brekknajarða hins vegar. Loks liggur fyrir landamerkjalyking fyrir Stórhöfða, dags. 1. júlí 1922 og þingl. 17. júlí 1924. Í framangreindum heimildum er að finna lýsingar á merkjum jarðarinnar til vesturs, austurs og suðurs en norðurmörkum er hvergi lýst sérstaklega.

Sem að framan greinir liggja fyrir fjölmargar lýsingar á vesturmörkum Krókjarða gagnvart Felli. Þær lýsingar eru gerðar í tilefni af deilum „um mýrarstykki, sem víst mundi gefa af sjer 100 hesta, væri það haft til slæгна“ og eru því takmarkaðar. Flestar lýsa mörkum ekki lengra til fjalla en í Stórukringlu enda þrætusvæðið þar sunnan við. Á fundi í apríl 1890 náðist svo samkomulag um að merkin milli Álftagrófar og Fells skyldu vera úr Bolhólma í Landady, þaðan í Holtsgilskjafinn, þaðan beina línu í Stórukringlu og svo skyldi vesturbrún Holtsgils ráða beint í jökul. Deilur stóðu áfram um merkin milli Holts og Fells niðri á láglandinu og voru þær ekki leiddar til lykta fyrr en með dómi Landsyfírréttar, dags. 1. nóvember 1897 og þingl. 16. júní 1908. Árið 1909 gaf stjórnarráð Íslands út yfirlýsingu í bréfi til prestsins á Felli að það teldi ekki ástæðu til að hefja ágreining um merki Fells gagnvart Holti og Álftagróf og féllist á að þau væru þannig að vesturbrún Holtsgils réði landamerkjum frá Kringlu að telja og norður til jökuls. Bréfið var þingl. 26. júní 1911.

Engin sjálfstæð lýsing á austurmörkum Krókjarða gagnvart Stórhöfða liggur fyrir. Vesturmörkum gagnvart Krókjörðum (Keldudal) er hins vegar lýst í markalýsingu fyrir afréttarlandinu Stórhöfða, dags. 1. júlí 1922 og þingl. 17. júlí 1924, þannig að úr vörðu framan við Stórhöfða liggja mörkin við suðvesturhorn Stórhöfða og í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum þar sem gilið þrengist, þaðan ráði svo áin í gilinu mörkum. Bréfið er samþykkt vegna Keldudals. Í skrá yfir afrétti og heiðarlönd í Dyrhólahreppi frá árinu 1983 segir svo að Lambárgil afmarki Stórhöfða að vestan. Engar eldri heimildir um merki Stórhöfða liggja fyrir.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Vesturmörk Krókjarða gagnvart Felli og austurmörk gagnvart Stórhöfða liggja að hluta til utan við kröfussvæði íslenska ríkisins. Þá liggja suðurmörk Krókjarða gagnvart Brekknajörðum að öllu leyti fyrir utan það. Landamerkjalyking Stórhöfða er árituð vegna Krókjarða (Keldudals). Þá voru deilur um mörk milli Krókjarða og Fells leiddar til lykta með dómi Landsyfírréttar 1897 sem síðar var þinglesinn og færður í landamerkjabók. Loks liggur fyrir landamerkjabréf þar sem lýst er mörkum á milli Krókjarða og Brekknajarða, dags. 30. september 1956. Það er árituð vegna allra hlutaðeigandi jarða. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Hvað norðurmörk Krókjarða gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul að vestanverðu í fyrirbyggjandi heimildum um merki Krókjarða gagnvart Felli og lýsing um Lambá, sem á upptök sín í jökli að austanverðu í fyrirbyggjandi heimildum um merki Krókjarða gagnvart Stórhöfða, bendi til þess að litið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Til frekari stuðnings má vísa til fyrirbyggjandi heimilda um merki á milli jarða innan torfunnar þar sem merkjum er almennt lýst í jökul. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalyg taka gildi 1919 var gert landamerkjabréf fyrir afréttarlandið Stórhöfða sem liggur að Krókjörðum að austanverðu. Enn fremur var árið 1956 gerð sérstök lýsing á merkjum á milli Krókjarða annars vegar og Brekknajarða hins vegar. Bréf þessi eru öll árituð af hálfu þáverandi eigenda og ábúenda Fells og til þeirra er vísað af hálfu núverandi eigenda. Þá liggja fyrir sátt um mörkin milli Fells og Álftagrófar frá 1890, dómur Landsyfírréttar frá 1897 um mörkin milli Fells og Holts og yfirlýsing frá stjórnarráði Íslands um mörk Fells annars vegar og Holts og Álftagrófar hins vegar þar sem vísað er til framangreindrar sáttar. Fyrirbyggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum Krókjarða sé rétt lýst í framangreindum heimildum. Landamerkjabréf þessi, dómur Landsyfírréttar og yfirlýsing stjórnarráðs Íslands voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Þetta bendir einnig til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur viðkomandi jarða sem og eigendur Péturseyjarjarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Það er því álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Stórhöfða, framangreindur dómur Landsyfírréttar og yfirlýsing stjórnarráðs Íslands sem og lýsing á landamerkjum milli Krókjarða og Brekknajarða verði lögð til grundvallar um merki Fells.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Krókjarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjallendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að Krókjarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í fyrirbyggjandi heimildum, svo sem þeim er nánar lýst hér framfar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

1 Skjal nr. 19.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirvarsmenn Fells og Álftagrófar gætu hafa horft til þegar þeir náðu sátt um landamerki sín á milli 1890, sem stjórnarráð Íslands gæti hafa miðað við í yfirlýsingu sinni frá 1909 og sem eigendur Péturseyjarjarða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum Stórhöfða 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarða eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Krókjarða, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Krókjarða sé Þjóðlanda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Þá ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að fjármálaráðherra sé ekki unnt að leggja til Þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 1/2000, kafla 11.5.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Krókjarða, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.7. Stórhöfði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í markalýsingu fyrir afréttarlandinu Stórhöfða, dags. 1. júlí 1922 og þingl. 17. júlí 1924.

Að Stórhöfða liggja Krókjarðir (Holt og Álftagróf ásamt Keldudal) til vesturs og Dalajarðir til austurs og suðurs. Til norðurs liggur Mýrdalsjökull.

Landsvæðið, sem um ræðir, er heiðarlendi og fjalllendi með nokkuð af djúpum giljum. Land mætir jökli norðan við Stórahrygg í rúmlega 950 m hæð yfir sjávarmáli. Suðvestan við Stórahrygg eru Grænu fjöll en í þeim liggur Ranagil sem liggur úr austri í suðvestur. Ranagil rennur saman við Fjallgil sem liggur í suður að mótum Lambár og Hafursár undir Stórhöfða. Sunnan Ranagils úr Vondhöfða er Steinbogagil en það liggur samsíða Ranagili og sameinast það einnig Fjallgili. Austan Stórahryggjar sunnan við jökulinn liggur Vesturgil frá norðri til suðurs og rennur það saman við Norðurgil austur undir Lambhaga um 3 km sunnan jökuls. Í Norðurgili rennur Hafursá sem sameinast Klifanda suðaustur undir Stórhöfða. Flatlendi Stórhöfða er mjög takmarkað og er það einna helst við Kollaból og á og við Fles. Frá syðsta hluta Stórhöfða til jökuls eru um 7,5 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 420 m hæð milli Þvergils og Fjallgils vestur af Stórhöfða í punkt á suðvesturmörkum Stórhöfða og þaðan upp með höfðanum og beina línu skáhallt yfir Hafursárgljúfur í hæsta punkt norðvestur á Dalaheiði fyrir norðan Sauðafell. Samkvæmt þessari kröfugerð fellur Stórhöfði að meginhluta innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Péturseyjarjarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja Stórhöfða. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitara og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Stórhöfða er sérstaklega vísað til þess að um sé að ræða hálendis-svæði sem sé fjarri heimalandi þeirra jarða sem það hafi nýtt. Það hafi eingöngu verið nýtt til sumararbeitara fyrir búfé. Land Stórhöfða hafi öll líkindi til að vera þjóðlenda ef lítið sé til úrskurða óbyggðanefndar í uppsveitum Árnessýslu þar sem öll afréttarlönd, sem ekki höfðu verið jörð eða hluti úr jörð, voru talin til þjóðlendna. Í því sambandi nægi að vísa til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 5/2000 varðandi Hrunaheiðar.

Af hálfu eigenda Péturseyjarjarða, sbr. skjöl nr. 14 og 14(3), er einkum byggt á landnámi, skráðum eignarheimildum og hefð. Því er haldið fram að kröfugerð íslenska ríkisins styðjist hvorki við söguleg eða landfræðileg rök. Allt land Stórhöfða sé eignarland og svo hafi verið frá landnámi. Sé texti Landnámu skilinn eins og hann er skrifaður sé ljóst að allt land sunnan Mýrdalsjökuls milli Hafursár og Jökulsár hafi verið numið af Loðmundi gamla. Þá er vísað til þess að landið sé þinglýst eign eigenda Péturseyjarjarða svo sem glöggst megi sjá af þinglýstum landamerkjabréfum. Þinglýsing landamerkjanna hafi ekki verið uppfinning bænda til þess að slá eign sinni á ónumin lönd heldur hafi bændur verið að sinna lagaskyldu um lýsingu merkja og þar með staðfest það sem gild hafði í gegnum aldir. Fullyrðingu íslenska ríkisins um sjálfstöku er þannig alfarið mótmælt. Varðandi norðurmörk Stórhöfða er á það bent að engar landfræðilegar eða efnahagslegar forsendur séu fyrir öðrum norðurmörkum en jökulrönd Mýrdalsjökuls. Stórhöfðinn sé landfræðileg heild með náttúrulegum mörkum á alla vegu, árnar og gilin á báða vegu og jökullinn í norðri. Þá er vísað til þess að landeigendur telji að Stórhöfði hafi aldrei verið almenningur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Landið sé heimaafreittur og það hafi verið nýtt til sumararbeitara jafnt sem vetrarbeitara. Afnot annarra af landinu hafi verið háð leyfi eigenda og þá gegn greiðslu. Þá vísa eigendur Péturseyjarjarða til dóms Alþingis frá 1777 í hinu svonefnda Stórhöfða sauðbeitarmáli. Sá dómur sé afar skýr um það að Stórhöfði sé fullkomin eign Péturseyjar og bændur sem fái afnot af landinu verði að greiða landeiganda fyrir hagbeitina. Loks er vísað til þess að engin fjallskilastjórn sé af hálfu hreppsins á Stórhöfða. Að endingu er svo vikið að því að ef ekki verði viðurkenndur beinn eignarréttur að landi Stórhöfða á grundvelli þinglýstra eignarheimilda þá skuli hann viðurkenndur á grundvelli hefðar. Eignarhefð verði unnin á fasteign með 20 ára óslitnu eignarhaldi og ljóst sé að bæði núverandi og fyrri eigendur Péturseyjarjarða hafi í góðri trú haft öll umráð Stórhöfða í árhundraðaraðir.

Í kafla 5.6. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Stórhöfða. Gögn þessi eru afrakstur af kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis, auk skjalaframlagningar málsaðila. Kemur þá fyrst til athugunar hvað ráðið verður af þessum heimildum um afmörkun í Stórhöfða. Í því sambandi verður einnig lítið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því loknu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu Stórhöfða.

Fyrstu lýsinguna á merkjum Stórhöfða er að finna í landamerkjabréfi Péturseyjar dags. 1. apríl 1888 og þingl. 10. júní 1891. Enn fremur liggur fyrir „Markalýsing fyrir afrijettarlandi Stórhöfða“, dags. 1. júlí 1922 og þingl. 17. júlí 1924. Í þessum heimildum er suðvestur- og vesturmörkum og suðaustur- og austurmörkum lýst en ekki getið sérstaklega um norðurmörk.

Suðvestur- og vesturmörkum Stórhöfða gagnvart Krókjörðum (Keldudal) er í landamerkjabréfi Péturseyjar lýst um Lambá eða Lambárgil og tekið fram að það skilji höfðann frá Keldudalsheiði.

Enn fremur segir að gilið ráði frá jökli fram á aura, þar til komi þvermark milli Stórhöfða og Litlahöfða, bein sjónhending áa í milli. Bréfið er ekki samþykkt vegna Keldudals. Í landamerkjabréfi Stórhöfða er þessum mörkum lýst þannig að úr vörðu framan við Stórhöfða liggja mörkin við suðvesturhorn Stórhöfða og í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum þar sem gilið þrengist, þaðan ráði svo áin í giliinu mörkum. Bréfið er samþykkt vegna Keldudals. Þessum lýsingum ber þannig í meginatriðum saman. Vesturmörkum er svo lýst með sambærilegum hætti í skrá yfir afrétti og heiðarlönd í Dyrhólahreppi frá árinu 1983 þannig að Lambárgil afmarki Stórhöfða að vestan. Engin sjálfstæð lýsing á austurmörkum Krókjarða (Keldudals) gagnvart Stórhöfða liggur fyrir.

Suðaustur- og austurmörkum Stórhöfða gagnvart Dalajörðum er í landamerkjabréfi Péturseyjar lýst um Hafursá og Hálgil sem skilji höfðann frá Dalaheiði. Enn fremur er tekið fram að gilið ráði frá jökli fram á aura þar til komi þvermark milli Stórhöfða og Litlahöfða, bein sjónhending áa í milli. Bréfið er samþykkt vegna Dalajarða. Í landamerkjabréfi Stórhöfða er þessum mörkum svo lýst þannig að fyrir framan Stórhöfða vestan til sé reist varða í stefnu þeirri að bein lína sé framanvert við Stórhöfða sem hvergi snerti rætur höfðans og í horn Berjaness þar sem það gangi lengst niður á aurinn. Hafursá sé svo mark inn úr gili. Bréfið er ekki áritað sérstaklega vegna Dalajarða. Þessum lýsingum ber því í meginatriðum saman. Austurmörkum er svo lýst með sambærilegum hætti í framangreindri skrá yfir afrétti og heiðarlönd í Dyrhólahreppi þannig að Hafursárgil afmarki Stórhöfða að austan. Í landamerkjabréfi Dalajarða, dags. 2. júní 1883 og þingl. 30. júní 1890, er mörkum gagnvart Stórhöfða lýst þannig að úr Hálgili ráði Hafursá marki inn að Innri-einstíg, svo liggja markið til jökuls eftir giliinu vestan við Gvendarfell. Merkjum er þannig lýst með sambærilegum hætti í öllum heimildum þótt sú síðastnefnda sé nokkuð nákvæmari en hinar. Eldri heimildir um merki Dalajarða liggja ekki fyrir.

Hvað norðurmörk Stórhöfða gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing merkja Stórhöfða í jökul í landamerkjabréfi Péturseyjar og lýsing í landamerkjabréfi Stórhöfða um Lambá að vestanverðu og Hafursá að austanverðu, sem báðar eiga upptök sín í jökli, sýni að litið hafi verið svo á að merki Stórhöfða næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Til frekari stuðnings má svo vísa til landamerkjabréfs Dalajarða þar sem merkjum að vestanverðu er beinlínis lýst í jökul. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 var gert landamerkjabréf fyrir Pétursey þar sem lýst er merkjum Stórhöfða. Enn fremur var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Stórhöfða í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Stórhöfða sé rétt lýst í þessum bréfum svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að langmestu leyti skýrt afmarkað af jökli, ám og árgiljum. Umrædd landamerkjabréf eru árituð af fyrirsvarsmönnum flestra aðliggjandi jarða, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki svæðisins án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi í þessu sambandi. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þeir sem kalla til réttinda yfir Stórhöfða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum væri rétt lýst í umræddum bréfum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Stórhöfða.

Ástæða er til að víkja fyrst að staðháttum og gróðurfari á svæðinu. Stórhöfði er fjalllendi í um 200-950 m hæð yfir sjávarmáli sem afmarkast af Lambá að vestan og suðvestan, Hafursá að austan og suðaustan og Mýrdalsjökli að norðan. Svo sem að framan er lýst liggur landsvæðið þó nokkuð frá Péturseyjarjörðunum á milli fjalllendis upp af Krókjörðum og Dalajörðum.

Eins og annað heiðar- og fjalllendi í Mýrdal er Stórhöfði hálfgróinn upp undir 400 m hæð yfir

sjávarmáli. Neðst er um mosagróður að ræða en þegar ofar dregur mosapembugróður, gjarnan með grösom og störum. Þegar enn ofar dregur verður gróður einsleitari uns hann hverfur með öllu í 600-700 m hæð yfir sjávarmáli.<sup>1</sup>

Í elstu fyrirbyggjandi heimild um Stórhöfða, dómi sýslumanns frá 10. júní 1776 í hinu svo nefnda „Stórhöfða sauðbeitar máli“, sem staðfestur var í lögþingsréttinum 18. júlí 1777, segir „að þetta afréttar pláts, Stórhöfði, sé og hafi alltið verið fullkominn eigindómur Péturseyjar að fráteknunni því ítaki, sem Keldudalur kunnir þar í eiga, og enginn megi sér greint pláts hagnýta frammar en landsdrottins eður Péturseyjar ábúenda leyfi það eftirláti...“. Mál þetta var höfðað í tilefni af deilum Péturseyjabænda og bóndans á Dyrhólum um hagbeit á vetrardag í Stórhöfða.

Óbyggðanefnd telur að af dómum þessum verði ráðið að Stórhöfði hafi verið afréttur Péturseyjar, án þess að inntak eignarréttinda í því sambandi sé skýrt.<sup>2</sup> Ekkert liggur fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til þessara réttinda Péturseyjar en sem að framan greinir liggur Stórhöfði ekki að landi torfunnar.

Þegar fjallað er um Stórhöfða í öðrum heimildum er landsvæðið áfram nefnt afréttur, sbr. jarðamat 1804, sóknalýsingar séra Stefáns Stefánssonar 1839, jarðamat 1849 og gerðarbók fasteignamatsnefndar 1916. Árið 1888 var gert landamerkjabréf fyrir Pétursey þar sem segir að „afrjetturinn Stórhöfði fygli jörðinni Pjetursey“ auk þess sem merkjum Stórhöfða er þar lýst. Þá var gert sérstak landamerkjabréf fyrir Stórhöfða 1922 sem ber yfirskriftina „markalýsing fyrir afrjettarlandinu Stórhöfða“.

Sem að framan greinir er í dómunum í hinu svonefnda „Stórhöfða sauðbeitar máli“ getið um ítak sem Keldudalur kunnir að eiga í Stórhöfða. Í jarðamati 1804 er Keldudal enn fremur eignað „beitilandsítak“ í Stórhöfða. Í byrjun 20. aldar kom upp ágreiningur um rétt Keldudalsmanna til Stórhöfða. Ágreiningurinn laut að fylstekju Keldudalsmanna í Stórhöfða sem Péturseyjarmenn töldu sig eiga einkarétt á. Mál þetta fór fyrir lögreglurétt Skaftafellssýslu og var dómur kveðinn upp þann 4. október 1906. Í tengslum við rekstur málsins kölluðu Keldudalsmenn til vitni, staðkunnugu menn í Holti og Keldudal, sem allir báru að Stórhöfði væri eigna Keldudals en Péturseyjarmenn hefðu haft þar heimild til sumarbeitar fyrir sauðfé. Fyrir þetta hefði bóndinn í Keldudal fengið að nýta Eyjarmýri til slæгна og beitar. Dómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Péturseyjarmenn yrði að skoda sem „lögmeða umráðamenn eða possidentes Stór-Höfðans að minnsta kosti að því er veiðiafnotin snertir, . . . hvað sem sjálfum eignarrjettinum yfir Stór-Höfðanum annars líður.“ Þetta mál var ekki endanlega leitt til lykta fyrr en með dómsátt 22. júní 1908 en samkvæmt henni féllu Péturseyjarmenn frá öllum sekta- og skaðabótakröfum á hendur Keldudalsmönnum sem á móti féllu frá öllum þeim kröfum sem þeir höfðu gert til Stórhöfða.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að Stórhöfði hafi nokkurn tíman verið nýttur til annars en beitar og annarra þröngra nota, svo sem fylstekju. Þegar landsvæðisins er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Þá benda fyrirbyggjandi gögn, þ.á m. bæði landamerkjabréf Péturseyjar 1888 og landamerkjabréf Stórhöfða 1922 heldur til afréttareignar en beins eignarréttar.

Í þessu sambandi þarfnast réttur Keldudalsmanna til upprekstrar í Stórhöfða sérstakrar skoðunar. Um þennan rétt er sem að framan greinir getið í tveimur heimildum og er hann í báðum tilvikum nefndur ítaksréttur. Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að tilvist ítaks bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>3</sup> Í því tilviki sem hér um ræðir telur óbyggðanefnd hins vegar að um svonefnt afréttaritak sé að ræða, þ.e. rétt jarðar til upprekstrar á afrétt sem tilheyrir annarri jörð. Slík ítök geta hvort heldur sem er verið í afréttum sem undirorpnrir eru beinum eignarrétti eða afréttum sem eru í afréttareign.

1 Skjal nr. 19.

2 Sbr. umfjöllun um afrétti í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

3 Sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Fremur eru líkur á því að Stórhöfði sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og hafi þannig orðið undirorpinn beinum eignarrétti. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hvernig Péturseyjarjarðir eru að þessu landsvæði komnar. Um yfirfærslu þessara beinu eignarréttinda brestur þannig sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Péturseyjarjarða hefur ekki verið sýnt fram á að Stórhöfði sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Stórhöfði sé afréttur Péturseyjarjarða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Stórhöfði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Lambá ræður frá upptökum sínum við jaðar Mýrdalsjökuls í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum, þar sem gilið þrengist. Þaðan er dregin bein lína í vörðu framan við Stórhöfða vestan til. Þaðan liggur línan í horn Berjaness þar sem það gengur lengst niður á aurinn og þaðan ræður Hafursá að upptökum sínum við jaðar Mýrdalsjökuls. Þaðan fylgir línan svo jadrí Mýrdalsjökuls að upptökum Lambár. Að því leyti sem fylgt er jökuljadrí er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Péturseyjarjarða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga enda verður ekki séð að aðrir eigi sjálfstæð eignarréttindi innan þjóðlendunnar. Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Péturseyjarjarða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

## 6.8. Dalajarðir

Dalajarðir eru fimm talsins, þ.e. Stóridalur, Neðridalur, Breiðahlíð, Fjósar og Kaldrananes. Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í sameiginlegu landamerkjabréfi Dalajarða, dags. 2. júní 1883 og þingl. 30. júní 1890, án þess að tillit sé tekið til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Dalajörðum liggja Stórhöfði (afréttarland Péturseyjarjarða), Krókjarðir og Brekknajarðir til vesturs og Heiðarjarðir, Suður- og Norður-Hvammur, Giljur og Skammidalur til austurs. Til suðurs liggja svo Brekknajarðir og Skagnes og til norðurs Mýrdalsjökull.

Landsvæðið, sem um ræðir, er nokkuð gróið heiðarlendi og fjalllendi að mestu með nokkuð af djúpum giljum. Land mætir jökli við Gvendarfell í um 950 m hæð yfir sjávarmáli. Vesturgil liggur frá norðri til suðurs frá Mýrdalsjökli vestan við Gvendarfell. Vesturgil rennur saman við Norðurgil við Gæsaá um 3,5 km sunnan jökuls. Dalaheiði liggur frá Daltjörn norður yfir Krók upp að Moldhálsum í rúmlega 500 m hæð yfir sjávarmáli. Um 1 km norðan við Moldhálsa er Gæsavatn í rúmlega 460 m hæð yfir sjávarmáli. Sunnan við Daltjörn í um 214 m hæð yfir sjávarmáli liggur Lágaheiði sem afmarkast af Kömbum að vestan og sunnan megin. Austan megin afmarkast Lágaheiðin af Deildarargili. Flatlendi Dalajarðanna er takmarkað en það er einna helst vestan undir Kömbunum og á Ósengi sem er flæðiengi sem og mýrarslægjur við Dyrhólaós. Frá bæjarstæðum Dalajarða til jökuls eru um 9 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í suðvestur mörkum Stórhöfða með fram og

upp með höfðanum og beina línu skáhallt yfir Hafursárgljúfur í hæsta punkt norðvestur á Dalaheiði fyrir norðan Sauðafell og þaðan sjónhendingu í hæsta punkt Moldhálsa fyrir sunnan Gæsavatn. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. Gvendarfell, hluti Dalaheiðar, Moldháls, Gæsaá ásamt Gæsavatni og annað fjalllendi næst jökli innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Dalajarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðanna. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitarráð og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Dalajarðir er sérstaklega vísað til þess að innan lýstra landamerkja Dalajarða séu Gvendarfell (826 m), Ögmundarhöfuð (650 m) og fleiri hálendissvæði. Þá er vísað til þess að í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segi að Dalajarðir eigi geldfjárupprekstur í heiðarlönd sín en Brekknamenn reki þar einnig upp. Í ritinu Göngur og réttir segi svo að meðan fráferingar voru reknir til heiða hafi Dala- og Heiðarheiði verið smalaðar á tveimur dögum hvor. Um Gvendarfell segi í sama riti að þrjá til fjóra menn þurfi til þess að smala það. Allt þetta styðji þjóðlendukröfu íslenska ríkisins.

Af hálfu eigenda Dalajarða, sbr. skjöl nr. 5 og 5(16), er því haldið fram að íslenska ríkið hafi í aldanna rás viðurkennt að land innan landamerkja Dalajarða sé undirorpið beinum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi nokkru sinni verið unnt að hafa uppi vefingarkröfu sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum eigenda Dalajarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er á því byggt að sá sem hafi þinglýsta eignarheimild í hendi sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Ríkið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að land innan þinglýstra landamerkja Dalajarða sé ekki fullkomið eignarland. Samkvæmt framlögðum eignarheimildum eigi eigendur Dalajarða óskoraðan eignarrétt að þessum eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum. Í þessu sambandi er enn fremur vísað til hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðatorfunnar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not hennar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni öll lögboðin gjöld. Loks telja eigendur Dalajarða að landsvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hafi allt verið numið í öndverðu. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Dalajarða er rakin í kafla 5.7. Þar kemur fram að Dals er fyrst getið í máldaga frá miðri 14. öld. Í máldaga frá síðari hluta 16. aldar eru svo nefndar tvær jarðir með því nafni og má ætla að þar hefi verið um Stóradal og Neðridal að ræða. Í jarðabókum frá síðari hluta 17. aldar er bæði Stóradals og Neðridals getið auk Kaldrananess og Fjóss. Breiðuhlíðar er ekki getið í þessum jarðabókum en hún er nefnd í yfirlýsingu á Alþingi frá því á síðari hluta 16. aldar þar sem heitið er sölu á hluta jarðarinnar. Af þessum heimildum verður ráðið að Dalajarðirnar hafi allar verið sjálfstæðar jarðir.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Dalajarða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja torfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja torfunnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Vesturmörk Dalajarða gagnvart Krókjörðum og Brekknajörðum, suðurmörk gagnvart Skagnesi, austurmörk gagnvart Suður- og Norður-Hvammi, Giljum og Skammadal eru utan við það svæði sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til og þykja ekki vekja sérstakan vafa. Þau verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Dalajarða verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Einu lýsinguna á landamerkjum Dalajarða er að finna í landamerkjabréfi torfunnar, dags. 2. júní 1883 og þingl. 30. júní 1890. Þar er merkjum torfunnar til vesturs, austurs og suðurs lýst en norður-mörkum ekki lýst sérstaklega.

Vesturmörkum Dalajarða gagnvart Stórhöfða er í landamerkjabréfinu lýst þannig að úr Hálsgili ráði Hafursá marki inn að Innri-einstíg svo liggja markið til jökuls eftir gilinu vestan við Gvendarfell. Bréfið er ekki sérstaklega samþykkt vegna Stórhöfða. Austurmörkum gagnvart Dalajörðum er lýst með svipuðum hætti í landamerkjabréfi fyrir Stórhöfða, dags. 1. júlí 1922 og þingl. 17. júlí 1924, þó sú lýsing sé nokkuð ónákvæmari. Bréfið er ekki sérstaklega samþykkt vegna Dalajarða. Eldir heimildir um merki Stórhöfða liggja ekki fyrir.

Austurmörkum Dalajarða gagnvart Heiðarjörðum er í landamerkjabréfinu lýst norðan úr Mosakambi suður í Skiftingaháls og þaðan í norðurhorn Gæsatinda. Bréfið er áritað vegna Heiðarjarða. Í landamerkjabréfi Heiðarjarða, dags. 20. maí 1921 og þingl. 16. júlí 1926, er merkjum lýst úr Mosakambi í Skiftingahálsa, svo eftir þeim og fremst úr Skiftingahálssum sjónhending í Norðurgilshöfuð, svo í eystra hornið á Gæsatindum. Landamerkjabréfunum ber því ekki fyllilega saman. Sátt virðist hins vegar vera um lýsinguna í landamerkjabréfi Heiðarjarða og miða eigendur Dalajarða kröfulýsingu sína í þessu máli við hana. Landamerkjabréf Heiðarjarða er áritað vegna Dalajarða.

Hvað norðurmörk Dalajarða gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul að vestanverðu og lýsing í Mosakamb sem staðsettur er í jaðri jökulsins að austanverðu í landamerkjabréfi torfunnar bendi til þess að litið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Dalajarðir. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum torfunnar sé rétt lýst í þessum bréfum, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökli hið efra.

Landamerkjabréf Dalajarða er samþykkt vegna hluta aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar að flestu leyti án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða eru einnig þinglesin, færð í landamerkjabók og í sumum tilvikum árituð vegna Dalajarða. Þá er landamerkjabréf Stórhöfða einnig þinglesið og fært í landamerkjabók og þar er mörkum lýst með svipuðum hætti og landamerkjabréf Dalajarða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Dalajarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Dalajarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Í sóknarlýsingu frá 1840 kemur fram að Brekknamenn reki á heiðarlönd Dalajarða. Um þennan upprekstur er ekki getið í öðrum heimildum og ekki kemur fram hvort Brekknamenn hafi greitt fyrir afnotin eða ekki. Óbyggðanefnd telur þessi ummæli ekki hafa sérstaka þýðingu enda allsendis óljóst um nánari tilhögun þessa upprekstrar.

1 Skjal nr. 19.

Ekki eru heimildir um annað en að Dalajarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1883, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka torfunnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn Dalajarða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1883, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Dalajarða sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Dalajarða sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Dalajarða, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.9. Heiðarjarðir

Heiðarjarðir eru nú tvær talsins, þ.e. Stóra-Heiði og Litla-Heiði. Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í sameiginlegu landamerkjabréfi Heiðarjarða, dags. 20. maí 1921 og þingl. 16. júlí 1926, án þess að tillit sé tekið til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Heiðarjörðum liggja Dalajarðir, Hvammsjarðir og Götur til vesturs og Kerlingadalur til austurs. Til suðurs liggur Reynishverfi og til norðurs Mýrdalsjökull.

Landsvæðið sem um ræðir er bratt og nokkuð gróið heiðarlendi og fjalllendi að mestu með bratta kamba og djúp gil. Heiðargil liggur norðaustan og austan Heiðarjarða og um það rennur Heiðargilsá. Frá norðri til suðurs rennur Heiðargil saman við Skjólkamb (523 m) sem er brattur kambur sem liggur um 1 km frá austur mörkum jarðarinnar og rúmlega 2 km norðan Heiðarvatns. Norðurgilsshaus (732 m) er hæsti tindur svæðisins og liggur hann um 1 km sunnan Mosakambs í Mýrdalsjökli. Land mætir jökli við Mosakamb í um 545 m hæð yfir sjávarmáli. Flatlendi Heiðarjarðanna er takmarkað og er það einna helst sunnan Skjólkamb og Sofnadalahoðuð norðan við Heiðarvatn, á Heiðardal sem og á Kerlingardalsflötum. Frá bæjarstæðum Heiðarjarðanna til jökuls eru um 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr hæsta punkt Moldhálsa fyrir sunnan Gæsavatn í hæsta topp á Skjólkambi og þaðan neðst í Koltungur. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. hluti Gæsatinda, hluti Skjólkambs, Heiðargil, Norðurgilsshaus, Mosakambur og annað fjalllendi næst

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

jökli innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Heiðarjarða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðanna. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitarráð og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Heiðarjarðir er sérstaklega vísað til þess að innan lýstra landamerkjanna séu Skjólkambur (545 m), Hrafnatindur (555 m), Galtárhöfuð (623 m) og fleiri hálandissvæði. Þá er vísað til þess að Heiðarbændur hafi leigt upprekstur á Heiðarheiði og að svæði þetta sé smalað af fjallskilastjórn sveitarfélagsins. Enn fremur er vísað til þess að í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 sé greint frá því að nokkrum jörðum hafi á þeim tíma verið veittur upprekstur í Heiðarland, þó ekki alltaf hinum sömu, gegn greiðslu hagatolls. Hið sama hafi átt við um Auðkúluheiði sem Hæstiréttur taldi ekki vera eignarland.

Af hálfu eigenda Heiðarjarða, sbr. skjöl nr. 6 og 5(16), er því haldið fram að íslenska ríkið hafi í aldanna rás viðurkennt að land innan landamerkjanna Heiðarjarða sé undirorpið beinum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi nokkru sinni verið unnt að hafa uppi vefengingarkröfu sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum eigenda Heiðarjarða hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er á því byggt að sá sem hafi þinglýsta eignarheimild í hendi sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Ríkið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að land innan þinglýstra landamerkjanna Heiðarjarða sé ekki fullkomið eignarland. Samkvæmt framlögðum eignarheimildum eigi eigendur Heiðarjarða óskoraðan eignarrétt að þessum eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum. Í þessu sambandi er enn fremur vísað til hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not þeirra. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni öll lögboðin gjöld. Loks telja eigendur Heiðarjarða að landsvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hafi allt verið numið í öndverðu. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Heiðarjarða er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Heiðar er fyrst getið í heimildum frá fyrri hluta 14. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða.<sup>1</sup> Litla-Heiði var upphaflega hjáleiga frá Heiði sem og Kárhólmi sem lagðist í eyði í byrjun 20. aldar. Þá eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Heiðarjarða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja torfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja torfunnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Heiðarjarða að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun á landamerkjabréfi fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Heiðarjarða verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Einu lýsinguna á landamerkjum Heiðarjarða er að finna í landamerkjabréfi torfunnar, dags. 20. maí 1921 og þingl. 16. júlí 1926. Þar er merkjum torfunnar til vesturs, austurs og suðurs lýst en norðurmörkum ekki lýst sérstaklega.

Vesturmörkum Heiðarjarða gagnvart Dalajörðum er í landamerkjabréfinu lýst norðan úr Mosakambi í Skiftingahálsa, svo eftir þeim og fremst úr Skiftingahálsum sjónhending í Norðurgilshöfuð, svo í eystra hornið á Gæsatindum. Bréfið er áritað vegna Dalajarða. Í landamerkjabréfi Dalajarða, dags. 2. júní 1883 og þingl. 30. júní 1890, er merkjum að þessu leyti lýst úr Mosakambi suður í

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Skiftingaháls og þaðan í norðurhorn Gæsatinda. Bréfið er áritað vegna Heiðarjarða. Landamerkjabréfunum ber því ekki fyllilega saman. Sátt virðist hins vegar vera um lýsinguna í landamerkjabréfi Heiðarjarða og miða eigendur Dalajarða kröfulýsingu sína í þessu máli við hana.

Austurmörkum Heiðarjarða gagnvart Kerlingardal er í landamerkjabréfinu lýst þannig að þau liggja eftir Kerlingardalsá að Koltungnarana og síðan eftir Heiðargilsá í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Kerlingardals. Í landamerkjabréfi Kerlingardals, dags. 28. júní 1890 og þingl. 30. júní 1890, er vesturmerkjum gagnvart Heiðarjörðum lýst þannig að Heiðargilsá ráði frá jökli fram í Byrnustein. Bréfið er ekki samþykkt sérstaklega vegna Heiðarjarða. Í landamerkjabréfi Heiðarjarða virðist miðað við að Heiðargilsá breyti um nafn við Koltungnarana og heiti eftir það Kerlingardalsá en í landamerkjabréfi Kerlingardals við það að hún heiti Heiðargilsá allt til sjávar. Um sambærilega lýsingu er því að ræða þrátt fyrir mismunandi orðalag. Eldri heimildir um merki Kerlingardals að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Vesturmörk Heiðarjarða gagnvart Hvammsjörðum og Götum og suðurmörk gagnvart Reynishverfi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Heiðarjarða er samþykkt fyrir Götur og Reynishverfi. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Hvað norðurmörk Heiðarjarða gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í Mosakamb sem staðsettur er í jaðri jökulsins að vestanverðu og í jökul að austanverðu í landamerkjabréfi torfunnar bendi til þess að litið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir Heiðarjarðir. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé rétt lýst í þessum bréfum, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf Heiðarjarða er samþykkt vegna flestra aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar að flestu leyti, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða eru einnig þinglesin, færð í landamerkjabók og að hluta til árituð vegna Heiðarjarða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Heiðarjarða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Heiðarjarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Í heimildum er getið um að öðrum jörðum hafi verið heimilaður upprekstur á heiðarlönd Heiðarjarða. Þannig kemur í sóknarlýsingu frá 1840 fram að í Heiðarland fái nokkrar jarðir upprekstur, þó ekki ávallt hinar sömu. Þá segir í jarðamati 1849 að afrétt geti jörðin að skaðlausu léð öðrum fyrir 600 fjár á sumrum. Loks segir um Litluheiði í fasteignamati 1916 að jörðin eigi víðlend sumarbeitiland sem fé hafi verið tekið í til uppreksturs fyrir 10 krónur á ári. Í hinum tveimur fyrrnefndu

1 Skjal nr. 19.

heimildum kemur ekki fram hvort greitt hafi verið fyrir afnotin eða ekki. Óbyggðanefnd telur þessar heimildir ekki hafa sérstaka þýðingu enda allsendis óljóst um nánari tilhögun þessa upprekstrar. Þá er og ljóst að greiðsla kom fyrir a.m.k. á síðari stigum og alls ekki útilokað að svo hafi verið frá upphafi.

Ekki eru heimildir um annað en að Heiðarjarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka torfunnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn Heiðarjarða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1883, hefur gengið til baka. Land sem þá var hulið jökli er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Heiðarjarða sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Heiðarjarða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Heiðarjarða, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.10. Kerlingardalur

Kerlingardalur skiptist nú í Kerlingardal I og II. Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Kerlingardals, dags. 28. júní 1890 og þingl. 30. júní 1890, án þess að tillit sé tekið til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Kerlingardal liggja Heiðarjarðir, Reynishverfi og Fagridalur til vesturs og Höfðabrekka til suðurs og austurs. Til norðurs liggur Mýrdalsjökull.

Landsvæðið, sem um ræðir, er bratt heiðarlendi og fjalllendi að mestu með nokkuð af djúpum giljum. Land mætir jökli í um 930 m hæð yfir sjávarmáli skammt austan Sandárhöfuðs. Nyrst er landsvæði sem kallast Kerlingadalsafréttur og liggur í um 500-700 m hæð yfir sjávarmáli. Landsvæðið afmarkast af Mýrdalsjökli í norðri, Sandá í suðri, Heiðargili í vestri og Raufargili í austri. Á Kerlingadalsafréttinum liggur Kamsheiði suðaustan undan jökuljaðrinum og liggur Kamsgil í henni vestanverðri og Raufargil í henni austanverðri. Innst og vestast á Kamsheiðinni er hnúkurinn Jökulshöfuð í 889 m hæð yfir sjávarmáli. Vestan Kamsgils liggja Svínatungur sunnarlega á Kerlingadalsafréttinum og liggur Vesturgil að þeim vestanverðum. Upp af Svínatungum eru brúnir

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

sem kallast Skorubrýr. Vestan Svínatungna eru Koltungur sem teygja sig suður að mótum Sandár og Heiðargilsár um 5,5 km norðan við bæjarstæði Kerlingardals. Heiðargil liggur að Kerlingadal vestanverðum og rennur Heiðargilsá eftir því til sjávar. Sunnan Kerlingardalsafréttar í 200-300 m hæð yfir sjávarmáli rennur Sundá til suðvesturs og sameinast hún Heiðargilsá sunnan undir Koltungum. Sunnan Sundár eru snarbrött Hnitbjörgin (382 m) og liggur brattur fjallgarðurinn til suðurs í Kamb (300 m). Suðaustan Kams í 200-300 m hæð yfir sjávarmáli er Kerlingadalsheiði. Flatlendi Kerlingardals er takmarkað og er það að mestu á suðurhluta jarðarinnar við Núpamýri og Selvegarlæk. Frá bæjarstæði Kerlingadals til jökuls eru 12-13 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr hæsta toppi á Skjólkambi neðst í Koltungur og þaðan í Raufargilsmyrni. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. meginhluti Kerlingardalsafréttar, þ.á m. Kambur, Kamsheiði, Svínatungur, hluti Koltungna og annað fjalllendi næst jökli innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Kerlingardals lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðanna. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitarrá og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Kerlingardal er sérstaklega vísað til þess að innan lýstra landamerkjanna séu mikið hálendi og hrikaleg gljúfur. Þar sé Kerlingardalsafréttur sem taki við af Höfðabrekkuafrétti vestan við Raufargil. Á afréttinum sé fyrst að nefna Kamsheiði. Þegar hún sé smöluð fari jafnan einn maður þaðan vestur og fram í Kerlingar. Vestan Kerlinga sé Hvammsgil sem Afréttisá renni eftir. Þar fyrir vestan séu Svínatungur. Sunnarlega í þessu fjalllendi séu Koltungur sem bændur í Dyrhólhverfi hafi um aldir haft til upprekstrar.

Af hálfu eigenda Kerlingardals, sbr. skjöl nr. 9 og 5(16), er því haldið fram að íslenska ríkið hafi í aldanna rás viðurkennt að land innan landamerkjanna Kerlingardals sé undirorpið beinum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi nokkru sinni verið unnt að hafa uppi vefengingarkröfu sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum eigenda Kerlingardals hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er á því byggt að sá sem hafi þinglýsta eignarheimild í hendi sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Ríkið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að land innan þinglýstra landamerkjanna Kerlingardals sé ekki fullkomið eignarland. Samkvæmt framlögðum eignarheimildum eigi eigendur Kerlingardals óskoraðan eignarrétt að þessum eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum. Í þessu sambandi er enn fremur vísað til hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not þeirra. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni öll lögboðin gjöld. Kerlingardalsafréttur sé þar ekki undanskilinn. Sú túlkun sem heimamenn leggi í orðið afréttur í þessu sambandi sé að það merki beutiland jarðarinnar. Slík lönd, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í viðtækustu merkingu þess orðs, séu að þeirra mati eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið. Loks telja eigendur Kerlingardals að landsvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hafi allt verið numið í öndverðu. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kerlingardals er rakin í kafla 5.9. Þar kemur fram að Kerlingardals er fyrst getið í heimildum frá síðari hluta 14. aldar en sagnir um búsetu má rekja allt aftur til 10. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Kerlingardals er lýst í fyrirleggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Vesturmörk Kerlingardals gagnvart Reynishverfi og Fagradal og suðausturmörk gagnvart Höfðabrekku liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Þessi merki þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Kerlingardals verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Kerlingardals er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 28. júní 1890 og þingl. 30. júní 1890. Þá liggur fyrir lýsing á mörkum Kerlingardals og Höfðabrekku, dags. 28. febrúar 1627. Í framangreindum heimildum er að finna lýsingar á merkjum jarðarinnar til vesturs, austurs og suðurs en norðurmörkum er hvergi lýst sérstaklega.

Vesturmörkum Kerlingardals gagnvart Heiðarjörðum er í landamerkjabréfinu lýst þannig að Heiðargilsá ráði frá jökli fram í Byrnustein. Bréfið er ekki samþykkt sérstaklega vegna Heiðarjarða. Í landamerkjabréfi Heiðarjarða, dags. 20. maí 1921 og þingl. 16. júlí 1926, er austurmerkjum gagnvart Kerlingardal lýst þannig að þau liggja eftir Kerlingardalsá að Koltungnarana og síðan eftir Heiðargilsá í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Kerlingardals. Í landamerkjabréfi Heiðarjarða virðist miðað við að Heiðargilsá breyti um nafn við Koltungnarana og heiti eftir það Kerlingardalsá en í landamerkjabréfi Kerlingardals við það að hún heiti Heiðargilsá allt til sjávar. Um sambærilega lýsingu er því að ræða þrátt fyrir mismunandi orðalag. Eldri heimildir um merki Heiðarjarða að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Austurmörkum Kerlingardals gagnvart Höfðabrekku er fyrst lýst í opnu bréfi, dags. 28. febrúar 1627, afrituðu 1. júní 1689, þingl. 13. maí 1704 og varðveittu í bók sem var löggilt 1834. Þar er merkjum lýst úr Binnisteini sjónhendingu upp á Hábrúnir og svo sjónhendingu með Hábrúnum í Merkigarð, og svo norður eftir þeim garði sjónhendingu í Merkigil og svo norður í afrétt. Í landamerkjabréfi Kerlingardals er merkjum að þessu leyti lýst þannig að úr Byrnustein ráði sjónhending eftir hábrúnum fyrir framan Kerlingardal, svo í Merkigarð, svo ráði hann, svo úr honum í Merkigil, svo úr norðurbotni þess beint í Raufargilslækinn, svo ráði hann í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Höfðabrekku. Merkjum er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Höfðabrekku, dags. 6. febrúar 1887 og þingl. 30. júní 1890, sem jafnframt er samþykkt vegna Kerlingardals.

Hvað norðurmörk Kerlingardals gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul bæði að vestan- og austanverðu í landamerkjabréfi jarðarinnar bendi til þess að litið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Ekki þykir hafa úrslitabýðingu í þessu sambandi að merkjum sé lýst skemur í eldri heimild um merki á milli Kerlingardals og Höfðabrekku. Þar er merkjum lýst á því svæði sem máli var talið skipta en glögg skil í náttúrunni að öðru leyti látin ráða. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Kerlingardal. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst í þessum bréfum svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf Kerlingardals er samþykkt vegna Höfðabrekku, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Heiðarjarða, Reynishverfis og Höfðabrekku eru einnig þinglesin, færð í landamerkjabók og að hluta til árituð vegna Kerlingardals. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Kerlingardals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Heiðarjarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

Eins og nánar er rakið í kafla 5.9. eru heimildir allt frá 15. öld um að Dyrhólabændur hafi átt fjárbeit í Koltungum. Sagnir herma að upphaflega hafi á móti komið reidingssskurður í flóði norðan Hildardrangs við Dyrhólaey. Reidingssskurðurinn hafi svo lagst af en Dyrhólamenn rekið í Koltungur eftir sem áður. Til ágreinings kom um þennan upprekstur Dyrhólamanna í lok 18. aldar og féll dómur í því máli 1797. Sýslumaður komst að þeirri niðurstöðu að Dyrhólamenn skyldu halda Koltungum fyrir lambaafrétt með ýmsum nánar tilgreindum skilyrðum sem lutu að því að tryggja að ekki væri gengið á rétt Kerlingardalsmanna. Óbyggðanefnd telur það ekki hafa sérstaka þýðingu þó Kerlingardalsmenn hafi heimilað Dyrhólamönnum upprekstur í Koltungur. Svo virðist vera sem í upphafi hafi verið um ítakaskipti að ræða en slíkt var algengt á landsvæðum sem þessu þar sem landrými var af skornum skammti. Enn fremur er ljóst að þó sýslumaður hafi komist að þeirri niðurstöðu 1797 að Dyrhólamenn skyldu halda upprekstri í Koltungur var lítið svo á að landsvæðið væri á forræði Kerlingardalsmanna. Það kemur m.a. fram í því að upprekstrinum voru í dómi sýslumanns sett þröng skilyrði. Þá létu eigendur Kerlingardals lesa upp auglýsingu á manntalsþingi í Dyrhólahreppi 1831 þar sem upprekstur fullorðins fjár í Koltungur var bannaður. Af fyrirlliggjandi heimildum verður ekki ráðið að gerðar hafi verið athugasemdir við við þessa ráðstöfun Kerlingardalsmanna.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Kerlingardalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Þá telur óbyggðanefnd örnefnið „Kerlingardalsafréttur“ fremur vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.<sup>2</sup>

Ekki verður annað séð en að eignarhald Kerlingardals innan framangreindra merkja hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirvarsmenn Kerlingardals gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>3</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Kerlingardals, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.13.

1 Skjal nr. 19.

2 Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

3 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Kerlingardals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>1</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Kerlingardals, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### **6.11. Höfðabrekka (Höfðabrekka, Reynisbrekka og Höfðabrekkuafréttur)**

Höfðabrekka skiptist nú í Höfðabrekku, Reynisbrekku og Höfðabrekkuafrétt. Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Höfðabrekku, dags. 6. febrúar 1892 og þingl. 30. júní 1890, án þess að tillit sé tekið til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Höfðabrekku liggja Kerlingardalur til vesturs og Hjörleifshöfði til austurs. Til suðurs liggur hafíð og til norðurs Mýrdalsjökull.

Landsvæðið, sem um ræðir, er fjallent heiðarlendi. Nokkuð er um flatlendi, einkum þó austan Remundargilsár og niður við sjó. Land mætir jökli í 523 m hæð yfir sjávarmáli í Rjúpnafelli og í um 800 m hæð yfir sjávarmáli við Jökulshöfuð. Remundargilsá rennur frá jökli á norðaustanverðu svæðinu og sameinast Múlakvísl við Sandvatn rúmlega 4 km suður af Höfðabrekkujökli. Höfðabrekkuafréttur nefnist landsvæði sem liggur sunnan undir Höfðabrekkujökli í um 200-400 m hæð yfir sjávarmáli og afmarkast af Höfðabrekkujökli í norðri, Raufargili í vestri, Remundargilsá í austri og Afréttisá í suðri. Austast á Höfðabrekkuafrétti er tangi sem kallast Vatnsrásahöfuð (482 m) og sunnan hans er annar tangi sem kallast Remundargilshöfuð (402 m). Suðaustan Remundargilshöfuðs er tanginn Hellir og á honum stendur Hvolhöfuð (336 m). Sunnan undir Remundargilshöfði og Hvolhöfði er flatt sandlendi á milli Múlakvíslar og Remundargilsár. Vestan framantalinna tanga er Þakgil en um það rennur Múlakvísl sem rennur saman við Afréttisá sunnan undir Hvolhöfði. Vestan Þakgils er Miðtungugil sem rennur suður saman við Stakkárgil. Syðst á landsvæðinu á milli Þakgils og Miðtungugils er Þakgilshöfuð í 303 m hæð yfir sjávarmáli. Land norðan Þakgilshöfuðs er frekar hallalítið. Vestan Miðtungugils og Stakkárgils liggur Mælifellsdalur þar sem Mælifellið liggur nyrst í 642 m hæð yfir sjávarmáli og syðst er Barð í um 350 m hæð yfir sjávarmáli. Vondhöfuð liggja vestan í Stakkárgili í 483 m hæð yfir sjávarmáli. Afréttisá rennur fyrst til suðurs en beygir til suðausturs sunnan við Barð um 5 km sunnan jökuls. Sunnan Afréttisár tekur við hallalítill Höfðabrekkuheiði ásamt Glámshvammi. Syðst á Höfðabrekkuheiði er Össuhæð með fjallið Brikarhöfuð í 265 m hæð yfir sjávarmáli. Árnar Remundargilsá og Múlakvísl skera landsvæði Höfðabrekku frá norðri til suðurs og er marflatur Mýrdalssandurinn austan þeirra og nær hann frá jökli til sjávar. Suðaustur undir Sandvatni er höfði sem heitir Léreftshöfuð og á honum er Selfjall (225 m). Frá sjó að jökli við Rjúpnafell eru um 18 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr Raufargilsmynni eftir Afréttisá þangað sem Múlakvísl rennur í hana og þaðan suður fyrir Hafursey beint í punkt á mörkum fyrrum Mýrdalshrepps og fyrrum Álfthvershrepps. Samkvæmt þessari kröfugerð fellur Höfðabrekkuafréttur allur, þ.m.t. Rjúpnafell, Jökulshöfuð, Vatnsrásarhöfuð, Hellir, Hvolhöfuð, Þakgil, Miðtungugil, Stakkárgil, Mælifell, Vondhöfuð og Barð, sem og annað fjalllendi næst jökli, innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Höfðabrekku lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðn-

<sup>1</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

ings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitara og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Höfðabrekku er sérstaklega vísað til þess að innan lýstra landamerkjara jarðarinnar sé m.a. Höfðabrekkuafréttur er liggja inni við jökul á milli Kerlingardalsafréttar og Hafurseyjar. Hæstu fjöll á þessu svæði séu yfir 600 m. Sunnan við afréttinn taki við Höfðabrekkuheiði sem sé þó nokkuð lægri. Þá er vísað til þess að í ritinu Sunnlenskar byggðir segi að heidarlönd Hvammshrepps séu ekki víðáttumikil en ótrúlega mannfrek og erfið til smölunar en afréttarlendið sé hér Höfðabrekku- og Kerlingardalsafréttur.

Af hálfu eigenda Höfðabrekku, þ.m.t. Reynisbrekku og Höfðabrekkuafréttar, sbr. skjöl nr. 8 og 5(16), er því haldið fram að íslenska ríkið hafi á aldanna rás viðurkennt að land innan landamerkjara Höfðabrekku sé undirorpið beinum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi nokkru sinni verið unnt að hafa uppi vefengingarkröfu sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum eigenda Höfðabrekku hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er á því byggt að sá sem hafi þinglýsta eignarheimild í hendi sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Ríkið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að land innan þinglýstra landamerkjara Höfðabrekku sé ekki fullkomið eignarland. Samkvæmt framlögðum eignarheimildum eigi eigendur Höfðabrekku óskoraðan eignarrétt að þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum. Í þessu sambandi er enn fremur vísað til hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not þeirra. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni öll lögboðin gjöld. Höfðabrekkuafréttur hafi ekki verið þar undanskilinn. Sú túlkun sem heimamenn leggi í orðið afréttur í þessu sambandi sé að það merki beitiland jarðarinnar. Slík lönd, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í viðtækustu merkingu þess orðs, séu að þeirra mati eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið. Loks telja eigendur Höfðabrekku að landsvæði það, sem um er deilt í máli þessu, hafi allt verið numið í öndverðu. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Höfðabrekku er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Höfðabrekku er fyrst getið í heimildum frá því um 1200 en sagnir um búsetu má rekja allt aftur til 10. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Höfðabrekku er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur til norðurmerkjara jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkjara, þ.e. merkjara jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Höfðabrekku að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun á landamerkjabréf fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Höfðabrekku verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Höfðabrekku er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 28. júní 1890 og þingl. 30. júní 1890. Þá liggur fyrir lýsing á mörkum Höfðabrekku og Kerlingardals, dags. 28. febrúar 1627. Enn fremur liggur fyrir landamerkjabréf Höfðabrekku, dags. 10. apríl 1954 og þingl. 24. maí s.á. Það landamerkjabréf er gert eftir að þáverandi eigandi Höfðabrekku seldi Hvammshreppi svonefndan Höfðabrekkuafrétt og hluta af öðru heidarlandi jarðarinnar. Í því er ytri merkjum jarðarinnar einungis lýst að takmörkuðu leyti og kemur það því ekki til sérstakrar skoðunar. Í framangreindum heimildum er að finna lýsingar á merkjum jarðarinnar til vesturs og austurs en hvorki suður- né norðurmörkum er lýst sérstaklega.

Vesturmörkum Höfðabrekku gagnvart Kerlingardal er fyrst lýst í opnu bréfi, dags. 28. febrúar

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

1627, afrituðu 1. júní 1689, þingl. 13. maí 1704 og varðveittu í bók sem var löggilt 1834. Þar er merkjum lýst úr Binnisteini sjónhendingu upp á Hábrúnir og svo sjónhendingu með Hábrúnum í Merkigard, og svo norður eftir þeim garði sjónhendingu í Merkigil og svo norður í afrétt. Í landamerkjabréfi Höfðabrekku er merkjum að þessu leyti lýst þannig að úr Byrnusteini ráði sjónhending eftir hábrúnunum fyrir sunnan Kerlingardal, svo í Merkigard, svo ráði hann, enn úr norðurenda hans liggi mörkin beint í Merkigil, svo ráði það, svo úr norðurbotni þess beint í Raufargilslækinn að framan, svo ráði hann norður í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Kerlingardals. Merkjum er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Kerlingardals, dags. 28. júní 1890 og þingl. 30. júní 1890, sem jafnframt er samþykkt vegna Höfðabrekku.

Austurmörkum Höfðabrekku gagnvart Hjörleifshöfða er fyrst lýst í landamerkjabréfi Höfðabrekku þannig að úr fjórumarki liggi landmarkið beina línu neðst í Mosaland vestan í Hafursey, svo beint í jökul. Bréfið er samþykkt vegna Hjörleifshöfða. Engin lýsing á landamerkjum Hjörleifshöfða að þessu leyti liggur fyrir.

Vesturmörk Höfðabrekku gagnvart Kerlingardal og austurmörk gagnvart Hjörleifshöfða liggja að hluta til utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Höfðabrekku er bæði samþykkt vegna Kerlingardals og Hjörleifshöfða auk þess sem landamerkjabréf Kerlingardals er samþykkt vegna Höfðabrekku. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Hvað norðurmörk Höfðabrekku gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing landamerkja í jökul bæði að vestan- og austanverðu í landamerkjabréfi jarðarinnar bendi til þess að titið hafi verið svo á að merki hennar næðu að jökli. Með hliðsjón af nálægð jökuls og legu annarra jarða á svæðinu þykir ekki hafa úrslitþýðingu í þessu sambandi að merkjum sé lýst skemur í eldri heimild um merki á milli Kerlingardals og Höfðabrekku. Þar er merkjum lýst á því svæði sem máli var talið skipta en glögg skil í náttúrunni að öðru leyti látin ráða. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Á sama hátt og hafið til suðurs hefur jökullinn afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Höfðabrekku. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af sjó hið neðra og jökulum hið efra.

Landamerkjabréf Höfðabrekku er bæði samþykkt vegna Kerlingardals og Hjörleifshöfða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Kerlingardals er einnig þinglesið, fært í landamerkjabók og áritað vegna Höfðabrekku. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Höfðabrekku hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Höfðabrekku hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Þessi hnignum hefur þó verið minni í Mýrdal en víðast hvar annars staðar á Suðurlandi og er meginástæða þess hagstætt veðurfar á þessu landsvæði.<sup>1</sup>

1 Skjal nr. 19.

Eins og nánar er rakið í kafla 5.10 gerðu eigendur Höfðabrekku á fyrri hluta 20. aldar leigusamninga við ýmsa aðila um slægjur, hagbeit og upprekstur á land jarðarinnar. Árið 1948 seldi svo þáverandi eigandi jarðarinnar Hvammshreppi „svonefndan Höfðabrekkuafrétt með heiðarlandi sem takmarkast þannig: að Kerlingardalslandi að vestan og að Illagili í Höfðabrekku landi, meðfylgjandi Selfjalli og Össurheiði, að Súgandagili að vestan, að undanskilinni allri fuglategju, ...“ Þetta landsvæði er nú nýtt til upprekstrar af búfjáreigendum í fyrrum Hvammshreppi. Óbyggðanefnd telur framangreindar ráðstafanir og hagnýtingu ekki hafa sérstaka þýðingu um eignarréttarlega stöðu viðkomandi hluta jarðarinnar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Höfðabrekka hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendi undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Þá telur óbyggðanefnd örnefnið „Höfðabrekkuafréttur“ fremur vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegar stöðu þess.<sup>1</sup>

Ekki verður annað séð en að eignarhald Höfðabrekku innan framangreindra merkja hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirvarsmenn Höfðabrekku gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>2</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Höfðabrekku, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Höfðabrekku sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>3</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Höfðabrekku, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.12. Hjörleifshöfði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem samkvæmt kröfugerð eigenda Hjörleifshöfða fellur innan merkja jarðarinnar.

Að Hjörleifshöfða liggja Höfðabrekka til vesturs og Holt/Herjólfsstaðir, Hraunbær og Bólhraun í fyrrum Álftavershreppi (nú Skaftárhreppi) til austurs. Til suðurs liggur hafið og til norðurs Mýrdalsjökull.

Landsvæðið sem um ræðir er gróðurlítið, flatlent og sendið undirlendi. Tvö nokkuð gróin mób ergsfjöll standa upp úr sandinum. Nyrst á landsvæðinu er jökullón sem kemur undan Höfða-

1 Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

3 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

brekkujökli. Þar fyrir sunnan liggur móbergsfjallið Hafursey. Hafursey skiptist í tvennt um Klofgil og er Skálarfjall (582 m) hæsti tindur Hafurseyjar að vestan en Kistufell (513 m) er hæsti tindur Hafurseyjar að austan. Rúmlega 2 km inn í landið frá sjó og um 8 km sunnan Hafurseyjar liggur Hjörleifshöfði (221 m) sem er einnig móbergsfjall. Lítið er um vatnafar á þessu svæði en þó er þar Blautakvísl sem rennur úr áðurnefndu jökullóni til sjávar. Land mætir jökli á Moldheiði í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Frá sjó til jökuls við Moldheiði eru um 18 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr þeim punkti þar sem Múlakvísl rennur í Afréttisá og þaðan suður fyrir Hafursey beint í punkt á mörkum fyrrum Mýrdalshrepps og fyrrum Áltavershrepps og þaðan til norðurs eftir umræddum hreppamörkum. Samkvæmt þessari kröfugerð fellur m.a. Hafursey öll innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Hjörleifshöfða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(9), er einkum vísað til heimilda um landnám á þessu svæði og því haldið fram að kröfulína íslenska ríkisins fylgi landnámsmörkum. Því til stuðnings er vísað til þess að ekki hafi þurft nám til þess að geta nýtt land til beitarrá og því hverfandi líkur á að land ofan byggðar hafi verið numið. Þannig sé byggt á því að afréttarlönd séu að meginstefnu til utan eignarlanda. Varðandi Hjörleifshöfða er sérstaklega vísað til þess að hvorki liggja fyrir landamerkjabréf fyrir jörðina né aðrar heimildir um merki hennar. Af heimamönnum sé hins vegar álitnið að Hjörleifshöfða tilheyri það land sem ekki falli innan merkja annarra jarða. Nýrst á því landsvæði sé Hafursey sem sögð sé tilheyra Hjörleifshöfða og vera afréttarland. Í ritinu Göngur og réttir sé því lýst að snemma á útmánuðum hafi bændur í Mið-Mýrdal rekið fé sitt í Hafursey þegar spart hafi verið um hey og hafi þótt gefast vel. Í suðurhlíð Hafurseyjar sé örnefnið Horn en þar hafi staðið sæluhús fyrir menn og hesta. Nálægt miðjum hlíðum Hafurseyjar sé Réttargil þar sem réttað hafi verið áður en rétt og sæluhús voru reist á Horni. Hafursey hafi alltaf verið sérstakt safn og þar hafi verið sofíð næturlangt í helli áður en sæluhús var reist.

Af hálfu eigenda Hjörleifshöfða, sbr. skjöl nr. 7 og 5(16), er því haldið fram að íslenska ríkið hafi í aldanna rás viðurkennt að land innan landamerkja Hjörleifshöfða sé undirorpið beinum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi nokkru sinni verið unnt að hafa uppi vefengingarkröfu sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum eigenda Hjörleifshöfða hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þá er á því byggt að sá sem hafi þinglýsta eignarheimild í hendi sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Varðandi landamerki jarðarinnar er byggt á samningi, dags. 13. júlí 2000, á milli Hjörleifshöfða annars vegar og Herjólfstaða, Holts, Hraunbæja og Bólhrauns í Áltaveri hins vegar, samningi um fjörumörk milli konungsjarðarinnar Hjörleifshöfða og bændaeygnarinnar Kerlingardals, dags. 30. júní 1890, og landamerkjabréfi Höfðabrekku, dags. 6. febrúar 1887. Ríkið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að land landamerkja Hjörleifshöfða samkvæmt framangreindum heimildum sé ekki fullkomið eignarland. Samkvæmt framlögðum eignarheimildum eigi eigendur Höfðabrekku óskoraðan eignarrétt að þessum jörð sinni með öllum gögnum og gæðum. Í þessu sambandi er enn fremur vísað til hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not þeirra. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni öll lögboðin gjöld. Hafursey hafi þar ekki verið undanskilinn enda þótt hún sé nefnd afréttur í ýmsum heimildum. Sú túlkun, sem heimamenn leggi í orðið afréttur í þessu sambandi, sé að það merki beitiland jarðarinnar. Slík lönd, sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í viðtækustu merkingu þess orðs, séu að þeirra mati eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið. Loks telja eigendur Hjörleifshöfða að landsvæði það sem um er deilt í máli þessu hafi allt verið numið í öndverðu. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hjörleifshöfða er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Hjörleifshöfða er fyrst getið í heimildum frá því á fyrri hluta 14. aldar en sagnir um

búsetu má rekja allt aftur til 10. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hafi verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Mýrdal og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 6.1.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hjörleifshöfða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Hvað varðar merki Hjörleifshöfða að öðru leyti telur óbyggðanefnd áritun Hjörleifshöfða á landamerkjabréf aðliggjandi jarðar fullnægjandi vott um að merkjum sé þar rétt lýst. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hjörleifshöfða verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Heimildir um landamerki Hjörleifshöfða eru fáar. Þannig liggur engin sjálfstæð lýsing á vesturmerkjum jarðarinnar fyrir og einungis ein lýsing á austurmerkjum hennar, þ.e. sátt á milli Hjörleifshöfða og jarðanna Herjólfsstaða, Holts, Hraunbæjar og Bólhrauns í Álftaveri sem jafnframt eru mörk Mýrdals- og Skaftárhrepps, dags. 13. júlí 2000. Verður því að skoða fyrirliggjandi heimildir um merki aðliggjandi jarða.

Sem að framan greinir liggur engin sjálfstæð lýsing á vesturmörkum Hjörleifshöfða gagnvart Höfðabrekku fyrir. Í landamerkjabréfi Höfðabrekku, dags. 6. febrúar 1887 og þingl. 30. júní 1890, er austurmörkum lýst þannig að úr fjöromarki liggi landmarkið beina línu neðst í Mosaland vestan í Hafursey, svo beint í jökul. Ekki er sérstaklega tekið fram að um lýsingu á merkjum gagnvart Hjörleifshöfða sé að ræða en bréfið er hins vegar samþykkt vegna Hjörleifshöfða. Eldri heimildir um merki Höfðabrekku að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Í framangreindri sátt um mörk Hjörleifshöfða og aðliggjandi jarða í Álftaveri er umræddum mörkum lýst úr fjöromörkum beina línu upp að Blautukvíslarbotnum austan Hafurseyjar og þaðan beina línu í Kötlukskoll, klettahöfða í Höfðabrekkujökli, rétt austan við Kötluksj. Eru þetta jafnframt mörk Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Eldri heimildir um merki Hjörleifshöfða að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Fjöromörk Hjörleifshöfða gagnvart Höfðabrekku annars vegar og Dynskógafjöru hins vegar liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins. Hinum fyrrnefndu er lýst í landamerkjabréfi Höfðabrekku sem samþykkt er vegna Hjörleifshöfða og hinum síðarnefndu í lýsingu á fjöromörkum milli Hjörleifshöfða og Kerlingardals en sá hluti Dynskógafjöru, sem hér um ræðir, tilheyrir Kerlingadal, dags. 22. júní 1890 og þingl. 30. júní 1890, sem samþykkt er vegna Kerlingardals. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir því til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Heildstætt landamerkjabréf sem byggist á framangreindum heimildum var undirritað fyrir Hjörleifshöfða þann 7. apríl 2004. Það er samþykkt vegna Höfðabrekku, Reynisbrekku, Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Kerlingardals vegna Dynskógafjöru og landbúnaðarráðuneytisins vegna ríkisjarðanna í fyrrum Álftavershreppi.

Hvorki var gert landamerkjabréf fyrir Hjörleifshöfða í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 né síðar. Þá liggja engar eldri heimildir um merki jarðarinnar fyrir. Í þessu sambandi telur óbyggðanefnd að líta verði til ágangs náttúrunnar á þessu landsvæði. Líklegt megi telja að jörðin Hjörleifshöfði hafi í öndverðu afmarkast af Múlavísl að vestan og Blautukvísl að austan og um glögg skil af náttúrunnar hendi hafi því verið að ræða. Farvegir þessara vatnsfalla sem og landslag á þessu svæði almennt hafa í aldanna rás tekið umtalsverðum breytingum, einkum í kjölfar Kötluhlaupa, og umfjöllun um merki jarða á aurum Múlavíslar og Blautukvíslar því vafalaust þótt tilgangslítill enda um lítt nýtanlegt landsvæði að ræða. Þetta endurspeglast í fátæklegum heimildum um landamerki á þessu svæði. Fyrirliggjandi heimildir um Hjörleifshöfða fjalla þannig nánast ein-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

göngu um það land sem máli var talið skipta, þ.e. höfðann sjálfan, Hafursey og fjörumörk jarðarinnar. Þetta breytir því þó ekki að um jörð er að ræða og svo hefur verið frá fornu fari. Enn fremur telur óbyggðanefnd að líta verði til þess að jörðin afmarkast af hreppamörkum að austanverðu sem þar til sáttin var gerð árið 2000 lágu um Blautukvísl. Einnig af þeim sökum kann að hafa þótt óþarft að fjalla um merki jarðarinnar að þessu leyti.

Ljóst er að það torveldar verulega afmörkun Hjörleifshöfða að ekki skuli vera til heildstæð lýsing á merkjum jarðarinnar frá fyrri tíð og veita fátækleg og brotakennd gögn einungis takmarkaða vísbendingu í þeim efnum. Þrátt fyrir það er óumdeilt, sbr. kröfugerð ríkisins í þessu máli, að Hjörleifshöfða fylgir umtalsvert landsvæði. Í þessu sambandi telur óbyggðanefnd að líta verði til þess að kröfugerð landeigenda byggist á einu haldbæru gögnunum sem fyrir liggja.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Höfðabrekku sem liggur að Hjörleifshöfða að vestanverðu. Landamerkjabréf þetta er áritað af hálfu þáverandi eiganda Hjörleifshöfða og til þess vísað af hálfu núverandi eiganda. Enn fremur liggur fyrir sátt frá árinu 2000 um mörkin milli Hjörleifshöfða annars vegar og aðliggjandi jarða í Álftaveri hins vegar. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum Hjörleifshöfða sé rétt lýst í framangreindum heimildum. Landamerkjabréf Höfðabrekku var þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna á milli, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta. Þá var sáttin milli Hjörleifshöfða og aðliggjandi jarða í Álftaveri færð inn í landskipta- og landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu og á henni byggt af hálfu eigenda viðkomandi jarða án athugasemda frá öðrum. Þetta bendir til þess að lýsing merkja í þessum heimildum sé í samræmi við það sem almennt var og er talið gilda. Þessu til frekari stuðnings má vísa til þess að þann 7. apríl 2004 var undirritað landamerkjabréf fyrir Hjörleifshöfða sem byggist á framangreindum heimildum. Það er áritað vegna allra aðliggjandi jarða sem og viðkomandi sveitarfélaga. Af því má ráða að sátt ríki um þessi mörk þó svo að merkjalýsingin í bréfinu verði ekki talin hafa sjálfstæða þýðingu. Að öllu framangreindu virtu er það álit óbyggðanefndar að landamerkjabréf Höfðabrekku og sátt um merki milli Hjörleifshöfða og aðliggjandi jarða í Álftaveri verði lögð til grundvallar um merki Hjörleifshöfða.

Hvað norðurmörk Hjörleifshöfða gagnvart Mýrdalsjökli varðar telur óbyggðanefnd að skýr lýsing austurmerkja Höfðabrekku í jökul í landamerkjabréfi jarðarinnar og lýsing sjónhendingarlínu í Kötluhöfuð inni á jökli í framangreindri sátt um mörk Hjörleifshöfða og aðliggjandi jarða í Álftaveri bendi til þess að lítið hafi verið svo á að merki Hjörleifshöfða næðu að jökli. Þessu til stuðnings má vísa til þess að óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að merki annarra jarða í Mýrdal, sbr. kafla 6.3.-6.11., skuli ná að jökli og því líklegt að hið sama hafi gilt um Hjörleifshöfða. Á sama hátt og hafið til suðurs hefur jökullinn afmarkað það land sem máli skipti með svo augljós-um hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Hjörleifshöfða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins eru eins og áður er lýst Hafursey og sá hluti Mýrdalssands sem hana umlykur. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Mýrdal, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Breytingar á gróðurfari og jarðvegseyðingu má einkum rekja til samverkandi áhrifa kólnunar loftslags, náttúruhamfara og búsetu. Óviða hefur þessi hnignun verið meiri en á Mýrdalssandi en þar hafa Kötluhlaup endurtekið valdið miklu tjóni. Á síðari árum hefur umfangsmikil uppgræðsla átt sér stað á sandinum og er nú hluti hans nokkuð gróinn.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hjörleifshöfði hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan marka jarðarinnar svo sem þeim er nánar lýst hér fram-

1 Skjal nr. 19.

ar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan þeim var lýst hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi undan jökli og Mýrdalssandur hafa ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ýmsar heimildir greina frá réttindum jarðarinnar innan eigin merkja, nánar tiltekið í Hafursey og í fjörunni. Þannig er í úttekum á jörðum Þykkvabæjarklausturs frá 1769 og 1779 greint frá því að Hjörleifshöfða tilheyri Hafursey. Þar sé gott beutiland og skógur. Í úttektinni frá 1779 segir einnig að jörðinni fylgi góð strandréttindi. Þá er í lýsingu Þorsteins Bjarnasonar á klausturjörðum í Vestur-Skaftafellssýslu frá 1773 greint frá því að Hjörleifshöfða tilheyri selstaða í Hafursey hvar séu góðir hagar og skógur. Sambærilegar tilgreiningar er svo að finna í jarðamati frá 1849 og fasteignamati frá 1916 auk þess sem í þeim heimildum er tekið fram að jörðinni fylgi fjara.

Þegar litið er heildstætt á framangreindar heimildir og tilgreiningu á umræddum réttindum skoðuð í samhengi við aðra umfjöllun í hverri heimild fyrir sig verður þetta atriði ekki talið leiða til þess að viðkomandi landsvæði séu einungis undirorpin óbeinum eignarrétti. Í öllum tilvikum er um að ræða lýsingar á kostum jarðarinnar almennt og tilgreiningu á nýtanlegu landsvæði og hlunnindum. Óbyggðanefnd telur því fremur líkur til þess að um verðmætustu réttindi jarðarinnar hafi verið að ræða og því þótt rétt að áréttu þau sérstaklega.

Í Ferðabók Sveins Pálssonar frá því í lok 18. aldar er greint frá munnmælum um byggð í Nautadölum milli Hafurseyjar og jökulsins sem lagst hafi í eyði í fyrstu Kötlugosum. Frekari heimildir um þetta atriði liggja ekki fyrir. Nautadalir eru samkvæmt framangreindu innan merkja Hjörleifshöfða. Óbyggðanefnd telur óljósar sögusagnir af þessu tagi hvorki hafa þýðingu um eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis né geta leitt til þeirrar niðurstöðu að viðkomandi landsvæði sé eða hafi ekki verið hluti af landi jarðarinnar. Ekkert er um tilvist þessarar byggðar vitað. Þá kann allt eins að hafa verið um hjáleigur frá Hjörleifshöfða að ræða eða land þessara jarða lagst til Hjörleifshöfða með eðlilegum hætti. Um þetta verður hins vegar ekkert fullýrt.

EKKI verður annað séð en að eignarhald Hjörleifshöfða innan framangreindra merkja hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirvarsmenn Hjörleifshöfða gætu hafa horft til þegar þeir árituðu lýsingu á merkjum Höfðabrekku gagnvart Hjörleifshöfða í jökul 1887, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi.

Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Hjörleifshöfða, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.13.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Hjörleifshöfða sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hjörleifshöfða, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



### 6.13. Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í Mýrdal

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sem og þeirra landsvæða í Mýrdal sem ekki er fjallað um í köflum 6.3.-6.12., þ.e. lands sem til meðferðar er í þessu máli en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til, sbr. einnig kafla 2.4.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddur hluti Mýrdalsjökuls sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi á þessu svæði. Þá er óumdeilt að landsvæði það í Mýrdal, sem hér er til meðferðar, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að Mýrdalsjökull sé stærri nú en á landnáms tíma. Ætla má því að jökull hafi gengið yfir land sem numið var í öndverðu. Lega jökuls á landnáms tíma verður hins vegar ekki ákvörðuð með nokkurri vissu og því ekki unnt að afmarka þau eignarréttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til. Staðhættir og sönnunarstaða leiða því til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.<sup>1</sup>

Þá telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að á viðkomandi hluta jökulsins hafi á síðari tímum stofnast til beins eða óbeins eignarréttar hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Mýrdalsjökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi), við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, er dregin lína til norðausturs inn á jökulinn, í stefnu á Mælifell, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í suðaustanverðum jöklinum. Úr framangreindum skurðpunkti er dregin lína í Kötlukskoll (1310 m), klettahöfða í Höfðabrekkujökli, og þaðan að jaðri Höfðabrekkujökuls, í stefnu á Blautukvíslarbotna, austan Hafurseyjar. Svo fylgir línan jökuljaðrinum þar til kemur að upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi). Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana, umfram það sem þegar hefur verið fjallað um. Þá eru engar vísbendingar um að í Mýrdal sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

### 6.14. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Þess ber að geta að málskostnaðar var ekki krafist af hálfu Landsvirkjunar.

### 6.15. Um tæknileg atriði<sup>2</sup>

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal nr. IV (Tækniskýrsla – Jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu ákvarðaður með fjarkönnun).

takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Í samræmi við framangreint för óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá árunum 2000, 2001 og 2003, myndir frá Landsat-7 gervitunglinu frá árunum 1999 og 2000 og þrívíddarljósmyndir sem teknar voru úr flugvél á árunum 1998-2000 og 2002. Engar nothæfar myndir eru til af svæðinu í heild frá árinu 1998. Ástæðan fyrir því að framangreind gögn urðu fyrir valinu er sú að þau komast næst réttri tímasetningu af þeim gögnum sem völ er á auk þess sem um nákvæmstu gögnin í hverju tilviki fyrir sig er að ræða. Í þeim tilvikum, sem á þurfti að halda, var svo einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>1</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. sá hluti Mýrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, Hvítmaga og Stórhöfði, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi), við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, fylgir línan ánni þangað sem hún rennur undir Sólheimajökul. Frá þeim punkti fylgir línan jaðri Sólheimajökuls suður fyrir jökulinn og svo með honum austanverðum þar til kemur að jaðri Mýrdalsjökuls. Línan fylgir svo jaðri Mýrdalsjökuls þar til kemur að upptökum Lambár við jökuljaðarinn. Þaðan fylgir línan ánni suður í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af Stórhöfða, þar sem gilið þrengist. Þaðan er dregin bein lína í vörðu framan við Stórhöfða vestan til. Þaðan liggur línan í horn Berjaness þar sem það gengur lengst niður á aurinn og þaðan ræður Hafursá að upptökum sínum við jaðar Mýrdalsjökuls. Þaðan fylgir línan svo jaðri Mýrdalsjökuls áfram í austurátt þar til kemur að línu sem dregin er úr Kötlukskoll (1310 m), klettahöfða í Höfðabrekkujökli, í stefnu á Blautukvislarbotna, austan Hafurseyjar. Línan fylgir svo þeirri stefnulinu í Kötlukskoll (1310 m). Þaðan liggur línan svo í skurðpunkt línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m) í suðaustanverðum jöklinum, við línu sem dregin er úr upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi) til norðausturs inn á jökulinn, í stefnu á Mælifell, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul. Úr framangreindum skurðpunkti fylgir línan svo áður nefndri stefnulinu úr upptökum Fúlalækjar í Mælifell til suðvesturs þar til kemur að jökuljaðrinum. Þaðan fylgir línan svo jökuljaðrinum í upptök Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi). Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 6.15. Sjá hnitaskrá í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.*

Hlutar þess landsvæðis sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað Þjóðlenda, þ.e. Hvítmaga og Stórhöfði, eru í afréttareign. Hvítmaga, eins og hún er afmörkuð hér á eftir, er í afréttareign eigenda Ytri-Sólheima, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga:

*Frá upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi), við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, fylgir línan ánni þangað sem hún rennur undir Sólheimajökul. Frá þeim punkti fylgir línan vestur-*

1 Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun Þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

---

*jaðri Sólheimajökuls norður að Mýrdalsjökli og svo jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Fúlalækjar. Að því leyti, sem fylgt er jökuljaðri, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Stórhöfði, eins og hann er afmarkaður hér á eftir, er í afréttareign eigenda Péturseyjarjarða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga:

*Lambá ræður frá upptökum sínum við jaðar Mýrdalsjökuls í horn það sem gengur lengst vestur í Lambárgil af höfðanum, þar sem gilið þrengist. Þaðan er dregin bein lína í vörðu framan við Stórhöfða vestan til. Þaðan liggur línan í horn Berjaness þar sem það gengur lengst niður á aurinn og þaðan ræður Hafursá að upptökum sínum við jaðar Mýrdalsjökuls. Þaðan fylgir línan svo jaðri Mýrdalsjökuls að upptökum Lambár. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Páll Arnór Pálsson hrl. 1.400 000 kr. og Ólafur Björnsson hrl. 1.100 000 kr. er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta Þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan Þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan Vagn Magnússon

Ragnheiður Bragadóttir



## **VIÐAUKAR**

### **I. Hnit**

- II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**  
*Sjá bls. 79*

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1	509394	338878	51	509001	338556	101	508405	337533	151	507188	337554
2	509388	338886	52	508997	338551	102	508317	337496	152	507164	337572
3	509378	338897	53	509008	338544	103	508243	337561	153	507155	337586
4	509370	338906	54	509015	338535	104	508225	337602	154	507152	337602
5	509365	338919	55	509026	338520	105	508174	337644	155	507130	337633
6	509361	338929	56	509038	338511	106	508119	337639	156	507128	337654
7	509340	338933	57	509053	338502	107	508078	337602	157	507107	337686
8	509322	338944	58	509065	338502	108	508041	337579	158	507098	337704
9	509304	338947	59	509092	338484	109	508013	337561	159	507076	337712
10	509290	338955	60	509114	338465	110	508017	337566	160	507069	337724
11	509272	338956	61	509117	338450	111	507994	337550	161	507053	337735
12	509264	338960	62	509139	338411	112	507961	337559	162	507030	337738
13	509250	338960	63	509135	338395	113	507929	337564	163	506985	337780
14	509232	338953	64	509126	338378	114	507898	337575	164	506981	337787
15	509223	338942	65	509105	338357	115	507857	337595	165	506965	337810
16	509211	338933	66	509105	338339	116	507837	337591	166	506958	337819
17	509207	338924	67	509117	338328	117	507812	337570	167	506944	337843
18	509214	338895	68	509141	338305	118	507793	337541	168	506940	337859
19	509218	338881	69	509162	338298	119	507773	337519	169	506920	337882
20	509216	338865	70	509171	338281	120	507742	337503	170	506908	337896
21	509207	338854	71	509173	338256	121	507724	337487	171	506895	337900
22	509194	338847	72	509171	338228	122	507712	337475	172	506872	337913
23	509185	338838	73	509169	338202	123	507687	337458	173	506863	337923
24	509180	338824	74	509166	338186	124	507669	337435	174	506852	337938
25	509180	338816	75	509139	338185	125	507647	337414	175	506848	337950
26	509180	338802	76	509123	338179	126	507622	337401	176	506839	337961
27	509180	338789	77	509105	338174	127	507597	337383	177	506827	337974
28	509171	338773	78	509085	338167	128	507545	337383	178	506825	337988
29	509159	338763	79	509060	338152	129	507507	337372	179	506814	338006
30	509142	338748	80	509040	338138	130	507473	337381	180	506805	338022
31	509133	338734	81	509013	338120	131	507455	337396	181	506800	338033
32	509119	338712	82	509006	338106	132	507432	337426	182	506789	338049
33	509112	338705	83	508997	338082	133	507421	337432	183	506791	338048
34	509096	338691	84	508993	338059	134	507408	337448	184	506787	338053
35	509081	338682	85	508993	338034	135	507399	337471	185	506779	338061
36	509069	338675	86	508992	338012	136	507392	337485	186	506770	338068
37	509063	338673	87	508992	337991	137	507381	337500	187	506762	338065
38	509054	338669	88	508981	337975	138	507373	337514	188	506748	338067
39	509038	338673	89	508975	337960	139	507356	337527	189	506742	338067
40	509020	338673	90	508970	337953	140	507340	337532	190	506742	338067
41	509010	338673	91	508971	337943	141	507333	337537	191	506709	338073
42	509002	338671	92	508962	337925	142	507322	337532	192	506663	338101
43	508995	338669	93	508930	337892	143	507313	337516	193	506624	338122
44	508984	338660	94	508879	337837	144	507315	337505	194	506582	338143
45	508988	338651	95	508851	337768	145	507320	337489	195	506554	338189
46	508993	338644	96	508792	337708	146	507299	337493	196	506554	338248
47	508993	338633	97	508690	337681	147	507276	337496	197	506540	338273
48	508990	338601	98	508644	337658	148	507240	337514	198	506519	338308
49	508993	338583	99	508557	337616	149	507227	337525	199	506502	338343
50	508997	338569	100	508488	337570	150	507211	337539	200	506477	338378

201	506439	338406	251	504920	339390	301	504166	340242	351	502577	339867
202	506382	338434	252	504878	339414	302	504134	340232	352	502556	339856
203	506347	338452	253	504825	339442	303	504099	340218	353	502511	339849
204	506323	338476	254	504794	339453	304	504068	340189	354	502458	339856
205	506267	338483	255	504748	339478	305	504043	340161	355	502440	339856
206	506214	338501	256	504678	339488	306	504019	340144	356	502405	339842
207	506172	338518	257	504625	339499	307	503998	340116	357	502370	339828
208	506126	338529	258	504573	339523	308	503977	340091	358	502353	339821
209	506091	338539	259	504506	339565	309	503973	340053	359	502328	339807
210	506049	338557	260	504478	339572	310	503959	340035	360	502311	339804
211	506018	338574	261	504436	339579	311	503896	340039	361	502283	339790
212	506004	338595	262	504390	339600	312	503861	340042	362	502293	339783
213	506014	338613	263	504345	339625	313	503826	340049	363	502332	339800
214	506007	338648	264	504327	339646	314	503798	340049	364	502339	339804
215	506007	338694	265	504310	339688	315	503766	340067	365	502398	339807
216	506000	338722	266	504292	339727	316	503738	340074	366	502405	339800
217	505983	338753	267	504285	339776	317	503724	340074	367	502423	339783
218	505972	338788	268	504285	339821	318	503703	340067	368	502430	339765
219	505941	338806	269	504296	339863	319	503675	340039	369	502447	339751
220	505902	338809	270	504303	339902	320	503654	340018	370	502461	339744
221	505877	338806	271	504313	339926	321	503619	340004	371	502472	339730
222	505867	338778	272	504324	339976	322	503594	340004	372	502483	339709
223	505856	338750	273	504331	340004	323	503573	340004	373	502490	339702
224	505807	338743	274	504327	340039	324	503545	340018	374	502493	339688
225	505790	338785	275	504345	340063	325	503503	340021	375	502500	339677
226	505762	338823	276	504366	340074	326	503458	340025	376	502502	339673
227	505755	338859	277	504394	340077	327	503412	340032	377	502504	339668
228	505730	338883	278	504415	340091	328	503366	340074	378	502509	339656
229	505695	338908	279	504433	340119	329	503352	340084	379	502512	339651
230	505664	338918	280	504450	340144	330	503328	340109	380	502515	339645
231	505614	338946	281	504485	340172	331	503293	340116	381	502517	339642
232	505597	338957	282	504503	340172	332	503258	340116	382	502525	339635
233	505541	338995	283	504527	340168	333	503216	340123	383	502525	339635
234	505534	339023	284	504541	340161	334	503187	340126	384	502525	339635
235	505516	339055	285	504555	340158	335	503156	340130	385	502521	339611
236	505478	339083	286	504587	340179	336	503103	340112	386	502539	339562
237	505432	339101	287	504604	340207	337	503068	340091	387	502518	339537
238	505376	339122	288	504608	340246	338	503019	340060	388	502493	339502
239	505348	339136	289	504604	340281	339	502977	340042	389	502483	339478
240	505306	339153	290	504580	340309	340	502928	340021	390	502472	339449
241	505285	339181	291	504541	340326	341	502907	340018	391	502472	339432
242	505246	339195	292	504503	340330	342	502882	340000	392	502479	339397
243	505232	339195	293	504461	340330	343	502847	339983	393	502511	339379
244	505225	339207	294	504408	340333	344	502805	339962	394	502532	339369
245	505183	339239	295	504376	340326	345	502777	339951	395	502553	339355
246	505158	339246	296	504345	340312	346	502742	339933	396	502556	339320
247	505137	339281	297	504303	340309	347	502710	339923	397	502525	339267
248	505071	339313	298	504261	340291	348	502682	339912	398	502483	339232
249	505022	339344	299	504243	340284	349	502647	339898	399	502440	339222
250	504980	339369	300	504198	340260	350	502619	339888	400	502402	339204

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
401	502367	339179	451	502300	338411	501	502345	337931	551	501392	337968
402	502335	339155	452	502318	338411	502	502323	337943	552	501375	337968
403	502293	339137	453	502346	338401	503	502293	337945	553	501349	337972
404	502241	339116	454	502377	338383	504	502273	337954	554	501329	337966
405	502181	339095	455	502416	338369	505	502253	337965	555	501313	337954
406	502149	339088	456	502447	338348	506	502241	337966	556	501305	337936
407	502111	339092	457	502465	338334	507	502224	337961	557	501304	337909
408	502076	339088	458	502483	338317	508	502208	337954	558	501302	337882
409	502041	339088	459	502493	338306	509	502194	337941	559	501296	337862
410	502023	339085	460	502518	338275	510	502181	337938	560	501291	337839
411	501988	339074	461	502542	338254	511	502158	337931	561	501286	337825
412	501967	339071	462	502560	338225	512	502147	337923	562	501282	337794
413	501946	339081	463	502577	338215	513	502137	337909	563	501282	337767
414	501893	339088	464	502595	338208	514	502117	337898	564	501287	337746
415	501858	339095	465	502612	338194	515	502115	337880	565	501286	337713
416	501823	339099	466	502626	338169	516	502115	337855	566	501273	337685
417	501802	339116	467	502633	338141	517	502102	337841	567	501248	337665
418	501774	339130	468	502640	338103	518	502090	337810	568	501232	337652
419	501753	339148	469	502661	338068	519	502084	337783	569	501216	337647
420	501746	339134	470	502682	338050	520	502083	337769	570	501198	337647
421	501746	339120	471	502696	338040	521	502054	337758	571	501189	337661
422	501746	339102	472	502721	338019	522	502036	337753	572	501182	337681
423	501764	339067	473	502735	337998	523	502007	337758	573	501173	337708
424	501771	339039	474	502742	337976	524	501973	337764	574	501165	337740
425	501764	339015	475	502735	337952	525	501941	337773	575	501155	337764
426	501767	338983	476	502740	337952	526	501919	337783	576	501142	337782
427	501781	338934	477	502741	337941	527	501885	337805	577	501133	337803
428	501785	338899	478	502747	337925	528	501851	337814	578	501121	337823
429	501799	338867	479	502747	337916	529	501817	337830	579	501106	337844
430	501806	338822	480	502740	337895	530	501790	337844	580	501095	337864
431	501813	338801	481	502725	337875	531	501763	337861	581	501072	337895
432	501827	338752	482	502707	337869	532	501745	337871	582	501056	337913
433	501827	338748	483	502691	337868	533	501733	337887	583	501042	337931
434	501830	338713	484	502673	337873	534	501715	337909	584	501027	337954
435	501827	338671	485	502653	337884	535	501702	337929	585	501027	337955
436	501848	338632	486	502637	337893	536	501682	337948	586	501006	337976
437	501883	338601	487	502625	337891	537	501661	337965	587	500974	337994
438	501907	338583	488	502603	337878	538	501638	337984	588	500925	338019
439	501925	338580	489	502585	337882	539	501627	337993	589	500890	338040
440	501956	338566	490	502567	337882	540	501598	338011	590	500831	338078
441	501992	338552	491	502542	337882	541	501571	338022	591	500775	338110
442	502020	338545	492	502519	337887	542	501555	338020	592	500722	338173
443	502051	338524	493	502504	337896	543	501541	338011	593	500701	338211
444	502079	338503	494	502470	337909	544	501519	338008	594	500676	338254
445	502107	338485	495	502451	337909	545	501508	337993	595	500659	338299
446	502132	338471	496	502429	337918	546	501487	337975	596	500655	338362
447	502163	338453	497	502418	337918	547	501471	337966	597	500655	338408
448	502184	338443	498	502402	337916	548	501449	337963	598	500638	338467
449	502226	338422	499	502384	337920	549	501431	337965	599	500610	338478
450	502255	338418	500	502363	337923	550	501406	337966	600	500568	338460



nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
601	500533	338422	651	499911	338295	701	499257	338172	751	498733	338013
602	500511	338401	652	499878	338304	702	499272	338208	752	498703	338013
603	500473	338394	653	499854	338334	703	499263	338232	753	498658	338034
604	500441	338404	654	499833	338364	704	499242	338232	754	498619	338046
605	500424	338429	655	499818	338393	705	499209	338196	755	498598	338064
606	500406	338443	656	499806	338411	706	499197	338178	756	498559	338091
607	500350	338446	657	499770	338438	707	499179	338160	757	498538	338121
608	500315	338429	658	499758	338453	708	499182	338121	758	498532	338151
609	500298	338415	659	499740	338474	709	499182	338100	759	498511	338184
610	500301	338376	660	499716	338474	710	499173	338073	760	498490	338217
611	500294	338345	661	499701	338459	711	499153	338061	761	498484	338253
612	500277	338313	662	499683	338441	712	499132	338031	762	498481	338277
613	500224	338292	663	499677	338393	713	499105	338025	763	498445	338301
614	500154	338299	664	499677	338364	714	499078	338019	764	498433	338319
615	500129	338334	665	499686	338331	715	499036	338019	765	498421	338343
616	500122	338390	666	499686	338304	716	499018	338031	766	498433	338376
617	500112	338446	667	499677	338277	717	499006	338055	767	498412	338393
618	500112	338489	668	499641	338277	718	499003	338079	768	498388	338393
619	500115	338506	669	499620	338292	719	499000	338112	769	498370	338393
620	500122	338541	670	499602	338304	720	499006	338121	770	498340	338393
621	500126	338573	671	499578	338316	721	499009	338136	771	498325	338399
622	500126	338594	672	499560	338337	722	499003	338145	772	498316	338432
623	500126	338611	673	499545	338352	723	498988	338148	773	498304	338459
624	500126	338632	674	499533	338382	724	498973	338151	774	498265	338483
625	500101	338636	675	499503	338402	725	498964	338151	775	498238	338495
626	500080	338615	676	499482	338411	726	498961	338157	776	498208	338510
627	500063	338594	677	499464	338429	727	498946	338175	777	498175	338525
628	500063	338569	678	499437	338429	728	498931	338187	778	498151	338540
629	500052	338541	679	499419	338414	729	498910	338196	779	498157	338561
630	500052	338524	680	499419	338393	730	498889	338202	780	498160	338591
631	500038	338517	681	499428	338364	731	498868	338211	781	498166	338621
632	500027	338517	682	499422	338337	732	498850	338229	782	498163	338651
633	500007	338519	683	499407	338328	733	498838	338256	783	498163	338690
634	499992	338522	684	499380	338319	734	498817	338277	784	498157	338723
635	499974	338528	685	499365	338292	735	498799	338271	785	498139	338765
636	499968	338537	686	499374	338265	736	498769	338250	786	498130	338786
637	499947	338555	687	499374	338250	737	498763	338250	787	498121	338810
638	499935	338570	688	499359	338241	738	498757	338265	788	498112	338837
639	499914	338567	689	499347	338223	739	498763	338301	789	498118	338846
640	499905	338546	690	499347	338190	740	498742	338286	790	498142	338855
641	499914	338516	691	499365	338154	741	498724	338262	791	498157	338870
642	499941	338489	692	499383	338115	742	498727	338241	792	498154	338888
643	499971	338453	693	499383	338085	743	498745	338220	793	498121	338906
644	499971	338426	694	499368	338055	744	498766	338196	794	498112	338903
645	499974	338399	695	499338	338034	745	498787	338157	795	498103	338906
646	499968	338358	696	499314	338031	746	498793	338124	796	498094	338924
647	499971	338325	697	499281	338040	747	498793	338094	797	498088	338948
648	499968	338295	698	499257	338079	748	498790	338070	798	498076	338969
649	499950	338289	699	499251	338100	749	498781	338040	799	498070	338993
650	499929	338289	700	499257	338133	750	498748	338019	800	498070	339017

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
801	498067	339038	851	498523	337974	901	498889	337217	951	498643	336765
802	498064	339074	852	498526	337958	902	498868	337223	952	498640	336783
803	498061	339101	853	498524	337956	903	498857	337229	953	498635	336806
804	498058	339095	854	498527	337943	904	498845	337232	954	498634	336821
805	498046	339080	855	498530	337922	905	498842	337232	955	498625	336840
806	498046	339065	856	498542	337910	906	498839	337227	956	498613	336860
807	498046	339044	857	498556	337898	907	498832	337212	957	498608	336869
808	498043	339029	858	498568	337880	908	498836	337187	958	498605	336888
809	498031	339020	859	498560	337871	909	498847	337160	959	498595	336905
810	498025	338999	860	498560	337858	910	498850	337148	960	498596	336915
811	498022	338978	861	498562	337844	911	498856	337134	961	498598	336926
812	498022	338951	862	498575	337841	912	498865	337119	962	498598	336944
813	498031	338936	863	498584	337828	913	498872	337094	963	498598	336957
814	498043	338915	864	498602	337814	914	498872	337070	964	498581	336962
815	498040	338900	865	498611	337810	915	498875	337058	965	498569	336972
816	498034	338879	866	498629	337792	916	498880	337028	966	498566	336989
817	498043	338861	867	498635	337777	917	498880	337010	967	498568	336999
818	498040	338840	868	498652	337759	918	498880	336984	968	498572	337013
819	498034	338825	869	498679	337747	919	498884	336963	969	498568	337029
820	498034	338798	870	498692	337739	920	498884	336941	970	498557	337038
821	498046	338771	871	498709	337733	921	498886	336918	971	498545	337047
822	498052	338738	872	498718	337730	922	498884	336891	972	498539	337058
823	498052	338720	873	498724	337723	923	498887	336864	973	498532	337061
824	498061	338702	874	498731	337712	924	498892	336846	974	498521	337053
825	498067	338678	875	498736	337696	925	498898	336831	975	498514	337040
826	498049	338651	876	498742	337676	926	498910	336812	976	498514	337028
827	498052	338618	877	498743	337672	927	498917	336789	977	498514	337025
828	498049	338567	878	498749	337654	928	498919	336764	978	498509	337014
829	498025	338534	879	498760	337636	929	498920	336737	979	498505	336998
830	497998	338516	880	498770	337612	930	498922	336716	980	498503	336983
831	498010	338477	881	498776	337591	931	498925	336684	981	498503	336969
832	498031	338456	882	498775	337565	932	498934	336654	982	498496	336957
833	498058	338426	883	498782	337550	933	498932	336633	983	498493	336945
834	498067	338390	884	498797	337528	934	498914	336621	984	498490	336933
835	498088	338346	885	498794	337531	935	498911	336585	985	498482	336914
836	498112	338337	886	498802	337514	936	498910	336563	986	498476	336884
837	498139	338325	887	498818	337477	937	498901	336548	987	498475	336864
838	498148	338298	888	498832	337447	938	498886	336528	988	498461	336839
839	498160	338262	889	498841	337421	939	498871	336527	989	498458	336818
840	498205	338232	890	498842	337394	940	498850	336539	990	498451	336806
841	498238	338214	891	498848	337372	941	498835	336554	991	498443	336788
842	498274	338193	892	498869	337334	942	498803	336563	992	498439	336773
843	498292	338172	893	498887	337321	943	498782	336581	993	498419	336762
844	498325	338136	894	498899	337298	944	498755	336602	994	498410	336746
845	498358	338118	895	498913	337291	945	498733	336623	995	498394	336726
846	498385	338097	896	498928	337282	946	498725	336642	996	498394	336711
847	498412	338082	897	498923	337255	947	498710	336672	997	498380	336690
848	498448	338055	898	498923	337243	948	498697	336690	998	498371	336672
849	498478	338025	899	498919	337226	949	498676	336710	999	498362	336651
850	498502	337995	900	498905	337217	950	498665	336729	1000	498358	336639

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1001	498355	336621	1051	497583	336675	1101	497989	337559	1151	497509	338316
1002	498350	336599	1052	497580	336689	1102	497994	337583	1152	497509	338322
1003	498352	336578	1053	497595	336707	1103	498001	337613	1153	497497	338340
1004	498343	336557	1054	497604	336728	1104	498012	337640	1154	497491	338349
1005	498325	336540	1055	497620	336746	1105	498021	337655	1155	497473	338367
1006	498316	336528	1056	497626	336752	1106	498019	337669	1156	497464	338382
1007	498308	336506	1057	497628	336768	1107	498006	337682	1157	497461	338402
1008	498298	336481	1058	497622	336782	1108	497997	337699	1158	497458	338417
1009	498293	336460	1059	497622	336803	1109	497994	337717	1159	497458	338441
1010	498280	336430	1060	497622	336833	1110	497980	337751	1160	497458	338459
1011	498266	336410	1061	497625	336852	1111	497968	337771	1161	497473	338480
1012	498254	336394	1062	497626	336873	1112	497965	337780	1162	497473	338498
1013	498233	336383	1063	497628	336887	1113	497956	337804	1163	497464	338522
1014	498218	336377	1064	497635	336903	1114	497946	337822	1164	497455	338546
1015	498205	336356	1065	497641	336917	1115	497935	337829	1165	497437	338567
1016	498195	336344	1066	497641	336924	1116	497916	337838	1166	497416	338558
1017	498166	336329	1067	497644	336938	1117	497899	337840	1167	497419	338537
1018	498154	336320	1068	497649	336947	1118	497877	337849	1168	497413	338510
1019	498141	336307	1069	497655	336950	1119	497866	337852	1169	497401	338492
1020	498117	336292	1070	497656	336952	1120	497848	337852	1170	497398	338483
1021	498082	336284	1071	497661	336967	1121	497829	337852	1171	497383	338462
1022	498060	336265	1072	497680	336989	1122	497811	337859	1172	497368	338432
1023	498022	336259	1073	497688	337012	1123	497799	337874	1173	497359	338411
1024	497980	336262	1074	497697	337031	1124	497773	337880	1174	497362	338396
1025	497944	336281	1075	497710	337039	1125	497751	337888	1175	497359	338379
1026	497913	336293	1076	497727	337046	1126	497733	337898	1176	497353	338367
1027	497889	336308	1077	497731	337061	1127	497713	337912	1177	497344	338355
1028	497853	336331	1078	497751	337087	1128	497713	337926	1178	497338	338334
1029	497835	336361	1079	497748	337106	1129	497707	337940	1179	497338	338310
1030	497827	336386	1080	497767	337126	1130	497704	337950	1180	497344	338283
1031	497815	336416	1081	497784	337153	1131	497704	337950	1181	497356	338262
1032	497811	336436	1082	497802	337175	1132	497695	337962	1182	497332	338244
1033	497805	336457	1083	497823	337192	1133	497689	337974	1183	497311	338232
1034	497797	336479	1084	497841	337214	1134	497668	337986	1184	497293	338238
1035	497809	336497	1085	497866	337246	1135	497662	338004	1185	497281	338244
1036	497824	336510	1086	497883	337276	1136	497650	338028	1186	497231	338253
1037	497809	336533	1087	497899	337294	1137	497638	338049	1187	497198	338256
1038	497791	336549	1088	497922	337312	1138	497632	338064	1188	497186	338241
1039	497776	336566	1089	497947	337333	1139	497629	338073	1189	497174	338232
1040	497766	336585	1090	497953	337358	1140	497614	338094	1190	497150	338232
1041	497761	336597	1091	497967	337375	1141	497599	338118	1191	497135	338247
1042	497745	336608	1092	497977	337390	1142	497596	338130	1192	497126	338259
1043	497722	336609	1093	497982	337408	1143	497578	338157	1193	497123	338259
1044	497703	336609	1094	497995	337418	1144	497566	338175	1194	497087	338268
1045	497691	336611	1095	498000	337430	1145	497539	338217	1195	497084	338283
1046	497670	336618	1096	497995	337459	1146	497533	338235	1196	497075	338298
1047	497650	336635	1097	497991	337477	1147	497530	338250	1197	497060	338310
1048	497638	336639	1098	497991	337495	1148	497530	338271	1198	497057	338316
1049	497608	336653	1099	497988	337519	1149	497527	338289	1199	497045	338319
1050	497598	336656	1100	497986	337540	1150	497515	338307	1200	497042	338337

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1201	497033	338337	1251	496265	337934	1301	495742	337934	1351	495250	337847
1202	497012	338316	1252	496255	337914	1302	495727	337940	1352	495249	337852
1203	497000	338304	1253	496249	337898	1303	495716	337944	1353	495238	337865
1204	496967	338286	1254	496244	337880	1304	495706	337941	1354	495231	337870
1205	496940	338262	1255	496246	337846	1305	495698	337937	1355	495219	337874
1206	496913	338241	1256	496241	337826	1306	495695	337934	1356	495207	337882
1207	496883	338220	1257	496234	337813	1307	495688	337925	1357	495199	337886
1208	496850	338208	1258	496222	337801	1308	495671	337914	1358	495186	337894
1209	496820	338196	1259	496208	337796	1309	495659	337914	1359	495180	337894
1210	496796	338193	1260	496189	337790	1310	495650	337914	1360	495165	337883
1211	496754	338193	1261	496162	337793	1311	495650	337913	1361	495154	337876
1212	496721	338196	1262	496144	337804	1312	495640	337913	1362	495142	337867
1213	496694	338193	1263	496127	337811	1313	495629	337917	1363	495138	337862
1214	496688	338193	1264	496117	337816	1314	495614	337917	1364	495126	337850
1215	496670	338187	1265	496085	337823	1315	495605	337919	1365	495117	337844
1216	496664	338163	1266	496060	337828	1316	495595	337922	1366	495105	337835
1217	496679	338136	1267	496046	337847	1317	495580	337928	1367	495085	337828
1218	496697	338103	1268	496034	337871	1318	495565	337941	1368	495067	337813
1219	496718	338073	1269	496024	337897	1319	495559	337955	1369	495051	337810
1220	496712	338037	1270	496019	337919	1320	495551	337967	1370	495045	337789
1221	496688	338025	1271	496018	337938	1321	495536	337985	1371	495043	337781
1222	496679	338001	1272	496010	337956	1322	495518	337988	1372	495042	337780
1223	496685	337986	1273	496001	337971	1323	495515	337988	1373	495049	337771
1224	496682	337956	1274	495994	337982	1324	495509	337991	1374	495064	337764
1225	496685	337959	1275	495986	337991	1325	495491	337991	1375	495070	337752
1226	496682	337949	1276	495973	337989	1326	495470	337988	1376	495079	337735
1227	496677	337931	1277	495967	337980	1327	495455	337992	1377	495091	337710
1228	496677	337907	1278	495962	337973	1328	495449	337995	1378	495100	337695
1229	496688	337886	1279	495959	337964	1329	495437	337994	1379	495115	337680
1230	496689	337868	1280	495955	337956	1330	495427	338007	1380	495132	337674
1231	496689	337850	1281	495949	337943	1331	495404	338015	1381	495141	337665
1232	496680	337822	1282	495941	337932	1332	495388	338013	1382	495136	337632
1233	496668	337801	1283	495932	337919	1333	495379	337997	1383	495138	337611
1234	496653	337775	1284	495922	337909	1334	495370	337980	1384	495172	337587
1235	496622	337762	1285	495911	337901	1335	495373	337955	1385	495180	337573
1236	496601	337756	1286	495907	337898	1336	495388	337935	1386	495192	337546
1237	496559	337759	1287	495899	337892	1337	495394	337920	1387	495202	337527
1238	496532	337759	1288	495896	337889	1338	495421	337889	1388	495216	337513
1239	496508	337771	1289	495886	337880	1339	495404	337852	1389	495231	337489
1240	496482	337786	1290	495865	337885	1340	495377	337835	1390	495240	337471
1241	496461	337799	1291	495862	337892	1341	495363	337823	1391	495249	337446
1242	496443	337825	1292	495850	337912	1342	495343	337816	1392	495258	337430
1243	496425	337864	1293	495844	337926	1343	495331	337811	1393	495262	337406
1244	496406	337894	1294	495832	337932	1344	495321	337811	1394	495265	337386
1245	496376	337917	1295	495820	337929	1345	495307	337820	1395	495277	337365
1246	496344	337944	1296	495808	337925	1346	495298	337835	1396	495286	337347
1247	496331	337952	1297	495787	337919	1347	495283	337853	1397	495291	337314
1248	496309	337961	1298	495776	337919	1348	495279	337855	1398	495291	337292
1249	496289	337962	1299	495766	337922	1349	495270	337849	1399	495297	337266
1250	496274	337950	1300	495754	337928	1350	495262	337846	1400	495300	337239

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1401	495309	337212	1451	493361	337998	1501	492571	337657	1551	492128	338772
1402	495309	337188	1452	493358	337978	1502	492547	337696	1552	492143	338785
1403	495312	337160	1453	493361	337960	1503	492526	337753	1553	492159	338790
1404	495318	337130	1454	493360	337960	1504	492511	337780	1554	492179	338798
1405	495321	337110	1455			1505	492502	337801	1555	492195	338816
1406	495321	337086	1456	493360	337960	1506	492496	337834	1556	492192	338847
1407	495319	337067	1457	493354	337933	1507	492478	337864	1557	492185	338873
1408	495321	337034	1458	493351	337903	1508	492466	337876	1558	492164	338862
1409	495324	337013	1459	493351	337873	1509	492460	337921	1559	492148	338842
1410	495325	336993	1460	493369	337840	1510	492460	337939	1560	492146	338831
1411	495324	336960	1461	493378	337822	1511	492451	337957	1561	492128	338818
1412	495322	336933	1462	493396	337792	1512			1562	492107	338811
1413	495321	336915	1463	493414	337762	1513	492451	337957	1563	492094	338806
1414	495319	336890	1464	493414	337738	1514	492450	337954	1564	492079	338798
1415	495315	336869	1465	493420	337669	1515	492440	337967	1565	492061	338790
1416	495307	336845	1466	493423	337633	1516	492430	337985	1566	492053	338780
1417	495295	336815	1467	493399	337567	1517	492412	337988	1567		
1418	495286	336795	1468	493396	337531	1518	492370	337978	1568	492053	338780
1419	495271	336783	1469	493381	337492	1519	492342	337988	1569	492054	338780
1420	495255	336774	1470	493381	337456	1520	492321	338001	1570	492046	338769
1421	495243	336764	1471	493366	337427	1521	492316	338011	1571	492029	338766
1422	495232	336762	1472	493345	337418	1522	492308	338029	1572	492018	338747
1423	495217	336761	1473	493315	337436	1523	492298	338052	1573	492007	338724
1424	495198	336770	1474	493309	337462	1524	492285	338078	1574	491987	338699
1425	495186	336780	1475	493291	337492	1525	492275	338096	1575	491962	338680
1426	495174	336797	1476	493267	337516	1526	492252	338112	1576	491937	338660
1427	495163	336812	1477	493255	337522	1527	492234	338138	1577	491923	338649
1428	495156	336824	1478	493225	337546	1528	492223	338150	1578	491912	338615
1429	495150	336828	1479	493207	337564	1529	492213	338166	1579	491909	338582
1430	493299	338630	1480	493189	337597	1530	492185	338176	1580	491904	338554
1431	493301	338602	1481	493165	337618	1531	492161	338174	1581	491904	338520
1432	493309	338579	1482	493153	337633	1532	492130	338181	1582	491901	338489
1433	493322	338540	1483	493108	337657	1533	492130	338194	1583	491895	338447
1434	493343	338499	1484	493087	337648	1534	492133	338212	1584	491887	338422
1435	493345	338447	1485	493054	337624	1535	492136	338246	1585	491876	338364
1436	493345	338413	1486	493030	337609	1536	492141	338277	1586	491853	338333
1437	493348	338372	1487	493012	337603	1537	492148	338297	1587	491834	338324
1438	493350	338334	1488	492988	337597	1538	492143	338344	1588	491797	338288
1439	493345	338295	1489	492949	337600	1539	492136	338398	1589	491769	338257
1440	493338	338269	1490	492934	337624	1540	492125	338426	1590	491744	338224
1441	493330	338254	1491	492898	337651	1541	492112	338468	1591	491713	338187
1442	493327	338241	1492	492868	337681	1542	492102	338504	1592	491683	338168
1443	493325	338212	1493	492841	337690	1543	492094	338535	1593	491666	338154
1444	493325	338187	1494	492826	337690	1544	492087	338558	1594	491655	338137
1445	493325	338158	1495	492796	337639	1545	492094	338581	1595	491630	338112
1446	493327	338132	1496	492775	337615	1546	492110	338625	1596	491613	338104
1447	493327	338104	1497	492742	337597	1547	492112	338659	1597	491571	338078
1448	493340	338081	1498	492712	337588	1548	492115	338677	1598	491551	338067
1449	493358	338050	1499	492652	337600	1549	492118	338713	1599	491523	338042
1450	493361	338029	1500	492622	337618	1550	492123	338738	1600	491512	338020

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1601	491501	337995	1651	490836	338259	1701	488741	335988	1751	489684	339362
1602	491490	337978	1652	490791	338234	1702	488741	336051	1752	489706	339390
1603	491476	337958	1653	490768	338228	1703	488709	336122	1753	489726	339429
1604	491472	337938	1654	490740	338220	1704	488693	336232	1754	489748	339454
1605			1655	490721	338208	1705	488678	336367	1755	489759	339487
1606	491472	337938	1656	490701	338189	1706	488686	336469	1756	489765	339524
1607	491457	337898	1657	490682	338172	1707	488717	336588	1757	489768	339546
1608	491385	337874	1658	490659	338155	1708	488788	336674	1758	489773	339577
1609	491307	337866	1659	490643	338147	1709	488843	336753	1759	489768	339616
1610	491212	337866	1660	490620	338136	1710	488907	336872	1760	489765	339650
1611	491172	337859	1661	490598	338125	1711	488922	337030	1761	489773	339692
1612	491093	337859	1662	490581	338116	1712	488930	337124	1762	489773	339717
1613	491030	337843	1663	490556	338091	1713	488922	337251	1763	489770	339742
1614	490959	337827	1664	490534	338077	1714	488922	337353	1764	489762	339778
1615	490864	337811	1665	490508	338046	1715	488954	337495	1765	489748	339801
1616	490801	337882	1666	490489	338029	1716	488962	337630	1766	489740	339834
1617	490793	337938	1667	490455	338016	1717	488978	337788	1767	489728	339865
1618			1668	490439	337993	1718	488986	337930	1768	489720	339887
1619	490793	337938	1669	490422	337965	1719	489049	338064	1769	489714	339912
1620	490788	337951	1670	490413	337951	1720	489104	338206	1770	489703	339932
1621	490794	337960	1671	490422	337953	1721	489104	338285	1771	489698	339952
1622	490794	337968	1672			1722	489096	338380	1772	489692	339963
1623	490805	337990	1673	490422	337953	1723	489097	338394	1773	489675	339991
1624	490810	338002	1674	490375	337930	1724	489105	338428	1774	489664	340019
1625	490822	338027	1675	490343	337859	1725	489119	338461	1775	489645	340063
1626	490836	338057	1676	490304	337780	1726	489158	338467	1776	489633	340100
1627	490847	338080	1677	490225	337685	1727	489183	338492	1777	489608	340136
1628	490855	338113	1678	490178	337582	1728	489200	338526	1778	489552	340133
1629	490877	338166	1679	490138	337432	1729	489222	338562	1779	489533	340125
1630	490891	338200	1680	490020	337345	1730	489253	338618	1780	489510	340114
1631	490905	338228	1681	489893	337282	1731	489273	338677	1781	489482	340114
1632	490919	338239	1682	489822	337243	1732	489281	338710	1782	489466	340105
1633	490942	338253	1683	489704	337195	1733	489323	338752	1783	489449	340086
1634	490973	338259	1684	489633	337156	1734	489337	338780	1784	489435	340052
1635	490998	338264	1685	489601	337101	1735	489362	338819	1785	489432	340016
1636	491017	338292	1686	489451	337038	1736	489379	338861	1786	489435	339968
1637	491009	338312	1687	489349	336966	1737	489404	338903	1787	489440	339921
1638	490978	338340	1688	489301	336848	1738	489426	338942	1788	489410	339845
1639	490947	338354	1689	489238	336753	1739	489452	338973	1789	489385	339803
1640	490925	338379	1690	489199	336667	1740	489471	338998	1790	489362	339764
1641	490919	338396	1691	489136	336611	1741	489494	339049	1791	489323	339720
1642	490914	338421	1692	489080	336461	1742	489494	339082	1792	489267	339714
1643	490905	338438	1693	489049	336374	1743	489513	339116	1793	489220	339703
1644	490883	338452	1694	489041	336169	1744	489522	339152	1794	489178	339703
1645	490875	338452	1695	488986	336051	1745	489505	339177	1795	489130	339711
1646	490855	338438	1696	488930	335917	1746	489505	339183	1796	489097	339747
1647	490836	338401	1697	488843	335822	1747	489524	339227	1797	489063	339806
1648	490830	338371	1698	488772	335767	1748	489577	339286	1798	489063	339862
1649	490844	338323	1699	488709	335822	1749	489619	339314	1799	489057	339910
1650	490841	338298	1700	488709	335901	1750	489642	339331	1800	489060	339960

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1801	489055	340007	1851	487567	339549	1901	487665	341082	1951	486673	341346
1802	489060	340038	1852	487523	339555	1902	487632	341091	1952	486670	341343
1803	489063	340066	1853	487478	339566	1903	487601	341099	1953	486632	341332
1804	489046	340094	1854	487447	339580	1904	487567	341108	1954	486604	341340
1805	489002	340105	1855	487428	339605	1905	487539	341102	1955	486588	341368
1806	488979	340117	1856	487425	339636	1906	487523	341091	1956	486588	341395
1807	488968	340125	1857	487411	339675	1907	487475	341063	1957	486602	341420
1808	488948	340142	1858	487402	339711	1908	487439	341052	1958	486615	341456
1809	488918	340167	1859	487405	339742	1909	487397	341049	1959	486621	341502
1810	488887	340161	1860	487408	339778	1910	487344	341052	1960	486602	341544
1811	488856	340156	1861	487419	339820	1911	487324	341074	1961	486574	341544
1812	488828	340139	1862	487419	339837	1912	487299	341094	1962	486535	341522
1813	488792	340119	1863	487419	339876	1913	487293	341127	1963	486489	341494
1814	488736	340119	1864	487419	339904	1914	487296	341158	1964	486472	341467
1815	488708	340119	1865	487419	339906	1915	487307	341186	1965	486445	341423
1816	488677	340122	1866	487419	339950	1916	487296	341225	1966	486434	341392
1817	488638	340119	1867	487428	340006	1917	487293	341247	1967	486412	341365
1818	488591	340119	1868	487428	340054	1918	487279	341275	1968	486398	341351
1819	488551	340122	1869	487439	340104	1919	487263	341301	1969	486376	341326
1820	488515	340117	1870	487455	340137	1920	487237	341323	1970	486359	341312
1821	488482	340105	1871	487444	340213	1921	487212	341337	1971	486351	341304
1822	488451	340100	1872	487442	340247	1922	487190	341351	1972	486345	341296
1823	488420	340091	1873	487422	340258	1923	487184	341368	1973	486347	341300
1824	488395	340075	1874	487425	340277	1924	487173	341387	1974	486343	341298
1825	488375	340058	1875	487436	340322	1925	487182	341412	1975	486315	341270
1826	488336	340038	1876	487428	340361	1926	487212	341440	1976	486306	341253
1827	488317	340016	1877	487394	340395	1927	487201	341465	1977	486284	341236
1828	488283	339991	1878	487402	340420	1928	487179	341482	1978	486259	341222
1829	488266	339968	1879	487411	340445	1929	487170	341502	1979	486237	341189
1830	488261	339954	1880	487425	340473	1930	487154	341521	1980	486234	341164
1831	488241	339910	1881	487408	340484	1931	487137	341524	1981	486211	341133
1832	488230	339882	1882	487383	340501	1932	487137	341527	1982	486181	341108
1833	488213	339859	1883	487372	340532	1933	487112	341524	1983	486167	341085
1834	488209	339860	1884	487352	340565	1934	487084	341521	1984	486144	341057
1835	488185	339848	1885	487355	340613	1935	487058	341519	1985	486153	341043
1836	488160	339829	1886	487372	340674	1936	487014	341524	1986	486150	341021
1837	488132	339806	1887	487405	340711	1937	486963	341510	1987	486158	340999
1838	488085	339778	1888	487453	340769	1938	486955	341491	1988	486158	340968
1839	488029	339759	1889	487514	340806	1939	486933	341454	1989	486133	340937
1840	487970	339759	1890	487579	340834	1940	486930	341429	1990	486150	340918
1841	487936	339759	1891	487601	340834	1941	486924	341401	1991	486158	340887
1842	487894	339747	1892	487660	340845	1942	486924	341379	1992	486141	340859
1843	487852	339720	1893	487671	340887	1943	486896	341368	1993	486122	340842
1844	487799	339694	1894	487676	340912	1944	486860	341351	1994	486091	340814
1845	487763	339669	1895	487679	340945	1945	486835	341345	1995	486102	340794
1846	487741	339650	1896	487674	340976	1946	486812	341354	1996	486091	340767
1847	487713	339627	1897	487674	341007	1947	486798	341368	1997	486088	340753
1848	487682	339602	1898	487685	341018	1948	486768	341387	1998	486077	340733
1849	487657	339577	1899	487696	341043	1949	486723	341379	1999	486063	340713
1850	487606	339552	1900	487704	341068	1950	486681	341356	2000	486055	340694

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
2001	486035	340663	2051	485812	339339	2101	483167	336410	2151	482496	336465
2002	486035	340630	2052	485803	339306	2102	483144	336378	2152	482481	336476
2003	486024	340602	2053	485795	339278	2103	483104	336378	2153	482466	336482
2004	486016	340582	2054	485784	339236	2104	483080	336378	2154	482458	336486
2005	486013	340543	2055	485778	339200	2105	483075	336372	2155	482447	336487
2006	486021	340529	2056	485770	339158	2106	483062	336355	2156	482434	336499
2007	486021	340501	2057	485764	339132	2107	483052	336340	2157	482406	336497
2008	486016	340479	2058	485775	339116	2108	483035	336321	2158	482395	336495
2009	485999	340451	2059	485778	339093	2109	483015	336306	2159	482376	336491
2010	485985	340431	2060	485767	339054	2110	482996	336295	2160	482359	336491
2011	485988	340409	2061	485744	339035	2111	482985	336286	2161	482348	336497
2012	485991	340389	2062	485725	339009	2112	482966	336275	2162	482333	336491
2013	485954	340353	2063	485717	339007	2113	482950	336267	2163	482313	336486
2014	485937	340314	2064	485694	339007	2114	482933	336265	2164	482292	336478
2015	485923	340286	2065	485662	338968	2115	482914	336271	2165	482275	336469
2016	485901	340244	2066	485622	338897	2116	482903	336291	2166	482257	336458
2017	485890	340202	2067	485591	338794	2117	482886	336321	2167	482240	336454
2018	485890	340151	2068	485575	338676	2118	482867	336329	2168	482221	336456
2019	485895	340143	2069	485544	338581	2119	482852	336321	2169	482201	336454
2020	485907	340126	2070	485449	338526	2120	482819	336336	2170	482186	336454
2021	485915	340104	2071	485299	338455	2121	482802	336334	2171	482176	336454
2022	485918	340084	2072	485180	338368	2122	482783	336331	2172	482163	336456
2023	485923	340073	2073	485125	338249	2123	482765	336312	2173	482141	336465
2024	485926	340062	2074	485125	338131	2124	482746	336288	2174	482126	336465
2025	485918	340042	2075	485086	338005	2125	482716	336282	2175	482102	336465
2026	485915	340014	2076	485046	337878	2126	482697	336269	2176	482089	336459
2027	485929	340020	2077	484991	337807	2127	482684	336276	2177	482068	336446
2028	485929	339981	2078	484912	337689	2128	482683	336303	2178	482046	336450
2029	485918	339959	2079	484857	337602	2129	482684	336303	2179	482025	336446
2030	485912	339931	2080	484809	337476	2130	482688	336317	2180	482005	336446
2031	485915	339894	2081	484723	337334	2131	482694	336331	2181	481984	336446
2032	485921	339877	2082	484683	337255	2132	482699	336340	2182	481965	336437
2033	485918	339844	2083	484659	337215	2133	482694	336359	2183	481939	336431
2034	485923	339808	2084	484541	337168	2134	482684	336362	2184	481923	336428
2035	485915	339774	2085	484446	337176	2135	482668	336362	2185	481908	336418
2036	485912	339740	2086	484375	337136	2136	482658	336364	2186	481906	336409
2037	485904	339704	2087	484296	337089	2137	482640	336374	2187	481885	336407
2038	485893	339665	2088	484186	337034	2138	482623	336375	2188	481861	336405
2039	485884	339620	2089	484107	336947	2139	482608	336372	2189	481838	336403
2040	485884	339576	2090	484004	336884	2140	482602	336359	2190	481818	336402
2041	485873	339556	2091	483925	336813	2141	482600	336362	2191	481799	336400
2042	485873	339550	2092	483807	336757	2142	482591	336377	2192	481782	336394
2043	485873	339548	2093	483744	336702	2143	482589	336388	2193	481773	336387
2044	485873	339546	2094	483649	336670	2144	482574	336407	2194	481747	336381
2045	485868	339527	2095	483530	336655	2145	482561	336420	2195	481728	336381
2046	485862	339499	2096	483451	336623	2146	482544	336428	2196	481706	336374
2047	485856	339468	2097	483357	336568	2147	482539	336428	2197	481706	336381
2048	485851	339437	2098	483286	336528	2148	482522	336437	2198	481719	336390
2049	485840	339406	2099	483238	336473	2149	482520	336437	2199	481710	336402
2050	485823	339367	2100	483191	336442	2150	482507	336456	2200	481695	336396




---

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
2201	481678	336396	2251	481411	336870
2202	481657	336388	2252	481405	336883
2203	481639	336385	2253	481405	336906
2204	481618	336379	2254	481407	336923
2205	481599	336379	2255	481409	336937
2206	481583	336377	2256	481413	336947
2207	481564	336379	2257	481416	336964
2208	481553	336377	2258	481424	336979
2209	481530	336375	2259	481430	336992
2210	481508	336381	2260	481435	337007
2211	481491	336388	2261	481437	337020
2212	481478	336398	2262	481437	337029
2213	481471	336402	2263	481444	337044
2214	481456	336403	2264	481454	337053
2215	481448	336416	2265	481458	337063
2216	481458	336430	2266	481463	337072
2217	481463	336439	2267	481463	337081
2218	481476	336444	2268	481467	337094
2219	481480	336465	2269	481474	337096
2220	481489	336478			
2221	481493	336499			
2222	481501	336514			
2223	481504	336527			
2224	481512	336536			
2225	481499	336555			
2226	481489	336562			
2227	481484	336577			
2228	481463	336571			
2229	481452	336571			
2230	481437	336577			
2231	481443	336594			
2232	481443	336607			
2233	481437	336620			
2234	481430	336622			
2235	481418	336644			
2236	481413	336657			
2237	481402	336676			
2238	481383	336672			
2239	481375	336678			
2240	481372	336687			
2241	481370	336698			
2242	481366	336713			
2243	481372	336728			
2244	481377	336743			
2245	481392	336762			
2246	481403	336781			
2247	481411	336797			
2248	481416	336809			
2249	481416	336831			
2250	481413	336848			




## FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**
- IV. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd**  
*Sjá bls. 343*



## -Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur



ndumörk.  
 (afa).  
 nglamyndum og loftmyndum  
 nu óbyggðanefndar,  
 nni gagna.



Mörk þjóðlendu, skv. úrskurði  
 óbyggðanefndar  
 Mörk afréttareignar innan þjóðlendu  
 skv. úrskurði óbyggðanefndar  
 Landamerkjapunktur.

Dags. 9.12.2004  
 Kortgrunnur ISSÖR  
 Mælikvarði: 1:100 000

Kortagerð: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur  
 © Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02030013

## II. Aðilaskrá

Þjóðlundur  
 Álftagróf með Keldudal  
 Breiðahlíð  
 Breiðahlíð  
 Breiðahlíð  
 Eyjarhóll  
 Eystri-Sólheimar  
 Eystri-Sólheimar  
 Eystri-Sólheimar  
 Eystri-Sólheimar  
 Eystri-Sólheimar  
 Fell  
 Fjósar  
 Fjósar  
 Hjörleifshöfði  
 Hjörleifshöfði  
 Hjörleifshöfði  
 Holt  
 Holt  
 Höfðabrekka  
 Höfðabrekkuafréttur  
 Kaldrananes  
 Kaldrananes  
 Kaldrananes  
 Kerlingadalur I  
 Kerlingadalur I  
 Kerlingadalur II  
 Kerlingadalur II  
 Kerlingadalur II  
 Neðridalur  
 Neðridalur  
 Reynisbrekka  
 Sólheimahjáleiga  
 Sólheimahjáleiga  
 Sólheimahjáleiga  
 Sólheimahjáleiga  
 Stóra-Heiði  
 Stórhöfði  
 Stórhöfði  
 Stórhöfði  
 Stórhöfði  
 Stórhöfði  
 Stórhöfði  
 Stórhöfði

Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins  
 Ríkissjóður Íslands  
 Matthildur Ólafsdóttir  
 Ólöf Ólafsdóttir  
 Valborg Stefánsdóttir  
 Rósa Haraldsdóttir  
 Hildigunnur Þorsteinsdóttir  
 Kristín Þorsteinsdóttir  
 Ólafur Þorsteinsson  
 Sigríður Þorsteinsdóttir  
 Sigrún R. Þorsteinsdóttir  
 Ríkissjóður Íslands  
 Birna K. Pétursdóttir  
 Ólafur Gunnarsson  
 Áslaug Kjartansdóttir  
 Halla Kjartansdóttir  
 Þórir Kjartansson  
 Guðjón Harðarson  
 Hörður Þorsteinsson  
 Jóhannes Kristjánsson  
 Mýrdalshreppur  
 Einar Sverrisson  
 Elsa Guðbjörg Vilmundardóttir  
 Pálmi Lárusson  
 Andrés Pálmason  
 Karl Pálmason  
 Bára Andrésdóttir  
 Hildur Andrésdóttir  
 Pálmi Andrésón  
 Sigríður Hjaltadóttir  
 Þórir Sturla Ragnarsson  
 Reynir Ragnarsson  
 Einar Þorsteinsson  
 Eyrún Sæmundsdóttir  
 Gróa Þorsteinsdóttir  
 Jón Hallgrímsson  
 Hermann Árnason  
 Bergur Eliásson vegna Péturseyjar II  
 Einar Einarsson vegna Valla  
 Eyjólfur Sigurjónsson vegna Péturseyjar I  
 Guðmundur Eliásson vegna Péturseyjar III  
 Guðjón Harðarson vegna Nykhóls  
 Hrönn Lárusdóttir vegna Péturseyjar II  
 Hörður Þorsteinsson vegna Nykhóls

---

Stórhöfði	Rósa Haraldsdóttir vegna Eyjarhóls
Stórhöfði	Sigurbjörg G. Tracey vegna Valla
Stórhöfði	Sigurjón Eyjólfsson vegna Péturseyjar I
Stóri-Dalur	Ásbjörn Jónsson
Stóri-Dalur	Dánarbú Ragnars F. Jónssonar
Ytri-Sólheimar I	Andrína Guðrún Erlendsdóttir
Ytri-Sólheimar I	Benedikt Bragason
Ytri-Sólheimar II	Einar Guðni Þorsteinsson
Ytri-Sólheimar III	Tómas Ísleifsson
Ytri-Sólheimar III A	Hildigunnur Þorsteinsdóttir
Ytri-Sólheimar III A	Kristín Þorsteinsdóttir
Ytri-Sólheimar III A	Ólafur Þorsteinsson
Ytri-Sólheimar III A	Sigríður Þorsteinsdóttir
Ytri-Sólheimar IV	Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Ytri-Sólheimar IV	Þróstur Óskarsson
Ytri-Sólheimar V	Einar Þorsteinsson
Ytri-Sólheimar V	Eyrún Sæmundsdóttir
Ytri-Sólheimar VI	Óskar Sigurður Þorsteinsson

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Mýrdalshreppi (mælikvarði 1:50 000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5) Máldagi Mariukirkju í Miðbæli undir Eyjafjöllum 1371.
- 1(6) Skoðunargerð Skammadals 1847 og 1857.
- 1(7) Lýsing landamerkjia Fagradals, ódags.
- 1(8) Dómur um Dyrhólaey 1448. Úr íslensku fornbréfasafni IV. bindi, bls. 761-764.
- 1(9) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 4.3.2003.
- 1(10) Breyting á kröfugerð í Mýrdal, dags. 1.6.2004.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### *Landamerkjabók Skaftafellssýslu:*

- 2(1) Fagridalur í Mýrdal, dags. 10.6.1883.
- 2(2) Vík í Mýrdal, dags. 21.6.1883.
- 2(3) Mörk afrétta Ytri-Skóga (Skógafjalls) og Ytri-Sólheima (Hvítmögu), dags. 14.6.1885.
- 2(4) Pétursey og Eystri-Sólheimar í Mýrdal, dags. 13.6.1884.
- 2(5) Pétursey og Fell í Mýrdal, dags. 24.3.1886.
- 2(6) Giljur í Mýrdal, dags. 17.6.1885.
- 2(7) Skagnes í Mýrdal, dags. 10.6.1890.
- 2(8) Norður- og Suðurhammur í Mýrdal, dags. 25.6.1888.
- 2(9) Norður- og Suðurgötur í Mýrdal, dags. 10.6.1890.
- 2(10) Höfðabrekka í Mýrdal, dags. 6.2.1887.
- 2(11) Kerlingardalur í Mýrdal, dags. 28.6.1890.
- 2(12) Kerlingardalur - Hjörleifshöfði, fjörumörk, dags. 22.6.1890.
- 2(13) Dalajarðir: Breiðahlíð, Stóridalur, Neðridalur, Fjós og Kaldrananes, dags. 2.6.1883.
- 2(14) Eystri-Sólheimar í Mýrdal. Tvö bréf, dags. 16.6.1890 og 4.1.1886.
- 2(15) Pétursey í Mýrdal, dags. 1.4.1888.
- 2(16) Fell og Holt í Mýrdal. Tvö skjöl, dags. 13.6.1908 og 1.11.1897.
- 2(17) Holt, Keldudalur og Álftagróf í Mýrdal, dags. 12.1.1908.
- 2(18) Fell, Holt og Álftagróf í Mýrdal, dags. 12.9.1909.
- 2(19) Holt, Keldudalur og Álftagróf í Mýrdal, dags. 1.6.1921.
- 2(20) Steig í Mýrdal, dags. 20.12.1921.
- 2(21) Stórhöfði, afréttarland Péturseyjar í Mýrdal, dags. 1.7.1922.
- 2(22) Eystri-Sólheimar og Pétursey í Mýrdal, dags. 1.6.1924.
- 2(23) Stóra-Heiði, Litla-Heiði og Kárhólmi í Mýrdal, dags. 20.5.1921.
- 2(24) Höfðabrekka í Mýrdal, dags. 10.4.1954.
- 2(25) Mörk Gilja og Skammadals eru á lausu blaði í landamerkjabók), dags. 15.3.1923.
- 2(26) Brekkur, Ás, Álftagróf, Keldudalur og Holt í Mýrdal, dags. 30.9.1956.
- 2(70) Mörk milli Fagradals og Bólstaðar, dags. 10.6.1883.
- 2(73) Foss í Mýrdal, dags. 25.6.1889.



- 2(87) Brekkna í Mýrdal, dags. 21.4.1887.  
 2(88) Reynishverfi (Bólstaður þar með) í Mýrdal, dags. 20.4.1883.  
 2(89) Hvoll í Mýrdal, dags. 1.6.1921.  
 2(111) Hraunbær, dags. 13.5.1886.  
 2(112) Holt, lesið á manntalsþingi 21.6.1886.  
 2(113) Herjólfstaðir, dags. lesið á manntalsþingi 21.6.1886.  
 Skjal nr. 15(2) fellur einnig undir flokkinn landamerkjabréf.

*Landskipti:*

- 2(86) Landskipti milli Péturseyjarjarða, Nikhóls og Eyjahóla, dags. 27.7.1949, og yfirlandskipti milli sömu jarða, dags. 30.5.1950.

*Skjöl úr skjalasafni landfógeta sem varða Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir í Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(27) Umfjöllun um Fell í „Skoðun á Þykkvabæjarklaustri, Kirkjubæjarklaustri og Flögugarðum 1769“. (Landf. XXIII, 6)  
 2(28) Umfjöllun um Hjörleifshöfða í „Skoðun á Þykkvabæjarklaustri, Kirkjubæjarklaustri og Flögugarðum 1769“. (Landf. XXIII, 6)  
 2(29) Síða Fells í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7)  
 2(30) Síða Hjörleifshöfða í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7)  
 2(83) Lýsing Þorsteins Bjarnasonar á Vestur-Skaftafellssýslu og klaustrajörðunum, gerð á Mýrum í Álftaveri 17.6.1773. Þar eru m.a. nefndar jarðirnar Hjörleifshöfði og Fell. (Landf. XXIII, 3)

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 2(31) Afsal Lofts Guðmundssonar fyrir Hjörleifshöfða, dags. 5.4.1841, ásamt óstaðfestri uppskrift. Skaft. DB/1 nr. 117. Efnisútdráttur í skilabréfi Þjóðskjalasafns (liður C nr. 159).  
 2(32) Skipti úthaga Höfðabrekku milli Eystri- og Vestri-Höfðabrekku, dags. 1.4.1661. Skjalið þinglesið 12.5.1896. Skaft. DB/3 nr. 306.  
 2(33) Leigusamningur um Höfðabrekkuháls, upprekstur að hálfu í afrétt að sumarlagi m.m., dags. 9.11.1916. Skaft. DB/5 nr. 327.  
 2(34) Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu leigir af Þorsteini Einarssyni áfanga fyrir sauðfé í Höfðabrekkulandi, Háfell að austan, milli Háfellsklappa, 31.12.1923. Skaft. DB/6 nr. 286.  
 2(35) Kaupsamningur milli Lofts Jónssonar og Þorsteins Einarssonar um Höfðabrekku og afsal 28.5.1922. Skaft. DB/7 nr. 136.  
 2(36) Einar Þorsteinsson kaupir hluta úr Kerlingardal 28.10.1806. Skaft. DB/1 nr. 9. Efnisútdráttur í skilabréfi Þjóðskjalasafns (liður C nr. 112).  
 2(37) Páll Ólafsson kaupir Kárhólma af ráðherra, 2.5.1916. Skaft. DB/5 nr. 285.  
 2(38) Páll Ólafsson kaupir Litlu-Heiði af kirkjustjórninni, 25.1.1904. Skaft. DB/4, nr. 162.  
 2(39) Sættargerð um Stórhöfða milli ábúenda Péturseyjar og eiganda Keldudals þar sem Keldudalseigandi afsalar sér öllu tilkalli til Stórhöfða, 22.6.1922. Skaft. DB/4, nr. 323.

- 2(40) Sátt um „rétt eigenda Hvols (í Mýrdal) til lambauppreksturs í Hvítmögu, þannig að hálf Hvítmaga skuli talin tilheyra eigendum Hvols“. 21.4.1900. Skaft. DB/4, nr. 22.
- 2(41) Önnur sættargerð um rétt eigenda Hvols til lambauppreksturs í Hvítmögu, 21.4.1900. Skaft. DB/4, nr. 43.
- 2(42) Eigendur Hvols í Mýrdal afsala sér ítaki til uppreksturs í Hvítmögu gegn slægjuítaki í Sólheimamýri í Hvolslandi, 5.7.1922. Skaft. DB/6, nr. 171.
- 2(43) Fell „med alle de denne Jord fra Arilds Tid, tilhørende og lovmæssigen tilkommende Rettigheder og Herligheder“ lagt til prestsseturs í Sólheimaþingum með stiftamt-mannsbréfi frá 9.10.1838 í staðinn fyrir jörðina Götur. Skaft. DB/1, nr. 73.
- 2(92) Veðbókarregistur Hjörleifshöfða. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(93) Veðbókarregistur Höfðabrekku. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(94) Veðbókarregistur Kerlingardals. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(95) Veðbókarregistur Kárhólma. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(96) Veðbókarregistur Litlu-Heiðar. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(97) Veðbókarregistur Stóru-Heiðar. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(98) Veðbókarregistur Fjóss. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(99) Veðbókarregistur Breiðuhlíðar. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(100) Veðbókarregistur Stórads. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(101) Veðbókarregistur Neðridals. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(102) Veðbókarregistur Kaldraness. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(103) Veðbókarregistur Péturseyjar. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(104) Veðbókarregistur Sólheimahjáleigu. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(105) Veðbókarregistur Eystri-Sólheima. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(106) Veðbókarregistur Ytri-Sólheima. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(107) Veðbókarregistur Holts. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(108) Veðbókarregistur Álftagrófar. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(109) Veðbókarregistur Keldudals. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.
- 2(110) Veðbókarregistur Fells. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.

*Jarðamatsgögn:*

- 2(44) a-b Umfjöllun um jarðir í Dyrhólahreppi (bls. 3-7, 13-18, 26-29) í jarðamati 1804, ásamt skýringum og uppskriftum (að hluta).
- 2(45) Umfjöllun um jarðir í Dyrhólahreppi í jarðamati 1849-1850 (gerðabók jarðamats-nefnda Vestur-Skaftafellssýslu, bls. 51-54, 61-68, 75-82), ásamt óstaðfestri uppskrift.
- 2(46) Umfjöllun um jarðir í Hvamshreppi og Dyrhólahreppi í fasteignamati 1916-1918 (Undirmat. Gerðabók fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, bls. 167-180, 185, 205-225, 269-270, 273-288).
- 2(84) a-b Umfjöllun um jarðir í gerða- og yfirmatsbók 1849-1850, ásamt uppskrift af því helsta.

*Vísitásiubækur biskupa:*

- 2(47) a-b Vísitasía að Höfðabrekku 1641, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8)
- 2(48) a-b Vísitasía að Sólheimum 1648, ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8)
- 2(49) a-b Vísitasía að Sólheimum 1749, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(50) a-b Vísitasía að Höfðabrekku 1749, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(51) a-b Vísitasía að Höfðabrekku 1677, ásamt uppskrift að hluta.

*Skjalasöfn presta og prófaste í Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(52) a-b Landamerki Höfðabrekku og Kerlingardals, 28.2.1627, ásamt uppskrift. (Kirkjustóll Höfðabrekku).
- 2(53) a-b Um Niðursetning Höfðabrekku 1743, ásamt uppskrift. Samningur um fjörumörk Höfðabrekku og Hjörleifshöfða frá 4.11.1713, ásamt uppskrift að hluta. (Kirkjustóll Höfðabrekku).
- 2(54) a-b Vísitása Finns Jónssonar á Höfðabrekku 1768, ásamt uppskrift að hluta. (Kirkjustóll Höfðabrekku).
- 2(55) a-b Niðursetning Kerlingardals 1758, ásamt uppskrift að hluta. (Kirkjustóll Höfðabrekku).
- 2(56) a-b Mat á Höfðabrekku 1756, ásamt uppskrift að hluta. (Kirkjustóll Höfðabrekku).
- 2(57) a-b Lögfesta Ytri-Sólheima 1789, ásamt uppskrift að hluta. (Sólheimaskjöl).
- 2(58) a-b Vitnisburður um ítök Ytri-Sólheima 1792, ásamt uppskrift. (Sólheimaskjöl).
- 2(59) a-b Yfirlýsingar um Sólheimaland vestan Jökulsár 1799, ásamt uppskrift. (Sólheimaskjöl).

*Dóma- og þingabækur:*

- 2(60) a-b Forboð Kerlingardalsmanna gegn fjárrekstri í Koltungur 1831, ásamt uppskrift.
- 2(61) a-b Úr dóma- og þingbók Skaftafellssýslu 1842-1870:  
Lögfesta fyrir Dalajörðum lesin á þingstað í Dyrhólahreppi, 6.6.1849 (inntak ekki skráð í þingbók).  
Gjafabréf fyrir hluta úr Eystri-Sólheimum lesið á manntalsþingi í Loftsalahelli 12.6.1854 (inntak ekki skráð í þingbók).  
Lögfesta fyrir Holti í Mýrdal lesin á manntalsþingi í Loftsalahelli 19.6.1856 og henni mótmælt (inntak ekki skráð í þingbók). Uppskrift að hluta fylgir með.  
Áreið á Höfðabrekkuand, 22.6.1864, til að meta skemmdir eftir Kötluhlaup. Uppskrift að hluta fylgir með.
- 2(62) a-b Landaprætumál milli Fells og Holts og Álftagrófar í Mýrdal 1866, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(63) Fyrirtökur í ágreiningsmáli milli eigenda Ytri-Sólheima og Hvals í Mýrdal um af-réttarlandið Hvítmögu, dags. 9.4.1897, 24.9.1897, 20.5.1898, 13.6.1898, 21.4.1900.
- 2(64) Fyrirtökur í Hvítmögumáli milli Ytri-Sólheima og Hvals, 19.11.1887, 30.6.1888, 29.9.1888.
- 2(65) Fyrirtökur í ágreiningsmáli um landamerki Fells og Holts í Mýrdal, 18.3.1891, 19.3.1891, 28.6.1892, 29.6.1892.
- 2(66) Fyrirtökur í ágreiningsmáli um landamerki Fells og Holts í Mýrdal, 1.7.1896, 27.7.1896.
- 2(67) Fyrirtökur í ágreiningsmáli um fylaveiði í Stórhöfða, afreitarlandi Péturseyjar, dags. 23.8.1906, 4.10.1906, 24.3.1908, 22.6.1908.  
Efnisútdráttur í skilabréfi Þjóðskjalasafns (liður G nr. 218).
- 2(68) a-b Þingsvitni um merki Fells og Holts í Mýrdal 1839, ásamt uppskrift.
- 2(85) Samþykkt hreppsnefndar Hvammshrepps um upprekstrarmál, dags. 26.11.1923.
- 2(91) a-b Dómur sýslumanns um upprekstur í Koltungur, dags. 26.6.1797, ásamt uppskrift.

*Umboðsskjöl úr Vestur-Skaftafellssýslu (Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustur og Flögugarðir):*

- 2(69) a-b Úttekt Hjörleifshöfða 1831, ásamt uppskrift. (Klaustrajarðir IV, 2. Úttektabók 1818-1842).
- 2(71) a-b Úttekt Hvals í Mýrdal 1857, ásamt uppskrift. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).
- 2(72) a-b Úttekt Nyrzta Hvals 1845, ásamt uppskrift. (Klaustrajarðir IV, 4. Úttektabók 1838-1847).

*Jarðaskjöl úr Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(74) Landamerki Eystri-Sólheima og Péturseyjar. (Jarðaskjöl Skaftafellssýslu og aukadómsmálalabók Skaftafellssýslu 1854-1870 (Skaft. VI, 3)).
- 2(75) Vitnisburðir um Stórhöfða, afrétt Péturseyjarmanna, frá árinu 1905: Vitnisburður Markúsar Loftssonar, 24.6.1905. Vitnisburður Einars Árnasonar, 16.6.1905. Vitnisburður Finnboga Einarssonar, 17.6.1905.

*Brauðamöt úr skjalasöfnum biskups og íslensku stjórnardeildarinnar:*

- 2(76) Lýsing á jörðinni Stóruheiði í skýrslu um Reynisþing vegna brauðamats 1855. (Bps. C. V, 52 B).
- 2(77) Lýsing á jörðinni Felli í skýrslu um Sólheimaping vegna brauðamats 1855. (Bps. C. V, 52 B).

*Sáttabækur:*

- 2(78) a-b Fell, Holt og Álftagróf í Mýrdal. (Sáttabók Dyrhólahrepps 1863-1915). Uppskrift fylgir.
- 2(79) a-b Ytri- og Eystri-Sólheimar. (Sáttabók Dyrhólahrepps 1863-1915). Uppskrift fylgir.
- 2(80) a-b Fell og Holt í Mýrdal. (Sáttabók Dyrhólahrepps 1863-1915). Uppskrift fylgir.
- 2(81) a-b Fell, Holt og Álftagróf í Mýrdal. (Sáttabók Dyrhólahrepps 1863-1915). Uppskrift fylgir.
- 2(82) a-b Deila Sólheimamanna og Hvolsbónda um Hvítmögu. (Sáttabók Dyrhólahrepps 1863-1915). Uppskrift fylgir.
- 2(90) a-b Sáttargerð um upprekstur í Hvítmögu, dags. 4.10.1865, ásamt uppskrift.
- 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 26.4.2001.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 17.10.2003.

*Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni:*

- 4(1) Máldagi Þykkvabæjarklausturs í Álftaveri, 1340. Fram kemur að klaustrið átti jörðina Heiði (2. b., bls. 737-740).
- 4(2) Máldagi Mariukirkju á Reyni í Mýrdal [1340]. Fram kemur að kirkjunni á Heiði var þjónað frá Reyni (2. b., bls. 741-742).
- 4(3) Máldagi Þykkvabæjarklausturs, 1523/1526. Fram kemur að klaustrið átti jarðirnar Heiði og Fell (9. b., bls. 189-192).
- 4(4) Máldagar Nikulásarkirkju í Keldudalsholti (Keldudal) og Mariukirkju á Sólheimum [1179]. Fram kemur að kirkjunum í Keldudalsholti og á Felli var þjónað frá Sólheimum (1. b., bls. 251-252).
- 4(5) Máldagi kirkjunnar á Ytri-Sólheimum [1340] (2. b., bls. 742-743).
- 4(6) Máldagi Kirkjubæjarklausturs, 1397. Fram kemur að klaustrið átti m.a. jarðirnar Dal, Heiði og Fell (4.b., bls. 238-239).
- 4(7) Dómar um eignir og innstæður kirkjunnar á Sólheimum, 1537-1538 (10. b., bls. 96-97, 328-329, 352-353).
- 4(8) Sjá skjal nr. 4(4).
- 4(9) Skrá yfir kirkjur frá um 1200. Fram kemur að kirkjur voru þá m.a. að Höfðabrekku, í Eyjunni há (Pétursey) og á Sólheimum hinum vestri (12. b., bls. 5).
- 4(10) Máldagi kirkjunnar á Sólheimum frá um 1570 (15. b., bls. 706-707).

- 4(11) Vitnisburðir um kaup á jörðunum Brú á Jökulsdal og Sólheimum, 1512 og 1521 (8. b., bls. 368 og 773).
- 4(12) Kaupbréf um jörðina Brú á Jökulsdal og hálf þrettánda hundrað í Ytri-Sólheimum, 1500/1501 (7. b., bls. 527-528).
- 4(13) Kristín Þórarinsdóttir fær syni sínum, sr. Sigmundi Guðmundssyni, umboð fyrir öllum þeim peningum sem hún mætti eiga eftir foreldra sína á Sólheimum, 1520/1521 (8. b., bls. 744-745).
- 4(14) Kristín Þórarinsdóttir lætur son sinn fá hálf þrettánda hundrað í jörðinni Sólheimum ytri gegn 10 hundruðum í Ystaskála undir Eyjafjöllum, 1499 (7. b., bls. 432-433).
- 4(15) Erfðaskrá (testamentum) og skiptabréf Eyjólfssonar í Dal undir Eyjafjöllum, 1558. Skipt er m.a. jörðunum Höfðabrekku og Kerlingardal (13. b., bls. 323-327).
- 4(16) Kaupmáli Einarssonar og Vilborgar Bjarnadóttur, 1562/1563. Einar fær til eignar jarðirnar Höfðabrekku og Kerlingardal (13. b., bls. 758-759).
- 4(17) Mál dagar kirknanna að Höfðabrekku, Kerlingardal og Dal frá um 1570 (15. b., bls. 703-704).
- 4(18) Kaupbréf um jarðirnar Fellsmúla á Landi, Höfðabrekku og Kerlingardal í Mýrdal, 1375 (3. b., bls. 291-293).
- 4(19) Mál dagi Ólafskirkju á Höfðabrekku [1340] (2. b., bls. 741).
- 4(20) Ögmundur ábóti Pálsson í Viðey selur, í umboði Árna ábóta í Veri, Snorra djákna Hjálmsyni 20 hundruð í jörðinni Pétursey, 1519 (8. b., bls. 701).
- 4(21) Skiptabréf eftir Pál lögmann Vigfússon, 1570. Til skipta komu m.a. 20 hundruð í jörðinni Pétursey (15. b., bls. 407-408).
- 4(22) Kaupbréf frá 1563: Páll lögmaður Vigfússon kaupir af Guðmundi Þorsteinssyni 10 hundruð í jörðinni Ey (Pétursey) (14. b., bls. 164-165).
- 4(23) Úrskurðarbréf Guðmundar lögmanns Sigurðarsonar um rekamörk milli Hornafjarðar og Hjörleifshöfða [1329] (2. b., bls. 641-642).
- 4(149) Mál dagi kirkjunnar að Miðbæli um 1570 (ÍF 15.b., bls. 672).
- 4(150) Mál dagi kirkjunnar að Miðbæli um 1332 (ÍF 2.b., bls. 678-679).
- 4(151) Mál dagi kirkjunnar að Miðbæli um 1371 (ÍF 3.b., bls. 260).
- Skjöl nr. 1(5) og 1(8) falla einnig undir flokkinn Mál dagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni.

*Fasteigna og jarðamöt:*

- 4(24) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 6-19).
- 4(25) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 6-9).
- 4(26) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 206-216).
- 4(27) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 107-110).
- 4(28) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 61-63).
- 4(39) Fasteignabók I, 1957. Rv. 1956-57 (bls. 314-318).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(29) Fjallskil samþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 174/1992. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1992. B-deild, bls. 380-386).
- 4(30) Fjallskil samþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 245/1965. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968. B-deild, bls. 518-525).
- 4(31) Reglugjörð um breyting á reglugjörð frá 26.9.1929 um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. (Ákvæði, sem gilda aðeins fyrir Hvammshrepp), nr. 66/1929. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1929. B-deild, bls. 197).
- 4(32) Reglugjörð um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafells-

sýslu frá 6. júlí 1899, nr. 122/1916. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1916. B-deild, bls. 291-292).

- 4(33) Reglugjörð um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 6. júlí 1899, nr. 103/1913. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 181-182).
- 4(34) Almenn reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 78/1899. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 100-107).
- 4(35) Fjallskilaákvæði fyrir Vesturskaftafellssýslu, nr. 100/1897. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 163).

*Jarðabréf:*

- 4(36) Jarðir Kirkjubæjarklausturs í byrjun 18. aldar. (Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. b., bls. 442-466).
- 4(38) Kaupbréf fyrir Keldudal og Kaldrananes, dags. 6.11.1680. (Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. 1993. bls. 82).

*Manntal:*

- 4(37) Manntal á Íslandi árið 1703. Dyrhólahreppur. Bls. 451-460.

*Alþingisbækur Íslands:*

- 4(42) Yfirlýsing séra Árna Gíslasonar um að hann hefði lofað Einari Eyjólfssyni eldra að selja honum 12 hundruð og 3 aura í jörðinni Stærri-Sólheimum og Einari Eyjólfssyni yngra 12 hundruð og 6 aura í sagðri jörð, Sólheimum, 1586, (2. b., bls. 80).
- 4(43) Yfirlýsing Eiríks Jakobssonar um að hann eigi forkaupsrétt að nokkrum jörðum, m.a. þeim 5 hundruðum sem Guðrún Halldórsdóttir ætti í Breiðahlíð í Mýrdal, 1589 (2. b., bls. 138).
- 4(44) Landamerkjagerð milli jarðanna Ytri-Sólheima og Eystri-Sólheima, dags. 26.8.1573 (1. b., bls. 159-160).
- 4(45) Dómur um jörðina Keldudal í Mýrdal (hvort framsal hennar hefði verið löglegt), 1574 (1. b., bls. 239-240).
- 4(46) Jón Bárðarson býður upp jarðarparta í Kaldaðarnesi, 1649 (6. b., bls. 254).
- 4(47) Kaupbréf Helgu Jónsdóttur fyrir 8 ½ hundraði í Pétursey í Mýrdal, 1705 (9. b., bls. 358).
- 4(48) Ósátt og brigð Magnúsar Ísleifssonar lögréttumanns á 10 hundruðum í jörðinni Neðradal í Mýrdal, 1706 (9. b., bls. 401).
- 4(49) Ósátt og brigð Ísleifs Einarssonar sýslumanns á 10 hundruðum í Pétursey í Mýrdal, 1707 (9. b., bls. 461).
- 4(50) Pantsetning Jóns Þorsteinssonar sýslumanns á eignar- og ábýlisjörð sinni, Sólheimum í Mýrdal, 1727 (11. b., bls. 424).
- 4(51) Kaupbréf Bjarna Eiríkssonar fyrir 10 hundruðum í Neðradal í Mýrdal og ósátt sr. Bjarna Þorleifssonar á þessum kaupgjörningi, 1721 (11. b., bls. 47-48).
- 4(52) Pantsetning á 26 hundruðum í Sólheimum, 1741 (13. b., bls. 54).
- 4(53) Sr. Magnús Oddsson selur Vigfúsi Gunnarssyni eign sína Haga í Holtamannahreppi fyrir 9 hundruð í jörðinni Eystri-Sólheimum í Mýrdal og 6 hundruð og 80 álnir í jörðinni Torfastöðum í Fljótshlíð, 1742 (13. b., bls. 110).
- 4(54) Kaupbréf fyrir jörðinni Breiðuhlíð í Mýrdal, 1743 (13. b., bls. 178).
- 4(55) Kaupbréf fyrir 24 hundruðum í jörðinni Ytri-Sólheimum í Mýrdal, 1745 (13. b., bls. 281).

- 4(56) Þrjú kaupbréf fyrir Ytri-Sólheimum í Mýrdal, 1747 (13. b., bls. 367).
- 4(57) Eignalýsing Brynjólfs Þórðarsonar Thorlacius, fyrrverandi sýslumanns, 1748. Þar er m.a. nefnd jörðin Breiðahlíð í Mýrdal (13. b., bls. 406).
- 4(58) Afsalsbréf Magnúsar Gíslasonar á 6 hundruðum í jörðinni Pétursey í Mýrdal, 1750 (13. b., bls. 472).
- 4(59) Kaupbréf fyrir 4 hundruðum í jörðinni Vestri-Höfðabrekku og annað fyrir 3 hundruðum og 74 álnum í Pétursey, 1757 (14. b., bls. 272).
- 4(60) Afsalsbréf á 10 hundruðum í jörðinni Ytri-Sólheimum í Mýrdal, dags. 26. janúar 1762, og annað afsalsbréf á 8 hundruðum og 60 álnum í Pétursey, dags. 25.6.1759 (15. b., bls. 167).
- 4(61) Veðsetning Neðradals, 12 hundraða að dýrleika, fyrir árlega afgift af Þykkvabæjarklaustri, 1766 (15. b., bls. 21).
- 4(62) Brigðalýsing á sölu jarðarinnar Fjósum ásamt annarri jörð í Mýrdal, 1771 (15. b., bls. 273).
- 4(63) Stefnúmal í brigðasök á Pétursey í Mýrdal, 1772 (15. b., bls. 289-290).
- 4(64) Afsalsbréf á Stóradal fyrir 100 ríkisdala krónur, dags. 18. maí 1776 (15. b., bls. 572).
- 4(65) Framlögð gögn vegna áfrýjunar dóms sýslumannsins Lýðs Guðmundssonar frá 1776 um að „afréttar-plátsið“ Stórhöfði skuli vera átölulaus eign Péturseyjar að fráteknunni ítaki sem Keldudalur kynni þar í að eiga, 1777 (15. b., bls. 504-505).
- 4(66) Lögþingisréttarstefna í svokölluðu Stórhöfðasauðbeitarmáli þar sem m.a. ábúendum Péturseyjar var stefnt til dómþings, 1777 (15. b., bls. 499).
- 4(67) Dómur lögþingisréttar um eignarrétt Péturseyjar að afréttarplássinu Stórhöfða og fjárupprekstur þangað, 1777 (15. b., bls. 510-513).
- 4(68) Makaskiptabréf á 3 hundruðum í Holti í Mýrdal fyrir óðalsjörðina Keldudal, 6 hundruð, ásamt millilagi, dags. 29.3.1781 (16. b., bls. 95).
- 4(69) Afsalsbréf á Neðradal í Mýrdal, 10 hundruðum, fyrir 85 spesiuríkisdali, dags. 14.6.1782, og annað afsalsbréf á 25 hundruðum í Pétursey fyrir 200 spesiuríkisdali, dags. 19.7.1783 (16. b., bls. 178-179).
- 4(70) Afsalsbréf á Breiðuhlíð í Mýrdal, 10 hundruðum, fyrir 150 ríkisdali, dags. 5.6.1784 (16. b., bls. 256).
- 4(71) Afsalsbréf á 19 hundruðum í heimajörðinni Sólheimum í Mýrdal fyrir 95 spesiuríkisdali, dags. 5.5.1784 (16. b., bls. 258).
- 4(72) Veðsetning Eystri-Sólheima, 10 hundraða, fyrir forvaltning Gufunesspítala, 1787 (16. b., bls. 354).
- 4(73) Afsalsbréf á 10 hundruðum í jörðinni Eystri-Sólheimum, dags. 1. mars 1788 (16. b., bls. 400).
- 4(74) Pantsetning Bjarna Björnssonar með jörðinni Fjósum, 10 hundruðum, til stjúpsona sinna, og einnig fær hann þeim til eignar 20 hundruð í Ytri-Sólheimum, 1789 (16. b., bls. 526).
- 4(75) Afsalsbréf á jörðinni Höfðabrekku, 18 hundruðum og 80 álnum, dags. 21.9.1789, og annað afsalsbréf á jörðinni Kaldrananesi í Mýrdal, dags. 23.5.1782 (16. b., bls. 581).
- 4(76) Afsalsbréf á 8 hundruðum í Pétursey í Mýrdal fyrir 40 ríkisdali, dags. 25.7.1789 (16. b., bls. 578).
- 4(77) Makaskiptabréf sr. Markúsar Sigurðssonar á kaupahluta jarðarinnar Höfðabrekku, 18 hundruðum og 80 álnum, fyrir tiltekna hluta í Holti, Alftagróf og Keldudal, dags. 1.11.1794, og annað afsalsbréf á miðbæjarjörð í Ytri-Sólheimum, 16 hundruðum og 100 álnum, ásamt 4 hundruðum úr austurjörðinni, fyrir Björnstún, 20 hundruð, í sömu jörð, dags. 31.5.1792 (17. b., bls. 249).

- 4(78) Makaskipti á jörðinni Fjósum í Mýrdal, 10 hundruðum, fyrir 15 hundruð í Ytri-Sólheimum ásamt 25 spesiuríkisdöllum í millilagi, dags. 16.5.1792 (17. b., bls. 91).
- 4(79) Afsalsbréf á 3 hundruðum og 40 álum úr Eystri-Sólheimum fyrir 21 spesiuríkisdal, dags. 24.6.1794 (17. b., bls. 188).
- 4(80) Afsalsbréf á jörðinni Pétursey í Mýrdal fyrir 100 spesiuríkisdali, dags. 5.5.1795 (17. b., bls. 253).
- 4(81) Héraðsdómur Lýðs Guðmundssonar sýslumanns í ágreiningsmáli milli ábúanda Kerlingardals og Dyrhólabænda vegna fjárbeitar Dyrhólinga í Koltungum, dags. 26.6.1797 (17. b., bls. 507).

*Menningarminjar:*

- 4(83) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (Vestur-Skaftafellssýsla, bls. 3, 51-52, 79-85 og 197-204).
- 4(84) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400 000), Vestur-Skaftafellssýsla.

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 4(85) Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(86) Ytri-Sólheimar II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(87) Ytri-Sólheimar III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(88) Ytri-Sólheimar IV-III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(89) Ytri-Sólheimar V. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(90) Ytri-Sólheimar VI-IV. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(91) Eystri-Sólheimar. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(92) Fell. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(93) Holt. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(94) Keldudalur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(95) Álftagróft. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(96) Pjetursey I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(97) Pjetursey II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(98) Pjetursey III. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(99) Pjetursey IV (Eyjarhólar). Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(100) Vellir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(101) Fjósar. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(102) Kaldrananes. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(103) Stóri-Dalur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(104) Neðri-Dalur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(105) Breiðahlíð I og II (nýbýli). Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(106) Litla-Heiði (Kárhólmi). Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(107) Stóra-Heiði. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(108) Kerlingardalur I og IV (nýbýli). Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(109) Kerlingardalur II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(110) Kerlingardalur IV sbr I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(111) Höfðabrekka. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(112) Hjörleifshöfði. Yfirlit í afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(113) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Fell, dags. 28.5.2003.



- 4(114) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Holt, dags. 28.5.2003.  
 4(115) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Álftagróf, dags. 28.5.2003.  
 4(116) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Nikhól, dags. 28.5.2003.  
 4(117) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Eyjarhóla, dags. 28.5.2003.  
 4(118) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Breiðahlíð, dags. 28.5.2003.  
 4(119) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir afrétt Mýrdalshrepps (Selfjall), ódags. en móttekið 2.7.2003.  
 4(120) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Reynisbrekku, dags. 28.5.2003.  
 4(123) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Keldudal, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(124) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Velli, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(125) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Eystri-Sólheima, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(126) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Höfðabrekku, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(127) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Pétursey I, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(128) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Pétursey II, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(129) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Pétursey III, ódags. en móttekið 17.10.2003.  
 4(142) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Ytri-Sólheima I, dags. 17.10.2003.  
 4(143) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Ytri-Sólheima II, dags. 17.10.2003.  
 4(144) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Ytri-Sólheima III, dags. 17.10.2003.  
 4(145) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Ytri-Sólheima V, dags. 17.10.2003.  
 4(146) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Framnes, dags. 17.10.2003.  
 4(147) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Sólheimahjáleigu, dags. 17.10.2003.  
 4(148) Spjald úr afsals- og veðmálalabók fyrir Fjósa, dags. 17.10.2003.  
 4(121) Þinglýsingarvottorð Sólheimahjáleigu, dags. 13.2.2003.  
 4(122) Þinglýsingarvottorð Eystri-Sólheima, dags. 13.2.2003.  
 4(130) Þinglýsingarvottorð Framnes, dags. 16.10.2003.  
 4(131) Þinglýsingarvottorð Fells, dags. 17.10.2003.  
 4(132) Þinglýsingarvottorð Holts, dags. 17.10.2003.  
 4(133) Þinglýsingarvottorð Álftagrófar, dags. 17.10.2003.  
 4(134) Þinglýsingarvottorð Keldudals, dags. 17.10.2003.  
 4(135) Þinglýsingarvottorð Stóra-Dals, dags. 17.10.2003.  
 4(136) Þinglýsingarvottorð Neðra-Dals, dags. 17.10.2003.  
 4(137) Þinglýsingarvottorð Kaldrananess, dags. 17.10.2003.  
 4(138) Þinglýsingarvottorð Litlu-Heiðar, dags. 17.10.2003.  
 4(139) Þinglýsingarvottorð Kerlingardals 1, dags. 17.10.2003.  
 4(140) Þinglýsingarvottorð Höfðabrekku, dags. 17.10.2003.  
 4(141) Þinglýsingarvottorð Reynisbrekku, dags. 17.10.2003.

*Landnáma:*

- 4(82) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík 1986, bls. 304-307, 332-335.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 4(40) Afréttaskrá fyrir Hvammshrepp, ódags.  
 4(41) Skrá yfir afrétti og heiðarlönd í Dyrhólahreppi 1983.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Dalajarða (Fjós, Breiðahlíð, Stóri-Dalur, Neðri-Dalur, Kaldrananess o.fl.):**

- 5 Kröfulýsing, dags. 12.2.2002.

- 5(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Fjósar, dags. 20.2.2002.
- 5(2) Kaupsamningur og afsal um jörðina Fjós, dags. 1.6.2001. Mýrdalshreppur selur Ólafi Gunnarssyni og Birnu Pétursdóttur.
- 5(3) Samþykki jarðanefndar Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 1.7.2001, vegna kaupsamnings um jörðina Fjós, dags. 1.6.2001.
- 5(4) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Kaldrananes, dags. 20.2.2002.
- 5(5) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Neðridal, dags. 20.2.2002.
- 5(6) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Stóradal, dags. 20.2.2002.
- 5(7) Erfðaafsal, dags. í janúar 1971. Eigendur Stóra-Dals verða Ásbjörn og Ragnar Jónssynir.
- 5(8) Útprintun af færslum fyrir jörðina Fjós á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 5(9) Útprintun af færslum fyrir jörðina Breiðuhlíð á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 5(10) Útprintun af færslum fyrir jörðina Stóra-Dal á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 5(11) Útprintun af færslum fyrir jörðina Neðri-Dal á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 5(12) Útprintun af færslum fyrir jörðina Kaldrananes á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 5(13) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Dalajarða (mælikvarði 1:50 000), dags. 15.1.2002.
- 5(14) Yfirlitskort – kröfulínur vegna Dalajarða, Heiðardalsjarða, Kerlingardals, Höfðabrekku og Hjörleifshöfða (mælikvarði 1:110 000), dags. 15.1.2002.
- 5(15) Hnitasett landamerki Dalajarða, Heiðardalsjarða, Kerlingardals, Höfðabrekku og Hjörleifshöfða, dags. 15.1.2002.
- 5(16) Greinargerð v/ eigenda jarðanna Hjörleifshöfða, Höfðabrekku, Kerlingardals I og II, Litlu-Heiði, Stóru-Heiði, Neðra-Dals, Stóra-Dals, Breiðuhlíðar, Fjósa, Kaldrananes, Mýrdalshreppi, í máli nr. 6/2002, ágreiningur um þjóðlendumörk í Mýrdal, dags. 2.4.2003.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Heiðartorfu (Litla-Heiði og Stóra-Heiði):**

- 6 Kröfulýsing, dags. 12.2.2002.
- 6(1) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Litlu-Heiði, dags. 26.9.2001.
- 6(2) Afsal fyrir ½ Litlu-Heiði og ½ Kárhólma, dags. 1.3.1979. Jónatan G. Jónatansson selur og afsalar Tómasi og Páli Pálssonum.
- 6(3) Afsal fyrir ½ Litlu-Heiði og ½ Kárhólma, dags. 18.3.1971. Páll Pálsson selur og afsalar Tómasi og Páli Pálssonum.
- 6(4) Afsal fyrir Litlu-Heiði (með Kárhólma), dags. 22.5.1943. Ágústa Vigfúsdóttir selur og afsalar Páli Pálssyni og Jónatan Jónatanssoni.
- 6(5) Skiptayfirlýsing, dags. 24.7.1937. Ágústa Vigfúsdóttir fær í sinn hlut Litlu-Heiði og Jón Halldórsson ½ Breiðuhlíð.
- 6(6) Afsal fyrir Litlu-Heiði og Kárhólma, dags. 1.5.1929. Páll Ólafsson selur og afsalar Jóni og Ólafi Halldórssonum.
- 6(7) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Stóru-Heiði, dags. 20.2.2002.
- 6(8) Útprintun af færslum fyrir jörðina Litlu-Heiði á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 20.2.2002.
- 6(9) Útprintun af færslum fyrir jörðina Stóru-Heiði á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 20.2.2002.

- 6(10) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Heiðardalsjarða (mælikvarði 1:50 000), dags. 15.1.2002. Sjá einnig skjöl nr. 5(14), yfirlitskort, og 5(15), lista yfir hnit.
- 6(11) Þinglýsingarvottorð fyrir Stóru-Heiði, dags. 1.4.2003.
- 6(12) Afsal fyrir Stóru-Heiði, dags. 6.12.2002. Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins selur Hermanni Árnasyni.  
Greinargerð er undir nr. 5(16).

### Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hjörleifshöfða:

- 7 Kröfulýsing, dags. 12.2.2002.
- 7(1) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Hjörleifshöfða, dags. 29.1.2001.
- 7(2) Samningur undirritaður 13.7.2000, á milli landeiganda að Hjörleifshöfða og jarðanna Herjólfstaðar, Holts, Hraunbæja og Bólhrauns í Álftaveri, ásamt uppdrætti.
- 7(3) Samningur milli Vegagerðar ríkisins og Þóris Kjartanssonar um malarnám í landi jarðarinnar Hjörleifshöfða (neðan undir brekkum suðausturhluta Hafurseyjar), ódags. en móttekið til þingl. 10.11.1972.
- 7(4) Samningur um vikurnám í landi jarðanna Hjörleifshöfða, Höfðabrekku og Reynisbrekku milli landeigenda og Kötluvíkurs ehf., dags. 26.3.2001.
- 7(5) Samkomulag um yfirtöku á samningi um vikurnám í landi jarðanna Hjörleifshöfða, Höfðabrekku og Reynisbrekku milli landeigenda, Kötluvíkurs ehf. og Eignarhaldsfélagsins Kötlu ehf., dags. 14.5.2001.
- 7(6) Samningur um leyfi varðandi skógrækt í landi Hjörleifshöfða (suðurhlíðum Hafurseyjar) á milli landeigenda Hjörleifshöfða og Jóns Gunnars Jónssonar, dags. 24.1.2000.
- 7(7) Styrkbeiðni og greinargerð Jóns Gunnars Jónssonar til Skógar sjóðs, Kringlunni 7, vegna skógræktar í landi Hjörleifshöfða, dags. 24.1.2000.
- 7(8) Yfirlýsing eigenda Hjörleifshöfða um að heimila afkomendum Sveins Sveinssonar frá Fossi í Mýrdal að setja upp minningarreit um hann sunnan í Hafursey, dags. 10.6.2000.
- 7(9) Yfirlýsing Landgræðslu ríkisins um tímabundin umráð yfir öllu landi frá Blautukvísl að Múlakvísl og frá sjó til jökuls, dags. 25.9.2001.
- 7(10) Samningur milli Landgræðslu ríkisins og jarðanna Höfðabrekku, Hjörleifshöfða, Reynisbrekku og Sveitarstjórnar Mýrdalshrepps f.h. eigenda Selfjalls um afhendingu á hluta af Mýrdalssandi, dags. 10.12.1988, ásamt uppdrætti.
- 7(11) Yfirlýsing Ólafs Péturssonar og Bjarna Þormundssonar um leigu þeirra á Hafursey til beitar af landeigendum Hjörleifshöfða, dags. 29.8.2001.
- 7(12) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hjörleifshöfða á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 13.2.2002.
- 7(13) Ljósmynd frá Hafursey (tún undir suðurhlíð Hafurseyjar er merkt inn).
- 7(14) Samningur eigenda jarða í nágrenni Mýrdalssands og Jarðefnaiðnaðar hf. um námu-réttindi á Mýrdalssandi, dags. 4.12.1977.
- 7(15) Bréf Ólafs Björnssonar hrl. til fjármálaráðherra varðandi þjóðlendumál í Mýrdalshreppi – Beiðni um endurskoðun á kröfugerð, dags. 16.7.2001.
- 7(16) Svarbréf fjármálaráðuneytis, dags. 15.8.2001, við erindi um þjóðlendumál í Mýrdalshreppi, þ.e. skjali 7(15).
- 7(17) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Hjörleifshöfða (mælikvarði 1:50.000) 2 blöð, dags. 15.1.2002. Sjá einnig skjöl nr. 5(14), yfirlitskort, og 5(15), lista yfir hnit.
- 7(18) Samantekt á heimildum um fornar byggðir á Mýrdalssandi eftir Þóri N. Kjartansson, dags. sept. 2003, ásamt kortaupprætti.
- 7(19) Samantekt um nytjar í Hafursey í Hjörleifshöfðalandi eftir Þóri N. Kjartansson, ódags.

- 7(20) Uppdráttur af fyrirhuguðu vikurnámi við Hafursey á Mýrdalssandi unninn af Þóri N. Kjartanssýni, ódags.
- 7(21) Vottorð Gunnars Þorsteinssonar um að hann hafi fengið leyfi landeiganda Hjörleifshöfða til að rækta og nytja tún undir suðurhlíðum Hafurseyjar, dags. 20.10.2003.
- 7(22) Vottorð Björns Sæmundssonar, Vigfúsar Páls Auðbergssonar og Magnúsar Kristjánssonar um að þeir hafi um margra ára skeið haft leyfi landeiganda Hjörleifshöfða til rjúpnaveiða í Hafursey, dags. 20.10.2003.
- 7(23) Landamerkjabréf fyrir Hjörleifshöfða, dags. 7.4.2004. Greinargerð er undir nr. 5(16).

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Höfðabrekkutorfu (Höfðabrekka, Höfðabrekkuafréttur, Reynisbrekka):**

- 8 Kröfulýsing, dags. 12.2.2002.
- 8(1) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Höfðabrekku, dags. 11.2.2001.
- 8(2) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Reynisbrekku, ódags.
- 8(3) Afsal fyrir Höfðabrekku, dags. 29.4.1977. Stefán Þórðarson afsalar til Jóhannesar Kristjánssonar.
- 8(4) Afsal fyrir Höfðabrekkuafrétti, að undanskilinni fuglatekju, dags. 10.7.1948. Ragnar Þorsteinsson afsalar til Hvammshrepps.
- 8(5) Kaupsamningur um Höfðabrekkuháls, rétt til upprekstrar í Höfðabrekkuafrétt og Heiðar ásamt fleiru, dags. 7.6.1947. Ragnar Þorsteinsson selur Jóni Bárðasyni.
- 8(6) Gjafabréf fyrir 41,5 ha lands úr Höfðabrekku fyrir nýbýlið Reynisbrekku, dags. 20.11.1955. Ragnar Þorsteinsson og Guðrún Gísladóttir gefa Reyni Ragnarssyni.
- 8(7) Kaupsamningur um Höfðabrekkuháls o.fl., dags. 24.9.1960. Jón Bárðarson selur Ragnari Þorsteinssyni.
- 8(8) Afsal fyrir Höfðabrekku (þ.m.t. Höfðabrekkuháls), dags. 22.7.1969. Ragnar Þorsteinsson selur Jakobi Guðmundssyni.
- 8(9) Afsal fyrir Höfðabrekku, dags. 5.5.1974. Jakob Guðmundsson selur Stefáni Þórðarsyni.
- 8(10) Samningur um breytingu á landamerkjum Reynisbrekku, dags. 2.1.1977. Eigendur Reynisbrekku, Reynir Ragnarsson, og Höfðabrekku, Stefán Á. Þórðarson.
- 8(11) Afnotasamningur um spildu úr landi Höfðabrekku (á Höfðabrekkujökulsöldu) undir flugvöll, dags. 21.4.1981. Jóhannes Kristjánsson og Flugmálastjórn Reykjavíkurflogvelli.
- 8(12) Simskeyti, dags. 28.3.2001. Halla Kjartansdóttir, eigandi 1/3 hluta Höfðabrekku, veitir Þóri Kjartanssyni umboð til að skrifa undir samning við Kötluvíkur um vikurnám í landi jarðarinnar á Mýrdalssandi.
- 8(13) Útrentun af færslum fyrir Höfðabrekku á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 8(14) Útrentun af færslum fyrir Reynisbrekku á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 8(15) Útrentun af færslum fyrir Höfðabrekkuafrétt á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 8(16) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Höfðabrekku (mælikvarði 1:50 000) 2 blöð, dags. 15.1.2002. Sjá einnig skjöl nr. 5(14), yfirlitskort, og 5(15), lista yfir hnit.
- 8(17) Samningur sveitastjórnar Mýrdalshrepps og Bjarna Jóns Finnssonar um leigu á landi í Þakgili á Höfðabrekkuafrétti, dags. 14.7.2001, ásamt uppdrætti. Greinargerð er undir nr. 5(16).

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Kerlingardals:**

- 9 Kröfulýsing, dags. 12.2.2002.
- 9(1) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Kerlingardal I, dags. 20.2.2002.
- 9(2) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Kerlingardal II, dags. 20.2.2002.
- 9(3) Útrentun af færslum fyrir Kerlingardal I á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 9(4) Útrentun af færslum fyrir Kerlingardal II á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 17.2.2002.
- 9(5) Kort sem sýnir kröfúlinur vegna Kerlingardals (mælikvarði 1:50 000), dags. 15.1.2002. Sjá einnig skjöl nr. 5(14), yfirlitskort, og 5(15), lista yfir hnit.
- 9(6) Fundargerðir hreppsnefndar Hvammshrepps, dags. 3.6.1960 og 18.6.1960.
- 9(7) Örnefnaskrá Kerlingadals.  
Greinargerð er undir nr. 5(16).

**Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Álftagrófar og Keldudals:**

- 10 Kröfulýsing, dags. 27.2.2002.
- 10(1) Skjalaskrá, dags. 4.3.2002.
- 10(2) Fasteignamatsvottorð frá Fasteignamati ríkisins fyrir Álftagróf með Keldudal, dags. 17.10.2003.
- 10(3) Ljósrit af síðu Keldudals í fasteignabók, ódags.
- 10(4) Ljósrit af síðu Álftagrófar í fasteignabók, ódags.
- 10(5) Afsal fyrir Álftagróf, dags. 27.5.1936. Eyjólfur Guðmundson og Kristján Bjarnason selja og afsala til ríkissjóðs Íslands.
- 10(6) Afsal fyrir Keldudal, dags. 27.5.1936. Eyjólfur Guðmundson og Tómas Lárusson selja til ríkissjóðs Íslands.
- 10(7) Yfirlandskiptagerð á landi jarðanna Holts og Álftagrófar, dags. 26.7.1991.

**Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Fells:**

- 11 Kröfulýsing, dags. 26.2.2002.
- 11(1) Skjalaskrá, dags. 4.3.2002.
- 11(2) Fasteignamatsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Fell, dags. 17.10.2002. (Skjali skipt út fyrir eldra og óstaðfestu skjali frá 27.2.2002).
- 11(3) Ljósrit af síðu Fells í fasteignabók, ódags.

**Lagt fram af Páli A. Pálssyni hrl. vegna Holts:**

- 13 Kröfulýsing, dags. 18.2.2002.
- 13(1) Lyfrd. eldri IX bls. 349, Lyfrd. yngri IV bls. 404, Lyfrd. yngri V bls. 450.
- 13(2) Kort sem sýnir kröfúlinur vegna Holts (mælikvarði 1:50 000), ódags.
- 13(3) Greinargerð lögmanns Holts, dags. 7.4.2003.
- 13(4) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Holt, dags. 1.4.2003.

**Lagt fram af Páli A. Pálssyni hrl. vegna Péturseyjajarða (Eystri-Péturseyjar, Vestri-Péturseyjar, Valla, Nykhóls og Eyjarhóla):**

- 14 Kröfulýsing, dags. 18.2.2002.
- 14(1) Kort sem sýnir kröfúlinur vegna Péturseyjajarða (mælikvarði 1:50 000), ódags.
- 14(2) Alþingisbækur Íslands (Alþingi 1777), bls. 498-499, 504-505, 508-513.
- 14(3) Greinargerð lögmanns Péturseyjajarða, dags. 7.4.2003.
- 14(4) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Pétursey 1, dags. 1.4.2003.

- 14(5) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Nykhól, dags. 1.4.2003.
- 14(6) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Pétursey 2, dags. 1.4.2003.
- 14(7) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Pétursey 3, dags. 1.4.2003.
- 14(8) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Velli, dags. 1.4.2003.
- 14(9) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Eyjarhóla, dags. 1.4.2003.
- 14(10) Þinglýsingarvottorð fyrir Pétursey 1, dags. 1.4.2003.
- 14(11) Þinglýsingarvottorð fyrir Pétursey 2, dags. 1.4.2003.
- 14(12) Þinglýsingarvottorð fyrir Pétursey 3, dags. 1.4.2003.
- 14(13) Þinglýsingarvottorð fyrir Nykhól, dags. 1.4.2003.
- 14(14) Þinglýsingarvottorð fyrir Eyjarhóla, dags. 1.4.2003.
- 14(15) Þinglýsingarvottorð fyrir Velli, dags. 1.4.2003.

**Lagt fram af Páli A. Pálssyni hrl. vegna Ytri-Sólheimajarða (Ytri-Sólheimar I (Sólheimakot), Ytri-Sólheimar II-VI, Ytri-Sólheimar IIIA, Sólheimahjáleiga):**

- 15 Kröfulýsing, dags. 18.2.2002.
- 15(1) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Ytri-Sólheima (mælikvarði 1:50 000), ódags.
- 15(2) Ljósrit af landamerkjabréfi Eystri-Skóga í Austur-Eyfjallahreppi, dags. 9.11.1885.
- 15(3) Greinargerð lögmanns Ytri-Sólheimajarða, Mýrdalshreppi, dags. 2.4.2003.
- 15(4) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Ytri-Sólheima, dags. 1.4.2003.
- 15(5) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Ytri-Sólheima 1, dags. 1.4.2003.
- 15(6) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Ytri-Sólheima 2, dags. 1.4.2003.
- 15(7) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Ytri-Sólheima 3, dags. 1.4.2003.
- 15(8) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Ytri-Sólheima 4, dags. 1.4.2003.
- 15(9) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Ytri-Sólheima 3A, dags. 1.4.2003.
- 15(10) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Sólheimahjáleigu, dags. 1.4.2003. Tvö blöð.
- 15(11) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Framnes, dags. 1.4.2003.
- 15(12) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Sólheimatungu, dags. 1.4.2003.
- 15(13) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Núpa, dags. 1.4.2003. Tvö blöð.
- 15(14) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 1, dags. 1.4.2003.
- 15(15) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 2, dags. 1.4.2003. Tvö blöð.
- 15(16) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 3, dags. 1.4.2003.
- 15(17) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheima 4, dags. 1.4.2003.
- 15(18) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Sólheimatungu, dags. 1.4.2003.
- 15(19) Safn til sögu Íslands og Íslenskra bókmennta að fornu og nýju. Annar flokkur I.3: Chorographica islandica. Bls. 30-33.
- 15(20) Leigusamningur Snjósleðaferða hf. og eigenda og ábúenda Ytri-Sólheimajarða, dags. 10.3.1992.
- 15(21) Leigusamningur Geysis hf. og eigenda og ábúenda Ytri-Sólheimajarða, dags. 15.5.1995.
- 15(22) Samþykki eigenda og ábúenda Ytri-Sólheimajarða um framsal leiguréttinda Geysis hf. samkvæmt samningi, dags. 15.5.1995, til Benedikts Bragasonar, ódags.

**Lagt fram af Páli A. Pálssyni hrl. vegna Eystri-Sólheima:**

- 16 Kröfulýsing, dags. 18.2.2002.
- 16(1) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Eystri-Sólheima (mælikvarði 1:50 000), ódags.
- 16(2) Greinargerð lögmanns Eystri-Sólheima, Mýrdalshreppi, dags. 7.4.2003.
- 16(3) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Eystri-Sólheima, dags. 1.4.2003.
- 16(4) Vottorð Fasteignamats ríkisins fyrir Eystri-Sólheima, dags. 1.4.2003.

- 16(5) Endanleg kröfugerð eigenda Péturseyjarjarða, Holts, Eystri-Sólheima og Ytri-Sólheimajarða, Mýrdalshreppi í máli nr. 6/2003, dags. 24.10.2003.
- 16(6) Skrá yfir málsaðila vegna Péturseyjarjarða, Holts, Eystri-Sólheima og Ytri-Sólheimajarða, Mýrdalshreppi í máli nr. 6/2003, ódags.
- 16(7) Samkomulag eigenda og ábúenda Ytri-Sólheimajarða um bann við meðferð skotvopna og fugladrápi í óskiptu landi jarðanna, dags. 11.8.1995.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 17 „Jöklar og jökulbreytingar í Mýrdal.“ Greinargerð Odds Sigurssonar jarðfræðings, dags. 29.10.2004.
- 18 (a-b) Yfirlitskort - Lýstar kröfur í sveitarfélaginu Mýrdalshreppi. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50 000 og hitt í 1:100 000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr.1(2), 5(13), 5(14), 6(3), 7(17), 8(16), 9(5), 13(3), 14(1), 15(2) og 16(1).
- 19 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Mýrdalshreppi, ódags.
- 20(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 5.2.2003.
- 20(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.3.2003.
- 20(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 2.4.2003.
- 20(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 21.10.2003.
- 20(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 22.-24.10.2003.
- 20(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 8.11.2004.
- 20(7) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 21 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

#### Hliðsjónargögn

##### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna kröfu um þjóðlendu (skjal nr. 1 ):

- Ónr. Sunnlenskar byggðir IV. Skaftárþing. Bls. 331-341, 350-357, 384-401, 418-443, 494-497, 502-505, 522-525, 560-567, 596-597, 582-583, 602-603, 610-623.
- Ónr. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Bls. 224-237, 240-247, 252-257, 260-265.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1975. Bls. 11, 14-17, 40-67, 70-73, 80-81, 94-103, 106-107, 110-115.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1935. Bls. 4-11, 14-31.
- Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi. Bls. 166-179.
- Ónr. Landið og Landnáma. II. bindi. Bls. 396-407.
- Ónr. Landnám í Skaftafellspingi. Bls. 106-120.
- Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi. Landssaga og landnám. Bls. 200-203.
- Ónr. Efnisskipan málf lutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

##### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hjörleifshöfða (skjal nr. 7):

- Ónr. Ljósrit af grein Kjartans Leifs Markússonar frá 1934 um Hjörleifshöfða.
- Ónr. Ferðabók Sveins Pálssonar, bls. 548.
- Ónr. Skýrsla Helgu Þórarinsdóttur sagnfræðinema við H.Í., um Kötlugos og eyðingu byggðar af þeirra völdum, dags. 28.11.1973.
- Ónr. Gaukur Jörundsson. Eignarréttur I. Bls. 6.

- Ónr. Friðbjörn Eiríkur Garðarsson. Mat Hæstaréttar á sönnunargildi Landnámabókar og máldaga kirkjustofnana í ljósi kenninga sagnfræðinga um heimildargildi þeirra. Bls. 21-24 og 64-67.
- Ónr. Þorkell Jóhannesson. Saga Íslendinga VII. Bls. 162-165.
- Ónr. Lagasafn handa alþýðu, Reykjavík árið 1900. Nýbýlalögin frá 6. nóvember 1897.
- Ónr. Frumvarp til laga um heimild til að afsala tilteknum vatnsréttindum til virkjunar í Þjórsá ásamt landi sem til þarf í því skyni. Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003.
- Ónr. Umræður á Alþingi 18. nóvember 2002. Fyrirspurn frá Hjálmarí Árnasyni til fjármálaráðherra.
- Ónr. Markús Loftsson. Eldrit. Bls. 8-9.
- Ónr. Sveinn Pálsson. Eldrit. Bls. 86-87.

**Lagt fram til hliðsjónar af Páli A. Pálssyni hrl.:**

- Ónr. Minningar úr Mýrdal eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli, bls. 140-142.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Skýrslur í máli 6/2003 hjá óbyggðanefnd, (71 blaðsíða, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 7/2003

Áltaver og Skaftártunga, sveitarfélaginu Skaftárhreppi



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>757</b>
<b>2. MÁLSMEÐFERÐ</b> .....	<b>757</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	757
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar . . . .	758
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	758
2.4. Afmörkun máls nr. 7/2003 .....	759
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	760
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>761</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu .....	761
3.2. Kröfur Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda og umráðamanna lögbýla í fyrstum Álftavershreppi vegna Álftaversafréttar .....	761
3.3. Kröfur Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda og umráðamanna lögbýla í fyrstum Skaftártunguhreppi vegna Skaftártunguafréttar .....	762
3.4. Kröfur Landsvirkjunar á svæðinu .....	762
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>763</b>
4.1. Inngangur .....	763
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	763
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	763
4.4. Vettvangsferð .....	764
4.5. Skýrslutökur .....	766
<b>5. SAGA AFRÉTTA</b> .....	<b>766</b>
5.1. Landnám .....	766
5.2. Álftaversafréttur .....	767
5.3. Skaftártunguafréttur .....	770
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>776</b>
6.1. Inngangur .....	776
6.2. Landnám .....	777
6.3. Álftaversafréttur .....	777
6.4. Skaftártunguafréttur .....	782
6.5. Vatnajökull, Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í Álftaveri og Skaftártungu . . . . .	793
6.6. Landsvirkjun .....	794
6.7. Um málskostnað .....	794
6.8. Um tæknileg atriði .....	794
<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>795</b>

<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>797</b>
I. Hnit	
II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (upsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>803</b>
I. Kort	
II. Aðilaskrá	
III. Skjalaskrá	
IV. Tækniskýrsla	

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga, sveitarfélaginu Skaftárhreppi, hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna, hver séu mörk þjóðlendu við eignarland, hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Allan Vagn Magnússon.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og ríkisjarðanna Herjólfstaða I og II og Holts I og II í Álftaveri.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Sveitarfélagið Skaftárhreppur f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í fyrrum Álftavershreppi vegna Álftaversafréttar, f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í fyrrum Skaftártunguhreppi vegna Skaftártunguafréttar og vegna sveitarfélagsins.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfræðingur)

Eigendur jarðanna Ljótaraða og Búlandstorfu í Skaftártungu.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfræðingur)

Eigandi jarðanna Herjólfstaða I og II og Holts I og II.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Umráðamenn jarðanna Herjólfstaða I og II og Holts I og II.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfræðingur)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

<sup>1</sup> Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

## 2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## 2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt upprætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar

sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1. - 31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalýsningum og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 7/2003

Í janúar 2003 var lögmönnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjarhreppur, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasundur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Landsvæði því sem til meðferðar er í máli nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í sveitarfélaginu Skaftárhreppi, (Vestur-Skaftafellssýslu), má skipta í fimm hluta. Í fyrsta lagi er þar um að ræða Skaftártunguafrétt, í öðru lagi Álftaversafrétt, í þriðja og fjórða lagi hluta Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls og í fimmta lagi önnur landsvæði í Álftaveri og Skaftártungu. Heildarsvæðið afmarkast til vesturs og norðurs af Holtamannaafrétti, Landmannaafrétti, Rangárvallaafrétti, Mýrdalsjökli og Mýrdalshreppi. Til austurs eru Kirkjubæjarhreppur og Leiðvallarhreppur, nú innan Skaftárhrepps. Til norðausturs er Vatnajökull og til suðurs hafið. Þess ber að geta hér að Álftaver og Skaftártunga (Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur) tilheyrja nú Skaftárhreppi.

Svæði það á Vatnajökli, sem til meðferðar er í málinu, afmarkast af tveimur línunum sem dregnar eru frá Bárðarbungu (2009 m). Sú vestari er yfir Kerlingar og að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Sú austari er í upptök Skaftár við jaðar Vatnajökuls.

Loks er til meðferðar í málinu svæði á Mýrdalsjökli sem afmarkast svo: Frá Mælifelli, við norð-austanverðan Mýrdalsjökul, er dregin lína til suðvesturs inn á jökulinn, í stefnu á upptök Fúlalækjar við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðarpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í

suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Úr framangreindum skurðarpunkti er dregin lína í Kötlukskoll (1310 m), klettahöfða í Höfðabrekkujökli, og þaðan að jaðri Höfðabrekkujökuls, í stefnu á Blautukvíslarbotna, austan Hafurseyjar.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á Álftaversafretti, Skaftártunguafretti og Mýrdalsjökli og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að stærstum hluta kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að auki hafa verið lagðar fram kröfur af hálfu Landsvirkjunar. Endanleg þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til lands í Álftavers og Skaftártungu að öðru leyti en varðar framangreinda afretti og jökla. Kröfur og aðild í máli þessu hafa tekið nokkrum breytingum við meðferð þess, sjá einnig í kafla 3. Í tilefni af kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendu á svæðinu, fyrst og fremst hvernig kröfulínur voru dregnar á kort, bárust óbyggðanefnd upphaflega kröfulýsingar frá eigendum jarðanna Ljótastaða og Búlandstorfu og umráðamönnum jarðanna Herjólfsstaða I og II og Holts I og II. Einnig bárust kröfur íslenska ríkisins vegna ríkisjarðanna Herjólfsstaða I og II, Holts I og II, Hraunbæjar í Álftaveri og Snæbýlis II í Skaftártungu.

Við aðalmeðferð og endurupptöku málsins var kröfulínum aðila breytt að hluta, einkanlega því hvernig kröfuvæði íslenska ríkisins var afmarkað á korti. Eftir þá breytingu er ekki ágreiningur á milli annars vegar íslenska ríkisins og hins vegar eigenda Búlandstorfu og Ljótastaða og umráðamanna Holts og Herjólfsstaða um eignarréttarlega stöðu lands innan merkja jarðanna, svo sem þeir hafa skilgreint þau. Jarðir þessar koma því ekki sérstaklega til umfjöllunar í úrskurði þessum umfram það sem sjálfstæð rannsóknarskylda óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, leiðir af sér nema að því er varðar ákvörðun um málskostnað í þeim tilfellum að kröfum var lýst. Þá lýsti íslenska ríkið upphaflega kröfum sem eigandi ríkisjarðanna Hraunbæjar og Snæbýlis II. Við meðferð málsins kom hins vegar í ljós að kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendu á svæðinu snertir ekki land innan landamerkja jarðanna. Þær koma því ekki til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum umfram það sem leiðir af sjálfstæðri rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, sjá kafla 6.5. Hér skal þó tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

## 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 7/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. febrúar 2003. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaflokkun nefndarinnar. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd vinni saman að því að þeir sem hagsmuna eigi að gæta gerist aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 26. mars 2003 var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 23. apríl var greinargerð annarra málsaðila lögð fram, ásamt fleiri gögnum. Þá kom fram að fyrirsjáanlegt væri að taka þyrfti málið fyrir aftur áður en að aðalmeðferð kæmi og að um tíma-setningu þeirrar fyrirtöku yrði tilkynnt síðar.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 21. júlí 2003. Við það tækifæri voru lögð fram frekari gögn af hálfu óbyggðanefndar, farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Á sama fundi var einnig leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð fór fram dagana 29. júlí - 1. ágúst 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflokkning. Þeirri fyrirsögn var beint til lögmanna hvort þeir teldu



unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendulaga, en svo var ekki. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í félagsheimili Mýrdælinga, Leikskálum, Vik í Mýrdal. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmennt fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í Þjóðlendumálum, upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmonnum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmonnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

#### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins um Þjóðlendu

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er gerð svohljóðandi Þjóðlendukrafa í greinargerð, dags. 25. mars 2003:

„Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um Þjóðlendumörk í Skaftártungum er sá sami og síðasti punktur í Skaftárhreppi, það er landamerkjapunktur Skaftárdals í Miðvatni í Skaftá og er hann kallaður A. Frá punkti A er dregin lína í mynni Blánipugils (Hánipugils) og síðan upp eftir gilinu allt til enda þess á Bláfjalli (punktur B), síðan að norðan úr Blánipugili (Hánipugili) sjónhendingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna til vesturs (punktur C).

Frá punkti C er farið í Þvergljúframynni og svo ræður Þvergljúfur landamörkum vestur svo langt sem það nær (punktur D), þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá (punktur E), síðan liggur kröfulínan suður með Hólmsá allt til þess að hún og Leirá sameinast (punktur F). Endar þar kröfulína í Skaftártungum.

Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um Þjóðlendumörk í Álftaveri er sá sami og lokapunktur í Skaftártungum, þ.e. sá staður þar sem árnar Leirá og Hólmsá sameinast og er hann kallaður A. Frá punkti A er dregin lína meðfram Leirá í vestur þar til kemur að upptökum hennar í Sandfellsjökli (punktur B), frá punkti B er dregin lína að punkti á hreppamörkum milli Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps, þar sem línan tekur beygju í átt að Höfðabrekkujökli (punktur C).“

Við aðalmeðferð og endurupptöku málsins var framangreindum kröfulinum íslenska ríkisins, eins og þær voru upphaflega teiknaðar á kort, breytt að hluta án þess þó að texti kröfugerðar breyttist nema að þessu leyti:

Miðvatn Skaftár ræður á milli punkta A og A1, sbr. línu á milli punkta 1 og 2 hjá gagnaðila.

Frá Hvítanestorfu fylgir kröfulína ríkisins syðri kvísl Leirár að jökli (B) og þaðan með jökulbrún þar til hreppamörk Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps þvera jökulinn. Fylgir svo línan hreppamörkum að Blautukvíslarbotnum niður á sandi (C).

#### 3.2. Kröfur Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda og umráðamanna lögbýla í fyrrum Álftavershreppi vegna Álftaversafréttar

Af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Álftavershreppi vegna Álftaversafréttar er gerð svohljóðandi krafa í greinargerð, dags. 23. apríl 2002:

„Að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur lögbýla í Álftaveri (áður Álftavershreppi), eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllum Álftaversafrétti,

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Sjá einnig umfjöllun í kafla 2.4. um breytingar á kröfum og aðild vegna jarðanna Herjólfstaða, Holts, Ljótastaða og Búlands.

til dómákveðinna og hefðbundinna merkja og skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli falli við landamerki, til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan afréttarins teljist þjóðlenda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þinglýstra eigenda jarða í Álfhverri að þeim svæðum.

Að viðurkennt verði að landamerki afréttarins verði þau sem hér er lýst: Frá Mýrdalsjökli ræður meginvatn Leirá sunnan Sandfells sem næst stystu leið frá upptökum allt niður í Hvítanestorfu í hornmark, punkt 2 á meðfylgjandi korti, (sbr. hæstaréttardóm 1984:955 þar nefnt punkt P) og þaðan eftir gömlum farvegi norður í Hólmsá, sem síðan ræður allt norður fyrir Hólmsárbotna hjá Strútlaug (punktur 4).

Við Mýrdalsjökul verði miðað við jökulbrún á hverjum tíma. Um mörk Álfversafréttar að vestan vísast til hrd. 1989:1011.

Til vara gerir Skaftárhreppur sömu kröfur f.h. sjálfs síns og að ofan greinir, að undanskildum þeim óumdeilda rétti sem lögbýli í hreppnum eiga skv. lögum, venju og hefð til lífrænna auðlinda (beitar og veiði), innan afréttarins.“

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.3. Kröfur Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda og umráðamanna lögbýla í fyrrum**

#### **Skaftártunguhreppi vegna Skaftártunguafréttar**

Af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu er gerð svohljóðandi krafa í greinargerð, dags. 23. apríl 2002:

„Að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur lögbýla í Skaftártungu (áður Skaftárhreppi), eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllum Skaftártunguafrétti, til dómákveðinna og hefðbundinna merkja og skv. landamerkjaskrá. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli falli við landamerki, til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan afréttarins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þinglýstra eigenda lögbýla í Skaftártungu, að þeim svæðum.

Að viðurkennt verði að merki afréttarins gagnvart heimalöndum einstakra jarða og öðrum afréttum séu þau sem hér er lýst: Skaftá ræður merkjum frá upptökum í Vatnajökli uns komið er skammt sunnan Lambaskarðshóla í Miðvatni Skaftár þaðan beint í vestur í mynni Hányþugils, síðan eftir gilinu, úr gilbotninum sjónhengingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna. Úr Fljótsbotnum eftir Þvergljúframynni svo langt vestur sem það nær. Þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá. Við Vatnajökul verði miðað við jökulbrún á hverjum tíma. Um mörk Skaftártunguafréttar að vestan vísast til H 1989:1022. Úr Kirkjufellsósi ræður Tungnaá til upptaka í jökli.

Til vara gerir Skaftárhreppur sömu kröfur f.h. sjálfs síns og að ofan greinir, að undanskildum þeim óumdeilda rétti sem lögbýli í Skaftártungu eiga skv. lögum, venju og hefð til lífrænna auðlinda (beitar og veiði), innan afréttarins.“

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Við aðalmeðferð og endurupptöku málsins var framangreindum kröfulinum, eins og þær voru upphaflega teiknaðar á kort, breytt að hluta án þess þó að texti kröfugerðar breyttist.

### **3.4. Kröfur Landsvirkjunar á svæðinu**

Af hálfu Landsvirkjunar eru endanlega gerðar eftirfarandi kröfur sbr. bréf lögmans Landsvirkjunar til óbyggðanefndar frá 23. apríl 2004 um breytingu á upphaflegri kröfugerð í málinu: Að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að háspennumöstrum fyrirtækisins á svæðinu en ótakmarkaður afnotaréttur af landi því sem háspennulínurnar liggja um. Að auki verði viðurkennd takmörkun á rétti til athafna og afnota annarra á 54 metra breiðri landræmu undir og með fram háspennulínunum.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-18 ásamt undirskjöllum eða samtals 199 skjöl, auk 34 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 3, 4 og 5. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 3 og 5) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuð-

um frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafns er nr. 3 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar nr. 5.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum í Vík. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið og lagði fram efnisyfirlit bókana. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfírréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkjustóla og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru könnuð skjöl í skjalasafni amtmanns, landshöfðingja, stiftamtmanns og suðuramts m.a. varðandi nýbýlastofnanir í Vestur-Skaftafellssýslu á síðustu árum 18. aldar og fram- an af þeirri 19., þ.e. á því tímabili þegar nokkuð var um nýbýlastofnun á heiðum og óbyggðum lendum. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu (sbr. greinargerð óbyggðanefndar í skjali nr. 5). Óbyggðanefnd aflar örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki var talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands. Ekki voru lögð fram ljósrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) heldur við hana stuðst sem almennt uppláttarrit.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu af sérstöku tilefni skjöl í annarri skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) varðandi sölu þjóðjarða í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboði. Um önnur gögn, prentuð og óprentuð, en hér hafa verið nefnd er vísað til áður nefndra greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og skjalaskrár.

#### 4.4. Vettvangsferð

Farið var á vettvang dagana 29.-30. júlí 2003. Fyrri hluti vettvangsferðar hófst að morgni þriðjuddagsins 29. júlí og var veður gott. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila, voru með í för þeir Gissur Jóhannsson bóndi og fyrrverandi oddviti á Herjólfsstöðum I

og Jóhannes Gissurarson bóndi og fjallkóngur á Herjólfstöðum II. Farið var eftir Þjóðvegi 1 uns beygt var inn á Hrífunesveg á leið til Tungusels, félagsheimilis Skaftártungumanna, þar sem skoðaðar voru aðstæður fyrir væntanlega skýrslutöku. Haldið var áfram eftir Syðri-Fjallabaksleið og komið við á Ljótarstöðum þar sem Heiða Ásgeirsdóttir bóndi slóst í hópinn og því næst að Snæbýli I þar sem Jóhannes Ingi Árnason bóndi slóst með í för. Gissur Jóhannesson hafði að mestu orð fyrir heimamönnum og lýsti því sem fyrir augu bar.

Haldið var upp á Snæbýlisheiði og þar skoðað svokallað Hattsker sem og Kattahryggir. Jóhannes Ingi sýndi hópnum Beitilyngsgil sem er efstamark milli Snæbýlis og Ljótarstaða. Haldið var áfram og í átt að svonefndri Bjarnargötu sem norðurmörk Ljótarstaða miðast við. Aðilar voru ósammála um staðsetningu götunnar en reynt var að rekja sig eftir kennileitum með litlum árangri.

Farið var yfir vaðið hjá Brytalækjum og yfir í Álftaversafrétt en áður höfðu Jóhannes og Heiða haldið heim á leið. Keyrt var eftir svonefndri Mælifellsleið og helstu kennileiti skoðuð svo sem Mælifell, Strútur, Brennivínskvisl og Háalda. Áfram var ekið uns komið var inn á Öldufellsleið. Því næst var farin leiðin upp að Einhyrningi og svo aftur niður með Hólmsánni þar til stoppað var í kofa við Hólmsárfossa. Kofi þessi er af heimamönnum kallaður Fjallakofinn.

Frá Fjallakofa var haldið áfram vestur með Atley og niður að Leirá. Áin rennur frá Mýrdalsjökli í tveimur meginkvíslum en lögmenn voru ósammála í kröfulýsingum sínum við hvora ætti að miða. Kom fram að Efri-Leirain rennur í fastari farveg. Áfram var ekið með fram Leirá og Rjúpnafelli sem stendur sunnan við ána. Skoðað var uppgræðsluverkefni niðri á afréttinum sem bændur vinna að í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Gissur Jóhannesson sýndi mönnum stíflu í Leirá áður en stoppað var við fossinn sem rennur hjá Leirárbrunni. Heimamenn gerðu þar grein fyrir mörkum Hrífuness og Álftaversafréttar en land Hrífuness nær alla leið að áðurnefndri stíflu en ekki einungis að brunni sbr. Hæstaréttardóm frá 1984. Kröfulínur lögmanna voru ekki í samræmi við þetta og hugðust þeir skoða málið. Frá brunni yfir Leirá var haldið í Tungusel til skýrslutöku.

Vettvangsferð var fram haldið miðvikudaginn 30. júlí. Óbyggðanefnd, starfsmenn nefndarinnar og lögmenn málsaðila lögðu af stað frá Hótel Lunda í þungbúnu veðri. Keyrt var eftir Þjóðvegi 1 í austurátt á leið í Skaftártungu. Beygt var til vinstri inn Fjallabaksleið syðri og komið við í Úthlíð þar sem Valur Oddsteinsson fyrrverandi oddviti slóst í för með hópnum. Frá Úthlíð var ekið sem leið lá að Borgarfelli þar sem Sigfús Sigurjónsson slóst í hópinn. Svo er farið að Búlandi þar sem Sigurður O. Pétursson bættist í hópinn. Valur Oddsteinsson hafði að mestu orð fyrir heimamönnum.

Frá bæjarstæðinu á Búlandi var áfram keyrt eftir Fjallabaksleið syðri og upp Búlandsheiði. Sigurður benti á svokallaðan Granahaug sem liggur vestan Skaftár. Valur sagði frá því landsvæði sem liggur hjá Búlandsheiði og áður tilheyrði jörðunum Búlandsseli og Svartanúp sem nú eru komnar í eyði. Áfram var ekið og komið fram hjá svonefndum Króki sem stendur austan við veginn á móts við Skaftárdal. Ekið var svo með Réttarfelli og um Kálfasléttur. Þegar komið var að efstu mörkum Búlands í norðaustri var stoppað og reynt að glöggva sig á örnefnum sem kröfulínur landeiganda og lögmans ríkisins byggjast á. Báðir aðilar miðuðu við að kröfulínan lægi frá miðvatni Skaftár og vestur í Hánípu en drógu hins vegar línurnar á mismunandi hátt inn á kort. Horft var til vesturs á Bláfjall og yfir í Fljótsbotna.

Frá efstu mörkum Búlands var keyrt yfir í hinn eiginlega afrétt Skaftártungumanna en stoppað stutta stund í sæluhúsinu í Hólaskjólí sem stendur við Lambaskarðshóla vestan Skaftár. Áfram var haldið en beygt inn á Álftavatnskróka. Þegar hér var komið við sögu var skyggnið orðið afar lélegt vegna þoku. Aftur var farið inn á Fjallabaksleið syðri, yfir vöðin á Nyðri-Ófæru og að Skælings-ófæru. Haldið áfram eftir Fjallabaksleið syðri. Keyrt var yfir í afrétt Landmanna og stoppað þar í Höllinni (Kýlingskofa) en þá snúið við. Haldið var til baka sömu leið uns beygt var inn veginn norður að Langasjó og haldið inn eftir. Þoka var á svæðinu og þegar menn þóttust vissir um að hana tæki ekki af var snúið við og keyrt í niður í Tungusel til skýrslutöku. Lauk þar með vettvangsferð síðdegis.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Gissuri Þórði Jóhannessyni, ábúanda og umráðamanns Herjólfsstaða II, og eiganda að hluta; Jóhannesi Gissurarsyni, ábúanda og umráðamanns Herjólfsstaða I, og eiganda að hluta; Jóhannesi Inga Árnasyni, eiganda og ábúanda Snæbýlis I; Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur, bónda á Ljótastöðum; Sigurði O. Péturssyni, eiganda og ábúanda á Búlandi; Val Guðjóni Oddsteinsyni, eiganda og ábúanda Hlíðar; Sigfúsi Sigurjónssyni, eiganda og ábúanda að Borgarfelli og Gísla Halldóri Magnússyni, eiganda og ábúanda að Ytri-Ásum.

## 5. SAGA AFRÉTTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu Álftaversafréttar og Skaftártunguafréttar frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Í Sturlubók Landnámu er þessi lýsing á landnámi í Skaftártungu:

Vilbaldr hét maðr, bróðir Áskels hnökkans; hann fór af Írlandi til Íslands ok hafði skip þat, er hann kallaði Kúða, ok kom í Kúðafljótsós; hann nam Tunguland á milli Skaptár ok Hólmsár ok bjó á Búlandi.<sup>1</sup>

Síðan segir frá því í Sturlubók og Hauksbók að Vilbaldur hafi neyðst til að fara af landi sínu og annar tekið þar við búi:

Ísólfr hét maðr; hann kom út síð landnámatíðar ok skoraði á Vilbald til landa eða hólmgöngu, en Vilbaldr vildi eigi berjask ok fór brutt af Búlandi; hann átti þá land milli Hólmsár ok Kúðafljóts, En Ísólfr fór á Búland ok átti land milli Kúðafljóts ok Skaptár.<sup>2</sup>

Einar Ólafur Sveinsson taldi engan vafa leika á um takmörk landnámsins. Vesturtakmörk þess hefðu verið Hólmsá en Skaftá eystrimörk. Eftir að Skaftá skiptist væru rétt að miða við vestustu kvíslina: Landá.<sup>3</sup> Síðan hefði Vilbaldur látið býli sitt, Búland, í hendur Ísólfi og allt land að auki austan Kúðafljóts eða Tungufljóts eins og vafalaust væri átt við.<sup>4</sup> Samkvæmt þessu hefur Tungufljót, eins og það nefnist nú, skilið lönd þeirra Vilbalds og Ísólfs.<sup>5</sup>

Í Landnámabók eru tveir landnámsmenn nefndir á því svæði sem nefnist Álftaver. Annar þeirra var Hrafn hafnarlykill en um hann segir svo í Sturlubók og Hauksbók:

Hrafn hafnarlykill var víkingr mikill; hann fór til Íslands ok nam land milli Hólmsár og Eyjarár ok bjó

1 *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 326. Í Hauksbók er því bætt við að þeir bræður, Vilbaldur og Áskell, hafi verið synir Dofnaks sem einnig er nefndur Dufþakur Dufnialsson, Kjarvalssonar Írakonungs (sama rit, s. 327 og 367).

2 *Landnámabók* 1986, s. 328.

3 Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellspingi*. (Skaftafellinga rit 2. b.) Reykjavík. S. 97-98.

4 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 104. Haraldur Matthíasson tók undir þetta og komst svo að orði: „Nú heitir ekki Kúðafljót fyrr en neðan við mynni Hólmsár“ (Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 396). Sbr. einnig *Sunnlenskar byggðir*: 6. b. Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands 1985. S. 241.

5 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 396.

í Dynskógum<sup>1</sup>; hann vissi fyrir eldsuppkvámu og færði bú sitt í Lágey<sup>2</sup>. Hans son var Áslákr aurgoði, er Lágeyingar eru frá komnir.<sup>3</sup>

Hinn landnámsmaðurinn var Molda-Gnúpur Hrólfsson. Um hann er þessi frásögn í Sturlubók:

Maðr hét Hrólfir hoggvandi; hann bjó á Norðmæri, þar sem hét Moldatún. Hans synir váru þeir Vémundur ok Molda-Gnúpr; þeir váru vígamenn miklir ok járnsmiðir. ... Gnúpr fór til Íslands fyrir víga sakir þeira bræðra ok nam land milli Kúðafljóts ok Eyjarár, Álptaver allt; þar var þá vatn mikit og álptveiðar á. Molda-Gnúpr seldi mǫrgum mǫnnum af landnámi sínu, ok gerðisk þar fjölbyggt, áðr jarðeldr rann þar ofan, en þá flýðu þeir vestr til Höfðabrekku ok gerðu þar tjaldbúðir, er heitir á Tjaldavelli. En Vémundur, son Sigmundar kleykis, leyfði þeim eigi þar vist. Þá fóru þeir í Hrossagarð ok gerðu þar skála ok sátu þar um vetrinn, ok gerðisk þar ófriðr með þeim ok vígafar.<sup>4</sup> En um vátit erptir fóru þeir Molda-Gnúpr vestr í Grindavík ok staðfestisk þar; þeir höfðu fátt kvikfjár.<sup>5</sup>

Mörk landnáma þeirra Hrafnshafnarlykils og Molda-Gnúps verða að teljast glögg. Hrafn nam land milli Hólmsár og Blautukvíslar og voru þeir Vilbaldur nágrannar.<sup>6</sup> Landnám Molda-Gnúps náði frá Kúðafljóti í austri og vestr að Blautukvísl. Að sunnan takmarkaðist landnámið af sjónum en að norðan komu landnám Molda-Gnúps og Hrafnshafnarlykils saman og eru þau landamerki ekki þekkt.<sup>7</sup>

## 5.2. Álftaversafréttur

Ekki er kunnugt um nein landamerkjabréf eða þinglýst gögn um merki Álftaversafréttar. Lýsingu afréttarins er þó að finna í nokkrum heimildum og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu.

Í *Göngum og réttum* er þessi lýsing á mörkum Álftaversafréttar:

Afréttur Álftavershrepps takmarkast á þrjár hliðar af vötnum og jökli. Jökulvatnið Leirá fellur úr Mýrdalsjökli og í Hólmsá, skilur hún afréttinn frá heimalöndum hreppsins. Sunnan hennar, í heimalöndunum, stendur eitt einstakt fell, allhátt, og heitir það Rjúpnafell. Hólmsá skilur afréttinn frá Skaftártunguheiðum á austurhlið, allt til upptaka sinna, en á vesturhlið er Mýrdalsjökull. Við norðausturhorn Mýrdalsjökuls koma Álftaversafréttur og Rangárvallafréttur saman, og eru þar ekki nein vötn eða torfærur, sem skilja á milli, en gróðurlítið er þar, mest sandar, Mælifellssandur. Eru talsverð brögd að því, að fé renni saman á þessum slóðum milli Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.<sup>8</sup>

Í *Sunnlenskum byggðum* er afrétturinn sagður afmarkast „af Leirá að sunnan og sveitarmörkum að austan og vestan, norður í Hólmsárbotna“.<sup>9</sup>

1 Eyjará var sama áin og Blautukvísl, að sögn Sveins Pálssonar landlæknis og náttúrufræðings, en Dynskóga telja menn að hafi verið norðvestur af Herjólfstöðum, sunnan Skálmar, milli Dýja og Selvaðsfitja (Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 105).

2 Lágey er talin hafa verið vestan Eyjarár (Blautukvíslar) (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 329, 7. nmgr.).

3 *Landnámabók* 1986, s. 328.

4 Tjaldavöllur mun hafa verið þar sem nú heita Búðir eða Tjaldbúðir og Hrossagarður þar sem nú eru Kaplagarðar, hvort tveggja í Höfðabrekkulandi (Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 107-108).

5 *Landnámabók* 1986, s. 328, 330. Orðamunur er í Hauksbók en skiptir ekki miklu máli. Í Hauksbók er t.d. fullyrt að Molda-Gnúpur og synir hans tveir hafi fallið í Hrossagarði (*Landnámabók* 1986, s. 331).

6 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 104-105.

7 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 397.

8 *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 159-160. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 295.

9 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 295.

Í „Afréttarskrá Álftaversafréttar“, sem oddviti Álftavershrepps, Gissur Jóhannesson, undirritaði 26. nóvember 1985 er lýsingin þannig:

Takmörk Álftaversafréttar eru: Að austan ræður Hólmsá sunnan frá Leirá norður í Hólmsárbotna v/Strútslaug. Að sunnan ræður Leirá sunnan við Sandfell austur í Hólmsá. Að vestan takmarkast afrétturinn sunnan frá upptökum Leirár, af Mýrdalsjökli norður á Mælifellssand en þá tekur við sýslumarkalína Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, sem dregin er úr upptökum Fúlalækjar á Sólheimasandi, norður yfir jökul í áðurnefnda Hólmsárbotna.<sup>1</sup>

Árið 1989 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms um mörkin á milli afréttarlanda Rangárvallahrepps að austan og Álftavershrepps að vestan. Í dómi Hæstaréttar er vísað til landamerkjalyýsingar frá 1888 og 1889, og síðan segir:

Þegar þessar rituðu heimildir eru hafðar í huga og jafnframt litið til þeirra afréttarnota, sem upplýst er, að málsaðilar, hvorir um sig, hafa haft af þrætuandinu, svo og til fjallskila á því, og loks til þess, hvaða mörk megi teljast hagkvæm, náttúruleg og glögg, verður það niðurstaða dómsins, að mörkin eigi að vera á línu, er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna). Línan úr Hólmsárbotnum í há-Torfajökul liggur að Skaftártunguafreitti, og verður því ekki um hana fjallað í máli þessu.<sup>2</sup>

Þá er þess að geta að í dómi Hæstaréttar í deilu um landamerki milli jarðanna Holts I og II og Herjólfstað I og II annars vegar og Skálmarbæjar og Hrífuness hins vegar (einnig var deilt um merki þeirra á milli) var niðurstaðan sú að merki jarðanna væru um miðjan Hrífuneshólmi.<sup>3</sup> Nokkrum árum síðar lét hreppsnefnd Skaftárhrepps draga upp línu milli heimalanda annars vegar og afréttar hins vegar og í bréfi dags. 19. júní 1998 fór sýslumaður fram á það við eigendur og ábúendur viðkomandi jarða að þeir sannreynðu hvort merkjalýsing sú, sem þar kom fram, væri rétt. Merkjum milli heimalanda og afréttar frá Mýrdalsjökli til Hólmsár er lýst þannig:

Frá Mýrdalsjökli ræður Leirá sunnan Sandfells frá upptökum allt niður í Hvítanestorfu í hornmark, sbr. hæstaréttardóm frá 1979 og þaðan eftir gömlum farvegi norður í Hólmsá, sem ræður allt norður að Bjarnagötu, skammt norðan við þann stað, sem Fjallabaksleið syðri þverar ána.<sup>4</sup>

Ekki liggja fyrir eldri heimildir um nýtingu afréttarins en frá fyrri hluta 19. aldar. Í skýrslu séra Sveins Benediktssonar í Þykkvabæjarprestakalli frá 1840 kemst hann svo að orði um afrétt sóknarmanna:

Í Einhyrningsfjöllum er sóknarinnar afréttur fyrir sauðfé og naut, en lambaafréttur í Atley, réttir (í) byggð í áðurnefndu Skálmarbæjarhrauni.<sup>5</sup>

1 Skjal nr. 1 (10).

2 Hæstaréttardómur 1989/1020 (nr. 28/1987).

3 Hæstaréttardómur 1984/955 (nr. 141/1980). Skv. korti er Hrífuneshólmi fyrir sunnan Leirá en að sögn Þorvalds Thoroddsens hafði Leirá áður sérstakan farveg og rann fyrir sunnan Hrífuneshólma í Kúðafljót (Þorvaldur Thoroddsen, 1959: *Ferðabók*. 3. b. Reykjavík. S. 195 (1. útg. 1913-1915)). Eftir korti að dæma frá síðari hluta 18. aldar virðist Leirá þá hafa runnið úr Mýrdalsjökli fyrir norðan Sandfell (sbr. Sveinn Pálsson, 1983: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 2. b. Reykjavík. S. [485] (1. útg. 1945)).

4 Skjal nr. 1 (7).

5 *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 222.



Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 er farið almennum orðum um búskaparhætti og landkosti í Álftaveri. Þar er eftirfarandi lýsing á afréttinum látin nægja: „[A]frétt allgöð og næg fyrir sveitina.“<sup>1</sup> Í fasteignamati 1916 er lýsingin svipuð: „Allar jarðir í Álptavershreppi eiga sjerstakt afrjettarland nægilega víðlent til uppreksturs.“<sup>2</sup>

Elstu fjallskilaákvæði fyrir Vestur-Skaftafellssýslu eru frá 1897 (nr. 100). Þau fjalla um sauðfjármörk og markaskrá sýslunnar. Tveimur árum síðar var gefin út almenn reglugerð um fjallskil í sýslunni (nr. 78/1899). Þar er kveðið á um upprekstur og fjallskil á afrétt og einnig tekið fram hvaða reglur skuli gilda ef menn vilji nota heimaland sitt til upprekstrar fyrir sjálfa sig eða aðra.<sup>3</sup>

Í fjallskilasamþykkt nr. 245/1965 er fjallað um heimild fjáreigenda til að reka fé sitt í „afréttarland hreppsins“ (7. gr.), auk þess sem gert er ráð fyrir að sýslunefnd geti tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum. Þó megi ekki skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð séu nema takmarkaðan tíma í senn (5. gr.). Í þessari fjallskilasamþykkt er einnig ákvæði um fjárleitir á öræfum „sem ekki teljast til afrétta“ (41. gr.).<sup>4</sup>

Í fjallskilasamþykkt nr. 174/1992 er sérstakt ákvæði um þá sem áttu víðáttumikil heimalönd:

Þeir sem víðáttumikil heimalönd hafa að smala, sem notast að sumrinu sem beitiland fyrir afréttarpening, eiga rétt á að sú smölun sé metin til fjallskila, enda framkvæmdi landeigandi smölunina á sinn kostnað í sambandi við smölun afréttarins og eftir fyrirmælum hreppsnefndar (24. gr.).<sup>5</sup>

Jón Gíslason í Norðurhjáleigu lýsti göngum á Álftaversafrétt á fyrri hluta 20. aldar með þessum orðum:

Frá fornu fari hefir það verið venja að fara í fyrstu göngu á Álftaversafrétt sunnudaginn í 22. viku sumars, það er á tímabilinu 18.-24. sept. Þó hefir nú síðustu ár verið stöku sinnum brugðið út af því, ef veður eða aðrar ástæður hafa hamlað. En allt til 1910 var ævinlega farið þennan ákveðna dag, og þá sérstaklega vegna þess að á mánudaginn hittust Rangvellingar og Álftveringar venjulega í nyrstu leitum á Álftaversafrétti, það er í Brytalækjum. ...

Á síðustu áratugum 19. aldar réttuðu Álftveringar safnið úr aðalafréttinum við Jökulkvísl. Komu Rangvellingar þá þangað í rétt og tóku þar fé sitt eða ráðstöfuðu því á annan hátt. En eftir 1900 var þetta lagt niður, því að Rangvellingum þótti sú fyrirhöfn ekki borga sig. Áttu þeir oftast fát fé þarna, og komið gat það fyrir, að ekkert væri frá þeim, en löng leið að reka fé til baka norður afrétt og svo vestur norðan Mýrdalsjökuls. Samtímis því, að Rangvellingar fóru réttarferðir á Álftaversafrétt, sóttu Álftveringar og Skaftártungumenn fé sitt til Rangvellinga í rétt við Strútslaug, sem er sunnan undir Torfajökli. En fyrir 60-70 árum<sup>6</sup> var því hætt af Álftveringum, og tóku þá Skaftártungumenn að sér að hirða fé Álftveringa ásamt sínu eigin fé, sem þar var í Strútsrétt. Hélt svo þar til nú eftir 1940, að Skaftfellingar máttu ekki hirða fé sitt af Rangárvallafrétti vegna sauðfjársjúkdóma, mæði- og garnaveiki, sem þá var farin að gera vart við sig í vestursýslunum. Alltaf hefir fé runnið meira vestur, það er austan úr sýslu, heldur en af Rangárvallafrétti austur. Nú síðustu ár hefir fé Álftveringa og Skaftártungumanna, sem á Rangárvallafrétti hefir komið, verið dauðadæmt og rekið af Rangvellingum til slátrunar að Hellu, Djúpadal eða Rauðalæk. Hefir ekki verið talið óhætt vegna útbreiðslu fjárpestanna að reka það aftur heim í áthgana.<sup>7</sup>

1 Skjal nr. 3 (40).

2 Skjal nr. 3 (23).

3 Skjöl nr. 5 (21 og 22).

4 Skjal nr. 5 (18).

5 Skjal nr. 5 (17).

6 Lýsing þessi hefir verið gerð um miðja 20. öld (sbr. *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 7).

7 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 162-164.

Jón Gíslason getur um tvö sæluhús á afréttinum, annað skammt fyrir norðan Jökulkvísl og hitt syðst á afréttinu, í Atlaey.<sup>1</sup>

Á síðari árum hefur fyrsta leit tekið þrjá daga. Á fyrsta degi er Merkigil smalað en ekki er lengur farið í Sandfell í þeim áfanga. Á öðrum degi er norðurafrétt smöluð allt inn að Brennivinskvísl. Þá er farið inn að Mælifelli og út að jökli fyrir ofan Mælifell og út að sýslumarkinu þar og síðan er féð rekið í gerði við Jökulkvísl. Á þriðja degi er smalað sunnan Jökulkvísar og Atlaey og allt suður að Leirá og féð rekið til réttar. Eftir að smölun er lokið eru farnar dagsferðir á einstaka staði á afréttinum, í Sandfell og Öldufell og einnig í Strút og Svartafell.<sup>2</sup> Ekki hafa verið aðrar nytjar af afréttinum en sauðfjárbreit.<sup>3</sup>

Að lokum skal þess getið að á afréttinum hefur verið reist landgræðslugirðing á kostnað Landgræðslu ríkisins og hún hefur einnig lagt til áburð en vinna við að dreifa honum er kostuð af heimamönnum.<sup>4</sup>

### 5.3. Skaftártunguafréttur

Heimildir um mörk Skaftártunguafréttar má rekja aftur til 18. aldar. Í örnefnalýsingu Árna Magnússonar frá um 1700 er gerð grein fyrir veiði í „Fiskivötnum“ og staðháttum þar á hálendinu lýst. Hann segir „freka“ þingmannaleið þangað úr Skaftártungu „í norður eða lítið til útnorður[s]“. Í Fiskivötnum veiði „þeir“ [væntanlega Skaftártungumenn] mest í nóvember og sé þar nægur silungur. En bændur af Landi sóttu einnig til Fiskivatna,

uppmæð Þjórsá austan fram, til þess Túná kemur í hana, síðan yfir um Túná, hjá Hestabrekku, og svo upp með henni allri norðan fram í landnorður eða austur; skal vera álíka langt af Landi og úr Skaftártungu.<sup>5</sup>

Árið 1772 kom út Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar sem lýsti rannsóknnum þeirra á náttúruferð og högum lands og þjóðar á árunum 1752-1757.<sup>6</sup> Í frásögn af ferð til „eldjökla-anna“ 1756 minnst þeir á Fiskivötn með þessum orðum:

Norður af Mýrdalsjökli eru Fiskivötn kunnust. Þau eru með afbrigðum fiskisæl, og hafa menn sótt þangað veiði úr vesturhluta Skaftafellssýslu og af Rangárvöllum. Hafa menn legið þar við í veiðimannakofum, og sjást minjar þeirra. Þangað eru 10 mílur úr Skaftártungu, en menn segja, að þeir geti ekki lengur sótt þangað, því að þar sé enginn hestahagi. En sú afsökun er einskis virði, því að þeir gætu farið þangað nokkrir saman og látið reka hestana til byggða, meðan þeir dveljast við vötnin.<sup>7</sup>

Eins og fram kemur í frumtitli bókarinnar fylgdi útgáfunni kort af Íslandi. Þeir Eggert og Bjarni áttu þó engan þátt í því heldur var það unnið eftir forsögn Jóns Eiríkssonar konferensráðs og Gerhard Schöning prófessors.<sup>8</sup> Á kortinu virðast mörk Vestur-Skaftafellssýslu dregin töluvert fyrir vestan Fiskivötn sem nú teljast til Landmannaafréttar.

1 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 164.

2 Jóhannes Gissurarson, ábyandi á Herjólfsstöðum I, við skýrslutökur í máli nr. 7/2003, 29.-30. júlí 2003. Sbr. einnig lýsingu Gissurar Þórðar Jóhannessonar, ábúanda á Herjólfsstöðum II, við sömu skýrslutökur.

3 Gissur Þórður Jóhannesson við áður nefndar skýrslutökur.

4 Jóhannes Gissurarson við áður nefndar skýrslutökur.

5 Einar Ól. Sveinsson, 1940: „Svar við aðfinnslum.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 78.

6 Titill bókarinnar er: *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Povelens Reise igennem Island, foranstaltet af Videnskabernes Selskab i Kiöbenhavn, og beskreven af forbemeldte Eggert Olafsen med dertil hørende 51 Kobberstøkker og et nyt forfærdiget Kart over Island*.

7 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Samin af Eggert Ólafssyni. 2. b. Reykjavík 1943. S. 127.

8 Steindór Steindórsson, 1943: „Formáli.“ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Samin af Eggert Ólafssyni. 1. b. Reykjavík. S. VIII-X.

Sveinn Pálsson lýsti Skaftártungu í dagbók sinni 5. september 1793:

Við vorum nú í Skaftártungu, þeirri sveit, sem næst liggur Fjallabaki. Hún er lengst frá norðri til suðurs og nær að norðan upp til öræfa inni í landinu allt að Túná, að vestan upp að Fjallabaki og Torfajökulsfjöllum, að austan til hins forna farvegs Skaftár, er hraunið fyllti árið 1783, en til suðurs að Áltaveri.<sup>1</sup>

Afréttunum er einnig lýst í heimildum frá 19. öld. Séra Pétur Stephensen að Ási í Skaftártungu kemst svo að orði í skýrslu frá fimmta áratug aldarinnar:<sup>2</sup>

Norður af Skaftártungu eða Búlandsheiði liggja afréttir. Í þeim eru Svartanúpsfjöll kölluð, og eru þau sums staðar mjög graslítill og ekki há. Í norðaustur frá þeim kemur sú svokallaða Hörðubreið. Þar við taka Skælingar nefndir, sauðgöngu- og rótapláss Skaftártungubúa. Þessir Skælingar ná austur undir Eldvatn eða gömlu Skaftá. Norður frá þessum Skælingum eru fjöll graslaus, ekki mjög há, og ná þau norður að Tungnaá kallaðri. En fyrir norðan hana er fjall stórt, nefnt Tungnaárfjall. Norðan undir því liggja Fiskivötn, hvar í silungaveiði hefur tíðkuð verið af Skaftártungubúum eins og Landmönnum og máski Rangvellinum.<sup>3</sup>

Síðar í skýrslunni viku Pétur aftur að sama efni þegar hann svarar spurningunni um það hvar afréttarlönd Ása- og Búlandssóknar séu:

Áðurnefndir Skælingar og þar um kring liggjandi fjöll eru hér alm[en]ningar, þ.e. Tungumanna. Lögrétt eða skilarétt er í miðri Tungu. Þangað er sótt úr allri Tungu á haustum, fyrst í 22. viku sumar[s] og síðan í hvorri viku til veturnótta.<sup>4</sup>

Við jarðamat, sem fram fór um miðja 19. öld, var ekki hugað sérstaklega að landamerkjum heldur fremur leitast við að lýsa bústofni, mannvirkjum og landkostum. Um afrétt Skaftártungu er komist þannig að orði í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849:

Afrétt mikil en hún spilltist talsvert af síðasta Heklugosi, og eins enir víðlendu hagar Norðurtungu jarðanna sem þó geta tekið upprekstursfé bæði úr Meðallandi og Fram-Túngunni.<sup>5</sup>

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er þessi almenna umsögn um afréttinn: „Allar Skaftártungujarðir eiga afrjett í sameiningu.“<sup>6</sup>

Á sýslufundi Vestur-Skaftafellssýslu 21. nóvember 1883 kom til umræðu að mikil þörf væri á að kanna fjöllin fyrir norðan Síðumannaafrétt og Skaftártungu norður til Fiskivatna og austur að Vatnajökli, „þareð grunur lægi á að fé leyndist þar á haustum, og hugsandi væri að finna mætti þar töluvert afréttarland, en fjöll þessi væru að mestu ókönnuð.“<sup>7</sup> Á fundi amtsráðs suðuramtsins 3. júní 1884 var tekin fyrir beiðni sýslunefndarinnar um 300 kr. styrk „til þess að rannsaka hin ókunnun fjalllendi, sem liggja fyrir norðan afréttarland Vestur-Skaftafellinga, Síðumanna og Skaptártungna, frá Fiskivötnum að norðvestan austur að Hverfisfljóti“. Samþykkt var að veita styrk úr jafnaðarsjóði og skyldi hann vera helmingur kostnaðar, þó eigi hærri upphæð en 250 kr., að því tilskildu að hinn helmingur yrði greiddur úr sýslusjóði. Í fundargerð amtsráðsins segir enn fremur:

1 *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 1. b. Reykjavík 1983. S. 259.

2 Lýsing hans er ekki ársett, en var gerð eigi síðar en 1843.

3 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 199-200.

4 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 205.

5 Skjal nr. 3 (40).

6 Skjal nr. 3 (23).

7 *Suðri* 20. desember 1884. S. 127.

Amtsráðið áleit einnig nauðsynlegt, að fjallendið austur af Landmannaaftrjetti og Laufaleitum allt austur að Vatnajökli og Skaptárjökli væri rannsakað, og því ákvað amtsráðið að veita Rangárvallasýslu, ef sýslunefnd hennar vildi leggja fram fje úr sýslusjóði til þessarar rannsóknar, sama styrk og með sömu skilmálum og Skaptafellssýslu, og er það enn fremur skilyrði fyrir þessari veitingu, að könnunarmenn úr báðum sýslunum mætist hjá Fiskivötnum austur undir jökli og beri sig þar saman.<sup>1</sup>

Sýslunefnd Rangárvallasýslu fjallaði um þetta mál á fundi 25. júní 1884 og var niðurstaðan sú að ekki þætti gerlegt að leggja gjöld á sýslubúa til rannsóknarinnar af því að „sýslunefndin ekki geti eignað þessari sýslu fjalllendi þau, sem liggja fyrir innan og austan Fiskivötn, eða sýslan yfirhöfuð haft nein veruleg afnota af þeim“.<sup>2</sup>

Skaftártungumenn fóru engu að síður í þennan leiðangur, lögðu af stað 2. september 1884 og voru upp undir hálfan mánuð í ferðinni. Lengst munu þeir hafa farið suður og austur í Tungnaár-fjallgarð og könnuðu landsvæði sunnan undir austurenda fjallsins.<sup>3</sup>

Undir lok 19. aldar kom til ágreinings um mörkin milli Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafells-sýslu. Í október 1886 var tekin saman eftirfarandi lýsing á mörkum Landmannaaftréttar sem Skaftafellingar munu ekki hafa sætt sig við:

Fyrst er Ófærugil, þaðan beint í Krakatind, þaðan beint í Fljótið syðst í Reykjadalum, síðan ræður Fljótið inn að Torfajökli; síðan ræður Torfajökull inn að upptökunum á Stórukvisl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn í Þórisvatni; þaðan beint í Þóristind, þaðan beint í botninn á Blautukvisl, síðan ræður hún merkjum í Tungnaá, síðan Tungnaá í Þjórsá, síðan ræður Þjórsá fram að syðri endanum á Búrfelli, síðan þaðan beint í Ófærugil.

Framanskriðuð mörk samþykktum vér undirskriðuðir.

Landmannahreppi 22. okt. 1886

Fyrir hönd Landmannahrepps:

Eyjólfur Guðmundsson      Kristófer Jónsson      Þorsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd Holtmannahrepps:

Jón Þórðarson      Runólfur Halldórsson      Ól. Ólafsson      Þ. Guðmundsson

Fyrir hönd Rangárvallahrepps:

Steinn Guðmundsson      Gísli Felixson      Páll Jónsson<sup>4</sup>

Landamerkjabréfið var upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfsþaga 17. maí 1890.

Merkjalýsing þessi hefur átt sinn þátt í því að sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu ritaði sýslunefnd Rangárvallasýslu bréf, dags. 21. nóvember 1888, þar sem hann mæltist til þess að hún samþykkti eftirfarandi markalýsingu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. apríl 1888:

1 Skjal nr. 3 (54).

2 Hæstaréttarmálið nr. 103/1953. Skjöl: A-K. S. 279.

3 *Suðri* 10. janúar 1885. S. 1-3. Sbr. skjal nr. 3 (55). Sbr. einnig hér síðar um leitir á öræfum milli Tungnaár og Langasjós.

4 Skjal nr. 3 (44).

Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul<sup>1</sup> beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beit í Náma-kvislarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatns.<sup>2</sup>

Sýslunefnd Rangárvallasýslu gat ekki fallist á tillöguna og lagði í staðinn til að mörkin yrðu þessi:

Úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni.<sup>3</sup>

Ekki varð samkomulag um þessi mörk og var málið því óleyst næstu áratugi.

Pálmi Hannesson nefndi Kirkjufellsós sem kennileiti á afréttamörkum í ferðalýsingu frá 1931: „Kirkjufellsós kemur úr vatninu [Kirkjufellsvatni] og fellur norður í Tungnaá. Um hann eru sýslu-mót og afrétta.“<sup>4</sup> Kirkjufellsós er einnig viðmið í sátt um afréttamörk sem gerð var 7. ágúst 1951 vegna dómsmáls um veiðirétt í Fiskivötnum (Veiðivötnum) suðvestan Vatnajökuls:

Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvisl, eftir Blautukvisl í Blautukvislarbotna, þaðan í Þóristind, og þaðan sjónhending í Þveröldu, og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós, og eftir honum í Kirkjufellsvatn, þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.<sup>5</sup>

Ágreiningur Rangvellinga og Vestur-Skaftfellinga um afréttamörk var hins vegar ekki leystur fyrr en árið 1989 þegar Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um mörk Landmannaafreittar að austan og afréttar Skaftártunguhrepps að vestan með þessum orðum:

Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Lína þessi er mörkuð á korti í héraðsdómi.<sup>6</sup>

Heildarlýsing á afrétti Skaftártungu er í ritinu Göngum og réttum:

Afréttur Skaftártungumanna er bæði víðáttumikill og fjöllóttur. Eru takmörk hans að austan Skaftá og Vatnajökull, en að vestan Hólmsá og Torfajökull, og þaðan sem næst lína um Hábarm og Kistufell norður í Tungnaá. Til norðurs er nokkurt vafamál, hvað hann nær, en aldrei hefir verið safnað af Tungumönnum lengra en norður að Tungnaá.<sup>7</sup>

Merkjum afréttarins er einnig lýst í Sunnlenskum byggðum:

Að austan frá mörkum Búlandsheiðar ræður Skaftá. Að vestan ræður Hólmsá frá mörkum Ljótastaðaheiðar í Hitalaug (Strútslaug). Um afréttarmörk á milli Skaftártungu- og Landmannaafreittar hafa Skaft-

1 Rétt er Mýrdalsjökul (sbr. Hæstaréttardómar 1989/1032).

2 Skjal nr. 5 (31).

3 Skjal nr. 5 (31).

4 Pálmi Hannesson, 1958: *Frá óbyggðum. Ferðasögur og landlýsingar*: Reykjavík. S. 206.

5 Skjal nr. 5 (65).

6 Hæstaréttardómar 1989/1027 (nr. 29/1987) (hliðsjónargagn).

7 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 140. Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 247. Í ritinu *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar 1997* (sbr. hér síðar) er tekið fram að afréttir Skaftártungumanna og Rangvellinga komi saman „þar sem hlið er á jöklaklasanum og vegur liggur er kallast Fjallabaksvegur“ (s. 16).

fellingar og Landmenn ekki orðið alveg sammála. Læt ég<sup>1</sup> því fylgja hér með lýsingu þá sem hreppsnefnd Skaftártunguhrepps gaf út árið 1889: „Að austan ræður Skaptá suður á móts við Hánípugil; þaðan beina stefnu vestur í Fljótsbotn; þaðan beina stefnu vestur í Tjaldgilsháls við Hólmsá; þá ræður Hólmsá að upptökum sínum við heitu laug; þaðan beina stefnu norður í mynnið á Námskvísl, þar sem hún fellur í Tungnaá; þaðan beina stefnu fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.“<sup>2</sup>

Sagnir eru um það að nyrst í Skaftártungu hafi verið byggð að fornu. Að sögn séra Jóns Steingrímssonar gerðist það um 1112 að heil byggð eyðilagðist þar af miklu öskufalli svo að aldrei kunní aftur að byggjast. Þar á að hafa verið kirkjustaður og merki húsatöfta enn sjáanlegar í tíð séra Jóns (1728-91). Hann segir enn fremur að nafnið hafi haldist við staðinn eftir að byggðin fór í eyði og kallist Tólfahringur.<sup>3</sup> Þorvaldur Thoroddsen lýsti svæðinu undir lok 19. aldar á þessa leið:

Milli Búlandsheiðar og Bláfjalls er slétta allvið niður að Skaftá. Þar eru niður undir ánni hnúðar tveir, er heita Hrafnar. Sjálf er sléttan mýrlend og grösug og er kölluð Kálfasléttu. Um sléttuna vestanverða rennur lítil á, er heitir Þorvaldsá, hún rennur í Tungufljót. Austan við sléttuna, við Skaftá, heitir Tólfahringur. Þar eru grösugar brekkur og tungur, og sjást þar merki tveggja eða þriggja bæja.<sup>4</sup>

Þegar Bynjúlfrur Jónsson fór í rannsóknarferð um svæðið sumarið 1909 fann hann þar engar rústaleifar og taldi líklegt að þær hefðu farið undir hraun í gosinu 1783.<sup>5</sup>

Erfitt er að finna eldri heimildir en frá 19. öld um afréttarnot í Skaftárungu. Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni um Búlandsheiði að hún sé „afrétt“ og virðist þá eiga við landsvæði það sem áður er hér lýst og nefndist Tólfahringur.<sup>6</sup> Þorvaldur Thoroddsen víkur einnig að afréttarnotkun Skaftártungumanna í riti sínu Lýsing Íslands en þar segir:

Upp af Skaftártungu eru miklar heiðar með góðri sauðbeit og þar upp af mjög víðáttumikil öræfi með hagasnöpum hér og hvar vestan við Skaftá vestur að Tungná, í Jökuldali við Torfajökul og norður í Fögrufjöll og Langasjó. Fyrir 1850 leituðu Tungumenn aldrei Jökuldali eða vestustu leitir við Tungná, en nú leita þeir vestur í Kýlinga, um Jökuldali og Faxasund og finna þar oftast allmargt fê; þar hefir líklega margt fê drepist í fyrri daga.<sup>7</sup>

Í nýrri tilskipun um sveitarstjórnir 1872 var m.a. kveðið á um að sýslunefndir skyldu semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og refaveiðar.<sup>8</sup>

Elsta löggilta fjallskilareglugerðin („Fjallskilaákvæði“) fyrir Vestur-Skaftafellssýslu er frá 1897 (nr. 100).<sup>9</sup> Þau fjalla um sauðfjármörk og markaskrá sýslunnar. Tveimur árum síðar var gefin út almenn reglugerð um fjallskil í sýslunni (nr. 78/1899). Þar er kveðið á um upprekstur og fjallskil á afrétt og einnig tekið fram hvaða reglur skuli gilda ef menn vilji nota heimaland sitt til upprekstrar fyrir sjálfa sig eða aðra.<sup>10</sup> Árið 1929 var gefinn út viðauki (nr. 67) við almennu reglugerðina frá 1899 og gildi hann aðeins fyrir Skaftártunguhrepp. Þar stendur í 3. gr.

1 Vigfús Gestsson, bóndi að Ljótastöðum og síðar að Hjallanesi í Landssveit (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 240).

2 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 244. Sbr. skjal nr. 5 (51) en þar er þessi lýsing í frumriti.

3 Helgi Magnússon, 1983: „Í byggðum.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. (Vestur-Skaftafellssýsla austan Skaftár og Kúðafljóts.) S. 62.

4 Þorvaldur Thoroddsen 1959 (3), s. 131-132.

5 Bynjúlfrur Jónsson, 1909: „Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 15-16.

6 Sveinn Pálsson 1983 (1), s. 259.

7 Þorvaldur Thoroddsen, 1935: *Lýsing Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 192-193 (2. útg.).

8 Lýður Björnsson, 1972: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. 1. b. Reykjavík. S. 254.

9 Skjal nr. 5 (22).

10 Skjöl nr. 5 (21 og 22).

Í sambandi við smölun afréttar, og áframhaldi af hverju afréttarsafni, skulu smalaðar Búlands- og Ljótastaðaheiðar, svo og Snæbýlisheiði vestan á móti. - Auk þeirra safnsmanna, er afrétt smala, skulu búendur utan Tungufljóts og ábúandi Ljótastaða leggja 6 menn til smölunar í 1. safn og 3 menn í 2. safn tveggja hinna fyrnefndu heiða, en hver búandi vestan Tungufljóts að undanskildum Ljótastöðum 1 mann í hvert safn Snæbýlisheiðar.<sup>1</sup>

Í fjallskilasamþykkt nr. 245/1965 er fjallað um heimild fjáreigenda til að reka fê sitt í „afréttarland hreppsins“ (7. gr.), auk þess sem gert er ráð fyrir að sýslunefnd geti tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum. Þó megi ekki skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð séu nema takmarkaðan tíma í senn (5. gr.). Í þessari fjallskilasamþykkt er einnig ákvæði um fjárleitir á öræfum „sem ekki teljast til afrétta“ (41. gr.).<sup>2</sup>

Í fjallskilasamþykkt nr. 174/1992 er sérstakt ákvæði um þá sem áttu víðáttumikil heimalönd:

Þeir sem víðáttumikil heimalönd hafa að smala, sem notast að sumrinu sem beitiland fyrir afréttarpening, eiga rétt á að sú smölun sé metin til fjallskila, enda framkvæmdi landeigandi smölunina á sinn kostnað í sambandi við smölun afréttarins og eftir fyrirmælum hreppsnefndar (24. gr.).<sup>3</sup>

Skaftártunguafréttur þótti erfiður til smölunar vegna stærða og þess hversu fáir safnmenn voru, 14-18 í fyrsta safni. Vigfús Sæmundsson lýsti leitarferðum á Skaftártunguafrétti á fyrri hluta 20. aldar í frásögn sem hann samdi á árunum 1946-1947. Þar segir m.a.:

Skyldusöfn í afréttinum eru þrjú, og hefir venjulega verið farið í fyrsta safn laugardaginn í tuttugustu og annari viku sumars. Hittast allir safnmennirnir þá á nyrsta bæ sveitarinnar, Svartanúpi, sem nú er raunar í eyði síðan í Kötlugosinu 1918. Halda safnmenn svo hópinn norður yfir Syðri-Ófæru og nær norður að Eldgjá, en þar skiptir gangnaforingi liði í tvennt. Fer annar hópurinn inn með Skaftá á svokallaða Skælinga og gistir tvær næstu nætur í leitarmannakofa þar. Eiga Fögrufjallamenn<sup>4</sup> að hitta þessa safnmenn þar. Hinn hópurinn fer Fjallabaksveginn nyrðri norður yfir Eldgjá og allt norður í Jökuldali og gistir þar í sæluhúsinu. Næstu tvo daga eru Jökuldalir safnaðir og fjöllin í kringum þá vestan frá Kyling og austur á móts við Faxe. Að aflokinni smölun seinni daginn er farið fram í Álftavötn, en þó getur komið fyrir að það dragist vegna veðurs þar til þriðja daginn. Í Álftavötnum koma Skælingamenn til móts við Jökuldalamenn og gista nú allir safnmenn þar þær nætur, sem eftir eru safnsins. Næstu tvo daga er safnaður miðafrétturinn, svo sem milli ána (Ófæranna), Ófæradalur, Svartahnjúksfjöll og svo framvegis.<sup>5</sup>

Þegar afrétturinn hafði verið safnaður var safnið rekið fram úr Álftavötnum og samhliða söfnuð heidalöndin sem tóku við sunnan afréttarins.<sup>6</sup>

Árið 1965 fóru sex menn úr Skaftártungu til kindaleitar norður á öræfum, milli Tungnaár og Langasjós, allt austur að Vatnajökli. Landsvæði þetta hafði aldrei áður verið smalað enda jafnan talið að þar væru litlir bithagar. Leitarmenn fundu þó ýmis merki um kindur á þessum slóðum og fjórar voru fluttar þaðan lifandi til byggðar.<sup>7</sup>

Nú á tímum er upprekstri þannig háttað að fêð ýmist keyrt á afrétt eða því sleppt lausu og látið

1 Skjal nr. 5 (19).

2 Skjal nr. 5 (18).

3 Skjal nr. 5 (17).

4 Fjórir menn voru sendir þangað tveimur dögum áður en fyrstu leitir hófust.

5 *Göngur og réttir* 1, s. 143.

6 *Göngur og réttir* 1, s. 144.

7 Árni Þ. Jónsson: „Fjárleit á framandi slóðum.“ *Godasteinn* 1970. S. 19-26.

sjá um sig sjálft. Lengst er farið með fêð í Skælinga og Eldgjá. Það dreifir sér síðan að Tungnaá, austur í Fögrufjöll og í vesturátt að Ófæradal og í Jökuldali.<sup>1</sup> Leitarsvæði Skaftártungumanna markast af Skaftá og Vatnajökli í austri, Tungnaá í norðri, Hólmsá og Torfajökli í vestri.<sup>2</sup> Fyrsta leit tekur fimm daga. Leitað er með Skaftá inn í Jökul en Tungnaá skilur að í norðri. Síðan er farið í Kýling, Strútslaug og að Kirkjufellsvatni sem er á leitamörkum. Einnig er leitað skipulega austur fyrir Faxasund og stundum austur undir Lónakvísl.<sup>3</sup> Fögrufjöll eru smöluð sérstaklega, tveimur dögum áður en farið er í afrétt. Einnig eru farnar sérferðir inn fyrir Tungnaárfjöll.<sup>4</sup> Reglubundnar leitarferðir í Fögrufjöll hófust þó ekki fyrir en upp úr 1920 og um 1965 í Tungnaárfjallgarð.<sup>5</sup>

Önnur nýting afréttarins auk sauðfjárbeitar er veiði í vötnum. Á sjöunda áratug nýliðinnar aldar var stofnað veiðifélag (Fjallavatnafélag) um veiðina í vötnum á afréttinum og eru þau öll í útleigu.<sup>6</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítills háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Álfaversafréttar, Skaftártunguafréttar, annarra landsvæða í

1 Valur Guðjón Oddsteinsson, eigandi og ábúandi Úthliðar, við skýrslutökur í máli nr. 7/2003, 29.-30. júlí 2003.

2 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 247.

3 Jóhannes Ingi Árnason, eigandi og ábúandi Snæbýlis, við áðurnefndar skýrslutökur.

4 Gísli Halldór Magnússon, eigandi og ábúandi Ytri-Ása, við áðurnefndar skýrslutökur.

5 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 248.

6 Jóhannes Ingi Árnason, eigandi og ábúandi Snæbýlis, við áðurnefndar skýrslutökur.



Álftaveri og Skaftártungu, þ. á m. hluta Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls.<sup>1</sup> Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar og loks gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

## 6.2. Landnám

Í kafla 5.1. er rakið hvernig þær ályktanir verða dregnar af lýsingum Sturlubókar og Hauksbókar Landnámu að Vilbaldur hafi numið land á milli Hólmsár að vestan en Skaftár að austan. Ísólfur eignast síðan land austan Kúðafljóts, sbr. sú tilgreining Hauksbókar að hann eigi land milli Kúðafljóts og Skaftár. Í Álftaveri koma tveir landnámsmenn við sögu. Hrafn hafnarlykill sem nam land milli Hólmsár og Eyjarár, sbr. frásögn Sturlu- og Hauksbóka. Þjó fyrst í Dynskógum en flutti bú sitt í Lágey Samkvæmt frásögn Sturlubókar nam Molda-Gnúpur Hrólffson land milli Kúðafljóts og fyrrnefndrar Eyjarár. Af þessum lýsingum verður ráðið að landnám þeirra hafi komið saman hið efra án þess að marka sé getið nánar.

Efri mörk landnámsins eru þannig í öllum tilvikum óljós. Til þess er þá að líta að í Landnámu eru engin þekkt kennileiti eða örnefni nefnd til sögunnar sem staðsett verða ofan byggðarmarka, svo sem þau eru þekkt og skilgreind á seinni tímum. Óbyggðanefnd telur að frásögn Landnámu bendi ekki til þess að landsvæði Skaftártungu- og Álftaversafrétta hafi verið numin í öndverðu nema e.t.v. að sunnanverðu. Þess ber einnig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður einnig að telja fremur ólíklegt að landsvæði þessi hafi verið numin, sbr. kafla 6.3. og 6.4. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.<sup>2</sup>

## 6.3. Álftaversafréttur

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Álftaversafréttur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>3</sup> Að Álftaversafrétti liggur Rangárvallafréttur að norðvestan og Skaftártunguafréttur að norðaustan. Til vesturs er Mýrdalsjökull og til austurs eru Ljótastaðir, Snæbýli, Hemra, Flaga og Hrifunes í Skaftártungu. Að sunnan liggur sambeitarland jarðanna Holts og Herjólfstaða í Álftaveri.

Álftaversafréttur liggur að mestu leyti ofan 200 m hæðar yfir sjó.<sup>4</sup> Land hækkar til norðurs og rís hæst við austurjaðar Mýrdalsjökuls milli skriðjökla, sem teljast frá suður til norðurs, Kötlujökull, Sandfellsjökull, Öldufellsjökull og Botnjökull. Einstök móbergfell rísa í landslaginu, Atley (325 m) og Lágey að sunnanverðu, Einhyrningur (694 m), Mælifell (791m) og Meyjarstrútur (968 m) þeirra hæstur á norðanverðum afréttinum. Að norðan breiðir úr sér svört, slétt standbreiða er nefnist Mælifellssandur og eru þar vatnaskil. Jökulsár og kvíslar út frá þeim renna fram afréttinn frá vestur til suðaustur í flestum tilvikum. Erfitt er að áætla með nokkurri vissu hvernig gróðurfari var háttáð á Álftaversafrétti um og eftir landnám vegna þeirra áfalla sem land á þessu svæði hefur í gegnum tíðina orðið fyrir vegna eldstöðvanna í Mýrdalsjökli. Gróðurlendi er þó talið hafa teygst sig nær óslitið norður Álftaversafrétt allt til norðurmarka hans í Hólmsárbotnum. Frá landnámi hafa síðan orðið verulegar breytingar á gróðurfari. Gróður er samfelldastur fremst en teygir sig síðan slitrótt norður eftir afréttinum austanverðum. Sunnan og norðan við Brytalæki og upp með Hólmsá og norður fyrir Svartafellstanga er stórt og samfellt gróðurlendi. Þaðan og allt norður í Hólmsárbotna er gróður hins vegar slitróttur. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Álftaversafréttar á eftirfarandi hátt: 73% auðnir,

1 Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 10, útgefnu kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

2 Sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

3 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

4 Í skýrslu Ólafs Arnalds o. fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 205 km<sup>2</sup> að stærð.

10% rýrt, 13% fremur rýrt og einungis 4% sem vel gróið land<sup>1</sup>. Af þessu má sjá að afrétturinn er gróðurlítill.

Kröfugerð íslenska ríkisins miðar við að Álftaversafréttur sé allur þjóðlenda og endanleg kröfulína liggur þaðan sem aðilar eru sammála um að Bjarnagata liggja að Hólmsá, þar sem kröfulína ríkisins og afmörkun málsaðila á Skaftártunguafrétti endar, og í Hólmsá. Hólmsánni er fylgt þar til kemur að ármótum Hólmsár og Leirár við Hvítanestorfu. Þaðan fylgir kröfulína íslenska ríkisins syðri kvísl Leirár að jökli og síðan jökulbrún, þar til kröfulínan beygir til suðausturs að hreppaskilum á Mýrdalssandi. Sjá nánar í kafla 3.1.

Á móti hefur Skaftárhreppur fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Álftavershreppi vegna Álftaversafréttar krafist þess að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur lögbýla í Álftaveri (áður Álftavershreppi), eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllum Álftaversafrétti. Sjá nánar í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. á því byggt að af lýsingum Landnámu verði ekki ráðið að umrætt landsvæði hafi verið numið á sínum tíma. Um sé að ræða afrétt og við mat á réttarstöðu þeirra verði m.a. að horfa til leiðbeiningar þeirrar sem lesin verði út úr Landmannaafréttardómi fyrri, H 1955 108, um eignarréttarlega stöðu Landmannaafréttar. Áþekk sjónarmið komi fram í fyrirliggjandi úrskurðum óbyggðanefndar í þá veru að líkur séu til þess að afréttir sambærilegir Álftaversafrétti séu ekki undirorpnrir beinum eignarrétti. Fyrirliggjandi niðurstöður óbyggðanefndar um þýðingu og túlkun landamerkjabréfa styðji einnig kröfugerð ríkisins. Þá eru áréttuð sjónarmið í þá veru að einkaréttarlegar eignarréttarkröfur til Álftaversafréttar verði ekki studdar við hefð. Engar lögformlegar eignarheimildir séu til fyrir Álftaversafrétt og öll umfjöllun í H 1989 1011 beri þess merki að verið sé að fjalla um land utan eignarlanda. Ekki fáiast séð að Álftaversafréttur hafi verið tekinn upp í fasteignaskrár eða af honum greidd fasteignagjöld. Af hálfu íslenska ríkisins er hins vegar viðurkenndur afréttarréttur lögbýla í Álftaveri til þess lands sem úrskurðað kunni að verða þjóðlenda og talið tilheyra afréttinum. Varakröfu Skaftárhrepps er mótmælt. Sjónarmiðum íslenska ríkisins er nánar lýst í kröfulýsingu, sbr. skjal nr. 1, og greinargerð, sbr. skjal nr. 1(11).

Af hálfu Skaftárhrepps er krafan um beinan eignarrétt að Álftaversafrétti studd þeim rökum að nánast sé unnt að fullyrða að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu. Hugtakið afréttur sé að lögum margslungið og telja verði að of afdráttarlausar og einhæfar ályktanir hafi verið dregnar af Landmannaafréttardómi fyrri (H 1955 108). Bæði fyrir og eftir þann dóm hafi fallið dómur sem viðurkenni beinan eignarrétt að afréttum. Hafnað er þeirri skilgreiningu á hugtakinu afréttur sem fram komi í 1. gr. þjóðlendlaga. Líta verði á afréttinn sem eðlilegt framhald af viðkomandi sveit sem og þá staðreynd að þar hafi verið stundaður hefðbundinn búskapur með beit veiði o.fl. Þá styðjist eignarrétturinn við hefð og venju um nýtinguna, sbr. og að dómstólar hafi ítrekað dæmt þeim aðilum eignarrétt að þrætulandi sem einir hafi farið með not af viðkomandi landi. Jafnframt styðji framsetning Jónsbókar beint eignarréttartilkall. Auk þessa sé það ekki skilyrði fyrir eignarrétti á landi að eigandi þess nýti landið á nánar tiltekinn hátt. Vísað er til þýðingar fyrirliggjandi skráninga á merkjum afrétta og jarða og meintrar viðurkenningar ríkisins á tilvist viðkomandi réttinda. Þá er á því byggt að landamerki við jökul skuli ákvarða svo að þau breytist í samræmi við skrið og/eða hop jökuls á hverjum tíma. Varakrafa um viðurkenningu fullkomins afnotaréttar þinglýstra eigenda lögbýla að þeim landsvæðum sem úrskurðuð kunni að verða þjóðlendur er studd því sjónarmiði að gera verði tæmandi grein fyrir fjölbættum afnotarétti afréttarhafa og óbyggðanefnd beri að afmarka hann. Þá er varakrafa Skaftárhrepps sú að sveitarfélagið sjálft fari með þau eignarráð sem aðalkrafa gerir ráð fyrir að tilheyri viðkomandi lögbýlum. Sjónarmiðum þessum er nánar lýst í kröfulýsingu, sbr. skjal nr. 6, og greinargerð, sbr. skjal nr. 6(2).

Í kafla 5.2 hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Álftaversafréttur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við

1 Ólafur Arnalds o.fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendluga hefur það talist til afréttar, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendluga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Álftaversafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar skal þess getið að í máli nr. 3/2003 á svæði 3 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að Rangárvallafréttur sé þjóðlenda. Þá er ágreiningslaust í máli þessu að jarðir þær sem liggja að afréttinum til austurs og suðurs séu eignarland, sjá kafla 6.4.

Merkjum Álftaversafréttar er lýst heildstætt í afréttarlýsingu oddvita Álftavershrepps, dags. 26. nóvember 1985. Er sú lýsing nákvæmari en afmörkun afréttarins í ritunum Göngur og réttir og Sunnlenskar byggðir. Ber þeim lýsingum saman við afréttarlýsinguna svo langt sem þær ná. Fyrsta heimildin, sem gefur vísbendingu um afmörkun afréttarins, er í skýrslu séra Sveins Benediktssonar frá 1840, birt í Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags. Þar er því lýst svo að í Einhyrningsfjöllum sé sóknarinnar afréttur fyrir sauðfé og naut en lambafréttur sé í Atley. Í gerðarþók yfirfasteignamatsefndar frá 1850, 1916 og eftir atvikum víðar er einungis vikið að afréttinum almennum orðum en án nokkurrar landfræðilegrar afmörkunar. Merki Álftaversafréttar hafa að hluta komið til umfjöllunar dómstóla á síðustu áratungum, sbr. H 1989 1011 um mörkin gagnvart Rangárvallafrétti og í H 1984 var dæmt um mörk jarðanna Holts, Herjólfsstaða, Skálmarbæja og Hrífunes í Álftaveri og Skaftártungu og hornmark þeirra gagnvart afréttinum.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Álftaversafréttar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 né 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá árinu 1899 til þessa dags, utan hefðbundinnar tilgreiningar í þá veru að það skuli vera afréttir, sem áður hafi verið. Framangreindar lýsingar á mörkum afréttarins eru flestar brotakenndar. Lýsing oddvita er samin u.þ.b. hundrað árum eftir gildistöku upphaflegra landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalog mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhliða staðfestingu oddvita á heildarlandamerkjum afréttarins.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Álftaversafréttar, gagnvart Mýrdalsjökli og Rangárvallafrétti. Samkvæmt því er greinir í afréttarlýsinguinni 1985 takmarkast afrétturinn að vestan „sunnan frá upptökum Leirár, af Mýrdalsjökli norður á Mælifellssand en þá tekur við sýslumarkalína Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu sem dregin er úr upptökum Fúlalækjar á Sólheimasandi, norður yfir jökul í [...] Hólmsárbotna.“ Um vesturmörkin segir í Göngum og réttum að jökulinn og Rangárvallafréttur ráði. Í Sunnlenskum byggðum er sagt að í vestri ráði sveitamörk norður í Hólmsárbotna. Um mörkin gagnvart Rangárvallafrétti var dæmt í dómi Hæstaréttar frá árinu 1989 (H 1989 1011). Liggja þau á línu sem hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút og þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna). Kröfugerð Skaftárhrepps í máli þessu er í samræmi við framangreinda afmörkun og sama máli gegnir um mál nr. 3/2003, Rangárvellir, hjá óbyggðanefnd.

Óbyggðanefnd telur að með umræddum dómi Hæstaréttar hafi ekki átt að fella hluta Mýrdalsjökuls undir Álftaversafrétt heldur sé um stefnulínu úr upptökum Jökulsár á Sólheimasandi (Fúlalækjar) að ræða. Þessu til stuðnings má vísa til orðalags dómsins þar sem sagt er að mörkin eigi að

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

vera á línu sem hugsast dregin úr upptökum árinna. Enn fremur vísast til annarra heimilda um mörk afréttarins að þessu leyti. Þá verður að teljast útilokað að umrætt landsvæði verði nýtt til beitar fyrir búfé. Verður því við það miðað að mörk afréttarins að þessu leyti ráðist af jaðri Mýrdalsjökuls.

Austurmerki Álftaversafréttar liggja gagnvart Skaftártunguafrétti að norðanverðu og, þegar sunnar dregur, jörðunum Ljótastöðum, Snæbýli, Hemru, Flögu og Hrífunesi í Skaftártungu. Samkvæmt afréttarlýsinguinni ræður þar Hólmsá, „sunnan frá Leirá norður í Hólmsárbotna v/Strútslaug“. Er þetta í samræmi við yfirlýsingu hreppsnefndar Skaftártunguhrepps frá 1889. Sama máli gegnir um lýsingu í Göngum og réttum en í Sunnlenskum byggðum er sagt að sveitarmörk ráði merkjum afréttarins að austan allt norður í Hólmsárbotna. Í bréfi hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumanns Vestur-Skaftafellssýslu frá 1998 kemur einnig fram að Hólmsá ráði merkjum milli afréttar og heimalanda. Af brotakenndum lýsingum einstakra heimilda og heimildarrita frá síðustu öld fæst ekki séð að nokkur ágreiningur sé um það gerður að Hólmsá ráði mörkum afréttanna með framangreindum hætti enda glögg skil frá náttúrunnar hendi. Þá eru kröfur aðila í máli þessu í samræmi við það.

Hornmark Skaftártunguafréttar, Álftaversafréttar og Ljótastaða í Skaftártungu liggur þar sem Bjarnagata kemur í Hólmsá, sbr. tilgreiningu í landamerkjabréfi Ljótastaða frá 24. janúar 1885. Málsaðila greindi á um staðsetningu þessara merkja og af því tilefni aflaði óbyggðanefnd greinargerðar Elínar Erlingsdóttur, landfræðings, sbr. skjal nr. 5(55). Við endurupptöku málsins lýstu aðilar því yfir að þeir legðu til grundvallar þá staðsetningu sem þar kemur fram. Gefur sú afmörkun ekki tilefni til frekari umfjöllunar hér.

Fyrir landi Ljótastaða skilur Hólmsá síðan áfram á milli lands þeirrar jarðar og Álftaversafréttar eða allt að mörkum Bleikjalýngsgilsmynnis sem skilur að land Ljótastaða og Snæbýlis, sbr. samræmda tilgreiningu í landamerkjabréfum Ljótastaða, dags. 24. janúar 1885, og Snæbýlis, dags. 17. febrúar 1885. Hólmsá ræður síðan áfram mörkum allt að suðurmörkum Snæbýlis og norðurmörkum jarðarinnar Hemru sem liggja í Hólmsá um Skógarminni/Villingaskógá. Þá liggja mörkin áfram um Hólmsá fyrir landi Hemru, sbr. landamerkjabréf dags. 20. apríl 1885, að Steingili sem er á norðurmörkum jarðarinnar Flögu. Hólmsá ræður áfram mörkum milli Flögu og Álftaversafréttar að Björgilsmynni sem liggur á mörkum gagnvart Hrífunesi, sbr. landamerkjaskrá Flögu, dags. 3. júní 1885. Hólmsá ræður áfram merkjum fyrir landi Hrífuness að mörkum við Leirá við Hvítanestorfu, sbr. landamerkjaskrá, dags. 8. júní 1886. Um hornmark afréttarins hjá Hvítanestorfu verður ekki deilt í máli þessu en um það var dæmt í landamerkjamáli 1984 (H 1984 955), millum jarðanna Holts, Herjólfsstaða, Skálmarbæja og Hrífuness í Álftaveri og Skaftártungu. Kröfur aðila í máli þessu eru í samræmi við þetta.

Suður- og suðausturmerki afréttarins liggja gagnvart sambeitarlandi Herjólfsstaða og Holts, frá framangreindu hornmarki við Hvítanestorfu. Samkvæmt afréttarlýsingu oddvitans 1985 liggja þessi merki í Leirá. Í lýsinguinni segir nánar tiltekið „að sunnan ræður Leirá sunnan við Sandfell austur í Hólmsá“. Í fyrrgreindu bréfi hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumanns Vestur-Skaftafellssýslu kemur einnig fram að „frá Mýrdalsjökli ráði Leirá sunnan Sandfells frá upptökum allt niður í Hvítanestorfu í hornmarki, sbr. hæstaréttardóm frá 1979 [svo ranglega tilgreint en á að vera 1984] og þaðan eftir gömlum farvegi norður í Hólmsá ...“ Lýsingar afréttarins í ritunum Sunnlenskum byggðum og Göngum og réttum eru á sama veg.

Málsaðila greindi á um við hvaða farveg Leirá skyldi miða, sunnan eða norðan Sandfells við jaðar Sandfellsjökuls, og af því tilefni fór Elín Erlingsdóttir landfræðingur á vettvang í september 2004, að beiðni óbyggðanefndar, og hnitasetti mörk Álftaversafréttar við Hvítanestorfu. Í greinargerð Elínar um mörkin kemur fram að Leirá breytti fyrri farvegi sínum austast á Mýrdalssandi seint á 19. öld og þar með landslagi og þeim kennileitum sem voru í mörkum milli jarðarinnar Hrífuness og jarða í Álftaveri. Afréttarmarkið hafi alltaf verið við Hvítanestorfu en þar mætist jarðirnar vestan við afréttinn. Baugadeildargil, sem er í mörkum milli Hrífuness annars vegar og jarða í Álftaveri

hins vegar, sé nú aðeins sýnilegt allra austast við Kúðafljót en náði áður að Hvítanestorfu. Þegar Leirá breytti farvegi sínum hafi hún runnið um Baugadeildargil á tímabili, en nú alfarið í Hólmsá við Hvítanestorfu. Baugadeildargil hafi fyllt af framburði og einnig svæðið meðfram því. Nú sé það aðeins sýnilegt í bakkanum austur við Kúðafljót.

Landamerkjabréf Herjólfstaða, ódags. en þingl. 21. júní 1886, og Holts, ódags. en þingl. 21. júní 1886, virðast einnig miða við syðri kvísl Leirár sem mörk milli samþeitarlands jarðanna og Álftaversafréttar.

Við endurupptöku málsins var því lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að miðað væri við þá staðsetningu sem þar kemur fram og miðað var við af hálfu Skaftárhrepps, þ.e. syðri kvísl Leirár. Varð hún þar með óumdeild í málinu. Gefur þessi afmörkun ekki tilefni til frekari umfjöllunar hér.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir Álftaversafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá árinu 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögförmleg lýsing á heildarkerkjum afréttarins. Heildstæðasta lýsingin á merkjum afréttarins er lýsing oddvita Álftavershrepps frá árinu 1985. Sú lýsing er í samræmi við landamerkjabréf aðliggjandi jarða. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að mestu skýrt afmarkað af jökli og ám. Fyrirliggjandi gögn benda því til þess að landamerki Álftaversafréttar séu rétt dregin í lýsingu oddvitans, að teknu tilliti til þess er að framan greinir um tvo dóma Hæstaréttar, þ.e. H 1989 1011 um mörk gagnvart Rangárvallafrétti og H 1984 955 um hornmark við Hvítanestorfu. Fyrirliggjandi gögn benda því ekki til annars en að merkjum sé rétt lýst hér að framan og að um þau eða þá afmörkun Álftaversafréttar sé ekki ágreiningur.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Álftaversafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að engar skriflegar heimildir styðja það að nokkurn tíma hafi verið búið heilsársbúsetu á því landsvæði sem að framan er lýst og í dag kallað Álftaversafréttur. Þá hafa lýsingar Landnámu á námi umrædds svæðis nú þegar verið raktar, sbr. kafla 6.1., og af þeim verða engar sérstakar ályktanir dregnar í þá veru að umrætt landsvæði hafi verið numið að hluta, hvað þá öllu leyti. Landnáma kveður nám þeirra Hrafns hafnarlykils og Molda-Gnúps Hrólfssonar hafa spannað svæðið milli ána Eyjarár, Hólmsár og Kúðafljóts og náð saman hið efra. Útilokað er að leggja í þessa frásögn neina marktæka þýðingu um landnám inn til landsins, norðan Leirár, eins og hún er þekkt á síðari tímum og þá vestan Hólmsár og norðan Leirár. Svo sem að framan er lýst er landsvæði þetta hálent, auk þess að vera að hluta gróðurlítið og langt frá byggð. Sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður þannig einnig að telja fremur ólíklegt að Álftaversafréttur hafi verið numinn, sbr. kafla 6.2. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þegar þessa landsvæðis er getið í heimildum, sbr. það sem að framan er rakið, er það tengt upprekstri og afréttarnotum.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Álftaveri haft af Álftaversafrétti hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Álftaversafréttur hafi nokkurn tíma verið nýttur til annars en sumarþeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Álftaveri eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur ekki sérstakar líkur til þess að landsvæði það sem liggur til Álftaversafréttar hafi í öndverðu verið numið en minnir jafnframt á þá óvissu sem ríkir um umfang landnáma og legu þeirra. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Álftaversafréttar hafi orðið til á þann veg, að íbúar í Álftaveri hafi tekið landsvæði þetta til sumarþeitar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í Álftaveri og sveitarfélagsins að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið hátt að hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í Álftaveri hafi verið að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það, sem hér er til umfjöllunar, verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Eftir er þá að taka afstöðu til merkja Álftaversafréttar, sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda og afréttur, og Mýrdalsjökuls, sem einnig er þjóðlenda, sbr. kafla 6.4. Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er afréttur jarða í Álftaveri, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnita-setningar afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Álftaversafréttur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Þaðan sem lína sem dregin er frá upptökum Fúlalækjar og yfir Mýrdalsjökul í hæsta punkt á Mælifelli sker jökuljaðarinn að norðanverðunni og áfram til norðurs í hæsta punkt á Meyjarstrúti. Úr Meyjarstrúti er dregin lína í Strútslaug (Hólmsárbotna). Frá Strútslaug ræður Hólmsá allt þar til kemur að hornmarki við Hvítanestorfu. Þaðan ræður syðri kvísl Leirár að upptökum í Mýrdalsjökli. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við jökuljaðar Mýrdalsjökuls er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Álftaveri í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur jarða í Álftaveri, nú innan Skaftárhrepps, eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Eldgjá“, „Emstrur og Fjallabak“.

#### 6.4. Skaftártunguafréttur

Landsvæði það, sem í kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli þessu er nefnt Skaftártunguafréttur, tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>2</sup> Að því liggur Landmannaafréttur að suðvestan og Holtamannaafréttur að norðvestan. Til norðausturs er Tungnaárjökull í Vatnajökli, til austurs Síðumannaafréttur og þar sunnar eru jarðirnar Búland og Ljótarsaðir í Skaftártungu. Að sunnanverðu eru Álftaversafréttur og Rangárvallaafréttur.

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

Landsvæði þetta er fjöllótt og víðáttumikið.<sup>1</sup> Eftir því liggja samsíða móbergshryggir, hliða-brattir og gróðurlitlir víða með tindum og skörðum. Helstir þeirra eru Tungnaárfjöll, Fögrufjöll, Grænufjöll og Skælingar. Margir einstakir tindar standa upp úr fjallgörðunum og utan þeirra og er Sveinstindur (1090 m) þeirra mestur við enda Langasjós. Milli fjallgarðanna eru dalir, víðast þaktir vikri og söndum, er þar víða greiðfært samsíða fjallgörðunum. Eldgjá klyfur afréttinn sunnanverðan en Langisjór nyrst. Um landnám er talið að nokkuð samfelldur gróður hafi þakið hluta þessa svæðis, norður að Tungnaá og suðurenda Langasjós. Ógróin hafi hins vegar verið Tungnaárfjöll, norðvestan Langasjós og fjallendið frá Sveinstindi suður undir Gjátind. Tindafjall, Halldórsfell, Svartahnúksfjöll og fleiri fjöll hafi verið ógróin sem og leirur með fram Skaftá. Frá landnámi hafi síðan orðið miklar breytingar á gróðurfari. Þannig hafi orðið mikil gróður- og jarðvegseyðing á þessu svæði og gróðurþekjan að jafnaði minnkað um nær helming og þá mest á norðurhluta svæðisins. Á síðustu áratugum hefur staðan verið sú að suðausturhluti svæðisins, norður undir Ströngukvísl, er nær samfellt gróinn. Austur- og miðhluti svæðisins er að jafnaði hálfþakinn gróðri norður undir Faxafit að vestanverðu og Blautulón og Gretti að austanverðu. Þar fyrir norðan taka við víðáttumikil og nær ógróin öræfi, allt inn undir jökul. Þó er grónara land í Grænafjallgarði og Fögrufjöllum. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæði Skaftártunguafréttar á eftirfarandi hátt: 73% auðnir, 9% rýrt, 14% fremur rýrt og einungis 4% sem vel gróið land.<sup>2</sup> Af þessu má sjá að landsvæðið er gróðurlítið.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá miðvatni Skaftár í mynni Blánipugils (Hánipugils), upp eftir gilinu allt til enda þess á Bláfjalli og síðan að norðan úr Blánipugili (Hánipugili) sjónhendingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna en þaðan áfram í Þvergljúframynni. Svo ráði Þvergljúfur landamörkum vestur, svo langt sem það nái, en þaðan Bjarnagata vestur í Hólmsá. Miðað við þessa kröfugerð liggur allur Skaftártunguafréttur innan þjóðlendu. Á móti hefur Skaftárheppur, fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu, krafist þess að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur lögbýla í Skaftártungu eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllum Skaftártunguafrétti. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3. Um kröfur Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.5.

Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. á því byggt að af lýsingum Landnámu verði ekki ráðið að umrætt landsvæði hafi verið numið á sínum tíma. Um sé að ræða afrétt og við mat á réttarstöðu þeirra verði m.a. að horfa til leiðbeiningar þeirrar sem lesin verði út úr Landmannaafréttardóminum fyrri, H 1955 108, um eignarréttarlega stöðu Landmannaafréttar. Áþekk sjónarmið komi fram í fyrirliggjandi úrskurðum óbyggðanefndar, í þá veru að líkur séu til þess að afréttir sambærilegir Skaftártunguafrétti séu ekki undirorpnir beinum eignarrétti. Fyrirliggjandi niðurstöður óbyggðanefndar um þýðingu og túlkun landamerkjabréfa styðji einnig kröfugerð ríkisins. Þá eru áréttuð sjónarmið í þá veru að einkaréttarlegar eignarréttarkröfur til Skaftártunguafréttar verði ekki studdar við hefð. Þá vísar ríkið til þess að Skaftártunguafréttur nái ekki til alls þess svæðis sem til umfjöllunar sé í málinu og að hluti þess hljóti að hafa verið almenningur þar sem gilt hafi nýtingarreglur Jónsbókar. Er þá m.a. vísað til Tungnaárfjallgarðs, Fögrufjalla, Faxasunds og Skælinga. Fram á 19. öld hafi þessi svæði ekki verið smöluð og vegna ákvæða í Jónsbók hafi Skaftártungumenn ekki mátt auka einhliða við afrétt sinn frá því sem fyrr hafi verið. Engar lögformlegar eignarheimildir séu til fyrir Skaftártunguafrétt, ekkert landamerkjabréf og raunar sé uppi mikil óvissa um afréttarmörkin, sbr. t.d. niðurstöður í H 1989 1022. Ekki fáist séð að Skaftártunguafréttur hafi verið tekinn upp í fasteignaskrár eða af honum greidd fasteignagjöld. Af hálfu íslenska ríkisins er hins vegar viðurkenndur afréttarréttur lögbýla í Skaftártungu til þess lands sem úrskurðað kunnir að verða þjóðlenda og talið tilheyrja afréttinum, en um mörk þess og þess lands sem ekki sé afréttur Skaftártungumanna

1 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997) segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 969 km<sup>2</sup> að stærð.

2 Ólafur Arnalds o.fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

verði óbyggðanefnd að úrskurða. Varakröfu Skaftárhrepps er mótmælt. Sjónarmiðum íslenska ríkisins er nánar lýst í kröfulýsingu, sbr. skjal nr. 1, og greinargerð, sbr. skjal nr. 1(11).

Af hálfu Skaftárhrepps er krafan um beinan eignarrétt að Skaftártunguafrétti studd þeim rökum að nánast sé víst að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu. Hugtakið afréttur sé að lögum margslungið og telja verði að of afdráttarlausar og einhæfar ályktanir hafi verið dregnar af Landmannaafréttardómi fyrri, H 1955 108. Bæði fyrir og eftir þann dóm hafi fallið dómur sem viðurkenni beinan eignarrétt að afréttum. Þá er hafnað þeirri skilgreiningu á hugtakinu afréttur sem kemur fram í 1. gr. Þjóðlendulaga. Líta verði á afréttinn sem eðlilegt framhald af viðkomandi sveit sem og þá staðreynd að þar hafi verið stundaður hefðbundinn búskapur með beit, veiði o.fl. Vísað var til þess við aðalmeðferð máls þessa að veiðifélag heimamanna hafi leigt út veiðiréttindi að einstökum vötnum á afréttinum. Þá styðjist eignarrétturinn við hefð og venju um nýtinguna, sbr. og að dómstólar hafi ítrekað dæmt þeim aðilum eignarrétt að þrætulandi sem einir hafi farið með not af viðkomandi landi; framsetning Jónsbókar styðji beint eignarréttartilfall. Auk þessa sé það ekki skilyrði fyrir eignarrétti á landi að eigandi þess nýti landið á nánar tiltekinn hátt. Vísað er til þýðingar fyrirbyggjandi skráninga á merkjum afrétta og jarða og meintrar viðurkenningar ríkisins á tilvist viðkomandi réttinda. Þá er á því byggt að landamerki við jökul skuli ákvarða svo að þau breytist í samræmi við skrið og/eða hop jökuls á hverjum tíma. Varakrafa um viðurkenningu fullkomins afnotaréttar þinglýstra eigenda lögbýla að þeim landsvæðum sem úrskurðuð kunni að verða þjóðlenda er studd því sjónarmiði að gera verði tæmandi grein fyrir fjölþættum afnotarétti afréttarhafa og óbyggðanefnd beri að afmarka hann. Varakrafa Skaftárhrepps er sú að sveitarfélagið sjálft fari með þau eignarráð sem aðalkrafa gerir ráð fyrir að tilheyri viðkomandi lögbýlum. Sjónarmiðum sveitarfélagsins er nánar lýst í kröfulýsingu, sbr. skjal nr. 7, og greinargerð, sbr. skjal nr. 6(2).

Í kafla 5.3. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Skaftártunguafréttur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur það talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Skaftártunguafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þess skal getið að ágreiningslaust er í máli þessu að jarðirnar Búland og Ljótastaðir, suðvestan við Skaftártunguafrétt, séu eignarlönd, sbr. einnig kafla 6.4. Þá er komist að þeim niðurstöðum í málum nr. 1-3 og 8/2003 hjá óbyggðanefnd að land það, sem afréttir Landmanna, Holtamanna, Síðumanna og Rangvellinga tekur til, séu þjóðlendur.

Merkjum Skaftártunguafréttar er fyrst lýst heildstætt í yfirlýsingu hreppsnefndar Skaftártunguhrepps, dags. 12. desember 1889. Hún er samin sex árum eftir gildistöku hinna upphaflegu landamerkjalaga en ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalog mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf, þ. á m. áritanir vegna aðliggjandi landsvæða, þinglýsingu og innfærslu í landamerkjabók. Á hana verður því að líta sem einhliða yfirlýsingu hreppsnefndarinnar fyrir hönd hreppsins. Í þessu sambandi ber þess einnig að geta að fyrirsvarsmenn Skaftártunguhrepps árituðu landamerkjabréf jarðanna Ljótastaða og Búlands 1885 og 1886. Auk framangreinds er að auki til nokkur fjöldi af brotakenndum lýsingum á Skaftártunguafrétti, svo sem ferðabók Sveins Pálssonar frá 1791-1797, skýrslu séra Péturs Stephensen frá því fyrir miðja 19. öld, skýrslu um fjallarannsóknir frá 1885, auk heimilda frá 20. öld. Einnig er vikið að afréttinum almennum orðum í gerðar-

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



bók yfirfasteignamatsefnadar frá 1850, 1916 og eftir atvikum víðar en án nokkurrar landfræðilegrar afmörkunar. Þá hafa merki Skaftártunguafréttar að hluta komið til umfjöllunar dómstóla á síðustu áratungum, sbr. H 1989 1011 og H 1989 1022.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Skaftártunguafréttar, gagnvart Landmannaafrétti. Vestur-Skaftafellingar og Rangæingar deildu lengi um þessi merki og voru af því tilefni gerðar nokkrar lýsingar á umræddum mörkum. Mun deilan einkum hafa snúið að því hvoru megin Veidivatna afréttarmörkin skyldu liggja. Samkvæmt því er greinir í landamerkjabréfi Landmannaafréttar frá 1886 „ræður Torfajökull inn að upptökum á Stórukvísl“. Bréfið er ekki áritað af hálfu Skaftártunguhrepps. Í yfirlýsingu hreppsnefnadar Skaftártunguhrepps frá 1889 liggja merki frá upptökum Hólmsár við heitu laug (Strútslaug) og „þaðan beina stefnu norður í mynnið á Námskvísl“. Lýsingar þessar ná ekki saman að sunnanverðu, þ.e. við Torfajökul, en skarast að norðanverðunni, þ.e. á Veidivatnasvæðinu.

Um þessi mörk var að hluta til dæmt í Hæstarétti árið 1989 (H 1989 1022). Af hálfu Holtahrepps, Landmannahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla var krafist frávísunar í málinu, með þeim rökum að mörk Landmannaafréttar hefðu þegar verið ákveðin með dóm-sátt frá 1951. Jafnframt var því haldið fram að Hæstiréttur hefði þegar dæmt um mörk Landmannaafréttar með dómum sínum 1955 og 1977 og 1981 sem byggst hafi á þeim mörkum sem ákveðin hafi verið í dómsáttinni frá 1951. Um aðild Skaftártunguhrepps að umræddri sátt frá 1951 segir Hæstiréttur svo:

Gagnáfrýjandi [Skaftártunguhreppur] var ekki aðili að nefndri dómsátt, og oddviti Skaftártunguhrepps hafði ekki umboð til þess að gefa bindandi yfirlýsingu um réttindi þau, sem mál þetta snýst um. Þá hefur Hæstiréttur ekki dæmt um sakarefnið í málum þeim, sem fyrr eru greind, en gagnáfrýjandi [Skaftártunguhreppur] átti eingöngu aðild að síðastgreinda málinu.

Frávísunarkröfunni var því hafnað.

Í þessu máli var dæmt um merki Landmannaafréttar og Skaftártunguafréttar að hluta. Liggja hin dæmdu mörk „úr Hábarmi og í Kirkjufellsós sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá“. Kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu miðar við þessi mörk. Þessi merki eru í samræmi framangreinda sátt frá 7. ágúst 1951 um merki Landmannaafréttar. Ekki var hins vegar kveðið á um merki afréttanna á svæðinu sunnan við Hábarm, þ.e. syðsta hluta merkja Skaftártunguafréttar og Landmannaafréttar. Sáttin frá 1951 gerir ráð fyrir því að mörk umræddra afrétta liggja frá Hábarmi suður í há-Torfajökul. Sama máli gegnir um kröfugerð vegna Skaftártunguafréttar í máli þessu og kröfugerð málsaðila vegna í máli nr. 2/2003 hjá óbyggðanefnd sem fjallar um Landmannaafrétt. Af H 1989 1022 verður jafnframt ráðið að mörk umræddra landsvæða liggja óumdeilt frá Hábarmi suður í há-Torfajökul. Ljóst er þó að Torfajökull verður eðli máls samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé og hlýtur því að falla utan merkja hans.

Þá var hafnað kröfum Skaftártungumanna um áframhaldandi mörk að vestan og norðan, sbr. eftirfarandi rökstuðning í dóminum:

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, virðist ágreiningur aðila áður fyrr aðallega hafa verið um mörkin sunnan Tungnaár. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að báðir aðilar hafa smalað að Kirkjufellsósi og aðaláfrýjendur hafa smalað hina svonefndu Kýlinga og Jökulgil. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um mörkin sunnan Tungnaár. Gagnáfrýjandi [Skaftártunguhreppur] hefur ekki leitt í ljós, að hann hafi átt upprekstrarrétt á hinum umdeilda svæði ofan Tungnaár. Verða því kröfur hans um tiltekin merki á þessu svæði með hliðsjón af rétti til afréttarnota ekki teknar til greina. Miðað við þessa niðurstöðu um, að gagnáfrýjandi eigi ekki afréttarland ofan Tungnaár, þykir, eins og kröfu-

gerð er háttáð, skorið úr deilu aðila máls þessa um mörk afrétta ofan Tungnaár og ekki efni til að ákveða frekari mörk landsvæða í máli, sem eingöngu er á milli þessara aðila. Kröfu aðaláfrýjenda [Holtahrepps, Landmannahrepps, Næfurholts og Hóla] varðandi mörk við Tungnaá er því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Í kröfugerð sveitarfélagsins Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu er miðað við að norðaustan þess staðar þar sem Kirkjufellsós kemur í Tungnaá liggja merki Skaftártunguafréttar og Landmannaafréttar í Tungnaá. Kröfugerð sveitarfélaga og jarðeigenda í máli nr. 2/2003 hjá óbyggðanefnd er í samræmi við þetta. Ekki virðist því vera ágreiningur um það lengur að merki Skaftártunguafréttar og Landmannaafréttar liggja í Tungnaá.

Verður þá næst litið til norðanverðra vesturmerkja Skaftártunguafréttar, svo sem hann er afmarkaður í kröfugerð, gagnvart Holtamannaafrétti. Samkvæmt því er greinir í merkjalýsingu hreppsnefndarinnar 1889 liggja merki frá þeim stað þar sem Námskvísl, fellur í Tungnaá og „þaðan beina stefnu fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn“. Í kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu er miðað við að Tungnaá ráði merkjum. Heimildir um merki Holtamannaafréttar eru í samræmi við þetta, sbr. mál nr. 1/2003 hjá óbyggðanefnd, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að merki til austurs liggja í Tungnaá. Ekki virðist því vera ágreiningur um það lengur að landsvæði það, sem nefnt hefur verið Skaftártunguafréttur, nái ekki vestur fyrir Tungnaá. Misræmi er í lýsingu á mörkum norður af því viðmiði, sbr. álitaefni í tilvitnuðum H 1989 1022. Heimildir um merki afréttarins til norðurs eru samvinnnaðar lýsingu á nýtingu og koma til frekari umfjöllunar í tengslum við eignarréttarlega stöðu þess. Óhjákvæmilegt er þó að geta þess þegar í þessu samhengi að heimildir um afréttarnot á norðurhluta þess svæðis sem um er að ræða, millum Tungnaár og Skaftár eru takmarkaðar, svo sem nánar verður fjallað um hér á eftir. Þannig segir í Göngum og réttum frá árinu 1983 að til norðurs sé nokkurt vafamál hversu langt afrétturinn nái en tekið fram að aldrei hafi verið safnað af Tungumönnum lengra en norður að Tungnaá.

Upptök Tungnaár eru við Vatnajökul, nánar tiltekið við skriðjökulinn Tungnaárjökul. Áin liggur í mörgum og breytilegum kvíslum við jökulinn og upptök hennar því á allbreiðu beltí. Af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu er miðað við upptök Tungnaár í Innri-Tungnaárbotnum við Sylgjúkjökul, norðan (vestan) við Jökulgrindur. Af hálfu Ásahrepps og Rangárbings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli nr. 1/2003 er hins vegar miðað við upptök Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum við Tungnaárjökul. Samkvæmt greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sbr. skjal nr. 18, hefur kvíslin, sem rennur úr Sylgjúkjökli vestan (norðan) Jökulgrinda, alltaf verið lítil miðað við heildarrennslið. Þá segir þar að aðalupptök Tungnaár hafi a.m.k. lengst af sögulegum tíma verið í Fremri-Tungnaárbotnum. Verður því miðað við það hér að svo sé og að merki Holtamannaafréttar og þess landsvæðis sem hér er til meðferðar, liggja í upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við Tungnaárjökul.

Verður þá næst litið til austurmerkja Skaftártunguafréttar, gagnvart Síðumannaafrétti að norðanverðu og jörðunum Búlandi og Ljótastöðum í Skaftártungu að sunnanverðu. Samkvæmt því er greinir í yfirlýsingu hreppsnefndarinnar 1889 ræður Skaptá að austan, þ.e. gagnvart Síðumannaafrétti, „suður ámóts við Hányþugil; úr Skaptá vestur í Hányþugil; þaðan beina stefnu vestur í Fljótsbotn; þaðan beina stefnu vestur í Tjaldgilsháls við Hólmsá“. Yfirlýsing hreppsnefndarinnar 1889 er árituð um samþykki vegna Síðumannaafréttar, nánar tiltekið í umboði hreppsnefndar Kleifahrepps, 25. maí 1890, en hann skiptist síðar í Kirkjubæjarhrepp og Hörgslandshrepp. Aðrar heimildir um merki Skaftártunguafréttar miða einnig við Skaftá, sbr. ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797, Göngur og réttir 1983 og Sunnlenskar byggðir 1985. Um Síðumannaafrétt er fjallað í máli nr. 8/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Skaftá ráði gagnvart Skaftártunguafrétti enda Skaftáin glögg afmörkun af náttúrunnar hendi. Kröfugerð málsaðila vegna Síðumannaafréttar í máli nr. 8/2003 hjá óbyggðanefnd er einnig í samræmi við þetta.

Jarðirnar Búland og Ljótaraða í Skaftártungu liggja suðvestur af Síðumannaafreйти og suðaustur af Skaftártunguafreйти. Landamerkjabréf Búlands er gert árið 1886, án nánari tilgreiningar, og þingl. 21. júní það ár. Merkjum gagnvart Skaftártunguafreйти er þannig lýst að úr Hánípugili er tekin sjónhending „yfir Bláfjall í Fljótsbotna til vesturs“. Þessi lýsing er í samræmi við merkjalýsingu hreppsnefndar Skaftártunguhrepps frá 1889. Bréf Búlands er einnig áritað af fyrirsvarsmanni hreppsnefndar og Jóni Jónssyni á Grímsstöðum „vegna Skaptártunguafrettarins“. Eldri heimildir um merki Búlands, vísitásiur frá 1727 og 1749, virðast í meginráttum fá samrýmst þessu. Þar er miðað við „Ófæru“, „ad nordann allt ad þeim Læk er kallast Hannesgilslækur, sydann Síónhending vestur i Fljótsbotna yfer Bláfjall“.

Landamerkjabréf Ljótaraða er dags. 24. janúar 1885 og þingl. 25. júní 1885. Samkvæmt því er merkjapunktur í Þvergljúframinni, „og ræður Þvergljúframinni landamörkum vestur svo langt sem það nær; þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá“. Í framangreindu bréfi hreppsnefndar Skaftártunguhrepps frá 1889 er miðað við Fljótsbotna og „þaðan beina stefnu vestur í Tjaldgilsháls við Hólmsá“. Landamerkjabréf Ljótaraða er áritað um samþykki af fyrirsvarsmanni hreppsnefndarinnar. Samkvæmt landamerkjabréfi Ljótaraða færast merki Skaftártunguafreittar gagnvart jörðinni nokkru sunnar að vestanverðu en norðar að austanverðu, miðað við lýsingu hreppsnefndar Skaftártunguhrepps frá 1889. Eldri heimild um merki Ljótaraða, úttekt frá 1847, styður fremur lýsingu landamerkjabréfsins, tekin er „bein stefna til vesturs allt að Hólmsá“, sbr. einnig áritun á bréfið um samþykki hreppsnefndar.

Í kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu er miðað við að afreitturinn afmarkist að þessu leyti af „Miðvatni Skaftár skammt sunnan Lambaskarðshóla beint í vestur í mynni Hánípugils, síðan eftir gilinu, úr gilbotninum sjónhendingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna. Úr Fljótsbotnum eftir Þvergljúframynni svo langt vestur sem það nær. Þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá.“ Kröfur eigenda jarðanna Búlands og Ljótaraða eru í samræmi við þetta. Jafnframt miðar íslenska ríkið kröfu sína um mörk þjóðlendu á Skaftártunguafreйти við sömu lýsingu.

Ekki er þannig eiginlegur ágreiningur um suðurmörk Skaftártunguafreittar og norðurmörk jarðanna Ljótaraða og Búlandstorfú. Undir rekstri máls þessa kom hins vegar fram ágreiningur um túlkun fyrirliggjandi landamerkjalyýsinga sem endurspegladist í misræmi kröfulina ríkisins annars vegar en sveitarfélags og jarðeigenda hins vegar. Ágreiningur þessi leystist ekki nema að hluta við aðalmeðferð og því kallaði óbyggðanefnd eftir sérfræðialiti Elínar Erlingsdóttur landfræðings. Miðaðist rannsókn Elínar við að staðsetja þau örnefni er ákvarða suðurmörk afreittarins. Einkum þótti þörf á staðsetja Bjarnagötu og Fljótsbotna með ákveðnari hætti en áður. Í greinargerð Elínar segir um Bjarnagötu að hún sé gömul og fjölfarin þjóðleið af Fjallabaksleið syðri til austurs. Bjarnagata hafi verið greinilegt kennileiti og því notuð sem mark milli efstu jarða í Skaftártungu. Greinilegir götukaflar hafi fundist og þótt stórir hlutar götunar séu enn á huldu megi með nokkurri vissu setja fram tilgátu um meginlegu hennar. Úr Bjarnagötu liggja mörkin um Þverárgljúfurminni í Tungnaá og að Fljótsbotnum. Um Fljótsbotna segir að þeir séu það landsvæði sem liggja lægst milli Bláfjalls og Svartahnúksfjalla. Kjarni svæðisins sé þar sem það liggur allra lægst og gróður meira áberandi en annars staðar. Það svæði sé nánast við Álftavatnkróksleið þar sem vegurinn liggja upp úr Álftavötnum. Liggja beinast við að draga línu úr enda Hánípugils sjónhendingu til suðvesturs í Fljótsbotna og liggja þá línan nálægt vatnaskilum í Bláfjalli og á vatnaskilum vestan upptaka Fljótsbotnalækjar. Við endurupptöku málsins breyttu lögmenn málsaðila kröfulinum sínum til samræmis við rannsókn Elínar. Eru því suðurmörk Skaftártunguafreittar ágreiningslaus.

Verður þá næst litið til suðurmerkja Skaftártunguafreittar, gagnvart Álftaversafréйти. Hér var að framan komist að þeirri niðurstöðu að merki afreittarins og Ljótaraða nái þangað sem Bjarnagata kemur í Hólmsá. Samkvæmt því er greinir í yfirlýsingu hreppsnefndarinnar 1889 ræður Hólmsáin „að upptökum sínum við heitu laug“. Lýsing afreittarmarka í Sunnlenskum byggðum 1985 er í samræmi við þetta og í Göngum og réttum 1983 er miðað við Hólmsá og Torfajökul. Heildstæð landa-

merkjalýsing eða landamerkjabréf er ekki til fyrir Álftaversafrétt, sbr. kafla 6.3. Af brotakenndum lýsingum einstakra heimilda og heimildarrita frá síðustu öld fæst ekki séð að nokkur ágreiningur sé um það gerður að Hólmsá ráði mörkum afréttanna með framangreindum hætti enda glögg afmörkun af náttúrunnar hendi. Þá eru kröfur aðila í máli þessu í samræmi við það.

Rangárvallaafréttur liggur suðvestur af Skaftártunguafrétti og norðvestur af Álftaversafrétti. Samkvæmt því er greinir í yfirlýsingu hreppsnefndarinnar 1889 liggja merki frá upptökum Hólmsár við heitu laug og „þaðan beina stefnu norður í mynnið á Námskvísl, þar sem hún fellur í Tungnaá“. Í dómi Hæstaréttar frá 1989, bls. 1011, var kveðið á um mörk Álftaversafréttar og Rangárvallaafréttar. Þar er dregin lína úr Strútslaug (einnig nefnt Hólmsárbotnar) og vestur í há-Torfajökul en í framangreindri yfirlýsingu hreppsnefndarinnar var hins vegar haldið þaðan norður í Námskvíslarmynni. Í dómnum er tekið fram að línan úr Hólmsárbotnum í há-Torfajökul liggja að Skaftártunguafrétti, auk Rangárvallaafréttar, og verði því ekki um hana fjallað í málinu. Af samiburði forsendna og dómkrafa í þessu máli svo og máli því sem dæmt var við sama tilefni í H 1989 1022, um merki á milli Skaftártunguafréttar og Landmannaafréttar, fæst þó ekki séð að kröfur vegna Skaftártunguafréttar, Álftaversafréttar og Rangárvallaafréttar skarist á þessu svæði. Þvert á móti veur það athygli að í síðarnefnda dómsmálinu var aðalkrafa Skaftártungumanna um mörk á umræddu svæði, bein lína úr Strútslaug (Hólmsárbotnum) í Námskvíslarmynni um Hábarm. Viðurkenning þeirrar kröfulínu hefði leitt til þess að land austan og norðaustan Torfajökuls félli utan Skaftártunguafréttar, enda er af hálfu Álftveringa miðað við Strútslaug (Hólmsárbotna) í há-Torfajökul og af hálfu Rangvellinga og rétthafa að Landmannaafrétti gert ráð fyrir hornmarki í há-Torfajökli. Ljóst er þó að Torfajökull verður eðli máls samkvæmt ekki notaður til sumarþeirra fyrir búfé og hlýtur því að falla utan merkja hans.

Í kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli þessu er einnig miðað við að afrétturinn afmarkist að þessu leyti, þ.e. gagnvart Rangárvallaafrétti, af línu sem dregin er á milli Strútslaugar og há-Torfajökuls. Kröfu þessari til stuðnings er vísað til „aldagamallar hefðar um fjallskil“ og þess hvernig samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis hafi dregið merki á þessu svæði. Um Rangárvallaafrétt er fjallað í máli nr. 3/2003 og þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að merki gagnvart Skaftártunguafrétti liggja úr Hólmsárbotnum og þaðan í há-Torfajökul, sbr. einnig umfjöllun um merki Skaftártunguafréttar og Landmannaafréttar um síðarnefnda kennileitið. Kröfugerð málsaðila vegna Rangárvallaafréttar í máli nr. 3/2003 hjá óbyggðanefnd er einnig í samræmi við þetta. Þess skal þó getið að heimildir um merki afréttarins eru mjög litlar.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Skaftártunguafréttar og aðliggjandi landsvæða til vesturs, austurs og suðurs. Norðurmerkjum er hins vegar hvergi sérstaklega lýst. Yfirlýsing hreppsnefndarinnar 1889 leysir ekki úr því atriði enda miðast vesturmerki þar við Þveröldu, norðan við Þórisvatn. Austurmerki miðast hins vegar við Skaftá, sem á upptök sín í jökli. Krafa Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu um að merki Skaftafellsafréttar og beinn eignarréttur nái allt til Tungnaárjökuls í Vatnajökli verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um merki Skaftártunguafréttar nema að því er varðar austurmerki. Um önnur þau atriði, sem kröfu þessa varða er fjallað síðar. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu lands innan umræddra merkja en um það atriði verður fjallað hér á eftir.

Svo sem hér hefur verið rakið liggur ekki fyrir lögformlegt landamerkjabréf fyrir Skaftártunguafrétt. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá árinu 1899 til þessa dags, utan hefðbundinnar og almennrar tilgreiningar afrétta. Heildstæðasta lýsingin á merkjum afréttarins er yfirlýsing hreppsnefndarinnar frá árinu 1889. Sú lýsing er í samræmi við landamerkjabréf aðliggjandi jarða til suðausturs en í ósamræmi við heimildir um aðliggjandi landsvæði til vesturs, sbr. H 1989 1022. Einnig var hér að framan gerð grein fyrir óvissu um norðurmörk. Að teknu tilliti til þessa, telur óbyggðanefnd að líta verði til þess að landsvæði þetta sem slíkt er að hluta skýrt afmarkað af jökli og ám.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Skaftártunguafréttar, svo

sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að engar skriflegar heimildir styðja það að nokkur tíma hafi verið búið heilsársbúsetu á því landsvæði sem í dag er kallað Skaftártunguafréttur. Þá hafa lýsingar Landnámu á námi umrædds svæðis nú þegar verið raktar, sbr. kafla 6.1., og af þeim verða engar sérstakar ályktanir dregnar í þá veru að umrætt landsvæði hafi verið numið að hluta, hvað þá öllu leyti. Svo sem að framan er lýst er landsvæði þetta hálent, gróðurlítið og liggur langt frá byggð. Sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður þannig einnig að telja fremur ólíklegt að Skaftártunguafréttur hafi verið numinn, sbr. kafla 6.2. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Vegna framangreindrar óvissu um eiginlega afmörkun afréttarins, sem og heimildaskorts um afnot alls þess lands sem kröfugerð tekur til, er nauðsynlegt að fara yfir helstu heimildir um afnot svæðisins sem hér er til umfjöllunar. Er þá óhjákvæmileg nokkur endurtekning á því sem greinir í kafla 5.

Elstu heimildir um einhvers konar eignarréttarlegt tilkall Skaftártungumanna til lands ofan byggðarmarka einskorðast fyrst og fremst við frásagnir af veiðum í Fiskivötnum (Veiðivötn á Landmannaafreiti) og rekja þær sig svo: Í handriti Árna Magnússonar að Jarðabók frá því laust eftir 1700 er í lýsingu höfundar á Skaftafellssýslu vikið að veiði í Fiskivötnum sem sögð eru vera meira en (freka) þingmannaleið úr Skaftártungu, í norður eða lítið til útnorðurs. Segir þar jafnframt að þeir af Landi sæki og til vatnanna. Í sýslulýsingu Rangárvallasýslu, eftir Þorstein Magnússon sem sat sem sýslumaður á árunum 1743-1785, er jafnframt vikið að Fiskivötnum og veiði Skaftafellinga þar á fyrri tíma. Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem rituð er um ferðir þeirra um Ísland á árunum 1752-1757, er í umfjöllun um Múla- og Skaftafellssýslur vikið að Fiskivötnum og að þangað hafi menn sótt veiði úr vesturhluta Skaftafellssýslu og af Rangárvöllum. Þangað séu 10 mílur úr Skaftártungu og beri Skaftfellingar því við að þeir geti ekki lengur sótt þangað veiði vegna skorts á högum fyrir hross.

Í ferðabók Sveins Pálssonar, frá árunum 1791-1797 segir svo um afmörkun Skaftártungu: „Hún er lengst frá norðri til suðurs og nær að norðan upp til öræfa inni í landinu allt að Túná, að vestan upp að Fjallabaki og Torfajökulsfjöllum.“ Þá kemur til skoðunar skýrsla séra Péturs Stephensen frá því fyrir miðja 19. öld, sennilega ekki yngri en frá árinu 1843, birt í Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags. Þar er því lýst svo að norður af Skaftártungu eða Búlandsheiði liggja afréttir. Í þeim séu svokölluð Svartanúpsfjöll og séu þau sums staðar mjög graslítill og ekki há. Í norðaustur frá þeim sé svokölluð Hörðubreið. Þá taki við svokallaðir Skælingar, „sauðgöngu- og rótaþláss Skaftártungubúa“. Skælingar nái austur undir Eldvatn eða gömlu Skaftá. Norður frá Skælingum séu fjöll graslaus og ekki mjög há, og nái þau norður að Tungnaá. En fyrir norðan hana sé fjall stórt, nefnt Tungnaárfjall. Norðan undir því liggja Fiskivötn þar sem Skaftártungubúar hafi stundað silungsveiði eins og Landmenn og mögulega Rangvellingar. Í nánari tilgreiningu segir Pétur svo: „Áðurnefndir Skælingar og þar um kring liggjandi fjöll eru hér alm[en]ningar, þ.e. Tungumanna. Lögrétt eða skilarétt er í miðri Tungu. Þangað er sótt úr allri Tungu á haustum, fyrst í 22. viku sumar[s] og síðan í hvorri viku til returnotta.“ Þá vikur Sveinn að því í sama riti að veiði í Fiskivötnum hafi verið algjörlega aflögð síðan í Skaftáreldum (1783-’85).

Um hálandið nyrst á svæðinu var fjallað í skýrslu um fjallrannsóknir frá 1885. Sumarið áður samþykkti Amtráð að veita sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu styrk til að kanna fjallendi í sýslunni. Í beiðni sýslunefndar kom fram að styrknum skyldi varið til „að rannsaka hin ókunnu fjallendi, sem liggja fyrir norðan afréttarlönd Vestur-Skaftafellinga, Síðumanna, og Skaptártungu, frá Fiskivötnum að norðvestan austur að Hverfisfljóti“. Leiðangur vegna verkefnisins var farinn sama ár. Könnuðu leiðangursmenn sérstaklega hvort hyggilegt væri að hefja veiði í Fiskivötnum og hvort afréttarland kynni að vera í fjöllunum norðan Skaftár allt að Vatnajökli í austri. Lögðu leiðangursmenn til að Skaftfellingar myndu hefja veiði í Fiskivötnum og bentu á að Skaftárfjöll mætti hugsanlega nota sem afrétt fyrir Meðallendinga.

Þorvaldur Thoroddsen tekur að mestu upp lýsingar Sveins Pálssonar í Ferðabók sinni frá 1914 og vísar þar fyrst og fremst til nytja Skaftártungumanna af Fiskivötnum. Í lýsingu Íslands vikur Þorvaldur þó nánar að afréttarnotum og segir þá m.a. svo: „Upp af Skaftártungu eru miklar heiðar með góðri sauðbeit og þar upp af mjög víðáttumikil öræfi með hagasnöpum hér og hvar vestan við Skaftá vestur að Tungnaá, í Jökuldali við Torfajökul og norður í Fögrufjöll og Langasjó. Fyrir 1850 leituðu Tungumenn aldrei Jökuldali eða vestustu leitir við Tungnaá, en nú leita þeir vestur í Kýlinga, um Jökuldali og Faxasund og finna þar oftast allmargt fé; þar hefir líklega margt fé drepist í fyrri daga.“

Heildstæðustu lýsingarnar á umfangi og afnotum Skaftártungumanna á umræddu landsvæði eru ekki eldri en frá síðari hluta 20. aldar. Við mat á inntaki og umfangi réttar jarða í Skaftártungu til hins umkrafa landsvæðis er nauðsynlegt vegna fyrrnefndrar óvissu um norðurmerki að huga nokkuð nánar að þeim heimildum og gögnum.

Í Sunnlenskum byggðum, útgefnum 1985, er að finna lýsingu Vigfúsar Gestssonar, áður bónda að Ljótárstöðum, á afréttarnotum Skaftártungumanna. Áður hefur verið fjallað um þá afmörkun sem þar er að finna á Skaftártunguafreйти en jafnframt er tekið fram að smátt og smátt hafi verið sótt lengra inn á öræfin. Er í því sambandi vísað til framangreindrar lýsingar Þorvalds Thoroddsen í Lýsingu Íslands þar sem fram kemur að fyrir 1850 leituðu Tungumenn aldrei Jökuldali eða vestustu leitir við Tungnaá en um 1900 leiti þeir vestur í Kýlinga um Jökuldali og Faxasund. Fögrufjöll hafi ekki verið leituð reglulega fyrr en upp úr 1920 og Tungnaárfjallgarður ekki leitaður að jafnaði fyrr en 1965. Kemur síðan fram hjá Vigfúsi að sú regla gildi að það fé sem finnist með Lónakvísl og Hrutabjörgum, sem séu vestast við Langasjó að norðan fái að lifa. Því fé, sem finnist austar, sé slátrað enda sé alltof kostnaðarsamt að safna fjallgarðinn að öðrum kosti, slík víðátta sem hann sé. Í ritinu er því síðan nánar lýst hvernig leit er háttáð á þessu nyrsta svæði, þ.e. Tungnaárfjallgarði og Fögrufjöllum austan Langasjós. Þetta er í samræmi við frásögn Árna Þ. Jónssonar, þá bónda í Hrífunesi, af fyrstu leit sem farin var árið 1965 á svæðið milli Tungnaár og Langasjós, Grænaárfjallgarðs og Tungnaárfjalla, allt austur að Vatnajökli. Kemur fram í frásögn Árna að landsvæði þetta hefði aldrei verið smalað áður og því þá venjulega borið við að þar myndu aldrei stöðvast kindur vegna algers grasleysis. Er og ástæða til þess að vekja á því athygli að í 41. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Skaftáfellssýslu frá 23. desember 1965 er tekið upp ákvæði þar sem segir svo: „Fjárleitir á öræfum, sem ekki teljast til afrétta, skulu ákveðnar og kostaðar af sýslunefnd. Hreppsnefnd þess hrepps, sem besta aðstöðu hefur, er skylt að framkvæma smölunina. Heimilt er að krefja eigendur fjár, er finnst, um allt andvirði hins fundna fjár. Heimilt er sýslunefnd að ákveða, að fé, sem finnst við öræfaleit, skuli lógað sama haust.“

Í 2. útgáfu af Göngum og réttum, aukinni endurbættri frá árinu 1983, gefur að finna eldri frásögn Vigfúsar Sæmundssonar í Borgarfelli í Skaftártungu. Gerð er grein fyrir lýsingu hans á afmörkun afréttarins hér að framan. Þar kemur m.a. fram að aldrei hafi verið leitað af þeim Skaftártungumönnum lengra en norður að Tungnaá. Er jafnframt tekið fram að norðan Langasjós séu víðáttumikil háfjallaöræfi norður að Tungnaá og austur að Jökli. Sé það svæði aldrei leitað af leitarmönnum enda talið gróðurlaust að mestu. Þá kemur fram að leit í Fögrufjöllum sé síðar tilkomin og þá kostuð af sýslunni.

Við skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd kom fram hjá þeim Val Oddsteinssyni í Úthlíð, fyrrum oddvita, Sigfúsi Sigurjónssyni að Borgarfelli og Gísla H. Magnússyni bónda og fjallkóngi að Ytri Ásum að svæðið norðanvert, a.m.k. norðvestan við Langasjó, að Tungnaá og Tungnaárfjökli sé ekki eiginlegur hluti af leitum Skaftártungumanna þó svo hugað sé að fé þar og jafnframt að Fögrufjöll austan Langasjós séu leituð sérstaklega fyrir hinar formlegu leitir. Við skýrslutökur var upplýst að starfandi væri sérstök fjallskilaneftnd fyrir afréttinn og sérstakt veiðifélag. Þá voru lagðir fram við aðalmeðferð málsins af hálfu Skaftárhrepps vegna jarða í Skaftártungu ýmsir samningar Veiðifélags Skaftártungumanna og leigutaka um veiði í ýmsum vötnum á svæðinu og þá m.a. í Botnlangalóni, Grænalóni, Stakahnúkslóni, Langasjó, Fagralóni, Kvíslárlónum, Stóralóni, Blautalóni

Álftalóni, Syðri- og Nyrðri-Ófæru. Frekari upplýsingar og útlistun í þessa veru kom fram við skýrslugjöf heimamanna á vettvangi. Þá lögðu sömu aðilar fram ódags. Lóðarleigusamning milli Skaftártunguhrepps og nokkurra einstaklinga um lóð undir hús í Jökuldölum. Samningi þessum sýnist ekki hafa verið þinglýst. Þá voru lögð fram óþinglýst gögn vegna leitarmannahúss í Jökuldal. Frekari upplýsingar í þessa veru komu og fram í skýrslugjöf fyrir óbyggðanefnd.

Að öllum þessum gögnum og sjónarmiðum virtum liggur það fyrir óbyggðanefnd að taka til þess afstöðu hvort allt framangreint landsvæði, sem kröfugerð Skaftárhrepps f.h. jarðeigenda í Skaftártungu tekur til, sé jafnframt afréttur í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Af eldri heimildum um Skaftártunguafrétt verður ekkert ráðið um afmörkun hans til norðurs og vesturs umfram það að afrétturinn hafi náð að Tungnaá en minnt er á að ágreiningslaust sýnist vera að 1850 leituðu Tungumenn aldrei Jökuldali eða vestustu leitir við Tungnaá en um 1900 leita þeir vestur í Kýlinga um Jökuldali og Faxasund. Reglulegar leitir hefjast ekki í Fögrufjöllum fyrr en um 1920 og ekki er getið heimilda um leitir í Tungnaárfjallagarði fyrr en eftir 1965 og þá raunar ekki með reglulegum hætti. Í 41. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 23. desember 1965 er tekið upp ákvæði þess efnis að fjárleitir á öræfum, sem ekki teljast til afrétta, skulu ákveðnar og kostaðar af sýslunefnd. Af eldri heimildum verður vafalaust ráðið að Skaftártungnamenn hafa nýtt veiði í Veiðivötnum á Landmannaafreitti en þau nyt sýnast aflögð í kjölfar Skaftárelða á ofanverðri 18. öld. Í máli þessu er engar kröfur gerðar um land eða landsréttindi vestan Tungnaár. Þá er vísað til niðurstaðna Hæstaréttar í tilvitnuðum dómi frá 1989, H 1989 1022, þar sem kröfum um afréttamörk norðan og vestan við Kirkjufellsós var vísað frá héraðsdómi.

Svo sem rakið er hér að framan háttar þannig til um gróðurfar á nyrðri hluta svæðisins að um landnám er talið að Tungnaárfjöll, norðvestan Langasjós og fjallendið frá Sveinstindi suður undir Gjátind hafi verið ógróið. Í dag er staðan sú að norðan við Faxafit að vestanverðu og Blautulón og Gretti að austanverðu taka við víðáttumikil og nær ógróin öræfi, allt inn undir jökul. Ætla má að umrætt hálendi hafi frá upphafi byggðar, eins og nú, verið nánast gróðurlaust. Ólíklegt verður að teljast að á þessu svæði hafi verið bithagar síðan land byggðist. Að þessu öllu virtu fær óbyggðanefnd ekki séð að allt umkrafid landsvæði sé eða hafi nokkru sinni verið afréttur jarða í Skaftártungu í hefðbundnum skilningi. Ekkert bendir þannig til þess að land millum Skaftár og Tungnaár, a.m.k. norðan og vestan Lónakvíslar og Langasjós, allt að jökli, hafi að staðaldri verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Samkvæmt þessu telur óbyggðanefnd eðlilegt og rétt að miða mörk þess landsvæðis sem hefur að staðaldri verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. 1. gr. og b-liður 7. gr. laga nr. 58/1998, að vestan og norðan við línu sem afmarkast af Lónakvísl frá ós hennar í Tungnaá, að upptökum hennar og þaðan um hábungu Breiðbaks og beint austur í Langasjó. Síðan um Útfall Langasjós í Skaftá.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Skaftártungu haft hefðbundin afréttarnot af hluta Skaftártunguafreittar, eins og hann er afmarkaður í kröfugerð þeirra í máli þessu. Þau afréttarnot hafa verið undir umsjón sveitarfélagsins á sama hátt og gildir um samnotaafreitti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að það landsvæði hafi nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota en um mannvirki á vegum Landsvirkjunar vísast til kafla 6.4.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Skaftártungu eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til þess hafi orðið til á þann veg, að íbúar í Skaftártungu hafi tekið hluta af þessu landsvæði til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Skaftárhrepps, fyrir hönd eigenda jarða í Skaftártungu og vegna sveitarfélagsins, að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur

verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í Skaftártungu hafi verið að ræða á hluta svæðisins, sbr. umfjöllun og afmörkun þess hér að framan. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Umrætt landsvæði verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi að mismunandi eignarréttarlega stöðu að öðru leyti en að framan greinir.

Verður þá tekin afstaða til kröfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu um beinan eignarrétt að hluta Torfajökuls sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja Skaftártunguafréttar.

Óbyggðanefnd telur ekkert liggja fyrir um hvort og þá með hvaða hætti stofnast hafi til beins eignarréttar að umræddum hluta Torfajökuls. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það á og undir Torfajökli, utan landamerkja Skaftártunguafréttar, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggæringa né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda.<sup>2</sup>

Um eignarréttarlega stöðu þess hluta Vatnajökuls, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.5.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að allt það landsvæði, sem samkvæmt kröfugerð Skaftárhrepps f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í Skaftártungu og sveitarfélagsins kallast Skaftártunguafréttur, þ.m.t. hluti Torfajökuls, svo sem það er endanlega afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Að vestan ræður Hólmsá frá þeim stað er Bjarnagata liggur að ánni og allt að Strútslaug í Hólmsárbotnum. Þaðan sjónhendingu í há-Torfajökul, áfram í Hábarm og þaðan í Kirkjufellsós sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Þaðan er Tungnaá fylgt allt að jökuljaðri í Fremri-Tungnaárbotnum. Að austan ræður miðvatn Skaftár, frá upptökum við jökuljaðar og þar til Hánipugil liggur vestan Skaftár í mörkum Búlandstorfu og Skaftártunguafréttar. Síðan eftir Hánipugili, úr gilbotninum sjónhendingu yfir Bláffall í Fljótsbotna. Úr Fljótsbotnum eftir Þvergljúframynni svo langt vestur sem það nær. Þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá. Á milli tveggja framangreindra punkta við Vatnajökul er miðað við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.*

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að hluti þess landsvæðis, sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda, sé afréttur jarða í Skaftártungu, nú innan Skaftárhrepps, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Umræddur afréttur afmarkast svo:

*Að vestan ræður Hólmsá frá þeim stað er Bjarnagata liggur að ánni og allt að Strútslaug í Hólmsárbotnum. Þaðan sjónhendingu í há-Torfajökul þar til kemur að jaðri jökulsins. Ræður*

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



*svo jökuljaðarinn í norður þar til há-Torfajökull og Hábarmur eru í beinni línu. Þeirri línu er fylgt í Hábarm og síðan sjónhendingu í Kirkjufellsós sem ræður merkjum austan Kirkjufells í Tungnaá. Þaðan er Tungnaá fylgt þar til kemur að ós Lónakvislar. Að norðan ræður Lónakvisl að upptökum hennar og þaðan um hábungu Breiðbaks og beint austur í Langasjó. Síðan um Út-fall Langasjós í Skaftá. Að austan ræður miðvatn Skaftár uns Hánípugill liggur vestan Skaftár í mörkum Búlandstorfú og Skaftártunguafréttar. Síðan eftir Hánípugili, úr gilbotninum sjónhend-ingu yfir Bláfall í Fljótsbotna. Úr Fljótsbotnum eftir Þvergljúframynni svo langt vestur sem það nær. Þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá. Þar sem samkvæmt framangreindu er miðað við jökuljaðar er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998.*

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst Þjóðlenda og að hluta afréttur jarða í Skaftártungu, nú innan Skaftárhrepps, eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Græni-fjallgarður“, „Eldgjá“.

### **6.5. Vatnajökull, Mýrdalsjökull og önnur landsvæði í Álftaveri og Skaftártungu**

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess lands sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4 um afmörkun þess, en ekki hefur þegar verið fjallað um. Þar er annars vegar um að ræða hluta Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls og hins vegar önnur þau landsvæði í Fljótshverfi sem kaflar 6.2.-6.3. taka ekki til. Um hluta Torfajökuls er fjallað í kafla 6.4.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddir hlutar Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls séu Þjóðlendu, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi þar, að öðru leyti en því að jöklurönd á hverjum tíma ráði merkjum. Þar ber þess að geta kröfur þær sem upphaflega var lýst í málinu af hálfu umráðamanna Holts og Herjólfstaða, við jaðar Mýrdalsjökuls sunnan Álftavers-afréttar, miða við jöklurönd. Gögn um merki þeirra jarða, þ. á m. landamerkjabréf frá 1886, benda ekki til annars. Þá er óumdeilt að önnur landsvæði í Álftaveri og Skaftártungu en þau sem fjallað er um í köflum 6.2-6.3, séu eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröf-ur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Þá hefur óbyggðanefnd áður hafnað þeirri almennu kröfu jarðeigenda að merki jarðar gagnvart jökli skuli miðuð við jökuljaðarinn eins og hann er á hverjum tíma, sbr. úrskurði nefndarinnar í málum á svæði 2. Grundvallast sú niðurstaða á því að löggjafinn hafi ekki álitnið að jöklurönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og Þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í Þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Jafnframt hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. úrskurði í málum á svæði 2, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup>

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að á viðkomandi hluta jökulsins hafi stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Bárðarbungu (2009 m) eru dregnar tvær línur. Sú vestari er yfir Kerlingar og að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Sú austari er í upptök Skaftár við jaðar Vatnajökuls. Á milli tveggja framangreindra punkta við jaðar Vatnajökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Mýrdalsjökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Mælifelli, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, er dregin lína til suðvesturs inn á jökulinn, í stefnu á upptök Fúlalækjar við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Úr framangreindum skurðpunkti er dregin lína í Kötlukskoll (1310 m), klettahöfða í Höfðabrekkujökli, og þaðan að jaldri Höfðabrekkujökuls, í stefnu á Blautukvíslarbotna, austan Hafurseyjar. Á milli tveggja framangreindra punkta, við jaldar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Landsvæði það, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda, er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. reglugerð um Skaftafellspjóðgarð, nr. 879/2004.

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana. Þá eru engar vísbendingar um að á svæðinu sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjöru í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

## 6.6. Landsvirkjun

Í máli þessu gerir Landsvirkjun kröfur vegna Suðurlínu (Sigöldulínu 4). Hér er um að ræða háspennulínu Landsvirkjunar sem liggur frá Sigölduvirkjun í Rangárvallasýslu austur í Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu og þaðan að Hólum í Austur-Skaftafellssýslu. Línan er staðsett að hluta í afrétti Skaftártungu, nánar tiltekið frá vesturmörkum afréttarins við Tungnaá austan Stóra-Kýlings og síðan yfir í Jökuldali. Þaðan suðaustur með afréttinum og niður með eignarlandi Búlandstorfunnar. Af hálfu Landsvirkjunar er gerð krafa um beinan eignarrétt að háspennumöstrum fyrirtækisins á Skaftártunguafreitti en ótakmarkaður afnotaréttur af landi því sem háspennulínurnar liggja um. Að auki er gerð krafa um að viðurkennd verði takmörkun á rétti til athafna og afnota annarra á 54 metra breiðri landræmu undir og meðfram háspennulínunum í samræmi við ákvæði 404. gr. reglugerðar nr. 264/1971, um raforkuvirki. Um beinan eignarrétt á mannvirkjum vísar Landsvirkjun til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 42/1983.

Með vísan til úrskurða óbyggðanefndar á svæði 1 í Árnassýslu er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi orkuveitu þeirrar sem tilgreind hefur verið sem Suðurlína og fyrirtækið hefur komið fyrir og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

## 6.7. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Þess ber að geta að málskostnaðar var ekki krafist af hálfu Landsvirkjunar.

## 6.8. Um tæknileg atriði<sup>1</sup>

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Í samræmi við framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá árunum 2000, 2001 og 2003, myndir frá Landsat-7 gervitunglinu frá árunum 1999 og 2000 og þrívíddarljósmyndir sem teknar voru úr flugvél á árunum 1998-2000 og 2002. Engar nothæfar myndir eru til af svæðinu í heild frá árinu 1998. Ástæðan fyrir því að framangreind gögn urðu fyrir valinu er sú að þau komast næst rétttri tímasetningu af þeim gögnum sem völ er á auk þess sem um nákvæmstu gögnin í hverju tilviki fyrir sig er að ræða. Í þeim tilvikum sem á þurfti að halda var svo einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>2</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði það innan jaðars Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Bárðarbungu (2009 m) eru dregnar tvær línur. Sú vestari er yfir Kerlingar og að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Sú austari er í upptök Skaftár við jaðar Vatnajökuls. Á milli tveggja framangreindra punkta við jaðar Vatnajökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði það innan jaðars Mýrdalsjökuls, sem til meðferðar er í máli þessu, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Mælifelli, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, er dregin lína til suðvesturs inn á jökulinn, í stefnu á upptök Fúlalækjar við suðvestanverðan Mýrdalsjökul, og þeirri línu fylgt þar til kemur að skurðpunkti við línu sem dregin er á milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalla (730 m), í suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Úr framangreindum skurðpunkti er dregin lína í Kötlukskoll (1310 m), klettahöfða í Höfðabrekkujökli, og þaðan að jaðri Höfðabrekkujökuls, í stefnu á Blautukvíslarbotna, austan Hafurseyjar. Á milli tveggja framangreindra punkta, við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Varðandi þann hluta framangreinds jökuljaðars sem liggur gagnvart sambeitarlandi jarðanna Herjólfstaða og Holts, þ.e. frá upptökum syðri kvíslar Leirár og þar til kemur að skurðpunkti við línuna sem sker jaðar Höfðabrekkujökuls í stefnu á Blautukvíslarbotna, er vísað í þann fyrirvara sem fram kemur í kafla 6.8, sjá einnig hnitaskrár í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Álftaversafréttur, er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Þaðan sem lína sem dregin er frá upptökum Fúlalækjar og yfir Mýrdalsjökul í hæsta punkt á Mælifelli sker jökuljaðarinn að norðanverðunni og áfram til norðurs í hæsta punkt á Meyjar-*

1 Sjá fylgiskjal nr. IV. (Tækniskýrsla – Jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu ákvarðaður með fjarkönnun).

2 Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun Þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliiggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

*strúti. Úr Meyjarstrúti er dregin lína í Strútslaug (Hólmsárbotna). Frá Strútslaug ræður Hólmsá allt þar til kemur að hornmarki við Hvítanestorfu. Þaðan ræður syðri kvísl Leirár að upp-tökum í Mýrdalsjökli. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við jökuljaðar Mýrdalsjökuls er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Álftaveri í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skaftártunguafréttur eins og kröfugerð Skaftártunguhrepps f.h. jarða í Skaftártungu og vegna sveitarfélagsins gerir ráð fyrir að hann sé, og hluti Torfajökuls er Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Að vestan ræður Hólmsá frá þeim stað er Bjarnagata liggur að ánni og allt að Strútslaug í Hólmsárbotnum. Þaðan sjónhendingu í há-Torfajökul, áfram í Hábarm og þaðan í Kirkjufellsós sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Þaðan er Tungnaá fylgt allt að jökuljaðri í Fremri-Tungnaárbotnum. Að austan ræður miðvatn Skaftár, frá upptökum við jökuljaðar og þar til Hánípugil liggur vestan Skaftár í mörkum Búlandstorfu og Skaftártunguafréttar. Síðan eftir Hánípugili, úr gilbotninum sjónhendingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna. Úr Fljótsbotnum eftir Þvergljúframynni svo langt vestur sem það nær. Þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá. Á milli tveggja framangreindra punkta við Vatnajökul er miðað við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Hluti þess landsvæðis sem samkvæmt framangreindu er Þjóðlenda, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, þ.e. syðri hluti þess landsvæðis sem talinn er til Skaftártunguafréttar samkvæmt kröfugerð Skaftártunguhrepps f.h. jarða í Skaftártungu og vegna sveitarfélagsins, er jafnframt afréttur jarða í Skaftártungu, nú innan Skaftárhrepps, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að vestan ræður Hólmsá frá þeim stað er Bjarnagata liggur að ánni og allt að Strútslaug í Hólmsárbotnum. Þaðan sjónhendingu í há-Torfajökul þar til kemur að jaðri jökulsins. Ræður svo jökuljaðarinn í norður þar til há-Torfajökull og Hábarmur eru í beinni línu. Þeirri línu er fylgt í Hábarm og síðan sjónhendingu í Kirkjufellsós sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Þaðan er Tungnaá fylgt þar til kemur að ósi Lónakvíslar. Að norðan ræður Lónakvísl að upptökum hennar, og þaðan um hábungu Breiðbaks og beint austur í Langasjó. Síðan um Útfall Langasjós í Skaftá. Að austan ræður miðvatn Skaftár uns Hánípugil liggur vestan Skaftár í mörkum Búlandstorfu og Skaftártunguafréttar. Síðan eftir Hánípugili, úr gilbotninum sjónhendingu yfir Bláfjall í Fljótsbotna. Úr Fljótsbotnum eftir Þvergljúframynni svo langt vestur sem það nær. Þaðan ræður Bjarnagata vestur í Hólmsá. Miðað er við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að Suðurlínu (Sigöldulínu 4) sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar hennar.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, utan þóknunar lögmannna hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmannna ákvarðast svo: Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfr. sameiginlega 950.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta Þjóðlendulínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan Þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

## **VIÐAUKAR**

### **I. Hnit**

- II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**  
*Sjá bls. 79*

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1	506617	347246	51	505562	347035	101	504058	348464	151	503737	348054
2	506589	347232	52	505551	347048	102	504046	348462	152	503709	348057
3	506564	347216	53	505546	347059	103	504033	348451	153	503687	348061
4	506550	347202	54	505541	347072	104	504016	348445	154	503675	348071
5	506532	347181	55	505541	347081	105	504000	348423	155	503659	348082
6	506524	347166	56	505538	347084	106	503983	348399	156	503643	348094
7	506492	347140	57	505535	347086	107	503983	348385	157	503631	348097
8	506461	347126	58	505536	347085	108	503991	348356	158	503629	348105
9	506435	347115	59	505489	347094	109	503996	348340	159	503632	348124
10	506399	347117	60	505413	347115	110	503999	348323	160	503623	348137
11	506374	347122	61	505346	347150	111	503999	348306	161	503609	348148
12	506346	347126	62	505244	347199	112	503996	348274	162	503598	348151
13	506323	347124	63	505185	347240	113	503996	348256	163	503586	348148
14	506296	347119	64	505118	347284	114	503980	348230	164	503571	348144
15	506270	347104	65	505065	347322	115	503978	348212	165	503554	348137
16	506252	347081	66	505019	347372	116	503966	348188	166	503543	348129
17	506218	347062	67	504960	347427	117	503942	348174	167	503529	348130
18	506190	347051	68	504905	347486	118	503928	348169	168	503514	348130
19	506151	347031	69	504881	347527	119	503900	348165	169	503506	348130
20	506129	347023	70	504823	347565	120	503881	348165	170	503489	348137
21	506115	347008	71	504773	347617	121	503855	348169	171	503478	348138
22	506080	347008	72	504735	347682	122	503839	348188	172	503471	348144
23	506065	347008	73	504709	347731	123	503839	348198	173	503478	348155
24	506060	347007	74	504688	347755	124	503834	348220	174	503489	348165
25	506049	346999	75	504656	347796	125	503841	348235	175	503501	348166
26	506025	346991	76	504630	347837	126	503838	348248	176	503509	348171
27	506001	346998	77	504598	347892	127	503831	348266	177	503515	348179
28	505980	346997	78	504586	347930	128	503816	348268	178	503520	348190
29	505977	346980	79	504568	347971	129	503805	348254	179	503515	348198
30	505950	346966	80	504542	348018	130	503800	348232	180	503509	348202
31	505925	346964	81	504525	348056	131	503800	348209	181	503504	348215
32	505904	346961	82	504498	348094	132	503797	348198	182	503501	348216
33	505859	346964	83	504472	348126	133	503791	348184	183	503481	348221
34	505845	346970	84	504454	348161	134	503781	348174	184	503465	348224
35	505819	346982	85	504425	348225	135	503772	348162	185	503457	348229
36	505798	346980	86	504405	348246	136	503755	348158	186	503438	348238
37	505774	346980	87	504370	348284	137	503745	348146	187	503435	348240
38	505749	346979	88	504352	348290	138	503759	348130	188	503437	348248
39	505721	346983	89	504314	348299	139	503781	348126	189	503426	348263
40	505708	346987	90	504297	348299	140	503812	348122	190	503426	348281
41	505695	346995	91	504259	348290	141	503839	348118	191	503418	348293
42	505684	347018	92	504226	348284	142	503856	348112	192	503390	348302
43	505664	347034	93	504215	348290	143	503881	348086	193	503379	348309
44	505649	347047	94	504194	348322	144	503870	348074	194	503368	348304
45	505631	347056	95	504156	348357	145	503850	348068	195	503357	348290
46	505621	347052	96	504127	348401	146	503828	348072	196	503362	348282
47	505610	347045	97	504109	348430	147	503817	348072	197	503359	348263
48	505595	347038	98	504088	348457	148	503806	348066	198	503346	348248
49	505588	347035	99	504076	348463	149	503781	348055	199	503338	348232
50	505575	347029	100	504074	348465	150	503748	348055	200	503323	348220

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
201	503320	348220	251	503391	347977	301	503069	347640	351	504139	346813
202	503298	348227	252	503410	347979	302	503086	347637	352	504159	346799
203	503288	348229	253	503421	347975	303	503096	347639	353	504188	346775
204	503273	348234	254	503418	347958	304	503105	347630	354	504212	346781
205	503255	348230	255	503407	347944	305	503114	347612	355	504238	346770
206	503252	348223	256	503384	347930	306	503122	347600	356	504270	346755
207	503243	348207	257	503360	347924	307	503129	347586	357	504323	346726
208	503233	348194	258	503338	347916	308	503133	347570	358	504370	346699
209	503252	348182	259	503341	347903	309	503133	347556	359	504443	346659
210	503268	348176	260	503357	347891	310	503136	347536	360	504504	346647
211	503276	348171	261	503377	347885	311	503141	347522	361	504522	346644
212	503287	348165	262	503398	347883	312	503144	347509	362	504563	346629
213	503296	348163	263	503418	347883	313	503152	347506	363	504598	346615
214	503318	348163	264	503432	347889	314	503149	347489	364	504627	346615
215	503334	348165	265	503453	347869	315	503159	347477	365	504668	346609
216	503346	348166	266	503453	347850	316	503180	347457	366	504718	346609
217	503357	348180	267	503435	347825	317	503194	347448	367	504750	346609
218	503374	348188	268	503418	347822	318	503212	347419	368	504791	346609
219	503384	348190	269	503390	347816	319	503250	347395	369	504829	346600
220	503404	348190	270	503368	347806	320	503285	347369	370	504872	346585
221	503421	348180	271	503345	347806	321	503320	347348	371	504916	346577
222	503427	348173	272	503323	347808	322	503332	347334	372	504943	346565
223	503417	348158	273	503307	347813	323	503370	347308	373	504963	346556
224	503420	348138	274	503288	347819	324	503399	347261	374	504980	346536
225	503429	348129	275	503266	347827	325	503422	347240	375	504981	346536
226	503440	348121	276	503240	347835	326	503437	347243	376	505001	346521
227	503423	348110	277	503224	347835	327	503469	347226	377	505010	346518
228	503412	348097	278	503207	347842	328	503493	347214	378	505039	346489
229	503429	348088	279	503191	347842	329	503539	347205	379	505062	346486
230	503448	348093	280	503188	347842	330	503583	347191	380	505098	346471
231	503463	348091	281	503158	347847	331	503621	347185	381	505130	346469
232	503484	348083	282	503133	347856	332	503665	347164	382	505153	346460
233	503504	348079	283	503114	347853	333	503694	347156	383	505182	346457
234	503528	348068	284	503114	347830	334	503732	347141	384	505223	346451
235	503525	348057	285	503116	347819	335	503764	347129	385	505258	346445
236	503517	348040	286	503111	347803	336	503797	347100	386	505285	346436
237	503498	348035	287	503107	347788	337	503826	347085	387	505331	346436
238	503470	348027	288	503100	347780	338	503852	347062	388	505375	346428
239	503453	348024	289	503089	347770	339	503870	347027	389	505428	346407
240	503431	348015	290	503082	347769	340	503893	346998	390	505457	346410
241	503412	348013	291	503078	347767	341	503908	346974	391	505492	346398
242	503393	348015	292	503061	347764	342	503919	346948	392	505542	346372
243	503381	348019	293	503050	347758	343	503937	346919	393	505589	346360
244	503366	348032	294	503047	347752	344	503963	346907	394	505638	346381
245	503341	348029	295	503055	347739	345	503981	346892	395	505679	346395
246	503327	348021	296	503058	347725	346	504001	346878	396	505709	346413
247	503320	348013	297	503058	347703	347	504031	346869	397	505723	346436
248	503334	347994	298	503057	347684	348	504066	346851	398	505770	346445
249	503349	347985	299	503052	347669	349	504095	346843	399	505796	346451
250	503371	347982	300	503063	347653	350	504115	346840	400	505825	346416

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
401	505837	346395	451	507030	345760	501	509138	345328	551	510892	344054
402	505866	346378	452	507053	345748	502	509184	345323	552	510891	344054
403	505904	346372	453	507100	345730	503	509246	345323	553	510909	344040
404	505913	346354	454	507161	345701	504	509272	345320	554	510912	344036
405	505925	346334	455	507208	345654	505	509316	345299	555	510925	344024
406	505969	346299	456	507223	345625	506	509360	345296	556	510945	344015
407	505998	346293	457	507249	345596	507	509380	345296	557	510973	344000
408	506030	346281	458	507278	345552	508	509410	345282	558	511002	343970
409	506065	346284	459	507325	345520	509	509465	345279	559	511016	343955
410	506089	346290	460	507349	345511	510	509506	345276	560	511034	343928
411	506141	346299	461	507378	345514	511	509532	345282	561	511056	343914
412	506185	346302	462	507422	345514	512	509567	345264	562	511070	343893
413	506235	346293	463	507460	345517	513	509582	345244	563	511086	343862
414	506284	346273	464	507498	345511	514	509597	345214	564	511106	343848
415	506317	346264	465	507544	345511	515	509620	345194	565	511106	343824
416	506346	346264	466	507580	345499	516	509646	345188	566	511119	343778
417	506384	346258	467	507644	345496	517	509676	345185	567	511147	343760
418	506419	346243	468	507664	345488	518	509719	345130	568	511158	343715
419	506448	346232	469	507720	345461	519	509754	345092	569	511164	343684
420	506477	346200	470	507743	345456	520	509781	345065	570	511167	343647
421	506512	346170	471	507784	345456	521	509810	345045	571	511156	343598
422	506550	346153	472	507816	345450	522	509839	345033	572	511167	343553
423	506574	346138	473	507863	345461	523	509866	345004	573	511155	343535
424	506533	346097	474	507901	345470	524	509915	344972	574	511171	343519
425	506515	346080	475	507936	345485	525	509950	344925	575	511178	343505
426	506518	346056	476	507965	345491	526	510026	344843	576	511171	343482
427	506472	346071	477	507986	345488	527	510056	344817	577	511167	343451
428	506442	346068	478	508006	345479	528	510088	344793	578	511173	343424
429	506472	346030	479	508012	345475	529	510114	344747	579	511180	343399
430	506510	346012	480	508044	345460	530	510146	344709	580	511196	343365
431	506542	346010	481	508088	345451	531	510187	344679	581	511210	343333
432	506562	346018	482	508164	345437	532	510225	344630	582	511237	343282
433	506591	346024	483	508211	345434	533	510246	344598	583	511259	343259
434	506629	346012	484	508252	345419	534	510292	344530	584	511287	343236
435	506653	346001	485	508290	345410	535	510319	344501	585	511318	343210
436	506679	345989	486	508343	345413	536	510351	344451	586	511390	343175
437	506720	345989	487	508389	345413	537	510392	344425	587	511411	343160
438	506758	345983	488	508471	345410	538	510415	344413	588	511424	343135
439	506790	345977	489	508524	345399	539	510441	344390	589	511451	343085
440	506825	345960	490	508600	345390	540	510479	344358	590	511456	343051
441	506852	345951	491	508638	345387	541	510529	344302	591	511456	343024
442	506866	345954	492	508685	345369	542	510567	344279	592	511458	343006
443	506916	345931	493	508737	345372	543	510602	344264	593	511479	342986
444	506954	345922	494	508790	345363	544	510643	344232	594	511528	342986
445	506980	345893	495	508816	345363	545	510672	344223	595	511582	343009
446	506986	345858	496	508875	345334	546	510722	344203	596	511616	342999
447	506986	345834	497	508930	345328	547	510760	344177	597	511625	342993
448	506980	345814	498	508980	345331	548	510789	344136	598	511630	342992
449	506977	345792	499	509044	345331	549	510824	344118	599	511636	342970
450	506989	345783	500	509094	345323	550	510880	344077	600	511652	342939





nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
601	511668	342902	651	511815	341367	701	511352	340457	751	510833	339732
602	511691	342850	652	511819	341347	702	511345	340444	752	510814	339734
603	511698	342819	653	511817	341329	703	511332	340421	753	510796	339730
604	511704	342776	654	511786	341306	704	511314	340396	754	510792	339717
605	511698	342724	655	511785	341293	705	511302	340382	755	510797	339687
606	511698	342710	656	511785	341268	706	511287	340367	756	510797	339671
607	511693	342674	657	511772	341247	707	511275	340347	757	510792	339655
608	511700	342633	658	511767	341223	708	511251	340331	758	510776	339633
609	511704	342629	659	511767	341202	709	511243	340308	759	510758	339624
610	511709	342604	660	511772	341193	710	511226	340297	760	510738	339613
611	511709	342566	661	511770	341159	711	511214	340290	761	510726	339595
612	511709	342537	662	511772	341141	712	511199	340292	762	510715	339579
613	511718	342501	663	511781	341128	713	511185	340283	763	510704	339570
614	511720	342462	664	511785	341110	714	511169	340279	764	510691	339549
615	511734	342415	665	511776	341092	715	511162	340277	765	510679	339536
616	511740	342387	666	511758	341074	716	511151	340265	766	510668	339520
617	511745	342336	667	511763	341065	717	511140	340252	767	510652	339497
618	511743	342302	668	511767	341049	718	511137	340227	768	510629	339475
619	511747	342257	669	511763	341035	719	511128	340202	769	510611	339466
620	511759	342212	670	511743	341021	720	511104	340191	770	510584	339455
621	511750	342193	671	511736	340988	721	511088	340188	771	510566	339441
622	511767	342151	672	511752	340972	722	511081	340173	772	510544	339425
623	511749	342094	673	511754	340945	723	511081	340172	773	510526	339412
624	511763	342062	674	511731	340929	724	511081	340161	774	510510	339398
625	511768	342019	675	511722	340911	725	511086	340150	775	510503	339384
626	511777	341963	676	511724	340906	726	511094	340132	776	510494	339373
627	511774	341929	677	511718	340888	727	511083	340118	777	510492	339371
628	511768	341911	678	511718	340873	728	511070	340098			
629	511768	341884	679	511711	340855	729	511054	340078			
630	511776	341852	680	511697	340836	730	511036	340071			
631	511777	341818	681	511673	340809	731	511022	340078			
632	511777	341787	682	511663	340789	732	511015	340082			
633	511779	341757	683	511650	340771	733	511002	340073			
634	511781	341726	684	511632	340748	734	510993	340060			
635	511788	341692	685	511619	340732	735	510995	340041			
636	511788	341665	686	511603	340717	736	510995	340035			
637	511788	341640	687	511594	340710	737	510986	340017			
638	511797	341611	688	511582	340696	738	510977	339997			
639	511810	341584	689	511544	340669	739	510964	339974			
640	511819	341563	690	511533	340653	740	510952	339945			
641	511824	341548	691	511515	340633	741	510955	339917			
642	511826	341541	692	511505	340611	742	510966	339888			
643	511840	341530	693	511488	340599	743	510966	339840			
644	511849	341498	694	511465	340581	744	510950	339822			
645	511844	341478	695	511449	340559	745	510932	339796			
646	511829	341468	696	511429	340534	746	510914	339768			
647	511819	341446	697	511413	340514	747	510905	339757			
648	511812	341423	698	511395	340495	748	510889	339750			
649	511808	341403	699	511374	340477	749	510869	339741			
650	511812	341383	700	511354	340464	750	510855	339737			




## FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**
- IV. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd**  
*Sjá bls. 343*

**ÞJÓÐLENDULÍNA** - Mál nr 7/2003, Álfaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi





Kráa fjárfundahættan (h. líkans um þjóðdómur  
 Kráa fjárfundahættan (áskrá)  
 Útita þjófs skv. upprettum Landsat-7 gæringamyndum og loftmyndum.

Mörk þjóðdómur skv. útskrifti  
 Útskriftahættan  
 Mörk áhrifalegrar innanþjóðdómur  
 skv. útskrifti Útskriftahættan  
 Útskriftahættan

Kráa fjárfundahættan  
 Kráa fjárfundahættan um afdrámskrá  
 Mennur (þjóðdómur) um afdrámskrá og afdrámskrá  
 að þriðjví sam hún þjóðdómur, skýrt af menningarliði og afdrámskrá gagna.

Dags: 8.12.2004  
 Kráa fjárfundahættan  
 Mennur: 1:100.000  
 Útskriftahættan  
 © Landmælingaáskrif, Lýfi nr. LZ000013

## II. Aðilaskrá

### II. Aðilaskrá

Þjóðlendar	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Álftaversafréttur	Skaftárhreppur f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í Skaftártungu
Búland	Sigurður O. Pétursson
Búland	Gísli Vigfús Sigurðsson
Búland	Kristín Pála Sigurðardóttir
Herjólfstaðir I	Ríkissjóður Íslands
Herjólfstaðir I	Jóhannes Gissurarson
Herjólfstaðir II	Ríkissjóður Íslands
Herjólfstaðir II	Gissur Þór Jóhannesson
Holt I	Ríkissjóður Íslands
Holt I	Gottveinn Eggertsson
Holt II	Ríkissjóður Íslands
Holt II	Gottveinn Eggertsson
Ljótastaðir	Helga Bjarnardóttir
Skaftártunguafréttur	Skaftárhreppur f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í Skaftártungu
Skaftártunguafréttur	Landsvirkjun

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Álftavers:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Álftaveri (mælikvarði 1:50 000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5) Uppdráttur af mörkum milli Mýrdals- og Skaftárhrepps (mælikvarði 1:100 000), dags. í september 2000.
- 1(6) Fyrirtaka sýslumannsins í Vík, 13.7.2000, á máli um mörk milli annars vegar Hjörleifshöfða og hins vegar Herjólfsstaða, Holts, Hraunbæjar og Bólhrauns, sem jafnframt eru mörk milli Mýra- og Skaftárhrepps. Endurrit úr landmerkja- og landskiptabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 1(7) Bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps, dags. 19.6.1998, til sýslumannsins í Vík, vegna lýsinga á mörkum heimalanda og afrétta, ásamt meðfylgjandi kortum (2 blöð).
- 1(8) a-b Vísitása Þykkvabæjarklausturs 1688, ásamt uppskrift að hluta.
- 1(9) a-b Vísitása Þykkvabæjarklausturs 1749, ásamt uppskrift að hluta.
- 1(10) Afréttarskrá Álftaversafréttar, dags. 26.11.1985.
- 1(11) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.3.2003.

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Skaftártungu:

- 2 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 2(1) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Skaftártungu (mælikvarði 1:50 000).
- 2(2) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 2(3) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 2(4) Máldagi Mariúkkirkju í Ásum hinum eystri í Skaftártungu 1343 (2. b., bls. 784-785).
- 2(5) Máldagi Mariúkkirkju í Ásum hinum eystri í Skaftártungu 1387 (3. b., bls. 402-403).

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 3 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### *Landamerkjabók Skaftafellssýslu:*

- 3(1) Hemra í Skaftártungu, dags. 20.4.1885.
- 3(2) Snæbýli í Skaftártungu, dags. 17.2.1885.
- 3(3) Ljótastaðir í Skaftártungu, dags. 24.1.1885.
- 3(4) Flaga í Skaftártungu, dags. 3.6.1885.
- 3(5) Hrífunes/Hrísnes í Skaftártungu, dags. 8.6.1886.
- 3(6) Búlandstorfa í Skaftártungu, dags. 21.6.1886.
- 3(7) Herjólfsstaðir í Álftaveri, ódags. en þingl. 21.6.1886.
- 3(8) Holt í Álftaveri, ódags. en þingl. 21.6.1886.
- 3(9) Búlandssel í Skaftártungu, dags. 18.12.1921.
- 3(10) Svartinúpur í Skaftártungu, dags. 26.5.1922.
- 3(35) Snæbýli í Skaftártungu, dags. 17.2.1885.
- 3(36) Hraunbær og Herjólfsstaðir í Álftaveri, dags. 27.5.1887.
- 3(37) Hraunbær í Álftaveri, dags. 13.5.1888.

- 3(44) Landmannaafreittur, dags. 22.10.1886. Ath. Sama nr. er á skjali og felld var niður úr skjalaskrá. Skýring: Hluti af skjali nr. 3(40).
- 3(51) Skaptárdalur innan Vestur-Skaftafellssýslu árið 1886. Skjal nr. 5(50) er einnig landamerkjabréf.

*Skjöl úr skjalasafni landfógeta, sem varða Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs og Flögugarðir í Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 3(11) Umfjöllun um Holt í Álftaveri í „Skoðun á Þykkvabæjarklaustri, Kirkjubæjarklaustri og Flögujörðum 1769“. (Landf. XXIII, 6)
- 3(12) Umfjöllun um Herjólfsstaði í „Skoðun á Þykkvabæjarklaustri, Kirkjubæjarklaustri og Flögujörðum 1769“. (Landf. XXIII, 6)
- 3(13) Umfjöllun um Snæbýli (Snædill) í „Skoðun á Þykkvabæjarklaustri, Kirkjubæjarklaustri og Flögujörðum 1769“. (Landf. XXIII, 6)
- 3(14) Síða Snæbýlis í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7)
- 3(15) Síða Holts í Álftaveri í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7)
- 3(16) Síða Herjólfsstaða í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7)
- 3(17) Síða Ljótastaða í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7)
- 3(18) Lýsing Þorsteins Bjarnasonar á Vestur-Skaftafellssýslu og klaustrajörðunum, gerð á Mýrum í Álftaveri 17.6.1773. Þar eru m.a. nefndar jarðirnar Herjólfsstaðir, Holt í Álftaveri, Snæbýli og Fell. (Landf. XXIII, 3)

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 3(19) Einar Bjarnason kaupir kóngsjörðina Snæbýli, 4.6. 1844. (Skaft. DB/1, nr. 145)
- 3(20) Gestur Bárðarson kaupir Ljótastaði af landssjóði 7.4.1916. (Skaft. DB/5, nr. 217)
- 3(45) Búland. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (registur).
- 3(46) Búlandssel. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (register).
- 3(47) Herjólfsstaðir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (register).
- 3(48) Ljótastaðir (Fljótastaðir). Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (registur).
- 3(49) Snæbýli. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (registur).
- 3(50) Svarti-Núpur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (register).
- 3(52) Holt. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (registur).
- 3(53) Hraunbær. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu (registur).

*Jarðamatsgögn:*

- 3(44) (a-b) Felld niður úr skjalaskrá. Skýring: Hluti af skjali nr. 3(40). Ath. Sama númer á skrá um Landmannaafreitt, dags. 22.10.1886.
- 3(21) a-b Umfjöllun um jarðir í Leiðvallarhreppi í jarðamati 1804, ásamt skýringum og uppskriftum að hluta, (bls. 35-41).
- 3(22) Umfjöllun um jarðir í Leiðvallarhreppi í jarðamati 1849-1850 (gerðabók jarðamatsnefnda Vestur-Skaftafellssýslu, bls. 35, 44-48).



- 3(23) Umfjöllun um jarðir í Skaftártunguhreppi og Álftavershreppi í fasteignamati 1916-1918. (Undirmat. Gerðabók fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, bls. 89-92, 94-100, 105, 154-161, 163).
- 3(38) a-b Umfjöllun um jörðina Hraunbæ (bls. 33-34) í jarðamati 1804, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(39) a-b Umfjöllun um jarðir í Kleifahreppi, Leiðvallarhreppi og Dyrhólahreppi (bls. 22-28, 33-35, 44-48, 51-54, 61-68 og 75-81) í jarðamati 1849-1850, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(40) a-b Umfjöllun um jarðir í Kleifahreppi, Leiðvallarhreppi og Dyrhólahreppi (bls. 10-13, 17-26) ásamt uppskrift að hluta. Úr gerða- og yfirmatsbók Skaftafellssýslu, löggiltir 1.6.1850.
- 3(41) Umfjöllun um jörðina Hraunbæ í Álftaveri í jarðamati 1916-1918.

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns, landshöfðingja og Stjórnarráðs Íslands:*

- 3(54) Umsókn um styrk til könnunar á fjalllendi fyrir norðan afrétt Vestur-Skaftafellinga. Fundargerð Amtráðs suðuramts frá 3.6.1884.
- 3(55) Skýrsla um fjallrannsóknir sumarið 1884. Sýslufundarskjöl Vestur-Skaftafellssýslu 1881-1887.

*Visitasíubækur biskupa:*

- 3(24) a-b Visitasía Búlandskirkju 1641, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(25) a-b Visitasía Þykkvabæjarklausturs 1641, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(26) a-b Visitasía Búlandskirkju 1749, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(27) a-b Visitasía Búlandskirkju 1682, ásamt uppskrift að hluta.
- 3(28) a-b Visitasía Búlandskirkju 1727, ásamt uppskrift að hluta.
- Skjöl nr. 1(8) og 1(9) falla einnig undir flokkinn „Visitasíubækur biskupa“.

*Umboðsskjöl úr Vestur-Skaftafellssýslu (Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustur og Flögugarðir):*

- 3(29) a-b Úttekt Holts í Álftaveri 1824, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 2. Úttektabók 1818-1842).
- 3(30) a-b Úttekt Ljótastaða 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).
- 3(31) a-b Úttekt Ljótastaða 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 4. Úttektabók 1838-1847).
- 3(32) a-b Nýbýli í Ljótastaðalandi. Umsögn umboðsmanns þjóðjarða í Vestur-Skaftafellssýslu, 26.1.1893 í bréfi til amtmanns í Suðuramti, ásamt uppskrift. (Umboðsskjöl. Kirkjubæjarklaustur, Þykkvabæjarklaustur og Flögugarðir III, 5. Bréfabók 1886-1902.)
- 3(42) Skoðunargjörð árið 1885 m.a. á Álftaversjörðum í Vestur-Skaftafellssýslu. SA 280. Sa-J C-E. (Umboð Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs 1883-1889).
- 3(43) Bréfaskipti vegna fyrirhugaðrar stofnunar nýbýlis í Fosstungum við afrétt Skaftártungumanna 1892-1894. (SA Bréfadagbók G, nr. 97).

*Sala þjóðjarða í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturumboði. (Stjórnarráð Íslands):*

- 3(33) Virðing og sala á Ljótastöðum í Skaftártungu 1913-1916. (Stjórnarráð Íslands II, Db. 7, nr. 65).
- 3(34) Virðing á Herjólfsstöðum í Álftaveri 1914. (Stjórnarráð Íslands II, Db. 7, nr. 65).

4 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 26.4.2001.

5 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 31.7.2003.

*Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni:*

5(1) Máldagi Þykkvabæjarklausturs í Álfaveri, 1340. Fram kemur að klaustrið átti jörðina Holt og ítök í jörðunum Hraunbæ og Herjólfstöðum (2. b., bls. 737-740).

5(2) Máldagi Kirkjubæjarklausturs, 1397. Fram kemur að klaustrið átti jörðina Holt (4. b., bls. 238-239).

5(3) Skrá um ítök Kirkjubæjarklausturs 1528. Fram kemur að klaustrið átti ítök í Holti (9. b., bls. 470-471).

5(4) Máldagi Þykkvabæjarklausturs, 1523/1526. Fram kemur að klaustrið átti jarðirnar Hraunbæ, Herjólfstaði og Holt (9. b., bls. 189).

5(5) Kirknatal frá um 1200. Fram kemur að kirkja var þá á Búlandi (12. b., bls. 5).

5(6) Máldagi Ólafskirkju á Búlandi [1343] (2. b., bls. 783).

5(7) Máldagi Ólafskirkju á Búlandi [1367] (3. b., bls. 246).

5(8) Úr Hitardalsbók [1367]. Ólafskirkja á Búlandi er þar á skrá (3. b., bls. 235).

5(9) Þorvarður Steinmóðsson selur, með samþykki konu sinnar, Ólafi Ásbjarnarsyni 20 hundruð í Vík (Reykjavík) fyrir hálf Búland (6. b., bls. 610-611).

5(10) Máldagi Ólafskirkju á Búlandi, 1523 (9. b., bls. 188).

5(11) Máldagi Búlandskirkju frá um 1570. Fram kemur að Ljótastaðir voru í tíundarumdæmi Búlandskirkju (15. b., bls. 705).

Skjöl nr. 2(4) og 2(5) falla einnig undir flokkinn „Máldagar o.fl. úr Ísl. fornbréfasafni“.

*Fasteigna og jarðamöt:*

5(12) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 6-19).

5(13) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 6-9).

5(14) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 206-216).

5(15) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 107-110).

5(16) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 61-63).

5(29) Fasteignabók 1957. Rv. 1956-1957 (bls. 311-314).

*Fjallskilareglugerðir:*

5(17) Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 174/1992. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1992. B-deild, bls. 380-386).

5(18) Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 245/1965. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968. B-deild, bls. 518-525).

5(19) Reglugjörð um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 1899. (Ákvæði, sem gilda aðeins fyrir Skaftártunguhrepp), nr. 67/1929. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1929. B-deild, bls. 198-199).

5(20) Reglugjörð um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 6. júlí 1899, nr. 103/1913. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 181-182)

5(21) Almenn reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 78/1899. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 100-107).

5(22) Fjallskilaákvæði fyrir Vesturskaftafellssýslu, nr. 100/1897. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 163).

*Jarðabréf:*

- 5(23) Jarðir Kirkjubæjarklausturs í byrjun 18. aldar. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 442-466).

*Manntal:*

- 5(24) Manntal á Íslandi árið 1703. Leiðvallarhreppur (bls. 444-451).

*Alþingisbækur Íslands:*

- 5(25) Uppboð á 16 hundruðum í jörðinni Búlandi, 1743 (13. b., bls. 173).  
 5(26) Lögþingisdómur í brigðamáli á Búlandi, 1767 (15. b., bls. 39-40).  
 5(27) Kaupbréf fyrir hálfu Búlandi, 12 hundruðum, dags. 14.5.1768 (15. b., bls. 109).  
 5(28) Kaupbréf fyrir jörðinni Búlandi, dags. 8.1.1770 (15. b., bls. 221).

*Landnáma:*

- 5(30) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar. Reykjavík 1986, bls. 326-328.

*Meningarminjar:*

- 5(31) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (Vestur-Skaftafellssýsla, bls. 3, 51-52, 79-85 og 197-204). Ath. sama nr. er á tillögum sýslunefnda Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu um mörk á milli afrétta, dags. 7.-8.5.1889.  
 5(32) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400.000), Vestur-Skaftafellssýsla.

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 5(33) Þinglýsingarvottorð Snæbýlis 1, Skaftárhreppur, dags. 29.5.2003.  
 5(34) Þinglýsingarvottorð Snæbýlis 1A, Skaftárhreppur, dags. 27.5.2003.  
 5(35) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Búland, Skaftártunguhreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(36) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Herjólfstaði I, Álftavershreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(37) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Herjólfstaði II, Álftavershreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(38) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Holt I, Álftavershreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(39) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Holt II, Álftavershreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(40) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Snæbýli I, Skaftárhreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(41) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Snæbýli II, Skaftárhreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(42) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Hraunbær Álftavershreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(43) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Ljótastaði, Skaftártunguhreppi, dags. 27.5.2003.  
 5(44) Búland. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.  
 5(45) Herjólfstaðir I-II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.  
 5(46) Holt I-II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.  
 5(47) Hraunbær. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.  
 5(48) Ljótastaðir. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.  
 5(49) Snæbýli. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.

- Landamerkjabók klausturjarða 1845 og 1847:*
- 5(50) Ljótastaðir í Leiðvallahreppi.
- Málsskjöl úr hæstaréttarmáli nr. 103/1953:*
- 5(31) Tillögur sýslunefnda Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu um mörk á milli afrétta, dags. 7.-8.5.1889. Ath. sama nr. er á menningarminjum á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (Vestur-Skaftafellssýsla, bls. 3, 51-52, 79-85 og 197-204).
- 5(57) Endurrit af fundargerð sýslunefndar Rangárvallasýslu. Fram kemur að amtsráðið hafði ákveðið að veita 500 kr. styrk til að rannsaka hin ókunnun fjalllendi norðan afrétta Skaftártungu og Síðumanna, dags. 25.6.1884.
- 5(58) Lýsing Þorsteins Magnússonar sýslumanns (1743-1785) á veiði í Fiskivötnum.
- Málsskjöl úr hæstaréttarmáli nr. 199/1978:*
- 5(51) Lýsing hreppsnefndar Skaftártunguhrepps á afréttarmörkum hreppsins, dags. 12.12.1889.
- 5(52) Símskeyti Guðjóns Guðjónssonar oddvita Skaftártunguhrepps um afréttarmörk hreppsins. Lagt fram á aukadómþingi Rangárvallasýslu 2.8.1951.
- 5(53) Yfirlýsing Vals G. Oddsteinssonar o.fl. um símskeyti Guðjóns Guðjónssonar, dags. 19.2.1978.
- 5(56) Sátt um landamerki Landmannaafreftar, dags. 7.8.1951, ásamt korti.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 5(54) Mörk Álftaversafréttar og mörk jarða á Mýrdalssandi, ásamt korti. Greinargerð Elínar Erlingsdóttur landfr., dags. 14.10.2004.
- 5(55) Mörk jarða í ofanverðri Skaftártungu ásamt korti. Greinargerð Elínar Erlingsdóttur, landfr., dags. 2.10.2004.

**Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni lögfr. vegna Álftavers (Álftaversafréttur, Herjólfsstaðir I og II, Holt I og II):**

- 6 Kröfulýsing, dags. 22.4.2002, og viðauki við kröfugerð, dags. 20.6.2002.
- 6(1) a-c Kort sem sýnir kröfulínur (mælikvarði 1:50 000).
- 6(2) Greinargerð eigenda og umráðamanna Skaftártunguafréttar, Búlandstorfu (Búlands, Svartanúps og Búlandssels), Ljótastaða, Álftaversafréttar, Herjólfsstaða I og II, Holts I og II í máli nr. 7/2002, Álftaver og Skaftártunga, sveitarfélaginu Skaftárhreppi (Vestur-Skaftafellssýslu), dags. 23.4.2003.
- 6(3) Byggingarbréf vegna Herjólfsstaða I, dags. 15.8.1989 og 12.9.1989. Jóhannes Gissur- arson og Steina Guðrún Harðardóttir, leigutakar, og landbúnaðarráðherra f.h. jarða- deildar landbúnaðarráðuneytisins, leigusali.
- 6(4) Byggingarbréf vegna rúmlega háflendu þjóðjarðarinnar Herjólfsstaða, dags. 8.11.1943 og 22.11.1943. Aðilar eru Jóhannes Guðmundsson og dóms- og kirkjumála- ráðuneytið.
- 6(5) Byggingarbréf vegna Holts II, dags. 18.2.1988 og 1.3.1988. Gottsveinn Eggertsson, leigutaki, og landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, leigusali.
- 6(6) Leigusamningur um Holt I, dags. 3.11.1988 og 30.1.1989. Gottsveinn Eggertsson leigutaki og landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins leigusali.

**Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni lögfr. vegna Skaftártungu (Skaftártunguafréttur, Ljótastaðir, Búland):**

- 7 Kröfulýsing, dags. 22.4.2002.
- 7(1) Kort sem sýnir kröfulínur (mælikvarði 1:50 000).
- 7(2) Leigusamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna og Veiðifélagsins Fjallalóns um Botnlangalón og tvö önnur lón. Dags. 27.2.1970.
- 7(3) Leigusamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna og Grænalóns sf. um veiðar í Stakahnúkslóni og Grænalóni. Ódagsett.
- 7(4) Framlenging á samningi milli Veiðifélags Skaftártungumanna og Grænalóns um veiðar í Stakahnúkslóni og Grænalóni. Ódagsett.
- 7(5) Leigusamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna og Botnlangafélagsins. Dags. 22.2.2001.
- 7(6) Leigusamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna annars vegar og Vilhjálms Garðarssonar o.fl. hins vegar um veiði í Langasjó og Fagralóni. Dags. 10.5.2000.
- 7(7) Leigusamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna og veiðifélagsins Línu nets um veiði í Kvíslarlónum og Stóralóni og um afnotarétt af veiðihúsi. Ódagsett.
- 7(8) Viðauki við leigusamning milli Veiðifélags Skaftártungumanna annars vegar og Vilhjálms Garðarssonar ofl. hins vegar um veiði í Langasjó og Fagralóni. Dags. 1.2.2001.
- 7(9) Leigusamningur milli Veiðifélags Skaftártungumanna annars vegar og Árna Oddsteinssonar og Oddsteins Árnasonar hins vegar varðandi Blautalón og Nyrðri-Ófæru. Dags. 8.2.2003.
- 7(10) Leigusamningur Veiðifélags Skaftártungumanna og Auðlindarinnar. Dags. 14.4.2003.
- 7(11) Lóðarleigusamningur milli hreppsnefndar Skaftártunguhrepps annars vegar og Baldurs Baldurssonar o.fl. hins vegar um lóð í Jökuldölum. Ódags.
- 7(12) Bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til jarðarnefndar V-Skaftafellssýslu varðandi leitar-mannahús í Jökuldal. Dags. 19.11.90.
- 7(13) Fundargerð byggingarnefndar Skaftárhrepps varðandi málefni leitar-mannahúss í Jökuldal. Dags. 15.11.1990.
- 7(14) Samþykki jarðarnefndar V-Skaftafellssýslu fyrir leigu á lóð undir leitar-mannaskála. Dags. 22.11.1990.
- 7(15) Afrit af korti frá svæðisskipulagi miðhálandisins.

**Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Herjólfsstaða I og II, Álftaveri:**

- 8 Kröfulýsing, dags. 26.2.2002.
- 8(1) Skjalaskrá, dags. 4.3.2002.
- 8(2) Ljósrit af matsvottorði Fasteignamats ríkisins fyrir Herjólfsstaði I, dags. 27.2.2002.
- 8(3) Ljósrit af matsvottorði Fasteignamats ríkisins fyrir Herjólfsstaði II, dags. 27.2.2002.
- 8(4) Ljósrit af síðu Herjólfsstaða I í fasteignabók, ódags.
- 8(5) Ljósrit af síðu Herjólfsstaða II í fasteignabók, ódags.

**Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Holts I og II, Álftaveri:**

- 9 Kröfulýsing, dags. 26.2.2002.
- 9(1) Skjalaskrá, dags. 4.3.2002.
- 9(2) Ljósrit af matsvottorði Fasteignamats ríkisins fyrir Holt I, dags. 27.2.2002.
- 9(3) Ljósrit af matsvottorði Fasteignamats ríkisins fyrir Holt II, dags. 27.2.2002.
- 9(4) Ljósrit af síðu Holti I í fasteignabók, ódags.
- 9(5) Ljósrit af síðu Holti II í fasteignabók, ódags.

- 9(6) Afsal fyrir Holti II, dags. 5.12.1986. Dánarbú Páls Bárðarsonar afsalar til Gottsveins Eggertssonar og Guðrúnar Sigurjónsdóttur.

**Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Hraunbæjar, Álftaveri:**

- 10 Kröfulýsing, dags. 26.2.2002.  
 10(1) Skjalaskrá, dags. 4.3.2002.  
 10(2) Ljósrit af matsvottorði Fasteignamats ríkisins fyrir Hraunbæ (2 bls.), dags. 27.2.2002.  
 10(3) Ljósrit af síðu Hraunbæjar í fasteignabók, ódags.  
 10(4) Kaupsamningur og afsal fyrir fasteignum og ræktun á ríkisjörðinni Hraunbæ, dags. 27.9.1993. Þorbergur Bjarnason selur og afsalar Bjarna Þorbergssyni. Samþykki landbúnaðarráðuneytisins á meðfylgjandi ljósriti.

**Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Snæbýlis II, Skaftártungu:**

- 11 Kröfulýsing, dags. 26.2.2002.  
 11(1) Skjalaskrá, dags. 4.3.2002.  
 11(2) Ljósrit af matsvottorði Fasteignamats ríkisins fyrir Snæbýli II, dags. 27.2.2002.  
 11(3) Ljósrit af síðu Snæbýlis II í fasteignabók, ódags.  
 11(4) Afsal fyrir Snæbýli II, dags. 21.6.1971. Siggeir Jóhannsson afsalar til Jarðeignasjóðs ríkisins.  
 11(5) Breyting á eignarhlutföllum í jörðinni Snæbýli, dags. 7.6.1969. Árni og Siggeir Jóhannessynir eignast helming hvor (Árni á Snæbýli I og Siggeir Snæbýli II).

**Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:**

- 12 Yfirlýsing, dags. 23.4.2003, um aðild Landsvirkjunar að málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd.  
 12(1) Kröfugerð Landsvirkjunar í máli um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 15.2.2002.  
 12(2) a-g Kort (7 blöð): Sigöldulína 4 - Prestabakkalína 1 – Sigalda – Prestbakki – Hólar. Dags. 27.2.2003.  
 12(3) Bréf Þórðar Bogasonar hdl. til formanns óbyggðanefndar varðandi kröfulýsingar á svæði 2 og 3, dags. 31.5.2002.  
 12(4) Lóðarleigusamningur, dags. 23.3.1982. Rafmagnsveitur ríkisins taka á leigu lóð fyrir spennistöðvarmannvirki í landi Prestbakka í Hörgslandshreppi (Jón Pálsson).  
 12(5) „Stutt greinargerð yfir uppgjör við bændur og landeigendur við Suðurlínu á svæðinu frá Geirlandi og Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu að Hólum í Austur-Skaftafellssýslu“. Rafmagnsveitur ríkisins, tæknisvið-MD, línudeild. Dags. 19.12.1984. GS/gh.  
 12(6) Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl., dags. 11.8.1982.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 13 „Staðhættir og gróðurfar í Álftaveri og Skaftártungu“, eftir Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing, febrúar 2003.  
 14 a-d Kort a: Lýstar kröfur í Álftaveri, mælikvarði 1:50 000.  
 Kort b: Lýstar kröfur í Skaftártungu, mælikvarði 1:50 000.  
 Kort c: Yfirlitskort – Lýstar kröfur í Álftaveri og Skaftártungu, mælikvarði 1:100 000.  
 Kort d: Lýstar kröfur í Álftaveri og Skaftártungu, mælikvarði 1:100 000.  
 15(1) Fundargerð 1. yfirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 25.2.2003.

- 15(2) Fundargerð 2. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 26.3.2003.  
 15(3) Fundargerð 3. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 23.4.2003.  
 15(4) Fundargerð 4. fyrirtöku hjá óbyggðanefnd í máli þessu, dags. 21.7.2003.  
 15(5) Fundargerð aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd í máli þessu, 29.7.2003.  
 15(6) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.  
 15(7) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 16 Jöklar og jökulbreytingar í Álfavers- og Skaftártunguafrétti. Greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, dags. 3.11.2004.
- 17 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).
- 18 Minnisblað frá Oddi Sigurðssyni jarðfræðingi, um upptök Tungnaár, dags. 23.11.2004.

### Hliðsjónargögn

#### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Álfavers (skjal nr. 1):

- Ónr. Sunnlenskar byggðir IV. Bls. 289-299, 302-307, 318-327.  
 Ónr. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Bls. 221-223.  
 Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1935. Bls. 22-25, 28-31 og 36-39.  
 Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi, bls. 159-167.  
 Ónr. Landið og Landnáma. II. bindi, bls. 396-401.  
 Ónr. Skaftfellinga rit. II bindi, Landnám í Skaftafellspingi, bls. 104-107.  
 Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi, Landssaga og landnám, bls. 200-203.  
 Ónr. Hæstaréttardómur 1989/1011, mörk milli afréttarlanda Álfavershrepps og Rangárvallahrepps.

#### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Skaftártungu (skjal 2):

- Ónr. Sunnlenskar byggðir VI. Bls. 240-253, 265-269, 272-275.  
 Ónr. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, Bls. 199-201, 204-205, 214-215.  
 Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi, bls. 140-159.  
 Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1935. Bls. 32-37.  
 Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1976. Bls. 106-115.  
 Ónr. Landið og Landnáma. II. bindi, bls. 392-293, 396-397.  
 Ónr. Skaftfellinga rit. II bindi, Landnám í Skaftafellspingi, bls. 104-107.  
 Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi, Landssaga og landnám, bls. 196-197, 200-201.  
 Ónr. Efnisskipan málf lutningsræðu lögmanns ríkisins í máli 7/2003.  
 Ónr. Tilvísanaskrá lögmanns fjármálaráðherra í máli nr. 7/2003.

#### Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni til hliðsjónar:

- Ónr. „Fjárleit á framandi slóðum“, Árni Þ. Jónsson, Hrífunesi, 20.12.1965.  
 Ónr. Efnisskipan málf lutningsræðu lögmanns jarðeiganda og umráðamanna jarða í máli 7/2003.

**Lagt fram til hlíðsjónar af óbyggðanefnd vegna Álftavers og Skaftártungu:**

- Ónr. Hæstaréttardómur 1975/30, Holtamannaafréttur.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1981/1584, Landmannaafréttardómur síðari.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1989/1022, mörk milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar.
- Ónr. Skjalaskrá hæstaréttar í dómi 1989/1022.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1984/955, landamerkjámál er varðar jarðirnar Holt, Herjólfstaði, Skálmabæ og Hrífunes.
- Ónr. Yfirlit um efni Landskiptabókar, löggilt 23.6.1977.
- Ónr. Yfirlit um efni Landskiptabókar, löggilt 2.10.1975.
- Ónr. Yfirlit um efni Landskiptabókar, löggilt 25.7.1949.
- Ónr. Landamerki Skeiðflatar, Þykkvabæjarklaustursjarðar, úr bókinni Landamerki Klaustrajarða 1845 og 1847, ásamt efnisyfirliti.
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Álftaversafrétt, Búland, Herjólfstaði, Holt, Hraunbæ, Búlandsheiði, Skaftártunguafrétt, Snæbýli og Ljótastaði.
- Ónr. Örnefnakort Kirkjubæjarstofu, unnið af Elínu Erlingsdóttur landfræðingi á kortagrunn óbyggðanefndar.
- Ónr. Hrd. nr. 103/1953, Landmannaafréttardómur fyrri.
- Ónr. Skýrslur í máli 7/2003 hjá óbyggðanefnd, (60 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Registar um jarðir í Íslensku fornbréfasafni (handrit), ásamt bréfi Björns Pálssonar héraðs-skjalavarðar.
- Ónr. Yfirlit yfir jarðir í Skaftafellssýslum, sem skráðar eru í landamerkjabók með viðeigandi tilvísunum.



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 8/2003

Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi,  
nú í Skaftárhreppi



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>821</b>
<b>2. MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>821</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	821
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar ...	822
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	822
2.4. Afmörkun máls nr. 8/2003 .....	823
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	824
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>824</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins .....	824
3.2. Kröfur eigenda Skaftárdals I-III .....	825
3.3. Kröfur eigenda Skálar .....	825
3.4. Kröfur eigenda Holts I-II .....	826
3.5. Kröfur eigenda Heiðarsels I-II .....	826
3.6. Kröfur eigenda Eintúnaháls .....	827
3.7. Kröfur eigenda Mörtungu I-II .....	827
3.8. Kröfur eigenda Prestsbakka og Prestsbakkakots .....	827
3.9. Kröfur eigenda Hörgsdals I-II .....	828
3.10. Kröfur eigenda jarða í Hörgslandsþorpi .....	828
3.11. Kröfur eigenda Þverár/Brattlands .....	828
3.12. Kröfur Skaftárhrepps f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í hreppnum .....	829
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>829</b>
4.1. Almenn .....	829
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	829
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	830
4.4. Vettvangsferð .....	831
4.5. Skýrslutökur .....	833
<b>5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR</b> .....	<b>833</b>
5.1. Landnám .....	833
5.2. Skaftárdalur I-III .....	835
5.3. Skál .....	836
5.4. Holt I-II .....	840
5.5. Heiðarsel I-II .....	843
5.6. Eintúnaháls .....	844
5.7. Mörtunga I-II .....	846
5.8. Prestsbakkajarðir .....	848
5.9. Hörgsdalur I-II .....	850
5.10. Hörgslandsþorp .....	852
5.11. Þverá/Brattland .....	856
5.12. Síðumannaafréttur .....	860

<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>867</b>
6.1. Inngangur .....	867
6.2. Landnám .....	867
6.3. Skaftárdalur I-III .....	868
6.4. Skál .....	870
6.5. Holt I-II .....	876
6.6. Heiðarsel I-II .....	880
6.7. Eintúnaháls .....	882
6.8. Mörtunga I-II .....	885
6.9. Prestsbakkajarðir .....	889
6.10. Hörgsdalur I-II .....	892
6.11. Hörgslandsþorp .....	896
6.12. Þverá/Brattland .....	899
6.13. Síðumannaafréttur .....	902
6.14. Vatnajökull og önnur landsvæði á Síðu, í Landbroti, á Brunasandi og í fyrrum Leiðvallarhreppi .....	908
6.15. Um málskostnað .....	908
<b>7. ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>909</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>911</b>
I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>913</b>
I. Kort	
II. Aðilaskrá	
III. Skjalaskrá	

## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, fimmtudaginn 9. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur  
ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi,  
nú í Skaftárhreppi,  
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,  
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,  
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur  
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Halldór Jónsson.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur jarðanna Skaftárdals I-III, Holts I-II, Heiðarsels, Mörtungu I-II, Geirlands, Prestsbakka, Prestsbakkakots, Hörgsdals I-II og jarða í Hörgslandsþorpi.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Eigendur jarðanna Eintúnaháls og Þverár/Brattlands og sveitarfélagið Skaftárhreppur f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í hreppnum vegna Síðumannaafrettar.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfr.)

Eigendur jarðarinnar Skálar.

(Jóhann Halldórsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

<sup>1</sup> Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

## **2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar**

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um Þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðahrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

## **2.3. Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um Þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leit að var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór

fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 8/2003

Í janúar 2003 var lögmonnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtannafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppur, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Það svæði sem til meðferðar er í máli nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi (Vestur-Skaftafellssýslu), afmarkast til vesturs af mörkum fyrrum Kirkjubæjarhrepps og Leiðvallarhrepps, nú í sveitarfélaginu Skaftárhreppi gagnvart fyrrum Skaftártunguhreppi og Álftavershreppi, nú einnig í sveitarfélaginu Skaftárhreppi. Til austurs afmarkast svæðið af mörkum Síðumannaafréttar í fyrrum Kirkjubæjarhreppi og jarðanna Brattlands og Þverár sem og Hrunatorfu í fyrrum Hörgslandshreppi gagnvart jörðunum Dalshöfða og Seljalandi einnig í fyrrum Hörgslandshreppi, nú allar í sveitarfélaginu Skaftárhreppi. Þá er hér til meðferðar landsvæði á Vatnajökli sem afmarkast af línu sem dregin er úr upptökum Skaftár við jaðar Vatnajökuls í Bárðarbungu (2009 m). Þaðan er svo dregin lína til suðausturs í Svíahnúk eystri í Grímsfjalli (1732 m) og þaðan til suðvesturs, að upptökum Hverfisfljóts við jaðar Síðujökuls. Til suðurs afmarkast svæðið af hafinu.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á tilteknu svæði annars vegar og kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að sama landsvæði, að undanskildu því svæði á Vatnajökli sem hér er til meðferðar, hins vegar. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

Af hálfu eigenda Geirlands var við aðalmeðferð málsins gerð krafa um beinan eignarrétt að landi jarðarinnar innan tilgreindra merkja. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins snertir ekki land

innan umræddra merkja og var sú krafa því dregin til baka við endurupptöku málsins. Geirland kemur því ekki til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum umfram það sem sjálfstæð rannsóknarskylda óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, leiðir af sér.

## 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 8/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. apríl 2003. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaðflun nefndarinnar. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd vinni saman að því að þeir sem hagsmuna eigi að gæta gerist aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 23. maí 2003 var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 27. júní s.á. var greinargerð flestra annarra lögð fram, ásamt fleiri gögnum. Fram kom að eigendum Skálar hefði af sérstökum ástæðum verið veittur frestur til að skila greinargerð til 4. júlí og að hún yrði send lögmönnum annarra málsaðila jafnskjött og hún bærst en formlega lögð fram við næstu fyrir töku. Þá kom fram að fyrirsjáanlegt væri að taka þyrfti málið fyrir aftur áður en að aðalmeðferð kæmi og að um tímasetningu þeirrar fyrirtöku yrði tilkynnt síðar.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 30. september 2003. Við það tækifæri var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Þá kom fram að í tilefni af athugasemdum nefndarinnar um að jarðirnar Skaftárdalur I-III, Heiðarsel og Geirland kynnu að eiga hagsmuna að gæta í málinu yrðu lagðar fram kröfulýsingar vegna þeirra við aðalmeðferð málsins.

Aðalmeðferð fór fram dagana 8.-10. október 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflytning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Hótel Kirkjubæjarklausturs. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, sem kveðnir voru upp 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram.

Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

## 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins var upphaflega gerð sú krafa að eftirfarandi lína yrði viðurkennd sem þjóðlendumörk á Síðu: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Skaftárhreppi er í skurðpunkti við Hverfisfljót, þar sem sjónhendingarlína milli toppsins á Miðfelli og Hnútu sker Fljótið og er hann kallaður A. Frá punkti A er dregin lína í toppinn á Hnútu (punktur B), frá Hnútu er dregin sjónhendingarlína í Kaldbak í 685 m hæð (punktur C), en sá punktur er fyrir ofan efsta hluta gils sem Miðtungnaá rennur eftir. Síðan er farið niður eftir

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).



gilinu alla leið að Geirlandsá (punktur D), þaðan upp eftir Geirlandsá í Fagrafoss (punktur E), svo upp Geirlandsá að ármótum þar sem Innri Geirlandsá beygir í norðaustur (punktur F), þaðan vestur fyrir Lauffellið (punktur G) og þaðan beint í upptök Kálfár í landnorðri (punktur H), þaðan eftir Kálfá þar til bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðurárbotna og Stjórnarbotna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá (punktur I), síðan bein lína í toppinn á Leiðólfsfelli 564 m (punktur J) og síðan í landamerkjapunkt Skaftárdals í Skaftá (punktur K).“

Við endurupptöku málsins var framangreindri kröfu breytt á þá leið að fyrsti punktur í kröfugerð fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins á Síðu verði þar sem stefnulína úr toppi Hnútu í Kaldbak í 685 m hæð sker austurmörk jarðarinnar Brattlands.

Loks var eftirfarandi varakrafa gerð af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Skaftárhreppi er í skurðpunkti við Hverfisfljót, þar sem sjónhendingarlína milli toppsins á Miðfelli og Hnútu sker Fljótið og er hann kallaður A. Frá punkti A er dregin lína í toppinn á Hnútu (punktur B), frá Hnútu er dregin sjónhendingarlína í Kaldbak í 685 m hæð (punktur C), en sá punktur er fyrir ofan efsta hluta gils, sem Miðtungnaá rennur eftir. Síðan er farið niður eftir gilinu alla leið að Geirlandsá (punktur D), þaðan upp eftir Geirlandsá í Fagrafoss (punktur E), svo upp Geirlandsá að ármótum þar sem Innri Geirlandsá beygir í norðaustur (punktur F), þaðan meðfram Geirlandsá og vestur fyrir Lauffellið (punktur G) og þaðan beint í upptök Kálfár í landnorðri (punktur H), þaðan eftir Kálfá þar til bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðurárbotna og Stjórnarbotna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá (punktur I), þaðan eftir Kálfá þar til kröfulína Heiðarsels sker hana, síðan bein lína í toppinn á Leiðólfsfelli 564 m (punktur J) og frá þeim punkti þar til kröfulína ríkisins sker afréttarkröfulínu Skaftárhrepps, fylgja síðan þeirri línu að punkti 10 og síðan í landamerkjapunkt Skaftárdals í Skaftá (punktur K).“

### 3.2. Kröfur eigenda Skaftárdals I-III

Af hálfu eigenda Skaftárdals I-III er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Úr vörðu vestan til á Miðselsfellinu beina línu í fossinn fyrir norðan Mýrartorfu, og svo beina línu úr Mýrartorufossinum að Búlandsmarki, og svo beina línu úr vörðunni á Miðselsfellinu í Eystri-Leirumýrarhólinn og í þann Vestri, og beina línu úr vestri Leirumýrarhól í toppinn á Leiðólfsfelli og norður að Eldhrauni, og svo beina línu til vesturs út að miðvatni, að Búlandslandi, og svo ræður Miðvatnið framúr, fyrir vestan heljarkamb, en fyrir austan Búlandshóla og í Markhólma austan til í Miðvatninu og svo línu úr nefndum Markhólma til suðurs að Árlandi. Samkvæmt máldaga Búlandskirkju á hún ítak í landareigninni, svo nefnt Leynivíðarhraun. Innbyrðis milli jarðanna er land óskipt.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Við aðalmeðferð var jafnframt sett fram varakrafa um það að ef fallist yrði á kröfugerð eigenda Skálar væri gerð krafa um það að land Skaftárdals I-III næði jafnlangt til norðurs.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3. Kröfur eigenda Skálar

Af hálfu eigenda Skálar voru upphaflega gerðar eftirfarandi kröfur: „Aðallega að mörkin teljist frá punkti A með hnit 63.52.900 N og 18.29.119 W, sem staðsettur er í miðju hrauninu norður og útnorður frá toppinum á Leiðólfsfelli, beina línu í punkt B með hnit 63.54.564 N og 18.23.498 W,

sem staðsettur er í norður frá farvegi Hellisár, samkvæmt línu sem dregin verður úr punkti A í punkt D sem staðsettur er í miðjum farvegi Hellisár þar sem hún rann fyrir Skaftárelda.

Til vara að mörkin teljist frá punkti A með hnit 63.52.900 N og 18.29.119 W, sem staðsettur er í miðju hrauninu norður og útnorður frá toppinum á Leiðólfsfelli, beina línu í punkt C með hnit 63.54.419 N og 18.23.037 W, sem staðsettur er í norður frá farvegi Hellisár, samkvæmt línu sem dregin verður úr punkti A í punkt E sem staðsettur er í farvegi Hellisár þar sem hún beygir undan hrauninu sem rann yfir farveg hennar í Skaftáreldum.“

Þá er gerð krafa um að óbyggðanefnd viðurkenni eftirtalin óbein eignarréttindi landeiganda í þjóðlendu á Síðumannaafreíti:

1. Upprekstrar og beitarrétt á öllum afréttinum í réttu hlutfalli við landstærð Skálar.
2. Veidirétt í öllum stöðuvötnum og vatnsföllum á Síðumannaafreíti.

Loks er þess óskað að óbyggðanefnd ákvarði lögmanni eigenda Skálar sanngjarna þóknun er taki mið af framlagðri tímaskýrslu sem sýni hvaða vinna hefur verið lögð í málið, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Við aðalmeðferð málsins var framangreind varakrafa dregin tilbaka.

### 3.4. Kröfur eigenda Holts I-II

Af hálfu eigenda Holts I-II er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Landamerki milli Holts og Skálar fyrir vesturkanti Holtsins er úr markhelli við Hraunarmela bein lína í vörðu fram af miðju Holtslóni og úr sömu vörðu yfir mitt lónið í Holtsá vestan undir Staðarholtstanganum og úr því ræður Holtsá að Hamarsnefi, og frá Hamarsnefi lína mitt á milli hánorðurs og útnorðurs til afréttar. Landamerki milli afréttar og Holtsins að norðan úr Hrauninu norðan við Leiðólfsfell (í eða á, óskýrt eða útstrikun) Lauffetshorn fyrir suður og austurkanti Holtsins úr fyrrnefndri markhelli, nýja hraunbrúnin að útmælingu lækjarbakkarins. Fyrir austurkanti Holtsins og Heiðar samkvæmt ómunatíð brúkun úr Fjaðurá norður að efstu upptökum og þaðan lína á milli hánorðurs útnorðurs til afréttar. Milli jarðanna er land óskipt.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litíð væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Við aðalmeðferð var jafnframt sett fram varakrafa um það að ef fallist yrði á kröfugerð eigenda Skálar væri gerð krafa um það að land Holts I-II næði jafnlangt til norðurs.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5. Kröfur eigenda Heiðarsels I-II

Af hálfu eigenda Heiðarsels I-II er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna, ásamt jörðinni Heiði, séu þessi: „Að austan úr Gráhól á Svíra við Skaftá beina línu í þúfu á Flanghálsi, þaðan lína í Rastargil, úr Rastargili línu í vörðu á Stjórnarbotnaöxlina háu, þaðan beina línu í Kálfá. Að vestan lína úr Kálfá mitt á milli hásuðurs og landsuðurs í efstu upptök Fjarðarár, þaðan ræður Fjarðará að brunahrauninu, þaðan bein lína í vörðu á hraunbrúninni að Dalbæjarlandi. Millum Heiðar og Heiðarsels ræður Streitugil að marklínu að austan, og jörðin Heiði á fría sumarbeitt fyrir geldfenað á nyrsta parti Heiðarselslands. Innbyrðis milli Heiðarselsjarðanna er beitarland óskipt.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Við aðalmeðferð var jafnframt sett fram varakrafa um það að ef fallist yrði á kröfugerð eigenda Skálar væri gerð krafa um það að land Heiðarsels I-II næði jafnlangt til norðurs.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6. Kröfur eiganda Eintúnaháls

Af hálfu eiganda jarðarinnar Eintúnaháls er gerð eftirfarandi krafa: „Að kröfum ríkisins verði alfaríð hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Eintúnaháls, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan jarðarinnar teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þinglýstra eigenda Eintúnaháls, að þeim svæðum. Viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur að landi jarðarinnar allt að afréttarmörkum, innan merkja sem dregin eru svo: Að austan Ræður sjónhendling úr ánni Stjórn við Hurðabök (punktur 5) í Lauffell vestanvert, þar til sú lína nær að Geirlandsá (punktur 6), þaðan ræður Geirlandsá til upptaka í Innra-Gili (punktur 7), þaðan ræður lína til norðurs til upptaka Kálfár. Að vestan: Ræður lína frá Háðxl (571 m y.s. punktur 10) um Markhnúk að Kálfá (punktur 9). Að norðan: Kálfá frá upptökum (punktur 8) að vesturmörkum jarðarinnar (punktur 9).“

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða allan málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7. Kröfur eigenda Mörtungu I-II

Af hálfu eigenda Mörtungu I-II er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Á milli Mörtungu og Prestbakka: ræður Þverá norður til afrétta. Á milli Mörtungu og Geirlands: ræður Geirlandsá þangað til Geirlandslandareign endar. Síðan ræður landamerkjum milli Mörtungu og Eintúnaháls, Geirlandsá norður til Lauffells og svo lækur, er rennur niður í Geirlandsá fyrir vestan Lauffell allt norður að upptökum hans, síðan beina línu þaðan (frá upptökum lækjarins) og norður til Hellisár. Milli jarðanna er land óskipt.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8. Kröfur eigenda Prestsbakka og Prestsbakkakots

Af hálfu eigenda Prestsbakka og Prestsbakkakots er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Að austan er markað milli Prestsbakka og Hörgdals úr Tvíþúfu í Hraunfelli beina línu í austuröxlina á Há-Kaldbak, þaðan til afréttar. Suður á bóginn úr Tvíþúfu og bein vestur lína í vörðuna á Hábrekki fyrir austan Prestsbakkakot í efri endann á Merkilág, svo beina línu í þvermarkið á söndunum fyrir framan Breiðbalakvísl. Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er marklínan úr mynni hennar og beint á þvermarkið á söndunum fyrir innan Breiðbalakvísl. Jörðin á afrétt fyrir geldfé á afrétt Síðumanna. Milli jarðanna er land óskipt.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbygðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9. Kröfur eigenda Hörgsdals I-II

Af hálfu eigenda Hörgsdals I-II er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Milli Hörgsdals og Hörgslandstorfunnar: Úr vörðunni neðst á Merkigerði í Merkilág beint í mitt Hörgsárgljúfur fremst, svo ræður Hörgsárgljúfur norður þangað sem Innri Hörgsá kemur að vestan; á brúninni norðan við þar sem Hörgsárgljúfur endar er varða hlaðin; úr henni er markið í Hallsteinsvörðu austast. Úr Hallsteinsvörðu beint í vestur að Prestsbakkalandi er markið milli heimalands og afréttar. Milli Hörgsdals og Prestsbakka: Úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæsta hnjúknum á Kaldbak. Þaðan beina línu til afréttar.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbygðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.10. Kröfur eigenda jarða í Hörgslandsþorpi

Af hálfu eigenda jarða í Hörgslandsþorpi er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðanna eigi beinan eignarrétt að öllu landi þeirra og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Að vestan milli Hörgdals og Hörglandstorfunnar: Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan í gljúfrið vestur af Stakki, úr því ræður Hörgsá, sem ræður þar til gljúfrið endar, svo úr mynni Hörgsárgljúfurs í vörðu á Merkigarðsenda, þaðan beina línu í vörðu austan við húshornið á Upp... úr þeirri vörðu beina línu að rekamáli þannig, að nefnd varða beri í Skógfoss. Þeir ábúendur í Landbroti, sem hér eiga land að, hafa rétt til eigin ábúðartíma að nota graslendi það, sem liggur að túni þessari utan Skaftár. Fjara tilheyrir jörðinni. Vesturmörk: Stika við flæðarmál, er beri mitt á milli Killa og Hlöðubrekkna. Austurmörk: Stika við flæðarmál í aðra stiku ofar, er beri í Harðavallarfall og það aftur beri í hæstu öxlina á Kaldbak að austan. Jörðin á upprekstur á Síðumannaafrétt að réttri tiltölu við aðra Síðumenn.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að litið væri svo að í kröfugerð fælist einnig krafa um venjubundin not innan þjóðlendu fari svo að hluti af því svæði sem gerð hefur verið krafa um beinan eignarrétt að samkvæmt framangreindu teljist til þjóðlendu.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbygðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11. Kröfur eigenda Þverár/Brattlands

Af hálfu eigenda Þverár ásamt Brattlandi er gerð eftirfarandi krafa: „Að kröfum ríkisins verði alfaríð hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Þverár/Brattlands, eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landinu, skv. landamerkjaskrá. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan jarðarinnar teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þinglýstra eigenda Þverár/Brattlands, að þeim svæðum. Viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur að landi jarðarinnar allt að afréttarmörkum, innan merkja sem dregin eru svo: Að austan: Ræður sjónhending úr Digrakletti /Háakletti á milli Bæjarskerja og Grenhálsa allt að afréttarmörkum (punktur 2). Að vestan: Ræður bein lína úr Krókaskeri (punktur 4) um Ufsatanga í vörðu á Hóla-

skeri (punktur 3). Að norðan: Ræður afréttarlína (milli punkta 2 og 3), en hún miðast við sjónhendingu úr Hallsteinsvörðu í gil norðarlega í Hnútu.“

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða allan málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.12. Kröfur Skaftárhrepps f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í hreppnum**

Af hálfu skaftárhrepps f.h. þinglýstra eigenda lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti vegna Síðumannaafréttar er gerð eftirfarandi krafa: „Að kröfum ríkisins verði alfarið hafnað og að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllum Síðumannaafrétt, skv. landamerkjaskráminum og venju, til hefðbundinna merkja afréttarins. Jafnframt að það land sem hugsanlega kann að koma undan jökli falli við landamerki, til afréttarins með fullkomnum eignarrétti. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan afréttarins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þinglýstra eigenda lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti, að þeim svæðum. Að viðurkennt verði að merki afréttarins gagnvart heimalöndum einstakra jarða séu þau sem hér er lýst: Fyrir landi Skaftárdals liggja mörkin frá punkti, sem er við suðurbrún Eldhrauns norðvestur af hæsta toppi Leiðólfsfells, beint í vestur til Skaftár, í Miðvatn, skammt sunnan við þann stað, þar sem Landvatnið greinist til austurs frá Miðvatninu. Frá nefndum punkti við suðurbrún Eldhrauns liggja mörkin með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman, og að Hellisá, sem ræður að landi Holts. Fyrir landi Holts ræður Hellisá og síðan Kálfá. Áfram liggja mörkin eftir Kálfá í efstu upp-tök hennar úr norðaustri. Þaðan liggja mörkin beint í norður og eru jafnframt vesturmörk Mörtungu. Frá þeim punkti, þar sem vesturmörk Mörtunga koma að Hellisá liggja mörkin til austurs að Hallsteinsvörðu. Úr Hallsteinsvörðu liggja mörkin í stórt gil norðarlega í Hnútu þar til kemur að landamerkjum Brattalands og Dalshöfða og þaðan beina línu norðan undir Hnútu stystu leið að Hverfisfljóti. Þaðan ræður Hverfisfljót til Vatnajökuls. Síðan ræður jökulbrún til norðurs að upp-tökum Skaftár og hún loks niður á við þar til komið er að fyrrgreindum mörkum gagnvart Skaftárdal. Við jökla verði miðað við jökulbrún á hverjum tíma.“

Til vara gerir Skaftárhreppur sömu kröfur f.h. sjálfs síns og að ofan greinir, að undanskildum þeim óumdeilda rétti sem lögbýli í hreppnum eiga skv. lögum, venju og hefð til lífrænna auðlinda (beitar og veiði), innan afréttarins.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða allan málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

## **4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN**

### **4.1. Almenn**

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-21 ásamt undirskjöllum eða samtals 355 skjöl, auk 10 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### **4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar**

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotarétt-

indi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

#### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitast heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum í Vík. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd

aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfírréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins fóru einnig yfir vísitásiubækur biskupa og skrifuðu það efni upp sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru athuguð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns-Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til og var lögð fram örnefnaskrá fyrir Síðumannaafrétt. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við ádurnefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Stuðst var við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) sem almennt uppsláttarrit en ekki eru lögð fram ljósrit úr bókinni. Að auki lagði óbyggðanefnd fram ljósrit úr Manntali á Íslandi 1703.

Hvað varðar önnur óprentuð frumgögn en hér hafa verið tilgreind könnuðu sérfræðingar Þjóðskjalasafns af sérstöku tilefni skjöl í annarri skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) um sölu þjóðjarða í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar klaustursumboði, sbr. ádurnefndar greinargerðir Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar og skjalaskrá.

#### 4.4. Vettvangsferð

Að morgni miðvikudagsins 8. október var haldið af stað í vettvangsferð frá Hótel Kirkjubæjar-klaustri.

Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru Elín Erlingsdóttir landfræðingur, Ólafur Helgason bóndi í Hraunkoti, Sólrún Ólafsdóttir, formaður fjallskilaneftdar Landbrots- og miðafréttar, Árni Jón Eliasson, oddviti Skaftárhrepps, og Júlíus Oddsson, bóndi í Mörk, með í för. Hinir tveir síðastnefndu óku á eftir farkosti óbyggðanefndar á eigin bifreið.

Ekið var í vesturátt eftir þjóðvegi nr. 1 undir leiðsögn Ólafs Helgasonar. Fyrirhugað var að aka svokallaðan Línuveg vestur að Leiðólfsfelli. Borgir og stapar eru einkennandi í landslaginu. Beygt var út af þjóðvegi nr. 1 og inn á svokallaðan Lakaveg. Við tók hæðott landslag sem heimamenn kölluðu Ása. Á vinstri hönd rann Fjaðurá og fram undan mátti sjá Heiðarsel sem nú er farið í eyði. Ekið var fram hjá Streitugili sem er á mörkum Heiðar og Heiðarsels. Þegar þangað var komið tók

Sólrún Ólafsdóttir við leiðsögn. Fram undan mátti sjá Svinadali og á vinstri hönd Túnheiði, heiðarland Heiðarsels, sem nýtt er til beitar af eigendum þeirrar jarðar. Beygt var út af Lakavegi inn á Línuveg. Á hægri hönd sást Eintúnaháls. Fram undan mátti svo sjá afréttargirðingu frá árinu 1959 sem liggur frá Geirlandsá að Fjaðurá. Til vesturs mátti sjá einn af hinum svonefndu Rauðhólum. Stöðvað var og þeir Árni Jón og Júlíus yfirgáfu eigin bifreið og stigu upp í farkost óbyggðanefndar.

Ekið var áfram og fram hjá Hellnamýrakrök. Fram undan mátti sjá Flatasker. Ekið var yfir Holtsá sem rennur niður Holtsdal. Stöðvað var þegar sást í Hamarsnef og skyggst um. Holtsá seytlar að hluta úr mýrinni sem liggur neðan við Hamarsnef. Fram undan sást í vesturendann á fjallinu Geirlandshrauni og í baksýn sáust fjöllin á Álftavers- og Skaftártunguafréttum. Þau voru snæviþakin og falleg á að líta. Ekið var áfram yfir Dalsá sem var fremur vatnslítill. Fram undan mátti sjá Leiðólfsfell og Selfellsmýrar. Handan við Leiðólfsfell blöstu Tungufjöll við, snæviþakin, sem og Sveinstindur og Ufsatindur. Ekið var yfir Miðlandsá. Þá mátti sjá Leirumýrarhóla sem eru landamerkjapunktur milli Skaftárdals og Skálar. Stöðvað var við Hellisá og Leiðólfsfell skoðað. Ekið var áfram, yfir Hellisá og upp á hrygginn Skafl. Þar var stöðvað og skyggst um. Fram undan mátti sjá Afstapagljúfur.

Haldið var áfram og stöðvað næst við línustæðið framan við Leiðólfsfell. Þar var stigið út og skyggst um. Fram undan mátti sjá Nauthólma og Skaftá. Vel mátti sjá hvernig Skaftá rennur. Fram kom sá skilningur heimamanna að miðvatn Skaftár vísi til meginárinnar. Enn fremur var þar gott útsýni yfir Skaftáreldahraunið. Haldið var af stað á ný og ekið upp á Sæmundarsker. Þar var stigið út og gengið síðasta spölinn upp á skerið. Þaðan var afar gott útsýni og vel sást yfir afréttinn. Sjá mátti fjöllin Geirlandshraun, Sveinstind, Uxatinda, Gretti, Laka og Varmafell. Þar fyrir handan sást inn með jökli og allt inn í Hágöngur og Geirvörtur. Norðan við Geirlandshraun mátti sjá Lauffell og austan við það Kaldbak snæviþakin. Haldið var af stað á ný og ekið austur með Leiðólfsfelli. Þá var haldið sömu leið til baka og ekið sem leið lá niður línuveginn og inn á Lakaleið. Stöðvað var við afréttarhús á Eintúnahálsi. Þar kvöddu þeir Árni Jón Elíasson og Ólafur Helgason og í hópinn bættust Jón Þorbergsson, bóndi á Prestsbakkakoti, og Ólafur Oddsson, bóndi í Mörtungu.

Þá var haldið af stað á ný og ekið inn með ánni Stjórn í landi Eintúnaháls og Geirlands. Stöðvað var á Hurðarbökum og skyggst um. Ekið var áfram og yfir Geirlandsá. Á hægri hönd mátti sjá Lambatungur og á þá vinstri Lauffell. Ekið var áfram sem leið lá norður Lakaveg um kröfuland Mörtungu. Á vinstri hönd mátti sjá Kaldbak snæviþakin. Ekið var að Hellisá til að skoða kröfulínu vegna Síðumannaafréttar. Þar sást jafnframt Öldusker. Þá var haldið til baka og skilið við þá Júlíus og Ólaf Oddssyni við afréttarhúsið á Eintúnahálsi.

Haldið var áfram suður Lakaveg í átt að línuvegi en fyrirhugað var að aka norður land Þverár og Brattlands og að afréttarmörkum þar norðan við. Á leið þangað var stöðvað örstutt við Hótel Kirkjubæjarklaustur þar sem Jóhann Halldórsson hrl. og Sólrún Ólafsdóttir kvöddu. Einnig var stöðvað við veginn og horft norður á austuröxlina á Há-Kaldbak og austustu brúnina á hæsta hnúknum á Kaldbak en misræmi er á milli landamerkjabréfa Prestsbakkajarða annars vegar og Hörgsdals hins vegar hvað þetta varðar. Haldið var áfram, beygt út af Þjóðvegi nr. 1 og ekið að Þverá. Þar var stöðvað og í förina slógust þeir Sigurður Kristinsson, Hörgslandi, Steingrímur Lárusson, Hörgslandskoti, Ragnar Jónsson, Dalshöfða, Jóhann Þorleifsson, formaður Veidifélags Síðumannaafréttar, Davíð Pétursson, formaður fjallskilaneftar Austurafréttar og Baldur Þ. Bjarnason, Múlakoti.

Haldið var áfram för. Sjá mátti bæði Digraklett (Háaklett) og Grenháls. Jafnframt mátti sjá Dalsfjall á hægrihönd og Hnútu fram undan. Áfram var ekið og benti Davíð Pétursson á rústir Brattlands. Á vinstri hönd mátti sjá fjöllin Hest og Stakk og þar innan við Meingil. Stöðvað var og sú varða sem eigendur jarða í Hörgslandsþorpi telja vera vörðu á Ufsatanga skoðuð. Á vinstri hönd mátti sjá Ufsa, Kaldbak þar fyrir handan og Stakk fyrir sunnan. Næst var stöðvað við þá vörðu sem eigendur Brattlands/Þverár halda fram að sé varða á Ufsatanga. Þaðan sást Hallsteinsvarða vel. Þá var afstaðan á milli umræddrar vörðu og Hnútu skoðuð.



Haldið var af stað á ný og ekið aðeins inn á afréttinn. Beint fram undan voru Miklafell, Hamarinn og Rauðhóll. Til vesturs mátti sjá ýmis gil þ.á m. Illagil og Miklagil. Keyrt var í gegnum hlið inn að Miklafelli. Þaðan mátti sjá Rauðanúpsbotna, Illagil og Hallsteinsvörðu vel sem og Kaldbak og Kaldbakshorn og Hörgsá þar á milli. Þá var haldið til baka að Hótel Kirkjubæjarklaustri þar sem vettvangsferð lauk að kvöldi.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Árna Jóni Elíassyni, oddvita Skaftárhrepps; Sólrúnu Ólafsdóttur, formanni fjallskilaneftndar Landbrots- og miðaðfréttar; Ólafi Helgasyni, Hraunkoti; Júlíus Oddssyni, Mörk; Jóhanni Þorleifssyni, formanni Veiðifélags Síðumannaafréttar; Davíð Péturssyni, formanni fjallskilaneftndar Austurafréttar; Sigurði Kristinssyni, fjallkóngi á Austurafrétti; Steingrими Lárussyni, Hörgslandi I; Baldri Þ. Bjarnasyni, Múlakoti; Ólafi Oddssyni, Mörtingu; Jóni Jónssyni, Prestsbakka; Jóni Þorbergssyni, Prestsbakkakoti; Gústaf Pálssyni, Hörgsdal I-II og Elínu Erlingsdóttur, landfræðingi. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu Síðumannaafréttar frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Í Landnámabók eru nefndir a.m.k. fjórir landnámsmenn á því svæði sem síðar var nefnt Síða. Austast á svæðinu nam land maður að nafni Eyvindur karpi. Um hann segir svo í Sturlubók Landnámu:

Eyvindr karpi<sup>1</sup> nam land milli Almannafljóts ok Geirlandsár ok bjó at Forsi fyrir vestan Móðólfsgrúpu. Hans synir váru þeir Móðólfr, faðir þeira Hrólfis ok Ketils ok Ástriðar manvitsbrekku; annar var Qnundr, faðir Þraslaugar, móður Tyrfings ok Halldórs, fōður Tyrfings, fōður Teits.<sup>2</sup>

Fyrir vestan Eyvind nam Ketill hinn fíflski land. Í Sturlubók Landnámu segir á þessa leið:

Maðr hét Ketill enn fíflski, son Jórunnar manvitsbrekku, dóttur Ketils flatnefs; hann fór af Suðreyjum til Íslands; <hann> var kristinn; hann nam land milli Geirlandsár ok Fjarðarár<sup>3</sup> fyrir ofan Nýkoma. Ketill bjó í Kirkjubæ; þar hfōðu áðr setit papar, ok eigi máttu þar heidnir menn búa.<sup>4</sup>

Því næst segir frá Bøðmóði landnámsmanni:

Bøðmóðr hét maðr, er land nam milli Drifandi ok Fjarðarár ok upp til Bøðmóðshorns; hann bjó í Bøðmóðstungu.<sup>5</sup>

1 *karfi* í Þórðarbók.

2 *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 322 (Sturlubók). Frásögn Hauksbókar er efnislega samhljóða. Þar er þessi viðbót: „Áðr Almannafljót hlypi var þat kallat Raptalækr“ (*Tóptalækr* í Þórðarbók) (*Landnámabók* 1986, s. 323, sbr. 5. nmgr.). Sbr. Haraldur Matthiasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 383.

3 Í Hauksbók stendur *Fjaðrár* en *Fjaðarár* í Þórðarbók (*Landnámabók* 1986, s. 324, 1. nmgr.).

4 *Landnámabók* 1986, s. 322 og 324.

5 *Landnámabók* 1986, s. 324 (Sturlubók og Hauksbók).

Vestast á svæðinu nam Leiðólfur kappi land eins og skýrt er frá í Sturlubók:

Leiðólfur kappi hét maður; hann nam land fyrir austan Skaptá til Drifandi ok bjó at Á fyrir austan Skaptá út frá Skál, en annat bú átti hann á Leiðólfsstöðum undir Leiðólfsfelli, ok var þar þá mart byggðá.<sup>1</sup>

Að auki er nefndur Eysteinn hinn digri sem fór af Sunnmæri til Íslands og nam land „fyrir austan Geirlandsá til móts við Ketil enn fíflska og bjó í Geirlandi“. Síðan segir:

Eysteinn son Hrana Hildissonar parraks<sup>2</sup> fór ór Noregi til Íslands; hann kaupir lönd at Eysteini digra, þau er hann hafði numit, ok kvað vera meðallönd<sup>3</sup>; hann bjó at Skarði.<sup>4</sup>

Hér virðist málum blandað. Eysteinn digri er sagður hafa numið land fyrir austan Geirlandsá en þar nam einnig Eyvindur karpí og Geirland, þar sem Eysteinn bjó, er vestan Geirlandsár.<sup>5</sup> Guðrún Larsen hefur þó bent á að Geirlandsá kunni að hafa runnið vestar áður fyrr og þar með sé líka hugsanlegt að Eysteinn digri hafi numið hluta þess svæðis sem nú heitir Landbrot og Meðalland og selt Eysteini Hranasyni Meðalland.<sup>6</sup>

Ef hugað er nánar að landamerkjum þeim sem hér er lýst virðast þau í flestum tilvikum vera glögg. Einar Ólafur Sveinsson taldi engan vafa á að Almannafljót, sem myndaði austurmörk landnáms Eyvindar karpa, væri sama og Hverfisfljót.<sup>7</sup> Haraldur Matthíasson var sömu skoðunar. Af Almannafljóti hefði nafnið Fljótshverfi verið myndað og fljótið síðan við það kennt og kallað Hverfisfljót.<sup>8</sup> Móðólfsgrúpur heitir nú Fossnúpur, að sögn Haralds, og stóð landnámsbærinn Foss sunnan undir honum vestanverðum.<sup>9</sup>

Landnámsmörk Ketils fíflska mega einnig heita ótvíræð. Óljóst er hvað Nýkomi þýðir. Venjan var sú að skýra það sem heiti á landsvæði því sem nú nefnist Landbrot.<sup>10</sup> Einari Ól. Sveinssyni þótti líklegra að átt væri við árkvísl sem runnið hefði austur með Síðunni en vaxið mjög við jarðelda.<sup>11</sup> Haraldur Matthíasson tók undir þetta og kvað landnám Ketils þá hafa náð „niður að Skaftá, eins og hún rennur nú austur með Síðunni“.<sup>12</sup>

Ekki er vitað hvar Drifandi var sem nefndur er í landnámslýsingu Böðmóðs en bent hefur verið á að í Skálarfjalli er foss allmikill með því nafni og gæti sama nafn hafa verið á læk sem þar rann.<sup>13</sup> Með þessum fyrirvara verður að líta svo á að landnámsmörk Leiðólfs kappa séu einnig nokkurn veginn ljós.

Landnámslýsingarnar eru allar þeim anmörkum háðar að í þeim er ekki tiltekið hversu langt

1 *Landnámabók* 1986, s. 326. Frásögn Hauksbókar er efnislega samhljóða. Í kafla 5.12. er fjallað um hugsanlega byggð við Leiðólfsfell.

2 Þetta mun í fornu máli hafa merkt „vandræði“ eða „öngþveiti“ (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 325, 6. nmgr.).

3 Hér gæti verið átt við „meðalstór lönd“ (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 325, 6. nmgr.). Haraldur Matthíasson (1982 (2), s. 391) taldi þó líklegra að vísað væri til Meðallands.

4 *Landnámabók* 1986, s. 324.

5 Sbr. Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellssþingi*. (Skaftafellinga rit. 2. b.) Reykjavík. S. 94-96.

6 Guðrún Larsen, 1979: „Um aldur Eldgjáhrauna.“ *Náttúrufræðingurinn* 49 (1). S. 20-21. Sbr. Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 389.

7 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 89.

8 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 383.

9 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 383.

10 Jón Sigurðsson mun fyrstur hafa sett þessa hugmynd fram (sbr. Guðrún Larsen 1979, s. 20. *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 198, 5. nmgr.).

11 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 91-92. Sbr. *Landnámabók* 1986, s. 324, 1. nmgr. Þorvaldur Thoroddsen taldi jarðeldana hafa orðið í Eldgjá (sbr. Guðrún Larsen 1979, s. 3.).

12 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 387.

13 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 93-94.

til fjalla landnámin náðu. Verður því ekkert um það fullyrt hvort þau hafi fylgt ám og fljótum að uppþökum eða miðast við önnur óskilgreind kennileiti.

## 5.2. Skaftárdalur I-III

Skaftárdalur virðist ekki koma fyrir í heimildum frá miðöldum en í máldaga Þykkvabæjarklausturs frá 1340 er nefnd jörðin Skaftárnes og er líklegt að þar sé átt við Skaftárdal.<sup>1</sup> Í jarðabók 1686 er Skaftárdalur, eins og jörðin er þar nefnd, skráð sem konungseign, áður í eigu Þykkvabæjarklausturs, og 20 hundruð að dýrleika. En samkvæmt jarðabók 1695 var Skaftárdalur 6 hundruð að fornu mati.<sup>2</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Skaftafellssýslur er glötuð en samkvæmt manntali 1703 bjó þá á jörðinni ein fjölskylda með tíu manns í heimili (þar af tveir niðursetningar).<sup>3</sup> Í jarðamati 1804 er jörðin sem fyrr metin á 6 hundruð. Tekið er fram að hún eigi skóg til eigin nota og einnig „ubetydel. Afret“ en ekki er þess getið hvar sá afréttur var.<sup>4</sup> Dýrleiki jarðarinnar hélst óbreyttur þar til nýtt jarðamat fór fram um miðja 19. öld og er Skaftárdalur skráður 12,9 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.<sup>5</sup> Konungseignin Skaftárdalur var seld ábúanda jarðarinnar með afsali sem sýslumaðurinn í Skaftafellssýslum, Magnús Stephensen, gaf út 2. september 1837.<sup>6</sup> Í jarðamati 1849 eru hagar Skaftárdals sagðir „einhverir hinir betstu, en í medallagi á vetrum“. Þar er upplýst að þriðjungur af landi Hæls hafi áður verið lagður undir jörð þessa og hafi hann að líkindum verið seldur með Skaftárdal.<sup>7</sup> Þegar fasteignamat var gert 1916 hafði Skaftárdalur skipst í tvær jafnstórar jarðir og var tvíbýli á öðrum helmingnum. Báðar jarðirnar áttu „víðlent og kjarngott“ beitiland.<sup>8</sup>

Elsta landamerkjalyfing Skaftárdals, sem kunnugt er um, er frá 1859 og virðist hafa verið gerð í sambandi við landamerkjaprætu milli eigenda jarðanna Skaftárdals, Skálar og Holts. Reynt var ítrekað að komast að samkomulagi, m.a. með áreið á landamerki jarðanna, og þar kom að sættir tókust fyrir atbeina sýslumanns í byrjun desember 1860:

Urðu þeir á það sáttir, að hjereptir skyldi stefnulínan frá Leyrumýrarhóli eystri í toppinn á Leiðólfsfelli, sem eptir leiðarsteini vill vera frá miðsvæði milli suðrs og landsuðrs til miðsvæðis milli norðrs og útnorðrs, ráða mörkum milli Skálar að vestan og Skaptárdals að austan.<sup>9</sup>

Landamerkjabréf Skaftárdals var gert 1886 en er ódagsett. Það er á þessa leið:

Landamerkjalyfing Skaptárdalsins innan Vestur-Skaftafellssýslu árið 1886.

Úr vörðu vestan til á Miðselfellinu beina línu í fossinn fyrir norðan Mýrartorfuna, og svo beina línu úr Mýrartorfufossinum að Búlandsmarki, og svo beina línu úr vörðunni á Miðselfellinu í Eystri-Leirumýrarhólinn, og í þann Vestri, og beina línu úr Vestri-Leirumýrarhól í toppinn á Leiðólfsfelli og norður að eldhrauni, og svo beina línu til vesturs út að Miðvatni að Búlandslandi, og svo ræður Miðvatnið fram úr, fyrir vestan Heljarkamb, en fyrir austan Búlandshóla og í Markhólma austan til í Miðvatninu og svo línu úr nefndum Markhólma til suðrs að Árlandi.

1 „Af skaptarnese cc“ (þ.e. greidd voru 2 hundruð af Skaftárnesi) (*Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 739, sbr. 4. nmgr. þar).

2 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 335.

3 Skjal nr. 4 (35).

4 Skjal nr. 2 (34). Í neðanmálgrein í *Jarðatali Johnsens* 1847 er vísað í skoðunargjörð 1769 en þar sé nefnd eyðijörðin Hæll, undir Þykkvabæjarklaustri, „hvar bæði Skaptárdals bóndinn og Ár bóndinn þá höfðu fjárbeit, en klausturhaldarinn yrkti skóginn“ (skjal nr. 4 (24), s. 8, 22. nmgr.).

5 Skjal nr. 4 (25).

6 Skjal nr. 2 (29).

7 Skjal nr. 2 (35).

8 Skjal nr. 2 (36).

9 Skjal nr. 2 (45). Sbr. skjöl nr. 2 (44, 61, 72). Sbr. einnig kafla 5.3. (Skál) og 5.4. (Holt).

Samkvæmt máldaga Búlandskirkju, á hún ítak í landareigninni, svo nefnt Leynivíðarhraun.

Framanskrifað landamerkjaskjal, er af mjer, eiganda Skaptárdalsins, samið eptir því sem jeg veit fyllst og rjettast.

Magnús Magnússon.

Framanskrifaða landamerkjalyýsingu antökum við eigendur og ábúendur kringum liggjandi jarða.

Runólfur Jónsson í Holti á Síðu

Þorleifur Guðmundsson á Á

Vigfús Runólfsson á Búlandi

Sæmundur Jónsson á Borgarfelli (hreppstjóri)

Kjartan Ólafsson á Skál

Ólafur Pálsson eigandi Skálar og umráðamaður Árinnar<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1886 og ritað í landamerkjabók.

Í desember 1997 lagði sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu fram sáttatillögu í ágreiningsmáli um legu afréttarlínu norðan Skálar og Holts á Síðu (sbr. kafla 5.3.). Sáttatillagan var að nokkru leyti byggð á landamerkjalyýsingu Skaftárdals og fengu eigendur jarðarinnar tillöguna til umsagnar. Í yfirlýsingu, sem Oddsteinn Kristjánsson (áður ábúandi í Skaftárdal III) og Böðvar Kristjánsson (Skaftárdal II) undirrituðu 9. janúar 1998, segja þeir orðrét:

Vegna fyrirspurnar um norðurmörk jarðarinnar Skaftárdals og afréttar staðfestum við hér með að allan þann tíma, sem við áttum heima á Skaftárdal var aldrei talinn leika vafi um þessi mörk, þ.e. frá Miðvatni Skaftár, skammt sunnan við þann stað þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu í beina línu austur um Áningsfit í hraunbrúnina norðan Leiðólfsfells.<sup>2</sup>

Eins og áður er getið skiptist Skaftárdalur í tvær jarðir samkvæmt fasteignamati 1916. Skaftárdalur II fór í eyði 1931 en árið 1955 var reist þar nýbýli og um svipað leyti nýbýlið Skaftárdalur III. Þá voru þrjú jafnstór lögbyli á Skaftárdal. Á Skaftárdal III var búið til ársins 1973.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið samfelld á Skaftárdal frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt.<sup>3</sup>

### 5.3. Skál

Skál er nefnd í Landnámu þegar sagt er frá landnámi Leiðólfs kappa. Hann nam land fyrir austan Skaftá til Drífandi og bjó að Á „fyrir austan Skaptá út frá Skál“.<sup>4</sup> Í máldaga frá um 1150 er krist-

1 Skjal nr. 2 (2).

2 Skjal nr. 5 (10). Oddviti hreppsins og formaður fjallskilaneýndar töldu nauðsynlegt að lagfæra sáttatillöguna í ljósi þessarar yfirlýsingar (sbr. skjal nr. 5 (11)).

3 Sbr. skjöl nr. 2 (100), 15 (7-19). *Sunnlenskar byggðir*: 6. b. Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands 1985. S. 186-187.

4 *Landnámabók* 1986, s. 326 (Sturlubók). „út frá Skál“ mun þýða vestur skv sunnlenskri málvenju (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 327, 4. nmgr.).

búinu í Dalbæ eignað m.a. „fím hrossa klyfiar uidar j skalar land annat huert sumar“.<sup>1</sup> Eigi síðar en um 1200 var risin kirkja í Skál eftir því sem lesa má í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá þeim tíma.<sup>2</sup> Elsti máldagi kirkjunnar í Skál er talinn vera frá um 1343. Þar var þá Nikulásarkirkja sem átti „prestsskyld j heima landi“.<sup>3</sup> Hún hefur því átt nægilega mikið til að framfleyta einum presti. Aðrar eignir í föstu eru ekki nefndar. Frá Skál skyldi sungið annan hvern helgan dag í Holti og tók prestur tvær merkur fyrir.<sup>4</sup> Í máldaga frá 1523 kemur fram að hlutur kirkjunnar í heimalandi var 10 hundruð.<sup>5</sup> Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er aftur tekið upp orðalagið að kirkjan eigi „prestsskyld“ í heimalandi. Þar er dýrleiki jarðarinnar sagður 90 hundruð („Jtem gardurinn .xc.“).<sup>6</sup> Skál virðist hafa verið auðug að skóglendi eins og fyrrnefndur máldagi kristbúsins í Dalbæ bendir til og einnig gjafabréf Katrínar Óladóttur frá 6. maí 1473. Þar lýsir hún yfir því að hún, með samþykki eiginmanns síns og tveggja sona, gefi Kirkjubæjarklaustri við á þrjátíu hesta í Skálar-jörðu. Skyldi gjöf þessi gilda „æfinliga“.<sup>7</sup>

Í vísitásum biskupa á 17. öld hefur nokkuð bæst við fasteign kirkjunnar í Skál. Þannig segir í vísitáðu Brynjólfs biskups Sveinssonar 19. september 1641:

Kyrk(i)ann j Skál á Sydu a so [m]ikid j Heimalandi sem Maaldagar votta, Holm j La[nd]brote xij [hundrud] Landskyld Viiij Ærg[illde]. Hun á swardf[ast] land nordur j Hóla og Hóla alla so sem Vitnis Burder votta, so mikid j Fioru sem j Heimalandz Eign, nema byvystist odru výse vndann komid.<sup>8</sup>

Einnig liggja fyrir heimildir um að bændahluti Skálar hafi á þessum tíma gengið kaupum og sölum og framselst við erfðir.<sup>9</sup>

Í jarðabók 1686 er Skál metin á 46 hundruð og 160 álnir en 90 hundruð árið 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>10</sup> Í jarðamati 1804 er skýrt frá því að Skál hafi áður („forhen“) verið 90 hundruð að dýrleika en nú sé hún 10 hundruð.<sup>11</sup> Skýringin er líklega sú að í Skaftáreldum 1783 urðu þarna mikil landspjöll og fóru bæði bæjarhús og kirkja undir hraunflóðið svo að reisa varð nýjan bæ uppi í Skálarfjalli.<sup>12</sup> Þrátt fyrir þetta er dýrleikinn óbreyttur, 90 hundruð, í Jarðatali Johnsens 1847 en vitnað í sýslumann og jarðabók 1806 um að jörðin sé aðeins 12 hundruð.<sup>13</sup> Þessi rýrnun dýrleikans verður einnig ljósari þegar farið er yfir jarðamatið 1849 en þar segir m.a.:

Túnið er heldur lítið, en sérlega gott, fõðrar 2 kýr; eingiar sárlitlar en góðar nærri bæ, en nægar með feikilegum kostnaði vegna vegaleingdar, hagar einhvörjir hinir bestu bæði góðlendir og kiarnmiklir. Jörðin álitst að géta framfleytt 2 kúm og 400 fiár. ...Jörðin er sérlega ervið og hættusöm fyrir menn og sképnur.<sup>14</sup>

Í Nýrri jarðabók 1861 er Skál einungis metin á 15,3 hundruð.<sup>15</sup>

1 Skjal nr. 4 (1). Útgefandi fyrsta bindis Fornbréfasafnsins (Jón Sigurðsson) taldi að hér væri átt við Dalbæ eystri og að máldagi kristbúsins væri að stofni til eldri, líklega frá um 1070 (*Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 194-197).

2 Skjal nr. 4 (21).

3 Skjal nr. 4 (4).

4 Sbr. skjöl nr. 4 (4, 9) (máldagar frá um 1343 og 1367).

5 Skjal nr. 4 (18).

6 Skjal nr. 4 (22).

7 Skjal nr. 4 (16).

8 Skjal nr. 2 (39). Sbr. einnig skjöl nr. 2 (37) (vísitáða 1677) og 2 (38) (vísitáða 1749).

9 Sbr. skjöl nr. 4 (40, 41, 43-45).

10 Björn Lárusson 1967, s. 335.

11 Skjal nr. 2 (34).

12 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 184.

13 Skjal nr. 4 (24).

14 Skjal nr. 2 (35).

15 Skjal nr. 4 (25).

Elsta landamerkjalyásing Skálar mun vera frá 1849 en 19. september það ár reið sýslumaður á landamerki Skálar og Holts til að útkljá deilur milli eiganda og ábúanda Holts og ábúanda Skálar. Hlutaðeigandi urðu sáttir á að framvegis skyldu eftirfylgjandi landamerki gilda um jarðirnar tvær:

Löndum til heiða milli Skálar og Holts ræður Holtslón og síðan Holtsá, framan frá eldhrauni og alt norður þángað sem hún tekur á sig olboga austanundir Kanafjöllum að framan, þar sem foss einn lítill fellur á bergi ofanaf fjöllumunum í ána – en stór steinn ein stakur og mosavaxinn að ofan er á aurnum neðanundir fossinum, – en úr þeim fossi ræður landamerkjum þráðbein stefna á norður útnorður, /: þ.e. miðja vega milli útnorðurs og norðurs að réttvísandi áttum:/ og norður í Geirlandshraun.

Á það urðu þeir ennfremur sáttir Jón í Holti og Steingrímur í Skál að fela þeim það Oddi Jónssyni í Þykkvabæ og Sigurði Jónssyni á Eintúnahálsi, að ákveða nákvæmar og einskorða við auðkenni og með vörðum, stefnu þá sem nú var á sættz<sup>1</sup> að ætti að vera á landamerkjunum frá Holtsá og norðurundir Geirlandshraun.<sup>2</sup>

Þrátt fyrir þessa sátt hélst ágreiningur áfram um landamerki jarðanna Skálar, Holts og Skaftárdals.<sup>3</sup> Í byrjun desember 1860 tókst sýslumanni að koma á sáttum í þrætumálinu. Milli Skálar og Skaftárdals skyldu mörkin vera þessi:

Urðu þeir á það sáttir, að hjereptir skyldi stefnulínan frá Leyrumýrarhóli eystri í toppinn á Leiðólfsfelli, sem eftir leiðarsteini vill vera frá miðsvæði milli suðrs og landsuðrs til miðsvæðis milli norðr og útnorðrs, ráða mörkum milli Skálar að vestan og Skaftárdals að austan.

Milli Skálar og Holts var þessi sætt gerð:

Varð það að sætt milli eigenda jarðarinnar Skálar og ekkju Guðlaugar Sveinsdóttir vegna Holts sem eiganda jarðarinnar að stefna sú, sem við áreið frá 5 ágúst f.á. var tekin frá Markhelli í Lækjum í vestrbrúnina á Staðarhólsnefi í Holtsdal og í þúfu á Bunuskeri, sem eftir leiðarsteini vildi verða fjórðungur frá landskuðri [svo] til suðurs til fjórðungs frá utnorðri til norðrs, skyldi framvegis ráða mörkum frá Markhelli í Lækjum uppað svonefndu Holtslóni, stöðuvatni fremst í Holtsdal og frá Holtslóni svokolluð Holtsá að upptökum sínum uppi Geirlandshrauni að framan og loksins í beinni stefnu þaðan til aftrjettar í sömu stefnulínu sem Leiðólfsfell við vestr mörk Skálar standa er frá eystri Leyrumýrarhóli: frá miðsvæði milli suðrs og landsuðrs til miðsvæðis milli norðrs og útnorðrs eins og leiðarsteinninn benti til við nefnda áreiðargjörð.<sup>4</sup>

Landamerkjabréf Skálar var gert 1886 en um dagsetningu er ekki getið. Það er á þessa leið:

Landamerkjalyásing Skálarinnar innan Vestur-Skaftafellssýslu ár 1886:

Austurmark úr Markhelli við Hraunamela í vörðu fram af miðju Holtslóni, þaðan í Holtsá vestan undir Staðarhólsnefi; svo ræður nefnd á uppi Hamarsnef, svo lína til aftrjettar milli norðurs og útnorðurs. Svo vesturmark úr aftrjettarlínu fyrir norðan Leiðólfsfell línu milli hásuðurs og landsuðurs í toppinn á nefndu felli; þaðan í Leirumýrarhólinn eystri, þaðan í Valdasonarhól, þaðan í Hliðskjálkshornið, þaðan stefnu í ytri kambinn í Lokinhörmum; svo í Markhelli, svo í Markvörðu, svo línu til austuráttar í

1 *sættz* leiðrétting milli lína fyrir *minnst*.

2 Skjal nr. 2 (43).

3 Þetta er nánar rakið í kafla 5.4.

4 Skjal nr. 2 (45).

Markhelli við Hraunamela. Þar að auki á jörðin ítaksfjöru fyrir Oddalandi í Meðallandi. Samkvæmt máldögum kirkjunnar: kirkjuitak Hertíðarholt í Skálarlandi, sem Búlandskirkju tilheyrir.

Kjartan Ólafsson, ábúandi á Skál.

Ólafur Pálsson.

Undirskrifaðir eigendur og ábúendur eru samþykkir framanskriðri landamerkjalytingu.

R. Jónsson bóndi á Holti

Þorleifur Guðmundsson, bóndi á Á

Magnús Magnússon, bóndi á Skaptárdal

Valgerður Ólafsdóttir ábúandi Svinadals

Páll Pálsson ábúandi á Arnardrangi

Guðríður Magnúsdóttir ábúandi á (Hrauni)<sup>1</sup> Eystra-Hrauni

Karítas Brynjúlfsdóttir ábúandi á Botnum

Ólafur Þórðarson ábúandi á Ytra-Hrauni

Erasmus Árnason, landeigandi Odda.<sup>2</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 15. júní 1887 og ritað í landamerkja-bók Skaftafellssýslu.

Í landamerkjabréfinu er merkjum lýst í Holtsá og upp í Hamarsnef „svo [ræður] lína til afrettar milli norðurs og útnorðurs“. Nákvæmari er lýsingin á afrettarlinunni ekki. Undir lok síðustu aldar kom upp ágreiningur milli landeigenda á Vestur-Síðu og í Skaftárhreppi þegar ráðgert var að stofna veiðifélag um Hellisá því að ekki þótti liggja fyrir hvaða jarðir ættu land að ánni. Fulltrúar Skaftárhrepps óskuðu eftir því að sýslumaður kannaði málið og komst hann að þeirri niðurstöðu að þær jarðir, sem til greina kæmu, væru frá vestri: Skaftárdalur, Skál, Holt, Heiði/Heiðasel, Eintúnaháls og Mördtunga. Síðan lagði hann fram sáttatillögu um mörk jarðanna Skálar og Holts gagnvart afretti til norðurs og í endanlegri gerð var hún á þessa leið:

Upphafspunktur línu úr Skaftá (Miðvatni) skal vera efst úr Áningsfit skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu, og beint í austur í skurðpunkt við línu sem dregin er beint í norður úr toppi Leiðólfsfells... . Afrettarlinan skal því dregin úr þeim skurðpunkti með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman, og að Hellisá, sem skal ráða þar til kemur að Kálfá, og síðan ræður Kálfá að mörkum Mörtungu.<sup>3</sup>

Tekið er fram í úrskurði sýslumanns að tillaga þessi skyldi gilda þótt aðilar fallist ekki á hana uns dómur sé fallinn eða þeir nái sjálfir samkomulagi.

Jörðinni Skál fylgdi víðáttumikið beitoland eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt fasteignamatí 1916 höfðu ábúendur nokkrar tekjur af þessu landi: „Fyrir fje tekið til sumargöngu, hefur ársarður verið talinn síðustu árin 15 krónur.“<sup>4</sup> Í sömu heimild er þess getið að hálfur Þykkvibær eigi upprekstrarétt fyrir 100 fjár í landi jarðarinnar.

1 Hringur er dreginn um nafnið Hrauni.

2 Skjal nr. 2 (3).

3 Skjal nr. 4 (37), sbr. skjal nr. 4 (36).

4 Skjal nr. 2 (36).

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið samfelld í Skál frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt.<sup>1</sup>

#### 5.4. Holt I-II

Holt er nefnt í Landnámu en þar bjó Óleifur, sonur Böðmóðs er nam land milli Drífandi og Fjarðarár.<sup>2</sup> Samkvæmt heimildum frá síðari hluta 14. aldar var kirkja (Nikulásarkirkja) í Holti.<sup>3</sup> Hún átti 10 hundruð „j landi“ (væntanlega í heimalandi) og var henni þjónað annan hvern helgan dag af heimaprestinum í Skál.<sup>4</sup>

Jörðin Holt var í einkaeigu eins og fram kemur í testamentisbréfi frá 4. júní 1470. Þar gefur Einar bóndi Ormsson Helgu dóttur sinni „jörðena Holt er liggur j Skálar kyrkiu sokn“.<sup>5</sup> Ekki er minnst á dýrleika jarðarinnar. Holt á Síðu kemur einnig fyrir í fjárskiptabréfi frá 1522. Í því er Hólmsfríði Erlendsdóttur eignað hálf Holt fyrir 25 hundruð.<sup>6</sup> Sex árum síðar var tekin saman skrá yfir ítök Kirkjubæjarklausturs og eru þar m.a. taldar upp „skyllder klaustursens j kirkiubæ fra þyckuabæiar klaustre“. Meðal þess sem Kirkjubæjarklaustur átti í „skyldum“ var „j holte.x. uoru oc fodra iiii kyr oc halfan fiordung host [hest]“.<sup>7</sup>

Í jarðabók 1686 er Holt skráð sem konungsjörð, áður eign Kirkjubæjarklausturs, og 46 hundruð og 160 álnir að dýrleika. Í jarðabók 1695 er hún hins vegar talin 24 hundruð.<sup>8</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Skaftafellssýslur hefur ekki varðveist en meðal jarðabréfa frá þessum tíma er lýsing á jörðum Kirkjubæjarklausturs 1703. Þar segir um Holt:

Landskuld 2° 40 ál. [2 hundruð og 40 álnir], kúgildi 6. Hennar tún og engjar stórlega skemmd og spjölluoð af vatni og skriðum úr fjallinu ár eftir ár so og skógur, sem jörðunni fylgt hefur, aldeilis for-eyddur. Úthaga jarðarinnar höfum vér álitioð, hvörjir oss virðast gagnlegir og ánægjanlegir að so stöddu. Undirréttast trúanlega, að þar fyrrum föðrast hafi 40 naut, meðan skógurinn var öeyddur, en nú 15 kúa þungi. Virðist oss, að greind jörð þolanlega byggjast kunni fyrir 1° 100 álnir með 6 kúgildum, sem þar nú eru.<sup>9</sup>

Í jarðabók fyrir jarðir Kirkjubæjarklausturs er þessi lýsing á Holti frá 1779:

Godt og velrögtet Tun, slet og ufrugtbar Eng; Bedelandet overflödigt og godt, især til Fields, hvis Streckning er overmaade stor, tilvoxen hidst og her með Kratskov; Hoeavling haves med moye paa Fiældet; Disput om Strandrettighed.<sup>10</sup>

Í jarðamati 1849 er einnig vakin sérstök athygli á högum jarðarinnar sem sagðir eru „öþrjótandi og einhvörjir hinir betstu sumar og vetur“.<sup>11</sup>

Eins og áður hefur komið fram var Holt eign Kirkjubæjarklausturs og síðan konungs eftir

1 Sbr. skjöl nr. 4 (48, 51). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 184.

2 *Landnámabók* 1986, s. 324.

3 Sbr. skjal nr. 4 (11). Samkvæmt svonefndri Hitardalsbók, sem talin er frá um 1367, var kirkjan helguð Mikaeli (erkiengli) (sbr. skjal nr. 4 (8)).

4 Skjöl nr. 4 (4, 9).

5 Skjal nr. 4 (14).

6 Skjal nr. 4 (20).

7 Skjal nr. 4 (19).

8 Björn Lárusson 1967, s. 335.

9 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990. S. 455, sbr. 441 og 445.

10 Skjal nr. 2 (16).

11 Skjal nr. 2 (35). Sbr. einnig skjal nr. 2 (36) (fasteignamat 1916).



siðaskiptin. Árið 1837 var jörðin seld ábúandanum fyrir 1000 ríkisdali í reiðusilfri og var hún þá metin á 12 hundruð.<sup>1</sup> Jörðin var þó áfram skráð á 24 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er hún metin á 27,6 hundruð.<sup>2</sup>

Elsta landamerkjalyásing Holts sem kunnugt er um er frá 1849. Sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu reið á landamerki Holts og Skálar 19. september það ár til að semja um landamerki milli eiganda og ábúanda Holts og ábúanda Skálar. Urðu hlutaðeigendur sáttir á,

að framvegis skyldi eptirfylgjandi landamerki vera gildandi milli Holts og Skálar:

Löndum til heiða milli Skálar og Holts ræður Holtslón og síðan Holtsá, framan frá eldhrauni og alt norður þangað sem hún tekur á sig olboga austanundir Kanafjöllum að framan, þar sem foss einn lítill fellur á bergi ofanaf fjöllum í ána – en stór steinn ein stakur og mosavaxinn að ofan er á aurnum neðanundir fossinum, – en úr þeim fossi ræður landamerkjum þráðbein stefna á norður útnorður, /: þ.e. miðja vega milli útnorðurs og norðurs að réttvísandi áttum:/ og norður í Geirlandshraun.

Á það urðu þeir ennfremur sáttir Jón í Holti og Steingrímur í Skál að fela þeim það Oddi Jónssyni í Þykkvabæ og Sigurði Jónssyni á Eintúnahálsi, að ákveða nákvæmar og einskorða við auðkenni og með vörðum, stefnu þá sem nú var á sætzt<sup>3</sup> að ætti að vera á landamerkjunum frá Holtsá og norðurundir Geirlandshraun.<sup>4</sup>

Næstu árin var ágreiningur milli eiganda og ábúanda jarðanna Holts, Skálar og Skaftárdals um landamerki og var það mál ekki útkljáð fyrr en í lok árs 1860.<sup>5</sup>

Miðvikudaginn 5. desember 1860 urðu sættir um landamerki milli jarðanna Skálar og Holts sem hér segir:

Varð það að sætt milli eigenda jarðarinnar Skálar og ekkju Guðlaugar Sveinsdóttir vegna Holts sem eiganda jarðarinnar að stefna sú, sem við áreið frá 5 ágúst f.á. var tekin frá Markhellu í Lækjum í vestrbrúnina á Staðarhólsnefi í Holtsdal og í þúfu á Bunuskeri, sem eptir leiðarsteini vildi verða fjórðungur frá landskuðri [svo] til suðurs til fjórðungs frá utnorðri til norðrs, skyldi framvejis ráða mörkum frá Markhellu í Lækjum uppað svonefndu Holtslóni, stöðuvatni fremst í Holtsdal og frá Holtslóni svokolluð Holtsá að upptökum sínum uppí Geirlandshrauni að framan og loksins í beinni stefnu þaðan til afrettar í sömu stefnulínu sem Leiðólfsfell við vestr mörk Skálar standa er frá eystri Leyrumýrarhóli: frá miðsvæði milli suðrs og landsuðrs til miðsvæðis milli norðrs og útnorðrs eins og leiðarsteinninn benti til við nefnda áreiðargjörð.<sup>6</sup>

Merkjum jarðarinnar er einnig að nokkru lýst í afsali frá 26. apríl 1862. Þá voru Sveini bónda Pálssyni á Holtsdal seld 3 hundruð í Holti með eptirfylgjandi landamerkjum:

Stefna sje tekin úr gili innarlega í Kleifum beint í Langahnúk, úr Langahnúk í hnúkinn vestanvert við Graðhestamýri, þaðan í Skerhólinn í Sanddölum og þaðan beina stefnu uppí Geirlandshraun ...<sup>7</sup>

1 Skjal nr. 2 (27).

2 Skjöl nr. 4 (24, 25).

3 *sætt* leiðrétting milli lína fyrir *minnst*.

4 Skjal nr. 2 (43).

5 Sbr. skjöl nr. 2 (44, 45, 61, 72).

6 Skjal nr. 2 (45).

7 Skjal nr. 2 (79).

Landamerkjabréf Holts á Síðu var undirritað 9. maí 1885 og er á þessa leið:

Landamerki jarðarinnar Holts á Síðu eru eftir því sem jeg veit vissast, sem síðar greinir.

Landamerki milli Holts og Skálar, fyrir vesturkanti Holtsins er úr markhelli við Hraunamela bein lína í vörðu framm af miðju Holtslóni og úr sömu vörðu yfir mitt lónið í Holtsá vestan undir staðarholts-tanganum og úr því ræður Holtsá að Hamarsnefi, og frá Hamarsnefi lína mitt á milli hánorðurs og útnorðurs til afrjettar. Landamerki milli afrjettar og Holtsins að norðan úr hrauninu norðan við Leiðólfsfell: lína í lauffetshorn fyrir suður og austur kanti Holtsins úr fyrnefndri markhelli, nýja hraunbrúnnin að útmælingu lækjarbakkans. Fyrir austur kanti Holtsins og Heiðar samkvæmt ómunatíðar brúkun, úr Fjaðurármynni<sup>1</sup>, lína mitt á milli hásuðurs og landsuðurs að dalsbæarlandi, svo ræður Fjaðurá norður að efstu upptökum og þaðan lína á milli hánorðurs útnorðurs til afrjettar.

Jörðinni fylgir ítak, hálfur reki af Ásafjöru.

Holti 9. maí 1885

R. Jónsson

Ofanritaðri landamerkjalyðingu erum við undirskrifaðir ábúendur kringumliggjandi jarða, samþykkir.

Kjartan Ólafsson

Einar Sigurðsson

Einar Bjarnason

Skál

Hólmi

Heiði

Ólafur Pálsson

(umboðsmaður)

Erasmus Árnason

eigandi jarðarinnar Odða

Ásgrímur Pálsson

Heiðarseli<sup>2</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið á manntalsþingi að Kleifum 17. júní 1885 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Í desember 1997 lagði sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu fram sáttatillögu um mörk jarðanna Skálar og Holts gagnvart afrétti til norðurs. Um sáttatillöguna og tilefni hennar er nánar rætt í kafla 5.3.

Samkvæmt fasteignamatinu 1916 var eitt býli í Holti auk Hervararstaða sem voru 5 hundruð úr jörðinni (tæplega fjórðungur af 22,6 hundruðum). Í Holti voru þó um skeið tvö íbúðarhús og í afsals- og veðmálabók er greint á milli Holts I og II frá árinu 1965.<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið samfelld í Holti frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt.<sup>4</sup>

1 Virðist upphaflega skrifað *Fjaðrár*- en rithættinum breytt á óljósan hátt hér á þessum stað.

2 Skjal nr. 2 (1).

3 Skjöl nr. 2 (36) (fasteignamat 1916), nr. 4 (52) (registur úr afsals- og veðmálabók). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 182-183.

4 Sbr. skjöl nr. 2 (95), nr. 4 (52), nr. 7 (6-12). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 183.

## 5.5. Heiðarsel I-II

Jörðin Heiðarsel með því nafni virðist ekki koma fyrir í fornum heimildum en hún og Heiði munu lengi hafa verið sama jörðin.<sup>1</sup> Heiði er nefnd í máldaga Kirkjubæjarklausturs sem talinn er frá um 1218 og skyldi þá greiða af jörðinni hálfá vætt smjör og hrút veturgamlan.<sup>2</sup> Í máldaga klaustursins 1343 er beinlínis tekið fram að það eigi Heiði.<sup>3</sup>

Heiði er skráð sem konungsjörð í jarðabók 1686 og 41 hundrað og 160 álnir að dýrleika en 12 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>4</sup> Dýrleiki jarðarinnar hélst óbreyttur, 12 hundruð, við jarðamat 1804 og í Jarðatali Johnsens 1847, allt þar til nýtt jarðamat fór fram um miðja 19. öld.<sup>5</sup>

Í úttekt klaustrajarða frá 1845 segir svo um landamerki Heiðar ásamt Heiðarseli:

Um landamerki þessara hér að framan skrifaðra tveggja hálfenda<sup>6</sup> er þess að geta, að eldhraun liggur yfir landi jarðanna að sunnan, en að austan eru þessi: úr svo kölluðum Gráhól til norðurs í Heiðarborg. Þaðan sömu stefnu í vörðu austast á Flanghálsi. Þaðan í Rastargil, og svo í öxlina fyrir vestan Stjórnarbotna. Að vestan er ágreiningur um landamerki, en mælt er, að markið liggji úr Hellisnesi í Tæpugötu til norðurs. Þaðan í sömu stefnu í Markstein á Steinsheiði. Úr þessum steini í sömu stefnu í Geirlandshraun.<sup>7</sup>

Heiðarsel virðist ekki nefnt í jarðabókum á 17. og 18. öld og ekki heldur í jarðamati 1804.<sup>8</sup> En í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er lýsing á Heiðarseli og jafnframt vikið að landamerkjum jarðarinnar:

Heiðarsel... Túnid er stórt og stendur til bóta, fóðrar 1 kú, eingjar vídlendar, snöggar og reitingsamar, hagar vídlendir og góðir á sumrum, en heldur vetrarhardt. Jörðin álitst að bera 1 kú og 150 fjár og er heldur örðug að því leiti heyskap snertir. Heiðarsel er flutt út frá Heiði og eru nú komin við brúkun þau landamerki á milli að bein stefna sé frá Heiðarborg vestur til Fjaðraár, en landinu hefir að öðru leiti ekki verið reglulega skipt.<sup>9</sup>

Í Nýrri jarðabók 1861 eru Heiði og Heiðarsel talin sem ein jörð að fornu mati og 12 hundruð að dýrleika en samkvæmt nýju mati skyldi Heiði teljast 8,6 hundruð en Heiðarsel 10,7 hundruð.<sup>10</sup>

Landamerkjabréf Heiðar og Heiðarsels var undirritað 24. maí 1890 og er á þessa leið:

Landamerki í kringum þjóðjarðirnar Heiði og Heiðarsel í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan úr Gráhól á Svíra að Skaptá beina línu í þúfu á Flanghálsi, þaðan línu í Rastargil, úr Rastargili línu í vörðu á Stjórnarbotnaöxlinni háu, þaðan beina línu í Kálfá.

Að vestan línu úr Kálfá mitt á milli hásuðurs og landsuðurs í efstu upptök Fjarðará; þaðan ræður Fjarðará að brunahrauninu, þaðan beina línu í vörðu á hraunbrúninni að Dalbæjarlandi.

1 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 179.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 394.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 781. *Íslenskt fornbréfasafn* 8, s. 6. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 239 (máldagi Kirkjubæjarklausturs 1397).

4 Björn Lárusson 1867, s. 335.

5 Sbr. skjöl nr. 2 (34) og 4 (24).

6 Þ.e. Heiðar og Heiðarsels.

7 Skjal nr. 4 (70).

8 Sbr. Björn Lárusson 1967, s. 335 (jarðabækur 1685 og 1697), skjal nr. 2 (18) (úttekt klaustrajarða í Vestur-Skaptafellssýslu 1773), skjal nr. 2 (34) (jarðamat 1804), skjal nr. 4 (24) (*Jarðatal Johnsens* 1847).

9 Skjal nr. 2 (35).

10 Skjal nr. 4 (25).

Millum Heiðar og Heiðarsels ræður Streitugil að marklínu að austan og jörðin Heiði á fría sumararbeit fyrir geldfjenað í nyrzta parti Heiðarselslands.

Samkvæmt fullnaðar úrskurði amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 10. apríl f.á.,<sup>1</sup> á ábúandinn, sem nú er á Hunkubökkum, óskertan rjett að brúka þær slægjur sem hann hingað til hefur brúkað<sup>2</sup> innan ofangreindrar línu; en þegar ábúanda skipti verða á Hunkubökkum, þá fellur allt fyrir vestan nefnda línu, úr Gráhól í Flangháls, undir Heiðina. Afrjettartiltölu sem aðrar jarðir á Siðumannaafrijeti.

Höfðabrekku 24. maí 1890

Ólafur Pálsson<sup>3</sup>

Landamerkjabréf þetta var lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Eins og áður hefur komið fram voru Heiði og Heiðarsel konungseignir. Með bréfi dags. 30. júní 1893 seldi landshöfðinginn yfir Íslandi, Magnús Stephensen, ábúanda Heiðarsels, Vigfúsi Árnasyni, jörðina til eignar samkvæmt heimild í lögum nr. 31 frá 11. desember 1891. Jörðin er í afsalsbréfinu sögð hafa verið „landssjóðs“.<sup>4</sup> Jörðin Heiði var seld ábúandanum, Ragnhildi Jónsdóttur, 4. desember sama ár.<sup>5</sup>

Árið 1950 var stofnað nýbýli í Heiðarseli (Heiðarsel II) og var það helmingur jarðarinnar en beitolandið var óskipt.<sup>6</sup>

## 5.6. Eintúnaháls

Upphaf búskapar á Eintúnahálsi má rekja til þess að 20. júlí 1826 veitti amtmaður heimild til að byggja bæ „uppá Heidunum“ sem ábúendur Geirlands töldu eign sína. Það skilyrði var sett að bærinn yrði ætíð hjáleiga frá Geirlandi „og þaraf fljóttandi tæki Hlut í þessari miög af sér gængnu og skuldadyru Jardar Afgjaldi“. Hjáleigan átti þannig að létta á heimajörðinni en þar munu hafa verið fjórir ábúendur fyrir. Tveimur árum síðar flutti Sigurður Jónsson sig búferlum frá hálfri jörðinni Breiðabólstað upp í „svo kallad Geirlands Hagbeitarland“ og byggði bæ „í Halsi nockrum“.<sup>7</sup>

Hinn 27. maí 1831 var réttur settur af sýslumanninum í Skaftafellssýslum til útmælingar á landi handa nýbýlinu Eintúnahálsi samkvæmt amtsbréfi frá 8. febrúar sama ár og í samræmi við nýbýlatiskipunina frá 15. apríl 1776. Mættir voru fjórir áreiðarmenn og allir þeir sem kynnu að eiga land að nýbýlinu en það voru ábúendur jarðanna Heiðar, Heiðarsels, Hunkubakka, Kirkjubæjar, Merkur, Geirlands og Breiðabólstaðar. Enginn þeirra taldi að land þeirra yrði skert, svo að nokkru næmi,

1 Hér er líklega verið að vísa til bréfs þar sem þessi orð koma fram: „...vil eg eigi láta hjáliða að tjá yör að eg eptir atvikum fellst á að þér lýsið landamerkjum milli þessara 2 þjóðjarða á þann hátt, er þér hafið tekið fram í ofangreindu bréfi yðar, og sömuleiðis á það að ábúandinn, sem nú er á Hunkubakka, haldi fyrir sína ábúartíð slægjum á þrætustykkinu, en að við ábúandaskipti á Hunkubakka falli undir Heiði allt land fyrir vestan hina beinu línu úr Gráhól og í Flangháls og hafið þér skýrt frá að ef tekin verði þessi beinu mörk þá hafi Hunkubakkaábúandinn fría beit á austurenda Heiðarháls“. Bréf þetta mun vera frá amtmanni, og virðist úrskurður hans styðjast við bréf, dags. 14. mars 1889, frá Ólafi Pálssyni á Höfðabrekku. Með bréfi Ólafs fylgir uppráttur af ágreiningssvæðinu. Einnig fylgja yfirlýsingar nokkurra bænda um landamerki milli Heiðar og Hunkubakka frá árinu 1888 (skjal nr. 2 (105)).

2 *brúkað* leiðrétt fyrir *borgað*.

3 Skjal nr. 2 (10). Ólafur Pálsson mun hafa verið umboðsmaður þjóðjarða en til þeirra töldust Heiði og Heiðarsel (sbr. undirskrift landamerkjabréfs Hörgslands).

4 Skjal nr. 2 (26). Afsalsbréfið var lesið á manntalsþingi að Ytri-Dalbæ 11. apríl 1894 og innfært í afsals- og veðbréfabók Skaftafellssýslu.

5 Skjal nr. 4 (25). Bréfið var lesið á manntalsþingi að Ytri-Dalbæ 11. apríl 1894.

6 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 181.

7 Skjal nr. 2 (42).

nema ábúendur Geirlands „ad svo miklu Leiti sem Nýbílínu eckert Land útmælt verdi fyrir vestann og sunnann Bæinn á Eintúnahálsi.“ Ábúendur Geirlands héldu því fram að þeir ættu „land allt fyrir austann Bílid á Eintún[a]hálsi allt ad Geirlandsá ...“ Ábúendur Breiðabólstaðar fyrirbuðu á hinn bóginn að land undir Helgastaðafjalli yrði tekið frá jörð þeirra og lagt undir aðra eða skert á nokkurn hátt og vísuðu í því sambandi til dóms sem kveðinn var upp að Vík í Mýrdal 23. nóvember 1822. Eftir þetta var landið skoðað og var það álit sýslumanns og áreiðarmanna „ad Jördinn Geirland gæti mist sæmilegt Bændabíli úr Landi sínu ad nordann og Vestann, ef allt það Land sem Geirlands Ábúendur segja ad undir Jordina liggja virkilega er henni tilheyrandi“ en þó þannig að nýi ábúandinn létti undir afgjaldi Geirlands eftir tiltölu.<sup>1</sup>

Nýbýlið á Eintúnahálsi varð tilefni deilna næstu árin.<sup>2</sup> Málið var tekið fyrir á dómþingi 1. október 1832. Nýbýlingurinn Sigurður Jónsson var þar ekki talinn hafa lagt fram nægar sannanir fyrir því að hið útmælda land væri almenningur eða yfirgefið land. Dómurinn frá 23. nóvember 1822 væri óhrakinn að Helgastaðafjall væri „Geirlands Ábúenda Leigumáli, í hvorju Breidabolstad tilheýri Selsátur um vanalegann Selsáturs Tíma“. Þar á móti skorti ábúendur Geirlands sannanir fyrir því að það land, sem Sigurður gerði sig ánægðan með, heyrði Geirlandi til. Úrskurðarorð sýslumanns voru því þessi:

Því dæmist rétt ad vera

Sigurdi Jónssýni ber ad utmæla sem Nýbiggiara eptir Tilskipun af 15<sup>da</sup> April 1776 § 1 og 11 til Eigna og Odals Land það sem Bær hans á stendur og Land svo mikid fyrir nordann og vestann hann sem nægilegt er, en þarámót sie Helgastadafjall sem ádur Geirlands Eign og Breidbælinga Selsátur. – Samqvæmt þessu útmælist og áqvardast sem Land þessa Nýbílís: Oddinn fram af Bænum á Eintunahálsi, millum Stiórnar ad austann og Áarinnar ad vestannverdu vid Bæinn og svo það Land sem Bærinn á stendur. Vesturmarkid sé úr Vestur Ár Farvegnum næsta vestann vid Bæinn í Brúnina á Géldingaskéri, upp yfir Rastargili midiu, þaðann beint og í hædstu Oxlina á millum Stionarbotna, og Fjadurárbotna, og þaðann beina Stefnu nordureptir svo kölludu Geirlands Hrauni og þaðann í Kálfá. – Landamerki ad austann séu ad ádurnefnd Stiórn rádi í Krókinn fyrir nordann og vestann Helgastadafjall Beint í Fagrafoss, úr því rádi Geirlandsá allt nordur ad Vesturenda á Lauffelli, og sídann úr Vesturenda Lauffells beint ad Upptökum Kálfár úr landnordri.<sup>3</sup>

Í úrskurði sýslumanns er vísað í 1. og 11. gr. nýbýlatilskipunarinnar frá 1776. Í 1. gr. er gefinn kostur á að byggja jarðir „á svoddan víðáttum í þeim byggðu sveitum, sem til lítilla eður engra nota liggja óyrktar“ en í 11. gr. er kveðið á um skatta- og tíundafrelsi til handa þeim „sem upptaka og byggja nýbýli í þeim afréttum, sem eigi eru nokkurs sérleg eign, ellegar í aflögðum og fyrirlátum byggðum“.<sup>4</sup> Af þessu mætti ætla að Eintúnaháls hafi verið lítt nytjað afréttarland þó að Sigurður Jónsson hafi reyndar haft það eftir gamalli konu, Hildi Þorvarðardóttur, að þar hafi áður verið byggð að fornu.<sup>5</sup>

Fyrirnefndur dómur sýslumanns að Kleifum, 1. október 1832, var tekinn upp sem landamerkjalyýsing Eintúnaháls. Hann er hér birtur í yngri uppskrift:

Landamerki Eintúnaháls eptir dómi uppkveðnum á Kleifum 1. október 1834<sup>6</sup>, þegar jörðinni var úthlutað landi svo sem nýbýli.

1 Skjal nr. 2 (41).

2 Sbr. skjal nr. 2 (70).

3 Skjal nr. 2 (42). Byggingarbréf Suðuramts til Sigurðar Jónssonar fyrir Eintúnahálsi, dags. 26. janúar 1833, var lesið á manntalsþingi á Kleifum 11. júní 1833 (sbr. skjöl nr. 2 (42 og 65)).

4 *Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251 og 256.

5 Sbr. skjal nr. 2 (42).

6 Hér hlýtur að vera misritun fyrir 1832.

Samkvæmt þessu útmælist og ákvarðast sem land þessa nýbýlis: Oddinn fram af bænum á Eintúnahálsi, millum Stjórnar að austan og áárinna að vestanverðu við bæinn, og svo það land, sem bærinn á stendur, vesturmerkið sé úr vesturárfarvegnum næsta vestan við bæinn í brúnina á Geldingaskeri, upp yfir Rastargili miðju; þaðan beint og í hæstu Öxlina á millum Stjórnabotna og Fjaðurárbotna, og þaðan beina stefnu norður eptir svo kölluðu Geirlandshrauni, og þaðan í Kálfá. Landamerki að austan séu, að áðurnefnd Stjórn ráði í Krókinn fyrir norðan og vestan Helgustaðafjall beint í Fagrafoss. Úr því ráði Geirlandsá, alt norður að vesturenda á Lauffelli, og síðan úr vesturenda Lauffells beint að upptökum Kálfár úr landnorðri.<sup>1</sup>

Eintúnaháls þótti erfið jörð til búskapar enda einungis metin á 6 hundruð.<sup>2</sup> Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er komist svo að orði um jörðina: „Er hún bezt fallin til að notast sem upprekstrarland.“<sup>3</sup> Eintúnaháls lagðist í eyði 1934 og seldur Kirkjubæjarhreppi þremur árum síðar með öllum gögnum og gæðum. Landamerkjum er þar ekki lýst eða vísað til þeirra á nokkurn hátt.<sup>4</sup> Eintúnaháls hefur síðan verið í afréttarnotkun.<sup>5</sup> Í bæjartóftinni í Eintúnahálsi var á sínum tíma reistur afréttarkofi og þar var rudd leið sem nær langt inn á Mörtungusker til að auðvelda smölun og ferðir inn á afréttinn.<sup>6</sup>

Í september 1998 var farið í vettvangsferð um Síðuafrétt vegna óvissu um staðsetningu landamerkja milli Mörtungu og Eintúnaháls annars vegar og sömu jarða og „almennings afréttar“ hins vegar. Um þetta er nánar fjallað í kafla 5.7.

### 5.7. Mörtunga I-II

Mörtunga er talin með eignum Kirkjubæjarklausturs í máldaga 1218.<sup>7</sup> Eins og aðrar klaustureignir komst jörðin í eigu konungs eftir siðaskiptin.

Í jarðabók 1686 er Mörtunga talin 35 hundruð að dýrleika en 12 hundruð í jarðabók 1686 í samræmi við fornt mat og einnig í Jarðatali Johnsens 1847.<sup>8</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Mörtunga metin á 15,3 hundruð.<sup>9</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Skaftafellssýslur er glötuð en í jarðaskjölum frá byrjun 18. aldar er að finna eftirfarandi lýsingu á Mörtungu:

Landskuld 1<sup>o</sup> 90 ál., kúgildi 4. Tún þeirrar jarðar nú í betra lagi. Uppengjar í hrjóstur komnar, en þær neðri nýtanlegar. Haglendi ánægjanlegt. Hefur klausturhaldarinn Þórður Þorleifsson áður af slegið 20 álna landskuld og í burt tekið 2 kúgildi. Því virðist oss téð jörð með soddan móti billega byggjast megi með 1<sup>o</sup> 70 álnum og 2 kúgildum.<sup>10</sup>

Í jarðabók Kirkjubæjarklausturs 1779 er komist svo að orði um landkosti á jörðinni Mörtungu:

Godt og velrögtet Tun, saareliden og ufrugtbar Eng. godt og overflödigt Bedeland til Fields for Faar, Sætterbol som bruges.<sup>11</sup>

1 Skjal nr. 1 (5). Jón Þorkelsson vottar að útskriftin sé rétt. Orðin *og í hæstu öxlina...Kálfá og í Fagrafoss...úr landnorðri* eru undirstrikuð í frumriti.

2 Skv. nýju mati var jörðin 7,3 hundruð (skjal nr. 4 (25): *Ný jarðabók* 1861).

3 Skjal nr. 2 (36).

4 Sbr. skjal nr. 1 (6). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 147.

5 Sbr. orð Árna Jóns Eliassonar, oddvita Skaftárhrepps, við skýrslutökur í máli nr. 8/2003, október 2003.

6 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 93.

7 Skjal nr. 4 (2), sbr. skjöl nr. 4 (3, 17) (máldagi 1343) og skjal nr. 4 (12) (máldagi 1397).

8 Björn Lárusson 1967, s. 335. Skjal nr. 4 (24).

9 Skjal nr. 2 (25).

10 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 455, sbr. s. 444 (skjal nr. 4 (34)).

11 Skjal nr. 2 (15).

Mörtunga átti þannig nægilegt beitiland upp til heiða. Önnur klausturjörð, Breiðabólstaður, átti frá fornu fari upprekstur á Mörtunguheiði. Um 1150 settu bræðurnir Loðmundur og Dálkur Þórisssynir máldaga fyrir kristbúi því sem þeir stofnuðu á Breiðabólstað. Þar segir m.a.:

Christ bu þat er lodmundur þoris son ok dalkr brodur hans settu a breidabolstad er gefit kristi ok mario modur hans land allt med ollum gædum ok geirlandz heidur med merkium ... afretur þadan [þ.e. frá Breiðabólstað] j lambatungu ok a millum a [þ.e. milli áa].<sup>1</sup>

Þessi afréttur er síðan eignaður kristbúinu á Breiðabólstað í öllum varðveittum máldögum þess.<sup>2</sup> Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 segir um Breiðabólstað að hagar heima við séu þröngvir, „en jörðin á upprekstur í Lambatungum í Mörtunguheiði og selsátur í 1 mánuð undir Helgastaðafjalli í Geirlandsheiði“.<sup>3</sup> Einnig er minnst á þetta ítak í úttekt umboðsmanns Þjóðjarða 10. febrúar 1890. Ábúendur Þjóðjarðarinnar Breiðabólstaðar í Kleifahreppi höfðu áður skorað á hann að gefa álit sitt á hæfilegum leigumála jarðarinnar. Í úttekt umboðsmannsins segir m.a.:

Jörðin [Breiðabólstaður] á að eiga selsátur norðanantil í Geirlandslandi. Þetta geta þeir ekki notað sjer vegna fátæktar og vegalengdar, svo eiga þeir lambaupprekstur í svokölluðum Lambatúngum í Mördtúngu landi, sömuleiðis eiga þeir afrjettartiltölu sem aðrir í Síðu manna afrjetti. Þennan afrjett geta þeir ekki leigt eptir því sem þeir seiga, en þurfa hann ekki sjálfir með, svo hann verður þeim arðlaus.<sup>4</sup>

Nánar er fjallað um smölun Mörtungulands í kafla 5.12.

Elsta landamerkjalyásing Mörtungu, sem kunnugt er um, er í úttekt jarðarinnar frá 1847. Þar standa þessi orð: „Landamerki: Þvera að austan og sunnan, Geirlandsá að vestan og sunnan.“<sup>5</sup> Landamerkjum jarðarinnar er nánar lýst í landamerkjabréfi frá 1886:

Landamerkjalyásing jarðarinnar Mördtungu á Síðu samin 1886.

Milli Mördtungu og Prestsbakka ræður Þvera norður til afrjettar á Kaldbak.

Milli Mördt. og Geirlands ræður Geirlandsá þangað til Geirlandslandareign endar. Síðan ræður landamerkjum milli Mördtungu og Eintúnahálss Geirlandsá norður til Lauffells og svo lækur, er rennur niður í Geirlandsá fyrir vestan Lauffell allt norður að upptökum hans, síðan beina línu þaðan (¼: frá upptökum læksins) og norður til Hellisáar.

Oddur Oddsson og Eiríkur Bjarnason búendur á Mördtungu

Bjarni Þórarinsson ábúandi á Prestsbakka

Ásgeir Blöndal ábúandi á Geirlandi

Ketill Einarsson ábúandi á Eintúnahálsi.<sup>6</sup>

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 203.

2 Sbr. skjöl nr. 4 (11) (máldagi frá 1397) og 4 (23) (máldagi frá um 1570).

3 Skjal nr. 2 (35).

4 Skjal nr. 2 (53).

5 Skjal nr. 2 (46). Sama landamerkjalyásing kemur fyrir í úttekt 1857.

6 Skjal nr. 2 (4).

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 15. júní 1887 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Eins og fyrr er getið var Mörtunga eign Kirkjubæjarklausturs og síðar konungs. Með bréfi dags. 18. febrúar 1897 seldi landshöfðinginn yfir Íslandi ábúendum Mörtungu, Oddi Oddssyni og Eiríki Bjarnasyni, jörðina til eignar í samræmi við lög nr. 30 frá 26. október 1893. Áður hafði ráðgjafinn fyrir Ísland veitt til þess heimild.<sup>1</sup>

Samkvæmt gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 skiptist Mörtunga í tvær jarðir, hvor um sig 7,65 hundruð, og er önnur þeirra auðkennd sem ½ Mörtunga en hin Mörtunga II.<sup>2</sup>

Miðvikudaginn 30. september 1998 fóru oddviti, hreppsnefndarmaður og bændurnir í Mörtungu I og II í vettvangsferð um Síðuafrétt vegna óvissu um staðsetningu landamerkja milli Mörtungu og Eintúnaháls annars vegar og sömu jarða og „almennings afréttar“ hins vegar. Tilefni þessarar vettvangsferðar voru þau að hreppsnefnd Skaftárhrepps hafði látið gera lýsingu á mörkum heimalanda annars vegar og afréttar hins vegar og vildi fá það staðfest að hún væri rétt.<sup>3</sup> Í minnispunktum eftir ferðina segir m.a.:

Eftir að hafa borið saman landamerkjalyýsingu Mörtungu frá 1886 og dóm, sem kveðinn var upp á Kleifaþingi 1832, voru leiðangursmenn sammála um að eðlilegast væri að setja mörk milli Eintúnaháls og Mörtungu á þessum slóðum þannig að vestan Lauffells ráði lækur sá er rennur í Geirlandsá og getið er í Mörtungubrési að vestari upptökum og þaðan sé dregin lína beint til norðurs í Hellisá.

Mörk Eintúnaháls og afréttar myndu þá vera eftir Kálfá að efstu upptökum úr landnorðri (norðaustri) og þaðan eftir vatnaskilum að Mörtungulandi [hér er vísað til meðfylgjandi korts].

Í fyrirliggjandi landamerkjalyýsingum eru norðurmörk Mörtungu óljós. Sett hefur verið fram tillaga um að þessi mörk ráðist af línu sem dregin sé beint í vestur frá Hallsteinsvörðu að Hellisá og sama gildi um næstu jarðir fyrir austan. Meginrökin fyrir þessari línu eru þau að í landamerkjalyýsingu Hörgsdals frá 1888 er sagt eftirfarandi: „Úr Hallsteinsvörðu beint í vestur að Prestbakkalandi er markið milli heimalands og afréttar.“ Þessi lína er síðan framlengd allt vestur að Hellisá. Undirritaðir fóru eftir umræddri línu og eru sammála um að þessi tillaga sé rökrétt út frá fyrirliggjandi gögnum.<sup>4</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið samfelld í Mörtungu frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að hún hafi verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt eftir að hún var seld úr eigu landssjóðs 1897.<sup>5</sup>

## 5.8. Prestsbakkajarðir

Prestsbakki (Bakki) var eign Kirkjubæjarklausturs en virðist þó ekki nefnd í máldögum þess fyrr en 1397.<sup>6</sup> Eftir síðaskiptin komst Prestsbakki í eigu konungs eins og aðrar klausturjarðir.

Í jarðabók 1686 er Prestsbakki metinn á 40 hundruð en 12 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt jarðamat.<sup>7</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Skaftafellssýslur hefur ekki varðveist en í manntali 1703 kemur fram að á þeim tíma var „Bakki“ prestssetur (14 manns í heim-

1 Skjal nr. 2 (21).

2 Skjal nr. 2 (36).

3 Sbr. skjal nr. 4 (39). Sbr. einnig kafla 5.8.

4 Skjal nr. 5 (9). Þessa „minnispunkta“ undirrita oddvitinn, einn hreppsnefndarmaður og bændurnir í Mörtungu I og II.

5 Sbr. skjöl nr. 2 (99), 4 (53), 10 (5, 7, 9, 10). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 82-83.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 238 (máldagi 1397). Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 392-395 (máldagi 1218?). *Íslenskt fornbréfasafn* 2, 780-782 (máldagi 1343?).

7 Björn Lárússon 1967, s. 335.



ili) og einnig var búið í Bakkahjáleigu sem svo er nefnd.<sup>1</sup> Prestsbakki er einnig skráður 12 hundruð að dýrleika í jarðamati 1804 og í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin með hjáleigunni Prestsbakkakoti metin á 18,4 hundruð.<sup>2</sup>

Í úttekt á prestssetursjörðinni Prestsbakka 1839 er tekið fram að jörðin hafi „eingin Jtök, Hlunnindi eða Herlegheit, er hardbalaleg og fremur landlitol og framflitur ecki meiri Fénad enn Medalbóndi vidþar“.<sup>3</sup> Í úttekt 1867 er jörðinni gefin sú umsögn að hún sé „ekki mjög erfið, en hvörki kosta né landrík“ og telst geta framfært í meðalári 3 kúm, 60 ám og 60 sauðum.<sup>4</sup> Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er beitolandi Prestsbakka lýst sem „fjalllendi og láglandi, nægilega víðlent, sumarþétt allgóð, vetrarþétt í meðallagi, fremur snjóþétt“.<sup>5</sup>

Landamerkjabréf Prestsbakka var undirritað 4. júní 1890 og er á þessa leið:

Landamerki prestsetursins Prestsbakka í Vesturskaptafellssýslu með hjáleigunni Prestsbakkakoti.

Að austan er markið milli Prestsbakka og Hörgsdals úr Tvíþúfu á Hraunfelli beina línu í austuröxlina á Há-Kaldbak, þaðan til aftrjettar. Suður á bóginn úr Tvíþúfu og beinustu línu í vörðuna á Hábrekku fyrir austan Prestsbakkakot, í efri endann á Merkilág, svo beina línu í Þvermarkið á söndunum fyrir framan<sup>6</sup> Breiðbalakvísl.

Að vestan ræður Þverá og Geirlandsá. Þegar Geirlandsá sleppur er marklínan úr mynni hennar og beint á Þvermarkið á söndunum fyrir sunnan Breiðbalakvísl.

Jörðin á upprekstur fyrir geldfjænað á afrétt Síðumanna.

Prestsbakka 4. júní 1890

Bjarni Þórarinsson

Sigurður Sigurðarson, Kristófer Þorvarðarson

B. Bjarnason<sup>7</sup>

Sem ábúandi á Kirkjubæjarklaustri er jeg þessari merkjalýsingu samþykkur

Sigurður Ólafsson

Þórunn Sigurðardóttir (handsalað)

Eiríkur Bjarnason<sup>8</sup>

1 Skjal nr. 4 (35).

2 Skjöl nr. 2 (34) og 4 (24, 25). Í *Nýrri jarðabók* (1861) er forna matinu, 12 hundruðum, skipt á milli Prestsbakka (8 hundruð) og hjáleigunnar (4 hundruð).

3 Skjal nr. 2 (66).

4 Skjal nr. 2 (68).

5 Skjal nr. 2 (36).

6 *sunnan* strikað út og *framan* skrifað milli lína.

7 Ekki kemur fram hverjir þeir menn voru sem undirrituðu bréfið. Af heimildum er þó ljóst að Bjarni Þórarinsson er presturinn á staðnum, Sigurður Sigurðarson og Kristófer Þorvarðarson hafa sennilega verið ábúendur á Breiðabólstað og B(jarni) Bjarnason í Hörgsdal (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 75, 97).

8 Skjal nr. 2 (8).

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkja-bók Skaftafellssýslu.

Árið 1998 lét hreppsnefnd Skaftárhrepps taka saman lýsingu á mörkum heimalanda annars vegar og afréttar hins vegar. Á svæðinu milli Skaftár og Hverfisfljóts var lýsingin þessi:

Fyrir landi Skaftárdals liggja mörkin frá punkti, sem er við suðurbrún Eldhrauns norðvestur af hæsta toppi Leiðólfsfells, beint í vestur til Skaftár, í Miðvatn, skammt sunnan við þann stað, þar sem Landvatnið greinist til austurs frá Miðvatninu. Frá nefndum punkti við suðurbrún Eldhrauns liggja mörkin með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman, og að Hellisá, sem ræður að landi Holts. Fyrir landi Holts ræður Hellisá og síðan Kálfá. Áfram liggja mörkin eftir Kálfá í efstu upptök hennar úr norðaustri. Framkvæma þarf vettvangskönnun til að skera úr um hvar vesturmark Mörtungu kemur að Hellisá og hvernig línan frá efstu upptökum Kálfár úr norðaustri tengjast þeim punkti. Frá þeim punkti, þar sem vesturmark Mörtungu kemur að Hellisá eru mörkin óljós að Hallsteinsvörðu, að öðru leyti en því að samkvæmt landamerkjalyksingu Hörgsdals, liggja þau beint í vestur frá Hallsteinsvörðu. Úr Hallsteinsvörðu liggja mörkin beint í stórt gil norðarlega í Hnútu og beint áfram að Hverfisfljóti. Þaðan liggja mörkin eftir Hverfisfljóti norður til Vatnajökuls.<sup>1</sup>

Ábúendur Mörtungu 2, Prestsbakka og Prestsbakkakots gerðu þá athugasemd við þessa lýsingu að þeim „[virtist] vera eðlilegast að draga línu úr Hallsteinsvörðu og í vesturmark Mörtungu við Hellisá þó ekki sé hægt að taka fyrir það að þessar jarðir eigi land norðan þeirrar línu“.<sup>2</sup>

Eins og áður er getið var Prestsbakki klausturjörð og síðar konungseign. Jörðin var seld ábúanda hennar með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 12. nóvember 1958, samkvæmt lögum nr. 4 frá 26. febrúar 1946 um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.<sup>3</sup> Sama dag gerði kaupandinn, Jón Pálsson, jörðina að ættaróðali samkvæmt b lið 1. gr. laga nr. 4/1946.<sup>4</sup> Prestsbakkakot var á sama hátt selt ábúanda jarðarinnar, Þorbergi Jónssyni, með afsalsbréfi, dags. 4. október 1966, samkvæmt lögum nr. 102 frá 31. desember 1962.<sup>5</sup> Jarðirnar hafa síðan gengið kaupum og sölum.<sup>6</sup>

## 5.9. Hörgsdalur I-II

Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 er getið um kirkju í Hörgsdal.<sup>7</sup> Samkvæmt máldaga frá um 1340 átti Þykkvabæjarklaustur „itölu“ í Hörgsdal, samanlagt 5 auru (fjórðung úr kúgildi).<sup>8</sup> Á sama tíma átti kristbúið að Keldunúpi selsetur í Hörgsdal. Í máldaga kristbúsins frá 1397 standa þessi orð: „Selsetur j Seltungur. enn halfann manud j Horksdals land.“<sup>9</sup> „Ítala“ í Hörgslandi var hins vegar eignuð Kirkjubæjarklaustri í máldögum frá öndverðri 14. öld.<sup>10</sup>

Eftir síðaskiptin komst Hörgsdalur í eigu konungs. Í jarðabók 1686 er jörðin metin á 45 hundruð en 24 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat.<sup>11</sup> Þá var tvíbýli á jörðinni en þrívýli

1 Skjal nr. 4 (39).

2 Skjal nr. 4 (39). Sbr. einnig það sem sagt er um þetta mál í kaflanum um Mörtungu 5.7.

3 Skjal nr. 11 (5).

4 Skjal nr. 11 (6).

5 Skjal nr. 11 (8).

6 Sbr. skjöl nr. 4 (54, 55), nr. 11 (9, 11) og nr. 11 (12) („ættliðaskipti“ á ættaróðalinu Prestsbakkakoti).

7 Skrá nr. 4 (21).

8 Skjal nr. 4 (5).

9 Skjal nr. 4 (13). Sbr. skjal nr. 4 (23) (máldagi frá um 1570). Þetta selsetur er ekki nefnt í stofnmáldaga kristbúsins frá um 1150 (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 201).

10 Sbr. skjöl nr. 4 (3) (máldagi Kirkjubæjarklausturs frá um 1343), 4 (12) (máldagi 1397). Björn Lárusson (1967, s. 335) gerði ráð fyrir að bæði Hörgsdalur og Hörgsland hefðu verið í eigu Kirkjubæjarklausturs. Hörgsdalur (Haurisdalur) er einnig talinn með Kirkjubæjarklaustursjörðum í registri frá byrjun 18. aldar (sbr. skjal nr. 4 (34)).

11 Björn Lárusson 1967, s. 335.

1769 samkvæmt uppkasti að jarðabók Kirkjubæjarklausturs frá síðari hluta 18. aldar.<sup>1</sup> Í jarðamati 1804 var enn þrífylli á jörðinni og dýrleikinn óbreyttur, 24 hundruð. Hörgsdalur er einnig skráður sem 24 hundraða jörð í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er hann metinn á 25,8 hundruð.<sup>2</sup>

Í jarðamatinu 1804 er gerð eftirfarandi athugasemd: „Her er ikke Nedsættelse for Beder nødvendig, da Udegangen er temmelig god.“<sup>3</sup> Þetta er í samræmi við það sem stendur í jarðamati 1849: „Hagar eru víðlendir og sæmilega góðir... en heldur örðug smalamennska.“<sup>4</sup>

Elsta landamerkjalyásing Hörgsdals, sem kunnugt er um, er í úttektafbók klaustrajarða 1843-1867. Árið 1847 er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig:

Landamerki: að vestan klettnefið fyri ofan svonefnda Arnkötlusteina, til norðr út norðurs í Tvíþúfu á Hraunfelli, þaðan í Öxlina fyri vestan Herdýsarkrók á Kallbak, þaðan sömu stefnu til afrettar; að austan ræðr Hörgsá fram fyri bæ og norðr fyri fremri Hörgsárbotna, þaðan beina stefnu í Afrétt.

Að sunnan, úr opnu Hörgsargljúfri, í austurendann á Merkilág eðr Merkigarði, rétt norðrundan Svartkötlusteinum.<sup>5</sup>

Landamerkjabréf Hörgsdals var undirritað 19. júní 1888 og er á þessa leið:

Landamerki fyrir jörðinni Hörgsdal á Síðu gjörð árið 1888 og samþykkt af undirskrifuðum ábúendum:

1. Milli Hörgsdals og Hörgslandstorfunnar: Úr vörðunni neðst á Merkigerði í Merkilág beint í mitt Hörgsargljúfur fremst, svo ræður Hörgsargljúfur norður þangað sem innri Hörgsá kemur að vestan; á brúninni norðanvið þar sem Hörgsargljúfur endar, er varða hlaðin; úr henni er markið í Hallsteinsvörðu austast. Úr Hallsteinsvörðu beint í vestur að Prestsbakkalandi er markið milli heimalands og afrjettar.
2. Milli Hörgsdals og Keldunúps: Úr vörðunni neðst á Merkigarði í Merkilág í neðsta háfa Hamarsnefið upp yfir Svartkollusteinum, svo úr því nefi innað fjallsbrúnunum í vörðu þá sem hlaðin er í brúninni á Langadal; úr þeirri vörðu beint vestur í Tvíþúfu.
3. Milli Hörgsdals og Prestsbakka; Úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæsta hnúknum á Kaldbak, þaðan sömu línu til afrjetta.

Jörðinni fylgir fjara milli Hörgslands- og Keldunúpsfjöru, að stærð 400 tölfræð og 80 faðmar.

Hörgsdal 19. júním. 1888

Bjarni Bjarnason ábúandi

Bjarni Þórarinsson ábúandi Prestsbakka.

Magnús Þorláksson

1 Skjal nr. 2 (17).

2 Skjöl nr. 4 (24, 25).

3 Skjal nr. 2 (34).

4 Skjal nr. 2 (35). Sbr. einnig skjal nr. 2 (36) (fasteignamat 1916).

5 Skjal nr. 2 (47). Undirstrikun í handriti. Í uppskrift þessarar úttektafbókar, sem varðveitt er hjá sýslumanninum í Vík, eru tvö meginfrávik frá þessum texta. Í stað orðalagsins „fyri ofan svonefnda Arnkötlusteina“ stendur „fyri ofan svo nefnda Svartkollusteina“ og í stað orðalagsins „rétt norðrundan Svartkötlusteinum“ stendur „rétt niður undan Svartkollusteinum“ (sbr. skjal nr. 4 (68)).

Páll Stefánsson

Bergur Bergsson

Egill Guðmundsson

Runólfur Sigurðsson {ábuendur á Hörgslandstorfundi<sup>1</sup>

Jón Pálsson

Jón Jónasson {ábuendur Keldunúpi

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 23. júní 1888 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Frá lokum 19. aldar eru til a.m.k. tvær lýsingar á „þjóðjörðinni“ Hörgsdal.<sup>2</sup> Í síðari lýsingunni, dags. 4. febrúar 1897, gerir umboðsmaður grein fyrir jörðinni í tilefni af því að ábuandi hennar hafði óskað eftir því við stjórnvöld að fá að kaupa hana. Jörðin var þá talin 21 hundrað að dýrleika „eptir mati sem gekk í gildi 6. júní næstliðinn“ og taldi umboðsmaðurinn hæfilegt söluverð 3100 kr. Sýslunefnd mælti með að hún yrði seld á 3000 kr.<sup>3</sup>

Önnur úttekt fór fram 1906 í samræmi við lög frá 20. október 1905 um sölu þjóðjarða. Þar segir m.a.:

Jörðin er, eins og mat hennar segir til með stærstu jörðum hjer í þessu byggðarlagi, og er að okkar áliti ein með þeim bestu til ábúðar. Tún hennar eru þó ekki stór, en liggja vel til ræktunar. Útengjar aptur á móti nokkuð víðáttumiklar, en meiri hlutinn af þeim fremur snöggur nema þá í bestu grasárum. Heyflutningur mjög hægur. – Nú á seinni árum hafa slægjurnar gengið mikið af sjer bæði af óviðráðanlegum, stórkostlegum skriðuföllum að ofan úr fjallinu. Einnig hefur Hörgsá brotið upp stórt stykki af undirlendinu, sem áður var góð slægja en nú er stórgrýtis malaraur, og það sem eptir er óbrotið af undirlendinu, fer Hörgsá árlega yfir og tekur þá hey í burt eða skemmir grasið með mold og aur, að óslægt er það árið. – Hagar eru með þeim bestu er gjörast í þessu byggðarlagi; víðáttumiklir.<sup>4</sup>

Jörðin var síðan seld ábuandanum fyrir 4000 kr. með bréfi, dags. 12. október 1910, að fengnu leyfi ráðherra.<sup>5</sup> Heimildir benda ekki til annars en að eftir þetta hafi Hörgsdalur verið framseldur og veðsettur á venjubundinn hátt.<sup>6</sup>

Árið 1992 fóru fram landskipti á jörðinni og voru heiðarlönd norðan þeirra marka, sem þar voru dregin upp, í óskiptri sameign. Samkomulag var um að eignarhlutarnir sem þannig urðu til skyldu nefnast Hörgsdalur I og Hörgsdalur II.<sup>7</sup>

## 5.10. Hörgslandsporr

Hörgslands er getið í máldaga Kirkjubæjarklausturs sem talinn er frá um 1343. Klaustrið átti þá „itölu“ í Hörgslandi, hálfá mörk vöru (um fimmtung úr kúgildi).<sup>8</sup> Ítalan var ein mörk vöru sam-

1 Skjal nr. 2 (6). Ábuendur á Hörgslandstorfundi eru frá Magnúsi Þorlákssyni og hingað.

2 Sbr. skjöl nr. 2 (74) (mat umboðsmanns 1891) og 2 (77) (lýsing umboðsmanns 1897).

3 Skjal nr. 2 (77).

4 Skjal nr. 2 (56).

5 Skjal nr. 2 (22).

6 Sbr. skjöl nr. 8 (6-9), 4 (56).

7 Skjal nr 8 (9).

8 Skjöl nr. 4 (3, 17).

kvæmt máldaga klaustursins 1397.<sup>1</sup> Hörgsland hefur þannig komist í eigu klaustursins og varð eign konungs eftir siðaskiptin.

Árið 1652 gaf konungur út tilskipun um stofnun holdsveikraspítala á Hörgslandi og fleiri konungsjörðum.<sup>2</sup> Fimm árum síðar hafði Eiríkur Sigvaldason, bóndi á Búlandi og lögréttumaður, látið reisa þar „spítalshús“ að fyrirsögn Brynjólfs biskups Sveinssonar.<sup>3</sup> Heimildir eru fyrir því frá byrjun 18. aldar að greiddur var „hospítalshlutur“ til Hörgslands af veiði Mýrdælinga.<sup>4</sup>

Hörgsland var ekki metið til dýrleika í jarðabók 1686 en í jarðabók 1695 var það talið 24 hundruð.<sup>5</sup> Í manntali 1703 eru nafngreindir 27 einstaklingar á Hörgslandi auk þeirra sem bjuggu í Hörgslandshjáleigu, samtals 32.<sup>6</sup> Hörgsland er einnig skráð sem spítalajörð („Hospitals Gaard“) í jarðamati 1804. Auk Hörgslandskots eru tvær aðrar hjáleigur nefndar frá Hörgslandi: Mosakot og Múlakot.<sup>7</sup> Dýrleiki Hörgslands er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847, 24 hundruð, og voru hjáleigurnar þrjár þar reiknaðar með.<sup>8</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 var Hörgsland ásamt hjáleigunum hins vegar talið 44,5 hundruð að dýrleika.<sup>9</sup>

Elsta landamerkjalyýsing Hörgslands, sem kunnugt er um, er frá 1707:

Það vær underskrifader sannast heirt höfum landamerke vera Hospitals Jardarenar Hörgslands ä Sydu, og ätölulaust brukad ad Vorre Vitund, er sem effterfilger. Ä Nordursydu Hallsteins Varda og Audulbruarä, a Vestur Sydu Rædur Hörgsä sudur ad Merkegarde. Ä Mille Kieldugnups og Hörgslands skal standast ä Midmark rett Mille skogfoss og landbrots tänga, ad sunnann verdu er ad fornu nefnd Hörgslands Þufa Mark vered hafa. Ä austur sy[du] ad sunnann rædur Merkeskier, þaðann i Vodhamar, sem er sialfft firer vestann Merkelæk, og so upp ur Merkedal, og það rett uppeffter gegnt fossmarke, þar til þuerär, og Dals land vidtekur og það allt Nordur ad Audulbruarä. Skögar itak er sagt Hörgsland eige i þuerärlande Nef[nt?] Brattland, Med Vissum ummerkium /: Hraunfiöru ad fornu Nefnda Nu Hörgslands fiöru, hefur Hospital[] brukad sydann stiftfad var, su fiara liggur Næst firer Vestann Foss Fiöru, og ad allt firrskrifad so i sannleika sie sem ofannskrifad er, effter Vorre Vitund og Skinseme eru til Merkes Vor Nöfn. Utgefed ad Kleifabinge under Fialle ä Sydu d 24 Maý Anno 1707.

Eyrekur Sigurdsson meh

Arne Ereksson meh

Sæmundur Jonsson meh

Jön Jonsson meh<sup>10</sup>

Í byrjun 19. aldar greina heimildir frá því ágreiningur hafi verið milli spítalahaldarans á Hörgslandi og eignarmanna hálftrar jarðarinnar Foss. Á sáttafundi, sem haldinn var að Kirkjubæ 23. september 1807, sökuðu þeir spítalahaldarann um að hafa tekið undir ábylisljörð sína, Hörgsland, „Part af Landi fyrr tédrar Jardar Foss, og umm nockur undan farin Ár brúkad og yrkt, bædi Haga Engiar; Meltak og iafnvel Part af Fiöru, móti gömlum Landamer[k]ia Skiölum og lögfestum nefndrar Jardar, er hann í Hendi hefur“. Síðan gerðu þeir nánari grein fyrir þessum gömlu landamerkjaskjöllum:

Þad eldsta og helsta þar af (hvar ä Lögfesturnar bygdar eru) af dato 28da Octobr 1701 var framlagt og

1 Skjal nr. 4 (12).

2 Björn Lárusson 1967, s. 170 (22. nmgr.).

3 *Alþingisbækur Íslands*. 6. b. Reykjavík 1933-1940. S. 412.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 479-480.

5 Björn Lárusson 1967, s. 335.

6 Skjal nr. 4 (35).

7 Skjal nr. 2 (34).

8 Skjal nr. 4 (24).

9 Skjal nr. 4 (25).

10 Skjal nr. 2 (58). Í heimild frá 1702 um héraðsþing á Kleifum er Árni Eiríksson sagður hreppstjóri en Sæmundur Jónsson fyrrverandi hreppstjóri. Um hina mennina er ekki vitað með vissu (sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 443).

upplesid, það tilgreinir: „ad Landamerki milli Foss og Hörgslands hafi verið haldin átölulaust frekan Man<sup>n</sup>s Aldur (þegar Meining þess er adgiætt) úr Fialls Gnípu, edur réttara ad segja Kambinum, skamt fyrir vestann Fossin sem rennur ofan úr Merkidal, og í MerkiSkér sem stendur sudur á Sandinum, og so Sionhendíng út eftir Sandi til Skaptár, so langt sem Sandur og Gras tilvinnt; svo og á sömu Síðu uppá Heidinni tilvísa Vordurnar, er þar eiga ad vera, og so langt norður eftir, sem á austur Síðu er umm gétid.“ Hér til svarar Hóspítalshaldarin: Ad so miklu Leiti, er eg Híngad til hefi forsvarad Abyli mitt Hörgsland, hefi eg haldid mér vid Vitna Tekt Sysslumans Lids Gudmundssonar af 23ia Septembr 1801, og henni samhlióda Vitnisburd Formans míns Klausturhaldara Páls Jónssonar, af 7da Sept. S.A., n[efni]ll[ega] ad hann (ásamt 4m Vitnum) hafi ej nockurn Tíma heyrð Tvímæli á leika, ad so kalladur Merkilækur skyldi La[nd mi]lli<sup>1</sup> Foss og Hörgslands; samt Politie Úrskurdar Sysslumanns J. Gudmundssonar, génginn þann 29<sup>da</sup> Maíi 1804, er segir: „ad Hóspítals Jörðin Hörgsland skuli med fullu Frelsi hafa til allra mögulegra Nota og Brúkunar alt það Land, sem liggur fyrir vestan þau, nú á nærverandi Tíð, fastsettu Fiðrumörk milli Foss og nefndrar Hóspítals Jarðar Hörgslands beina Línu úr Merkilæk ad reikna, m.m.“ – „sem gylda skal sem endilegur osvektur Dómur, so léngi Eigendur Bænda Eignarinnar hálfis Fosslands, ecki vid Áreid og nyar sterkari Bevísingar framfærdar á síálfu Þrætu Plátsinu, útretta endilegann Réttarins Dóm sem gæti upphafid þenna Politie Úrskurd og þá Hefð er eg meina komin sé á Brúkun optnefnds Þrætu Parts.[“<sup>2</sup>

Eigendur hálftrar jarðarinnar Foss buðu því næst landaskipti í sáttaskyni:

Til þess, ad Forlíkun gæti akomist í hér tédu Málefni, bíður Sækiandin, ad hann vili afstanda þeim Parti af Skialdbreidar Melumm er hann meinar sér, eftir sinu hér innfærda gamla Landamerkia Skiali, mundi vid Áreid ad mestu tilheyra, til Hóspítals Haldarans, soleidis: Ad annar Helmingur nefndra Skialdbreidar Mela skuli hér eptir, um þeirra Lífs Tíð, tilheyra Hóspítals Jörðinni Hörgslandi, enn hinn Hálfpartur sömu Mela Jörðinni Fossi.<sup>3</sup>

Sítalahlaldarinn svaraði því til að hann hefði ekkert umboð sem leiguliði til að semja um landamerki. Varð því ekki um sættir að ræða.

Frá lokum 19. aldar eru til a.m.k. tvær úttektir á klausturjörðum sem umboðsmaður vann fyrir sýslumannsembættið ef til þess kæmi að þær yrðu seldar.<sup>4</sup> Í síðari úttektinni 1897 kemst umboðsmaðurinn m.a. svo að orði:

Jörðin hefur stór og falleg tún, og með góðri rækt myndu þau gefa mikið af sjer. Útslægjur eru víðáttu miklar og heldur grasgefnar, og má með litlum tilkostnaði stórum bæta þær með áveitum, graslendi er þar óðum að gróa upp úr sandi og melum, og yfir höfuð stendur jörðin til bóta, fjara fylgir fremur rekasæl, hagarimindi mikil og afrijetarland að tiltölu við aðrar jarðir í hreppnum.<sup>5</sup>

Landamerkjabréf „þjóðjarðarinnar“ Hörgslands var undirritað 21. maí 1890 og er á þessa leið:

Landamerki fyrir þjóðjörðinni Hörgslandi í Vestur Skaptafellssýslu.

Að austan milli Foss og Hörgslands: Úr Upsatanga að norðan á vörðu á Krókaskeri og þaðan í Kamb-

1 Það sem er í hornklofa er tilgáta.

2 Skjal nr. 2 (69).

3 Skjal nr. 2 (69).

4 Sbr. skjöl nr. 2 (54) (úttekt 1891) og 2 (76) (úttekt 1897).

5 Skjal nr. 2 (76). Umboðsmaðurinn taldi hæfilegt söluverð jarðarinnar vera 5800 kr. en sýslunefnd vildi færa það niður í 5000 kr.

inn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk, úr þeim Kambi í skerið niðri á sandinum, þaðan beina línu eptir áðurgreindum mörkum í stiku, sem er ofanvert við mela heimajarðarinnar Hörgslands, – þaðan austur á við í aðra stiku efst í breiðu leirunni, sem aðskilur Foss- og Hörgslands-mela, þaðan enn í stiku syðst í sömu leiru, þaðan beint í suður að rekamáli.

Að vestan milli Hörgsdals og Hörgslands: Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan, í gljúfrið vestur af Stakki, úr því ræður Hörgsá, sem ræður þar til gljúfrið endar; svo úr minni Hörgsárgljúfurs í vörðu á Merkigarðsenda, þaðan beina línu í vörðu austan<sup>1</sup> við háskerid á Uppsalahálsi; úr þeirri vörðu beina línu að rekamáli þannig, að nefnd varða beri í Skógfoss. Þeir ábúendur í Landbroti, sem hjer eiga land að, hafa rjett til sinn ábúðartíma að nota graslendi það, sem liggur að línu þessari utan Skaptár. Fjara tilheyrir jörðinni. Vesturmörk: stika við flæðarmál, er beri mitt á milli Killa og Hlöðubrekknna. Austurmörk: Stika við flæðarmál í aðra stiku ofar, er beri í Harðavallarfall og það aptur beri í hvössu öxlina á Kaldbak að austan.

Jörðin á upprekstur á Síðumannaafrétt að rjettri tiltölu við aðra Síðumenn.

Gjört á Prestsbakka 21. maim. 1890

Bjarni Þórarinsson [prestur á Prestsbakka]

Ólafur Pálsson umboðsmaður

Helgi Bergsson [Fossi]

Sigríður Steingrímsdóttir [Hörgslandi]<sup>2</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Í öðru landamerkjabréfi, frá 5. maí 1922, er lýst sameiginlegum merkjum þriggja jarða, Hörgslandskots, Hörgslands og Múlakots:

Landamerki fyrir jörðunum Hörgslandskoti, Hörgslandi og Múlakoti í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að austan milli Brattlands, Foss og ofangreindra jarða: Úr Ystatanga að norðan, bein lína í vörðu á Krókaskeri. Þaðan bein lína í Kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk. Þaðan bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan í vörðu á skerinu, sem er á sandinum neðan við graslendið. Úr þeirri vörðu bein lína í vörðu, sem hlaðin er upp neðan við Foss og Hörgslandsmela. Þaðan bein lína í aðra vörðu, sem hlaðin er upp austan við svonefnda Hörgslandsmelabót. Þaðan bein lína eftir sömu stefnu að rekamáli.

Að vestan milli Hörgslands, Keldunúps og Landbrotsjarða er hlut eiga að máli og ofangreindra jarða:

Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan í gljúfrið vestur af Stakki. Úr því ræður Hörgsá þar til gljúfrið endar norðvestan við Múlakot. Svo úr minni Hörgsárgljúfurs í Merkigarðsenda. Þaðan bein lína í vörðu austan við háskerid á Uppsalahálsi. Úr þeirri vörðu bein lína að rekamáli þannig að nefnd varða beri í Skógfoss í Hörgsdalslandareign, (miðað að sunnan).

Fjara fylgir jörðunum. Vesturmörk: Stika við flæðarmál er beri í melakoll stakan ofan við rekamál og mitt á milli Killa og Hlöðubrekknna í Geirlands landareign. Austurmark: Stika við flæðarmál er beri í

<sup>1</sup> *austan* bætt við milli lína.

<sup>2</sup> Skjal nr. 2 (9). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 68, 72.

hamrabrúnina á Harðavallarfjalli þar sem hún er hæst og þau mið beri í hvössu öxlinna á Kaldbaki að austan.

Jarðirnar eiga upprekstur á Síðumannafrjett að tiltölu við aðra Síðumenn.

Gjört að Hörgslandi 5. maí 1922

Loftur Ólafsson Þorlákur Vigfússon Einar Pálsson

Steingrímur Steingrímsson fyrir hönd Hörgslandsjarða

Lárus Helgason (Fyrir  $\frac{3}{4}$  jarðarinnar Foss)<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp 13. júlí 1922 og fært í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Þegar fasteignamat var gert 1916 skiptist Hörgsland í tvær jarðir. Önnur þeirra var þriðjungur heimajarðarinnar, metin á 7,4 hundruð, en hin var 14,8 hundruð að dýrleika. Hörgslandskot (11,2 hundruð) og Múlakot (11,5 hundruð) eru tilgreind sem sérstakar jarðir og „þjóðeign“ eins og Hörgsland en Mosakot er þar ekki nefnt.<sup>2</sup> Jarðirnar Hörgsland (þ.e. þriðjungur heimajarðar annars vegar og tveir þriðju hins vegar), Hörgslandskot og Múlakot voru allar seldar sama dag árið 1919 með afsölum sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra gaf út 19. nóvember það ár.<sup>3</sup> Salan fór fram að undangenginni matsgerð í samræmi við lög nr. 31, 20. október 1905, um sölu þjóðjarða.

Í ágúst 1963 komu eigendur og umráðamenn jarða í Hörgslandshreppi sér saman um skiptingu lands „milli þjóðveggar að ofan og sandsins að neðan, Fossmarka að austan og óskiptri landsræmu að vestan, sem ætluð er fyrir umferð búfjar“. Skipt var í þessum hlutföllum: Múlakot 25%, Hörgsland II 39,58%, Hörgsland I 16,67% og Hörgslandskot 18,75%.<sup>4</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið samfelld á Hörgslandi frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að Hörgsland, Hörgslandskot og Múlakot hafi verið framseld og veðsett á venjubundinn hátt eftir að þessar jarðir voru seldar úr eigu landssjóðs árið 1919.<sup>5</sup>

### 5.11. Þverá/Brattland

Þverá er nefnd í máldaga Kirkjubæjarklausturs frá um 1218. Frá Þverá skyldi þá greidd mörk (tæplega hálftrýð) til klaustursins. Klaustrið átti þannig „ítölu“ í Þverá en hún er ekki talin með þeim jörðum sem „[lágu] með ollvm gæðvm. melvm oc fiorvm oc skogvm til kirkivbæiar“.<sup>6</sup>

Heimildir eru fyrir því að á jörðinni Þverá hafi verið starfrækt kristbú með fjórðungskirkju (messuskyldu fjórða hvern helgan dag). Í eina varðveitta máldaga kristbúsins, sem talinn er frá um 1367, er greint frá eignum þess í fríðu og ófríðu, ítökum og hlunnindum en um fasteignir er ekki getið:

Christzbued ad þuera a þremur am fatt j lx. [þ.e. 57 ær] vj kyr. mæler korns. xij alner og. c. j ofridu voruvirdt.

1 Skjal nr. 2 (12).

2 Skjal nr. 2 (36). Í matsgerð um Múlakot, dags. 12. júní 1918, er Mosakot talið með Múlakoti (sbr. skjal nr. 2 (57)).

3 Sbr. skjöl nr. 2 (30-32, 33, 57).

4 Skjal nr. 9 (14). Þetta eru sömu hlutföll og koma fram í ritinu *Sunnlenskum byggðum* 6, s. 69, 71, 72 og 73.

5 Sbr. skjöl nr. 4 (57-60), 9 (9, 13, 16-25). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 69-73.

6 Skjal nr. 4 (2). Sbr. einnig skjöl nr. 4 (3 og 17) (máldagi Kirkjubæjarklausturs 1343?) og skjal nr. 4 (12) (máldagi Kirkjubæjarklausturs 1397).



ij skogarteigar j sulufell. þridie j blagilium. fiorde j leitulande. fimte a logey. siotte j eireksfelle.

Eingeteigur fyrir austann fosslæk vtann gardz. tueggia fadma einge j backaland.

Siottung j horksdælafioru. þridiung j christbua fioru.

lx. mels j skialldbreid.

vijj hrossa beit j hrossamírar fra veturnottum til sumars.

þar skulu vera þrijr kuenngildir omagar. luka preste mork og syngia hinn fiorda huerinn dag loghelgann.

atta hrossa heytoll,

gefa skal eyre til klæda huerium omaga a xij manudum þeim sem a christzbuinu situr.

luka ix. aura voru til kirkiubæar arliga.<sup>1</sup>

Brattland mun vera sama jörð og nefnd er Þverárdalur (Dalur ytri) í fornum heimildum.<sup>2</sup> Í máldaga Kirkjubæjarklausturs, sem talinn er frá um 1343, er Vestridalur nefndur með „londvum stadarins í kirkiubæ“ sem klaustrið átti „jnnitekt af“, að upphæð eitt hundrað.<sup>3</sup> Tvær jarðir með nafninu Dalur eru eignaðar Kirkjubæjarklaustri í máldaga 1397 og er önnur trúlega Dalshöfði en hin Þverárdalur.<sup>4</sup>

Bæði Þverá og Þverárdalur eru skráðar sem konungseignir í jarðabókum eftir siðaskiptin eins og aðrar klausturjarðir. Í jarðabók 1686 er Þverá talin 28 hundruð og 80 álnir að dýrleika, og var þá miðað við landskuld hennar, en 12 hundruð í jarðabók 1695 í samræmi við fornt mat. Í sömu jarðabókum er Þverárdalur fyrst metinn á 13 hundruð og 80 álnir (1686) og síðan 6 hundruð (1695).

Í úttekkt á jörðum Kirkjubæjarklausturs, sem gerð var í ágúst 1703, er þessi lýsing á Þverárdal:

Landskuld 80 álnir, kúgildi 0. Tún þar nokkuð uppbrotið af Hverfisfljóti fyrrum og nú, horfist og framvegis til meiri spjalla. Engjar öngvar nema hvað litið slegið verður í beitarlandi. Skógur að mestu eyddur. Hefur föðrast það menn vita 9 nauta þungi, en nú tvær kýr og vetrungur. Af oss álitíð, að byggist með 60 álnum, kúgildislaust.<sup>5</sup>

Frá sama tíma er þessi lýsing á Þverá:

Landskuld 1° 60 ál., kúgildi 4. Túnið spillt af læk, sem á ber leir og grjót árlega so og víðar af moldarálhlaupi, en engjar, sem verið hafa, komnar í grjót og hrjóstur, mjög gagnlitlar, hverjar og árlega spillast af skriðum og steinahlauptum úr fjallinu og ei horfist til lagfæringar. Hafa þar föðrast það menn til vita 12 naut, 3 hestar, 3 trippi og 20 lömb. Nú í betra ári 6 kýr, einn hestur og 20 lömb. Álitum vér og metum, að sú jörð þolanlega byggjast kunni fyrir 1° 20 álnir með 2 kúgildum.<sup>6</sup>

1 Skjal nr. 4 (10).

2 Þetta kemur fram í „heimildaskráningu jarða í fornum prenheimildum“, ópr. handriti án titils í vörslu óbn.

3 Skjöl nr. 4 (4, 17).

4 Skjal nr. 4 (12).

5 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 454, sbr. s. 444.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 454, sbr. s. 444.

Þverárdalur (Ytridalur) fór í eyði í Skaftáreldum 1783.<sup>1</sup> Samkvæmt jarðamati 1804-1806 var það, sem eftir var af eyðijörðinni Ytradal, nytjað af ábúendum Þverár og Hörgslands.<sup>2</sup> Á fyrri hluta 19. aldar hófst búseta að nýju á hinum byggilega hluta Þverárdals og nefndist jörðin eftir það Brattland.<sup>3</sup> Það var metið á 6 hundruð í Jarðatali 1847 en Þverá var eins og áður 12 hundruð að dýrleika.<sup>4</sup> Í Nýrri jarðabók 1861 er Brattland einungis metið á 3,6 hundruð en Þverá er þar talin 12,9 hundruð að dýrleika.<sup>5</sup>

Árið 1836 var reynt að komast að samkomulag um landamerki Brattlands, Þverár og Foss. Deildu ábúendur þessara jarða um skógarrið sem bóndinn á Brattlandi taldi heyra sínu landi til:

Ár 1836 þ. 18 junji mættu eftir löglegu fyrirkalli fyrir sættanefndina bændurnir David Jonsson á Brattlandi, Eiríkur Jónsson á Þverá og Þorsteinn Helgason á Fossi, sá fyrstnefndi ákjærir hina fyrir ágang [og] skógarrið í Brattlandslandi, einnig ólöglega lögfestu, fyrir hvað allt hann krefur þá til bóta. Klögun þessi var upplesinn. Sydan frammlag[di] David Jonsson lögfestu fyrir Brattlandi og var hún upplesinn. – Mótpartarnir leggja fram lögfestu fyrir Þverá og var hún einnig upplesinn. – Milliganga var töluverð tilreind enn til forgéfin.<sup>6</sup>

Í úttekt jarðarinnar Brattlands frá 1847 er visir að landamerkjalyngu:

Á landi jarðarinnar að austan liggur brunahraunið; eru því óviss landamerki; að sunnan er mark siónhending úr Dalshöfðanefi í Skálatind, úr Skálatindi í Krokaskersvörðu, þaðan beint norður í Upsatanga við afjett.<sup>7</sup>

Á sama tíma var landamerkjum Þverár lýst á þessa leið í úttektarbók klaustrajarða 1847:

Yfir landi nefndrar iardar að austan og sunnan liggur brunahraun, þessvegna á þessa tvo veji óviss landamerki. Að vestan og sunnan úr vörðunni á Orustuhol og austantil í Mannabrún<sup>8</sup> og þaðan í vörðu á Krókaskéri; ur nefndri vörðu í Skálatind og úr Skálatindi í Dalshöfðanef.<sup>9</sup>

Landamerkjabréf Brattlands var undirritað 18. júní 1886 og er þannig:

Að vestan: Úr vörðu á Krókaskeri eptir beinni línu norður á Upsatanga.

Að norðan: Úr Upsatanga miðja vega austur í Eldhraunið milli Upsatanga og Hnútu, að markinu milli Dalshöfða og Brattlands. Þar skerst Brattlandsland<sup>10</sup> úr; og<sup>11</sup> austurmark verður<sup>12</sup> þá bein lína fram úr Hrauninu austan við Grenháls, – þar til að kemur að markinu milli Brattlands og Þverár, þar skerst Brattlandsland úr. Suður mark: Úr áður nefndri vörðu á<sup>13</sup> Krókaskeri eptir beinni línu í Skálatind, þaðan austur í Hraunið, þar til Brattlandsland skerst úr, þegar það kemur að markinu milli Dalshöfða og Brattlands.

1 Sbr. skjal nr. 4 (24) (*Jarðatal Johnsens* 1847, s. 7, 10. nmgr.).

2 Skjal nr. 2 (34).

3 Skjal nr. 4 (24) (*Jarðatal Johnsens* 1847, s. 7, 10. nmgr.).

4 Skjal nr. 4 (24).

5 Skjal nr. 4 (25).

6 Skjal nr. 2 (71).

7 Skjal nr. 2 (48). Sbr. skjöl nr. 2 (52, 69).

8 Sýnist standa svo. Í tveimur öðrum uppskriftum af skjalinu stendur *Murnabrún* (sbr. skjöl nr. 2 (51, 69)).

9 Skjal nr. 2 (49).

10 Upphaflega ritað *Brattlandslandareign en areign* yfirstríkað.

11 og bætt við milli lína.

12 og hér næst á undan yfirstríkað.

13 *vörðu á bætt við milli lína.*

Brattlandi, 18. júní 1886

Páll Einarsson handsalað.

Jón Magnússon

Guðlaugur Guðmundsson

Magnús Þorláksson

Páll Stefánsson

Runólfur Sigurðsson<sup>1</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 15. júní 1887 og ritað í landamerkja-bók Skaftafellssýslu. Ekki er þess getið hverjir þeir menn voru sem undirrituðu bréfið en vitað er að Guðlaugur Guðmundsson var á þessum tíma bóndi á Þverá.<sup>2</sup> Páll Stefánsson er líklega sami maður og bjó á Hörgslandi 1869-1908.<sup>3</sup>

Landamerkjabréf Þverár var undirritað 3. júní 1890 og er sem hér segir:

Landamerki jarðarinnar Þverár:

Suðvesturmark úr þúfunni á Orustuhól þráðbeina línu uppá Nupsbrýrnar og norður og vestur úr heiði í Kvíguhvammahól og úr Kvíguhvammahól í Krókasker. Norðvesturmark aptur úr Krókaskeri í Skálatind og þaðan sjónhending í Dalshöfðanefið, en í hrauninu skammt fyrir austan og framan<sup>4</sup> Grenhalsana skerst Þverárland úr, þar sem koma saman mörk milli jarðarinnar Dalshöfða og Þverár. Svo þaðan fram úr hrauni þráðbeina línu fram í Háakletti, sem sendur hjeðan frá Þverá ofarlega í land-norðri, hjerumbil í miðju hrauni, svo þetta verður norðausturmark.

Svo úr Háakletti í vörðu, sem stendur austast og fremst í svonefndum Dyngjum, og stendur hún hjerumbil í austri hjeðan frá Þverá og svo eptir sömu línu úr Háakletti og vörðunni suður úr hrauni svo lengi sem til vinnst, sem verður þangað til Þverárland skerst úr, þar sem markið milli Hruna og Orustustaða liggur austur og suður úr hrauninu og þaðan aptur í þúfuna á Orustuhól.

Þverá 3. júní 1890

Guðlaugur Guðlaugsson      Anes Jonasson      Elín Jónsdóttir

Jón Magnússon              Páll Einarsson      Þorgerður Björnsdóttir

Guðlaugur Guðmundsson<sup>5</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Fossi á Síðu 29. maí 1895 og fært í landa-

1 Skjal nr. 2 (5).

2 Sbr. skjal nr. 2 (19).

3 Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 71. Samkvæmt sóknarmannatali í Þjóðskjalasafni var Páll Einarsson ábúandi í Brattlandi og Jón Magnússon í Dalshöfða.

4 Hér næst á eftir virðist skrifað *Dalshöfða* en yfirstrikað.

5 Skjal nr. 2 (11).

merkjabók Skaftafellsýslu. Það sama á við hér og um landamerkjabréf Brattlands að engin grein er gerð fyrir þeim sem undirrituðu bréfið. Af öðrum heimildum má þó sjá að Anes Jonasson var ábúandi í Hruna og Páll Jónsson á Brattlandi.<sup>1</sup> Guðlaugur Guðlaugsson er líklega ábúandinn að Þverá á þessum tíma og Guðlaugur Guðmundsson sýslumaðurinn.

Árið 1884 var „þjóðjörðin“ Þverá metin til verðs í tilefni af því að þá stóð til að selja hana ábúandanum.<sup>2</sup> Tveimur árum síðar, 7. janúar 1886, gaf landshöfðinginn út afsalsbréf fyrir jörðinni í samræmi við lög nr. 26 frá 8. nóvember 1883. Brattland var á sama hátt selt ábúanda jarðarinnar með afsalsbréfi 3. maí 1893 með heimild stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 31 frá 11. desember 1891.<sup>3</sup> Áður hafði farið fram úttekt á jörðinni að beiðni sýslumanns.<sup>4</sup>

Brattland fór í eyði um 1910 og lagðist þá undir Þverá.<sup>5</sup> Í fasteignamati 1916 segir um eyðijörðina Brattland að hún sé eign notanda hennar, Jóns Jónssonar, bónda á Þverá. Jarðarnytjar voru þá þessar:

1. Beitlandið er fjalllendi, kjarngott fyrir allan fjenað, snögglent en skjólgott og snjóþungt.
2. Jörðin er notuð til uppreksturs, bæði af eigandanum og öðrum. Tekjur fyrir upprekstur síðustu árin frá öðrum en eiganda hafa verið 10 krónur.<sup>6</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið samfelld á Þverá og Brattlandi frá því að jarðanna er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfanna hafi þær verið framseldar og veðsettar á venjubundinn hátt.<sup>7</sup>

## 5.12. Síðumannaafréttur

Ekki er kunnugt um neinar þinglýstar heimildir um mörk Síðumannaafréttar. Í *Sunnlenskum byggðum* er afréttinum þannig lýst:

Afréttur fylgir Kirkjubæjarhreppi og liggur hann norður af byggðinni. Skammt norðan við Geirlandshraun fellur Hellisá vestur í Skaftá. Norðan Hellisár er Síðumannaafréttur og einnig er Geirlandshraun og svæðið umhverfis það notað sem afréttur þar sem girðingar milli afréttar og heimalanda eru í heiðunum nokkuð sunnan og vestan við Geirlandshraun. Síðumannaafréttur fylgdi hinum forna Kleifahreppi eða jörðum á Síðu og í Landbroti. eru því á afréttunum ekki glögg mörk Kirkjubæjar- og Hörgslandshrepps heldur er það hefð um smalamennsku sem ræður.<sup>8</sup>

Hér er einnig rétt að vitna til þess sem stendur í gögnum Örnefnastofnunar Íslands en þau eru upphaflega fengin frá Eiríki Skúlasyni.<sup>9</sup>

Afréttur þessi skiptist í þrjú svæði: Austurafrétt, Miðafrétt og Vesturafrétt. Vesturpartinn smala búendur í Landbroti, og er hann oft nefndur Landbrotsafréttur.

Þegar talað er um afrétt, er átt við (landið) norðan Hellisár. Austur að Hellisárbotnum, sem teljast byrja við stóran læk, er kemur frá Kaldbaksskerjum í Hellisá, drjúgan spöl vestan við Tjarnartanga, eru

1 Sbr. skjal nr. 2 (1).

2 Skjal nr. 2 (73).

3 Skjal nr. 2 (20).

4 Skjal nr. 2 (55).

5 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 60.

6 Skjal nr. 2 (36).

7 Sbr. skjal nr. 4 (61). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 60.

8 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 91.

9 Eiríkur (1902-1977) var fæddur í Mörtungu, sonur Skúla Jónssonar og Rannveigar Eiríksdóttur sem bjuggu í Mörtungu II 1900-1955 (upplýsingar frá Örnefnastofnun Íslands).

byggðalönd, og þaðan eru mörkin nokkuð á reiki, um Bárðarhnúka, Hallsteinsvörðu og Miklafell. Land að Hellisá eiga nokkrar jarðir, svo sem Skaftárdalur, Skál, Holt, Heiðarsel, Eintúnaháls og Mörtinga.<sup>1</sup>

Að síðustu skal hér vitnað í það sem stendur um mörk afréttarins í *Göngum og réttum*:

Síðumannafréttur liggur milli Hverfisfljóts að austan og Skaftár að vestan, sunnan frá heiðatakörkum og norður að Vatnajökli. Hann er yfirleitt flatlendur og mjög grösugur nema nyrst. Þar er hann lítt gróinn.<sup>2</sup>

Eins og fram kemur í þessum lýsingum eru mörk norðan byggðar nokkuð á reiki og verður nánar vikið að því síðar.

Heimildir um Síðuafrétt frá fyrri tíð eru fágætar og má í því sambandi benda á að sá hluti Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem náði yfir Skaftafellssýslur, glataðist í brunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728.

Elsta heimildin um byggð á afréttinum eða á afréttarmörkum er Landnáma. Þar segir af Leiðólfi kappa sem nam land fyrir austan Skaftá til Drífanda og bjó að Á fyrir austan Skaftá, „en annat bú átti hann á Leiðólfsstöðum undir Leiðólfsfelli, ok var þar þá mart byggð“.<sup>3</sup> Ekki er þess getið nákvæmlega hversu langt til norðurs landnám Leiðólfs náði en Haraldur Matthíasson taldi landnámsmörkin þó glögg: „Hann nemur land fyrir austan Skaftá til móts við Böðmóð“<sup>4</sup>, en með Skaftá allt á heiðar upp.<sup>5</sup> Sagnir voru um það að sunnan Leiðólfsfjalls hafi áður verið mikil byggð og einnig í Tólfahringsfjöllum þar norður frá, en þau eru sögð draga nafn sitt af 12 hjáleigum sem þar eiga að hafa verið. Tólfahringar eru vestan Skaftár og koma því ekki frekar hér við sögu.<sup>6</sup>

Snemma á nýliðinni öld kannaði Brynjúlfur Jónsson rústir við Leiðólfsfell og birti niðurstöður rannsóknar sinnar í Árbók Fornleifafélagsins 1909. Hann segir svo frá:

Leiðólfsfell er ekki stórt ummáls. Framundan því gengur hjalli nokkur, sem að framan hefir lágur brekkur og ofan frá þeim líðandi halla ofan að ánni,<sup>7</sup> sem þar kemur austan fyrir fellið, rennur vestur sunnan megin þess og síðan út í Skaftá. Austan og ofan til er hinn líðandi halli rennsléttir vellir, einkar fagrir, en þeir skiftast þó í margar spildur af giljum og skurðum, er koma ofan úr hjallanum og renna til árinna. eru þau meira og minna grafin af leysingarvatni. Ein hin stærsta og fegursta spildan er milli tveggja stærstu giljanna og eru þau með hinum austustu. ... Þar niðurfrá, sem sléttan þrýtur, liggur yfir um hana fornt garðlag, frá einu gilinu til annars. ... Ofarlega á vesturbakka eystra gilsins, eigi all langt frá hjallabrekkunni er tóftarbrot, sem liggur langs með gilinu og svo nærri því, að austurveggur tóftarinnar er fallinn í það.<sup>8</sup>

Brynjúlfi reiknaðist svo til að lengd tóftarinnar væri rúmlega 6 faðmar en breiddin frá vesturveggnum að gilsbakkannum 2 ½ faðmur. Þar hjá fann Brynjúlfur tvær aðrar tóftir sem hann gat sér til um að væru eftir heystæði og fjós. Hann taldi sig sjá af rústumum að byggð hefði eigi haldist þar

1 Skjal nr. 4 (72).

2 *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 134.

3 *Landnámabók* 1986, s. 326.

4 Böðmóður nam land milli Drífanda og Fjarðarár og upp til Böðmóðshorns (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 324).

5 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 393.

6 Sbr. Helgi Magnússon, 1983: „Í byggðum.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 62.

7 Hér mun átt við Hellisá.

8 Brynjúlfur Jónsson, 1909: „Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 13. (Í öðrum heimildum er nafnið einnig ritað Brynjólfur, sbr. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1884-1885.)

lengi.<sup>1</sup> Árið 1979 fór Haraldur Matthíasson um svæðið og fann þessar sömu tóftir og aðra tóft að auki í gili „litlu austar“. Enn fremur fór hann í tóftaleit „um allt graslendi við Leiðólfsfell“ og fann tóftarbot niður af suðurenda Leiðólfsfells vestanverðum.<sup>2</sup> Næst verður vikið að stofnun nýbýla á þessu landsvæði, fyrst á Lauffellsmýrum og síðan við Leiðólfsfell.

Í lok mars 1828 ritaði Sveinn Þorláksson, húsmaður í Þykkvabæ, stiftamtmaninum bréf og óskaði eftir heimild til að reisa sér nýbýli á Síðuafrétti í samræmi við tilskipun konungs frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipunina). Svæðið, sem hann hafði augastað á, var á Lauffellsmýrum sem hann vissi ekki til að væri eign nokkurrar jarðar. Hann kvaðst vera „húsvilltur“ með þrjá menn á framfæri, eiga nægilegt timbur til nauðsynlegustu íveruhúsa en geta hvergi fengið jarðnæði. Í umsókninni segir Sveinn m.a.:

Þá hefi jeg ásett mér, og Begiðri hér med undergéfnast ad meiga taka upp Nýbýli á Afréttis Plátssinu svo kölludum Lauffells mýrum, sem er Eirn Partur af Sýdumanna vídflugtuga Afrétti. Hvurt Fyrirtæki mig dyrfir því fremur sem eg veit að þetta ummællta Plátss, ecki er bevisannlega nokkurrar Bigdrar Jardar Eign, og ecki helldur veit eg til ad í heil mörg undann farinn Ár hafi þangad Geldfénaður rekinn verid, svo nokkur af Bigdar Mönnum hér hafi Ordsök til ad giöra lögmætt Forbod.<sup>3</sup>

Stiftamtmaðurinn sendi sýslumanninum málið til umsagnar. Í svari sínu kveðst sýslumaður hafa leitað álits hreppstjórnanna sem hefðu haldið því fram að afrétturinn „tilheyrdi“ íbúum Síðusveitar og ef rétt reyndist væri ekki unnt að veita umbeðið leyfi. Orðrétt segir sýslumaður:

Efter Reppstyrernes erholdte Oplysing foregives at det af Svend Thorlaksen omsøgte Landstrækning Almindingen skal tilhøre Indbyggere paa Sidesveit, og hvis saa er synes det ikke at kunne udlægges til Nybyggerstæd, men da vedkommende Sysselmand bør ved alle saadanne Udlægs Forretninger indvarsle dem, der formeene sig berettigede til et til Nybyggerstæd omsøgt Land i følge F[orordninge]n 15. April 1776, for at fremkomme med deres Bevise for, at det virkeligen tilhører dem, og at det bliver benyttet, saa synes intet imod at Nybyggeriet tillades, under Betingelse at det ansøgte Land ligger øde, eller til ingen Nytte, som ved Udlægs Forretningen endeligen maae vorde afgjort ved Vidner. Dette vilde maaske ogsaa tvinge nogle af Kleifer Repps Indvaanere til at opfylde sin Pligt i at afbenytte bedre deres store Almindig, med at drive derhen alle golde Creaturer, som paa Hjemmemarkene gjøre baade dem selv, og andre stor Skade om Sommeren. Hvor om de ogsaa paa hvert Aars Mandtalsting alvorligen bliver paamindede, men alt for ofte funde Leilighed til at forsomme.<sup>4</sup>

Í svari sýslumannsins kemur fram, sem Sveinn Þorláksson hafði áður fullyrt í umsókn sinni, að íbúar Kleifarhrepps hefðu ekki í mörg ár rekið fé á afrétt þrátt fyrir ítrekaðar áminningar þar um. Ekki er að sjá af heimildum að máli þessu hafi verið fylgt frekar eftir.

Annar maður, Jón Sverrisson í Hólmi í Landbroti, hafði um svipað leyti einnig sótt um leyfi til að stofna nýbýli á Lauffellsmýrum án þess að hafa fengið þau svör sem hann sætti sig við. Í bréfi til stiftamtmannsins 15. júní 1829 kvartaði Jón yfir því að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu hefði ekki sinnt því að skoða landið sem hann hefði sótt um að fá undir nýbýli og var sýslumanni gert að skýra mál sitt. Sýslumaður benti á að amtmaður („Amet“) hefði sjálfur verið þeirrar skoðunar „at saadanne Nybyggerier i eller ved Afretter vare meget utilraadelige“. Einnig bar sýslumaður því við

1 Brynjúlfur Jónsson 1909, s. 14.

2 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 393-395. Í gögnum Örnefnastofnunar er minnst á leifar af gömlum byggingum „miðleiðis milli [Leiðólfsfells] og Hellisár“ (sbr. skjal nr. 4 (72)).

3 Skjal nr. 2 (63).

4 Skjal nr. 2 (63). Svar sýslumannsins er frá 29. maí 1828.

að hann hefði fengið vitneskju um að afrétturinn væri eign jarða í Kleifarhreppi, og mundi það kalla á mótmæli og hvers kyns vandræði ef hann færi að ósk Jóns:

Baade paa Grund af disse Amtets Udtrykke hvoraf Sandheden er umis kiendelig som og at den Plads John Sverrisen ansøger til Nybyggerie skal tilhøre Gaarde inden Kleifer Repp og aarligen afbenyttes, ansaae ieg det uhensigtmessigt, at foretage Udmaalingen af det til Nybyggerie ansøgte Land, hvorved imod Vedkommendes Protest vænteligen intet ville kunde udrettes, men det Offentlige foraarsages Udgivter ved de derved medgaaende Omkostninger og Umage, hvortil endnu kommer at saadanne Nybyggerier give Anledning til megen Ueenighed imellem Bønderne, og foraarsage enda den reedeligste ofte Mistanke om Tyverie, hvormeget meen en<sup>1</sup> kun lidet prøvet i saadanne Henseende, men har Formodning imod sig formedelst slet ryktede Nærpaarørende.<sup>2</sup>

Umsóknnum beggja þessara manna, Sveins Þorlákssonar og Jóns Sverrissonar, um stofnun nýbýlis í Lauffellsmýrum virðist þannig hafa verið hafnað.

Í lýsingu séra Páls Pálssonar á Kirkjubæjarklaustursókn 1841 segir um afréttinn:

Afrétti á sóknin öll sameiginlega, og er það kallaður Austur- og Vesturafréttur. Liggja afréttir þessir fyrir norðan byggðarfjöllin, og skilur þá eldhraunsbelti hvörn frá öðrum. Venjulegt er, að af Síðunni sé rekið á Austur-, en úr Landbroti á Vesturafrétt. Ekki eiga þar aðrar sveitir skylduupprekstur. Afréttirnir eru safnaðir, oftast þremur, stundum fjórum vikum fyrir vetur og fænaður af þeim rekkinn fram í Kirkjubæjarheiði. Þar er rétt sú, er Almennungur heitir, og þar eru skil gjörð á fænaðinum.<sup>3</sup>

Á öðrum stað í lýsingu prestsins er lítillaga vikið að norðurmörkum afréttarins þegar greint er frá vatnsföllum í sókninni:

Engin eru þar stór rennandi vötn. Það stærsta af þeim er Skaftá. Hún hefur upptök sín í vesturenda Skaftárjökuls, rennur þaðan á sléttum söndum í útsuður allt fram undir Úlfarsdal, sem er nyrsta haga-pláss á Síðuafrétti.<sup>4</sup>

Þá er þess að geta að 1884 fór sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu fram á það við amtsyfirvöld að fá styrk til að láta rannsaka hin ókunnu fjallendi sem lágu fyrir norðan afrétti Skaptártungu og Síðu. Amtsráðið féllst á að veita allt að 500 króna styrk „til þess að rannsökuð yrðu hin ókunnu fjallendi með fram Vatnajökli og Skaptárjökli“.<sup>5</sup>

Í lok aldarinnar sótti Jón Þorleifsson á Búlandsseli um land undir nýbýli á Leiðólfsfelli við afrétt Síðumanna, milli Skaftár og að landamerkjum Eintúnaháls og norðan Geirlandshrauns. Mörkin eru ekki nánar tilgreind. Í bréfi til sýslumannsins 28. apríl 1894 kvaðst amtmaðurinn neita að fyrirskipa áreiðar- og útmælingargjörð á nefndu landi sökum þess að eigandi Holts og ábúandi jarðarinnar Skaftárdals hefðu báðir fært rök fyrir því að umrætt nýbýli mundi skerða land þessara jarða.<sup>6</sup> Eigandi Holts, Runólfur Jónsson, tiltók tvær ástæður þegar hann andmælti umsókn Jóns Þorleifssonar:

1 *meen en*, svo í handriti.

2 Skjal nr. 2 (64).

3 *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 191.

4 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 185. Eldri heimildum ber ekki saman um hvort Úlfarsdalur hafi verið „fyrir norðan Síðumanna afrétt“ (Annáll Skaftárelda), sbr. einnig þetta orðalag: „...som ligge norden for Afretten, kaldet Siidumannaafrettur“ (Skúli Magnússon landfógeti 1783) – eða „í þeim svokallaða Úlfarsdal, sem liggur norðast á Síðuafrétti“ (Sigurður Ólafsson klausturhaldari í ódagsettri skýrslu) (*Skaftáreldar 1783-1784. Ritgerðir og heimildir*. Reykjavík 1984. S. 13, 289, 293).

5 Skjal nr. 4 (73) (úr fundargerð sýslunefndar Rangárvallasýslu 25. júní 1884).

6 Skjal nr. 2 (80).

1. Allar slægjur, sem Holtinu til heira á firnefndu svæði eru bigðar ábúandanum á Hervararstöðum.
2. Sumar hagar (fyrir ofan búfjárhaga) eru ljeðir árlega afretta lausum mönnum, ábúendum á Efri-Fljótum og Syðri-Steinsmýri móti jarðnitjum, sem Holtið vantar.<sup>1</sup>

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um stofnun nýbýla við Leiðólfsfell.

Í fasteignamati 1916 er komist svo að orði eftir að lokið hafði verið að lýsa jörðum í Kleifahreppi (að hluta) og Kirkjubæjarhreppi: „Allar framangreindar jarðir eiga Síðumannaafrett í sameiningu.“<sup>2</sup> Einhver brögð virðast þó hafa verið að því, a.m.k. áður en fasteignamatið var gert, að bændur í Kleifahreppi leyfðu utanhreppsmönnum að reka fê á afréttinn. Þetta mun hafa mælst misjafnlega fyrir og bar sýslumaður málið undir bændur í sveitinni. Ekki er kunnugt um hvernig þeir brugðust við en athugasemdir tveggja liggja fyrir, B. Bjarnasonar og R. Sverrissonar.<sup>3</sup> Í athugasemdum sínum gera þeir greinarmun á landríkum jörðum og afréttum sem allir bændur í sveitinni hafi sameiginlega aðgang að:

Þó að hver bóndi í sveitinni eigi vafalausann rjett til afrettar tiltölu eptir því jarðarmegni, sem hann býr á, þá eru jarðir hjer næsta misjafnar að landrýmindum, nokkrar svo litlar að þær bera naumast málnytu fjenað, en aðrar, einkum sumar fjalljarðirnar svo landríkar að ábúendur þeirra, geta sjer að skaðlausu, tekið fje af öðrum í heimalöndin, auk heldur afrettinn; þetta hafa sveitarmenn hjer notað sjer næsta misjafnt og hafa ónot og ágreiningur af því risið, sem við og fleiri búendur með okkur höfum reynt að koma í veginn fyrir svoleiðis: að við höfum viljað tiltaka hverjum utanhreppsmönnum leyft skyldi, að reka fje hingað á afrett, en gjaldið fyrir það fjelli til sveitarsjóðsins, þetta hafa margir látið sjer vel lynda en nokkrir hafa viljað vera einráðir um fjártökuna og einir um endurgjaldið fyrir hana, og tekið óhæfilegann fjágrúa bæði í afrettar tiltölu sína og heimalönd.

Við erum sannfærðir um að af nokkrum mönnum má sauðfje taka á afrett sveitarinnar, öllum að bagalaus, en sveitin verður öll að verða ínitja gjaldsins fyrir það, og getur það ekki með öðru móti orðið, en gjald það leggist í einu lagi sveitinni til inntektar; öðru máli er að gegna, með fje það, er þeir taka í heimalönd sín, er búa á landríkustu jörðunum, það verður ei fyrirmunað að hver hafi not jarðarhlunninda sinna, en með þeirri reglu að við, ásamt nágrönnum þeirra megum hafa vald til, að ákvarða hvað hverjum einum sje leyfilegt, að taka margt fje til uppreksturs á heimalandið; það verða því okkar uppástungur í þessu málefni:

1° Leyft skal þeim mönnum í Meðallandi, sem eru fyrir ofan Eldvatnið, en engum öðrum utansveitarmönnum, að reka sauðfje sitt á Síðumanna afrett, með því skylirði, að þeir árlega gefi Hreppstjórunum í Kleifahrepp, skriflegt skirteini um tölu þessa fjár, sem þeir með eiði vilja sanna, ef grunaðir verða um að þeir hafi rekið fleira fje, gjaldi hreppstjórunum eptir samningi við þá fyrir uppreksturinn, reki fjeð forsvaranlega í miðjan afrett á vorin, og gjöri full lögskil á haustum. Upprestrargjaldið komi sveitinni til inntekta og þarfa í reikningi hennar. Brjóti nokkur móti þessu, þá fær hann hjer ekki upprekstur á afrettinn framár.

2° Ábúendum á landríkustu fjalljörðum hjer í sveit, sje heimilt að taka upprekstrarfje í heimalönd sín, en ekki fleira að tölu en hreppstjóramir og nágrannar þeirra sem taka fjeð, tiltaka, annars sektist þeir sem fleira fje taka. Um gjald fyrir það fje sem eptir þessari reglu er í heimaland tekið, semji sá er landið ljær og hinn eða hinir, sem uppreksturinn fá, án þess það komi frekar hreppnum við.<sup>4</sup>

1 Skjal nr. 2 (80).

2 Skjal nr. 2 (36).

3 Nöfnin eru þannig rituð í heimild. Hér mun líklega eiga í hlut Bjarni Bjarnason í Hörgsdal (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 75) en engin deili eru sögð á R. Sverrissyni.

4 Skjal nr. 2 (81).



Í upphafi þessa kafla var greint frá því að Síðumannaafréttur skiptist í þrjú svæði: Austurafrétt, Miðafrétt og Vesturafrétt (Landbrotsafrétt). Þetta er eitt sameiginlegt afréttarsvæði en skiptist í tvær fjallskiladeildir: Austursíðuafrétt annars vegar og Landbrots- og Miðafrétt hins vegar. Í 2. og 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174 frá 24. apríl 1992 er kveðið á um að héraðsnefnd skuli fara með yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í sýslunni en framkvæmdin sé á hendi hreppsnefnda.<sup>1</sup> Í 6. gr. er tekið fram að hreppsnefndum sé skylt, í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins, að hafa eftirlit með því að gróðurlendi á afréttum og heimalöndum sé ekki íþyngt með of miklu beitarálagi.

Nokkrar girðingar hafa verið reistar á heiðum og afréttum en að sögn heimamanna marka þær ekki skil á milli afrétta og bújarða.<sup>2</sup> Nú á tímum er féð flutt á afrétt og því sleppt þar sem góðir hagar eru, lengst norður fyrir Stíg og inn í Blágil. Sumir fara inn fyrir Leiðólfsfell og inn að Sæmundarskeri.<sup>3</sup> Austar á Síðunni, frá jörðunum Fossi, Hörgslandi og Hörgslandskoti er fénu sleppt í gegnum afréttargirðingu og síðan ræður það ferðinni. Það eru aðeins þeir, sem eiga heima frammar og vestar, sem keyra féð og þá inn í Miklafell.<sup>4</sup> Venja er að leggja af stað í haustsmölun á þriðjudegi og fara menn úr Landbroti og Útsíðu í Hrossatungur og Blágil á fyrsta degi en Austur-Síðumenn í Miklafell.<sup>5</sup> Blágil er sunnan undir fjallinu Galta og er þar leitarmannakofi.<sup>6</sup> Á öðrum degi er farið inn í Stakfell og að jökli. Leitarsvæðið nær þannig frá jökli „og alveg framúr“ að sögn Sólrúnar Ólafsdóttur, formanns fjallskilaneftdar Landbrots- og Miðafréttar.<sup>7</sup> Á Austurafrétti er farið að Skaftá og síðan upp að jökli. Þaðan er farið í Blæng og Bugaháls og víðar um svæðið norður undir jökli enda finnast oft kindur á því svæði, t.d. í Langaskeri. Við Bugaháls eru mörk leitarsvæða og smala Miðafréttarmenn Varmárfellið.<sup>8</sup>

Að því er varðar leitir í Mörtungulandi hefur venjan verið sú að á fjórða afréttardegi koma bændur í Mörtungu til móts við safnið af afrétti og smala efsta hluta jarðarinnar norðan afréttargirðingar. Landið er þannig smalað með afréttinum. Engin gjöld eru greidd vegna nýtingar þessa landsvæðis.<sup>9</sup> Tilhögun smölunar er nánar lýst í fjallskilaseðlum. Í fjallskilaseðli, dags. 31. ágúst 1986, segir m.a.:

Ábúendur Mörtungu og Prestbakka skulu smala lönd sín, norðan heiðargirðingar í þrjú lögsöfn og ábúandi Prestbakkakots með þeim í eitt lögsöfn og skulu þeir skila óskilafé til lögréttar að lokinni hverri heimarétt.<sup>10</sup>

Í fjallskilaseðli, dags. 19. ágúst 2002, er skyldum gangnamanna þannig lýst:

2. Í fyrsta safn verður farið þriðjudaginn 3. september n.k. og skulu þeir sem smala eiga afréttinn í því safni mæta í Miklafell fyrrnefndan dag.

Gangnamenn á Mið- og Austur-afrétti skulu hittast efst á Bugahálsi í fyrsta safni.

1 Skjal nr. 4 (33).

2 Ólafur Helgason, bóndi í Hraunkoti, við skýrslutökur í máli nr. 8/2003, 9. október 2003.

3 Sólrún Ólafsdóttir, formaður fjallskilaneftdar Landbrots- og Miðafréttar, við áðurnefndar skýrslutökur.

4 Davíð Ólafsson, bóndi á Þverá og formaður fjallskilaneftdar Austurafréttar, við áðurnefndar skýrslutökur.

5 Sólrún Ólafsdóttir við áðurnefndar skýrslutökur.

6 Sbr. *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 135.

7 Skýrslutökur í máli 8/2003. Að fara fram/fram úr merkir hér í áttina að byggð (sbr. svar Ólafs Helgasonar, bónda í Hraunkoti, við spurningu Einarssonar lögmans um áttaviðmiðanir við sömu skýrslutökur).

8 Davíð Ólafsson við áðurnefndar skýrslutökur.

9 Sólrún Ólafsdóttir við áðurnefndar skýrslutökur. Að sögn Ólafs Helgasonar er þetta land norðan girðingarinnar nýtt sem afréttur.

10 Skjal nr. 11 (16). Svipað orðalag er í fjallskilaseðli, dags. 28. ágúst 1990 (skjal nr. 11 (17)).

Ábúendur Mörtungu og Prestsbakka skulu smala Þverártungur og austanverðan Kaldbak daginn sem smalað verður fram og rekið til réttar í Hörgsdal og þar skulu gerð skil til lögréttar á Fossi.

Að lokinni smölun afréttar- og heiðarlands norðan girðingar skal reka allt fé, austan Hörgsár, til réttar að Fossi og verður réttað þar föstudaginn 6. september n.k. ...

3. Ábúendur Mörtungu I og II skulu smala heiðarlönd sín norðan heiðargirðingar í þrjú lögsöfn og ábúandi Prestsbakkakots með þeim í eitt lögsafn. Skulu þeir skila óskilafé til lögréttar að lokinni hverri heimarétt.<sup>1</sup>

Árið 1999 var stofnað veiðifélag um vötn og ár á Síðumannaafrétti (Veiðifélag Síðumannaafréttar).<sup>2</sup> Samþykkt félagsins var staðfest af landbúnaðarráðherra 5. júní 2001 samkvæmt 16. k. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Verkefni félagsins átti að vera að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði til félagsmanna og annarra eftir því sem félags- og aðalfundur samþykktu (3. gr.). Í annarri gr. segir m.a.:

Félagið nær yfir öll stöðuvötn, ár og læki er um Síðumannaafrétt falla, en hann afmarkast af Hverfisfljóti að austan, Síðujökli að norðan, Skaftá að vestan og eignarlöndum jarða að sunnan.<sup>3</sup>

Síðan eru taldar upp allar þær jarðir sem áttu upprekstrarrétt á afréttinn og aðild að félaginu.<sup>4</sup>

Í samþykktinni eru suðurmörk afréttarins miðuð við heimalönd jarða án frekari tilgreiningar enda taka landamerkjalyásingar ekki af öll tvímæli um þetta.

Áætlun um stofnun veiðifélags um vötn á Síðumannaafrétti varð til þess að Skaftárhreppur óskaði eftir því með bréfi til sýslumanns 23. júní 1997 að hann túlkaði landamerkjalyásingar jarða er land ættu að Hellisá. Þær jarðir sem til greina komu voru Skaftárdalur, Skál, Holt, Heiði/Heiðasel, Eintúnaháls og Mördtunga. Málið snerist í reynd um það hvar mörkin lágu milli eignarlands þessara jarða og „almenningsafréttarinnar“.<sup>5</sup> Í sáttatillögu sýslumanns, sem send var út 12. desember, var talið eðlilegast að draga línu neðst úr Miðvatni „beint í austur og í punkt þar sem hún sker línu sem dregin er beint í norður frá Leiðólfsfelli“. Síðan segir:

Afréttarlínan skal því dregin úr þeim punkti með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman, og að Hellisá, sem skal ráða þar til kemur að Kálfá, og síðan ræður Kálfá að mörkum Mörtungu.<sup>6</sup>

Aðilar fengu frest til 15. janúar 1998 og barst ein athugasemd, frá Böðvari og Oddsteini Kristjánssonum í Skaftárdal. Töldu þeir engan vafa leika á því að mörk jarðarinnar Skaftárdals væru „frá Miðvatni Skaftár, skammt sunnan við þann stað þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu í beina línu austur um Áningsfit í hraunbrúnina norðan Leiðólfsfells“.<sup>7</sup> Eftir þessa athugasemd gerði sýslumaður þá breytingu á tillögu sinni að upphafspunktur línu úr Skaftá (Miðvatni) skyldi vera „efst úr Áningsfit skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu, og beint í austur í skurðpunkt við línu sem dregin er beint í norður úr toppi Leiðólfsfells“.<sup>8</sup> Tekið var fram að tillaga sýslu-

1 Skjal nr. 11 (15).

2 Sbr. skjal nr. 5 (4).

3 Skjal nr. 5 (5).

4 Sbr. einnig skjöl nr. 5 (6-8).

5 Skjal nr. 4 (36).

6 Skjal nr. 4 (36).

7 Skjal nr. 5 (10). Sbr. skjal nr. 5 (11).

8 Skjal nr. 4 (37).

manns skyldi gilda, þótt ekki yrði sátt um hana, uns dómur félli um annað eða aðilar næðu sjálfir samkomulagi. Þetta sama ár (1998) lét hreppsnefnd Skaftárhrepps taka saman lýsingu á mörkum heimalanda og afréttar og er gerð nánari grein fyrir henni í kafla 5.8.

Ekki eru aðrar nytjar af afréttinum en þær sem hér hefur verið fjallað um, þ.e. beit og veiði í vötnum. Þó skal þess getið að sveitarstjórnin leigir út hús á afréttinum til ferðamanna og þjónusta við ferðamenn sem m.a. fara um afréttinn er vaxandi atvinnugrein meðal bænda í sveitinni.<sup>1</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“, aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítills háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða visbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu sambengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.<sup>2</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.2. Landnám

Í Landnámabók eru nefndir fjórir menn sem telja má til landnámsmanna á Síðu. Fyrst skal nefna landnámsmanninn Eyvind karpa sem nam land milli Almannafljóts (Hverfisfljóts) og Geirlandsár. Eyvindur karpi bjó að Forsi (Foss) fyrir vestan Móðólfsgrúp (Fossnúpur). Fyrir vestan Eyvind nam

1 Sbr. orð Sólrúnar Ólafsdóttur við ádurnefndar skýrslutökur.

2 Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 8, útgefnu kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppláttaritum, svo sem Árbókum Ferðafélags Íslands.

Ketill hinn fíflski land, milli Geirlandsár og Fjarðarár (Fjaðurá), og bjó hann í Kirkjubóli. Böðmóður bjó á Böðmóðstungu og nam land milli Drífanda og Fjarðarár. Vestast á svæðinu nam Leiðólfur kappi land. Hann nam land fyrir austan Skaftá til Drífanda og bjó að Á en átti auk þess bú að Leiðólfsstöðum undir Leiðólfsfelli.

Landnámslýsingar eru allar þeim annmörkum háðar að í þeim er ekki tiltekið hversu langt til fjalla landnámín náðu. Verður því ekkert um það fullyrt hvort þau hafi fylgt ám og fljótum að upp-tökum eða miðast við önnur óskilgreind kennileiti. Skaftá og Hverfisfljót ná norður að jökulbrún en önnur vatnsföll, sem vísað er til í þessum lýsingum, eiga uppök sín mun sunnar eða á heiðunum sunnan við Síðumannafrétt. Gildir þar einu hvort með Drífanda sé átt við þann læk sem fossinn Drífandi er í eða Holtsá.

Land á Síðu er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Skaftáreldahraun þekur undirlendi Út-Síðunnar að vestan en að austan tekur við Landbrot; gamalt hraun, talið runnið úr Eldgjá. Á undirlendinu milli Skaftár og Hverfisfljóts skiptast á víðáttumiklar áreyrar, fjörusandur, brunasandur og efst gróið hraun. Hæðarmörk láglandis og heiða eru víða í um 100 m hæð en heiðarnar ná víða 400-500 m að hæð. Þær enda sunnanvert í bröttum hliðum og klettabeltum. Smádalir ganga víða inn í heiðarbrúnirnar. Norðan við heiðarnar er Síðuafréttur, fjallendur með mörg 500-700 m há fjöll. Afrétturinn verður jafnlendari er vestar og norðar dregur, uns kemur að Laka og Blæng sem eru yfir 800 m að hæð. Þaðan er landið tiltölulega jafnlend háslétta, 600-800 m há, inn að norður-mörkum afréttarins við Skaftá og Síðujökul.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja ólíklegt að land á Síðu hafi verið numið frá sjávarmáli og að þáverandi jökulbrún. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem norðar dregur. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.<sup>1</sup>

### 6.3. Skaftárdalur I-III

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Skaftárdals, ódags. en þingl. 19. júní 1886, án þess að tekið sé tillit til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Skaftárdal liggja Svartínúpur og Búland í fyrrum Skaftártunguhreppi til vesturs, Síðumannaafréttur til norðurs, Skál til austurs og Á til suðurs.

Vestasti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er þakið hraunþekju. Austar rís svo talsvert gróið heiðar- og fjalllendi sem er einkennandi fyrir ofanverða Síðuna. Heiðin er ekki samfelld heldur sundur skorin af smádölum og giljum. Hellisá rennur skammt norðan við bæjarstæði Skaftárdals og sameinast straumharðri og vatnsmikilli Skaftánni sem rennur í farvegi að vestan. Nyrst rís kollóttur móbergshnjúkurinn Leiðólfsfell í 564 m hæð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr landamerkjapunkti Skaftárdals í Skaftá beina línu í toppinn á Leiðólfsfelli í 564 m hæð. Samkvæmt þeirri kröfugerð fellur m.a. hluti Leiðólfsfells og hraun þar norðvestur af innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Skaftárdals lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalyýsingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru und-

1 Sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

irorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Varðandi Skaftárdal er sérstaklega vísað til þess að umsókn um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell árið 1893 veiki kröfu um beinan eignarrétt að svæðinu verulega. Bara umsóknin segi að landið hafi verið talið almenningur eða afréttur og andstaðan gegn umsókninni sé ekki sönnun fyrir eignarrétti Skaftárdals enda hafi eigendur jarðarinnar einkum vísað til nota sinna af landinu er þeir mótmæltu nýbýlisstofnun en ekki eignarréttar.

Af hálfu eigenda Skaftárdals I-III, sbr. skjöl nr. 15 og 11(4), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar Skaftárdals, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirbyggjandi þinglýstra afsala og annarra eignarheimilda sem aldrei fyrir hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars bannað öðrum not hennar. Þeir hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Bent er á að eigendur jarðarinnar hafi á sínum tíma andmælt þeirri nýbýlastofnun sem vísað sé til af hálfu ríkisins og hafi stjórnvöld á þeim tíma fallist á þau sjónarmið enda hafi landið verið hluti jarðarinnar. Sé því um öræka sönnun þess að viðkomandi landsvæði sé eignarland að ræða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skaftárdals er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að Skaftárdal er getið í heimildum allt frá því 1340. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Þá eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skaftárdals er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Vesturmörk Skaftárdals við Búlandstorfu í Skaftá, sem jafnframt voru hreppamörk fyrrum Kirkjubæjarhrepps og fyrrum Skaftártunguhrepps, eru utan við það svæði sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til. Landamerkjabréf Skaftárdals er samþykkt vegna Búlands og landamerkjabréf Búlands samþykkt vegna Skaftárdals. Þau mörk þykja því ekki vekja sérstakan vafa. Hið sama gildir um suðurmörk Skaftárdals við Á sem einnig eru samþykkt á báða bóga. Þessi merki verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Skaftárdals verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Elstu heimildir um landamerki Skaftárdals eru lýsingar á austurmörkum jarðarinnar gagnvart Skál sem gerðar voru í tilefni af landamerkjadeilum þar á milli. Þær deilur vörðuð ekki mörk á kröfusvæði íslenska ríkisins og verða því ekki tíundaðar hér að öðru leyti en því að skodað verður hversu langt til norðurs merkjum er lýst í umræddum heimildum. Þær elstu eru vitnisburðir tveggja manna frá því í júlí 1859. Í báðum kemur fram að mörkin liggja úr Leirumýrarhól í Afstapa. Í ágúst sama ár var gerð áreið á umrædd merki þar sem deilt var um hvaða stefna skyldi tekin úr Leirumýrarhól. Í október sama ár var gerð tilraun til sátta. Samkvæmt henni skyldu mörkin á milli Skaftárdals og Skálar vera bein stefna úr fremri Leirumýrarhól og í toppinn á Leiðólfsfelli fyrir framan Hellisá. Endanleg sát komst svo á í desember 1860 en samkvæmt henni skyldi stefnulínan eftirleiðis vera frá Leirumýrarhól eystri í toppinn á Leiðólfsfelli, sem eftir leiðarsteini vill vera frá miðsvæði milli suðurs og landsuðurs til miðsvæðis milli norðurs og útnorðurs. Í landamerkjabréfi Skaftárdals, ódags. en þingl. 19. júní 1886, er austurmerkjum gagnvart Skál lýst úr Eystri-Leirumýrarhól og í þann Vestri, og beina línu úr Vestri-Leirumýrarhól í toppinn á Leiðólfsfelli, og norður að eldhrauni. Eldri heimildir lýsa mörkum því skemmra til norðurs en landamerkjabréfið. Í því sambandi ber þó að geta þess að farvegur Hellisár er talinn hafa verið norðan við Leiðólfsfell fyrir Skaftárelda 1783 en að hraunið hafi fært farveginn til suðurs þannig að áin rennur nú austan og

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

sunnan megin við fellid. Hellsá kann að hafa afmarkað jarðirnar gagnvart afrétti áður og kunna deilur um ný merki jarðanna því að hafa einskorðast við tiltekið svæði. Af vitnisburðunum og sáttargerðunum verða því ekki dregnar víðtækari ályktanir um nyrstu merki jarðanna. Landamerkjabréfið fær þannig samrýmst eldri heimildum svo langt sem þær ná. Landamerkjabréfið er samþykkt vegna Skálar. Þá er landamerkjum lýst með svipuðum hætti í landamerkjabréfi Skálar, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887, sem jafnframt er samþykkt vegna Skaftárdals en þar er þó nánar tekið fram að stefnulína úr afréttarlínu í toppinn á Leiðólfsfelli sé milli hásuðurs og landsuðurs (suðsuðaustur). Eldri heimildir um merki Skálar að þessu leyti, aðrar en þær sem að framan greinir, liggja ekki fyrir. Landamerkjabréfunum ber þannig ekki fyllilega saman um hvaða stefnu skuli taka úr toppi Leiðólfsfells að eldhrauninu eða afréttarlínu. Í því sambandi skal tekið mið af því að bæði eigendur Skaftárdals I-III og eigendur Skálar miða kröfugerð sína í máli þessu við þá stefnu sem fram kemur í landamerkjabréfi Skálar og virðist því vera sátt um hana.

Fyrstu lýsinguna á norðurmörkum Skaftárdals gagnvart Síðumannaafrétti er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þar kemur fram að mörkin liggja úr eldhrauninu norður af toppinum á Leiðólfsfelli beina línu til vesturs út að Miðvatni að Búlandslandi. Landamerkjabréfið ber ekki með sér að vera samþykkt sérstaklega vegna afréttarins. Það er hins vegar áritað af Runólfi Jónssyni í Holti sem á þessum tíma var hreppstjóri Kirkjubæjrehrepps og kann því að vera að hann hafi áritað bréfið fyrir hönd hreppsins vegna afréttarins. Eina heildstæða lýsingin á suðurmörkum afréttarins er bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19. júní 1998. Þar er mörkum gagnvart Skaftárdal lýst þannig að mörkin liggja frá punkti við suðurbrún Eldhrauns, norðvestur af hæsta toppi Leiðólfsfells, beint vestur til Skaftár, í Miðvatn skammt sunnan við þann stað þar sem landvatnið greinist til austurs frá Miðvatninu. Einsýnt er að markalýsingu afréttarins er ætlað að byggja á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, eins og síðar verður rakið, og hefur ósamræmi um stefnulínu úr toppi Leiðólfsfells því ekki þýðingu hér. Vegna ágreinings um suðurmörk Síðumannaafréttar gerði sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu sáttatillögu, dags. 11. desember 1997, um þessi mörk, m.a. gagnvart Skaftárdal. Leiðrétting var gerð á tillögunni í janúar 1998 vegna skýringa sem komið höfðu fram um norðurmörk Skaftárdals við Skaftá. Í leiðréttri sáttatillögu er lagt til grundvallar að upphafspunktur línu úr Skaftá (Miðvatni) skuli vera efst úr Áningsfit skammt sunnan við þann stað þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu. Svo er að sjá að sátt hafi verið um þennan þátt í tillögu sýslumanns þótt sættir næðust ekki um tillögu hans að öðru leyti og verður við hann miðað hér enda er það í góðu samræmi við það sem fram kemur í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Skaftárdal. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Lýsing á suðurmörkum Síðumannaafréttar í bréfi hreppsnefndar Skaftárhrepps frá 1998 er byggð á Skaftárdalsbréfinu og hugsanlegur skortur á áritun fyrirsvarsmanna hreppsins vegna afréttarins verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Þá eru landamerkjabréf Búlands, Ár og Skálar árituð af hálfu Skaftárdals og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Skaftárdals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Skaftárdals hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Skaftárdalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1886, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar skuli í þeim efnum, er að fjallskilum lúta, skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð eru nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Þá telur óbyggðanefnd afgreiðslu yfirvalda á beiðni um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell í lok 19. aldar ekki til þess fallna að veikja grundvöll beins eignarréttar á því svæði enda var synjunin fyrst og fremst reist á því að jarðir á þessu svæði hefðu fært viðhlítandi rök fyrir því að umrætt nýbýli mundi skerða land þeirra.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Skaftárdals hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Skaftárdals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Skaftárdals, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

#### 6.4. Skál

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Skálar, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887.

Að Skál liggja Skaftárdalur og Á að vestan og Holt og Hólmur að austan. Til norðurs er Síðumannaafréttur og til suðurs eru Botnar í fyrrum Leiðvallahreppi.

Nyrsti hluti þess svæðis sem hér um ræðir er fjalllendi og heiðarland, en talsvert gróin hraunþekja liggur sunnan heiðarinnar. Bærinn Skál stendur neðst í stórri hvilft sunnan í heiðinni milli tveggja lækja. Ofar rís allmikil fjallabunga er nefnist einu nafni Skálarheiði (427 m). Heiðin er ekki samfelld heldur sundur skorin af smádölum og giljum. Að austan sker heiðarlandið Holtsá sem rennur um djúpan Holtsdalinn niður á láglandi. Ofar rísa sker og hnúkar er nefnast Kanafjöll (441 m). Vestasti hluti Geirlandshrauns (489 m) er í Skálarlandi og kallast Hraunsendi. Norðar rennur Hellisá í um 400 m hæð og nyrst rís móbergshnjúkurinn Leiðólfsfell (564 m).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína beint frá toppi Leiðólfsfells í 564 m hæð þangað sem bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðurárbotna og Stjórnar-

botna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá. Samkvæmt þessari kröfugerð fellur m.a. hluti Leiðólfsfells og stór hluti Hellisár innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Skálar lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalyásingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi sé merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Ekki njóti við eldri heimilda um landamerki Skálar en landamerkjabréf jarðarinnar frá 1886. Þar séu austurmörk dregin langt inn á öræfi norður fyrir Geirlandshraun, sem öll rök bendi til að sé þjóðlenda bæði miðað við landnámsmörk á svæðinu og með hliðsjón af útmældu landi Eintúnaháls, sem áður en til nýbýlis var stofnað var talið utan eignarlanda. Auk þess liggja enginn samningur eða sátt um að afréttarmörk séu norðan við Leiðólfsfell fyrir og þaðan af síður geti það verið mörk þjóðlendu og eignarlands. Því er enn fremur mótmælt sérstaklega sem örökstuddu að landnámsjörð við sunnanvert Leiðólfsfell hafi verið sameinuð jörðinni Skál eftir að búskap þar lauk. Þá er því mótmælt að Hellisá hafi verið á afréttarmörkum og í því sambandi vísað til umsóknar um stofnun nýbýlis á Lauffellsmýrum sem eru sunnan við Hellisá. Þeirri umsókn var hafnað þar sem landsvæðið væri á afrétti Síðumanna og tilheyrði íbúum Síðusveitar. Þá er vísað til þess að umsókn um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell árið 1893 veiki kröfu um beinan eignarrétt að svæðinu verulega. Bara umsóknin segi að landið hafi verið talið almenningur eða afréttur. Það sem lögð sé megináhersla á í þessu sambandi sé hins vegar að eigendur Skálar hafi ekki mótmælt fyrirhugaðri stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell og því ekki talið það andstætt landrétti sínum.

Af hálfu eigenda Skálar, sbr. skjöl nr. 6 og 6(5), er vísað til sögulegra og landfræðilegra forsendna og þýðingu þess að Skaftáreldar hafi fært farveg Hellisár suður fyrir Leiðólfsfell. Vísað er til landamerkjabréfs sem hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Skál hafi frá fornu fari verið stórbýli og leiði nýting eigenda þannig til þess að um sé að ræða eignarland. Bent er á að stjórn Suðurlandsskóga hafi samþykkt verkefni um atvinnuskógrækt á jörðinni og sé unnið að skipulagningu þess í samráði við stjórnvöld. Þá hafi verið stunduð veiðirækt á norðanverðri jörðinni í Hellisá. Auk þessa hafi eigendur jarðarinnar nýtt upprekstrarétt á Síðumannaafreitti og átt aðild að félagi veiðiréttareigenda í Lamba- og Kambsvatni. Um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell er bent á að eigendur aðliggjandi jarða hafi andmælt beiðni þar um með vísan til þess að um eignarlönd væri að ræða. Eðlilegt hafi hins vegar verið af hálfu eigenda Skálar að andmæla ekki beiðninni þar eð beiðnin hafi verið sett fram fyrir tilstuðlan og með stuðningi hans en beiðandi var náskyldur þáverandi eiganda Skálar. Bent er á að kröfulína ríkisins fái ekki staðist miðað við fyrirliggjandi gögn.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skálar er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Skálar er getið í heimildum allt frá 12. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til loka 9. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Skálar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Vesturmörk Skálar gagnvart Á, austurmörk gagnvart Hólmi og suðurmörk gagnvart Botnum eru utan við kröfu-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



svæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Skálar er samþykkt bæði vegna Ár og Botna og landamerkjabréf bæði Ár og Botna eru samþykkt vegna Skálar. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Skaftárdals verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í fyrirliggjandi heimildum um landamerki Skálar er að finna lýsingar á vestur-, austur- og suðurmörkum jarðarinnar en norðurmörkum er hvergi lýst sérstaklega.

Elstu heimildir um landamerki Skálar eru annars vegar lýsingar á vesturmörkum jarðarinnar gagnvart Skaftárdal og hins vegar lýsingar á austurmörkum gagnvart Holti sem gerðar voru í tilefni af landamerkjadeilum þar á milli. Þær deilur vörðuð ekki mörk á kröfuvæði íslenska ríkisins og verða því ekki tíundaðar hér að öðru leyti en því að skoðað verður hversu langt til norðurs merkjum er lýst í umræddum heimildum.

Elstu heimildirnar varðandi vesturmörk Skálar gagnvart Skaftárdal eru vitnisburðir tveggja manna frá því í júlí 1859. Í báðum kemur fram að mörkin liggja úr Leirumýrarhól í Afstapa. Í ágúst sama ár var gerð áreið á umrædd merki þar sem deilt var um hvaða stefna skyldi tekin úr Leirumýrarhól. Í október sama ár var svo gerð tilraun til sátta. Samkvæmt henni skyldu mörkin á milli Skálar og Skaftárdals vera bein stefna úr fremri Leirumýrarhól og í toppinn á Leiðólfsfelli fyrir framan Hellisá. Endanleg sátt komst svo á í desember 1860 en samkvæmt henni skyldi stefnulínan eftirleiðis vera frá Leirumýrarhól eystri í toppinn á Leiðólfsfelli sem eftir leiðarsteini vill vera frá miðsvæði milli suðurs og landsuðurs til miðsvæðis milli norðurs og útnorðurs. Í landamerkjabréfi Skálar, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887, segir að vesturmark skuli vera úr afréttarlínu fyrir norðan Leiðólfsfell línu milli hásuðurs og landsuðurs í toppinn á nefndu felli og þaðan í Leirumýrarhólinn eystri. Eldri heimildir lýsa mörkum því skemmra til norðurs en landamerkjabréfið. Í því sambandi ber þó að geta þess að farvegur Hellisár er talinn hafa verið norðan við Leiðólfsfell fyrir Skaftárelða 1783 en að hraunið hafi fært farveginn til suðurs þannig að áin rennur nú austan og sunnan megin við fellið. Hellisá kann að hafa afmarkað jarðirnar gagnvart afrétti áður og kunna deilur um ný merki jarðanna því að hafa einskordast við tiltekið svæði. Af vitnisburðunum og sáttargerðunum verða því ekki dregnar víðtækari ályktanir um nyrstu merki jarðanna. Landamerkjabréfið fær þannig samrýmst eldri heimildum svo langt sem þær ná. Landamerkjabréfið er samþykkt vegna Skaftárdals. Þá er landamerkjum lýst með svipuðum hætti í landamerkjabréfi Skaftárdals, ódags. en þingl. 19. júní 1886, sem jafnframt er samþykkt vegna Skálar. Stefnulína úr toppi Leiðólfsfells er þó ekki tilgreind með nákvæmlega sama hætti í því bréfi en af kröfugerð eigenda Skaftárdals verður ráðið að miðað sé við stefnulínu milli hásuðurs og landsuðurs, sbr. umfjöllun í kafla 6.3. Eldri heimildir um merki Skaftárdals að þessu leyti, aðrar en þær sem að framan greinir, liggja ekki fyrir.

Elsta heimildin varðandi austurmörk Skálar gagnvart Holti er áreið á landamerki Holts og Skálar á Síðu frá 1849. Þar merkjum til fjalla lýst frá ónefndum fossi í Holtsá, sem fellur á bergi ofan af fjöllum í ána þar sem hún tekur á sig olnboga austan undir Kanafjöllum að framan, þráðbeina stefnu á norður, þ.e. miðja vegu á milli útnorðurs og norðurs að réttvísandi áttum og norður í Geirlandshraun. Austurmörkum Skálar er næst lýst í vitnisburðum tveggja manna frá því í júlí 1859. Þar kemur fram að mörkin liggja úr Brúnuskerjum í hæsta hnúkinn á Kanafjöllum og svo beina stefnu í Hellisá. Í ágúst sama ár var gerð áreið á framangreind mörk þar sem eigendur Skálar vildu láta beina stefnu frá Brúnaskeri, fjórðung frá útnorðri til norðurs, ráða norður til afréttar. Á þetta vildu eigendur Holts ekki fallast heldur halda sig við þau mörk sem ákveðin voru við áður nefnda áreið 1849. Í október 1859 var svo gerð tilraun til sátta. Samkvæmt henni skyldu mörkin liggja úr Brúnuskerjum í austasta og nyrsta hnúk Kanafjalla og svo beina stefnu í Hellisá. Endanleg sátt komst svo á í desember 1860. Samkvæmt henni skyldi Holtsá ráða að upptökum sínum uppi í Geirlandshrauni og þaðan bein stefna til afréttar í sömu stefnulínu og vesturmörkin frá eystri Leirumýrarhól í Leiðólfsfell. Í landamerkjabréfi Skálar er austurmörkum gagnvart Holti lýst þann-

ig að þau liggja úr vörðu fram af miðju Holtslóni í Holtsá vestan undir Staðarhólsnefi, svo ráði áin upp í Hamarsnef, svo lína til afréttar milli norðurs og útnorðurs. Bréfið er samþykkt vegna Holts. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Holts, dags. 9. maí 1895 og þingl. 17. júní s.á., sem er að sama skapi samþykkt vegna Skálar.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins sem og eldri heimilda varðandi mörk jarðarinnar til norðurs þarfnast frekari athugunar.

Í kröfulýsingu eigenda Skálar er gert ráð fyrir því að mörk Skálar gagnvart afrétti fylgi ætluðum fornum farvegi Hellisár sem fyrir Skaftárelda hafi runnið norðan við Leiðólfsfell. Í kröfulýsingu Skaftárhrepps f.h. eigenda lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti vegna Síðumannaafréttar er aftur á móti byggt á sáttargjörð sýslumannsins í Vík í deilumáli um afréttarmörk á þessu svæði, dags. 16. maí 1998, og bréfi hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19. júní 1998, og gerð krafa um að mörk Skálar gagnvart afrétti séu u.þ.b. 0,5-1 km sunnar, eða frá punkti, sem er við suðurbrún Eldhrauns norðvestur af hæsta toppi Leiðólfsfells, með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman, og að Hellisá sem síðan ráði að landi Holts.

Eins og áður er komið fram er talið að farvegur Hellisár hafi verið norðan við Leiðólfsfell fyrir Skaftárelda 1783 en að hraunið hafi fært farveginn til suðurs þannig að áin rennur nú austan og sunnan megin við fellid. Vegna kröfugerðar eigenda Skálar þarf að fjalla nánar um áhrif þessara breytinga.

Í ákvæði 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar segir svo: „Vötn öll skulu svo renna sem að fornu hafa runnið; veiti það engi maður af bæ eða á bæ annars, nema það brjóti sjálf.“ Óljóst er hvort ákvæði þetta gilti um landamerki og ekki unnt að slá því föstu að nýr farvegur af náttúrunnar völdum hafi breytt eignamörkum. Ákvæði um þetta efni eru nú í 3. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Í 3. gr. er þannig kveðið á um þá meginreglu að ef á eða lækur skilji landareignir eigi hvort land í miðjan farveg og að eigi breytist merki þótt farvegur breytist. Í 8. gr. kemur fram að ef farvegur breytist, án þess að af mannavöldum sé og sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, skuli um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo. Hugsanlegt er að breyttur farvegur Hellisár hafi leitt til breytinga á mörkum á milli Skálar og aðliggjandi landsvæða en einnig er mögulegt að merkjalýsingu hafi verið breytt í þeim tilgangi að halda mörkum því sem næst óbreyttum. Um þetta verður ekkert full- yrt. Ljóst er hins vegar að landamerkjabréf Skálar tiltekur að afréttarmörk séu norðan við Leiðólfs- fell án nánari skýringa og að gögn frá 1859 vísa um austurmörk jarðarinnar til Hellisár án sérstakra skýringa og hlýtur þá að vera átt við farveg árinna á ritunartíma þeirra. Hafi Hellisá ráðið mörkum Skálar og afréttar fyrir Skaftárelda er því ljóst að eftir að breytingar urðu á farvegi fljótsins var farið að miða við önnur merki og þá nýjan farveg árinna að hluta til. Framangreind ákvæði Jónsbókar og vatnalaga styðja þá niðurstöðu. Verður því ekki fallist á kröfu eigenda Skálar um að miða skuli norðurmörk jarðarinnar við ætlaðan fornan farveg Hellisár.

Óbyggðanefnd telur að lýsing landamerkja „úr afréttarlínu fyrir norðan Leiðólfsfell“ að vestan- verðu og um línu „til afréttar milli norðurs og útnorðurs“ að austanverðu sýni að litið hafi verið svo á að jörðin ætti mörk að afrétti og að þau mörk lægju norðan við Leiðólfsfell að vestanverðu. Nákvæm lega þessara marka verður hins vegar ekki ráðin af orðalagi bréfsins og því nauðsynlegt að skoða aðrar fyrirliggjandi heimildir. Þess ber að geta að engar heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafréttar liggja fyrir.

Um nyrsta punkt að vestanverðu verður einkum litið til landamerkjalyýsingar Skaftárdals sem samþykkt er vegna Skálar. Þar er mörkum gagnvart Skál lýst frá toppinum á Leiðólfsfelli norður að Eldhrauni. Óbyggðanefnd telur að fyrirliggjandi gögn bendi til þess að umræddur punktur sé í stefnulínu milli hánorðurs og útnorðurs (norðnorðvestur) frá toppinum á Leiðólfsfelli. Norðurmörk Skaftárdals I-III eru tilgreind lína beint í austur úr Miðvatni í Skaftá. Í leiðréttri sáttatillögu sýslu- manns um afréttarmörk, dags. 22. janúar 1998, sem áður er nefnd, er lagt til grundvallar um norður- mörk Skaftárdals I-III að upphafspunktur línu úr Skaftá (Miðvatni) skuli vera efst úr Áningsfit

skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu. Óbyggðanefnd telur að norðausturmörk Skaftárdals I-III séu þar sem þessi lína sker línu sem liggur norðnorðvestur frá toppi Leiðólfsfells en sá skurðarpunktur er um það bil í jaðri Eldhrauns.

Öðrum merkjum er ekki að dreifa sem notuð hafa verið í lýsingum og styðja myndu kröfugerð landeigenda Skálar. Hafa ber í huga að landamerkjalyking Skálar er gerð löngu eftir að farvegur Hellisár breyttist. Er vafalaust að lýsing hefði borið með sér ef eigendur Skálar teldu sig eiga land lengra til norðurs inn í Eldhraun en Skaftárdalur I-III. Samkvæmt þessu telur óbyggðanefnd eðlilegt að líta svo á að lýsing landamerkja „úr afréttarlínu fyrir norðan Leiðólfsfell“ vísi til sama punkts í hraunbrúninni norðnorðvestur við Leiðólfsfell og afmarkar land Skaftárdals I-III í norðaustri.

Landamerkjabréf Skálar lýsir austurmörkum jarðarinnar „til afréttar“ án nánari tilgreiningar. Eldri gögn frá árinu 1859 lýsa merkjum í Hellisá og liggur ekki fyrir að þeim hafi átt að breyta við gerð landamerkjabréfsins. Um þessi mörk veitir landamerkjalyking Holts litla vísbendingu en þar er mörkum gagnvart Skál ekki lýst nákvæmar en að þau liggi norður til afréttar. Mörkum gagnvart afrétti er svo lýst um línu að norðan úr hrauninu norðan við Leiðólfsfell í Lauffetshorn. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að örnefnið Lauffetshorn væri týnt. Eldri heimildir um landamerki Holts veita ekki frekari vísbendingu hvað þetta varðar. Er því ekki um annað að ræða en að byggja á eldri lýsingum á austurmörkum Skálar í Hellisá.

Eins og hér hefur verið rakið hefur óbyggðanefnd komist að niðurstöðu um nyrstu mörk Skálar bæði í vestri og austri. Telja verður að Hellisá ráði merkjum að einhverju leyti en ákvarða þarf stefnulínu úr norðvesturhorni jarðarinnar að Hellisá. Engar vísbendingar liggja fyrir um hvar þessi lína sker Hellisá. Eins og áður er fram komið er mögulegt að merkjalýsingu hafi verið breytt í þeim tilgangi að halda mörkum því sem næst óbreyttum eftir að farvegur Hellisár færðist sunnar en ekki er hægt með neinni vissu að upplýsa hvar Hellisá rann áður. Í ljósi þessa þykir ekki annað fært en að ákvarða stefnulínu frá áðurgreindum punkti í norðvesturhorni jarðarinnar að Hellisá þar sem hún gengur lengst til norðurs fyrir landi Skálar en að Hellisá ráði síðan sjálf mörkum þar til kemur að punkti í norðausturhorni jarðarinnar. Landamerki, sem ákvörðuð eru með þessum hætti, samræmast einnig ágætlega legu landamerkja jarða sem liggja austan við Skál.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Skál. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið er áritað af hálfu flestra aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf Skaftárdals, Holts, Ár og Botna árituð af hálfu Skálar og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Skálar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Skálar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Skál hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1887 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnunum, er að fjallskilum lúta skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð eru nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Þá telur óbyggðanefnd afgreiðslu yfirvalda á beiðni um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell í lok 19. aldar ekki til þess fallna að veikja grundvöll beins eignarréttar á því svæði enda var synjunin fyrst og fremst reist á því að jarðir á þessu svæði hefðu fært viðhlítandi rök fyrir því að umrætt nýbýli mundi skerða land þeirra.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Skálar hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðattu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framanagreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Skálar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Skálar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5. Holt I-II

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Holts, dags. 9. maí 1885 og þingl. 17. júní s.á.

Að Holti liggja Skál að vestan og sunnan og Ytri-Dalbær, Heiði og Heiðarsel að austan. Til norðurs er Síðumannaafréttur.

Fjalllendi og gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landssvæðis sem hér um ræðir. Heiðin er ekki samfelld heldur mjög sundur skorin af smáðölum og giljum. Holtsdalur liggur inn með hliðinni að vestanverðu og að austan er Fjaðurá sem rennur um djúpt Fjaðurárgljúfrið. Skaftá rennur fast við hliðarbrekkuna sunnan til þar sem hún fellur víðast í þröngum stökk. Bæjarstæði Holts er í um 150 m hæð yfir sjávarmáli sunnan við Holtsborg. Norðar hækkar land lítið eitt og tekur við svæði er nefnist Steinsheiði. Víða rísa bungur og sker í grónu heiðarlandinu, þar á meðal Bunusker (400 m) og Hellnasker (385 m). Ofar tekur við viðamikil móbergbunga er nefnist Geirlandshraun (586 m) sem er að mestu gróin. Nyrst renna Hellisá og síðan Kálfá í 400 m hæð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína beint frá toppi Leiðólfsfells í 564 m hæð þangað sem bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðarárbotna og Stjórnarbotna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá. Á móti hafa eigendur Holts lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalyðingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trú-

verðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi sé merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Ekki njóti við eldri heimilda um landamerki Holts en landamerkjabréf jarðarinnar frá 1885, að undanskildu afsali frá 1862 þar sem mörkum hins selda sé lýst upp í Geirlandshraun. Í landamerkjabréfinu séu mörk svo dregin norður fyrir Geirlandshraun, sem öll rök bendi til að sé þjóðlenda bæði miðað við landnámsmörk á svæðinu og með hliðsjón af útmældu landi Eintúnaháls, sem áður en til nýbýlis var stofnað var talið utan eignarlanda. Virðist sem mörk Holts hafi við gerð landamerkjabréfsins verið færð til samræmis við legu Eintúnaháls eftir að til beins eignarréttar var stofnað á því landsvæði. Ef eignarlönd hefðu verið beggja vegna Eintúnaháls áður en til nýbýlis var stofnað hefði það land legið sem nes inn í eignarlöndin sem sé fremur ólíklegt. Þá er sérstaklega vísað til þess að umsókn um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell árið 1893 veiki kröfu um beinan eignarrétt að svæðinu verulega en hún hafi tekið til svæðisins frá Skaftá að landi Eintúnaháls. Bara umsóknin segi að landið hafi verið talið almenningur eða afréttur og andstaðan gegn umsókninni sé ekki sönnun fyrir eignarrétti Holts enda hafi eigendur jarðarinnar einkum vísað til nota sinna af landinu er þeir mótmæltu nýbýlisstofnun en ekki eignarréttar.

Af hálfu eigenda Holts I-II, sbr. skjöl nr. 7 og 11(4), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirbyggjandi þinglýstra afsala og annarra eignarheimilda sem aldrei fyrir hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars bannað öðrum not hennar og staðfesti tilhögun fjallskila að um eignarland sé að ræða. Eigendur hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Bent er á að eigendur jarðarinnar hafi á sínum tíma andmælt þeirri nýbýlastofnun sem vísað sé til af hálfu ríkisins og hafi stjórnvöld á þeim tíma fallist á þau sjónarmið enda hafi landið verið hluti jarðarinnar. Sé því um óræka sönnun þess að um eignarland hafi verið að ræða. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sem verndi eignarrétt, sbr. og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindaákvæði verji eignarréttindi sem menn hafi haft réttmætar væntingar um ef ríkisvaldið hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt þann rétt, t.d. með því að þinglýsa eignaskjöllum athugasemdalaust um áratuga skeið. Þá er vísað til úrskurða óbyggðanefndar frá 21. mars 2002.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Holts er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að Holts er getið í heimildum allt frá síðari hluta 14. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Holts er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Austurmörk Holts gagnvart Heiði og Ytri-Dalbæ og suðurmörk gagnvart Skál eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Holts er samþykkt vegna allra þessara jarða og landamerkjabréf þessara jarða eru samþykkt vegna Holts. Þessi mörk þykja því ekki vekja sérstakan vafa og verða ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Holts verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Elstu heimildir um landamerki Holts eru lýsingar á vesturmörkum jarðarinnar gagnvart Skál sem gerðar voru í tilefni af landamerkjadeilum þar á milli. Þær deilur vörðuð ekki mörk á kröfuvæði íslenska ríkisins og verða því ekki tíundaðar hér að öðru leyti en því að skoðað verður hversu langt til norðurs merkjum er lýst í umræddum heimildum.

Elsta lýsingin á vesturmörkum Holts er áreið á landamerki Holts og Skálar á Síðu frá 1849. Þar er merkjum til fjalla lýst frá ónefndum fossi í Holtsá sem fellur á bergi ofan af fjöllumum í ána þar sem hún tekur á sig olnboga austan undir Kanafjöllum að framan, þráðbeina stefnu á norður, þ.e. miðja vegu á milli útnorðurs og norðurs að réttvísandi áttum og norður í Geirlandshraun. Vesturmörkum Holts er næst lýst í vitnisburðum tveggja manna frá því í júlí 1859. Þar kemur fram að mörkin liggja úr Brúnuskerjum í hæsta hnúkinn á Kanafjöllum og svo beina stefnu í Hellisá. Í ágúst sama ár var gerð áreið á framangreind mörk þar sem eigendur Skálar vildu láta beina stefnu frá Brúnaskeri, fjórðung frá útnorðri til norðurs, ráða norður til afréttar. Á þetta vildu eigendur Holts ekki fallast heldur halda sig við þau mörk sem ákveðin voru við áðurnefnda áreið 1849. Í október 1859 var svo gerð tilraun til sáttu. Samkvæmt henni skyldu mörkin liggja úr Brúnuskerjum í austasta og nyrsta hnúk Kanafjalla og svo beina stefnu í Hellisá. Endanleg sátt komst svo á í desember 1860. Samkvæmt henni skyldi Holtsá ráða að upptökum sínum uppi í Geirlandshrauni og þaðan bein stefna til afréttar í sömu stefnulínu og vesturmörk Skálar frá eystri Leirumýrarhól í Leiðólfsfell. Í landamerkjabréfi Holts, dags. 9. maí 1885 og þingl. 17. júní s.á., er vesturmörkum gagnvart Skál lýst þannig að Holtsá ráði að Hamarsnefi og þaðan liggja línan mitt á milli hánorðurs og útnorðurs til afréttar. Bréfið er samþykkt vegna Skálar. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Skálar, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887, sem er að sama skapi samþykkt vegna Holts. Eldri heimildir um merki Skálar að þessu leyti, aðrar en þær sem að framan greinir, liggja ekki fyrir.

Austurmörkum Holts gagnvart Heiðarseli er fyrst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þar er merkjum lýst þannig að Fjaðurá ráði norður að efstu upptökum og þaðan lína á milli hánorðurs og útnorðurs til afréttar. Bréfið er samþykkt vegna Heiðarsels. Í sameiginlegu landamerkjabréfi Heiðarsels og Heiðar, dags. 24. maí 1890, er merkjum gagnvart Holti lýst úr Kálfá mitt á milli hásuðurs og landsuðurs í efstu upptök Fjarðarár og þaðan eftir Fjarðará að brunahrauninu. Bréfið er ekki samþykkt sérstaklega vegna Holts. Af fyrirliggjandi heimildum verður ráðið að Fjaðurá og Fjarðará eru sama áin. Mörkum er þannig lýst með sambærilegum hætti. Áður hafði staðið ágreiningur um mörk Holts og Heiðarsels en þann ágreining virðist hafa verið búið að útkljá á þeim tíma sem landamerkjabréfin voru gerði, sbr. nánari umfjöllun í kafla 6.6.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til norðurs þarfnast sérstakrar athugunar. Þar kemur fram að landamerki milli afréttar og Holtsins séu að norðan úr hrauninu norðan við Leiðólfsfell, lína í Lauffetshorn. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að örnefnið Lauffetshorn væri týnt og veitir þessi lýsing því litla vísbendingu. Hvorki liggja fyrir eldri heimildir um norðurmörk Holts né heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafréttar. Er því nauðsynlegt að líta til annarra fyrirliggjandi heimilda um afmörkun Holts til norðurs.

Eldri heimildir um merki Holts lýsa mörkum að vestanverðu almennt úr Hellisá. Ekki verður annað talið en að með því sé átt við Hellisá á ritunartíma þeirra, þ.e. eftir að áin breytti um farveg. Er því ekki um annað að ræða en að byggja á þessum gögnum um landamerki Holts. Þá lýsir landamerkjabréf Heiðarsels og Heiðar mörkum gagnvart Holti úr Kálfá en hún rennur í Hellisá.

Að framangreindu virtu telur óbyggðanefnd eðlilegt að líta svo á að mörk Holts gagnvart Síðumannaafrétti fylgi Hellisá þangað sem Kálfá rennur í hana og síðan Kálfá að mörkum gagnvart Heiðarseli eins og krafa er gerð um af hálfu eigenda Holts í máli þessu. Þessu til stuðnings má vísa til lýsingar á norðurmörkum í fyrirliggjandi heimildum um merki bæði Heiðarsels og Eintúnaháls en þar er bæði vestur- og austurmerkjum lýst í Kálfá. Norðan bæði Heiðarsels og Eintúnaháls virðist Kálfá því hafa ráðið mörkum gagnvart afrétti, sbr. einnig umfjöllun í köflum

6.6. og 6.7. Er því um eðlilegt framhald merkja gagnvar afrétti að ræða. Þessi niðurstaða er enn fremur í samræmi við fyrirliggjandi heimildir og niðurstöðu óbyggðanefndar um merki Skálar gagnvart afrétti, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Holt. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Holts. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Holts hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Holts hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Holt hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnum, er að fjallskilum lúta, skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum, sem í byggð eru, nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Þá telur óbyggðanefnd afgreiðslu yfirvalda á beiðni um stofnun nýbýlis við Leiðólfsfell í lok 19. aldar ekki til þess fallna að veikja grundvöll beins eignarréttar á því svæði enda var synjunin fyrst og fremst reist á því að jarðir á þessu svæði hefðu fært viðhlítandi rök fyrir því að umrætt nýbýli mundi skerða land þeirra.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Holts hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Holts sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Holts, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6. Heiðarsel I-II

Hér verður fjallað um þann hluta þess landsvæðis sem lýst er í landamerkjabréfi Heiðar og Heiðarsels, dags. 24. maí 1890 og þingl. 19. júní s.á., sem Heiðarseli tilheyrir.

Að Heiðarseli liggja Holt að vestanverðu og Eintúnaháls, Kirkjubæjarklaustur og Hunkubakkar að austanverðu. Til norðurs liggur Síðumannaafreittur og til suðurs Heiði.

Fjalllendi og gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Selá rennur um mýrlendan dal sem liggur inn með heiðarlandinu og kallast Skálir. Bæjarstæði Heiðarsels er í heiðinni austan Selár. Norðar hækkar land lítið eitt og rísa í landslaginu bungur og sker, þar á meðal Skálasker, Geldingasker og ofar Lágöxl (461 m) og Háöxl (571 m). Þá tekur við viðamikil móbergsbunga er nefnist Geirlandshraun. Það er sundurskorið af giljum en annars að mestu vaxið mosa og lyngi. Nyrst rennur Kálfá í 400 m hæð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína beint frá toppi Leiðólfsfells í 564 m hæð þangað sem bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðurárbotna og Stjórnarbotna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá. Á móti hafa eigendur Heiðarsels lýst kröfu um beinan eignarrétt að umræddu landsvæði að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalyásingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið lítið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Kröfugerð eigenda Heiðarsels sé mjög á skjön við landfræðilega legu nýbýlisins að Eintúnahálsi sem áður en til nýbýlis var stofnað var talið utan eignarlanda. Virðist sem mörk Heiðarsels hafi við gerð landamerkjabréfsins verið færð til samræmis við legu Eintúnaháls eftir að til beins eignarréttar var stofnað á því landsvæði. Ef eignarlönd hefðu verið beggja vegna Eintúnaháls, áður en til nýbýlis var stofnað, hefði það land legið sem nes inn í eignarlöndin sem sé fremur ólíklegt.

Af hálfu eigenda Heiðarsels I-II, sbr. skjöl nr. 16 og 11(14), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar Heiðarsels, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirliggjandi þinglýstra afsala og öðrum eignarheimildum sem aldrei fyrr hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars bannað öðrum not hennar. Þeir hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Sé því um óræka sönnun þess að um eignarland hafi verið að ræða.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Heiðarsels er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að jarðarinnar Heiðar er getið í heimildum allt frá því á fyrri hluta 13. aldar. Heiðarsels er svo fyrst getið í heimild frá 1845 og virðist þá hafa verið gerð að hálfendu til móts við Heiði. Af heimildum verður ráðið að frá þeim tíma hafi verið um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Heiðarsels er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðanverðra merkja jarðarinnar, þ.e. að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk Heiðarsels gagnvart Heiði og austurmörk gagnvart Kirkjubæjarklaustri og Hunkubökkum eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf fyrir Heiði og Heiðarsel er sameiginlegt og samþykkt af eiganda jarðanna. Það er hvorki samþykkt sérstaklega vegna Kirkjubæjarklausturs né Hunkubakka. Hvorki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Kirkjubæjarklaustur né Hunkubakka. Þessi mörk þykja hins vegar ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Heiðarsels verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í fyrirbyggjandi heimildum um landamerki Heiðarsels er merkjum að vestan-, austan- og sunnanverðu lýst en norðurmörkum ekki lýst sérstaklega.

Fyrstu lýsinguna á vesturmörkum Heiðarsels gagnvart Holti er að finna í úttekt Heiðar frá árinu 1847. Þar segir að ágreiningur sé um landamerki að vestan en mælt sé að markið liggja úr Hellisnesi í Tæpigötu til norðurs, þaðan sömu stefnu í Markstein á Steinsheiði, úr þessum steini í sömu stefnu í Geirlandshraun. Vesturmörkum er svo lýst með öðrum hætti í landamerkjabréfi Heiðar og Heiðarsels, dags. 24. maí 1890 og þingl. 19. júní s.á., þannig að lína skuli dregin úr Kálfá mitt á milli hásuðurs og landsuðurs í efstu upptök Fjarðará; þaðan ráði Fjarðará að brunahrauninu. Bréfið er ekki samþykkt sérstaklega vegna Holts. Merkjum er hins vegar lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Holts, dags. 9. maí 1885 og þingl. 17. júní s.á., þannig að Fjaðurá ráði norður að efstu upptökum og þaðan lína á milli hánorðurs og útnorðurs til afréttar. Bréfið er samþykkt vegna Heiðarsels. Af fyrirbyggjandi heimildum verður ráðið að Fjaðurá og Fjarðará eru sama áin. Á þeim tíma sem landamerkjabréfin voru gerð virðist því hafa verið búið að útkljá framangreindan ágreining. Eldri heimildir um merki Holts að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Fyrstu lýsinguna á austurmörkum Heiðarsels gagnvart Eintúnahálsi er að finna í framangreindri úttekt frá árinu 1847. Þar er þessum mörkum lýst úr Rastargili í öxlina fyrir vestan Stjórnarbotna. Í landamerkjabréfi Heiðar og Heiðarsels er mörkum gagnvart Eintúnahálsi svo lýst úr Rastargili í vörðu á Stjórnarbotnaöxlinni háu og þaðan beina línu í Kálfá. Bréfið er ekki samþykkt sérstaklega vegna Eintúnaháls. Í lýsingu á landamerkjum Eintúnaháls í dómi uppkveðnum á Kleifum 1. október 1834, þegar jörðinni var úthlutað landi sem nýbýli, er merkjum að þessu leyti lýst úr brúninni á Geldingaskeri upp yfir Rastargili miðju í hæstu öxlina milli Stjórnarbotna og Fjaðarárbotna og þaðan beina stefnu norður eftir Geirlandshrauni í Kálfá. Landamerkjabréfið er þannig í ágætu samræmi bæði við lýsinguna í dómnum og lýsinguna ú úttektinni svo langt sem hún nær.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til norðurs þarfnast hins vegar frekari athugunar. Sem að framan greinir er norðurmörkum Heiðarsels gagnvart Síðumannaafrétti ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfi jarðarinnar en bæði vestur- og austurmerkjum lýst í Kálfá. Engar heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafréttar liggja fyrir. Eina fyrirbyggjandi heimildin um suðurmörk Síðumannaafréttar að þessu leyti er bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19. júní 1998, þar sem óskað er eftir að sýslumaður kanni hvort sú lýsing sem þar kemur fram sé í samræmi við þinglýst landamerkjabréf og álit viðkomandi aðila. Sú lýsing miðar við að Kálfá ráði afréttarmörkum á þessu svæði.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjalyýsing Heiðarsels sýni glögg að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að Kálfá. Merkjum til vesturs er lýst úr Kálfá og merkjum til austurs er lýst í Kálfá en norðurmörkum ekki lýst að öðru leyti. Kálfá hefur þannig afmarkað land jarðarinnar að norðanverðu með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Þessu til frekari stuðnings má vísa til þess að í fyrirbyggjandi heimildum um merki Holts og Eintúnaháls er merkjum lýst í Kálfá. Norðan Holts, Heiðarsels og Eintúnaháls virðist Kálfá því hafa ráðið mörkum gagnvart afrétti, sbr. einnig umfjöllun í köflum 6.5. og 6.7. Er því um eðlilegt framhald merkja gagnvart afrétti að ræða. Enn fremur er þetta á ágætu samræmi við fyrirbyggjandi heimildir og niðurstöðu óbyggðanefndar um merki Skálar gagnvart afrétti, sbr. kafla 6.4.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Heiðarsel. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Sá formgalli sem er á Heiðarselsbréfinu að því leyti að áritanir vegna aðliggjandi vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Framangreint bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Heiðarsels hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Heiðarsels hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Heiðarsel hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnum, er að fjallskilum lúta skuli skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum, sem í byggð eru, nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Heiðarsels hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Heiðarsels sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Heiðarsels, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.7. Eintúnaháls

Hér verður fjallað um landsvæði það, sem lýst er í dómi uppkveðnum á Kleifum 1. október 1834, þegar Eintúnahálsi var úthlutað landi sem nýbýli.

Að Eintúnahálsi liggja Heiðarsel að vestan og sunnan og Mörtunga og Geirland að austan. Til norðurs er Síðumannafréttur.

Fjalllendi og gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landssvæðis sem hér um ræðir. Að norðan rís Geirlandshraun, móbergsbunga sem nær 648 m hæð í Markhnúk. Sunnan Geirlandshrauns hallar landinu tiltölulega jafnt en áin Stjórn á þar upptök sín í Stjórnarbotnum og rennur um Stjórnargljúfur framan í hrauninu. Norður af Geirlandshrauni lækkar landið og rennur þar áin Kálfá nyrst í 400 m hæð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína beint frá toppi Leiðólfsfells í 564 m hæð þangað sem bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðurárbotna og Stjórnarbotna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá. Þaðan fylgir línan Kálfá í upptök hennar í land-norðri. Þaðan liggur línan vestur fyrir Lauffellið að ármótum þar sem Innri-Geirlandsá beygir í norðaustur, svo fylgir línan Geirlandsá áfram. Á móti hefur eigandi Eintúnaháls lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem hann telur að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalyðsingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Þá kemur fram að íslenska ríkið viðurkenni lög sem stofnunarhátt beins eignarréttar og að land Eintúnaháls sé á þeim grundvelli undirorpið beinum eignarrétti.

Af hálfu eiganda Eintúnaháls, sbr. skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið og nýtt á einhvern hátt á hverjum tíma. Landamerki hafi verið átölulaus og landamerkjabréfum þinglýst án athugasemda. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrðina fyrir því að landamerkjum sé ranglega lýst í heimildum þessum. Bent er á að í raun virðist ekki vera um ágreining að ræða heldur sé líklega um að kenna ónákvæmni við kortagerð í upphafi málsins.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Eintúnaháls er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að til nýbýlis var stofnað að Eintúnahálsi með dómi uppkveðnum á Kleifum 1. október 1834, á grundvelli nýbýlatiskipunar um landnám og byggingu eyðijarða sem gefin var út 15. apríl 1776. Af heimildum verður ráðið að frá þeim tíma hafi verið um sjálfstæða jörð að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Eintúnaháls er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðanverðra merkja jarðarinnar, þ.e. að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Austurmörk Eintúnaháls gagnvart Geirlandi eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Geirlands lýsir mörkum gagnvart Eintúnahálsi ekki sérstaklega en vísar til þess að tiltekin lína ráði norður að útmældu landi Eintúnaháls. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Eintúnaháls verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Eina fyrirliggjandi heimildin um landamerki Eintúnaháls er framangreindur dómur frá 1. október 1834, sem síðar var tekinn upp sem landamerkjalyðsing jarðarinnar. Þar er mörkum Eintúnaháls gagnvart Heiðarseli, Mörtungu og Geirlandi lýst en norðurmörkum gagnvart Síðumannafrétti ekki lýst sérstaklega. Vesturmörkum Eintúnaháls gagnvart Heiðarseli er í dóminum lýst úr brúninni á

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Geldingaskeri upp yfir Rastargili miðju í hæstu öxlina milli Stjórnarbotna og Fjaðurárbotna og þaðan beina stefnu norður eftir Geirlandsþrauni í Kálfá. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í sameiginlegu landamerkjabréfi Heiðar og Heiðarsels, dags. 24. maí 1890 og þingl. 19. júní 1890. Það er ekki sérstaklega samþykkt vegna Eintúnaháls.

Austurmerkjum Eintúnaháls gagnvart Mörtungu er í dóminum lýst þannig að Geirlandsá ráði allt norður að vesturenda á Lauffelli og síðan úr vesturenda Lauffells beint að upptökum Kálfár úr landnorðri. Í landamerkjabréfi Mörtungu, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887, er merkjum gagnvart Eintúnahálsi lýst þannig að Geirlandsá ráði norður til Lauffells og svo lækur, er renni niður í Geirlandsá fyrir vestan Lauffell allt norður að upptökum hans, síðan beina línu þaðan og norður til Hellisár. Bréfið er samþykkt vegna Eintúnaháls. Merkjum Mörtungu er því lýst með öðrum hætti þegar komið er norður fyrir Lauffell. Í kröfugerði eiganda Eintúnaháls er við það miðað að upptök Geirlandsár séu þau sömu og upptök þess lækjar, sem vísað er til í landamerkjalytingu Mörtungu, nánast í hánorður af Lauffelli. Krafa er síðan gerð um að merki jarðarinnar séu „lína til norðurs til upptaka Kálfár“. Samkvæmt kröfugerð eiganda Eintúnaháls liggur lína þessi í hánorður frá umræddum upptökum lækjarins. Í skýrslutöku fyrir óbyggðanefnd kom fram af hálfu Árna Jóns Eliassonar, oddvita Skaftárhrepps, að upptök Kálfár væru vestan við kröfulínu vegna jarðarinnar, en þótt hefði eðlilegt að haga kröfugerð með þessum hætti þar sem merki Mörtungu væru mjög skýr að þessu leyti. Í þessu sambandi er rétt að taka það fram að landamerkjalyting Mörtungu er ekki í fullkomnu samræmi við eldri heimildir um merki jarðarinnar sem allar lýsa mörkum um Geirlandsá, sbr. umfjöllun í kafla 6.8.

Að framangreindu virtu er ljóst að merki Eintúnaháls samkvæmt áður nefndum dómi liggja vestar en krafa er gerð um í máli þessu og verður við það miðað í úrskurði þessum að austurmörk Eintúnaháls fylgi Stjórn í Krókinn fyrir norðan og vestan Helgustaðafjall, beint í Fagrafoss, úr því ráði Geirlandsá að upptökum hennar og þaðan bein lína í upptök Kálfár. Óbyggðanefnd telur eðlilegt að túlka orðalag dómsins þannig að miða skuli við upptök Geirlandsár í upptökum þess lækjar sem nefndur er í landamerkjabréfi Mörtungu eins og krafist er af hálfu eiganda Eintúnaháls þrátt fyrir aðra stefnu frá Lauffelli.

Þá þarfnast óljóst orðalag dómsins frá 1832 varðandi mörk jarðarinnar til norðurs frekari athugunar. Sem að framan greinir er norðurmörkum Eintúnaháls gagnvart Síðumannaafreitti ekki lýst sérstaklega í dóminum en bæði vestur- og austurmerkjum lýst í Kálfá. Engar heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafreittar liggja fyrir. Eina fyrirliggjandi heimildin um suðurmörk Síðumannaafreittar að þessu leyti er bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19.6.1998, þar sem óskað er eftir að sýslumaður kanni hvort sú lýsing sem þar kemur fram sé í samræmi við þinglýst landamerkjabréf og álit viðkomandi aðila. Sú lýsing miðar við að Kálfá ráði afreittarmörkum á þessu svæði.

Óbyggðanefnd telur að lýsing á landamerkjum Eintúnaháls í dóminum frá 1834 sýni glögg að miða hafi átt merki hennar við Kálfá. Merkjum til vesturs og austurs er lýst í Kálfá en norðurmörkum ekki lýst að öðru leyti. Kálfá hefur þannig afmarkað hið útmælda land að norðanverðu með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Þessu til frekari stuðnings má vísa til þess að í fyrirliggjandi heimildum um merki Holts og Heiðarsels er merkjum lýst í Kálfá. Norðan Holts, Heiðarsels og Eintúnaháls virðist Kálfá því hafa ráðið mörkum gagnvart afreitti, sbr. einnig umfjöllun í köflum 6.5. og 6.6. Er því um eðlilegt framhald merkja gagnvart afreitti að ræða. Enn fremur er þetta á ágætu samræmi við fyrirliggjandi heimildir og niðurstöðu óbyggðanefndar um merki Skálar gagnvart afreitti, sbr. kafla 6.4.

Hér að framan hefur verið komist að niðurstöðu um merki Eintúnaháls. Kemur þá til skoðunar hvort land innan þeirra merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að frá stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi hafi jörðin verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í

dóminum frá 1832 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Búið var á Eintúnahálsi til ársins 1934 og þremur árum síðar var jörðin seld Kirkjubæjarhreppi. Frá þeim tíma hefur land jarðarinnar verið nýtt til beitars ásamt Síðumannaafretti. Nýting jarðarinnar með þessum hætti breytir engu um eignarréttarlega stöðu landsins.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Eintúnaháls hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Eintúnaháls sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Eintúnaháls, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.8. Mörtunga I-II

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Mörtungu, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887, sem og fyrirliggjandi eldri heimildum um merki jarðarinnar.

Að Mörtungu liggja Eintúnaháls að vestanverðu og Prestsbakkajarðir að austanverðu. Að norðanverðu liggur Síðumannaafreitur og að sunnanverðu Geirland.

Fjalllendi og víðlent gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Að norðvestan er fjalllendi og heiðarland tiltölulega slétt þó einstakar bungur og sker rísi í landslaginu. Að norðaustan ris land hæst í Geirlandsárbotnum (696 m) við upptök Geirlandsár. Á suðvestanverðu svæðinu rísa Lambatungur (521 m) og þar fyrir austan vesturhluti Kaldbaks (hæst 703 m). Mörtunguheiði liggur suður af Kaldbaki (305 m) og þar suður af er bæjarstæði Mörtungu. Undirlendi er lítið.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr upptökum Kálfár í landnorðri, vestur fyrir Lauffellið að ármótum þar sem Innri-Geirlandsá beygir í norðaustur. Svo fylgir línin Geirlandsá í Fagrafoss og svo áfram að gili sem Miðtungnaá rennur eftir. Þaðan liggur línin upp eftir umræddu gili og í punkt í 685 m hæð á Kaldbaki. Þaðan er tekin sjónhending í toppinn á Hnútu. Samkvæmt þessari kröfugerð eru m.a. Lambatungur og stærstur hluti Kaldbaks innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Mörtungu gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalýsingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið lítið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Ekki liggja fyrir glöggar heimildir um landamerki Mörtungu eldri en landamerkjabréf jarðarinnar frá 1886. Það leiði af dómi um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi að landið frá suðurbrúnum Geirlandshrauns og norður að Lauffellsmýrum sem og Lauffell hafi verið í almenningi. Þar með séu líkur á að land þar fyrir austan hafi einnig verið í almenningi. Austur af landi Eintúnaháls séu Lambatungur sem samkvæmt máldaga frá 1150 séu afreitur frá kristbúinu á Breiðabólstað. Suður af Lambatungum sé svo Geirlandsheiði sem samkvæmt umræddum máldaga tilheyrði einnig krist-

búinu á Breiðabólstað. Þrátt fyrir þetta nái merkjalýsing Mörtungu til Lambatungna auk alls lands með fram Geirlandsá austan við Eintúnahálsland norður fyrir Lauffell og þaðan að Hellisá. Að austanverðu sé merkjum hins vegar lýst skemur eða norður til afréttar á Kaldbak og sé kröfulína íslenska ríkisins miðuð við þá lýsingu. Samkvæmt þeirri lýsingu sé Kaldbakur afréttur. Því er haldið fram að vesturmerki Mörtungu séu greinilega færð til norðurs samhliða stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi. Augljóslega sé um síðari tíma viðbót að ræða.

Af hálfu eigenda Mörtungu I-II, sbr. skjöl nr. 10 og 11(14), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirbyggjandi þinglýstra afsala og annarra eignarheimilda sem aldrei fyrr hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Landamerki Mörtungu séu gömul og bendi til að jörðin hafi verið numin allt til afréttarmarka. Reyndar hafi landnám náð mun norðar en land jarðarinnar nú. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars hafi not hennar verið háð leyfi eigenda og staðfesti tilhögun fjallskila að um eignarland sé að ræða. Eigendur hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Sé því um óræka sönnun þess að um eignarland hafi verið að ræða. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sem verndi eignarrétt, sbr. og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindaákvæði verji eignarréttindi sem menn hafi haft réttmætar væntingar um ef ríkisvald hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt þann rétt, t.d. með því að þinglýsa eignaskjölum athugasemdalaust um áratuga skeið. Þá er vísað til úrskurða óbyggðanefndar frá 21. mars 2002.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Mörtungu er rakin í kafla 5.7. Þar kemur fram að Mörtungu er getið í heimildum allt frá 1218. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mörtungu er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk Mörtungu gagnvart Geirlandi eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Mörtungu er samþykkt vegna Geirlands. Landamerkjabréf Geirlands virðist ekki vera samþykkt vegna Mörtungu en lýsingum bréfanna ber saman. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mörtungu verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í öllum fyrirbyggjandi heimildum um landamerki Mörtungu er vestur-, austur- og suðurmörkum jarðarinnar lýst en norðurmörkum hvergi lýst sérstaklega.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Mörtungu er að finna í úttekt frá árinu 1847. Þar kemur fram að Geirlandsá ráði mörkum að vestan. Mörkum er lýst með sama hætti í úttekt frá árinu 1857. Í lýsingu á landamerkjum Eintúnaháls eftir dómi uppkveðnum á Kleifum 1. október 1832 kemur fram að Geirlandsá ráði allt norður að vesturenda á Lauffelli og síðan úr vesturenda Lauffells beint að upptökum Kálfár úr landnorðri. Hvorki eldri heimildir um mörk Eintúnaháls að þessu leyti né sérstakt landamerkjabréf fyrir Eintúnaháls liggja fyrir. Vesturmörkum Mörtungu gagnvart Eintúnahálsi er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887. Þar er merkjum lýst þannig að Geirlandsá ráði norður til Lauffells og svo lækur er renni niður í Geirlandsá fyrir vestan Lauffell allt norður að upptökum hans, síðan beina línu þaðan og norður til Hellisár. Bréfið er samþykkt vegna Eintúnaháls. Í kröfugerð eigenda Mörtungu eru upptök Geirlandsár talin vera í upptökum umrædds lækjar. Eins og fram kemur í umfjöllun um jörðina Eintúnaháls telur óbyggðanefnd einnig að miða skuli upptök Geirlandsár við upptök þessa lækjar sem nefndur er í bréfinu,

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

sbr. umfjöllun í kafla 6.7. Lýsingin í landamerkjabréfi Mörtungu er þannig í samræmi við lýsingar í eldri heimildum að öðru leyti en um stefnulínu úr upptökum lækjarins til Hellisár. Sá hluti lýsingarinnar er í ósamræmi við eldri lýsingar sem þó eru tiltölulega skýrar að þessu leyti, þ.e. að land jarðarinnar nái norður að upptökum Geirlandsár. Ætla má að skýrar hefði verið vísað til þeirra norðurmarka í hinum eldri heimildum hefðu þau verið talin afmarka land jarðarinnar. Þá verður ekki horft fram hjá því að merkjum Eintúnaháls og Heiðarsels gagnvart Síðumannaafrétti er lýst í Kálfá en ekki Hellisá og því ekkert sem bendir til þess að Hellisá hafi skilið að afréttinn og jarðir á þessu svæði. Má þvert á móti ætla, miðað við afmörkun Eintúnaháls í dóminum frá 1832, að nyrstu mörk Mörtungu að vestan gagnvart Síðumannaafrétti liggi einmitt í upptökum Geirlandsár. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd landamerkjabréf Mörtungu ekki eiga við rök að styðjast að þessu leyti. Verður því við það miðað í úrskurði þessum að land Mörtungu hafi ekki náð lengra til norðurs en að upptökum greinds lækjar sem rennur í Geirlandsá og að lýsing á merkjum jarðarinnar í Hellisá í landamerkjabréfi hennar hafi ekki sjálfstæða þýðingu.

Fyrstu lýsinguna á austurmörkum Mörtungu er einnig að finna í framangreindri úttekt frá 1847. Þar kemur fram að Þverá ráði að austan. Mörkum er lýst með sama hætti í úttekt frá árinu 1857. Mörtungu gagnvart Prestsbakkajörðum er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar þannig að Þverá ráði norður til afréttar á Kaldbak. Bréfið er áritað vegna Prestsbakka. Í landamerkjabréfi Prestsbakka með hjáleigunni Prestsbakkakoti, dags. 4. júní 1890 og þingl. 19. s.m., kemur fram að Þverá ráði. Bréfið er ekki áritað sérstaklega vegna Mörtungu. Eldri heimildir um merki Prestsbakka að þessu leyti liggja ekki fyrir. Framangreindum lýsingum ber þannig öllum saman þótt lýsingin í landamerkjabréfi Mörtungu sé nokkuð nákvæmari. Samkvæmt framangreindu er austurmörkum Mörtungu því ekki lýst lengra en að upptökum Þverár.

Hér að framan hefur verið komist að niðurstöðu um nyrstu landamerkjapunkta Mörtungu til vesturs og austurs. Sérstakrar athugunar þarfnast svo ósamræmi í kröfugerð jarðeigenda við fyrirliggjandi heimildir um landamerki Mörtungu að þessu leyti. Verður fyrst vikið að vesturmörkum jarðarinnar og síðan að austurmörkum.

Sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að lýsing á merkjum Mörtungu í Hellisá í landamerkjabréfi jarðarinnar hafi ekki sjálfstæða þýðingu enda er hún bæði í ósamræmi við eldri heimildir um merki Mörtungu og fyrirliggjandi heimildir um merki aðliggjandi jarða. Kemur þá til álita hvort eigendur Mörtungu hafi eignast land norðan við upptök Geirlandsár fyrir hefð. Eins og fram er komið hefur nýting landsins einskorðast við beitarafnot. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að afréttargirðing liggur um jörðina talsvert sunnan við upptök bæði Geirlandsár og Þverár. Norðurhluti jarðarinnar er nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti. Girðingin liggur að hluta til norðan við kröfulínu íslenska ríkisins en því hefur ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun eignarlands á Síðu. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Allt land norðan afréttargirðingar er smalað í samhengi, sbr. umfjöllun í kafla 5.12. Smölun er skipulögð sameiginlega fyrir afréttinn og land jarðanna norðan afréttargirðingar og smala eigendur Mörtungu og Prestsbakka Þverártungur og austanverðan Kaldbak. Í skýrslutökum komu ekki fram nein sjónarmið eða staðhæfingar um að glögg skil væru á hvar land Mörtungu endaði og land Síðumannaafréttar tæki við. Þá liggja engin gögn eða upplýsingar fyrir um að eigendur Mörtungu, nú eða fyrr, hafi nýtt land norðan upptaka Geirlandsár með öðrum hætti en aðrir jarðeigendur á Síðu og hefur því ekki verið haldið fram í málinu. Þá er til þess að líta að í minnispunktum, dags. 30. september 1998, sem undirritaðir eru af eigendum Mörtungu og fyrirvarsmönnum hreppsins, kom fram að óvissa væri um staðsetningu landamerkja milli Mörtungu og Eintúnaháls annars vegar og sömu jarða og almennings hins vegar.

Þegar þessi aðstaða er virt í heild sinni telur óbyggðanefnd að þrátt fyrir tilgreiningu í landamerkjabréfi Mörtungu um að land jarðarinnar næði til Hellisár í norðri hafi eigendur hennar aldrei farið með umrætt land sem sína eign.

Í ljósi alls þess, sem hér hefur verið rakið, telur óbyggðanefnd að eigendur Mörtungu hafi ekki haft réttmætar ástæður til að vænta þess að land þeirra næði norður fyrir upptök Geirlandsár. Á það verður því ekki fallist að eigendur Mörtungu hafi eignast land svo langt til norðurs fyrir hefð.

Sem að framan greinir er nyrsti punktur að austanverðu í fyrirbyggjandi heimildum um landamerki Mörtungu í upptökum Þverár. Kröfugerð jarðeigenda miðar þó við að austurmörk jarðarinnar nái u.þ.b. 4 km lengra til norðurs. Ekkert í landamerkjabréfi jarðarinnar eða öðrum fyrirbyggjandi heimildum gefur tilefni til að ætla að land jarðarinnar nái svo langt til norðurs. Lýsing á Síðumannafrétti frá 1998 hefur enga þýðingu í þessu sambandi enda byggist hún ekki á eldri skjallegum heimildum. Eigendur Mörtungu hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi réttmætar væntingar til þess að land þeirra nái lengra til norðurs en landamerkjabréf jarðarinnar sjálft tilgreinir. Af hálfu óbyggðanefndar verður því ekki fallist á kröfugerð landeigenda að þessu leyti.

Þá þarfnast norðurmörk jarðarinnar sérstakrar athugunar en eins og áður er rakið liggja engar heimildir um nákvæma legu þeirra fyrir. Heimildir um norðurmörk jarða á Síðu frá vesturmörkum Mörtungu að austurmörkum Brattlands eru mjög óljósar. Þá liggja engar sjálfstæðar heimildir um mörk Síðumannafréttar að þessu leyti fyrir. Í landamerkjabréfum þeirra jarða sem á umræddu svæði liggja er merkjum gjarnan lýst til afréttar án nánari tilgreiningar og í þeim tilvikum að norðurmörkum er sérstaklega lýst er um óljósar lýsingar að ræða. Náttúrulegar aðstæður á þessu landsvæði veita að sama skapi litla vísbendingu og engin glögg skil frá náttúrunnar hendi að styðjast við. Að þessu virtu telur óbyggðanefnd eðlilegast að draga beina línu á milli upptaka Geirlandsár að vestan austur að upptökum Þverár. Upptök Þverár verða ekki tilgreind með nákvæmum hætti. Af hálfu eigenda Mörtungu hafa upptökin verið færð á kort þar sem kröfulína íslenska ríkisins sker kröfulínu eigenda jarðarinnar. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við þá staðsetningu og verður því við hana miðað í úrskurði þessum.

Enginn vafi er á því samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að land Mörtungu næði norður að mörkum Síðumannafréttar. Það leiðir því af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um landamerki Mörtungu til norðurs, að suðurmörk Síðumannafréttar liggja sunnar fyrir landi Mörtungu en krafa er gerð um í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem liggur á milli línunnar úr upptökum Geirlandsár í upptök Þverár og kröfulínu landeigenda verður fjallað í kafla 6.12.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Mörtungu. Þar er merkjum lýst mun lengra til norðurs en í eldri landamerkjalýsingum í úttektum frá árunum 1847 og 1857 sem þó eru tiltölulega skýrar. Ekki er í ljós leitt að land norðan upptaka Geirlandsár, eins og þau hafa verið ákvörðuð hér að framan, hafi verið innan landamerkja Mörtungu fyrir gerð landamerkjabréfsins árið 1886. Fyrirbyggjandi gögn benda hins vegar ekki til annars en að landamerkjum Mörtungu til annarra átta sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Landamerkjabréf Mörtungu er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og er ekki að sjá að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Mörtungu.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Mörtungu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Mörtunga hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan framangreindra marka hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Eins og rakið er í kafla 5.7. greina heimildir frá því að kristsbúið og síðar þjóðjörðin á Breiðabólstað hafi átt upprekstur í Lambatungum sem samkvæmt framangreindu eru innan merkja Mörtungu. Umfjöllun um upprekstur þennan er í framangreindum heimildum skipað þar sem greint er



frá réttindum jarðarinnar til selsáturs, upprekstrar á Síðumannaafrétt o.þ.h. auk þess sem beinlinis er tekið fram í úttekt frá 1890 að jörðin eigi „lambaupprekstur í svokölluðum Lambatúngum í Mörtúngu landi“. Með hliðsjón af þessu verður talið að um ítak Breiðabólstaðar í land Mörtungu hafi verið að ræða en óbyggðanefnd telur tilvist ítaks fremur benda til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi a.m.k. einhvern tíman verið eignarland.

Áður er fjallað um afréttargirðingu sem liggur um land Mörtungu en land norðan hennar er nýtt til beitars ásamt Síðumannaafrétti. Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnum er að fjallskilum lúta skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð eru nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Mörtungu hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Mörtungu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Mörtungu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.9. Prestsbakkajarðir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi „prestsetursins Prestbakka í Vesturskaftafellssýslu með hjáleigunni Prestbakkakoti“, dags. 4. júní 1890 og þingl. 19. s.m.

Að Prestsbakkajörðunum liggja Mörtunga og Geirland að vestanverðu og Hörgsdalur að austanverðu. Að norðanverðu liggur Síðumannaafréttur og Breiðabólstaður að sunnanverðu.

Fjalllendi og gróið heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, upp frá bæjarstæði Prestsbakkabýla rís landið með 100 m hárrí heiðarbrún. Ofan við brúnina hækkar land lítið eitt og tekur við svæði er nefnist Prestsbakkaheiði. Upp frá Prestsbakkaheiðinni er allmikill fjallaklasi er nefnist Kaldbakur og sést víða að. Þá eru Þverártungur, dalur milli Prestsbakka-Kaldbaks og Mörtungu-Kaldbaks. Þar upp af er 703 m hár hnúkur sem heitir Háihnúkur. Annar hærri er vestar, 732 m hár.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 685 m hæð á Kaldbaki sjónhendingu í toppinn á Hnútu. Á móti hafa eigendur Prestsbakkajarða gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðanna. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalysingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr

trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Loks er vísað til þess að jarðir fyrir austan Mörtungu lýsi landamerkjum ekki norður fyrir Kaldbak og með því hugsanleg landnámsmörk.

Af hálfu eigenda Prestsbakkajarða, sbr. skjöl nr. 11 og 11(14), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirliggjandi þinglýstra afsala og annarra eignarheimilda sem aldrei fyrr hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars bannað öðrum not hennar, og staðfesti tilhögun fjallskila að um eignarland sé að ræða. Eigendur hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sem verndi eignarrétt, sbr. og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindaákvæði verji eignarréttindi sem menn hafa haft réttmætar væntingar um ef ríkisvald hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt þann rétt, t.d. með því að þinglýsa eignaskjölum athugasemdalaust um áratuga skeið. Þá er vísað til úrskurða óbyggðanefndar frá 21. mars 2002.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Prestsbakka er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Prestsbakka er getið í heimildum allt frá 1397. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Prestsbakkajarða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðanverðra merkja jarðarinnar, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk gagnvart Breiðabólstað sem og vesturmörk gagnvart Geirlandi eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Prestsbakkajarða er samþykkt vegna Breiðabólstaðar. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mörtungu verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Einu lýsinguna á landamerkjum Prestsbakkajarða er að finna í landamerkjabréfi Prestsbakka með hjáleigunni Prestsbakkakoti, dags. 4. júní 1890 og þingl. 19. s.m. Þar er að finna lýsingu á vestur- og austurmörkum en norðurmörkum er ekki lýst sérstaklega.

Vesturmörkum Prestsbakkajarða gagnvart Mörtungu er í bréfinu lýst þannig að Þverá ráði. Bréfið er ekki áritað sérstaklega vegna Mörtungu. Merkjum er lýst með nokkuð nákvæmari hætti í landamerkjabréfi Mörtungu, dags. 1886 og þingl. 15. júní 1887, þannig að Þverá ráði norður til afrettar á Kaldbak. Bréfið er áritað vegna Prestsbakka. Þá er sömu mörkum lýst um Þverá í úttekktum Mörtungu frá árunum 1847 og 1857. Samkvæmt þessu virðist ekki hafa verið litið svo á að land jarðarinnar næði norður fyrir upptök Þverár.

Austurmörkum Prestsbakkajarða gagnvart Hörgsdal er fyrst lýst í landamerkjabréfinu úr Tvíþúfu á Hraunfelli beina línu í austuröxlina á Há-Kaldbak og þaðan til afrettar. Bréfið er samþykkt vegna Hörgsdals. Í landamerkjabréfi Hörgsdals, dags. 19. júní 1888 og þingl. 23. s.m., er merkjum lýst úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæsta hnúknum á Kaldbak og þaðan sömu línu til afrettar. Bréfið er samþykkt vegna Prestsbakka. Í úttekkt Hörgsdals frá árinu 1847 er merkjum svo lýst úr Tvíþúfu á Hraunfelli í Öxlina fyrir vestan Herdisarkrök á Kaldbak og þaðan sömu stefnu til

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

afréttar. Engin framangreindra lýsinga er þannig orðuð eins um stefnuna úr Tvíþúfu til afréttar og deila eigendur Prestsbakkajarða annars vegar og eigendur Hörgsdals hins vegar um það hvernig línan úr Tvíþúfu til afréttar skuli dregin. Er hvort tveggja ágreiningur um það úr hvaða punkti línan skuli dregin og í hvaða stefnu til afréttar. Óbyggðanefnd telur með engu móti unnt að slá því föstu á grundvelli landamerkjabréfs Prestsbakka hvar norðausturmörk jarðarinnar liggji. Þá veitir lýsing í landamerkjabréfi Hörgsdals á sömu mörkum litla visbendingu, ekki síst þar sem upplýst er að staðkunnugir deili um legu þeirra.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til norðurs sem og ósamræmi í kröfugerð jarðeigenda við það sem þó verður af landamerkjabréfinu ráðið þarfnast hér sérstakrar athugunar.

Sem að framan greinir er nyrsti punktur að vestanverðu í landamerkjabréfi Prestsbakkajarða í upptökum Þverár. Samkvæmt kröfugerð jarðeigenda liggja mörk Prestsbakkajarða u.þ.b. 4 km þar norðan við. Ekkert í landamerkjabréfi jarðarinnar eða öðrum fyrirliggjandi heimildum gefur tilefni til að ætla að land jarðarinnar nái svo langt til norðurs. Lýsing á Síðumannaafreйти frá 1998 hefur enga þýðingu í þessu sambandi enda byggist hún ekki á eldri skjallægum heimildum. Eigendur Prestsbakkajarða hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi réttmætar væntingar til þess að land þeirra nái lengra til norðurs en landamerkjabréf jarðarinnar sjálft tilgreinir. Af hálfu óbyggðanefndar verður því ekki fallist á kröfugerð landeigenda að þessu leyti.

Sem áður segir er landamerkjabréf Prestsbakkajarða mjög óljóst hvað norðanverð austurmök varðar. Er því nauðsynlegt að líta til fyrirliggjandi heimilda um mörk aðliggjandi landsvæða. Engar heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafreittar liggja fyrir. Eina fyrirliggjandi heimildin um suðurmörk Síðumannaafreittar að þessu leyti er bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19. júní 1998, þar sem óskað er eftir að sýslumaður kanni hvort sú lýsing sem þar kemur fram sé í samræmi við þinglýst landamerkjabréf og álit viðkomandi aðila. Þar kemur fram að mörk afréttarins frá Hallsteinsvörðu að vesturmörkum Mörtungu séu óljós að öðru leyti en því að frá Hallsteinsvörðu liggji þau beint í vestur.

Vesturmörkum Hörgsdals er eins og áður segir lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem línu úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæsta hnúknum á Kaldbak og þaðan „sömu línu til afréttar“. Bendir þetta til þess að merki gagnvart afreйти liggji talsvert sunnan við þá línu sem eigendur bæði Prestsbakka og Hörgsdals miða kröfugerð sína við. Þrátt fyrir þetta er norðurmörkum Hörgsdals lýst þannig að þau liggji úr Hallsteinsvörðu „beint vestur að Prestbakkalandi“ en það er í ósamræmi við lýsingu vesturmarkanna. Óbyggðanefnd telur að samanburður á lýsingu landamerkja þessara jarða og það ósamræmi, sem hér er nefnt, leiði til þeirrar niðurstöðu að þessi lýsing á norðurmerkjum Hörgsdals fái ekki staðist. Að þessu virtu telur óbyggðanefnd ekki um annað að ræða en að ákvarða norðurmörk þessara jarða með þeim hætti að draga beina línu úr nyrsta punkti í merkjalýsingu Hörgsdals að austanverðu í nyrsta punkt í merkjalýsingu Prestsbakkajarða að vestanverðu, þ.e. úr Hallsteinsvörðu í upptök Þverár, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.10. Hallsteinsvarða er þekkt kennileiti en upptök Þverár verða ekki tilgreind með nákvæmum hætti. Af hálfu eigenda Prestsbakkajarða hafa upptökin verið færð á kort þar sem kröfulína íslenska ríkisins sker kröfulínu eigenda jarðarinnar. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við þá staðsetningu og verður við hana miðað í úrskurði þessum.

Enginn vafi er á því samkvæmt fyrirliggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að land Prestsbakkajarða næði norður að mörkum Síðumannaafreittar. Það leiðir því af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um landamerki Prestsbakkajarða til norðurs, að suðurmörk Síðumannaafreittar liggja sunnar fyrir landi þeirra en krafa er gerð um í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis, sem liggur á milli línunnar úr upptökum Þverár í Hallsteinsvörðu og kröfulínu landeigenda, verður fjallað í kafla 6.12.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Prestsbakkajarðir.

Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið er áritað af hálfu hluta aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Prestsbakkajarða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Prestsbakkajarða hafa um langa hríð haft réttmæt- ar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Prestsbakkajarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að Prestsbakkajarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1860 hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðanna og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnum, er að fjallskilum lúta, skóða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð eru nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Prestsbakkajarða hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Prestsbakkajarða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Prestsbakkajarða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.10. Hörgsdalur I-II

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Hörgsdals, dags. 19. júní 1888 og þingl. 23. s.m.

Að Hörgsdal liggja Prestsbakkajarðir að vestanverðu, Síðumannaafréttur að norðanverðu og Hörgslandsþorp að austanverðu og Keldunúpur að sunnanverðu.

Fjalllendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, upp frá bæjarstæði Hörgsdals rís landið skarpt með 100 m hári heiðarbrún og hamrabelti efst. Ofan við brúnina tekur land að hækka lítið eitt og tekur við svæði er nefnist Seltungur sem afmarkast af Dalsá og Hafradalsá. Fornaselsfell liggur ofar milli Hafradalsár og Hörgsár. Norðar kallast svæðið einu nafni Hörgsdalskaldbakur. Reglulega lagaður smágrjóthóll er þar nyrst og nefnist Hallsteinsvarða.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 685 m hæð á Kaldbaki sjónhendingu í toppinn á Hnútu. Á móti hafa eigendur Hörgsdals gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalyðsingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið lítið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Loks er vísað til þess að jarðir fyrir austan Mörtungu lýsi landamerkjum ekki norður fyrir Kaldbak og með því hugsanleg landnámsmörk.

Af hálfu eigenda Hörgsdals I-II, sbr. skjöl nr. 8 og 11(4), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirliggjandi þinglýstra afsala og annarra eignarheimilda sem aldrei fyrr hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars bannað öðrum not hennar, og staðfesti tilhögun fjallskila að um eignarland sé að ræða. Eigendur hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sem verndi eignarrétt, sbr. og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindaákvæði verji eignarréttindi sem menn hafi haft réttmætar væntingar um ef ríkisvald hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt þann rétt, t.d. með því að þinglýsa eignaskjölum athugasemdalaust um áratuga skeið. Þá er vísað til úrskurða óbyggðanefndar frá 21. mars 2002.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hörgsdals er rakin í kafla 5.9. Þar kemur fram að Hörgsdals er getið í heimildum allt frá því um 1200. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hörgsdals er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðanverðra merkja jarðarinnar, þ.e. merkja jarðarinnar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Hluti vesturmarka Hörgsdals við Prestsbakkajarðir og austurmarka við Hörgslandsþorp sem og suðurmörk við Keldunúp eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Hörgsdals er samþykkt vegna allra þriggja. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hörgsdals verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Hörgsdals gagnvart Prestsbakkajörðum er að finna í úttekt frá árinu 1847. Þar er merkjum lýst úr Tvíþúfu á Hraunfelli í Öxlina fyrir vestan Herdísarkrök á Kaldbak og þaðan sömu stefnu til afreitar. Merkjum Hörgsdals að þessu leyti er næst lýst í land-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

merkjabréfi jarðarinnar, dags. 19. júní 1888 og þingl. 23. s.m. Þar er merkjum lýst úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæsta hnúknum á Kaldbak og þaðan sömu línu til afréttar. Bréfið er samþykkt vegna Prestsbakka. Í landamerkjabréfi Prestsbakka, dags. 2. júní 1890 og þingl. 23. s.m., er merkjum gagnvart Hörgsdal lýst úr Tvíþúfu á Hraunfelli beina línu í austuröxlina á Há-Kaldbak og þaðan til afréttar. Bréfið er samþykkt vegna Hörgsdals. Engin framangreindra lýsinga er orðuð eins um stefnuna úr Tvíþúfu til afréttar og deila eigendur Hörgsdals annars vegar og eigendur Prestsbakkajarða hins vegar um það hvernig línan úr Tvíþúfu til afréttar skuli dregin. Er hvort tveggja ágreiningur um það úr hvaða punkti línan skuli dregin og í hvaða stefnu til afréttar. Óbyggðanefnd telur með engu móti unnt að slá því föstu á grundvelli landamerkjabréfs Hörgsdals hvar norðausturmörk jarðarinnar liggir. Þá veitir lýsing í landamerkjabréfi Hörgsdals á sömu mörkum litla vísbendingu, ekki síst þar sem upplýst er að staðkunnugir deili um legu þeirra.

Fyrstu lýsinguna á austurmerkjum Hörgsdals gagnvart Hörgslandi er að finna í framangreindri úttekt frá árinu 1847. Þar segir að Hörgsá ráði norður fyrir fremri Hörgsárbotna og þaðan sé bein stefna til afréttar. Merkjum Hörgsdals að þessu leyti er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar þannig að þau liggja um Hörgsárgljúfur norður þangað sem innri Hörgsá komi að vestan, á brúninni norðan við þar sem Hörgsárgljúfur endi, sé varða hlaðin og úr henni sé markið í Hallsteinsvörðu austast. Bréfið er samþykkt vegna Hörgslands. Í landamerkjabréfi Hörgslands, dags. 21.5.1890 og þingl. 19.6. s.á., og landamerkjabréfi fyrir jörðunum Hörgslandskoti, Hörgslandi og Múlakoti, dags. 5.5.1922 og þingl. 13.7. s.á., er merkjum lýst með sambærilegum hætti. Hvorugt bréfið er samþykkt sérstaklega vegna Hörgsdals. Þessi lýsing er og í samræmi við lýsingu á landamerkjum Hörgslands frá 1707 svo langt sem sú lýsing nær.

Einu lýsinguna á norðurmörkum Hörgsdals gagnvart Síðumannaafrétti er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þar segir að mörkin liggir úr Hallsteinsvörðu beint vestur að Prestsbakkalandi. Engar heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafréttar liggja fyrir. Eina fyrirliggjandi heimildin um suðurmörk Síðumannaafréttar að þessu leyti er bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19.6.1998, þar sem óskað er eftir að sýslumaður kanni hvort sú lýsing sem þar kemur fram sé í samræmi við þinglýst landamerkjabréf og álit viðkomandi aðila. Þar kemur fram að mörk afréttarinnar frá Hallsteinsvörðu að vesturmörkum Mörtungu séu óljós að öðru leyti en því að frá Hallsteinsvörðu liggja þau beint í vestur.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til norðurs sem og ósamræmi í kröfugerð jardeigenda við það sem þó verður af landamerkjabréfinu ráðið þarfnast hér sérstakrar athugunar.

Vesturmörkum Hörgsdals er eins og áður segir lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem línu úr Tvíþúfu beina línu austast í brúnina á hæsta hnúknum á Kaldbak og þaðan „sömu línu til afréttar“. Bendir þetta til þess að merki gagnvart afrétti liggir talsvert sunnan við þá línu sem eigendur bæði Hörgsdals og Prestsbakka miða kröfugerð sína við. Þrátt fyrir þetta er norðurmörkum Hörgsdals lýst þannig að þau liggja úr Hallsteinsvörðu „beint vestur að Prestbakkalandi“ en það er í ósamræmi við lýsingu vesturmarkanna. Óbyggðanefnd telur að samanburður á lýsingu landamerkja þessara jarða og það ósamræmi, sem hér er nefnt, leiði til þeirrar niðurstöðu að þessi lýsing á norðurmerkjum Hörgsdals fái ekki staðist. Að þessu virtu telur óbyggðanefnd ekki um annað að ræða en að ákvarða norðurmörk þessara jarða með þeim hætti að draga beina línu úr nyrsta punkti í merkjalýsingu Hörgsdals að austanverðu í nyrsta punkt í merkjalýsingu Prestsbakkajarða að vestanverðu, þ.e. úr Hallsteinsvörðu í upptök Þverár, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.9. Ekkert liggur fyrir um að nýtingu landsins hafi verið þannig háttáð að glögg skil hafi afmarkað land jarðarinnar gagnvart afrétti norðar. Lýsing á Síðumannaafrétti frá 1998 hefur enga þýðingu í þessu sambandi enda byggist hún ekki á eldri skjalglegum heimildum. Eigendur Hörgsdals hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi réttmætar væntingar til þess að land þeirra næði lengra til norðurs en landamerkjabréf jarðarinnar sjálft tilgreinir eða nýtt það með slíkum hætti. Hallsteinsvarða er þekkt kennileiti en upptök Þverár

verða ekki tilgreind með nákvæmum hætti. Af hálfu eigenda Prestsbakkajarða hafa upptökin verið færð á kort þar sem kröfulína íslenska ríkisins sker kröfulínu eigenda jarðarinnar. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við þá staðsetningu og verður við hana miðað í úrskurði þessum.

Enginn vafi er á því samkvæmt fyrirliggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að land Hörgsdals næði norður að mörkum Síðumannaafréttar. Það leiðir því af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um landamerki jarðarinnar til norðurs, að suðurmörk Síðumannaafréttar liggja sunnar fyrir landi Hörgsdals en krafa er gerð um í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem liggur á milli línunnar úr upptökum Þverár í Hallsteinsvörðu og kröfulínu landeigenda verður fjallað í kafla 6. 12.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hörgsdal. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Hörgsdals. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Hörgsdals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Hörgsdals hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hörgsdalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1888, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnum, er að fjallskilum lúta skoða sem afrétti, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð eru nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. núgildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Hörgsdals hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan

tilgreindra landamerkja Hörgsdals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hörgsdals, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.11. Hörgslandsþorp

Í Hörgslandsþorpi eru nú jarðirnar Hörgsland I-II, Hörgslandskot og Múlakot. Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Hörgslands, dags. 21. maí 1890 og þingl. 19. júní s.á., án þess að tekið sé tillit til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Hörgslandsþorpi liggja Hörgsdalur, Keldunúpur og jarðir í Landbroti að vestanverðu og Brattland og Fosstorfa að austanverðu. Til norðurs er Síðumannaafrettur og til suðurs er hafið.

Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og heiðarlanda. Til suðurs kvíslast Skaftáin um hallalítla aurana allt niður að sjávarmáli og til norðurs rísa heiðarlöndin með 200 m hárrí heiðarbrún og hamrabelti efst. Ofan við brúnina tekur land að hækka lítið eitt til norðurs og rísa þar nokkur aðskilin fell, Selfell (372 m), Hestur (516 m) og nyrst Stakkur (542 m).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 685 m hæð á Kaldbaki sjónhendingu í toppinn á Hnútu. Á móti hafa eigendur jarða í Hörgslandsþorpi gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan landamerkja torfunnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalýsingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið lítið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Loks er vísað til þess að jarðir fyrir austan Mörtungu lýsi landamerkjum ekki norður fyrir Kaldbak og með því hugsanleg landnámsmörk.

Af hálfu eigenda Hörgslandsþorps, sbr. skjöl nr. 9 og 11(14), er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar, sem þinglýst hafi verið athugasemdalaust, fornra og nýrra fasteignamata, fyrirliggjandi þinglýstra afsala og annarra eignarheimilda sem aldrei fyrr hafi sætt mótmælum. Sönnunargildi þessara heimilda sé mikið og íslenska ríkinu hafi ekki tekist að hnekkja þeim. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur jarðarinnar hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, meðal annars bannað öðrum not hennar, og staðfesti tilhögun fjallskila að um eignarland sé að ræða. Eigendur hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin væri öll háð beinum eignarrétti. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sem verndi eignarrétt, sbr. og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindaákvæði verji eignarréttindi sem menn hafi haft réttmætar væntingar um ef ríkisvald hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt þann rétt, t.d. með því að þinglýsa eignaskjölum athugasemdalaust um áratuga skeið. Þá er vísað til úrskurða óbyggðanefndar frá 21. mars 2002.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hörgslandsþorps er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Hörgslands er getið í heimildum allt frá 1343. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hörgslandsþorps er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðanverðra merkja torfunnar, þ.e. merkja hennar að því leyti sem þau liggja innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Vesturmörk Hörgslandsþorps við Keldunúp og jarðir í Landbroti, austurmörk Hörgslandsþorps við Fosstorfu og suðurmörk til sjávar eru utan við kröfussvæði íslenska ríkisins. Bæði landamerkjabréf Hörgslandsþorps eru samþykkt vegna Foss. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hörgslandsþorps verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Hörgslands gagnvart Hörgsdal er að finna í lýsingu á landamerkjum Hörgslands frá 1707. Þar kemur fram að vestanverðu ráði „Hörgsá sudur ad Merkegarde...“. Merkjum Hörgslands að þessu leyti er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 21. maí 1890 og þingl. 19. júní s.á., þannig að þau liggja úr Hallsteinsvörðu í gljúfrið vestur af stakki, úr því ráði Hörgsá þar til gljúfrið endi og svo liggja línan úr mynni Hörgsárgljúfurs í vörðu á Merki-garðsenda. Þá er merkjum lýst með sama hætti í landamerkjabréfi fyrir jörðunum Hörgslandskoti, Hörgslandi og Múlakoti, dags. 5. maí 1922 og þingl. 13. júlí s.á. Lýsingin frá 1707 er þannig í samræmi við landamerkjabréfin svo langt sem hún nær. Hvorugt landamerkjabréfið er samþykkt sérstaklega vegna Hörgsdals. Merkjum er hins vegar lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Hörgsdals, dags. 19. júní 1888 og þingl. 23. s.m., sem samþykkt er vegna Hörgslands. Lýsingin er og í samræmi við eldri heimildir um merki Hörgsdals að þessu leyti.

Fyrstu lýsinguna á austurmerkjum Hörgslands gagnvart Brattlandi er að finna í framangreindri lýsingu frá 1707. Þar er merkjum ekki lýst sjálfstætt heldur segir að Þverár og Dals land ráði norður að Ödulbrúará. Tekið skal fram að Brattland er sama jörð og fyrr á öldum nefndist Þverárdalur eða Ytridalur. Merkjum Hörgslands að þessu leyti er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1890 þannig að merkin liggja úr Upsatanga að norðan á vörðu á Krákaskeri. Þá er sömu merkjum lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1922 úr Ystatanga að norðan beina línu í vörðu á Krákuskerti. Við skýrslutökur í málinu kom fram að Upsatangi eða Ufsatangi og Ystitangi eru sama örnefnið. Hvorugt landamerkjabréfið er samþykkt sérstaklega vegna Brattlands. Merkjum er hins vegar lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Brattlands, dags. 18. júní 1886 og þingl. 15. júní 1887, sem samþykkt er vegna Hörgslands. Sú lýsing er og í samræmi við eldri heimildir um merki Brattlands að þessu leyti. Framangreindum merkjalýsingum ber því saman að þeirri elstu undanskilinni en þar er merkjum lýst norður að Ödulbrúará í stað Ufsatanga. Stafar þetta misræmi vafalaust af því að Ödulbrúará breytti um farveg í Skaftáreldum 1783 og því nauðsynlegt að finna ný viðmið. Þá deila eigendur jarða í Hörgslandsþorpi annars vegar og eigendur Brattlands hins vegar um staðsetningu Ufsatanga. Af hálfu eigenda Hörgslandsþorps er byggt á því að Ufsatangi sé í stefnulínu til austurs frá Hallsteinsvörðu við tanga þar sem Ödulbrúará beygir úr austur í suðaustur. Eigendur Brattlands byggja hins vegar á því að Ufsatangi sé bæði vestar og norðar en ekki hefur tanginn þó verið staðsettur með nákvæmum hætti. Athugun óbyggðanefndar leiðir í ljós að sú staðsetning, sem eigendur Hörgslandsþorps miða við og fær stuðning í framburði staðkunnugra í skýrslutökum fyrir nefndinni, vísar til tanga í landslagi en svo er ekki um það svæði sem eigendur Brattlands miða við. Að þessu virtu leggur óbyggðanefnd til grundvallar að Ufsatangi sé á þeim stað sem eigendur Hörgslandsþorps vísa til.

Óljóst orðalag landamerkjabréfanna tveggja um mörk jarðarinnar til norðurs þarfnast sérstakrar athugunar.

Einu lýsinguna á norðurmörkum Hörgslandsþorps gagnvart Síðumannaafreitti er að finna í lýsingunni frá 1707. Þar segir að norðanverðu ráði Hallsteinsvarða og Ödulbrúará. Í landamerkjabréfunum frá 1890 og 1922 er vesturmörkum svo lýst úr Hallsteinsvörðu og austurmerkjum úr Upsatanga eða Ystatanga en norðurmörkum ekki lýst að öðru leyti. Engar heimildir frá fyrri tímum um mörk Síðumannaafreittar liggja fyrir. Eina fyrirliggjandi heimildin um suðurmörk Síðumannaaf-

réttar að þessu leyti er bréf hreppsnefndar Skaftárhrepps til sýslumannsins í Vík, dags. 19. júní 1998, þar sem óskað er eftir að sýslumaður kanni hvort sú lýsing sem þar kemur fram sé í samræmi við þinglýst landamerkjabréf og álit viðkomandi aðila. Þar er merkjum á þessu svæði lýst úr Hallsteinsvörðu beint í stórt gil norðarlega í Hnútu.

Í ákvæði 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar segir svo: „Vötn öll skulu svo renna sem að fornu hafa runnið; veiti það engi maður af bæ eða á bæ annars, nema það brjóti sjálf.“ Óljóst er hvort ákvæði þetta gilti um landamerki og ekki unnt að slá því föstu að nýr farvegur af náttúrunnar völdum hafi breytt eignamörkum. Ákvæði um þetta efni eru nú í 3. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Í 3. gr. er þannig kveðið á um þá meginreglu að ef á eða lækur skilji landareignir, eigi hvort land í miðjan farveg og að eigi breytist merki þótt farvegur breytist. Í 8. gr. kemur fram að ef farvegur breytist, án þess að af mannavöldum sé, og sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, skuli um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo. Hugsanlegt er að breyttur farvegur Öðulbrúarár hafi leitt til breytinga á mörkum Hörgslands og Brattlands en einnig er mögulegt að merkjalýsingu hafi verið breytt í þeim tilgangi að halda mörkum því sem næst óbreyttum. Um þetta verður ekkert fullyrt. Ljóst er hins vegar að landamerkjabréf Hörgslands tiltekur Hallsteinsvörðu og Ystatanga (Ufsatanga) sem merki gagnvart afrétti. Hafi Öðulbrúará ráðið mörkum fyrir Skaftárelda er því ljóst að eftir að breytingar urðu á farvegi hennar var farið að miða við önnur merki. Framangreind ákvæði Jónsbókar og vatnalaga styðja þá niðurstöðu. Að þessu virtu telur óbyggðanefnd eðlilegt að draga norðurmörk Hörgslandsþorps með beinni línu milli Hallsteinsvörðu og Ufsatanga.

Eins og rakið er í kafla 3.10. krefjast eigendur Hörgslands þess að land jarðarinnar nái upp að línu sem dregin er úr Hallsteinsvörðu í austnorðaustur að svokölluðu hornmarki í Eldhrauni u.þ.b. 2 km norðan við Ufsatanga. Ekkert í landamerkjabréfi Hörgslands eða Brattlands gefur tilefni til þess að land jarðarinnar hafi náð norður fyrir Ufsatanga. Þá liggur ekkert fyrir um að nýtingu landsins hafi verið þannig háttáð að glögg skil hafi afmarkað land jarðarinnar gagnvart afrétti norðar. Lýsing á Síðumannaafrétti frá 1998 hefur enga þýðingu í þessu sambandi enda byggist hún ekki á eldri skjallægum heimildum. Eigendur Hörgslands hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi réttmætar væntingar til þess að land þeirra næði lengra til norðurs en landamerkjabréf jarðarinnar sjálf tilgreinir eða nýtt það með slíkum hætti. Á þessa kröfu eigenda Hörgslandsþorps verður því ekki fallist.

Enginn vafi er á því samkvæmt fyrirliggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að land Hörgslandsþorps næði norður að mörkum Síðumannaafréttar. Það leiðir því af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um landamerki jarðarinnar til norðurs, að suðurmörk Síðumannaafréttar liggja sunnar fyrir landi Hörgslandsþorps en krafa er gerð um í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem liggur á milli línunnar úr Hallsteinsvörðu í Ufsatanga og kröfulínu landeigenda verður fjallað í kafla 6.12.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hörgsland og aftur í kjölfar gildistöku nýrra landamerkjalaga 1919. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfin eru bæði árituð af hálfu hluta aðliggjandi jarða, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Hörgslands. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Hörgslands hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Hörgslandsþorps hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

EKKI eru heimildir um annað en að jarðir í Hörgslandsþorpi hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 og svo aftur 1922 hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðanna og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitars ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnum, er að fjallskilum lúta, skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum, sem í byggð eru, nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. nágildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Hörgslandsþorps hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hörgslandsþorps sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hörgslandsþorps, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.12. Þverá/Brattland

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Brattlands, dags. 15. júní 1886 og þingl. 15. júní 1887. Brattland fór í eyði í byrjun 20. aldar og lagðist þá undir Þverá.

Að Brattlandi liggja Hörgslandsþorp að vestan og jörðin Dalshöfði í Fljótshverfi að austan. Til norðurs er Síðumannaafréttur og til suðurs er Þverá.

Hraunþekja liggur yfir austasta hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Til vesturs rís brekka brött uppá víðáttumikið heiðar- og fjalllendi, einkennandi fyrir ofanverða Síðu. Úfið og óslétt Skaftáreldahraunið þekur meira en helming af landsvæði jarðarinnar og rennur Ódulbrúará í vesturkanti þess niður á láglendi. Þverárdalur liggur norðan við Eyjalón og Geirlandstunga og Króksker (421 m) þar fyrir ofan.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr punkti í 685 m hæð á Kaldbaki sjónhendingu í toppinn á Hnútu. Á móti hafa eigendur Brattlands gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.11.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalysingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á

Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru undir-orpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Loks er vísað til þess að jarðir fyrir austan Mörtungu lýsi landamerkjum ekki norður fyrir Kaldbak og með því hugsanleg landnámsmörk.

Af hálfu eiganda Brattlands, sbr. skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að land á þessu svæði hafi allt verið numið og nýtt á einhvern hátt á hverjum tíma. Vísað er til landamerkjabréfs jarðarinnar sem þinglýst hafi verið án athugasemda og fært í landamerkjabók. Landamerki jarðarinnar hafi verið athugasemdalaus í tíð margra kynslóða og land innan merkja verði ekki tekið af eigendum nema með eignarnámi og gegn bótum. Þá er að auki vísað til hefðar. Það land sem samkvæmt landamerkjaskrá teljist til eignarlands verði ekki tekið til þjóðlendna nema ríkið geti annaðhvort sýnt skýrlega fram á eignarrétt sinn að landinu eða að landamerkjaskrá sé röng og að landeigandi hafi ekki unnið eignarhefð á landinu. Það hafi ekki verið gert.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Brattlands er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Brattland sé sama jörðin og fyrir á öldum nefndist Þverárdalur eða Ytridalur. Hún hafi lagst í eyði í Skaftáreldum 1783 en á fyrri hluta 19. aldar hafi búseta hafist að nýju á þeim hluta jarðarinnar sem byggilegur var og þá nefnst Brattland. Enn fremur kemur þar fram að Þverárdals er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms á Síðu, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Brattlands er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðanverðra merkja jarðarinnar, þ.e. merkja hennar að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Suðurmörk Brattlands við Þverá eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Brattlands er samþykkt vegna Þverár auk þess sem landamerkjabréf Þverár, dags. 3. júní 1890 og þingl. 29. maí 1895, er samþykkt vegna Brattlands. Þessi mörk þykja ekki vekja sérstakan vafa og verða því ekki talin þarfnast umfjöllunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Brattlands verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Brattlands gagnvart Hörgslandsþorpi er að finna í úttekt jarðarinnar frá 1847. Þar segir að mörkin liggja úr Krókaskersvörðu beint norður í Upsatanga við afrétt. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 18. júní 1886 og þingl. 15. júní 1887, eða úr vörðu á Krákaskeri eftir beinni línu norður á Upsatanga. Bréfið er samþykkt vegna Hörgslandsþorps. Í landamerkjabréfi Hörgslands, dags. 21. maí 1890 og þingl. 16. júní s.á., er merkjum lýst með sama hætti. Það er ekki samþykkt sérstaklega vegna Brattlands. Í landamerkjabréfi Hörgslandskots, Hörgslands og Múlakots, dags. 5. maí 1922 og þingl. 13. júlí s.á., er merkjum lýst úr Ystatanga að norðan, beina línu í vörðu á Krákuskeri. Það er ekki heldur samþykkt sérstaklega vegna Brattlands. Við skýrslutökum í málinu kom fram að Upsatangi eða Ufsatangi og Ystitangi eru sama örnefnið. Framangreindum merkjalýsingum ber því öllum saman. Hins vegar deila eigendur Brattlands annars vegar og eigendur jarða í Hörgslandsþorpi hins vegar um staðsetningu Ufsatanga. Af hálfu eigenda Hörgslandsþorps er byggt á því að Ufsatangi sé í stefnu-línu til austurs frá Hallsteinsvörðu við tanga þar sem Ódulbrúará beygir úr austur í suðaustur. Eigendur Brattlands byggja hins vegar á því að Ufsatangi sé bæði vestar og norðar en ekki hefur tanginn þó verið staðsettur með nákvæmum hætti. Athugun óbyggðanefndar leiðir í ljós að sú staðsetning, sem eigendur Hörgslandsþorps miða við og fær stuðning í framburði staðkunnugra í skýrslutökum fyrir nefndinni, vísar til tanga í landslagi en svo er ekki um það svæði sem eigendur Brattlands miða við. Að þessu virtu leggur óbyggðanefnd til grundvallar að Ufsatangi sé á þeim stað sem eigendur Hörgslandsþorps vísa til.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Fyrsta heimildin um austurmörk Brattlands gagnvart Dalshöfða er áður nefnd úttekt frá 1847. Þar segir að á landi jarðarinnar að austan liggja brunahraunið og landamerki séu því óviss. Í landamerkjabréfi Brattlands er mörkum gagnvart Dalshöfða lýst úr Eldhrauninu miðja vega á milli Upsatanga og Hnútu beina línu fram úr Hrauninu austan við Grenháls þar til komi að markinu milli Brattlands og Þverár. Bréfið er samþykkt vegna Dalshöfða. Í landamerkjabréfi Dalshöfða, dags. 11. júní 1886 og þingl. 19. s.m., er vesturmörkum lýst úr Háakletti norður úr hrauni, mitt á milli Grenhálsa og Bæjarskers, norður í Þvermark það sem skiptir heiðalandi og afrétti. Virðist því vera um sambærilega lýsingu að ræða. Dalshöfðabréfið er samþykkt vegna Brattlands.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins um mörk jarðarinnar til norðurs þarfnast sérstakrar athugunar.

Einu lýsinguna á norðurmörkum Brattlands gagnvart Síðumannaafrétti er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þar er mörkum lýst úr Upsatanga miðja vega austur í Eldhraunið milli Upsatanga og Hnútu, að markinu milli Dalshöfða og Brattlands. Bréfið er ekki áritað sérstaklega vegna Síðumannaafréttar. Hvorki heimildir frá þessum tíma né eldri heimildir um mörk Síðumannaafréttar liggja fyrir. Í landamerkjabréfi Dalshöfða segir svo að Þvermarkið ráði austur að fljóti en fljótið eftir það norður í jökul.

Eins og rakið er í kafla 3.11. krefjast eigendur Brattlands þess að land jarðarinnar nái upp að línu sem dregin er úr Hallsteinsvörðu í austnorðaustur að svokölluðu hornmarki í Eldhrauni u.þ.b. 2 km norðan við Ufsatanga. Ekkert í landamerkjabréfi Brattlands eða öðrum heimildum gefur tilefni til þess að ætla að land jarðarinnar hafi náð norður fyrir Ufsatanga. Þá liggur ekkert fyrir um að nýtingu landsins hafi verið þannig háttáð að glögg skil hafi afmarkað land jarðarinnar gagnvart afrétti norðar. Lýsing á Síðumannaafrétti frá 1998 hefur enga þýðingu í þessu sambandi enda byggist hún ekki á eldri skjallægum heimildum. Eigendur Brattlands hafa ekki synt fram á að þeir hafi réttmætar væntingar til þess að land þeirra næði lengra til norðurs en landamerkjabréf jarðarinnar sjálft tilgreinir eða nýtt það með slíkum hætti. Á þessa kröfu eigenda Brattlands verður því ekki fallist.

Sem að framan greinir gera heimildir um merki Brattlands og Dalshöfða ráð fyrir merkjapunkti á milli Dalshöfða og Brattlands í Eldhrauni, á milli Ufsatanga og Hnútu. Ekki verður hins vegar sagt til um það með vissu hvar í hrauninu. Ufsatangi er nokkru sunnar en Hnúta og sé dregin lína til austurs frá Ufsatanga, sbr. framangreint orðalag í landamerkjabréfi Brattlands, lendir hún í Hverfisfljóti sunnan Hnútu. Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd því eðlilegt að draga Þvermarkið frá Ufsatanga til norðausturs yfir Eldhraun þannig að það liggja yfir toppinn á Hnútu og áfram í Hverfisfljót.

Enginn vafi er á því samkvæmt fyrirliggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að land Brattlands næði norður að mörkum Síðumannaafréttar. Það leiðir því af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um landamerki jarðarinnar til norðurs, að suðurmörk Síðumannaafréttar liggja sunnar fyrir landi Brattlands en krafa er gerð um í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis, sem liggur á milli framangreindrar línu úr Ufsatanga í toppinn á Hnútu og kröfulínu landeigenda, verður fjallað í kafla 6.12.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Brattland. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þá eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða þinglesin og að hluta til árituð vegna Brattlands. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Brattlands hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Brattlands hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Brattland hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparhátt-

um og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar og heiðarlönd hafa þar ekki verið undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að norðurhluti jarða á Síðu er að einhverju leyti nýttur til beitar ásamt Síðumannaafrétti og að afréttargirðing liggur um jarðirnar nokkuð sunnan við afréttarmörk. Girðingin liggur yfirleitt talsvert sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins og hefur því ekki verið hreyft í málinu að staðsetning girðingarinnar skipti máli við mat á afmörkun jarðanna gagnvart afrétti. Svo virðist sem girðingin hafi verið lögð þar sem henta þótti og í sátt við jarðeigendur.

Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnunum, er að fjallskilum lúta skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum, eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum sem í byggð eru nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. nügildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Óbyggðanefnd telur þetta fyrirkomulag ekki hafa neina þýðingu varðandi eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæða enda fer þessi nýting fram með samþykki jarðeigenda.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Brattlands hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Síðu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 12. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Brattlands sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Brattlands, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.13. Síðumannaafréttur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem nefnt er Síðumannaafréttur. Afrétturinn var nýttur af jörðum í Kleifarhreppi hinum forna en er honum var skipt árið 1892 lagðist vestari hlutinn til fyrrum Kirkjubæjarhrepps og hinn austari til fyrrum Hörgslandshrepps, án þess þó að formleg skipti væru gerð. Afréttur fyrrum Kirkjubæjarhrepps skiptist í Landbrotsafrétt, sem nýttur hefur verið af jörðum í Landbroti og Miðafrétt sem nýttur hefur verið af jörðum á Út-Síðu. Afréttur fyrrum Hörgslandshrepps nefnist Austurafréttur og hefur verið nýttur af jörðum á Austur-Síðu og Brunasandi. Í þeirri umfjöllun, sem hér fer á eftir, verður fjallað sameiginlega um alla þrjá hluta afréttarins. Við afmörkun afréttarins verður stuðst við fyrirliggjandi heimildir um mörk hans sem og aðliggjandi jarða og landsvæða.

Að Síðumannaafrétti liggja Skaftártunguafréttur að vestanverðu, Vatnajökull (n.t.t. Síðujökull) að norðanverðu, jörðin Dalshöfði í Fljótshverfi að austanverðu og jarðirnar Skaftárdalur I-III, Skál, Holt I-II, Heiðarsel I-II, Eintúnaháls, Mörtunga I-II, Prestsbakki, Prestsbakkakot, Hörgsdalur I-II, jarðir í Hörgslandsþorpi og loks jörðin Brattland að sunnanverðu.

Síðumannaafréttur tilheyrir sunnanverðu miðhálandi Íslands.<sup>1</sup> Afrétturinn er fremur jafnland háslétta.<sup>2</sup> Upp af hásléttunni rísa bungur og fell, sunnan til Innri-Grjótárhöfði (516 m) og að hluta til Kaldbakur (609 m) en norðar meðal annars, Varmárfell (776 m), Blængur (833 m) og Úlfardalssker (819 m). Á miðjum afréttinum rís Laki (818 m), kollóttur móbergshnjúkur sem gígargöðin Lakagígur er kennd við. Skaftáreldahraun þekur stóran hluta afréttarins norðan og vestan til. Austurhlutinn er allvíða blásinn og hrjóstugur.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæðið Síðumannaafréttur á eftirfarandi hátt: 50% auðnir, 22% rýrt, 22% fremur rýrt og einungis 7% sem vel gróid land.<sup>3</sup>

Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í gróðurfarsleg hæðarbelti; láglandisbelti frá sjávarmörkum að 100-150 m hæð, hliðarbelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka. Eftir því sem hærra dregur verður landið tegundasnaðara, uppskeruminna og rýrara vegna verri veðurskilyrða. Samkvæmt þessari skiptingu eru afréttarlönd Síðumannaafréttar að nær öllu leyti í fjallbeltinu og eru efstu mörk þeirra ofan hæðarmarka samfellds gróðurs uppi undir jökli. Hins vegar er talið að um landnám hafi að nokkuð samfelldur gróður þakið nánast allan afréttinn og heiðalönd Síðunnar. Aðeins hæsta landsvæðið framan við Síðujökul hafi þá verið ógróid.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr nyrsta landamerkjapunkti Skaftárdals í Skaftá beina línu í toppinn á Leiðólfsfelli í 564 m hæð. Þaðan liggur línan þangað sem bein norðurstefna línu, sem dregin er úr punkti í hæstu öxlinni á milli Fjaðurárbotna og Stjórnarbotna norður eftir Geirlandshrauni, sker Kálfá. Þaðan fylgir línan Kálfá í upptök hennar í landnorðri. Þaðan liggur línan vestur fyrir Lauffellið að ármótum þar sem Innri-Geirlandsá beygir í norðaustur, svo fylgir línan Geirlandsá í Fagrafoss og svo áfram að gili sem Miðtungnaá rennur eftir. Þaðan liggur línan upp eftir umræddu gili og í punkt í 685 m hæð á Kaldbaki. Þaðan liggur línan þangað sem sjónhending úr þeim punkti í toppinn á Hnútu sker austurmörk jarðarinnar Brattlands. Samkvæmt þessari kröfugerð er Síðumannaafréttur nánast allur innan þjóðlendu. Á mótí hefur Skaftárhreppur f.h. þinglýstra eigenda lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti gert kröfu um beinan eignarrétt að Síðumannaafrétti öllum eins og hann er nánar afmarkaður í kröfugerð. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.12.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er einkum vísað til heimilda um landnám á Síðu. Varðandi landamerkjalysingar jarða á Síðu er vísað almennt til þriggja atriða er dragi úr trúverðugleika þeirra. Í fyrsta lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins en líkur séu á að nám hafi náð, í öðru lagi sé merkjum lýst lengra inn til landsins í yngri heimildum en eldri og í þriðja lagi séu merkjalýsingar víða óglöggar. Þá er vísað almennt til heimilda um stofnun nýbýlis á Eintúnahálsi sem og heimilda um tilraunir til stofnunar nýbýla undir Helgustaðafjalli, við Leiðólfsfell og á Lauffellsmýrum. Þær heimildir sýni að ekki hafi verið litið svo á að umrædd landsvæði væru undirorpin beinum eignarrétti og af því dregin sú ályktun að hið sama gildi um önnur landsvæði á þeim slóðum. Varðandi Síðumannaafrétt er vísað til þess að um samnotaafrétt sé að ræða, þ.e. afrétt sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið í sameiginlegum notum jarða á tilteknu svæði. Litið sé svo á að það landsvæði, sem þessi afréttur taki til, liggi utan þess svæðis sem numið var. Réttur til afréttarins hafi orðið til með þeim hætti að íbúar hafi tekið svæðið til sumarþeirra og annarra takmarkaðra nota. Ekkert landamerkjabréf sé til fyrir afréttinn og engar þinglýstar eignarheimildir. Einungis sé að finna takmarkaðar lýsingar í einstökum heimildaritum. Mörk afréttarins séu óumdeild samkvæmt þeim heimildum að undanskyldum mörkum hans gagnvart efstu jörðum á Síðu.

Af hálfu Skaftárhrepps, sbr. skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að Síðumannaafréttur sé í

1 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

2 Í skýrslu Ólafs Arnalds o.fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins 1997), segir að þetta landsvæði sé u.þ.b. 947 km<sup>2</sup> að stærð.

3 Ólafur Arnalds o.fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

óskiptri sameign eigenda lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti. Afrétturinn hafi verið notaður bæði til sumarþeitar og vetrarþeitar og hafi jafnan verið fullnýttur. Landið hafi að líkindum verið eðlilegur hluti landnámsjarða og lagt til afréttar og annarra nytja. Eignarréttur byggist ekki síst á hefð og venju um nýtingu landsins. Þá er vísað til hefðar þar sem eigendur afréttarins hafi um langan aldur farið með öll hefðbundin eignarréttindi þar. Eigendur hafi þannig lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að afrétturinn væri allur háður beinum eignarrétti.

Í kafla 5.12. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Síðumannaafrétt. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.<sup>1</sup> Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur Síðumannaafréttur talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>2</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Síðumannaafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða en kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu og fleiri málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd gerir ráð fyrir að þessi landsvæði, að jörðunum sunnan afréttarins undanskildum, séu þjóðlendu.

Heimildir um afmörkun Síðumannaafréttar eru bæði fáar og efnislitlar. Þannig liggur engin heildstæð lýsing á mörkum afréttarins fyrir. Fyrstu heimildirnar, sem gefa vísbendingu um legu afréttarins, eru umsóknir tveggja manna um stofnun nýbýla á Lauffellsmýrum frá þriðja áratug 19. aldar. Af þeim verður þó ekki annað ráðið en að Lauffellsmýrar, sem liggja norðan við Kálfá, hafi verið á Síðumannaafrétti. Þá kemur í lýsingu séra Páls Pálssonar á Kirkjubæjarsókn frá árinu 1841 fram að afrétturinn liggji „fyrir norðan byggðarfjöllin“ og að nyrsta hagapláss á afréttinum sé í Úlfarsdal. Lýsingu á mörkum afréttarins er ekki að finna fyrir en í ritinu Göngur og réttir frá árinu 1983. Þar er mörkum afréttarins lýst þannig að hann liggji á milli Hverfisfljóts að austan og Skaftár að vestan, sunnan frá heiðatakörkum og norður að Vatnajökli. Þá er að finna brotakenndar lýsingar á suðurmörkum afréttarins bæði í ritinu Sunnlenskar byggðir frá árinu 1985 og örnefnalýsingu fyrir afréttinn sem skráð var af Örnefnastofnun Íslands eftir Eiríki Skúlasyni í Mörtungu.

Árið 1997 kom upp ágreiningur um mörk jarða á Vestur-Síðu gagnvart afrétti. Í tilefni af því lagði sýslumaður fram sáttartillögu í desember 1997 sem síðan var leiðrétt í janúar 1998. Samkvæmt henni skyldu mörkin liggja úr miðvatni Skaftár, nánar tiltekið efst úr Áningsfit skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu, og beint austur í skurðpunkt við línu sem dregin er beint í norður úr toppi Leiðólfsfells. Úr þeim skurðpunkti skyldi línan dregin með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman og að Hellisá, sem ráða skyldi að Kálfá og síðan eftir Kálfá að mörkum Mörtungu. Við þetta vildu eigendur Skálar ekki una. Sýslumaður leitaði því sátta um mörk Skálar gagnvart afrétti á ný í maí 1998 án árangurs. Þar sem ekki lá fyrir skýr landamerkjálína ákvað sýslumaður í samræmi við 1. gr. landamerkjálaga að línan skyldi dregin með framangreindum hætti þar til dómur félli um annað eða aðilar næðu öðru samkomulagi.

Með bréfi, dags. 19. júní 1998, fór hreppsnefnd Skaftártunguhrepps þess á leit við sýslumanninn í Vík að hann sannreyndi hvort þar tilgreindar lýsingar á mörkum heimalanda annars vegar og afrétta hins vegar væri í samræmi við þinglýst landamerkjabréf og álit viðkomandi aðila í þeim tilgangi að unnt væri að skilgreina samfellda markalínu frá Mýrdalsjökli að Vatnajökli. Þar kemur eftirfarandi fram um mörk heimalanda og afréttar milli Skaftár og Hverfisfljóts: „Fyrir landi Skaftárdals liggja mörkin frá punkti, sem er við suðurbrún Eldhrauns norðvestur af hæsta toppi Leiðólfs-

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



fells, beint í vestur til Skaftár, í Miðvatn, skammt sunnan við þann stað, þar sem Landvatnið greinist til austurs frá Miðvatninu. Frá nefndum punkti við suðurbrún Eldhrauns liggja mörkin með stefnu á þann stað sem Kálfá og Hellisá koma saman og að Hellisá sem ræður að landi Holts. Fyrir landi Holts ræður Hellisá og síðan Kálfá. Áfram liggja mörkin eftir Kálfá í efstu upptök hennar úr norðaustri. Framkvæma þarf vettvangskönnun til að skera úr um hvar vesturmark Mörtungu kemur að Hellisá og hvernig línan frá efstu upptökum Kálfár úr norðaustri tengist þeim punkti. Frá þeim punkti, þar sem vesturmark Mörtungu kemur að Hellisá, eru mörkin óljós að Hallsteinsvörðu að öðru leyti en því að samkvæmt landamerkjalyásingu Hörgsdals liggja þau beint í vestur frá Hallsteinsvörðu. Úr Hallsteinsvörðu liggja mörkin beint í stórt gil norðarlega í Hnútu og beint áfram að Hverfisfljóti. Þaðan liggja mörkin eftir Hverfisfljóti norður til Vatnajökuls.“ Þá kom fram að ábúendur Mörtungu II, Prestsbakka og Prestsbakkakots teldu eðlilegast að draga línuna úr Hallsteinsvörðu beint í vesturmark Mörtungu við Hellisá og að ábúendur Mörtungu I telur hugsanlegt að Mörtungu ættu land lengra norður en hefðu ekki gert neinar tillögur í því sambandi.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Síðumannaafréttar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 né 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá árinu 1889 til þessa dags. Við mat á þýðingu þessara brotakenndu lýsinga og við nánari afmörkun á afréttinum er því nauðsynlegt að líta til fyrirliggjandi heimilda um merki aðliggjandi landsvæða. Í 1. gr. almennrar reglugjörðar um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 78/1889 segir að heimalönd þau, er heimild sé fyrir að nota til upprekstrar, skuli í þeim efnunum, er að fjallskilum lúta, skoða sem afrétti enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Þá segir að um eignartakmörk afrétta og heimalanda fari að öðru leyti eftir því er lög ákveða. Í 5. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245/1965 segir svo að hreppsnefnd geti með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur. Ekki megi þó skilja heimalönd þannig frá jörðum, sem í byggð eru, nema takmarkaðan tíma í senn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. nógildandi fjallskilasamþykktar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Í því ákvæði er þó jafnframt tekið fram að það skuli vera afréttir sem að fornu hafi verið.

Einu fyrirliggjandi lýsinguna á vesturmörkum Síðumannaafréttar gagnvart Skaftártunguafrétti er að finna í ritinu Göngur og réttir. Þar kemur fram að Skaftá ráði að vestan, sunnan frá heidatakmörkum og norður að Vatnajökli. Mörkum Skaftártunguafréttar gagnvart Síðumannaafrétti er lýst með sama hætti í umræddu riti. Þá liggur fyrir lýsing á afréttarmörkum Skaftártunguhrepps, dags. 12. desember 1889, þar sem fram kemur að Skaftá ráði suður á móts við Hányþugil. Þessari lýsingu virðist ekki hafa verið þinglýst en hún er samþykkt í umboði hreppsnefndar Kleifarhrepps vegna marka við Síðumannaafrétt. Lýsingarnar í Göngum og réttum eru því í samræmi við þessa lýsingu.

Einu fyrirliggjandi lýsinguna á austurmörkum Síðumannaafréttar gagnvart jörðinni Dalshöfða í Fljótshverfi er að finna í ritinu Göngur og réttir. Þar kemur fram að Hverfisfljót ráði að austan, sunnan frá heidatakmörkum og norður að Vatnajökli. Samkvæmt landamerkjabréfi Dalshöfða, dags. 11. júní 1886 og þingl. 19. júní sama ár, liggja merki Dalshöfða gagnvart Síðumannaafrétti, með þvermarki „sem skiptir heiðalandi og afrjetti“ austur að Hverfisfljóti. Eftir það ræður fljótið „norður í jökul“. Lýsingin í ritinu Göngur og réttir er því í samræmi við landamerkjabréf Dalshöfða svo langt sem hún nær. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarins. Í kafla 6.12., sbr. einnig kafla 6.3. í máli nr. 9/2003 hjá óbyggðanefnd, Fljótshverfi, er komist að þeirri niðurstöðu að framangreint þvermark liggja frá Ufsatanga til norðausturs yfir Eldhraun og yfir toppinn á Hnútu og í Hverfisfljóti. Um forsendur og rök fyrir þeirri niðurstöðu vísast til þeirrar umfjöllunar sem þar er.

Í fyrirliggjandi heimildum er norðurmörkum Síðumannaafréttar hvergi lýst sérstaklega, en vestur- og austurmörkum lýst að Vatnajökli sem að framan greinir. Óbyggðanefnd telur fyrirliggjandi

heimildir því sýna glögg tilið hafi verið svo á að afrétturinn næði að Vatnajökli. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Um mörk einstakra jarða gagnvart Síðumannaafrétti er fjallað í köflum 6.3.-6.12. og komist að þeirri niðurstöðu að suðurmörk afréttarins séu eftirfarandi: Úr punkti, efst í Áningsfit skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu í Skaftá, og beint í austur, þangað til línan sker línu sem liggur í norðnorðvestur frá toppi Leiðólfsfells. Þaðan liggur línan beint í Hellisá þar sem hún gengur lengst til norðurs fyrir landi Skálar og fylgir svo Hellisá þangað sem Kálfá rennur í hana og síðan Kálfá að upptökum hennar. Frá upptökum Kálfár er dregin bein lína í upptök Geirlandsár norðan við Lauffell (upptök lækjar sem rennur í Geirlandsá), þaðan liggur línan beint í upptök Þverár, þaðan beint í Hallsteinsvörðu, þaðan beint í Ufsatanga. Úr Ufsatanga fylgir línan svo áður nefndu Þvermarki í Hverfisfljót. Um forsendur og rök fyrir þeirri niðurstöðu vísast til þeirrar umfjöllunar sem þar er.

Sem að framan greinir var hvorki gert landamerkjabréf fyrir Síðumannaafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882 né 1919. Þannig liggur engin lögformleg lýsing á heildarmerkjum afréttarins fyrir. Þá eru þær lýsingar sem fyrir liggja allar brotakenndar. Í ritinu Göngur og réttir er að finna lýsingu á vestur- og austurmörkum afréttarins. Fyrirliggjandi gögn um landamerki aðliggjandi landsvæða sem og glögg skil frá náttúrunnar hendi benda til þess að merkjum afréttarins sé þar rétt lýst að þessu leyti. Þá hefur óbyggðanefnd komist að niðurstöðu um suðurmörk afréttarins á grundvelli heimilda um landamerki aðliggjandi jarða. Fyrir þær jarðir voru gerð landamerkjabréf í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882. Þau landamerkjabréf eru flest árituð af nágrönnum, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna að þessu leyti. Bendir það allt til þess að merkjum sé rétt lýst í bréfunum svo langt sem þær lýsingar ná, sbr. einnig umfjöllun í köflum 6.3.-6.12.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Síðumannaafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan.

Þegar Síðumannaafréttar er getið í fyrirliggjandi heimildum er það í öllum tilvikum tengt upprekstri og afréttarnotum, sbr. t.d. heimildir í tengslum við tilraunir til nýbýlastofnunar frá því á fyrri hluta 19. aldar, lýsingu á Kirkjubæjarklausturssókn frá 1841, fjallskilareglugerðir frá 1889 og síðar og fasteignamat 1916.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í hinum forna Kleifarhreppi (síðar Kirkjubæjarhreppi og Hörglandshreppi) haft af Síðumannaafrétti hefðbundin afréttarnot undir umsjón hreppsins (síðar hreppanna) á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í hinum forna Kleifarhreppi (síðar Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi) eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Þá telur óbyggðanefnd ekki unnt að draga afdráttarlausar ályktanir af lýsingum Landnámu um hvort Síðumannaafréttur hafi verið innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða ekki. Með vísan ályktana í kafla 6.2. verður þó að telja fremur ólíklegt að a.m.k. nyrðri hluti þess svæðis, sem afrétturinn tekur til, hafi verið numinn.

Í máli þessu er því ekki sýnt fram á annað en að réttur til Síðumannaafréttar hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar í hinum forna Kleifarhreppi (síðar Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi) hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu Skaftárhrepps f.h. þinglýstra eigenda lögbýla á Síðu, Brunasandi og í Landbroti ekki verið sannað að landsvæðið Síðumannaafréttur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið hátt-

að, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.<sup>1</sup>

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í Kleifarhreppi hinum forna hafi verið að ræða.

Í sumum tilvikum liggja mörk Síðumannaafréttar gagnvart einstökum jörðum sunnar en krafa er gerð um í máli þessu. Þrátt fyrir ábendingar óbyggðanefndar var ekki gerð um það varakrafa af hálfu Skaftárhrepps f.h. eigenda og umráðamanna lögbýla í hreppnum að afrétturinn næði alla leið suður að norðurmörkum jarðanna eins og þau yrðu ákvörðuð í úrskurði nefndarinnar. Með hliðsjón af sjálfstæðri rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, verður þessi annmarki á kröfugerð sveitarfélagsins ekki talinn hafa þýðingu enda enginn vafi á því samkvæmt fyrirliggjandi heimildum að litið hafi verið svo á að land jarðanna næði norður að mörkum Síðumannaafréttar og ekkert sem bendir til þess að það landsvæði, sem liggur á milli norðurmarka jarðanna og kröfulínu sveitarfélagsins, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en Síðumannaafréttur að öðru leyti.

Þá verður ekki talið hafi þýðingu í þessu sambandi, með hliðsjón af sjálfstæðri rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, að kröfugerð íslenska ríkisins taki ekki til landskika við Skaftá rétt norðan við Áningsfit eða landskika við Kálfá norðan Heiðarsels og Eitúnaháls enda engin efnisleg rök verið færð fram fyrir þeirri tilhögun.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það, sem hér er til umfjöllunar, verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í almennum niðurstöðum nefndarinnar, að land Síðumannaafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Skaftár við jaðar Vatnajökuls og eftir ánni að punkti efst í Áningsfit, skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu. Þaðan liggur línan beint í austur þar til hún sker línu sem liggur í norðnorðvestur úr toppi Leiðólfsfells og út í hraunið. Þaðan liggur línan beint í Hellisá á þeim stað þar sem hún gengur lengst til norðurs fyrir landi Skálar. Línan fylgir svo Hellisá þangað sem Kálfá rennur í hana og síðan Kálfá að upptökum hennar. Frá upptökum Kálfár er dregin bein lína í upptök Geirlandsár norðan við Lauffell (upptök lækjar sem rennur í Geirlandsá), þaðan liggur línan beint í upptök Þverár, þaðan beint í Hallsteinsvörðu, þaðan beint í Ufsatanga. Úr Ufsatanga liggur línan svo beint yfir toppinn á Hnútu og í Hverfisfljót og fylgir svo fljótinu að upptökum þess við jaðar Síðujökuls. Þaðan fylgir línan jökuljaðrinum að upptökum Skaftár. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í hinum forna Kleifarhreppi (síðar Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi), nánar tiltekið jarða á Síðu, í Landbroti og á Brunasandi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk afréttarins að því leyti sem hann liggur að Vatnajökli til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Hluti af því landsvæði sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur jarða á Síðu, í Landbroti og á Brunasandi er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. reglugerð um Skaftafellspjóðgarð nr. 879/2004 og nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Lakagígar“.

#### **6.14. Vatnajökull og önnur landsvæði á Síðu, í Landbroti, á Brunasandi og í fyrrum Leiðvallarhreppi**

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sem og þeirra landsvæða á Síðu, í Landbroti, á Brunasandi og í fyrrum Leiðvallarhreppi sem ekki er fjallað um í köflum 6.3.-6.13., þ.e. lands sem til meðferðar er í þessu máli en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til, sbr. einnig kafla 2.4.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddur hluti Vatnajökuls sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi á þessu svæði. Þá er óumdeilt að landsvæði það á Síðu, í Landbroti, á Brunasandi og í fyrrum Leiðvallarhreppi, sem hér er til meðferðar, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ekki unnt að draga ályktanir af lýsingum Landnámu um hvort umræddur hluti Vatnajökuls hafi verið innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða ekki. Þá telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að á viðkomandi hluta jökulsins hafi á síðari tímum stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr upptökum Skaftár við jaðar Vatnajökuls er dregin bein lína í Bárðarbungu (2009 m). Þaðan liggur línan til suðausturs í Svíahnúk eystri í Grímsfjalli (1732 m) og þaðan til suðvesturs í upptök Hverfisfljóts við jaðar Síðujökuls. Þaðan liggur línan með jökuljaðrinum að upptökum Skaftár. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Landsvæði það, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda, er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, sbr. reglugerð um Skaftafellspjóðgarð nr. 879/2004.

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana, umfram það sem þegar hefur verið fjallað um. Þá eru engar vísbendingar um að á þessu svæði sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjöru í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

#### **6.15. Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar

hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>1</sup>

Landsvæði það, sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Síðumannaafréttur og sá hluti Vatnajökuls, sem til meðferðar er í máli þessu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Skaftár við jaðar Vatnajökuls og eftir ánni að punkti efst í Áningsfit, skammt sunnan við þar sem Landvatnið rennur úr Miðvatninu. Þaðan liggur línan beint í austur þar til hún sker línu sem liggur í norðnorðvestur úr toppi Leiðólfsfells og út í hraunið. Þaðan liggur línan beint í Hellisá á þeim stað þar sem hún gengur lengst til norðurs fyrir landi Skálar. Línan fylgir svo Hellisá þangað sem Kálfá rennur í hana og síðan Kálfá að upptökum hennar. Frá upptökum Kálfár er dregin bein lína í upptök Geirlandsár norðan við Lauffell (upptök lækjar sem rennur í Geirlandsá), þaðan liggur línan beint í upptök Þverár, þaðan beint í Hallsteinsvörðu, þaðan beint í Ufsatanga. Úr Ufsatanga liggur línan beint yfir toppinn á Hnútu og í Hverfisfljót og fylgir svo fljótinu að upptökum þess við jaðar Síðujökuls. Þaðan er dregin lína til norðausturs í Svíahnúk eystri í Grímsfjalli (1732 m) og þaðan til norðvesturs í Bárðarbungu (2009 m). Þaðan liggur línan beint í upptök Skaftár við jaðar Vatnajökuls.*

Sama landsvæði að undanskildum Vatnajökli er afréttur jarða í hinum forna Kleifarhreppi (síðar Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi), nánar tiltekið jarða á Síðu, í Landbroti og á Brunasandi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga 58/1998. Að því leyti, sem afmörkun afréttarins ræðst af jökuljaðri, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðlendulaga.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Ólafur Björnsson hrl. 1.100.000 kr., Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfr. 900.000 kr. og Jóhann Halldórsson hrl. 600.000 kr. er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitsetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Halldór Jónsson

<sup>1</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.



## **VIÐAUKAR**

- I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)**  
*Sjá bls. 79*







## **FYLGISKJÖL**

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**

**PJÓÐLENDULÍNA** - Mál nr 8/2003, Síða, Landbrot, og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi






Dagur 9.12.2004  
Kortgerumur ISOR  
Kortgerumur 1:50,000  
Kortgerumur Skjalason, Landfræðingur  
© Landmælingar Íslands, kvfr nr. L020013

Aggningur um landamarki  
Minnur á þökunum, eins og það er tekið á kortgerumi, og únskurlitnu byggingaheildar,  
að því leyti sem hún fylgir þökunum, skýrist af mælingum altri og hálvæmmi gagna.

Mörk þjóðlendi, skv. únskurlit  
byggingaheildar  
skv. únskurlit mæna þáðherdu  
skv. únskurlit byggingaheildar  
Landamarkspunktur.

Kalla (þjáðarðherdu) þ. ríkiss um þjóðlendumark.  
Kallur ymsa aðla um eigaðreitidri (ðalkerfi).  
Úllna þjúks skv. uppsettum Landisat7 gervituglamyndum og lögmundum



## II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Eintúnaháls	Skaftárhreppur
Heiðarsel I	Hilmar Jónsson
Heiðarsel I	Skúli Jónsson
Heiðarsel I	Stefán Jónsson
Heiðarsel II	Hilmar Jónsson
Heiðarsel II	Skúli Jónsson
Heiðarsel II	Stefán Jónsson
Holt I	Helga G. Sigurjónsdóttir
Holt I	Sigurður Helgason
Holt II	Seðlabanki Íslands
Holt II	Siggeir Björnsson
Hörgsdalur I	Guðlaug Marta Ásgeirsdóttir
Hörgsdalur I	Gústaf B. Pálsson
Hörgsdalur II	Gústaf B. Pálsson
Hörgsland I	Ferðþjónusta og Sumarhús ehf.
Hörgsland II	Ólafía Jakobsdóttir
Hörgsland II	Jóna Jakobsdóttir
Hörgsland II	Sigurveig Jakobsdóttir
Hörglandskot	Lára Gunnðís Magnúsdóttir
Hörglandskot	Magnús Lárusson
Hörglandskot	Steingrímur Lárusson
Múlakot	Baldur Þ. Bjarnason
Múlakot	Bjarni Pétur Baldursson
Múlakot	Guðrún Lilja Bjarnadóttir
Múlakot	Gunmáugur Bjarnarson
Múlakot	Helga M. Bjarnadóttir
Múlakot	Sigurveig Kristófersdóttir
Mörtungur I	Ragnar Jónsson
Mörtungur II	Ólafur Oddsson
Mörtungur II	Guðríður Steinunn Jónsdóttir
Prestbakkakot	Jón Þorbergsson
Prestbakki	Jón Jónsson
Prestbakki	Sigrún Böðvarsdóttir
Síðumannaafréttur	Skaftárhreppur f.h. eiganda og umráðamanna lögbýla í hreppnum
Skaftárdalur I	Jóhannes Ragnarsson
Skaftárdalur I	Lovísa Axelsdóttir
Skaftárdalur I	Sigurður Hjaltason
Skaftárdalur I	Þorfinnur Snorrason
Skaftárdalur II	Aðalbjörg Jónsdóttir
Skaftárdalur II	Eiríkur Þór Jónsson
Skaftárdalur II	Hanna Kristín Gunnarsdóttir
Skaftárdalur II	Sigurður Bergmann Jónasson
Skaftárdalur III	Aðalbjörg Jónsdóttir

---

Skafárdalur III	Eiríkur Þór Jónsson
Skafárdalur III	Hanna Kristín Gunnarsdóttir
Skafárdalur III	Jóhannes Ragnarsson
Skafárdalur III	Sigurður Hjaltason
Skafárdalur III	Sigurður Bergmann Jónasson
Skafárdalur III	Þorfinnur Snorrason
Skálar	Eiríkur Benjamínsson
Skálar	Gísli Vigfússon
Skálar	Halldór Jóhannsson
Skálar	Ólafur Einarsson
Skálar	Stefanía Halldórsdóttir
Þverá/Brattland	Davíð Pétursson

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf fjármálaráðherra v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(2) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Skaftárhreppi (mælikvarði 1:50.000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
- 1(5)) Landamerki Eintúnaháls eftir dómi uppkveðnum 1.10.1834 þegar jörðinni var úthlutað landi sem nýbýli.
- 1(6) Afsal jarðarinnar Eintúnaháls til Kirkjubæjarhrepps, dags. 5.5.1937.
- 1(7) Greinargerð fjármálaráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins, dags. 23.5.2003.
- 1(8) Endanleg kröfugerð í máli nr. 8/2003, Síða í sveitarfélaginu Skaftárhreppi.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### *Landamerkjalyýsingar:*

- 2(1) Landamerkjalyýsing Holts, dags. 9.5.1885.
- 2(2) Landamerkjalyýsing Skaftárdals, dags. 19.6.1886.
- 2(3) Landamerkjalyýsing Skálar, dags. árið 1886.
- 2(4) Landamerkjalyýsing Mörtungu, dags. árið 1886.
- 2(5) Landamerkjalyýsing Brattlands, dags. 18.6.1886.
- 2(6) Landamerkjalyýsing Hörgsdals, dags. 19.6.1888.
- 2(7) Landamerkjalyýsing Áar, dags. 1886.
- 2(8) Landamerkjalyýsing Prestsbakka og Prestsbakkakots, dags. 4.6.1890.
- 2(9) Landamerkjalyýsing Hörgslands, dags. 21.5.1890.
- 2(10) Landamerkjalyýsing Heiðar og Heiðarsels, dags. 24.5.1890.
- 2(11) Landamerkjalyýsing Þverár, dags. 3.6.1890.
- 2(12) Landamerkjalyýsing Hörgslandskots, Hörgslands og Múlakots, dags. 5.5.1922.
- 2(83) Landamerkjalyýsing Geirlands, dags. 24.5.1890.
- 2(84) Landamerkjalyýsing Efri- og Neðri-Markar, dags. 22.5.1889.
- 2(85) Landamerkjalyýsing Dalshöfða, dags. 11.6.1886.
- 2(86) Landamerkjalyýsing Búlandstorfunnar, þingl. 21.6.1886.
- 2(87) Landamerkjalyýsing Keldunúpa, dags. 21.5.1890.
- 2(88) Landamerkjalyýsing jarðarinnar Foss á Síðu, dags. 15.12.1920.
- 2(90) Landamerkjalyýsing Hólms, dags. 26.5.1890.
- 2(91) Landamerkjalyýsing Botna, dags. 6.6.1890.
- 2(102) Ytri-Dalbær, dags. 26.5.1890.
- 2(103) Arnardrang, Eystra- og Ytra Hraun, dags. 14.5.1886.
- 2(104) Þykkvabæjarklaustur, dags. 12.5.1890.

#### *Skjöl úr skjalasafni landfógeta, sem varða Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir í Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(13) Síða Rauðabergs í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).

- 2(14) Síða Þverár í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).
- 2(15) Síða Mörtungu í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).
- 2(16) Síða Holts í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).
- 2(17) Síða Hörgsdals Uppkast að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).
- 2(18) Lýsing Þorsteins Bjarnasonar á Vestur-Skaftafellssýslu og klaustrajörðunum, gerð á Mýrum í Álftaveri 17.6.1773.
- 2(78) Síða Heiði í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Þykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).
- Afsals- og veðmálabækur Skaftafellssýslu:*
- 2(19) Afsal landssjóðs til Guðlaugs Guðmundssonar á jörðinni Þverá, dags. 7.1.1886. Skaft. DB/3, nr. 80.
- 2(20) Afsal landsjóðs til Vilborgar Jónsdóttur á jörðinni Brattlandi, dags. 3.5.1893. Skaft. DB/4, nr. 61.
- 2(21) Afsal til Odds Oddssonar og Eiríks Bjarnasonar á þjóðjörðinni Mörtungu, dags. 18.2.1897. Skaft. DB/3, nr. 347.
- 2(22) Afsal til Bjarna Bjarnasonar á þjóðjörðinni Hörgsdal, dags. 12.10.1910. Skaft. DB/5, nr. 64.
- 2(23) Afsal landsjóðs til Jóns Bjarnasonar á jörðinni Mörk, dags. 22.8.1893. Skaft. DB/3, nr. 241.
- 2(24) Afsal til Lárusar Helgasonar á þjóðjörðinni Kirkjubæjarklaustri, dags. 20.11.1908. Skaft. DB/4, nr. 311.
- 2(25) Afsal landsjóðs til Ragnhildar Jónsdóttur á jörðinni Heiði, dags. 4.12.1893. Skaft. DB/3, nr. 244.
- 2(26) Afsal landsjóðs til Vigfúsar Árnasonar á Heiðarseli, dags. 30.6.1893. Skaft. DB/3, nr. 243.
- 2(27) Afsal til Jóns Jónssonar á kóngsjörðina (Kirkjubæjarklaustursjörð) Holti, dags. 8.4.1847. Skaft. DB/1, nr. 144.
- 2(28) Afsal til Eyjólfss Guðmundssonar á landssjóðsjörðinni Á, dags. 15.5.1891. Skaft. DB/3, nr. 195.
- 2(29) Afsal til Þorkels Jónssonar á kóngsjörðinni Skaftárdal, dags. 2.9.1837.
- 2(30) Afsal til Lofts Ólafssonar á  $\frac{2}{3}$  þjóðjarðarinnar Hörgslands og á  $\frac{1}{4}$  þjóðjarðarinnar Hörgslandskots, dags. 19. 11.1919. Skaft. DB/6, nr. 76.
- 2(31) Afsal til Einars Pálssonar á  $\frac{1}{3}$  þjóðjarðarinnar Hörgslands, dags. 19.11.1919. Skaft. DB/6, nr. 77.
- 2(32) Afsal til Steingríms Steingrímssonar á  $\frac{3}{4}$  þjóðjarðarinnar Hörgslandskots, dags. 19.11.1919. Skaft. DB/6, nr. 75.
- 2(33) Afsal til Þorláks Vigfússonar á þjóðjörðinni Múlakoti, dags. 19.11.1919. Skaft. DB/6, nr. 78.
- 2(79) Afsal til Sveins Pálssonar á jörðinni Holti, dags. 26.4.1862. Skýringar á efni skjalsins er að finna í yfirliti Þjóðskjalasafns.

- 2(92) Veðbókarregistur Brattlands. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(93) Veðbókarregistur Eintúnaháls. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(94) Veðbókarregistur Heiðarsels. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(95) Veðbókarregistur Holts. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(96) Veðbókarregistur Lækja eða Lækjarbakka og Hervararstaða. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(97) Veðbókarregistur Hörgslands, Hörgslandskots og Múlakots. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(98) Veðbókarregistur Hörgsdals. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(99) Veðbókarregistur Mörtungu. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(100) Veðbókarregistur Skaptárdals. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.  
 2(101) Veðbókarregistur Skálar. Veðmálaregistur Skaftafellssýslu fram til ársins 1928.

*Jarðamatsgögn:*

- 2(34) (a-b) Umfjöllun um jarðir í Kleifarhreppi í jarðamati 1804, ásamt skýringum og uppskriftum að hluta.  
 2(35) Umfjöllun um hluta jarða í Kleifarhreppi í jarðamati 1849-1850.  
 2(36) Umfjöllun um hluta jarða í Hörgslandshreppi og jarðir í Kirkjubæjarhreppi í fasteignamati 1916-1918.  
 2(82) a-b Umfjöllun um hluta jarða í Kleifarhreppi í Gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849-50, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(89) Úr fasteignamati 1918. Landamerkjalyfing Kirkjubæjarklausturs.

*Visitasiúbækur biskupa:*

- 2(37) (a-b) Visitasía að Skál 1677 ásamt uppskrift að hluta.  
 2(38) (a-b) Visitasía að Skál 1749 ásamt uppskrift að hluta.  
 2(39) (a-b) Visitasía að Skál 1641 ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8).  
 2(40) (a-b) Visitasía að Kirkjubæjarklaustri 1641 ásamt uppskrift að hluta. (Bps. A. II, 8).

*Dóma- og þingabækur:*

- 2(41) (a-b) Réttarhald/skoðunargerð á Eintúnahálsi 1831, ásamt uppskrift.  
 2(42) (a-b) Réttarhald vegna útmælingar á Eintúnahálsi 1832 og ýmis skjöl sem lögð voru fram við það tækifæri, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(43) (a-b) Áreið á landamerki Holts og Skálar á Síðu 1849, ásamt uppskrift.  
 2(44) (a-b) Áreið á landamerki Skálar, Holts og Skaftárdals 1859, ásamt uppskrift.  
 2(45) (a-b) Landaprætumál milli Skálar, Skaftárdals og Holts 1860, ásamt uppskrift.

*Umboðsskjöl úr Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(46) (a-b) Úttekt Mörtungu 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).  
 2(47) (a-b) Úttekt Hörgsdals 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).  
 2(48) (a-b) Úttekt Brattlands (áður Ytradals) 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).  
 2(49) (a-b) Úttekt Þverár 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).  
 2(50) (a-b) Úttekt Breiðabólsstaðar 1857, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).



- 2(51) (a-b) Úttekt Þverár 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 4. Úttektabók 1838-1847).
- 2(52) (a-b) Úttekt Brattlands (áður Ytradals) 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrajarðir IV, 4. Úttektabók 1838-1847).
- 2(53) (a-b) Bréf umboðsmanns þjóðjarða í Vestur-Skaftafellssýslu til amtmanns í Suðuramti, dags. 10.1.1890, um land Geirlands og Mörtungu og selsátur Breiðabólstaðar í Geirlandsheiði og lambaupprekstur í Lambatungur í Mörtungulandi m.m., ásamt uppskrift að hluta. (Umboðsskjöl. Kirkjubæjarklaustur, Þykkvabæjarklaustur og Flögugarðir III, 5. Bréfabók 1886-1902).
- 2(54) (a-b) Lýsing umboðsmanns á jörðinni Hörgslandi í bréfi til sýslumanns í Skaftafellssýslu, dags. 19.3.1891, ásamt uppskrift að hluta. (Umboðsskjöl. Kirkjubæjarklaustur, Þykkvabæjarklaustur og Flögugarðir III, 5. Bréfabók 1886-1902).
- 2(55) (a-b) Lýsing umboðsmanns á jörðinni Brattlandi í bréfi til sýslumanns í Skaftafellssýslu, dags. 21.3.1891, ásamt uppskrift að hluta. (Umboðsskjöl. Kirkjubæjarklaustur, Þykkvabæjarklaustur og Flögugarðir III, 5.

*Sala þjóðjarða í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturumboði:*

- 2(56) Virðing á Hörgsdal á Síðu 1906. (Stjórnarráð Íslands II, Db. 3, nr. 365).
- 2(57) Virðing og sala á jörðum í Hörgslandsþorpi á Síðu 1918-1919. (Stjórnarráð Íslands II, Db. 7, nr. 65).

*Jarðaskjöl:*

- 2(58) Landamerkjalyýsing fyrir Hörgsland frá árinu 1707.
- 2(59) Vitnisburður Steingríms Sveinssonar um landamerki Skálar, gefinn að Geirlandi 26.7.1859.
- 2(60) Vitnisburður E. Einarssonar um landamerki Skálar, gefinn að Þverá 16.7.1859.
- 2(61) Sáttargerð um landamerki Holts og Skálar og Skálar og Skaftárdals 1859.

*Bréfa- og gerðabækur sýslumanna og hreppa:*

- 2(81) (a-b) Reglur um upprekstur á Síðumannaafrétt og heimild ábúenda landríkustu jarða til að taka upprekstrarfé í heimalönd sín, dags. 8.6.1894, ásamt óstaðfestri uppskrift.

*Skjöl úr skjalasafni stiftamtmanns og suðuramts:*

- 2(62) a-b Bréf sýslumanns Skaftafellssýslu varðandi umsókn bænda á Geirlandi um að stofna nýbýli undir Helgastaðafjalli, dags. 18.1.1826, ásamt umræddri umsókn bændanna, dags. 29.12.1825, ásamt uppskrift. (Stamt. III, 357, SA-J 10, 884).
- 2(63) a-b Umsókn um leyfi til nýbýlastofnunar á Lauffellsmýrum á Síðuafrétti, dags. 31.3.1828, ásamt svari sýslumanns, dags. 29.5.1829, ásamt uppskrift. (Stamt. III, 367, SA-J XI, 250)
- 2(64) a-b Kvörtun Jóns Sverrissonar í Hólmi í Landbroti til stiftamtmanns, dags. 15.6.1829, yfir því að sýslumaður í Skaftafellssýslu sinni því ekki að skoða land, sem Jón hefði sótt um til að stofna á nýbýli ásamt bréfi stiftamtmanns til sýslumanns af því tilefni, dags. 6.7. s.á., og svari sýslumanns, dags. 20.7.1829, ásamt uppskrift. (Stamt. III, 371, SA-J XI 250).
- 2(65) a-b Byggingarbréf fyrir Eintúnahálsi, dags. 26.1.1833, ásamt uppskrift. (Stamt. I, 58. Bréfabók stiftamtmanns 1832-1834. Bréf nr. 386).
- 2(80) a-b Bréfaskipti 1893-1894 vegna fyrirhugðar stofnunar nýbýlis í Leiðólfsfelli, dags. 22.2.1893, ásamt uppskrift.

- 2(105) Skjöl sem varða ágreining milli ábúenda á Heiði og Hunkubökkum um beit á Heiðarhálsi, 1888-1894.

*Brauðamöt:*

- 2(66) (a-b) Mat Prestsbakka, dags. 29.5.1839, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(67) (a-b) Mat Kirkjubæjarklaustursprestakalls, dags. 1.8.1854, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(68) Mat Prestbakka, dags. 6.6.1867.

*Sáttabækur:*

- 2(69) (a-b) Ágreiningur um landamerki Foss og Hörgslands á Síðu, færsla dags. 23.9.1807, ásamt uppskrift. (Sáttabók Síðumanna 1807-1872).  
 2(70) (a-b) Land Eintúnaháls, færsla dags. 13.9.1832, ásamt uppskrift. (Sáttabók Síðumanna 1807-1872).  
 2(71) (a-b) Landamerki Brattlands, Þverár og Foss, færsla dags. 18.6.1836, ásamt uppskrift. (Sáttabók Síðumanna 1807-1873).  
 2(72) (a-b) Landamerki Holts og Skálar og Skálar og Skaftárdals, færsla dags. 25.10.1859, ásamt uppskrift. (Sáttabók Síðumanna 1807-1873).

*Skjalasafn landshöfðingja. Skjöl varðandi þjóðjarðasölu:*

- 2(73) Matsgerð Þverár, dags. 27.8.1884. (Lh. N-J. 1891, nr. 565).  
 2(74) Mat umboðsmanns þjóðjarða í Vestur-Skaftafellssýslu á Hörgsdal, dags. 13.2.1891. (Lh. N-J 1895, nr. 190).  
 2(75) Mat umboðsmanns þjóðjarða í Vestur-Skaftafellssýslu á Mörtungu, dags. 13.2.1891. (Lh. N-J 1895, nr. 190).  
 2(76) Lýsing umboðsmanns á Hörgslandi, dags. 12.1.1897, og umsögn sýslunefndarfundar, 11.-12. mars s.á. (Lh. N-J 1897, nr. 990).  
 2(77) Lýsing umboðsmanns á Hörgsdal, dags. 4.2.1897, og umsögn sýslunefndarfundar, 11.-12. mars s.á. (Lh. N-J 1897, nr. 990).  
 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, varðandi heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 26.4.2001.  
 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 2.10.2003.

*Máldagar o.fl.:*

- 4(1) Máldagi fyrir kristbú á Dalbæ í Landbroti [1150]. Fram kemur að kristbúið átti ítak í Skálarlandi (1.b., bls. 194-199).  
 4(2) Máldagi fyrir Kirkjubæjarklaustur [1218]. Fram kemur að klaustrið átti jörðina Mörtungu (1. b., bls. 392-394).  
 4(3) Máldagi Kirkjubæjarklausturs [1343]. Fram kemur að klaustrið átti jörðina Mörtungu og ítak í Hörgslandi (2.b., bls. 781-782).  
 4(4) Máldagi Nikulásarkirkju í Skál [1343]. Fram kemur að þjónað var í Holti frá Skál (2.b., bls. 783).  
 4(5) Máldagi Þykkvabæjarklausturs [1340]. Fram kemur að klaustrið átti ítök í Hörgsdal og Raufarbergi (Rauðabergi) (2.b., bls 737-739).  
 4(6) Máldagi Nikulásarkirkju að Lómagnúpi [1343]. Fram kemur að undir kirkjuna lá bænahús að Raufarbergi (2.b., bls.777-778).  
 4(7) Máldagi Nikulásarkirkju að Lómagnúpi. [1397]. Fram kemur að undir kirkjuna lá bænahús að Raufarbergi (4.b, bls. 199).  
 4(8) Úr Hítardalsbók [1367]. Nefnd er í skránni Mikaelkirkja að Holti (3.b., bls. 235).

- 4(9) Máldagi Nikulásarkirkju í Skál [1367]. Fram kemur að þjónað var í Holti frá Skál annan hvern helgan dag (3.b., bls. 246).
- 4(10) Máldagi kristbúsins að Þverá á Síðu [1367]. Fram kemur að kristbúið átti hlut í Hördsdælafjöru (3.b., bls. 244).
- 4(11) Máldagi Nikulásarkirkju í Holti, 1397 (4.b., bls. 237).
- 4(12) Máldagi Kirkjubæjarklausturs, 1397. Fram kemur að klaustrið átti m.a. jarðirnar Hörgsdal og Mörtungu og ítak í Hörgslandi (4.b., bls. 238-239).
- 4(13) Máldagi kristbúsins að Keldugnúpi, 1397. Fram kemur að búið átti ítak í Hörgsdalslandi (4.b., bls. 236).
- 4(14) Testamentisbréf Einars bónda Ormssonar, 1470. Fram kemur að hann átti jörðina Holt í Skálarkirkjusókn ( 5.b., bls. 568-571).
- 4(15) Ragnheiður Eiríksdóttir gefur Kirkjubæjarklaustri jörðina Raufaberg (Rauðberg) í Lómagnúpskirkjusókn í sitt testamentum og eiginmanns síns, 1471 ( 5. b., bls. 646).
- 4(16) Katrín Óladóttir gefur, með samþykki eiginmanns síns og sona, Kirkjubæjarklaustri við á þrátiú hesta árlega upp í Skálarlandi, og skal sú gjöf standa ævinlega (5. b., bls. 697).
- 4(17) Máldagi Kirkjubæjarklausturs [1343]. Fram kemur m.a. að klaustrið átti ítölur í Hörgslandi og jörðina Mörtungu (8.b., bls. 4-6).
- 4(18) Máldagi kirkjunnar Skál, 1523. Fram kemur að kirkjan átti 10 hundruð í heimalandi (9.b., bls. 188).
- 4(19) Skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ, 1582. Fram kemur m.a. að klaustrið átti ískyldur í Raufarbergi, Hörgsdal og Holti sem voru eignir Þykkvabæjarklausturs (9.b., bls. 470-471).
- 4(20) Fjárskiptabréf milli Hólmfríðar Erlendsdóttur og Eyjólfss Einarssonar, sonar hennar, og systkína hans, 1522. Hólmfríður fékk m.a. hálf Holt á Síðu fyrir 25 hundruð (9.b., bls. 86-87).
- 4(21) Kirknaskrá frá um 1200. Kirkja var þá í Hörgsdal og Skál (12.b., bls. 5).
- 4(22) Máldagi kirkjunnar í Skál frá um 1570 og skrá yfir kirkjur í Minna-Héraði og nærlendis frá sama tíma (15.b., bls. 704-705, 713).
- 4(23) Máldagar kristfjárjarðanna að Keldunúpi og Breiðabólstað frá 1570. Þær áttu m.a. ítök í Hörgsdalslandi ( 15.b., bls. 707).
- 4(74) Máldagi fyrir kristbúi því er Loðmundr Þórisson og Dálkr bróðir hans settu á Breiðabólstað á Síðu [1150] (1. b., bls. 201-203).

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 4(24) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi). Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 6-19).
- 4(25) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 6-9).
- 4(26) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 206-217).
- 4(27) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 107-110).
- 4(28) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 61-63).
- 4(42) Fasteignabók 1957. Rv. 1956-57 (bls. 309-311).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(29) Fjallskilaákvæði fyrir Vesturskaftafellssýslu, nr. 100/1897. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 163)
- 4(30) Almenn reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 78/1899. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 100-107)
- 4(31) Reglugjörð um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur Skafta-

fellssýslu frá 6. júlí 1899, nr. 103/1913. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland. B-deild, bls. 181-182).

- 4(32) Fjallskilasamykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 245/1965. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968. B- deild, bls. 518-525).
- 4(33) Fjallskilasamykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 174/1992. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1992. B-deild, bls. 380-386).

*Jarðabréf:*

- 4(34) Jarðir Kirkjubæjarklausturs í byrjun 18. aldar. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. bindi, bls. 442-466)
- 4(40) Kaupbréf varðandi jörðina Skál, dags. 20.10.1666.
- 4(41) Eignayfirlýsing varðandi jörðina Skál, dags. 13.7.1703.

*Manntal:*

- 4(35) Manntal á Íslandi árið 1703. Kleifahreppur. Bls. 437-444.

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 4(48) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Skál, Kirkjubæjarhreppi, dags. 27.5.2003.
- 4(49) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Eintúnaháls, Kirkjubæjarhreppi, dags. 27.5.2003.
- 4(50) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Þverá, Hörglandshrepp, dags. 27.5.2003. (2 síður)
- 4(51) Skál. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(52) Holt. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(53) Mörtunga I og II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(54) Prestbakkí. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(55) Prestbakkakot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(56) Hörgsdalur. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(57) Hörgslandskot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(58) Hörgsland I. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(59) Hörgsland II. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(60) Múlakot. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(61) Þverá og Brattland. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4(62) Eintúnaháls. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.

*Matsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir jarðir í Skaftárhreppi (Síða):*

- 4(63) Fasteignamatsvottorð fyrir Skál, dags. 14.8.2003, (2 bls).
- 4(64) Fasteignamatsvottorð fyrir Þverá, dags. 14.8.2003.
- 4(65) Fasteignamatsvottorð fyrir Eintúnaháls (einbýli), dags. 14.8.2003.
- 4(66) Fasteignamatsvottorð fyrir Eintúnaháls (jörð), dags. 14.8.2003.

*Landskipta- og landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 4(36) Sáttatillaga sýslumanns í ágreiningsmáli um legu afréttarlinu norðan Skálar og Holts á Síðu, dags. 12.12.1997.
- 4(37) (a-c) Leiðrétt sáttatillaga sýslumanns í ágreiningsmáli um legu afréttarlinu norðan Skálar og Holts á Síðu í ljósi nýrra upplýsinga um norðurmörk Skaftárdals við Skaftá, dags. 22.1.1998, ásamt uppdráttum.
- 4(38) Ákvörðun sýslumanns V-Skaftafellssýslu um landamerki Skálar til norðurs, dags. 16.5.1998.

*Landamerkjabók klausturjarða:*

- 4(67) Morðtunga, skoðunargerð 1847 og 1857.  
 4(68) Hörgsdalur, skoðunargerð 1847 og 1857.  
 4(69) Þverá á Síðu.  
 4(70) Brattland á Síðu.

*Menningarminjar:*

- 4(46) Menningarminjar á miðhálandi Íslands, Vestur-Skaftafellssýsla. Svæðisskráning Fornleifastofnun Íslands 1996, (bls. 3, 51-52, 79-85 og 197-204).  
 4(47) Kort af menningarminjum á miðhálandinu (mælikvarði 1:400 000), Vestur-Skaftafellssýsla.

*Alþingisbækur Íslands:*

- 4(43) Ósátt Páls Ámundasonar yngri í lögréttu vegna jarðarinnar Skálar, dags. 6.7.1688. (8. b., bls. 219).  
 4(44) Upplesið jarðaskiptabréf milli sýslumannsins Ólafs Einarssonar og Jóns Fabianssonar á 10 hundruðum í Skál og 10 hundruðum í Steinum, dags. 7.10.1701. (9.b., bls. 214).  
 4(45) Kaupbréf fyrrum lögréttumannsins Vigfús Ketilssonar fyrir 9 hundruðum 110 al. vesturjörðunni Skál á Síðu, dags. 31.7.1740. (13. b., bls. 72).

*Landnáma:*

- 4(71) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar. Reykjavík 1986, bls. 322-323.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 4(39) Bréf frá oddvita Skaftárhrepps f.h. hreppsnefndar til sýslumannsins á Vík í Mýrdal um mörk heimalanda og afrétta, dags. 19.6.1998 ásamt ódags. bréfi ábúenda Mörtungu II, Prestbakka og Prestbakkakots um afréttarmörk.  
 4(72) Örnefnaskrá fyrir Síðumannaafrétt (7 síður).  
 4(73) Endurrit af fundargerð sýslunefndar Rangárvallasýslu. Fram kemur að amtsráðið hafði ákveðið að veita 500 kr. styrk til að rannsaka hin ókunnna fjalllendi norðan afrétta Skaftártungu og Síðumanna, dags. 25.6.1884.

**Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni lögrfr. vegna Eintúnaháls, Síðumannaafréttar og Þverár/Brattlands:**

- 5 Kröfulýsing, dags. 22.4.2002.  
 5(1) Viðauki við kröfugerð, dags. 20.6.2002.  
 5(2) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Eintúnaháls, Síðumannaafréttar og Þverár/Brattlands.  
 5(3) Greinargerð eigenda og umráðamanna Síðumannaafréttar, Þverár/Brattlands og Eintúnaháls, dags. 27.6.2003.  
 5(4) Bréf Veidifélags Síðumannaafréttar stílað á Veidimálastofnun, dags. 9.8.1999.  
 5(5) Samþykkt og arðskrá fyrir Veidifélag Síðumannaafréttar, dags. 5.6.2001.  
 5(6) Leigusamningur um Lambavatn á Síðumannaafrétti, dags. 28.2.2003.  
 5(7) Bréf veidimálastjóra stílað á Veidifélag Síðumannaafréttar, dags. 25.7.2002.  
 5(8) Fimm ára fiskræktaráætlun fyrir Eyrarlón og Laufbalavatn, dags. 3.6.2002 ásamt umsögn Veidimálastofnunar dags. 2.5.2002.  
 55(9) Minnispointar eftir vettvangsferð um Síðuafrétt í Skaftárhreppi, dags. 30.9.1998.  
 5(10) Yfirlýsing um norðurmörk jarðarinnar Skaftárdals, dags. 9.1.1998.

- 5(11) Fundargerð frá fundi oddvita Skaftárhrepps og formanna fjallskilanevnda um afréttarmörk í nágrenni Hellisár, dags. 9.1.1998.

**Lagt fram af Jóhanni Halldórssyni hrl. vegna Skálar:**

- 6 Kröfulýsing, ódags., mótt. 15.2.2002.
- 6(1) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Skálar (mælikvarði 1:295.632).
- 6(2) Skaftáreldar 1783-1785, Gjóskan og framvinda gossins eftir Þorvald Þorvaldsson. Reykjavík, 1991. Bls. 71-73.
- 6(3) Uppdráttur Þorvaldar Þórðarsonar af gervigígum norðan Leiðólfsfells. Staðhættir í V-Skaftafellssýslu, kort 1.
- 6(4) Uppdráttur Sveins Pálssonar 1794 af Skaftáreldahrauninu og „Eldsveitunum“ ásamt Eldritinu, bls. 569.
- 6(5) Greinargerð v/ eigenda jarðarinnar Skálar Skáftárhreppi, dags. 4.7.2003.
- 6(6) Afrit af bréfi Landbúnaðarráðuneytisins til Skaftárhrepps, dags. 10.7.1997, varðandi Veiðifélag Hellisár.
- 6(7) Samþykkt fyrir Veiðifélag Hellisár, dags. 11.7.1997.
- 6(8) Samþykkt fyrir Veiðifélag Hellisár, dags. 9.1.1997.
- 6(9) Mörk Skálar og Holts dregin á stafræna loftmynd frá árinu 1999. Uppdráttur unninn af Elínu Erlingsdóttur landfræðingi, í október 2003, eftir landamerkjabréfum og með aðstoð staðkunnugra.
- 6(10) Mörk Skálar og Holts dregin á staðfræðigrunn Landmælinga Íslands. Uppdráttur unninn af Elínu Erlingsdóttur landfræðingi, í október 2003, eftir landamerkjabréfum og með aðstoð staðkunnugra.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl./Ólafi Björnssyni hrl. vegna Holts I og II:**

- 7 Kröfulýsing, dags 15.2.2002.
- 7(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Holt I, dags. 19.2.2002.
- 7(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Holt II, dags. 19.2.2002.
- 7(3) Útprintun af færslum fyrir jörðina Holt I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 7(4) Útprintun af færslum fyrir jörðina Holt II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 7(5) (a-b) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Holts I-II, ásamt hnitpunktaskrá. Unnið af Elínu Erlingsdóttur landfr.
- 7(6) Afsal Björns Runólfssonar til Siggeirs Björnssonar á hálfri jörðinni Holti í Kirkjubæjarhreppi ofl., dags. 9.7.1956.
- 7(7) Afsal Björns Runólfssonar til Siggeirs Björnssonar á ¼ hluta jarðarinnar Holts í Kirkjubæjarhreppi, dags. 23.5.1967.
- 7(8) Afsal Ólafs Nikulássonar til Rafns Valgarðssonar á ¼ hluta jarðarinnar Holts í Kirkjubæjarhreppi, dags. 5.6.1967.
- 7(9) Kaupsamningur milli Halldóru Árnadóttur og Rafns Valgarðssonar annars vegar og Sigurðar Helgasonar og Helgu G. Sigurjónsdóttur hins vegar um ¼ hluta jarðarinnar Holts í Kirkjubæjarhreppi, dags. 30.5.1986.
- 7(10) (a-b) Samningur milli Siggeirs Björnssonar, eiganda að ¾ hlutum jarðarinnar Holts, og Seðlabanka Íslands um ýmis atriði, dags. 29.9.1990, ásamt fylgiskjölum og uppdraetti.
- 7(11) Afsal Rafns Valgarðssonar til Sigurðar Helgasonar og Helgu Sigurjónsdóttur á jörðinni Holti II, dags. 29.9.1997.

- 7(12) Kaupsamningur fyrir jörðina Holt II á Síðu. Sigurður Helgason og Helga Guðrún Sigurjónsdóttir selur Finnboga Hannessyni, dags. 16.10.2002.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl./Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hörgsdals I og II:**

- 8 Kröfúlýsing, dags. 28.2.2002.
- 8(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hörgsdal I, dags. 27.2.2002.
- 8(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Hörgsdal II, dags. 27.2.2001.
- 8(3) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hörgsdal I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 18.2.2002.
- 8(4) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hörgsdal II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 28.2.2002.
- 8(5) (a-b) Kort sem sýnir kröfúlinur vegna Hörgsdals, ásamt hornpunktaskrá.
- 8(6) Afsal Bjarna Bjarnasonar, Jóns Bjarnasonar og Elsu Th. Bjarnason fyrir hönd Þorvarðs Bjarnasonar til Vilhjálms Bjarnasonar og Gústafs Pálssonar á jörðinni Hörgsdal í Skaftárhreppi, dags. 30.05.1992.
- 8(7) Afsal Vilhjálms Bjarnasonar til Kristófers E. Bjarnasonar á jörðinni Hörgsdal I í Skaftárhreppi, dags. 13.12.1995.
- 8(8) Afsal Kristófers E. Bjarnasonar til Gústafs B. Pálssonar og Guðlaugar Mörtu Ásgeirsdóttur á jörðinni Hörgsdal I í Skaftárhreppi dags. 30.06.1999.
- 8(9) Landskiptagerð á jörðinni Hörgsdal í Skaftárhreppi, dags. 25.09.1992.
- 8(10) Örnefnalýsing fyrir Hörgsdal.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl./Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hörglandsþorps:**

- 9 Kröfúlýsing, dags. 15.02.2002.
- 9(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hörgsland I, Hörglandshreppi, dags. 19.2.2002.
- 9(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Hörgsland II, Hörglandshreppi, dags. 26.2.2002.
- 9(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Múlakot, Skaftárhreppi, dags. 26.2.2002.
- 9(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Hörglandskot, Hörglandshreppi dags. 19.2.2002.
- 9(5) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hörgsland I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 9(6) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hörgsland II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 9(7) Útrentun af færslum fyrir jörðina Múlakot, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 9(8) Útrentun af færslum fyrir jörðina Hörgslandskot, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 9(9) Skiptasamningur Bjarna og Helga Þórlákssona á Múlakoti dags. 27.7.1971.
- 9(10) Skiptasamningur Sigurveigar Kristófersdóttur ofl. á Múlakoti dags. 24.8.1980.
- 9(11) Lóðarleigusamningur eiganda jarðarinnar Múlakots og Hörglandshrepps um byggingarlóð dags 21.4.1985.
- 9(12) Leyfi til setu í óskiptu búi til handa Gunnþóru S. Kristmundsdóttur eftir maka hennar Helga Þórláksson dags. 14.11.2000.
- 9(13) Kaupsamningur og afsal Gunnþóru S. Kristmundsdóttur til Bjarna P. Baldursson fyrir jörðina Múlakot ásamt fylgiskjölum, dags. 21.9.2001.
- 9(14) Landskipti Múlakots, Hörgslands I-II og Hörglandskots á óskiptri landræmu að vestan, dags. 5.8.1963.
- 9(15) Húsfriðun í B-flokki fyrir skólahúsið í Múlakoti, dags. 20.12.1982.
- 9(16) Kaupsamningur Jóns Bjarnasonar og Jakobs Bjarnasonar um eignina Hörgsland II, dags. 25.8.1965.

- 9(17) Skiptasamningur Lárusar Ó. Steingrímssonar og Sigurlaugar M. Sigurðardóttur á Hörgslandskoti, dags. 7.11.1978.
- 9(18) Afsal fyrir Hörgslandi I, dags 23.5.1979 ásamt fylgigögnum. Guðríður E., Sigurlaug og Málfríður H. Halldórsdætur afsala til Páls Ragnarssonar.
- 9(19) Kaupsamningur og afsal fyrir Hörgsland. Pála Katrín Einarsdóttir selur og afsalar til Guðríðar, Sigurlaugar og Málfríðar Halldórsdætra, dags. 2.12.1995.
- 9(20) Skiptavottorð vegna dánarbús Sigurðar Lárussonar, um 1/3 hluta eignarinnar Hörgslandskots, eigandi er Lára G. Magnúsdóttir dags. 14.11.1997.
- 9(21) Skiptavottorð vegna dánarbús Jakobs Bjarnasonar m.a. um eignina Hörgsland II, erfingjar eru Ólafía, Sigurveig og Jóna Jakobsdætur, dags. 20.4.1998.
- 9(22) Afsal fyrir hluta Hörgslandskots II. Lára Gunnðís Magnúsdóttir afsalar til Magnúsar Lárussonar, dags. 11.11.2000.
- 9(23) Skiptasamningur Steingríms og Magnúsar Lárussona og Láru Gunnðísar Magnúsdóttur á íbúðarhúsinu Hörgslandskoti II, dags. 11.11.2000.
- 9(24) (a-b) Kaupsamningur um eignina Hörgsland I. Seljendur eru Páll Ragnarsson og María N. Guðmundsdóttir. Kaupandi er Ferðabjónusta og sumarhús ehf., dags. 31.10.2001 ásamt yfirlýstu samþykki sveitarstjórnar, dags. 16.11.2001.
- 9(25) Afsal á Hörgslandi I. Páll Ragnarsson og María N. Guðmundsdóttir afsala til Ferðabjónustu og sumarhúsa ehf, dagsett 14.11.2001, auk yfirlýsingar við gerð kaupsamnings og afsals vegna hálftrar jarðarinnar Múlakots, Skaftárhreppi, dags. 21.09.2001.
- 9(26) (a-b) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Hörgslandsþorps, ásamt hnitpunktaskrá.
- 9(27) Uppdráttur af mörkum Hörgslandsþorps og Brattlands. Unnið af Elínu Erlingsdóttur landfræðingi, í október 2003.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl./Ólafi Björnssyni hrl. vegna Mörtungu I og II:**

- 10 Kröfulýsing, dags. 15.2.2002.
- 10(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Mörtungu I, dags. 1.6.2001.
- 10(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Mörtungu II, dags. 1.6.2001.
- 10(3) Útrentun af færslum fyrir jörðina Mörtungu I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 10(4) Útrentun af færslum fyrir jörðina Mörtungu II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 10(5) Erfða-afsal á Mörtungu I. Erfingjar Skúla Jónssonar afsala arfi sínum til Steingríms og Odds Skúlasona, dags. 10.8.1976.
- 10(6) Yfirlýstir afsala sér tilkalli á 1/2 eignarinnar Mörtungu I. Yfirlýstir eru Jón Ólafsson, Eyrún Helga Jónsdóttir, Ragna Ólöf Wolfram og Jón Pétursson, dags. 31.5.1966.
- 10(7) Afsal á Mörtungu II. Steingrímur Skúlason afsalar til Ólafs Oddsonar, dags. 6.10.1982.
- 10(8) Leyfi veitt Ástu Ólafsdóttur til setu í óskiptu búi eftir mann sinn Odd Skúlason, dags. 25.2.1991.
- 10(9) Afsal á Mörtungu II. Ásta Ólafsdóttir afsalar til Ólafs Oddsonar og Guðríðar Steinunnar Jónsdóttur, dags. 1.5.1998.
- 10(10) Afrit af bréfi stílað á Skúla Jónsson bónda í Mörtungu frá Eyj. Eyjólfsyni, dags. 6.2.1944.
- 10(11)(a-b) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Mörtungu, ásamt hnitpunktaskrá.
- 10(12) Smalaferð á Síðuafrétt í desember 1941.



**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl./Ólafi Björnssyni hrl. vegna Prestbakka og Prestbakkakots:**

- 11 Kröfulýsing, dags. 15.2.2002.
- 11(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Prestsbakka, dags. 20.2.2002.
- 11(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Prestbakkakot, dags. 20.2.2002.
- 11(3) Útrentun af færslum fyrir jörðina Prestbakka af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 11(4) Útrentun af færslum fyrir jörðina Prestbakkakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 12.2.2002.
- 11(5) Afsalsbréf um sölu á þjóðjörðinni og kirkjujörðinni Prestbökkum. Ríkið afsalar til Jóns Pálssonar, dags. í nóvember 1958.
- 11(6) Yfirlýsing um að jörðin Prestbakki sé gerð að ættaróðali, dags. 14.11.1958.
- 11(7) Umboð Þorbergs Jónssonar til Ragnars Jónssonar til að undirrita samning í kaupum á ríkisjörðinni Prestbakkakoti, dags. 14.9.1966.
- 11(8) Afsal á jörðinni Prestbakkakoti. Landbúnaðarráðherrann fyrir hönd ríkisins afsalar til Þorbergs Jónssonar, dags. 4.10.1966.
- 11(9) Kaupsamningur fyrir jörðina Prestbakka. Seljendur eru Jón Pálsson og Sigríður Jónsdóttir og kaupendur eru Jón Jónsson og Sigrún Böðvarsdóttir, dags. 15.11.1989.
- 11(10) Afsalsbréf fyrir véla- og verkfærageymslur á jörðinni Prestbakkakoti. Þorbergur Jónsson selur og afsalar Jóni Þorbergssyni, dags. 28.12.1990.
- 11(11) Afsal á jörðinni Prestbakka. Jón Pálsson selur og afsalar til Jóns Jónssonar og Sigrúnu Böðvarsdóttur, dags. 6.10.1992.
- 11(12) Kaupsamningur og afsal á jörðinni Prestbakkakoti. Seljandi er Þorbergur Jónsson og kaupandi er Jón Þorbergsson, dags. 30.5.2001.
- 11(13)(a-b) Kort sem sýnir kröfulínur vegna Prestbakka og Prestbakkakots, ásamt hnitpunkta-skrám.
- 11(14) Greinargerð v/eiganda jarðanna Mörtungu I og II, Prestbakka, Prestbakkakots, Hörgsdals I og II, Holts I og II, Múlakots og Hörglandskots, Skaftárhreppi, V-Skaftafells-sýslu, dags. 26.6.2003.
- 11(15) Fjallskilaseðill fyrir Austur-Síðu afrétt 2002.
- 11(16) Fjallskilaseðill Hörglandshrepps 1986.
- 11(17) Fjallskilaseðill fyrir Austurafrétt 1990.
- 11(18) Fjallskilaseðill Hörglandshrepps 1980.
- 11(19) Örnefnalýsing fyrir Prestbakka og Prestbakkakot.
- 11(20) Fjallskilaseðill fyrir Mið- og Landbrotsafrétt 2003.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Skaftárdals I, II og III:**

- 15 Kröfulýsing og greinargerð eigenda jarðarinnar Skaftárdals, dags. 29.9.2003.
- 15(1) Þinglýsingarvottorð Skaftárdals 1, dags. 25.9.2003.
- 15(2) Þinglýsingarvottorð Skaftárdals 2, dags. 25.9.2003.
- 15(3) Þinglýsingarvottorð Skaftárdals 3, dags. 25.9.2003, (2 síður).
- 15(4) Útrentun af færslum fyrir jörðina Skaftárdal 1 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 24.9.2003, (2 síður).
- 15(5) Útrentun af færslum fyrir jörðina Skaftárdal 2 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 24.9.2003, (2 síður).
- 15(6) Útrentun af færslum fyrir jörðina Skaftárdal 3 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 24.9.2003, (3 síður).

- 15(7) Afsal á jörðinni Skaftárdal I. Böðvar Kristjánsson ofl. afsala til Guðlaugs Æ. Magnússonar o.fl., dags. 10.12.1987.
- 15(8) Afsalsbréf um sölu á helmingi jarðarinnar Skaftárdals II. Ágústa Böðvarsdóttir afsalar til Eiríks Þ. Jónssonar, dags. 1.6.1993.
- 15(9) Afsal á jörðinni Skaftárdal III. Skaftárhreppur afsalar til Eiríks Þ Jónssonar o.fl., dags. 19.12.1996.
- 15(10) Afsalsbréf um sölu á jörðinni Skaftárdal II. Böðvar Kristjánsson afsalar til Eiríks Þ. Jónssonar, dags. 27.3.2001.
- 15(11) Afsalsbréf um sölu á jörðinni Skaftárdal II (80%). Eiríkur Þ. Jónsson afsalar til Bergs Helgasonar, Sigurðar Jónassonar og Aðalbjargar Jónsdóttur, dags. 17.5.2001.
- 15(12) Afsalsbréf um sölu á jörðinni Skaftárdal III (40%). Eiríkur Þ. Jónsson afsalar til Bergs Helgasonar, Sigurðar Jónassonar og Aðalbjargar Jónsdóttur, dags. 17.5.2001.
- 15(13) Leyfisbréf handa Lovísu Axelsdóttur til setu í óskiptu búi, dags. 14.6.2002. Eignir búins eru m.a. Skaftárdalur I og Skaftárdalur II.
- 15(14) Kaupsamningur fyrir hluta jarðarinnar Skaftárdals III. Seljandi er Bergur Helgason og kaupendur Aðalbjörg Jónsdóttir, Eiríkur Þ. Jónsson og Hanna Kristín Gunnarsdóttir, dags. 30.12.2002.
- 15(15) Kaupsamningur fyrir jörðina Skaftárdal III (7,5%). Seljandi er Sigurður Jónasson og kaupandi er Hanna Kristín Gunnarsdóttir, dags. 30.12.2002.
- 15(16) Afsalsbréf um sölu á jörðinni Skaftárdal III (7,5%). Sigurður Jónasson afsalar til Hönnu Kristínar Gunnarsdóttur, dags. 4.6.2003.
- 15(17) Afsalsbréf um sölu á hluta Skaftárdals III. Bergur Helgason afsalar til Aðalbjargar Jónsdóttur o.fl, dags. 4.6.2003.
- 15(18) Afsalsbréf um sölu á hluta Skaftárdals II (15%). Sigurður Jónasson afsalar til Hönnu Kristínar Gunnarsdóttur, dags. 4.6.2003.
- 15(19) Afsalsbréf um sölu á hluta Skaftárdals II (20%). Bergur Helgason afsalar til Aðalbjargar Jónsdóttur o.fl, dags. 4.6.2003.

#### **Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Heiðarsels I og II:**

- 16 Kröfulýsing og greinargerð eigenda jarðarinnar Heiðarsels I og II, dags. 29.9.2003.
- 16(1) Útrentun af færslum fyrir jörðina Heiðarsel 1 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 24.9.2003.
- 16(2) Útrentun af færslum fyrir jörðina Heiðarsel 2 af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 24.9.2003, (2 síður).

#### **Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Geirlands:**

- 18 Kröfulýsing og greinargerð eigenda jarðarinnar Geirlands í Skaftárhreppi, dags. 6.10.2003.
- 18(1) Þinglýsingavottorð fyrir jörðina Geirland, dags. 6.10.2003.
- 18(2) Útrentun af færslum fyrir jörðina Geirland af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 5.10.2003, (2 síður).

#### **Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 12 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, um staðhætti og gróðurfar í Skaftárhreppi milli Skaftár og Hverfisfljóts, 19.5.2003.
- 13 (a-c) Yfirlitskort-Lýstar kröfur á Síðu. Þrjú kort, tvö í mælikvarða 1:50 000 og eitt í 1:100 000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr. 1(2), 5(2), 6(1), 7(5), 8(5), 9(26), 10(11) og 11(13).

- 14(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 25.4.2003.  
 14(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 23.5.2003.  
 14(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 27.6.2003.  
 14(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 30.09.2003.  
 14(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 8.-10.10.2003.  
 14(6) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.  
 14(7) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.  
 17 „Jöklar og jökulbreytingar á Síðu og Fljótshverfi“. Greinargerð Odds Sigurssonar, jarðfræðings, dags. 19.11.2004.  
 19 Hverfisfljót að fornu og nýju. Athugun Snorra P. Snorrasonar, Almennu verkfræðistofnunar, á legu gljúfra Hverfisfljóts, dags. í mars 2004.  
 20(1) Loftmynd sem sýnir hnit tveggja varða á Síðu. Gert af Elínu Erlingsdóttur landfr. Ekki í kvarða.  
 20(2) Kort sem sýnir hnit tveggja varða á Síðu. Gert af Elínu Erlingsdóttur landfr. Ekki í kvarða.  
 21 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

### Hliðsjónargögn

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- Ónr. Sunnlenskar byggðir VI. Bls. 60-61, 68-75, 78-83, 86-93, 118-120, 124-125, 144-147 og 179-187.  
 Ónr. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Bls. 180-183, 188-191.  
 Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1983. Vestur-Skaftafellssýsla austan Skaftár og Kúðafljóts. Bls. 12-13, 16-19, 44-55, 58-59, 62-83, 106-109, 112-115 og 132-133.  
 Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1935. Vestur-Skaftafellssýsla. Bls. 48-65.  
 Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi. Bls. 134-135, 138-139.  
 Ónr. Landið og Landnáma. II. bindi. Bls. 386-397.  
 Ónr. Skaftafellingarit II. bindi. Landnám í Skaftafellssþingi. Bls. 88-103.  
 Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi, Landssaga og landnám. Bls. 194-199.  
 Ónr. Efnisskipan málflutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

#### Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. til hliðsjónar:

- Ónr. Eiríkur Skúlason: Þrír þættir. Goðasteinn 1977. Bls. 92-100.  
 Ónr. Einar Ól. Sveinsson: Landnám í Skaftafellssþingi. Rvk. 1948. Bls. 88-97.  
 Ónr. Efnisskipan málflutningsræðu Braga Björnssonar hdl. og Einars Jónssonar lögfr. við aðalmeðferð.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- Ónr. Skýrslur í máli 8/2003 hjá óbyggðanefnd, (75 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).



# ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 9/2003  
Fljótshverfi í Skaftárhreppi



10. desember 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>937</b>
<b>2. MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>937</b>
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar .....	937
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar ..	938
2.3. Lýstar kröfur og kynning .....	938
2.4. Afmörkun máls nr. 9/2003 .....	939
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð .....	940
<b>3. KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>941</b>
3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu .....	941
3.2. Kröfur eigenda Dalshöfða .....	941
3.3. Kröfur eiganda Núpa .....	942
3.4. Kröfur eigenda Kálfafells I, Ib og II .....	942
3.5. Kröfur eigenda Blómsturvallu .....	943
3.6. Kröfur eigenda Rauðabergs I-II .....	943
3.7. Kröfur eigenda Núpsstaðar .....	943
3.8. Kröfur eigenda Skaftafells II í Öræfum .....	944
<b>4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>944</b>
4.1. Inngangur .....	944
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	944
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru .....	945
4.4. Vettvangsferð .....	946
4.5. Skýrslutökur .....	947
<b>5. SAGA JARÐA</b> .....	<b>947</b>
5.1. Landnám .....	947
5.2. Dalshöfði .....	948
5.3. Núpar .....	950
5.4. Kálfafell og Blómsturvellir .....	952
5.5. Rauðaberg .....	957
5.6. Núpsstaður .....	959
5.7. Smölun heiðalanda .....	961
<b>6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>962</b>
6.1. Inngangur .....	962
6.2. Landnám .....	963
6.3. Dalshöfði .....	964
6.4. Núpar .....	968
6.5. Kálfafell ásamt Blómsturvöllum .....	971
6.6. Rauðaberg .....	975
6.7. Núpsstaður .....	977
6.8. Vatnajökull og önnur landsvæði í Fljótshverfi .....	981

---

6.9.	Um málskostnað .....	982
6.10.	Um tæknileg atriði .....	983
<b>7.</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>983</b>
<b>VIÐAUKAR .....</b>		<b>985</b>
I.	Hnit	
II.	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)	
<b>FYLGISKJÖL .....</b>		<b>995</b>
I.	Kort	
II.	Aðilaskrá	
III.	Skjalaskrá	
IV.	Tækniskýrsla	



## 1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi,  
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,  
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,  
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur  
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, varaformaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Halldór Jónsson.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur jarðanna Dalshöfða, Blómsturvalla, Kálfafells I, Ib og II og Núpsstaðar.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfræðingur)

Eigendur jarðarinnar Núpa.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Eigendur jarðanna Rauðabergs I og II.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Eigendur jarðarinnar Skaftafells II.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendlaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar,

<sup>1</sup> Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

## **2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar**

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálandinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

Afmörkun svæðisins til austurs tók nokkrum breytingum á síðari stigum, sjá nánar í kafla 2.4.

## **2.3. Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt upprætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði, sem félli innan kröfusvæðis ríkisins, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almennungi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vik dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmíðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

#### 2.4. Afmörkun máls nr. 9/2003

Í janúar 2003 var lögmonnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjarhreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Landsvæði það sem til meðferðar er í máli nr. 9/2003, Fljótshverfi í sveitarfélaginu Skaftárhreppi (Vestur-Skaftafellssýslu), afmarkast til vesturs af merkjum Dalshöfða og Seljalands, í fyrrum Hörgslandshreppi, gagnvart Síðumannaafrétti og jörðunum Brattlandi, Þverá og Hrunatorfu, einnig í fyrrum Hörgslandshreppi, nú innan Skaftárhrepps. Austurmörk svæðisins voru í fyrstu miðuð við mörk Núpsstaðar í Fljótshverfi, sem tilheyrir svæði 3 hjá óbyggðanefnd, og Skaftafells í Örafum, sem tilheyrir svæði 2 hjá óbyggðanefnd. Sú afmörkun var þó upphaflega rangt dregin á kort, þannig að svæði 2 og 3 hjá óbyggðanefnd sköruðust. Af því tilefni var fært til bókar við aðalmeðferð Fljótshverfismáls, 6. október 2003, að við afmörkun á svæði 3 væri miðað við sömu línu og við afmörkun á svæði 2 hjá óbyggðanefnd.

Þá tók afmörkun Fljótshverfismáls til austurs nokkrum breytingum í tilefni af úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2001, Örafi, sem kveðinn var upp 14. nóvember 2003. Þar var tiltekið landsvæði á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli skilið frá Örafamáli og kveðið á um að um það yrði fjallað í sama máli og jörðina Núpsstað í Fljótshverfi. Ástæða þessa var ágreiningur eigenda Núpsstaðar og Skaftafells um túlkun merkjalýsinga jarðanna, þ.e. nákvæm vesturmörk Skaftafells. Í úrskurðinum kemur fram að úrlausn þess álitaefnis falli einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef vesturmörk Skaftafells liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Í samræmi við framangreint var um það bókað við endurupptöku Fljótshverfismáls að til meðferðar í því máli væri landsvæði það á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli sem skilið hefði verið frá Örafamáli. Afmörkun þessa svæðis til

austurs, og þar með vesturmerki þess svæðis sem hér er til meðferðar, er nánar tiltekið svohljóðandi, sbr. kafla 10.3. í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2001: „Dregin er lína á milli punkta 4, 8, 3, 2 og 1, eins og þeim er lýst í kröfugerð eiganda Núpsstaðar, sbr. kafla 3.7. og merktir inn á kort, sbr. fylgiskjal VI.“ Punktur 1 er neðst á Skeiðarársandi og punktur 4 er í Súlnatindum. Úr Súlnatindum er dregin lína með fram jaðri Skeiðarárjökuls, í Grænafjall austanvert og áfram í Sviahnúk eystri, á Vatnajökli, sbr. markalínu þá á Vatnajökli sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Úr fyrrgreindum punkti í Sviahnúk eystri er dregin lína til suðvesturs, að upptökum Hverfisfljóts við jaðar Síðujökuls. Til suðurs afmarkast svæðið af hafi.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um eignarland innan hluta þess landsvæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

## 2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 9/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og fyrirsvarmanna málsaðila 25. apríl 2003. Gefið var færi á athugasemdum við skipan óbyggðanefndar í málinu en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og farið yfir ýmis atriði varðandi skjöl og gagnaöflun. Gerð var grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl., sbr. einnig bréf óbyggðanefndar til lögmanna, dags. 29. september 2002. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort sáttafloður væri á málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 23. maí var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við fyrirtöku málsins 27. júní voru lagðar fram greinargerðir Braga Björnssonar hdl., Einars Jónssonar lögfræðings og Ólafs Björnssonar hrl., ásamt fleiri gögnum. Páll Arnór Pálsson hrl. skilaði greinargerð sinni síðar sama dag, með samþykki óbyggðanefndar.

Málið var næst tekið fyrir 30. september. Við það tækifæri var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Á sama fundi voru einnig lögð fram ýmis gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Fyrri hluti aðalmeðferðar fór fram dagana 6.-7. október 2003 og skiptist í forflutning, vettvangsferð og skýrslutökur. Síðari hluti aðalmeðferðar fór fram 11. október en þá var málið munnlega flutt. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlulaga, en svo var ekki. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Hótel Kirkjubæjarklausturs. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram. Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3. KRÖFUGERÐ<sup>1</sup>

#### 3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu

Í kröfulýsingu, dags. 25. apríl 2001, er þess krafist af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Fljótshverfi er á sýslumörkum við ströndina og er hann kallaður A. Frá punkti A er dregin lína meðfram sýslumörkum að jökli (punktur B) og svo í vestur með framjöklinum og áfram norður og norðaustur upp á brún Eystrafjalls (punktur C) og svo eftir brúnum fjallsins allt til Núpsárfoss (punktur D) og þaðan í gilkaftinn þar sem Hvítárgljúfur skiptist (punktur E), síðan upp með gljúfrinu, sem liggur í vestur upp á brún Bjarnarins í 984 m hæð (punktur F), frá punkti F beina sjónhendingu í toppinn á Miðfelli 731 m (punktur G), þaðan í skurðpunkt við Hverfisfljót (punktur H), þar sem lína milli punktara G og toppsins á Hnútu sker fljótið. Í punkti I lýkur kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Fljótshverfi.“

Við aðalmeðferð málsins, 11. október 2003, var kröfugerð íslenska ríkisins breytt til samræmis við bókun óbyggðanefndar um breytingu á afmörkun á svæði III til austurs. Þannig skuli kröfulína íslenska ríkisins fylgja hinni nýju afmörkunarlínu, sbr. kafla 2.4.

Við endurupptöku málsins, 8. nóvember 2004, var kröfugerð íslenska ríkisins breytt þannig að síðasti punktur hennar í Fljótshverfi (H) verði þar sem stefnulína úr toppi Hnútu í Kaldbak í 685 m hæð sker austurmörk jarðarinnar Brattlands. Fyrri lýsing á kröfulínunni náði að óþorfu inn í mál nr. 8/2003, Síða, en var að öðru leyti alveg eins.

Þá ber þess að geta að í máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Öræfi, kom fram krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á því svæði á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli sem skilið var frá Öræfamáli við úrskurð í því máli og tekið til meðferðar í Fljótshverfismáli, sbr. kafla 2.4. Þær kröfur eru óbreyttar.

#### 3.2. Kröfur eigenda Dalshöfða

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Dalshöfða að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Dalsfjalli og öðru fjalllendi Dalshöfða allt að jökli, þar m.a. Hnútu, Brathálsi, Rauðhólum og innanverðu Núpahrauni (eignarland Dalshöfða) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19.“ Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Dalshöfða, dags. 11. júní 1886. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlendu á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún eins og hún er á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð, þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Ræður lína úr svokallaðri Þúfu (punktur 13) stystu leið að Brunná. Þaðan ræður Brunná allt að upptökum í jökli (punktur 15). Að vestan. Ræður sjónhending úr Digrakletti/Háakletti á milli Bæjarskerja og Grenhálsa allt að afréttarmörkum (punktur 18). Þaðan sjónhending norðan Hnútu stystu leið að Hverfisfljóti, þaðan ræður Hverfisfljót til upptaka sinna í Síðujökli (punktur 16). Að norðan ræður jökulbrún.“

<sup>1</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

### 3.3. Kröfur eiganda Núpa

Í kröfulýsingu, dags. 18. febrúar 2002, er þess krafist af eiganda Núpa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins skv. kröfulýsingu frá 25. apríl 2001 að því er varðar þjóðlendur í landi Núpa“. Eigendur Núpa gera jafnframt kröfu til þess „að allt land milli Brunnár að vestan og Brúarár og Kálfafellslands að austan og að Síðujökli að norðan verði talið eignarland þeirra. Frá austanverðum Brúarárbotnum úr punkti (1) í vestanverðu Miðfelli liggja merkin beina línu norður í jaðar Síðujökuls (punktur 2) og þaðan eftir jökuljaðrinum að upptökum Brunnár (punktur 3), þá eftir Brunná uns kröfulínu ríkisins er náð (punktur 4)“. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað. Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði, samkvæmt málskostnaðaryfirliti.

Við aðalmeðferð málsins, 11. október 2003, var kröfugerð eiganda Núpa breytt svo sem hér segir: „Að allt land norðan kröfulínu ríkisins milli Brunnár að vestan og Brúarár og Kálfafellslands að austan og að Síðujökli að norðan verði talið eignarland hans. Mörk gagnvart Kálfafelli verði dregin um línu milli punkta 8 á uppdrætti í vörðu á Kálfafellsfjallsenda, merkt á uppdrætti 7, þaðan í Síðujökul í beina línu sem dregin er frá Innri Laxárbotnum um nefnda vörðu“. Jafnframt var við sama tækifæri sett fram varakrafa um óbein eignarréttindi innan þjóðlendu, fari svo að eitthvað af því landsvæði sem eigandi Núpa gerir kröfu til verði úrskurðað þjóðlenda.

Við endurupptöku málsins, 8. nóvember 2004, kom fram endanleg afmörkun á kröfusvæði eiganda Núpa, svohljóðandi: „Eigandi Núpa gerir kröfu til þess að allt land milli Brunnár að vestan og Brúarár og Kálfafellslands að austan og að Síðujökli að norðan verði talið eignarland hans. Mörk ofar Brúarár og Brunnár verði samkvæmt kröfulinum sem dregnar hafa verið á uppdrátt Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings sem hér segir: Frá upptökum austustu kvíslar Brúarár í punkt 8 á Miðfelli, þaðan bein lína um vörðu á Kálfafjallsenda til norðurs í Síðujökul, þá til vesturs með jökuljaðrinum í punkt 15 og þaðan í Brunná.“ Aðrar kröfur voru ítrekaðar.

### 3.4. Kröfur eigenda Kálfafells I, Ib og II

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eigenda Kálfafells I, Ib og II að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að „Kálfafellsheiði austanverðri og fjallendi inn af henni allt til jökuls, þar m.a. Kálfafellsfjallsenda og Fossahrauni (eignarland Kálfafells I, Ib og II) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 5, 6, 7, 8 og 9“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Kálfafell, dags. 1. júlí 1922. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún eins og hún er á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Djúpa ræður frá Raudabergsmúla (punktur 4) allt að upptökum í jökli (punktur 6). Að vestan: Laxá ræður austan bæjar á Blómsturvöllum (punktur 9) allt norður í Laxárbotna (punktur 10) og síðan áin áfram að efstu upptökum sínum (punktur 8), þaðan ræður sjónhending um efstu sker allt að jökulbrún (punktur 7). Að norðan ræður jökulbrún.“

Við aðalmeðferð málsins, 11. október 2003, kom fram breyting á kröfugerð eigenda Kálfafells. Svohljóðandi krafa var sett fram: „Er krafist fullkomins eignarlands innan merkja sem þannig eru

dregin: Að austan ræður Djúpá frá Rauðabergsmúla (punktur 5) allt að upptökum í jökli í punkt 2 sem er einnig hornmark við nyrsta odda jarðarinnar Rauðabergs. Að vestan ræður Laxá austan bæjar á Blómsturvöllum (punktur 9) allt norður í Laxárbotna (punktur 10) og síðan áin áfram að efstu upptökum sínum í punkt 8, þaðan ræður sjónhending um nyrsta hluta Illagilshnúka allt að jökulbrún í punkt 15. Að norðan ræður jökulbrúnnin frá punkti 2 í punkt 15 sem eru upptök Brunnár og hornmark Dalshöfða.“

### 3.5. Kröfur eiganda Blómsturvalla

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Blómsturvalla að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Blómsturvalla fjalli og miðri Kálfafellsheiði inn fyrir hábungu Miðfells (eignarland Blómsturvalla) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 9, 10, 11 og 12“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Blómsturvelli, dags. 1. júlí 1922. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan: Laxá ræður austan bæjar á Blómsturvöllum (punktur 9) allt norður í Laxárbotna (punktur 10). Að norðan: Ræður lína úr Laxárbotnum í Brúarárbotna (punktur 11). Að vestan: Ræður lína úr Brúarárbotnum til suðurs að Yxnároddskerjum.“

### 3.6. Kröfur eiganda Rauðabergs I-II

Í kröfulýsingu, dags. 12. febrúar 2002, er þess krafist af eigendum Rauðabergs I og II „að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindra jarða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi: „Að austan: Krossá ræður til heiðarinnar sem hún (áin) er löng til og svo frá vestustu upptökum hennar (punktur 1) beina línu í Álftadalsbrýr (punktur 2) og úr því beint norður í jökul, svo aftur suður á bóginn úr Krossárfossi (punktur 4) beint í Krossármynni (punktur 5) og svo beina línu að stórstraumsfjörumáli. Að vestan: ræður Djúpá frá jökli (punktur 6) sem hún hefur upptök sín og aftur suður fyrir Rauðabergshraun, svo aftur suður á bóginn, vestasti tanginn á Rauðabergshrauni (punktur 7) og Lundur (punktur 8) skal bera hvert í annað miðað frá fjalli, svo úr því beina línu að stórstraumsfjörumáli.“ Innbyrðis milli jarðanna er land óskipt.“ Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

Í greinargerð, dags. 26. júní 2003, segir einnig svo: „Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins 23. maí 2003, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

### 3.7. Kröfur eiganda Núpsstaðar

Í kröfulýsingu, dags. 22. apríl 2002, er þess krafist af hálfu eiganda Núpsstaðar að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að „Núpsstaðarheiði og öllu fjalllendi austan og norðan hennar allt að jökli (eignarland Núpsstaðar) innan merkja sem dregin eru á milli punktanna 1, 2, 3 og 4“. Vísað er almennt til landamerkjaskrár fyrir Núpsstað, dags. 7. maí 1891. Jafnframt er þess krafist að kröfum ríkisins til þjóðlenda á svæðinu verði hafnað.

Landamerkjalinna við jökul „hugsast dregin með jökulbrún eins og hún er á haustdegi“. Enn fremur er gerð sú krafa „að viðurkennt verði að það land sem undan jökli kann að koma falli til viðkomandi jarða með fullkomnum (beinum) eignarrétti, svo langt sem vötnum hallar til, með sama hætti og vötn nú deila“.

Þá er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum að skaðlausu allan málskostnað eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Með bréfi, dags. 5. júní 2002, óskaði óbyggðanefnd eftir nánari lýsingu á þeim punktum sem taldir eru upp í kröfugerð þannig að samhengi punkta og örnefna í heimildum væri ljóst. Viðauki við kröfugerð, dags. 20. júní 2002, barst óbyggðanefnd 11. september 2002. Þar segir svo um þá punkta sem framangreind kröfugerð er miðuð við: „Að austan og norðan: Frá hreppamörkum á Skeiðarársandi við brún Skeiðarárjökuls, til vesturs og norðurs með brún Skeiðarárjökuls og Vatnajökuls að þeim stað sem vesturmörk jarðarinnar mæta jökulbrún (punktur 2). Að vestan: Frá Krossárfossi (punktur 4) eftir Krossá að vestustu upptökum hennar (punktur 3), þaðan sjónhending um miðjar Álftadalbrýr allt að jökulbrún (punktur 2).“

Við aðalmeðferð málsins, 11. október 2003, var jafnframt vísað til kröfugerðar vegna Núpsstaðar í máli nr. 1/2001, Örfæfi í sveitarfélaginu Hornafirði.

### 3.8. Kröfur eigenda Skaftafells II í Örfæfum

Í máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Örfæfi, kom fram krafa eigenda Skaftafells II til hluta þess svæðis á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli sem skilið var frá Örfæfamáli við úrskurð í því máli og tekið til meðferðar í Fljótshverfismáli, sbr. kafla 2.4. Þær kröfur eru óbreyttar.

## 4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-13 ásamt undirskjölum eða samtals 175 skjöl, auk 9 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggða-



nefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun er nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (studst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“, 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum í Vík. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið og lagði fram efnisyfirlit bókana. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1938 og Fasteignabók 1957.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfirréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitásiubækur prófaste, brauðamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitásiubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru könnuð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og lagði fram í þessu máli örnefnaskrá fyrir Dalshöfða. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áður nefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Stuðst er við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) sem almennt uppsláttarrit en ekki eru lögð fram ljósrit úr bókinni. Af öðrum prentuðum gögnum lagði óbyggðanefnd fram ljósrit af Manntalinu 1703.

Hvað varðar önnur óprentuð frumgögn en hér hafa verið nefnd konnuðu sérfræðingar Þjóðskjalasafns af sérstöku tilefni skjöl í annarri skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) um sölu þjóðjarða í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboði. Undir þessum skjalaflokki lagði óbyggðanefnd m.a. fram fasteignamatsvottorð, sbr. áður nefnda greinargerð óbyggðanefndar og skjalaskrá.

#### 4.4. Vettvangsferð

Að morgni þriðjudagsins 7. október 2003 var haldið af stað í vettvangsferð frá Hótel Kirkjubæjarklaustri.

Með í för voru óbyggðanefnd, starfsmenn nefndarinnar og lögmenn málsaðila. Ferðinni var fyrst heitið að Kálfafelli þar sem fyrirhugað var að hitta heimamenn. Þegar komið var í Fljótshverfi var ekið fram hjá Dalshöfða og Seljalandi. Upp af bænum mátti sjá Dalsfjall. Ekið var heim að Kálfafelli þar sem heimamenn biðu með jeppabílfreiðar til þess að komist yrði upp á Miðfell. Óbyggðanefnd og starfsmenn hennar stigu upp í jeppabílfreið sem ekið var af Einari Torfa Finnsyni, leiðsögumanni hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Lögmenn málsaðila dreifðu sér í ádrar bifreiðar. Fjöldi heimamanna var með í för, m.a. Páll Helgason, Fossi; Stefán Björnsson, Kálfafelli; Lárus Helgason, Kálfafelli; Þórhallur Helgason, Núpum; Stefán Björgvinsson, Rauðabergi, og Elín Erlingsdóttir landfræðingur.

Ekið var af stað inn með Djúpá. Vegurinn liggur inn með ánni þar til komið er að Kolagili en þar heldur hann áfram til vesturs upp hliðarnar. Á leiðinni greindi Einar Torfi frá staðháttum. Á vinstri hönd mátti sjá fjallið Harðskafa og Lómagnúp á þá hægri. Þar fyrir innan er Björninn. Á vinstri hönd rennur Laxá. Ekið var fram hjá Laxárgljúfrum. Stöðvað var rétt sunnan við Hjalla-brekkur og skyggnt um. Þaðan blasti Miðfell við.

Haldið var af stað á ný. Á hægri hönd sáust bæði Björninn og Lómagnúpur vel sem og Rauðabergsheiði á milli. Fram undan mátti sjá Hrafnárgljúfur, Lambárgljúfur eilítið norðar, og Fossárfjall. Á milli þess og Bjarnarins liggur Áltárdalur. Enn fremur mátti sjá Kálfafellfjallsenda. Stöðvað var á ný við Innhliðar. Þar var lega kröfulínu íslenska ríkisins skoðuð.

Enn var haldið af stað og ekið með Kolagili upp á Miðfell. Fram undan blasti Síðujökull við sem og fjallið Hágöngur. Til vesturs mátti sjá innri Laxárbotna. Stöðvað var rétt austan við Laxárbotna þar sem heimamenn telja vatnaskil vera. Þar sýndi Þórhallur Helgason viðstöddum loftmynd af svæðinu. Þaðan mátti sjá ofan í Innri-Brúarárbotna. Haldið var af stað á ný í leit að vörðu sem

samkvæmt landamerkjabréfum bæði Núpa og Kálfafells skiptir löndum þar á milli en um staðsetningu hennar er ágreiningur. Kálfafellsmenn telja að í landamerkjabréfunum sé átt við vörðu nokkra á Illagilshnúkum. Stöðvað var þar sem sú varða sést og skyggst um. Þaðan mátti jafnframt sjá Miðfell og Brattháls. Þá mátti sjá gilið sem liggur á milli Núpa- og Kálfafellsfjallsenda. Ekið var af stað á ný og næst stöðvað við þá vörðu sem Núpamenn telja að átt sé við í landamerkjabréfunum. Þeir kveða þá vörðu vera staðsetta mitt á milli Núpa- og Kálfafellsfjallsenda. Að svo búnu var haldið til baka að Kálfafelli.

Að loknu hádegishléi var haldið af stað á ný. Með í för voru óbyggðanefnd, starfsmenn nefndarinnar og lögmennt málsaðila. Ekið var sem leið lá heim að Núpsstað þar sem þeir Filippus Hannesson, Núpsstað og Hannes Jónsson, Hvoli, slógust í förina. Þaðan var haldið inn í Núpsstaðaskóg undir leiðsögn Hannesar. Þónokkur snjócoma var og skyggni því fremur lítið. Ekið var yfir Núpsvötn og á hægri hönd mátti sjá upp á Seldalsöxl. Hannes kvað vera u.þ.b. 18 km frá Núpsstað inn í Núpsstaðaskóg og þaðan u.þ.b. 12 km í loftlínu inn í Grænalón. Ekið var með fram Eystra-fjalli. Hannes sagði frá því hvernig Súla hafi flæmst um svæðið og greindi frá þeim breytingum sem orðið hafa á landslaginu samfara breytingum á jöklinum. Stöðvað var við Núpsvötn og kennileiti skoðuð. Á hægri hönd mátti sjá Núpsstaðaskóg og Eystra-fjall. Aðspurður greindi Filippus viðstöddum frá því að Eystri-Skorur séu á Eystra-fjalli en Vestri-Skorur vestan við Lómagnúp.

Þá var haldið til baka. Framundan mátti sjá Loftsa og Loftsarbotna og á hægri hönd mátti sjá Vondukletta. Nokkru síðar mátti sjá Botnsdal og Seldal. Stöðvað var við Núpsstað þar sem þeir Filippus og Hannes luku þátttöku sinni í vettvangsferð. Loks var haldið að Hótel Kirkjubæjarklaustri þar sem vettvangsferð lauk síðdegis.

#### 4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins 6. október 2003 voru teknar skýrslur af Hannesi Jónssyni, Hvoli; Eyjólfí Hannessyni, Núpsstað; Einari Torfa Finnssyni, framkvæmdastjóra Íslenskra fjallaleiðsögumanna; Stefáni Björgvinnssyni, Rauðabergi II; Ragnari Jónssyni, Dalshöfða; Elínu Erlingsdóttur landfræðingi; Stefáni Björnssyni, Kálfafelli I; Lárusi Helgasyni, Kálfafelli II; Þórhalli Helgasyni, Núpum og Páli Helgasyni, Fossi. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5. SAGA JARÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir smölnun og nýtingu heidalanda á svæðinu frá öndverðu til þessa dags.

### 5.1. Landnám

Bárður, sonur Heyangurs-Bjarnar, hersis úr Sogni, nam Fljótshverfi. Í Sturlubók er honum þannig lýst:

Bárður var enn þriði son Heyangurs-Bjarnar, er fyrr er getit; hann nam fyrst Bárðardal norður, en síðan fór hann suður um Vánarskarð Bárðargötu ok nam Fljótshverfi allt ok bjó at Gnúpum; þá var hann kallaðr Gnúpa-Bárður.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 322. Hauksbók er að efni til samhljóða (*Landnámabók* 1986, s. 323).

Einar Ólafur Sveinsson sagði um landnám Bárðar að það hefði náð yfir svæðið frá „Skeiðar-sandi að Hverfisfljóti“.<sup>1</sup> Að sögn Haralds Matthíassonar var Fljótshverfi landnám Bárðar. Byggðin þar nær milli Núpsvatna og Hverfisfljóts en nafnið Núpsvötn ætti raunar aðeins við neðan Lóma-gnúps. Inn með núpnum hétu áin Núpsá. Haraldur taldi að landnám Bárðar hefði náð austur fyrir ána en þar sem glögg kennileiti væri hvorki að fá á Skeiðarárjökli sjálfum né heldur niðri á sandin-um hefði verið miðað við Súlutinda á austurbrún Eystrafjalls við vesturjaðar Skeiðarárjökuls.<sup>2</sup> Fyrir vestan Bárð nam Eyvindur karpi land og var landnám hans „milli Almannafljóts ok Geirlandsár“.<sup>3</sup> Almannafljót mun vera hið sama og nú er nefnt Hverfisfljót. Af Almannafljóti hefur nafnið Fljótshverfi verið myndað og fljótið síðan við það kennt og kallað Hverfisfljót.<sup>3</sup>

Einar Ólafur taldi landnám Bárðar ekki hafa verið stórt og miðaði þá trúlega við svæðið frá austri til vesturs en um stærð þess inn til fjalla er ekki vitað.<sup>4</sup>

## 5.2. Dalshöfði

Dalshöfði er vestasta býlið í Fljótshverfi og var byggt 1802 úr landi Eystri-Dals.<sup>5</sup> Eystra-Dals er að líkindum fyrst getið í máldaga Kirkjubæjarklausturs sem talinn er frá 1343. Þar segir að staður í Kirkjubæ eigi heimaland allt og Dali tvo.<sup>6</sup> Í máldaga klaustursins 1397 er greint frá því hversu mikil leiga var greidd frá þessum tveimur jörðum.<sup>7</sup> Í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1523 er klaustrinu m.a. eignuð jörðin Dalur og má telja líklegt að þar sé um sömu jörð að ræða og síðar var nefnd Dalshöfði.<sup>8</sup>

Dalshöfði, eins og aðrar klaustureignir, lagðist undir konung við siðaskiptin. Í jarðabók 1686 er jörðin talin 19 hundruð og 40 álnir að dýrleika miðað við landskuld en 12 hundruð í jarðabók 1695 samkvæmt fornu mati.<sup>9</sup> Dalshöfði („Dalur austare í Fljótshverfe“) var enn í byggð 1773 þegar Þorsteinn Bjarnason tók saman lýsingu sína á sýslunni og klausturjörðum en mun hafa lagst af skömmu síðar í Skaftáreldum.<sup>10</sup> Jörðin var nýkomin í byggð aftur þegar jarðamat fór fram 1804.<sup>11</sup>

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849-1850 er Dalshöfða lýst með svofelldum orðum:

Túnið er lítið, í meðallagi að gæðum, fóðrar 1 kú, eingiar eru sárlitlar, en hægar, hagar eru víðlendir á sumrum, en vetrarhart. Jörðin er heldur ervið vegna örðugrar smalamennsku og álitst að geta framfleytt 1 kú og 80 fjár. Litinn afrétt getur jörðin leigt öðrum um sumartíman.<sup>12</sup>

Afrétturinn, sem hér er minnst á, er líklega Hnúta því að í úttekt á Dalshöfða í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 standa þessi orð undir liðnum „Önnur jarðargæði“: „Upprekstrargjald árlega fyrir fjallið Hnútu 10 krónur.“<sup>13</sup> Ekki kemur hér fram hverjir ráku fé í Hnútu en samkvæmt yngri heimildum var fjallið afréttarland Hörgslandshreppinga án nokkurra nytja frá Dalshöfða.<sup>14</sup> Engin greiðsla hefur á síðari árum komið fyrir þessi beitarnot.<sup>15</sup>

1 Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellssþingi*. (Skaftafellinga rit. 2. b.) Reykjavík. S. 88.

2 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 382.

3 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 383.

4 Sbr. Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 88.

5 *Sunnlenskar byggðir*: 6. b. Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands 1985. S. 53.

6 „Staður j kirkiubæ á heimaland allt. dali. ij. mau[r]tungu. geirland. mork. ytrabæ. heidi. tungu. erpstadi“ (skjal nr. 4 (4)).

7 „J dal leiga xx avra vett smiors. J dal odrvm leiga vett smiors oc xx avra vorv“ (skjal nr. 4 (10)).

8 Skjal nr. 4 (11).

9 Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 334.

10 Skjal nr. 2 (49).

11 Skjal nr. 2 (23). Sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 53.

12 Skjal nr. 2 (24).

13 Skjal nr. 2 (25). Hnúta var á 19. öld talin sama fjall og Eiríksfell sem eignað var Kálfafellskirkju (sbr. kafla 5.4. (Kálfafell)).

14 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 53, sbr. s. 14.

15 Ragnar Jónsson, bóndi í Dalshöfða, við skýrslutökur í máli nr. 9/2003.

Árið 1853, dagana 24.-27. ágúst, fór fram áreið til að ákvarða landamerki milli jarðanna Seljalands annars vegar og Dalshöfða og Núpa hins vegar. Þar segir m.a.:

Var þá riðið frá Seljalandi litlu eptir dagmál norður eptir Seljalandsheiði að hinni svokölluðu „Þúfu“ sem öllum kom saman um að væri eitt af norður takmörkum jarðarinnar Seljalands. Sögðu áreiðarmenn að landamerki frá Brunnarfossi til norðurs milli Seljalands og Núpa skyldu vera Brunná alt norður að þvertakmörkunum við Þúfu, sem væri bein stefnulína frá vörðu er þeir hlóðu á norðanverðu Dalsfjalli yfir „Þúfu“, í hnúk í Núpa landi rétt fyrir norðan Brúarár foss /: Þar sem fyrrnefnd varða var hlaðin sast ekkert vordubrot með vissu jafnvel þó ekki yrði álitíð annað enn þverstefna þessi væri svo samkvæm hinum optnefnda dóms úrskurði af 10 maí 1823<sup>1</sup>, sem unt væri./ Frá hinni nýu vörðu fram að hinum svokölluðu Hrafna hnjúkum vildu áreiðarmennirnir láta austur brúnina á Dalsfjalli ráða takmörkum milli Seljalands og Dalshöfða þannig: að Seljaland skyldi eiga allar austur hlíðar fjallsins þar sem steinn gjæti oltíð til austurs en Dalshöfði alt fyrir vestan, en úr Hrafna hnúk, sem er næstur hinum vestasta, skildi ráða stefnutakmark úr hinu hæðsta af austari nibbu hnúksins beint í Orustuhól og var klettur milli túnanna á Seljalandi og Dalshöfða í fyrrgreindri stefnu línu. Áreiðarmenn hlóðu 5 hnausa vörður uppfrá kletti þessum í svo beinni stefnu að efra takmarkinu, Hrafnahnúk, sem þeim virtist þurfa og þeir höfðu fong á.

...

Var þaðan riðið niður með Brunna og yfir hana ofanhalt við „Sefjalæks<sup>2</sup> mynni“ og aptur litið eptir austur takmörkum milli Seljalands [og Núpa?]. ...Kom áreiðarmönnum nú saman um að austurtakmörk Seljalands skyldu vera frá Brunnarfossi beinstefna í klett hérumbil í miðri Brunná næstan kletti eða dránga þeim er áreiðarmönnum kom ásamt um, hinn fyrsta dag áreiðarinnar, að væri hin fyrrnefnda svokallaða „Örn“ í miðri ánni.<sup>3</sup>

Landamerki Dalshöfða var gert 11. júní 1886 og er svohljóðandi.

Þetta eru landamörk jarðarinnar Dalshöfða í Fljótshverfi:

Eystramark<sup>4</sup>: Brunná kemur úr jökli, hún ræður að austan fram að kletti austan megin við ána, sem er einstakur skammt fyrir norðan skerhnúk vestan megin við ána, sem Þúfa heitir. Úr klettinum liggur markið og vestur í Þúfu, sem er norðaustan undir Dalsfjalli; nú ræður Dalsfjall fram úr, á þann hátt, að Seljaland á að austan allt, svo langt vestur, sem steinn veltur austur af, fram í hábrún; eptir það liggur markið niður úr svonefndri Marktorfu, beina leið í klöpp á Selá á milli bæjanna Dals og Seljalands, úr þeirri klöpp og beint í Orustuhól út á móts við svokallaðan Háaklett.

Vestramark: Úr Háakletti liggur markið norður úr hrauni, mitt á milli Grenhálsa og Bæjarskers, norður í þvermark það sem skiptir heiðalandi og afrjetti; þá ræður þvermarkið austur að fljóti, en fljótið ræður eptir það norður í jökul.

Þórarinn Þórarinsson á Seljalandi,  
Anes Jónasson á Hruna,  
Jón Jónsson á Teigingalæk,  
Guðlaugur Guðmundsson á Þverá,  
Páll Einarsson á Brattalandi.<sup>5</sup>

1 Hér er vísað til Seljalandsúrskurðar 10. maí 1823.

2 Gæti einnig verið *Sefjulæks*.

3 Skjal nr. 2 (39).

4 *Brunna* hér næst á undan strikað út.

5 Skjal nr. 2 (1).

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1886 og fært í landamerkjabók. Árið 1915 var Dalshöfði seldur ábúandanum, Þorvarði Kristóferssyni, til eignar eftir að ráðherra Íslands hafði gefið út bréf um það efni, dags. 20. des. sama ár, í samræmi við lög nr. 31 frá 20. október 1905, um sölu þjóðjarða.<sup>1</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Dalshöfði verið fram-seldur með hefðbundnum hætti og veðsettur.<sup>2</sup>

### 5.3. Núpar

Eins og áður er getið voru Núpar (Gnúpar) landnámsjörð Bárðar Heyangurs-Bjarnarsonar. Jörðin kemur annars lítið við sögu í heimildum frá miðöldum en hún mun hafa komist í eigu Kirkjubæjar-klausturs og varð eign konungs eftir siðaskiptin.<sup>3</sup> Árið 1686 voru Núpar metnir á 23 hundruð og 80 álnir en 12 hundruð árið 1695.<sup>4</sup>

Í uppkasti að jarðabók Kirkjubæjarklausturs frá 1779 er stutt lýsing á jörðinni Núpum. Þar segir m.a. um beutiland jarðarinnar: „Paa fiældet vidt udstrakt beedeland, hvor Kvæget bestandig gaar.“<sup>5</sup> Tekið er undir það í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849-1850 að jörðin eigi „góða og víðlenda sauðfjárhaga“.<sup>6</sup>

Árið 1825 varð samkomulag milli ábúanda jarðanna Núpa og Mariúbakka um skipti á beitar-rétti, en ekki er að sjá að ágreiningur hafi verið milli þeirra um landamerki eða eignarhald á landi.<sup>7</sup> Í úttektabók klausturjarða 1847 er að finna svofellda lýsingu á landamerkjum Núpa:

Ad austan sydst Bogniklettur, skal bera í Skjaldaklett (svonefndann) miðmark sjónhendíng í Háalands-klappir ad Brúará, sem úr því rædur norður úr, ad sunnan austan úr Bognaklett yfir Markholma í Brunná. - Ad vestan til mots við Seljaland.<sup>8</sup>

Premur árum síðar, 22. apríl 1850, var í aukarétti að Mariúbakka gert samkomulag um landa-merki Mariúbakka annars vegar og Núpa og Hvols hins vegar:

1° Milli Mariúbakka og Núpa.

Miðja vega á beinni línu milli „Bognaklettar austan í hraunbrúninni og „Drángsins í háhrauninu“ [en ágreiningurinn hefur áður verið um hver þessara klettanna skyldi ráða landamerkjunum]<sup>9</sup> þar sem nú er hlaðin upp varða, skal ráða bein stefna uppeptir og í vörðuna á „Háulandsklöppum“ rétt fyrir vestan Brúará.<sup>10</sup>

Vestan Núpa er Seljaland, og voru mörk þessara jarða, þ.e. Seljalands annars vegar og Núpa og Dalshöfða hins vegar, ákvörðuð með áreið 24.-27. ágúst 1853 (sjá kafla 5.2.).

1 Skjal nr. 2 (19). Sbr. einnig skjal nr. 2 (48) (álit og mat umboðsmanns á jörðinni að beiðni sýslumanns).

2 Sbr. skjöl nr. 2 (61), 4 (31, 46, 51). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 53.

3 Björn Lárusson 1967, s. 334-335.

4 Björn Lárusson 1967, s. 334.

5 Skjal nr. 2 (13).

6 Skjal nr. 2 (51).

7 „...ad Gudmundur bóndi Halfdanarson á Nupum eptirlætur eptirleidis umtalslaust saudfê frá Marjubacka gaungu á Nupalandi eins og undannfarna tid, mó[ti] því ad Runolfur Sverrisson á Marjubacka leyfir Gu[d]mundi vetrar beit fyrir 3 hesta í svo nefndu Backa fjalli...“ (skjal nr. 2 (47)).

8 Skjal nr. 2 (40).

9 Textinn ásamt hornklofum í frumskjali.

10 Skjal nr. 2 (38).

Gnúpar (Núpar) eru skráðir sem jörð Kirkjubæjarklausturs (þ.e. konungs) í Jarðatali Johnsens 1847 og 12 hundruð að dýrleika.<sup>1</sup> Samkvæmt nýju jarðamati 1861 var jörðin 9,2 hundruð að dýrleika.<sup>2</sup> Landamerki Núpa var undirritað að Höfðabrekku 22. maí 1889 og er á þessa leið:

Landamerki í kringum þjóðjörðina Núpa í Vesturskaptafellssýslu.

Að austan og norðan ræður Brúará þangað til Hálandsklappir bera í hæzta skerdranginn á Núpahrauninu, úr honum í Markhólma í Brunná; svo ræður hún í stórt sker, sem er í henni að gjá í brúnina austan við þar sem Brunná kemur ofan af fjallinu; svo ræður Brunná úr því norður úr.

Höfðabrekku 22. maí 1889

Ólafur Pálsson.<sup>3</sup>

Enginn annar ritaði undir bréfið. Það var lesið á manntalsþingi að Kleifum 19. júní 1890 og fært í landamerkjabók.

Árið 1923 voru Gnúpar seldir ábúandanum, Helga Bjarnasyni, í samræmi við lög nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða. Undanskilið í sölnunni voru „námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar, svo og alt vatnsafl og notkunaraðstaða þess í landareign jarðarinnar“.<sup>4</sup> Í júlí 1923, tveimur mánuðum eftir að Núpar voru seldir, var gert annað landamerkjabréf fyrir jörðina:

Landamörk kringum jörðina Núpa í Hörgslandshreppi.

Að norðaustan: Úr vörðu, sem er milli Kálfafells og Núpa fjallsenda norður í skerjum: og fram í Brúararbotna. Þaðan ræður Brúará framað Háalandsklöppum, svo úr vörðu sem hlaðin er á fyrnefndum Háalandsklöppum og suður af hamrinum eftir hlöðnum vörðum í beinni línu, þar til Hvolts- og Maríubakkaland kemur saman við síðustu vörðuna í beiningu þessari, sem er hornmark að suðaustan. Svo úr þessari hornmarkvörðu og beina línu vestur í Brunnárbrú og þaðan sömu línu í vörðu, sem hlaðin er á hrauninu vestan við Brunná þar sem þá tekur við Seljalandsland að vestan. Svo úr þessari vörðu sem er hornmark að suðvestan og eftir hlöðnum vörðum upp af hrauninu vestan við Brunná beina línu í lægstu eða neðstu gljúfurbrúnina austan við Brunnárfoss, þar sem hún fellur niður á aurinn. Þaðan ræður Brunná norður úr.

Gjört að Múlakoti 11. júlí 1923

Helgi Bjarnason <sup>5</sup>	Sigurður Jónsson Mariubakka (handsalaði)
Málfriður Þórarinsdóttir	Seljalandi (handsalaði)
Sigurður Jónsson Hvoli. <sup>6</sup>	

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi Hörgslandshrepps 11. júlí sama ár og fært í landamerkjabók.

Eins og fyrr er getið áttu Núpar víðlenda sauðfjárhaga. Páll Helgason á Fossi fór stundum í

1 Skjal nr. 4 (13).

2 Skjal nr. 4 (14).

3 Skjal nr. 2 (2). Ólafur Pálsson bjó á Höfðabrekku (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 553).

4 Skjal nr. 2 (16).

5 Ábúandi að Núpum (sbr. *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 50).

6 Skjal nr. 2 (10).

smölun með Sigmundi Helgasyni á Núpum, móðurbróður sínum, og hefur hann lýst Núpasmölun fyrir á árum. Hann segir að Guðjón (Ólafsson) á Blómsturvöllum, mágur Sigmundar, hafi alltaf farið með þeim í þessum ferðum:

Frá Blómsturvöllum var farið upp brekkurnar norð-vestur af bænum og upp á Harðskafann og norður skerin, inn hjá Brúarárbotnum og í sveig þar austur á við og skoðað þar norðan í hvort fé sæist en gott útsýni er þarna til norðurs og jökulsins. Síðan var farið vestur á við með hraunröndinni og menn sitt hvorum megin við Illagil. Man ég Sigmund fara nyrstan og man ég einu sinni að við Guðni á Mariubakka fórum með gilinu. Féð var rekið til vesturs og suð-vesturs og svo fram Núpahraunin, fram Helgadalina fóru menn og yfir Helgastaðafjallið, þá féð rekið fram milli ána Brunnár og Brúarár og í rétt á Núpum. Allt tók þetta 5-6 tíma og æskilegt var að ekki minna en 5 menn væru, helst 6.

Einnig var stundum farið styttri leið. Menn frá Núpum, Mariubakka, Blómsturvöllum og Hvoli fóru inn Núpahraun og svo með Brúarár að vestan að botnunum og áfram í sveig austur á við og norður, skyggst um svæðið og svo féð rekið vestur og yfir mynnið á Illagili en Brunná liggur þar við gilkaftinn, gilið kannað hvorum megin frá, Helgadalirnir og fjallið tekið með einnig. Ekki var margra kinda von í innstu leitum en í Illagili var stundum nokkurt fé og í Helgadölum og Vikurtorfunum, margt stundum og drjúgt fór fram hraunin í það heila í fyrstu smölun.<sup>1</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð fyrra landamerkjabréfsins hafi Núpar verið framseldir á hefðbundinn hátt veðsettir.<sup>2</sup>

#### 5.4. Kálfafell og Blómsturvellir

Kálfafell er nefnt í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200.<sup>3</sup>

Elti máldagi Kálfafellskirkju er talinn vera frá 1343. Þar segir orðrétt í upphafi:

[N]icholas kirkia at kálfafelli j fliotzhuerfi ä heima land allt. Kelldu backa. eirikz fell halft.<sup>4</sup>

Nokkru síðar standa þessi orð þegar tíundaðar eru eignir kirkjunnar:

afreit j skorvm at helmingi vid svijnfelljnga. kolskog j vest[r]um skorum. suo sem til bus þarf.

Þetta er síðan endurtekið óbreytt í yngri máldögum kirkjunnar, þ.e. 1397 (Vilkinsmáldaga) og um 1570 (Gíslamáldaga).<sup>5</sup>

Kálfafell var 20 hundraða jörð samkvæmt jarðabók 1695.<sup>6</sup> Um svipað leyti lögfesti presturinn á staðnum, séra Þorleifur Árnason, eignir kirkjunnar með tilteknum merkjum sem hér segir:

Eg Thorleifur Arnason Prestur lögfeste hier i Dag Eign H[eilagrar] Nichulasar Kyrkiu ad Kalfafelli i Fliotzhuerfe sem er first, allt hennar Heimalannd til Vmmerkia effter Hefdarhalldi, ad austann i Dyúpá, allt hid efra a Fiall vpp og Lundholma, og Dyvpár Backa firer austann, sem nefnest Eydejörd i Nvpstadar Máldaga. Jtem alla Dyúpárbacka Mýre. Jtem ad vtann sem Brúar Á rædur, hid efra a Fioll vpp, er firer sunnan Stadenn fellur i Dyvpá. Jtem logfeste eg Kalfafellz Kyrkiu Jörd, Mariu Backa med

1 Skjal nr. 7 (6). Sbr. einnig kafla 5.7.

2 Sbr. skjöl nr. 2 (59), 4 (32). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 50.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

4 Skjal nr. 4 (2).

5 Skjöl nr. 4 (8, 12).

6 Björn Lárusson 1967, s. 334.



Vmmerkium, vti Merrkegróf í millum Huolz og nefndrar Jardar, vppi Oddzhól, og þadann vppi Dránnengn er þar stendur á háa Hraunenu. Enn svdur vr Hellunne sem er sidst í Grófenne Síóndeiling í austannverdann Hrutholm. Jtem lögfeste eg Eýrykzfell. ...<sup>1</sup>

Þessj firer framann og ofann skrifud Lögfesta var vpplesenn af Sra Thorleifi Arna Syne á Kleifa Manntalsþýnge Anno 1695 11 Maj Þyng Soknar Monunumm vid verandi og aheyrandj. Thil Merki vnderskrifud Nöfn. Jatadj og eirnenn heidurlegur Sra Thorleifur, ad so stædj í Kalfafellss Kirkiubriefj vidvykiandj Huolss Landj. Jtem gaf Halla Kolbeinss Dotter v Hrossa Eingi í Huolsslandj og slá austann af jafnlega medann nockurt Eingi er effter. Þetta í sama Stad Deigi og Árj sem firr seiger.

Olafur Eýnarsson E.H.

Ísleifur Einarsson E.H.

echi er logffest alltt Eyrykzfell.<sup>2</sup>

Athugasemdin í lokin („echi er logffest alltt Eyrykzfell“) stendur við nafn Ólafs Einarssonar en hann var sýslumaður í Vestur-Skaftafellssýslu.

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 er nákvæm grein gerð fyrir eignum kirkjunnar, m.a. getið um afréttinn í Skorum, og mörkum lýst að mestu í samræmi við fyrrnefnda lögfestu:

16 Septemb[ri]s. Nichulas Kýrkia ad Kalfafelle j Fliotzhuerfe á Heima Land allt til Vmmerkia epter Hefðar Halldi. Ad austann j Diupá allt hid efra á Fioll vpp og Lund Holma vm huorn Ain stundum klýffst, og Diupárbacka f[yrir] austan. Ad vtan rædur Bruará hid efra á Fioll vpp, er f[yrir] sunnan Stadin fellur j Diupá. Hun á Mariu Backa vt í Merke Gróf j millum Huolz og nefndrar Jardar, vpp j Oddz Hól og þadann vpp j Drangin er þar stendur á há Hraunenu. Enn sudur vr Hellunne, sem er sydst j Grófinne Sionhending j austann verdan Hrutholm. Kelldubacka epter Wilchins og Herra Gysla Jonsonar Maaðdaga Bókum. Vita menn nu ej Deile á huor Jord su sie, Eirikzfell, halfann Fiordung tuijtugra trja j Hraunfiöru og lengre og skal Fetum mæla, (liggur Hraunfiara kollud vndan Hörgzlande) og fiordung tuijtugra Hvala edur lengre og skal þá Alnum mæla. Hun a Fossfiöru halfa (strax f[yrir] vtann Fliot) liggjande vid Huolz Fioru og Hör[g]zlandz Fioru. Fisk Veide alla j Diupá þa er Diupárbacka hefur fylgt, Afriett j Skorum ad Helmingi vid Svýn Fellinga, Kolskog j Vestrum Skorum so sem til Bus þarf...<sup>3</sup>

Í vísitásiu kirkjunnar 1677 er að mestu farið eftir vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar og stuðst að auki við eldri máldaga:

A sama Deigj þann 20 Septembris visiterud Sanctj Nocholaj Kyrkia ad Kalfafellj j Flotzhverfe. A effter Maldaga Bok M<agisters> Brynjólfs SS Heimaland allt til vmmerkia ad austann j Diupá allt hid efra a Fiöll vpp og Lundholma, vm hvorn Áenn stundum klýffst og Diupár Backa fyrer austann. Ad vtann rædur Bruará hid efra a Fiöll vpp er fyrer sunnann Stadenn fellur j Diupá. Hun a Mariu Backa j Leigu, vtj Merki gróf j midlum Hvolz og nefndrar Jardar, vpp Oddzhool og þadann upp j Drängen sem stendur á Háhraunenu, enn sudur vr Hellunnj sem er sidst j Grofennj Síónhending j austannverdann Hrutholm. Jtem a Hun effter Maldögum Eyrekzfell, halfann Fiordung tvýtugra Triá j Hraunfiöru og leingre og skal Fetum mæla og Fiórdung tvitugra Hvala edur leing[re] og skal þá Alnum mæla. Hun á Fossfiöru halfa strax fyrer vtann Fliót, liggjandj vid Hvolzfjöru og Hörgslandz Fiöru, Fiskveidj alla j Diupá þa er Diupárbacka hefur filgt, Afrett í Skorum vid Svýnfellinga ad helming[e], Kolskóg j

1 Hér næst eru fjörunytjar lögfestar, veiðivötn, skógaritök og önnur hlunnindi með tilvísun í máldaga kirkjunnar.

2 Skjal nr. 2 (35).

3 Skjal nr. 2 (26).

Vestrum Skorum so sem til Buss þarf, fimm Hrossa Eing j Hvolz Landj og skal jafnann slá ad austann medann nockurt Eing er effter...<sup>1</sup>

Í vísitásium 1706 og 1749 eru eignir Kálfafellskirkju taldar upp í samræmi við eldri heimildir en ekkert er þar um landamerki jarðarinnar.<sup>2</sup> Þorsteinn Bjarnason lýsir ekki heldur merkjum í greinargerð sinni 1773 en til marks um það hvað heiðarnar séu snjólettar getur hann þess að nokkur nýbýli séu þar í kring, m.a. ein hjáleiga „i Kálfafells Heide fyrer vestann Diupá i Flíötshverfe“.<sup>3</sup>

Í brauðamati frá 1839 er almenn lýsing á jörðinni, hlunnindum hennar og ítökum. Nákvæmari er lýsing jarðarinnar í skýrslu um tekjur og útgjöld Kálfafellsprestakalls frá 1854. Þar segir m.a.:

Beitarland hefur jörðin mikið að víðlendi en graslítið að norðanverðu og svo er nokkur hluti þess undirorpinn aur- og grjóts-skríðum samt uppblástri af moldar- og sand-foki. Útigangur þykir hér samt vera í betra lagi. Meðal kosta við jörð þessa má telja það að hún hefur allgóða og nálæga beitar haga fyrir fænað á vetrar dag, samt það að hún er ekki óhæg til slægna þar þær eru ekki langt í burtu. ... Í landareign Kálfafells er Bakkafjall sem um lánan tíma hefur verið notað af ábúandanum á Mariubakka til beitar mót ýmislegum ótilteknum greiða.<sup>4</sup>

Síðan eru talin upp ýmis ítök kirkjunnar eftir máldögum, m.a. skógarhögg í Vestri-Skorum og „ýmisleg önnur ítök sem ekki hafa notuð verið í manna minnum“.<sup>5</sup> Kirkjan hafði hvorki þá né síðar neinar tekjur af hlunnindum sínum og ítökum.<sup>6</sup>

Árið 1848 vísiteraði Helgi G. Thordersen biskup Kálfafellskirkju, og voru eignir hennar og landamerki þá færð til bókar að mestu í samræmi við eldri heimildir:

Ár 1848 þann 2n August visiteraði Biskupinn H.G. Thordersen Ridd. af Dbr. kyrkjuna að Kálfafelli í Fljótshverfi á Síðu. Hún á heimaland alt til ummerkja, rædur að austanverdu Diúpá frá jöklum ofan og frammá svonefndan Lambhaga, en þar fyrir framan á kyrkjan Diupárbakkaland, hvör jörð nú er í eyði, og Lundhólma hvörtveggji fyrir austan ána. - Ad utan edur vestan rædur Brúará hid efra á fjöll upp, er fyrir sunnan stadinn fellur í Djúpá. Kyrkjan á fiskveidi alla í Diúpá þá er Diupárbakka hefur fylgt; Keldubakka sem nú kallast Mariubakki; kolskóg í Vestrum Skorum svosem til bús þarf og Fitina er liggur fyrir vestan Breidabólstað. Hún á og Mariubakkafjöru, Lundarfjöru og Kálfafellsfjöru, sem köllud er þrenn 18c [hundruð]. Allar þessar fjörur kallast nú einu nafni Kálfafellsfjara. Héradauki eigna máldagar og visitatiur kyrkjunnar Eyriksfell hált og afrétt í Skorum að helmíngi við Svínfellinga.<sup>7</sup>

Eiríksfell hált, sem hér er nefnt, hafði verið eignað kirkjunni á Kálfafelli allt frá því að elstu varðveittu máldagar hennar voru gerðir á 14. öld. Svo virðist sem ekki hafi verið ljóst á þessum tíma hvar Eiríksfell var. Sveinn Pálsson minnst á Eiríksfell í Ferðabók sinni og segir að í gegnum það sé klauf eða gjá sem nefnist Bárðarskarð, austan Hverfisfljóts.<sup>8</sup> Jón Sigurðsson, prestur á Kálfafelli, kemst þannig að orði í sóknarlýsingu sinni 1859:

1 Skjal nr. 2 (27).

2 Skjöl nr. 2 (28 og 29).

3 Skjal nr. 2 (49).

4 Skjal nr. 2 (45).

5 Skjal nr. 2 (45). Sbr. einnig skjal nr. 2 (24) (gerðabók jarðamatsnefndar 1849-1850).

6 Sbr. einnig skýrslu frá tímabilinu 1862-1867 (skjal nr. 2 (46)).

7 Skjal nr. 2 (30).

8 *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 2. b. Reykjavík 1983. S. 474.

Í Dals landareign er ennfremur að neðanverðu grasivaxinn, en að ofanverðu skerjöttur, ávalur fjallhóll, sem kallast Hnúta og liggur nú fyrir vestan áður nefnt Hverfisfljót. Það er ágiskun manna, að þetta tvennt, Brattháls og Hnúta, sé Eiríksfell það, sem Vilkinsmáldagi tileinkar hált kirkjunni hér á Kálfafelli, þó þar sé ekki getið, hvar það liggir, og virðist það styrkja þá meiningu að austan undir Bratthálsi rennur lítil á nokkur, sem kallast Eiríksfellsá, en fullkomin vissa er fyrir því, að Fljótíð (Hverfisfljót), sem fyrir jarðeldinn 1783 rann fyrir vestan nefnda Hnútu, braut sér þá þann farveg, er það nú hefur, milli hennar og Brattháls.<sup>1</sup>

Í Jarðatali Johnsens 1849 er jörðin Kálfafell skráð 20 hndr. að dýrleika en í Nýrri jarðabók 1861 er hún metin á 32,2 hundruð með hjáleigunum Kálfafellskoti og Blómsturvöllum.<sup>2</sup>

Árið 1912 seldi ráðherra Íslands ábúendum Kálfafells, Bergi Bergssyni og Stefáni Þorvaldssyni, hvorum um sig sinn helming jarðarinnar í samræmi við lög nr. 50, 16. nóvember 1907. Með þeim helmingi sem Stefán keypti fylgdi Kálfafellskot og var hlutur hans samtals metinn á 16,1 hundruð að nýju mati.<sup>3</sup> Þegar fasteignamat var gert 1916-1917 var Kálfafellskot komið í eyði.<sup>4</sup>

Landamerkjabréf Kálfafells var undirritað 1. júlí 1922 og er á þessa leið:

Landamerki fyrir jörðinni Kálfafelli í Hörgslandshreppi.

Að austan ræður Djúpá frá jökli þar sem hún hefir upptök sín, alla leið suður úr þar til koma saman Rauðabergs og Mariúbakka landamörk. Er það endamark að sunnan, þaðan liggur markið í Laxármynni til norðurs. Úr því ræður Laxá alla leið norður eftir þar til hún endar. Úr Laxárbotnum liggur markið til norðurs í vörðu á svokölluðum Fjallsenda, þaðan bein lína í sömu stefnu alt til jökuls.

Jörðin á fjöru, liggjandi milli Rauðabergs og Hvolsfjöru og hefir hún verið talin þrenn átján hundruð fæðmar, ásamt jörðunum Mariúbakka og Kálfafellskoti.

Auk þess eiga tjeðar jarðir í sameiningu hina svonefndu Kálfafellsmela og landið fyrir sunnan marklínu jarðarinnar Mariúbakka, sem liggur milli Rauðabergs og Hvols landamarka alt til rekamáls ásamt veiðirjetti í Hvalsýki.

Landamerkjaskrá þessi er gjörð á Mariúbakka 1. júlí 1922

Stefán Þorvaldsson [Kálfafelli]

Bergur Bergsson [Kálfafelli]

Sigurður Jónsson [Mariúbakka]

Guðríður Þórarinsdóttir [Blómsturvöllum]

Ragnhildur Steingrimsdóttir [Rauðabergi]<sup>5</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp 13. júlí 1922 og fært í landamerkjabók.

Sama dag var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Kálfafellskot:

Landamerki fyrir jörðinni Kálfafellskoti í Hörgslandshreppi.

1 *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 159.

2 Skjöl nr. 4 (13, 14).

3 Skjöl nr. 2 (20, 21).

4 Skjal nr. 2 (25).

5 Skjal nr. 2 (6). Um búsetu þeirra sem skrifuðu undir bréfið, sjá *Sunnlenkar byggðir* 6, s. 40, 46 og 47.

Að austan: Hlaðin varða í Yxnároddaskerjum sem er endamark að norðan bein lína suður í Fossá, þar sem hún fellur ofan af fjallinu norðvestan við Blómsturvallabæinn. Úr því ræður áin þar til hún fellur í Laxá. Úr því ræður Laxá þar til hún kemur saman við Brúará þar sem landið skerst úr að sunnan.

Að vestan: ræður Brúará til norðurs þar til Hvamsá fellur í hana. Úr því ræður Hvamsá þar til hún endar. Svo þaðan beina línu í áðurgreinda vörðu á Yxnároddaskerjum þar sem landið skerst úr að norðan. Jörðin á hlutdeild í veiðirjetti og reka á Kálfafellsfjöru, sem liggur milli Rauðabergs og Hvolfsfjöru og hefir að fornu verið talin þrenn átján hundruð faðmar á lengd.

Gjört að Mariúbakka 1. júlí 1922

Stefán Þorvaldsson      Bergur Bergsson      Sigurður Jónsson  
Guðríður Þórarinsdóttir (eigandi að Blómsturvellum).<sup>1</sup>

Landamerkjabréf þetta var einnig lesið á manntalsþinginu fyrir Hörgslandshrepp 13. júlí og fært í landamerkjabók Skaftafellssýslu.

Eins og áður er getið eru Blómsturvellir nefndir sem önnur af tveimur hjáleigum Kálfafells í Jarðatali Johnsens 1847. Þeir munu fyrst hafa byggst sem hjáleiga Kálfafells um miðja 18. öld en lagst í eyði í Skaftáreldum.<sup>2</sup>

Árið 1914 seldi ráðherra Íslands Elínu Bjarnadóttur, ábúanda Blómsturvalla, jörðina til eignar í samræmi við lög nr. 50, 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða. Jörðin var þá metin á 6,1 hundruð að nýju mati.<sup>3</sup> Í gerðabók fasteignamatnefndar tveimur árum síðar er beitalandi jarðarinnar lýst svo:

Beitalandið er fjalllendi, kjarngott til sauðbeitar, ekki viðlent en snjóljett og fremur skjólgott. Auðvelt er að nota vetrarhaga. Sumarheit stórgripa er ekki góð.<sup>4</sup>

Landamerkjabréf Blómsturvalla var undirritað að Kálfafelli 1. júlí 1922 og er á þessa leið:

Landamerki fyrir jörðinni Blómsturvellum í Hörgslandshreppi. Að austan milli Kálfafells og Blómsturvalla. Laxá ræður frá því Fossá fellur í hana norður eftir, þar til hún endar. Úr Laxárbotnum til vesturs í Brúarárbotna, þaðan til suðurs í vörðu sem hlaðin er á Yxnároddaskerjum, þaðan í sömu stefnu í Fossá þar sem hún fellur ofan af fjallinu norðvestan við Blómsturvelli. Úr því ræður áin þar til hún kemur í Laxá þar sem landið skerst úr. Auk þess á jörðin hlutdeild í Kálfafellsmelum sem er sameign.

Gjört að Kálfafelli 1. júlí 1922

Guðríður Þórarinsdóttir (eigandi Blómsturvalla)  
Stefán Þorvaldsson      Bergur Bergsson  
(eigandi ½ Kálfafells og Kálfafellskots)      (eigandi ½ Kálfafells)  
Sigurður Jónsson (eigandi Mariúbakka).<sup>5</sup>

1 Skjal nr. 2 (7).

2 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 46.

3 Skjal nr. 2 (17).

4 Skjal nr. 2 (25).

5 Skjal nr. 2 (9).

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp 13. júlí sama ár og fært í landamerkjabók.

Árið 1923 fór fram áreið á landamerki milli jarðanna Kálfafells, Blómsturvalla, Mariubakka og Hvals annars vegar og Hrunajarða hins vegar eins og nánar er greint frá í bréfi þar um:

Ár 1923, laugardaginn 13. október gerði hreppstjóri Hörgslandshrepps, ásamt úttektarmanni Bjarna Bjarnasyni í Hörgsdal, áreið á landamörk milli jarðanna Kálfafells, Blómsturvalla, Mariubakka og Hvals annarsvegar og Hrunajarða hins vegar, til þess þar, samkvæmt fyrirlagi sýslumannsins í Skaftafellssýslu í brjefi dags. 26. sept. þ.á., að athuga landamerkjalinu milli tjeðra jarða og jafna ágreining þar um...

Eftir að hafa athugað eftir föngum atvik öll og stefnu tjeðrar ágreiningslínu, urðu hlutaðeigendur ásáttir um að austurmarkalína Hrunajarða, skyldi ákveðast þannig:

Úr horn og endamarki milli Seljalands og Hrunajarða, sem er varða hlaðin saman og austan við svokallaða Seljalandsfit, þar sem Seljalandsland skerst úr, skal marklínan liggja beint í suður í hádegisstað alt að rekamáli.

Eftir því sem frekast var hægt að álykta snertir marklína þessi ekki Kálfafellsland og verður því landamark milli Hvals og Hrunajarða.

Með þessu jafnaðist ágreiningur sá er hjer var um að ræða og var gjörðinni þar með lokið.<sup>1</sup>

Sátt þessi var lesin á manntalsþingi fyrir Hörgslandshrepp 9. júlí 1924 og færð í landamerkjabók.

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfa Kálfafells og Blómsturvalla hafi þessar jarðir verið framseldar á hefðbundinn hátt og veðsettar.<sup>2</sup>

## 5.5. Rauðaberg

Í máldaga frá 1340 kemur fram að frá Rauðabergi var greidd hálf vætt af osti í „ítölu“ til klaustursins í Þykkvabæ.<sup>3</sup> Rauðaberg er í máldaganum ekki meðal þeirra jarða sem eignaðar voru klaustrinu, en í yngri heimildum er hún talin með klausturjörðum og komst í eigu konungs eftir síðaskiptin.<sup>4</sup>

Í jarðabók 1686 er Rauðaberg metið á 23 hundruð og 160 álnir í samræmi við landskuldina en 12 hundruð í jarðabók 1695 samkvæmt fornu mati.<sup>5</sup> Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleiki Rauðabergs sem fyrr 12 hundruð en í Nýrri jarðabók 1861 er hann færður niður í 11,6 hundruð.<sup>6</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Skaftafellssýslur glataðist í brunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728 en til er lýsing á jörðum Kirkjubæjarklausturs frá svipuðum tíma. Þar segir um Rauðaberg:

Landskuld 1<sup>c</sup> [hundrað], kúgildi 4. Tún þeirrar jarðar stórkostlega af sér gengin, sem að fornu og nú nýlega skeð er, með grjótskriðuhlaupum og vatnságangi úr fjallinu. Engjar til fjallsins (sem jörðunni

1 Skjal nr. 2 (12).

2 Skjöl nr. 2 (59), 4 (33).

3 Skjal nr. 4 (3).

4 Sjá t.d. skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu frá 1528, en þar er „Raufarberg“ talið með þeim jörðum Þykkvabæjarklausturs sem greiddu „skyldur“ til klaustursins í Kirkjubæ (*Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 471).

5 Björn Lárusson 1967, s. 334.

6 Skjöl nr. 4 (13, 14).

fylgt hafa) af sér gengnar og næsta ónýtar af grjóti og skriðum. Er fyrir oss fram borið, að þegar Magnús heitinn Jónsson bjó á þessari jörðu, hafi hér forsorgast 10 kúgildi (meðan Djúpárbakkamýri var af hönum til slægna brúkuð), en nú ei meira en fjöggra kúa þungi. Haglendi ánægjanlegt, þegar selstaða verður brúkuð, þó sumstaðar mjög blásið sé. Virðist oss þessi jörð vegna áður nefndra spjalla, so sem hún er nú á sig komin, byggjandi fyrir 80 álnir með tveimur kúgildum so fram Djúpárbakkamýri ekki aftur næst undir jörðina Rauðaberg kúgildunum til fösturs.<sup>1</sup>

Þegar úttekt var gerð á jörðinni um miðja 19. öld var hún ekki talin geta framfleytt nema einni kú og 140 fjár. Engjar voru sagðar engar „og aðeins reitingslæur í bestu árum í úthögum, sem eru í meðallagi víðlendir og að gæðum í betra lagi, útingangur fyrir fé er hér góður.“<sup>2</sup> Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849-1850 er tekið fram að Rauðaberg sé góð fjárjörð og því bætt við að til vetrarbeitar „[muni] lengi hafa verið brúkuð meðfram Nupstaðar og Djúpárbakkahraun“.<sup>3</sup> Um jarðarnytjar Rauðabergs segir m.a. í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916:

Meiripartur beitilandsins er fjalllendi, hitt nokkuð gróið brunahraun, víðlent, kjarngott beitiland fyrir sauðfje, snjóljett og auðvelt að nota vetrararbeit, skjólgott; snögglend stórgripabeit.<sup>4</sup>

Eins og fram hefur komið var Rauðaberg konungseign og því jafnan í leiguábúð en árið 1893 var jörðin seld ábúanda hennar, Gísla Arinbjarnarsyni. Í afsalinu er jörðin sögð í eigu landssjóðs og seld með heimild í lögum nr. 31, frá 11. desember 1891.<sup>5</sup>

Í heimild, sem rekja má til 17. aldar, er lýst merkjum milli Rauðabergs og Nupsstaðar og er sú lýsing tekin upp í kafla 5.6.

Við skoðanagerð klausturjarða 1847 var landamerkjum Rauðabergs lýst þannig.

Landamerki: að austan er Krossá í fjallbrúninni, en að öðru leyti þar óviss, en að vestan ræður Djúpá svo langt fram sem Rauðabergshraunið nær. Fjara á að fylgja jörðunni að sögn 600 faðmar að leingd, og liggur austan við Kálfafellsfjöru.<sup>6</sup>

Landamerkjabréf Rauðabergs var gert 1891 og er á þessa leið:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Rauðabergi í Kleifahreppi.

Að austan: Krossá ræður til heiðarinnar, sem hún (áin) er löng til og svo frá vestustu upptökum hennar beina línu í Alptadalsbrýr og úr því beint norður í jökul, svo aptur suður á bóginn úr Krossárfossi beint í Krossármynni og svo beina línu að stórstraumsfjörumáli.

Að vestan: ræður Djúpá, frá jökli sem hún hefir upptök sín og allt suður fyrir Rauðabergshraun, svo aptur suður á bóginn vestasti tanginn á Rauðabergshrauni og Lundur skal bera hvert í annað miðað frá fjalli, svo úr því beina línu að stórstraumsfjörumáli.

Jörðin á fjöru liggjandi milli Nupsstaðarfjöru að austan og Kálfafellsfjöru að vestan.

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 453.

2 Skjal nr. 2 (24).

3 Skjal nr. 2 (51).

4 Skjal nr. 2 (25).

5 Skjal nr. 2 (15).

6 Skjal nr. 4 (58), sbr. einnig skjal nr. 2 (41) (úttektargerð 1847).

Gjört að Rauðabergi 7. maí 1891.

Gísli Arnbjarnarson	Ólafur Pálsson
ábúandi á Rauðabergi	umboðsmaður
Jón Jónsson	Fyrir hönd Kálfafellskirkju
	Bjarni Þórarinnsson <sup>1</sup>

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi að Mörk 4. júní 1891 og fært í landamerkjabók.

Árið 1950 var jörðinni skipt til helminga með gjafayfirlýsingu sem undirrituð var 13. september það ár.<sup>2</sup> Frá árinu 1980 hafa jarðirnar verið nefndar Rauðaberg I og II.<sup>3</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi Rauðaberg verið framselt á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>4</sup>

## 5.6. Núpsstaður

Samkvæmt kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 var kirkja að Lómagnúpi (Núpsstað) á þeim tíma.<sup>5</sup> Í máldaga kirkjunnar, sem talinn er vera frá 1343, segir að Nikulásarkirkja að Lómagnúpi eigi tvo hluti (líklega  $\frac{2}{3}$ ) í heimalandi. Þangað lágu tveir bæir undir til tíundar og bænhus „að raufarbergi“ (Rauðabergi), og skyldu vera að kirkjunni prestur og djákni.<sup>6</sup> Eignarhlutur kirkjunnar er óbreyttur í Vilkinsmáldaga 1397 en í máldagabók Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er kirkjan sögð eiga heimaland allt.<sup>7</sup> Kirkjan ásamt jörðinni virðist því hafa verið sjálfstæð stofnun, staður, enda í máldaganum nefnd Núpsstaður um leið og vísað er til gamla heitisins Lómagnúpur.<sup>8</sup> Engu að síður var kirkjustaðurinn talinn heyra undir Skálholtsstól. Í vísitásiu 1645 er tekinn upp sá texti úr máldögum að kirkjan að Lómagnúpi eigi tvo hluti í heimalandi og síðan bætt við: „...og Jörden liggur vnder Skalhollts Kyrkju, og leygd þadan“.<sup>9</sup> Í vísitásiu 1677 er þetta nánar skýrt með þeim orðum að þriðjungur jarðarinnar liggir undir Skálholtskirkju „og er leigd þadann“.<sup>10</sup> Þetta hefur orðið til þess að Núpsstaður er skráður sem eign Skálholtsstóls í jarðabókunum 1686 og 1695.<sup>11</sup> Í jarðabókinni 1686 er jörðin sögð 20 hundruð að dýrleika en 10 hundruð í jarðabókinni 1695 og mun það hafa verið í samræmi við fornt mat.

Í vísitásiu Núpsstaðar 1657 er stutt landamerkjalyking: „Landamerke Stadarenz hallden j Krossá ad utan, enn ad austan deila Jökla“.<sup>12</sup> Sams konar lýsing er einnig í vísitásiubók 1677.<sup>13</sup> Í vísitásiu Núpsstaðar 1706 er landamerkjum jarðarinnar lýst með sama orðalagi og í fyrri vísitásium og síðar bætt við: „...og so seigest Jón [þ.e. Jón Jónsson bóndi á Núpsstað] brukad hafa, nema hvad

1 Skjal nr. 2 (4).

2 Skjal nr. 6 (5).

3 Skjöl nr. 4 (49 og 50), 6 (6).

4 Sbr. skjöl nr. 2 (58), 4 (37), 6 (5 og 6). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 40.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

6 Skjal nr. 4 (1).

7 Skjöl nr. 4 (7 og 12).

8 Sbr. Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficalrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 106, 130.

9 Skjal nr. 2 (31).

10 Skjal nr. 2 (33), sbr. einnig skjal nr. 2 (34) (vísitásiu 1706). Núpsstaður hefur trúlega verið það sem kallað er „innkorporeruð“ kirkja. Í því fólst m.a. að tekjur kirkjunnar runnu til Skálholtsstaðar sem að sínu leyti bar ábyrgð á viðhaldi kirkjunnar. Í heimildum er Núpsstaður þó ýmist skráður sem Skálholtseign eða beneficium (kirkjulén eða staður) (sbr. Magnús Stefánsson 2000, s. 149, 159-169).

11 Sbr. Björn Lárusson 1967, s. 334. Sbr. einnig skjal nr. 2 (23) (jarðamat 1804).

12 Skjal nr. 2 (32).

13 Skjal nr. 2 (33).

Kalffellingar reke þangad stundum Naut“.<sup>1</sup> Þá er að geta þess að varðveitt er í afskrift lýsing á landamerkjum milli Nupsstaðar og Rauðabergs frá 1616 (sbr. k. 5.5.):

Um landamerkj á millum Nupsstaðar og Raudabergs.

Þad medkiennest eg Finnur Gislason ad eg var sex ár a Nupsstád hia mý(n)um saluga fodur Gisla Finnssine og visse eg alldrej agrejning mille hans og Jons heitins Gislasonar sem biö ä Raudaberge. Og hiellt minn elskannlege fader landeign Nupsstaðar vtj Krossä og ad so her er j sannleika set eg mýna eiginn hond hier vnder skrifad og vtgiefinn ner (!) Nupstad 14 Julij 1616.

Vnderskrifad naffn

Fjnnur Gislason eigin hendi.<sup>2</sup>

Annar vitnisburður frá sama tíma er á þessa leið:

So felldann vitnisburd ber eg Snorri Arnorsson umm landamerkj á mille Nupsstaðar og Raudabergs ad eg heirdi alldrej tuymæle a leika ad Nupstaður ætte ecki allt ad Krossá þar sem hun kiemur framm vr gliufriu nidur vnder fiallinu. Enn vppa allt ad henne og so siondeiling riett vr Krossár Bothnum og nordur vnder Jokul og so hiellt eg med ollu atolulaust og so sa saulugie Þordur heitinn Teitsson sem ä Nupsstad var j fioritýe ár og bio hann þar bue sýnu og -l upp oll sýn born. Þar næst for hann til Raudabergs og bio þar þá og hiellt hann ecki leingra austur enn ad Krossaá og eckj bár hann neinar brigdur á landid fyrer austann ána og alldrej heldur ataldj þetta Jon Gislason sá sem a Raudabergi bio a medann eg a Nupsstad vár. Og hier effter maa eg sueria ef þurfa þiker.<sup>3</sup>

Nupsstaður var meðal þeirra kirkna Skálholtskirkju sem ætlunin var að selja í lok 18. aldar eftir að biskupsstóllinn var niður tekinn og fluttur til Reykjavíkur.<sup>4</sup> Nupsstaður var þó ekki seldur fyrr en 1839, á uppboði sem haldið var 7. júní, og var kaupandinn ábúandi jarðarinnar, Jón Hannesson.<sup>5</sup>

Nupsstaður hefur löngum þótt vera landkostajörð. Skógur mikill fylgdi jörðinni og er talið í jarðamati 1804 að hann geti gefið af sér 10 tunnur kola árlega.<sup>6</sup> Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849-1850 er landkostum Nupsstaðar lýst m.a. á þessa leið:

Hagar eru sérlega víðlendir og góðir og útigangur fyrir fê góður á vetrum, skógur er hér töluverður, silúngsveiði má hér hafa og fjallagrasatekiu.<sup>7</sup>

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er sams konar lýsing:

Beitilandið er fjalllendi, víðlent, ágætt beitiland vetur og sumar. Skóglendi allmikið, en langt frá bæn-

1 Skjal nr. 2 (34).

2 Skjal nr. 2 (37). Uppskriftin er með hendi Jóns Þorkelssonar fyrrverandi þjóðskjalavörðar eftir afskrift í vísitásiubók Þórðar biskups Þorlákssonar staðfestri í Skálholti 16. janúar 1683.

3 Skjal nr. 2 (37).

4 Sbr. skjöl nr. 4 (13 og 30). Í *Jarðatali Johnsens* 1847 (s. 6, 1. nmgr., skjal nr. 4 (13) er jörðin sögð metin á 25 1/3 hundrad í stólsjarðabókinni en hún var seld sem 10 hundraða jörð á 400 ríkisbankadali (skjal nr. 2 (14)).

5 Skjal nr. 2 (14). Afsalsbréfið var dagsett 24. október 1840 og upplesið fyrir manntalsþingsrétti á Kleifum 9. júní 1841 (sama heimild).

6 Skjal nr. 2 (23).

7 Skjal nr. 4 (24).



um. Vetrararbeit er hæg, en smalamenska haust og vor mjög erfið. ... Skógartak er til allmikið, en nokkuð langt á það.<sup>1</sup>

Landamerkjabréf Núpsstaðar var undirritað 7. maí 1891:

Landamerkjaskrá fyrir óðalseigninni Núpsstað í Fljótshverfi

Að austan: Að Súlnatindar beri hver í annan, skoðað frá sjó, svo beina leið að norðan og að stórstraumsfjörumáli.

Að vestan: Krossá ræður til heiðarinnar sem hún er löng til, og svo frá vestustu upptökum hennar beina línu í Alptadalsbrýr og úr því beint norður í jökul. Svo aptur suður á bóginn úr Krossárfossi, beint í Krossármynni og svo beina línu að stórstraumsfjörumáli.

Jörðin á fjöru, liggjandi milli Skaptafellsfjöru í Örafum að austan og Rauðabergsfjöru í Fljótshverfi að vestan.

Gjört á Núpsstað hinn 7. maí 1891

Jón Jónsson, ábúandi Nupsstaðar

Gísli Arnbjarnarson, ábúandi Rauðabergs

Jón Einarsson, Einar Jónsson, Magn. Sigurðsson ábúendur Skaptafells.<sup>2</sup>

Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi að Mörk 19. maí 1892 og fært í landamerkjabók.

EKKI VARÐ SÁTT UM AUSTURLANDAMERKI NÚPSSTAÐAR ÞVI AÐ EIGENDUR JARÐARINNAR OG SKAFTAFELLS Í ÖRAFUM LÖGÐU EKKI SAMA SKILNING Í ORÐALAGIÐ „að Súlnatindar beri hver í annan“. Að sögn staðkunnugra eru Súlutindar þrjár og er miðtindurinn lægstur. Núpsstaðarmenn vildu draga landamerkjalinuna um tvo neðstu tindana en eigendur Skaptafells töldu rétt að miða við neðsta og efsta tind Súlutinda. Í október 1996 lagði sýslumaðurinn í Vík fram sáttatillögu þar sem landamerkjalinan er dregin úr neðsta Súlutindi og suðurmark miðað við lengdar- og breiddargráðu (breiddargráðu 63o46' og lengdargráðu 17o23').<sup>3</sup> EKKI VARÐ FULL SÁTT UM ÞESSA TILLÖGU SÝSLUMANN.<sup>4</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin Núpsstaður verið framseld á hefðbundinn hátt og veðsett.<sup>5</sup>

## 6.7. Smölun heiðalanda

Heiðalönd Fljótshverfis er hluti af afrétti Kleifahrepps hins forna sem náði frá Sigurðarfitjarálum rétt austan Núpsvatna og vestur að Geirlandsá. Árið 1892 var honum skipt í Kirkjubæjar- og Hörgslandshrepp án þess að sett væru hreppamörk á afréttinum og lenti austasti hluti hans til Hörgslandshrepps (þ.e. Síðu, Brunasands og Fljótshverfis).<sup>6</sup>

Í ritinu *Göngum og réttum* er „afréttur“ Fljótshverfinga sagður liggja milli Skeiðarárjökuls að austan og Hverfisfljóts að vestan. Að norðan takmarkist hann af Vatnajökli.<sup>7</sup> Nánar tiltekið er

1 Skjal nr. 2 (25).

2 Skjal nr. 2 (5).

3 Skjal nr. 4 (25).

4 Sbr. skjal nr. 4 (26).

5 Sbr. skjal nr. 2 (57), 4 (38). *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 39.

6 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 9-13.

7 *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 129.

Eystrafjall austast á afréttinum, milli Skeiðarárjökuls og Núpsár. Þar fyrir vestan taka við Bergvatnsáahraun innar en Hvítárholt framur og síðan fjallgarður sem Björninn kallast. Vestar eru Núpsstaðar- og Rauðabergsheiði en vestan Djúpár er Kálfafellsheiði meginafréttarsvæðið.<sup>1</sup> Í þessu sama riti er tekið fram að afréttarsvæði þetta „[s]é ekki allt almenningur, heldur heimalönd, sem þó eru hin erfiðustu til smölunar, sérstaklega Núpsstaðaland“.<sup>2</sup>

Í lýsingu Kálfafellssóknar í Fljótshverfi frá 1859 segir um afréttarlönd sóknarmanna:

Engin afréttarlönd eru hér önnur en heiðarlönd þau, sem tilheyra jörðunum, og engin lögrétt. Hruni einn og Spilduhraun eiga afrétt og réttir saman við Síðumenn.<sup>3</sup>

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849-1850 er tekið fram að í Fljótshverfi sé „að vísu eingi<n> afrétt en næg fjalllönd til uppreksturs geldfjár“.<sup>4</sup>

Hér ber þó að geta þess að samkvæmt máldögum Kálfafellskirkju átti hún afrétt í Skorum að helmingi við Svínfellinga í Örafum og kolskóg í Vestri-Skorum til búsparfa.<sup>5</sup> Þetta er síðan ítrekað í vísitásum kirkjunnar 1641, 1677, 1706, 1749 og 1848.<sup>6</sup> Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er komist svo að orði um jörðina Svínafell í Örafum að henni sé eignaður afréttur „í Eystrafjalli“, og mun þar vera um sama afrétt að ræða.<sup>7</sup> Við skýrslutökur staðfesti Eyjólfur Jónsson á Núpsstað að frá Svínafelli hefði verið rekið á Eystrafjall og einnig um tíma (á að giska 1913-1918) frá Kálfafelli.<sup>8</sup>

Uppland jarðanna Núpsstaðar og Rauðabergs, austan Djúpár, þykir erfitt yfirferðar sökum þess hve sundurskorið það er af djúpum gljúfrum, sums staðar með illfærum ám fyrir menn og fé.<sup>9</sup> Í Sunnlenskum byggðum er greint frá því að smölun í Fljótshverfi hafi alla tíð verið í höndum ábúenda án afskipta sveitarstjórnar.<sup>10</sup> Þetta var einnig staðfest við áðurnefndar skýrslutökur. Að sögn Eyjólfssonar á Núpsstað gekk féð í Núpsstaðarlandi lengst inn að Grænalóni og jökli, þó aldrei á Grænafjall því að vatn og jökull var á milli. Menn frá Rauðabergi tóku þátt í að smala þetta land enda fór fé þeirra þar um en að öðru leyti sá hver bóndi um að smala sitt eigið land sjálfur.<sup>11</sup>

## 6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og

1 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 129.

2 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 129.

3 *Skafafellssýsla* 1997, s. 173.

4 Skjal nr. 2 (51).

5 Sbr. skjöl nr. 4 (2, 8 og 12) (máldagar frá [1343], 1397 og 1570).

6 Skjöl nr. 2 (26-30).

7 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 3. b. (Sigurður Björnsson Kvískerjum: Örafi.). Reykjavík 1976. S. 77.

8 Skýrslutökur í máli nr. 9/2003.

9 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 130.

10 *Sunnlenskar byggðir* 6, s. 14.

11 Hannes Jónsson Hvoli, Eyjólfur Jónsson Núpsstað, Sefán Björgvinsson Rauðabergi, Ragnar Jónsson Dalshöfða og Sefán Björnsson Kálfafelli, við skýrslutökur í máli nr. 9/2003.

nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu sambengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.<sup>1</sup> Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar og loks gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

## 6.2. Landnám

Svo sem fram kemur í kafla 5.1. nefnir Landnámabók einn landnámsmann í Fljótshverfi, Bárð Heyangurs-Bjarnarson. Mörkum landnámsins er hvergi lýst en þó er ljóst að það hefur náð vestur að Hverfisfljóti (eða Almannafljóti eins og það er nefnt í Landnámu) því að Eyvindur karpi er sagður hafa numið land á milli Almannafljóts (Hverfisfljóts) og Geirlandsár. Einar Ólafur Sveinsson miðaði austurmörkin við Skeiðarársand („svæðið frá Skeiðársandi að Hverfisfljóti“), og Haraldur Matthíasson taldi einnig að þau hefðu náð út á sandinn, austur fyrir Núpsá. Gleggstu kennileitin þar um slóðir hefðu verið Súlutindar tveir á austurbrún Eystrafjalls og mörkin því dregin þar sem tindana bar saman. Þessar ályktanir eru í samræmi við síðari tíma heimildir, einkum landamerkjálýsingar frá lokum 19. aldar, en styðjast ekki beinlínis við frásagnir Landnámu. Engar vísbendingar eru um mörk landnámsins inn til fjalla.

Vísast hér til fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar um heimildargildi Landnámu þar sem segir að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Land í Fljótshverfi er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Undirlendi sveitarinnar er að mestu leyti sandar og leirur sem myndaðar eru af framburði vatnsmikilla jökuláa. Fjalllendið rís mjög bratt upp af undirlendinu, með þverhniptum klettaveggjum, sem víða eru í 300-500 m hæð. Að vestanverðu þekja hraun láglandið ofan sanda og upp undir jökul. Skil á milli undirlendis og fjallendis eru þar ekki jafnskörp. Fjölmargir dalir skerast inn í fjalllendið, stórir og smáir. Talið er

<sup>1</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 10, útgefnu kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshverfi verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni.<sup>1</sup> Fjarlægðir milli jökuljaðars og sjávar í Fljótshverfi eru minnst 25 km og mest 48 km í beinni loftlínu. Frá suðurbrún Kálfafellsheiðar að jaðri Síðujökuls eru u.þ.b. 15 km og frá Lómagnúp sunnanverðum að jökuljaðri ofan Grænafjalls eru u.þ.b. 28 km.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga er ekki úti-lokað að land í Fljótshverfi hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem norðar dregur. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.<sup>2</sup>

### 6.3. Dalshöfði

Dalshöfði liggur á milli jarðanna Þverár og Brattlands til vesturs og Núpa og Seljalands til austurs. Norðan og vestan Dalshöfða er Síðumannafréttur. Sunnan Dalshöfða, á milli Þverár og Seljalands, liggur Hrunatorfa (þ.m.t. Teygingalækur). Að norðanverðu er Síðujökull.

Bæjarstæði Dalshöfða stendur sunnan undir Dalsfjalli sem nær hæst 406 m hæð. Norðvestur af fjallinu er nokkuð reglulegt fell sem nefnist Hnúta (539 m) og norður af því er Brattháls. Nokkuð samfelldur fjallsrani teygir sig þannig inn að Síðujökli og rís hæst í 878 m, u.þ.b. 5 km frá jökulrönd. Samsíða fjalllendum liggja hraun sem runnið hafa niður á láglendi, Núpahraun að austanverðu og Eldhraun að vestanverðu. Núpahraunið nær inn að jökli og þekur um 24 km<sup>2</sup> á þessu svæði, það er slétt og þakið gróðri að mestu. Brunná á upptök í Síðujökli austanverðum og rennur lengst af austan við Núpahraun en síðan þvert yfir það og þá meðfram hraunkantinum að vestan. Eldhraun er hins vegar úfið og óslétt. Hverfisfljót rennur frá Síðujökli, vestur með Bratthálsi og Dalsfjalli en sneiðir austur fyrir Hnútu og sker þannig miðhluta fjallsranans frá öðrum hlutum hans. Talið er að fyrir Skaftaárelda 1783 hafi fljótið runnið vestan Hnútu en hraunstraumurinn þvingað það austar. Þykkt lag af grámosa hefur breiðst yfir Eldhraun að mestu leyti þar sem Hverfisfljótið flæðir ekki yfir það. Eiríksfellsá rennur austan undir Bratthálsi við vesturjaðar Núpahrauns og fellur í Hverfisfljótið skammt fyrir neðan Bárðarskarð þar sem fljótið skilur Hnútu frá Bratthálsi. Frá bæjum að jökli eru 20 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína þaðan sem stefnulína frá fjallinu Kaldbak (sjá mál nr. 8/2003) í toppinn á Hnútu sker merki Brattlands og Dalshöfða og síðan áfram til austurs í toppinn á Miðfelli. Samkvæmt þessari kröfugerð fellur m.a. Brattháls og annað fjalllendi næst Síðujökli, auk norðanverðs Núpahrauns, innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Dalshöfða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, þ.e. landsvæðisins á milli Hverfisfljóts, Brunnár og Síðujökuls. Miðað er við legu jökulsins „eins og hún er á haustdegi“ þó þannig að land það, sem undan jökli kann að koma, falli til jarðarinnar með beinum eignarrétti. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er vísað almennt til landnáms, nýtingar lands og staðhátta í norðanverðu Fljótshverfi. Ólíklegt sé að hálendið hafi verið numið og það hafi einungis verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Auk þess mæli dómafordæmi Hæstaréttar því í mót að svo mikil öræfi og hrikalegt landslag geti verið beinum eignarrétti undirorpið. Þá komi fram í Vilchinsmáldaga að Kálfafellsstað sé tileinkað hálf Eiríksfell sem nú kallist Brattháls og Hnúta enda renni Eiríksfellsá austan undir Bratthálsi. Þjóðlendukröfulína taki einnig mið af líklegum þjóðlendumörkum á landsvæðum umhverfis Dalshöfða.

Af hálfu eigenda Dalshöfða, sbr. skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að land í Fljótshverfi hafi verið numið allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma

1 Sjá skjöl nr. 10-11.

2 Sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Landamerki hafi verið átölulaus og landamerkjabréfum þinglýst án athugasemda. Sönnunargildi þeirra sé mikið og íslenska ríkið verði að sýna fram á að landamerkjum sé þar rangt lýst, að efni eða formi. Það hafi ekki verið gert. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Loks er að auki vísað til hefðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Dalshöfða er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að Dalshöfði er byggður árið 1802 úr landi Eystri-Dals sem getið er í heimildum frá 17. öld og má að líkindum finna heimildir um allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Af lýsingum Landnámabókar verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landi í Fljótshverfi með námi. Miðað við staðhætti er það þó ekki útilokað, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Dalshöfða er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Dalshöfða. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Hér ber þess að geta að í máli nr. 8/2003 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að Síðumannaafréttur sé þjóðlenda. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Dalshöfða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Dalshöfða er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 11. júní 1886 og þingl. 19. sama mánaðar. Í landamerkjabók Skaftafellssýslu verður ekki séð að bréfið hafi verið undirritað af fyrirsvarsmanni Dalshöfða sem var á þessum tíma svokölluð þjóðjörð, áður klausturjörð. Það er áritað af fyrirsvarsmönnum flestra aðliggjandi landsvæða, þ.e. Þverár og Brattlands á Síðu, Seljalands, Teygingalæks og Hruna, en ekki vegna Núpa og Síðumannaafréttar. Þess ber að geta að Seljaland og Núpar voru einnig þjóðjarðir. Lýst er merkjum Dalshöfða í vestur, austur og suður en norðurmörkum ekki lýst sérstaklega. Þá er til áreiðargjörð frá 1853 um merki á milli annars vegar Seljalands og hins vegar Dalshöfða og Núpa en þar er einungis fjallað um merki Dalshöfða að sunnanverðu.

Norðanverð vesturmerki Dalshöfða, gagnvart Síðumannaafrétti, liggja samkvæmt landamerkjabréfi Dalshöfða með þvermarki „sem skiptir heiðalandi og afrjetti“ austur að Hverfisfljóti. Sunnan þvermarksins eru merkin úr „Úr Háakletti liggur markið norður úr hrauni, mitt á milli Grenhálsa og Bæjarskers ...“ og norður í framangreint þvermark. Eftir það ræður fljótið „norður í jökul“. Þvermark þetta er ekki nánar skilgreint. Af landamerkjalytingu Dalshöfða verður þannig ekki ráðið hvar merki jarðarinnar liggja gagnvart Síðumannaafrétti að þessu leyti, svo sem hvort umrætt þvermark sé sunnan Hnútu og hún þannig utan merkja Dalshöfða eða norðan Hnútu, og hún þá innan merkja Dalshöfða. Bréfið er ekki áritað af hálfu fyrirsvarsmanna afréttarins. Þá verður lýsing þessi ekki borin saman við samtíma eða eldri lýsingar á merkjum Síðumannaafréttar þar sem engar slíkar munu til, sjá mál nr. 8/2003 hjá óbyggðanefnd. Lýsing á Síðumannaafrétti frá 1998 hefur enga þýðingu í þessu sambandi enda byggist hún ekki á eldri skjallestum heimildum.

Vesturmerkjum Dalshöfða sunnan þvermarksins, gagnvart Brattlandi og Þverá, er að framan lýst. Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum gagnvart Dalshöfða er lýst í heimildum um þessar jarðir.

Fyrsta heimildin um merki Brattlands gagnvart Dalshöfða er úttekt frá 1847. Þar segir að á landi jarðarinnar að austan liggja brunahraunið og landamerki því óviss. Í landamerkjabréfi Brattlands, dags. 18. júní 1886 og þingl. 15. júní 1887, er merkjum að norðan, þ.e. gagnvart Síðumannaafrétti, lýst „Úr Upsatanga miðja vegu austur í Eldhraunið milli Upsatanga og Hnútu, að markinu milli Dalshöfða og Brattlands“. Fyrirsvarismaður Dalshöfða áritar bréf Brattlands enda virðist bréfunum bera saman í meginatriðum. Eigendur Brattlands og Hörgslandsþorps á Síðu deila um staðsetningu

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

örnefnisins Upsatanga [Ufsatanga] og þar með merki jarða sinna, sbr. mál nr. 8/2003. Í því máli er komist að þeirri niðurstöðu að Ufsatangi sé í stefnulínu til austurs frá Hallsteinsvörðu, suðsuðvestur af toppi Hnútu, við tanga þar sem Öðulbrúará beygir úr austurátt í suðaustur. Af hálfu eigenda Dalshöfða er í máli þessu gerð krafa um að hornmark jarðarinnar gagnvart Brattlandi liggja í Eldhrauni, vestan Hnútu og þaðan er dregin lína norður fyrir Hnútu, að Hverfisfljóti. Kröfugerð vegna Síðumannaafréttar í framangreindu máli nr. 8/2003 er í samræmi við þetta.

Heimildir um merki Dalshöfða og Brattlands gera þannig ráð fyrir merkjapunkti á milli Dalshöfða og Brattlands í Eldhrauni, á milli Ufsatanga og Hnútu. Ekki verður hins vegar sagt til um það með vissu hvar í hrauninu. Ufsatangi er nokkru sunnar en Hnúta og sé dregin lína til austurs frá Ufsatanga, sbr. framangreint orðalag í landamerkjabréfi Brattlands, lendir hún í Hverfisfljóti sunnan Hnútu. Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd því eðlilegt að draga þvermarkið frá Ufsatanga til norðausturs yfir Eldhraun þannig að það liggja yfir toppinn á Hnútu og áfram í Hverfisfljót. Ekkert í landamerkjabréfi Dalshöfða styður hins vegar þá kröfu eigenda jarðarinnar í máli þessu að merki hennar verði talin ná norður fyrir Hnútu. Svo sem fram kemur í máli nr. 8/2003 miðast afmörkun Síðumannaafréttar við merki aðliggjandi jarða, þ. á m. Dalshöfða. Vísast einnig til umfjöllunar um þau merki þar.

Hér ber þess að geta að Hverfisfljót rennur nú austan Hnútu en talið er að fyrir Skaftárelda 1783 hafi það runnið vestan hennar. Í ákvæði 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar segir svo: „Vötn öll skulu svo renna sem að fornu hafa runnið; veiti það engi maður af bæ eða á bæ annars, nema það brjóti sjálf.“ Óljóst er hvort ákvæði þetta gilti um landamerki og ekki unnt að slá því föstu að nýr farvegur af náttúrunnar völdum hafi breytt eignamörkum. Skýr ákvæði um þetta efni eru nú í 3. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Í 3. gr. er þannig kveðið á um þá meginreglu að ef á eða lækur skilji landareignir, eigi hvort land í miðjan farveg og að eigi breytist merki þótt farvegur breytist. Í 8. gr. kemur fram að ef farvegur breytist, án þess að af mannavöldum sé, og sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, skuli um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo. Mögulegt er að breyttur farvegur Hverfisfljóts hafi leitt til breytinga á mörkum á milli Dalshöfða og aðliggjandi landsvæða en einnig er mögulegt að merkjalýsingu hafi verið breytt í þeim tilgangi að halda mörkum því sem næst óbreyttum. Um þetta verður ekkert fullyrt eða ráðið af landamerkjabréfi jarðarinnar 1886. Ljóst er hins vegar að gögn um merki Dalshöfða benda ekki til annars en að tilvísan til Hverfisfljóts miðist við farveg árinna um það leyti þegar landamerkjabréfið er gert. Framangreind ákvæði vatnalaga styðja þá niðurstöðu. Forn farvegur Hverfisfljóts hefur þannig ekki áhrif á framangreinda úrlausn um legu landamerkja Dalshöfða við Hnútu.

Samkvæmt landamerkjabréfi Dalshöfða er efsti punktur til austurs, gagnvart Núpum, þar sem „Brunná kemur úr jökli“. Í landamerkjabréfum Núpa, hið fyrra dags. 22. maí 1889 og þingl. 19. júní 1890, og hið síðara dags. 11. júlí 1923 og þingl. samdægurs, er merkjum gagnvart Dalshöfða einnig lýst í Brunná „norður úr“. Landamerkjabréf Dalshöfða er ekki áritað af hálfu Núpa og landamerkjabréf Núpa eru ekki árituð af hálfu Dalshöfða. Báðar voru jarðirnar þjóðjarðir svo sem áður greindi og umboðsmaður þeirra, Ólafur Pálsson, undirritar einn eldra landamerkjabréf Núpa. Eldri gögn um merki Núpa eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.4.

Til suðurs við Dalshöfða, og utan við kröfusvæði íslenska ríkisins, liggja jarðirnar Þverá, Seljaland og Hruni. Landamerkjabréf Dalshöfða er áritað af hálfu fyrirsvarsmanna Þverár, Seljalands, Hruna og Teygingalæks. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar. Jafnframt eru landamerkjabréf Þverár, dags. 3. júní 1890 og þingl. 29. maí 1895, og Hruna, ódags. en þingl. 19. júní 1890, árituð af hálfu fyrirsvarsmanns Dalshöfða. Þá er landamerkjabréf „þjóðjarðarinnar Seljalands“, dags. 22. maí 1889 og þingl. 19. júní 1890, undirritað af framangreindum umboðsmanni þjóðjarða.

Norðurmerki Dalshöfða, gagnvart Síðujökli, þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að skýr lýsing landamerkja í jökul að vestan- og austanverðu bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi

litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Dalshöfða. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað vegna aðliggjandi landsvæða utan Núpa og Síðumanna-afréttar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréfum og öðrum heimildum um merki aðliggjandi jarða innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, Brattlands og Núpa, ber saman við heimildir um merki Dalshöfða og bréf Brattlands frá 1886 er áritað vegna Dalshöfða. Landamerkjabréf Þverár, Hruna og Seljalands eru einnig þinglesin og tvö hin fyrstnefndu eru árituð af hálfu fyrirsvarsmanns Dalshöfða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli sem á landamerkjabréfi Dalshöfða er að því leyti að undirritanir vantar að hluta verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Dalshöfða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Því er haldið fram af hálfu íslenska ríkisins að Eiríksfells sé þar sem nú kallist Brattháls og Hnúta og að réttur Kálfafellsstaðar til Eiríksfells mæli gegn beinum eignarrétti Dalshöfða á svæðinu. Svo sem fram kemur í kafla 5.4. segir svo í lögfestu Kálfafellskirkjuprests frá 1695, „Item lögfesti eg Eyrýksfell...“ Eiríksfell er einnig talið með eignum Kálfafellsstaðar í visitasíum 1641, 1677 og 1848. Fellið er fyrst talið upp á eftir kirkjújörðum en á undan fjöruitökum, afrétti o.fl., en síðar á eftir upptalningu ýmiss konar itaka en á undan afrétti. Á Eiríksfell er hins vegar ekki minnst í landamerkjabréfum Dalshöfða 1886 eða Kálfafells, Kálfafellskots eða Blómsturvalla 1922. Þá verður það ekki fundið á kortum Landmælinga Íslands. Eiríksfellsá er hins vegar merkt inn á kort og rennur austan undir Bratthálsi. Í örnefnaskrá Dalshöfða segir að Brattháls, norðan við Eiríksfellsá, sé „í fornum máldögum Kálfafellskirkju nefndur Eiríksfell“. Um það virðist ekki ágreiningur.

Eiríksfell verður ekki staðsett með vissu og jafnframt er óljóst um rétt Kálfafellsstaðar til þess enda þótt síðari heimildir bendi til ítaks. Jafnframt ber þess að geta að óbyggðanefnd telur tilvist ítaks fremur benda til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>1</sup> Ljóst er að Brattháls og hluti Hnútu er innan landamerkjalysingar Dalshöfða 1886 og engar heimildir um tilkall til Eiríksfells af hálfu Kálfafellsstaðar eftir 1848. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið að heimildir um réttindi Kálfafellsstaðar í Eiríksfelli, þar sem nú kann að kallast Brattháls eða Hnúta, mæli gegn því að landamerki Dalshöfða hafi náð til þessa svæðis. Sama máli gegnir um nytjar Síðumanna og Dalshöfða af Hnútu og afréttartoll þann sem greiddur var eigendum Dalshöfða vegna Hnútu, sbr. gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 og jarðamatsnefndar 1849-1850 enda liggja merki jarðarinnar og afréttarins samkvæmt framangreindu yfir hana þvera.

Þá er hér að framan komist að þeirri niðurstöðu að ekkert í landamerkjabréfi Dalshöfða styður hins vegar þá kröfu eigenda jarðarinnar í máli þessu að merki hennar verði talin ná norður fyrir Hnútu. Hér er því við að bæta að eigendur Dalshöfða hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi réttmætar væntingar til þess að land þeirra nái lengra til norðurs en landamerkjabréf jarðarinnar tilgreinir.

EKKI eru heimildir um annað en að jörðin Dalshöfði hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar

1 Sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi og hraun undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshverfi, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 10. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Dalshöfða gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1886, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Dalshöfða, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.7.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Dalshöfða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Dalshöfða, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

#### 6.4. Núpar

Núpar liggja á milli jarðanna Dalshöfða til vesturs, Kálfafellstorfu til austurs og Mariúbakka, Hvols og Seljalands til suðurs. Að norðanverðu er Síðujökull.

Nyrsti hluti þess svæðis, sem hér um ræðir, er fjalllendi og heiðarland en talsvert gróin hraunþekja liggur suðvestur með fjallendinu og norðan þess, upp við Síðujökul. Bæjarstæði Núpa er suður undir grösugum brekkum Núpafjalls sem nær hæst 166 m. hæð. Norðan og austan þess er Núpahraun sem liggur norðvestur með Bakkafjalli (560 m), Helgastaðafjalli (484 m) og fleiri fjöllum í vesturjaðri Kálfafellsheiðar og sveigir til norðurs undir Síðujökli. Hraunið er allgróið og þekur um 12 km<sup>2</sup> á þessu svæði. Brunná á upptök í Síðujökli austanverðum og rennur lengst af austan við Núpahraun en síðan þvert yfir það og þá með fram hraunkantinum að vestan og vestur með Núpafjalli. Austan við Helgastaðafjall eru Helgadalir og þar fyrir innan eru Brúarárbotnar, með giljum og skerjum. Í Brúarárbotnum á Brúará upptök sín að hluta og liggur farvegur hennar á Kálfafellsheiði og við austurjaðar Núpahrauns, sunnan Helgastaðafjalls. Allstórt gil er u.þ.b. 3 km norðan Helgastaðafjalls er nefnist Illagil og liggur það í SV-NA stefnu. Gilið liggur vestur í jökulána Brunná og eru háir hnúkar við botn þess er nefnast Illagilshnúkar (721 m). Frá bæjum til jökuls eru u.þ.b. 19 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá toppnum á Hnútu og áfram til austurs í toppinn á Miðfelli. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. Brúarárbotnar, Illagil og Illagilshnúkar, Kálfafellsendi og Fossahraun innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Núpa lýst kröfu um beinan eignar-

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.



rétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, þ.e. landsvæðisins á milli Brunnár, Brúarár, Kálfafellslands og jaðars Síðujökuls. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er vísað almennt til landnáms, nýtingar lands og staðhátta í norðanverðu Fljótshverfi. Ólíklegt sé að hálandið hafi verið numið og það hafi einungis verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Auk þess mæli dómafordæmi Hæstaréttar því í mót að svo mikil öræfi og hrikalegt landslag geti verið beinum eignarrétti undirorpið. Þá beri eldri og yngri lýsingum á merkjum Núpa ekki saman. Í úttekt hennar frá 1847 segi að Brúará ráði norður úr en ekkert um að Brunná ráði norður úr. Brúarárbotnar liggja rétt norðan kröfulínu íslenska ríkisins og lengra nái Brúará ekki. Í landamerkjabréfinu 1889 sé Brunná komin inn á vesturmörkum og eigi að ráða norður úr en endimarka sé ekki getið. Brúará eigi svo að ráða að norðan, eins og í úttektinni, án þess að við neitt sé miðað (t.d. Brúarárbotna). Hið fyrra landamerkjabréf sé ekki samþykkt frá neinni jörð. Í síðara landamerkjabréfinu, frá 1923, sé síðan bætt við að norðan því landi, sem nemi því hversu langt sé frá vörðunni, milli Kálfafells og Núpa fjallendis, fram í Brúará. Mörkum sé hvergi lýst til jökuls en kröfulínur samt dregnar þangað. Vitað sé að Brunná komi úr jökli í mörgum smákvíslum á stóru svæði og ekkert liggja fyrir um hvenær hún sé orðin að ánni sem beri þetta nafn. Auk þess styðjist þessi merkjalýsing ekki við eldri gögn. Sömu leiðis sé óvissa um austurlínuna eins og sjá megi á kröfulínum gagnaðila ríkisins þar sem dregnar séu tvær brotalínur. Þetta skýrist af því að reynt sé að seilast lengra til lands á öræfunum en eldri heimildir styðji.

Af hálfu eigenda Núpa, sbr. skjöl nr. 7 og 7(2), er aðallega vísað til landnáms, skráðra eignarheimilda og hefðar. Land í Fljótshverfi hafi verið numið allt að jökli og engar heimildir séu um afmörkun á milli heimalands og afréttarlands á þessu svæði. Land Núpa sé landfræðileg heild með náttúrulegum mörkum á báða bóga. Landamerkjabréf Núpa og nágrannajarða hafi mjög mikla þýðingu. Þeim hafi verið þinglýst athugasemdalaust enda hafi falist í þeim staðfesting á eldri heimildum og skrásetning, samkvæmt lagafyrirmælum og undir eftirliti sýslumanns, á því sem landeigendur hafi talið rétt vera. Þá er að auki vísað til hefðar verði eignarréttur á upplöndum Núpa ekki viðurkenndur á grundvelli þinglýstra eignarheimilda. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir því að allt land Núpa sé ekki eignarland. Verulega skorti á að það hafi verið gert. Á þessu svæði séu heimaafreittir en engir almenningar eða sameiginlegir afréttir.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Núpum er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Núpa er getið er í heimildum frá 13. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 9. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefðu verið að ræða.<sup>1</sup> Af lýsingum Landnáma-bókar verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landi í Fljótshverfi með námi. Miðað við staðhætti er það þó ekki útilokað, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Núpa er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Dalshöfða. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálandi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Núpa verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Núpa er að finna í úttektabók klausturjarða 1847. Landamerkjum Núpa er næst lýst í fyrra landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 22. maí 1889 og þingl. 19. júní 1890. Bréfið er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar sem þá var þjóðjörð en ekki vegna aðliggjandi jarða. Síðara landamerkjabréf Núpa er dags. 11. júlí 1923 og þingl. samdægurs. Það er áritað af nýjum eiganda jarðarinnar og einnig af hálfu þriggja aðliggjandi jarða, Maríubakka, Seljalands og Hvols. Áritun skortir hins vegar vegna Dalshöfða, Kálfafells og Blómsturvalla. Í öllum

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

þremur heimildum er að finna lýsingar á merkjum jarðarinnar í vestur, austur og suður en norður-mörk eru óljós, einkanlega að austanverðu.

Veður þá hugað nánar að einstökum atriðum í þeim merkjalýsingum er máli skipta. Samkomu-lag um landamerki Núpa, Hvals og Mariúbakka 1850 og Núpa, Dalshöfða og Seljalands 1853 varðar hins vegar ekki merki jarðarinnar inn til landsins og kemur ekki til sérstakrar umfjöllunar.

Í báðum landamerkjabréfum Núpa er vesturmerkjum, gagnvart Dalshöfða, lýst í Brunná „norður úr“. Lýsing vesturmerkja í úttekabók klausturjarða 1847 virðist einnig ganga út frá því að Brunná afmarki land jarðarinnar til vesturs enda þótt sú lýsing sé takmörkuð. Samkvæmt landa-merkjabréfi Dalshöfða, dags. 11. júní 1886 og þingl. 19. sama mánaðar, er efsti punktur til austurs, gagnvart Núpum, þar sem „Brunná kemur úr jökli“. Áritanir skortir á báða bóga en ljóst er þó að báðar þessar jarðir voru á forræði umboðsmanns þjóðjarða. Eldri gögn um merki Dalshöfða að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.3.

Um austurmerki Núpa, gagnvart Kálfafelli, segir í úttekabók klausturjarða 1847 að ofan Há-landsklappa ráði Brúará „norður úr“ og í landamerkjabréfi 1889 segir að Brúará ráði „að austan og norðan“ niður að sömu klöppum. Bréfið er ekki áritað vegna jarða í Kálfafellstorfu. Svo sem fram kemur í kafla 5.4. miða heimildir um vesturmerki Kálfafellstorfu frá 1641, 1677, 1695 og 1848 einnig við að Brúará ráði „á fjöll upp“. Brúará á upptök sin í svokölluðum Brúarárbotnum, sunnan Illagilshnjúka og u.þ.b. 6-7 km frá núverandi jökuljaðri.

Í síðara landamerkjabréfi Núpa, frá 1923, er norðausturmerkjum hins vegar lýst lengra norður, þ.e. „Úr vörðu, sem er milli Kálfafells og Núpa fjallsenda norður í skerjum: og fram í Brúarárbotna.“ Þaðan er miðað við Brúará niður að Hálandsklöppum. Bréfið er ekki áritað vegna jarða í Kálfafellstorfu. Í landamerkjabréfi Kálfafells frá 1922 er merkjum lýst úr Laxárbotnum í vörðu á Fjallsenda og þaðan í jökul. Landamerkjabréf Kálfafells er ekki áritað vegna Núpa. Laxárbotnar eru álíka norðarlega og Brúarárbotnar en u.þ.b. 2 km austar.

Eldri og yngri heimildir um merki Núpa og Kálfafells eru þannig ósamhljóða um hversu langt til norðurs merki jarðanna ná og lýsa þær yngri lengra. Jafnframt eru hinar yngri heimildir ekki samhljóða. Núverandi eigendur Kálfafells og Núpa telja jarðir sínar eiga merki saman upp að Síðu-jökli en greinir á um hvernig þau skuli dregin.

Norðurmerki Núpa, gagnvart Síðujökli, þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að lýsing landamerkja að vestanverðu í eldri og yngri heimildum bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merkin næðu að jökli. Sama máli gegnir um lýsingu landamerkja að austanverðu í landamerkjabréfi jarðarinnar 1923 enda náði jökull nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Með hliðsjón af skýrum merkjum jarðarinnar í jökulánni Brunná að vestanverðu, nálægð jökuls og legu annarra jarða á svæðinu verða eldri lýsingar á austurmerkjum Núpa ekki taldar mæla landamerkja-bréfinu í mót enda er mörkum til norðurs þar hvergi lýst. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Nákvæm staðsetning austurmerkja Núpa, gagnvart Kálfafelli, að öðru leyti verður ekki talin hafa þýðingu hér.

Suðurmerki Núpa eru gagnvart Seljalandi, Hvoli og Mariúbakka. Landamerkjabréf Mariúbakka, dags. 21. maí 1890, Seljalands og Hvals, bæði dags. 22. maí 1889, og öll þingl. 19. júní 1890, eru undirrituð af sama umboðsmanni þjóðjarða og fyrra landamerkjabréf Núpa, frá 1889. Merki Núpa gagnvart þessum jörðum eru sunnarlega, utan við kröfusvæði ríkisins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Núpa. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar eru undirrituð af fyrirsvarsmanni hennar 1889 og 1923, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið

hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Landamerkjabréf Núpa frá 1923 er áritað vegna Seljalands, Hvals og Mariubakka en ekki Dalshöfða og Kálfafellstorfu. Hvorugt landamerkjabréfa Núpa hefur þannig verið áritað af hálfu aðliggjandi jarða innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, þ.e. Dalshöfða og Kálfafellstorfu. Merkjalytingum Núpa og Dalshöfða ber hins vegar saman og hér að framan er komist að þeirri niðurstöðu að merki Núpa gagnvart Kálfafellstorfu liggi að jökli. Þannig bendir flest til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við að sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfum Núpa er að því leyti að áritun vantar vegna umræddra jarða, verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Núpa hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarlega staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Núpár hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1889 og 1923, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendi og hraun undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshverfi, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 10. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn jarðarinnar Núpa gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1889 og 1923, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Núpa sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.7.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Núpa sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Núpa, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendlaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5. Kálfafell ásamt Blómsturvöllum

Kálfafellstorfa liggur á milli jarðanna Núpa til vesturs, Rauðabergs til austurs og Mariubakka til suðurs. Að norðanverðu er Síðujökull.

Fjallendi og heiðarland einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Byggðin stendur undir lágri brekku austan Laxár og ofan bæja er hin víðáttumikla Kálfafellsheiði, allt að 7

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

<sup>2</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

km breið. Grasigrónar hlíðar og skörðótt klettabelti einkenna hana að sunnanverðu. Uppi á heiðinni rísa afmörkuð fell, Þverfell sem er 600 m hátt og Miðfell, 721 m hátt. Milli Þverfells og Miðfells eru Innri-Laxárbotnar og suður af Miðfelli eru Brúarárbotnar. Norður af Miðfelli er Kálfafellsfjallsendi. Djúpa á upptök sín í austanverðum Síðujökli og rennur um Djúpárdal, 10-12 km langan dal sem liggur frá jökli og austan undir Kálfafellsheiði. Næst Síðujökli, norðan Kálfafellsfjallsenda, er Fossahraun, gróðursnautt við jökul. Frá bæjum til jökuls eru u.þ.b. 15 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá brún Bjarnarins í 984 m hæð beina sjónhengingu í toppinn á Miðfelli í 731 m hæð. Samkvæmt þessari kröfugerð falla m.a. norðanverðar Innhlíðar, Kálfafellsendi og Fossahraun innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Kálfafells I, Ib og II og Blómsturvalla lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðanna samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, þ.e. landsvæðisins á milli Djúpar, Núpals og jaðars Síðujökuls. Miðað er við legu jökulsins „eins og hún er á haustdegi“ þó þannig að land það sem undan jökli kann að koma falli til jarðarinnar með beinum eignarrétti. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.4. og 3.5. Engar kröfur hafa komið fram að hálfu eigenda Kálfafellskots enda liggur sá hluti Kálfafellstorfu utan þess svæðis sem kröfugerð íslenska ríkisins tekur til. Saga Kálfafellskots er þó samofin sögu annarra hluta Kálfafells, a.m.k. fram til þess tíma að gerð eru landamerkjabréf fyrir einstaka hluta jarðatorfunnar.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er vísað almennt til landnáms, nýtingar lands og staðháta í norðanverðu Fljótshverfi. Ólíklegt sé að hálendið hafi verið numið og það hafi einungis verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Auk þess mæli dómafordæmi Hæstaréttar því í mót að svo mikil öræfi og hrikalegt landslag geti verið beinum eignarrétti undirorpið. Þá sé ósamræmi á milli eldri og yngri heimilda um merki Kálfafellsstaðar og gangi þær yngri lengra inn til landsins. Samkvæmt elstu landamerkjalyðingu jarðarinnar, vísitásiu frá 1641, eigi kirkjan þannig heimaland allt til ummerkja eftir hefðarhaldi. Í lögfestu 1695 sé sama lýsing, miðað sé við að Djúpa og Brúará ráði á fjöll upp. Í vísitásiu frá 1848 sé land kirkjunnar hins vegar farið að stækka með því að Djúpa ráði nú frá jökli og kirkjan eigi að auki Djúpárþakkaland, sem sé í eyði. Að utan og vestan ráði Brúará á fjöll upp. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1922 ráði Djúpa að austan frá jökli eins og komið hafi verið 1848 en upptök Djúpar séu á víðlendu svæði. Einnig hafi verið aukið við land jarðarinnar með því að draga ákveðna línu frá Laxá að vestan til jökuls.

Af hálfu eigenda Kálfafells I, Ib og II og Blómsturvalla, sbr. skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að land í Fljótshverfi hafi verið numið allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhverjum hátt á einhverjum tíma Landamerki hafi verið átölulaus og landamerkjabréfum þinglýst án athugasemda. Sönnunargildi þeirra sé mikið og íslenska ríkið verði að sýna fram á að landamerkjum sé þar rangt lýst að efni eða formi. Það hafi ekki verið gert. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Loks er að auki vísað til hefðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kálfafellstorfu er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að Kálfafells er getið er í heimildum frá því um 1200 og af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Blómsturvalla og Kálfafellskots er hins vegar síðar getið enda upphaflega hjáleigur frá Kálfafelli. Af lýsingum Landnámaabókar verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landi í Fljótshverfi með námi. Miðað við staðhætti er það þó ekki útilokað, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Kálfafellstorfu er lýst í landamerkjabréfum varðandi torfunna og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Kálfafellstorfu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

norðurmerkja jarðatorfunnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálandi og jökli, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Kálfafellstorfu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Kálfafellstorfu er fyrst lýst í lögfestu séra Þorleifs Árnasonar 11. maí 1695. Merkjum er næst lýst í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 og vísitásium 1677 og 1848. Þá liggja fyrir landamerkjabréf Kálfafells, Blómsturvalla og Kálfafellskots, öll þrjú dags. 1. júlí 1922 og þingl. 13. júlí sama ár. Í öllum framangreindum heimildum er gerð grein fyrir merkjum til vesturs, austurs og suðurs en norðurmerkjum hvergi lýst sérstaklega.

Verður þá fyrst litið nánar til vesturmerkja Kálfafells, gagnvart Núpum. Í framangreindri lögfestu frá 1695 er miðað við Brúará „hid efra a Fioll vpp“, sbr. einnig vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 og vísitásiur 1677 og 1848. Brúará á upptök sín í svokölluðum Brúarárbotnum, sunnan Illagilshnjúka og u.þ.b. 6 km frá núverandi jökuljaðri. Árið 1922 eru gerð landamerkjabréf fyrir Kálfafell, Kálfafellskot og Blómsturvell, sitt í hverju lagi. Merkjum Blómsturvalla er lýst í Laxárbotna, þaðan vestur í Brúarárbotna og síðan til suðuráttar. Laxárbotnar eru álíka norðarlega og Brúarárbotnar en u.þ.b. 2 km austar. Merkjalyking Kálfafells lýsir einnig merkjum í Laxárbotna, á móts við Blómsturvell, en að auki áfram til norðurs, þ.e. í vörðu á Fjallsenda og „þaðan bein lína í sömu stefnu allt til jökuls“. Landamerkjabréf Blómsturvalla og Kálfafells eru ekki árituð vegna Núpa.

Í fyrra landamerkjabréfi Núpa, dags. 22. maí 1889 og þingl. 19. júní 1890, eru merki til vesturs gagnvart Kálfafellstorfu, einnig miðuð við Brúará, sbr. einnig heimild um merki Núpa frá 1847, sbr. kafla 5.3. Bréfið er þó ekki áritað vegna Kálfafellstorfu. Í síðara landamerkjabréfi Núpa, dags. 11. júlí 1923 og þingl. samdægurs, er norðausturmerkjum lýst lengra norður, þ.e. „Úr vörðu, sem er milli Kálfafells og Núpa fjallsenda norður í skerjum: og fram í Brúarárbotna“. Bréfið er ekki áritað vegna jarða í Kálfafellstorfu.

Eldri og yngri heimildir um merki Kálfafells og Núpa eru þannig ósamhljóða um hversu langt til norðurs merki jarðanna ná og lýsa þær yngri lengra. Jafnframt eru hinar yngri heimildir ekki samhljóða. Núverandi eigendur Kálfafells og Núpa telja jarðir sínar eiga merki saman upp að Síðujökli en greinir á um hvernig þau skuli dregin.

Verður þá næst hugað að austurmerkjum Kálfafells, gagnvart Rauðabergi. Í lögfestunni frá 1695 er þar miðað við Djúpa „allt hid efra a Fiall vpp“. Sams konar lýsingu er að finna í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 og vísitásium 1677 og 1848. Í hinni síðastnefndu er fyrst tekið fram um Djúpa að hún ráði „frá jökulum ofan“. Í landamerkjabréfi Kálfafells 1922 er austurmerkjum lýst í Djúpa „frá jökli þar sem hún hefur upptök sín“. Í landamerkjabréfi Rauðabergs, dags. 7. maí 1891 og þingl. 4. júní 1891, er merkjum til vesturs einnig lýst í Djúpa „frá jökli sem hún hefur upptök sín“. Bréfið er áritað af fyrirvarsmanni Kálfafellskirkju og bréf Kálfafells er einnig áritað af hálfu Rauðabergs enda ber efni bréfanna saman. Eldri heimild um merki Rauðabergs að þessu leyti er í samræmi við þetta, sbr. kafla 5.5. Hér ber þess að geta að austurmerki Kálfafellskots og Blómsturvalla eru gagnvart Kálfafelli. Innbyrðis merki jarða í Kálfafellstorfu verða ekki talin þarfnast nánari skoðunar hér.

Norðurmerki Kálfafellstorfu, gagnvart Síðujökli, þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að lýsing landamerkja í jökul að vestan- og austanverðu 1922 sýni að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merkin næðu að jökli. Með hliðsjón af skýrum merkjum jarðarinnar í jökulánni Djúpa að austanverðu samkvæmt eldri og yngri heimildum, nálægð jökuls og legu annarra jarða á svæðinu, verða eldri lýsingar á vesturmerkjum Kálfafellstorfu ekki taldar mæla landamerkjabréfinu í mót, enda er mörkum til norðurs þar hvergi lýst. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Nákvæm staðsetning vesturmerkja Kálfafells, gagnvart Núpum, að öðru leyti verður ekki talin hafa þýðingu hér.

Suðurmerki Kálfafellstorfu eru gagnvart Mariubakka. Landamerkjabréf Mariubakka, dags. 21.

maí 1890, er undirritað af umboðsmanni Þjóðjarða ásamt umboðsmanni Maríubakka. Landamerkjabréf Kálfafells og Kálfafellskots 1922 eru árituð af hálfu Maríubakka og merki torfunnar gagnvart þessari jörð eru utan við kröfusvæði ríkisins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 eru gerð landamerkjabréf fyrir jarðir í Kálfafellstorfu. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum torfunnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf jarðanna eru árituð af fyrirvarsmönnum þeirra, Þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Landamerkjabréfum og öðrum heimildum um merki aðliggjandi jarða innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, Núpa og Rauðabergs, ber saman í meginatriðum saman við heimildir um merki Kálfafellstorfu. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Kálfafells er að því leyti að áritun vantar vegna Núpa, verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Kálfafellstorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðir í Kálfafellstorfu hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1922, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðatorfunnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendi og hraun undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshverfi, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 10. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarða í Kálfafellstorfu gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Kálfafellstorfu sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.7.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarða í Kálfafellstorfu sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarða í Kálfafellstorfu, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

## 6.6. Rauðaberg

Rauðaberg liggur á milli Kálfafellstorfu til vesturs og jarðarinnar Núpsstaðar til austurs. Að norðanverðu er Síðujökull.

Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og fjalllendis. Bæjarstæði Rauðabergs er suður undir allbrattri gróinni Múlabrekku í Rauðabergsheiði. Norðan heiðarinnar hækkar landið og brött fjallshlíðin nær 560 m hæð í Fossafjalli. Austan Fossafjalls er Álftadalur og ofan við hann eru Álftadalsbrýr, í um 700 m hæð. Gæsabringur (800 m) eru þar norðan við, u.þ.b. 2 km frá jaðri Síðujökuls. Djúpa á upptök sín í austanverðum jöklinum og rennur um Djúpárdal, 10-12 km langan dal sem liggur frá jökli og vestan undir Rauðabergsheiði. Krossá kemur upp sunnan við Króksfjall og rennur austan Rauðabergsheiðar um Krossárdali. Frá bæjum að jökli eru um 20 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá brún Bjarnarins í 984 m hæð beina sjónhendingu í toppinn á Miðfelli í 731 m hæð. Samkvæmt þessari kröfugerð fellur m.a meginhluti Álftárdals og Fossafjalls innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Rauðabergs I og II lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar upp að jaðri Síðujökuls. Miðað er við legu jökulsins á hverjum tíma og land sem undan jökli komi falli því til jarðeigenda. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er vísað almennt til landnáms, nýtingar lands og staðháttá í norðanverðu Fljótshverfi. Ólíklegt sé að hálandið hafi verið numið og það hafi einungis verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Auk þess mæli dómafordæmi Hæstaréttar því í mót að svo mikil öræfi og hrikalegt landslag geti verið beinum eignarrétti undirorpið. Varðandi Rauðaberg sérstaklega er því að auki haldið fram að í landamerkjabréfi jarðarinnar séu notaðar sömu merkjalýsingar og í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Úr því þau merki fái ekki staðist, vegna ósamræmis milli eldri og yngri heimilda, eigi það sama við um Rauðaberg. Til viðbótar þessu verði einnig að gæta lýsingar í úttekt Rauðabergs 1847 en þar segi: „Landamerki að austan er Krossá á fjallsbrúninni, en að öðru leyti þar óviss, en að vestan ræður Djúpa svo langt, sem Rauðabergshraunið nær.“

Af hálfu eigenda Rauðabergs I og II, sbr. skjöl nr. 6 og 6(8), er vísað til gjafabréfs og afsala núverandi eigenda sem aftur byggði á eldri heimildum. Jafnframt er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar sem einnig byggði á eldri heimildum, svo sem vísitásium fyrir Núpsstað 1657, 1677 og 1706 og Kálfafellsstað 1641 og 1848. Jarðeigendur hafi sannað eignarrétt sinn með því að leggja fram heimildarskjöl og landamerkjabréf. Eldri heimildir mæli þeim ekki í mót. Íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir því að þessi landamerki séu röng. Ekkert í landnámslýsingum bendi til annars en að land á þessu svæði hafi verið numið allt til jökla. Á þeim tíma hafi jöklar verið minni en nú og land mun grónara, allt upp í 600-700 m hæð. Þáverandi ábúandi hafi keypt jörðina Rauðaberg af landsjóði með öllum gögnum og gæðum 1893 og verði ekki annað séð en að ríkið hafi selt hana sem fullkomið eignarland. Enn fremur er vísað til hefðar, athugasemdalausra þinglýsinga og greiðslu lögboðinna gjalda. Öll afnot og nytjar séu háðar leyfi landeigenda. Eigendur, en ekki fjallskilastjórn, sjái um smölun og réttir. Jafnframt hafi landið verið nýtt til haustþeirra en það er ekki heimilt í almenningsafreitti.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Rauðabergs er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Rauðabergs er getið er í heimildum frá því á fyrri hluta 14. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Af lýsingum Landnámaabókar verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landi í Fljótshverfi með námi. Miðað við staðhætti er það þó ekki útilokað, sbr. kafla 6.2.

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Rauðabergs er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Rauðabergi. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálendi og jökli, og innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Rauðabergs verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Rauðabergs er fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 7. maí 1891 og þingl. 4. júní 1891. Til vesturs, gagnvart Kálfafelli, er miðað við Djúpá, „frá jökli sem hún hefir upptök sín...“. Í skoðanagerð klausturjarða frá 1847 eru vesturmerki Rauðabergs miðuð við sömu á en ekki er getið um jökul. Í landamerkjabréfi Kálfafells, dags. 1. júlí 1922 og þingl. 13. júlí 1922, er austurmerkjum einnig lýst í Djúpá „frá jökli þar sem hún hefur upptök sín“. Bréf Rauðabergs er áritað af fyrirsvarsmanni Kálfafellskirkju og bréf Kálfafells áritað af hálfu Rauðabergs, enda ber efni bréfanna saman. Eldri heimildir um merki Kálfafells eru í samræmi við þetta, sbr. kafla 6.5.

Verður þá næst hugað að austurmerkjum Rauðabergs, gagnvart Núpsstað. Í landamerkjabréfi Rauðabergs 1891 segir að Krossá ráði til heiðarinnar sem hún er löng til og svo frá vestustu upptökum hennar beina línu í Alptadalsbrýr og svo beint „norður í jökul“. Bréf Rauðabergs er áritað af fyrirsvarsmanni Núpsstaðar. Sömu merkjum er þannig lýst í skoðanagerð klausturjarða 1847 að Krossá ráði „í fjallbrúninni, en þau séu „að öðru leyti þar óviss“. Upptök Krossár eru við Króksfjall, u.þ.b. 12-13 km suðaustur af jaðri Síðujökuls og 8-9 km vestur af suðvesturhorni Súlujökuls.

Landamerkjabréf Núpsstaðar er dags. 7. maí 1891 og þingl. 19. maí 1892. Það er áritað af hálfu Rauðabergs. Merkjum gagnvart Rauðabergi er lýst í Krossá og áfram norður í jökul, í samræmi við það er áður greindi um landamerkjabréf Rauðabergs. Í kafla 6.7 er komist að þeirri niðurstöðu að eldri heimildir um vesturmerki Núpsstaðar mæli landamerkjabréfi jarðarinnar ekki í mót.

Jörðin Mariubakki er suður af Rauðabergi. Landamerkjabréf Mariubakka, dags. 21. maí 1890, er undirritað af umboðsmanni þjóðjarða ásamt umboðsmanni Mariubakka. Sömu menn árita landamerkjabréf Rauðabergs 1891, annar sem umboðsmaður og hinn fyrir hönd Kálfafellskirkju, og merki torfunnar gagnvart þessari jörð eru utan við kröfussvæði ríkisins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þau þarfnist ekki nánari athugunar.

Norðurmerki Rauðabergs, gagnvart Síðujökli, þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að lýsing landamerkja í jökul að vestan- og austanverðu 1891 sýni að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merkin næðu að jökli. Þá verður orðalagið „að öðru leyti þar óviss“ í skoðanagerð klausturjarða frá 1847 einnig talið styðja þá lýsingu í landamerkjabréfi jarðarinnar að austurmerki hennar nái upp fyrir Krossá, sbr. einnig skýr merki í jökulánni Djúpá að vestanverðu samkvæmt eldri og yngri heimildum, nálægð jökuls að norðanverðu og legu annarra jarða á svæðinu. Mörkum til norðurs er hvergi lýst enda hefur jökullinn afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Rauðaberg. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum torfunnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra.

Landamerkjabréf Rauðabergs er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Bréfið hefur stuðning úr eldri heimildum og það er áritað vegna Kálfafells og Núpsstaðar. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Rauðabergs hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarlega staða lands innan framangreindra merkja.



Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Rauðaberg hafi verið byggð og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1891, svo sem þeim er nánar lýst hér framur og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðatorfunnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið undan jökli hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshverfi, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 10. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Rauðabergs gætu hafa horft til, þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1891, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Rauðabergs sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 6.7.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Rauðabergs sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Rauðabergs, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.7. Núpsstaður

Núpsstaður liggur á milli jarðarinnar Rauðabergs og Síðujökuls til vesturs og jarðarinnar Skaftafells í Örafum og Skeiðarárjökuls til austurs. Að norðanverðu er Vatnajökull.

Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Þar á milli eru skörp landfræðileg skil. Til suðurs kvíslast Súla og Núpá um hallalítinn Skeiðarársandinn, allt niður að sjávarmáli og til norðurs er mikið fjalllendi sem er afmarkað af jökli um að ofan og að austan. Ofan við núverandi Þjóðveg rís landið með áberandi hamrabelti og má þar nefna Núpsstaðarheiði (437 m) sem liggur ofan við bæi í landi Núpsstaða og Lómagnúp (764 m) skammt austar. Frá bæjarstæði Núpsstaða til jökuls eru 25 km í beinni loftlínu. Þarna er víða mjög bratt og er það svo að á 1,5 km eða minna rís landið frá 100 m upp í 800 m. Í þessu mikla fjalllendi rísa fjórir fjallahryggir, sundurskornir af giljum og gljúfrum. Austast er Eystrafjall, þá Hvítárodði, Lómagnúpur ásamt Birninum og Núpsstaðarheiði vestast. Ofan fjallahryggjanna er Bjarnarsker og á því svæði eru fleiri en þrjár tindar sem rísa hærra en 1000 m. Hæstu fjöll eru Hágöngur (1120 m) og Grænafjall (1058 m) norður við brún Vatnajökuls. Austan Bjarnarskers og sunnan Grænafjalls liggur Grænalón þétt að Skeiðarárjökli. Í beinni loftlínu frá Grænalóni í jökuljaðar Síðujökuls að vestan eru um 17 km.

1 Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá toppnum á Miðfelli (731 m) í brún Bjarnarins (984 m), síðan með Hvítaárgljúfri í gilkaftinn þar sem gljúfrið skiptist, í Núpsárfoss, eftir brúnum Eystrafljalls að jaðri Síðujökuls. Þaðan er jaðri jökulsins fylgt að sýslumörkum við Austur-Skaftafellssýslu og síðan sýslumörkum til sjávar. Sjá nánar í kafla 3.1. Samkvæmt þessari kröfugerð falla Bjarnarsker, Beinadalur, Grænafljall, Hvítároddi og efri hluti Eystrafljall innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi Núpsstaðar lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, þ.e. landsvæðisins á milli Síðujökuls og Skeiðarárjökuls. Sjá nánar í kafla 3.7.

Þá ber þess að geta að í máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Örafi, komu fram kröfur íslenska ríkisins og eigenda Skaftafells II, auk eigenda Núpsstaðar, til hluta þess svæðis á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli sem skilið var frá Örafamáli við úrskurð í því máli og tekið til meðferðar í Fljótshverfismáli, sbr. kafla 2.4. Þær kröfur eru óbreyttar og vísast þangað um það atriði.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(7), er vísað almennt til landnáms, nýtingar lands og staðhátta í norðanverðu Fljótshverfi. Ólíklegt sé að hálendið hafi verið numið og það hafi einungis verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Auk þess mæli dómafordæmi Hæstaréttar því í mót að svo mikil örafi og hrikalegt landslag geti verið beinum eignarrétti undirorpið. Þá fái kröfugerð jarðeiganda vegna Núpsstaðar ekki staðist samanburð við eldri heimildir. Samkvæmt Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 sé jörðinni Svínafelli í Örafum eignaður afréttur í Eystrafljalli og samkvæmt máldögum 1343, 1397, 1448 og vísitásiu Kálfafellskirkju 1749 eigi Kálfafellskirkja einnig afrétt á sama fjalli, að hálfu á móti Svínfellingum. Sönnunarbyrðin fyrir því að hér sé um að ræða hluta af eignarlandi jarðarinnar hljóti að liggja hjá eigendum Núpsstaðar. Í elstu heimildum um merki Núpsstaðar, þ.e. vísitásium frá 1645, 1657, 1677 og 1707, komi fram að land Núpsstaðar sé milli Krossár og að jöklar deili að austan. Ekkert sé getið um norðurmörk og vitað sé að Krossá nái ekki að jökli. Þegar þessar vísitásiur eru ritaðar hafi kirkjunnar menn vitað að Eystrafljall væri í sameign Kálfafells og Svínafells. Ekki sé líklegt að með vísitásium Núpsstaðar sé verið að ásælast land sem aðrar vísitásiur hafi eignað öðrum. Þess lýsingu verði að skilja þannig að land Núpsstaðar hafi efri mörk að austanverðu í jökul fyrir sunnan Eystrafljall. Þessi mörk geti verið í fullu samræmi við núverandi landamerkjalyýsingu Núpsstaðar að austanverðu: „Að Súlutindar beri hvor í annan skoðað frá sjó svo beina línu að norðan og að stórstraumsfjörumáli“. Þessi lýsing beri ekki með sér að Súlutindar séu innan merkja jarðarinnar heldur séu þeir notaðir til viðmiðunar til að finna fjörumörk. Sömuleiðis verði ekki ráðið af þessari lýsingu að með þessari merkjagerð sé verið að lýsa kröfu til lands norður fyrir Súlutinda og hvergi sé minnst á að jökull skuli ráða austurmörkum og þá hversu langt. Þetta sé auðvitað í samræmi við vesturmörkin því þau nái í eldri heimildum ekki lengra norður en Krossá og upptök hennar séu í merkjapunkti 3. Í landamerkjabréfinu 1891 séu merkin dregin lengra, þannig að frá vestustu upptökum sé dregin bein lína í Álfadalsbrýr og úr því beint norður í jökul. Á kröfukorti landeigenda sé síðan farið í útnorður í punkt 2 en ekki beint í norður og þannig dregið enn meira land undir þessa jörð.

Af hálfu eigenda Núpsstaðar, sbr. skjöl nr. 5 og 5(3), er því haldið fram að land í Fljótshverfi hafi verið numið allt að jökli og allt land þar á milli hafi verið nýtt á einhvern hátt á einhverjum tíma. Landamerki hafi verið átölulaus og landamerkjabréfum þinglýst án athugasemda. Sönnunargildi þeirra sé mikið og íslenska ríkið verði að sýna fram á að landamerkjum sé þar rangt lýst, að efni eða formi. Það hafi ekki verið gert. Jökullinn sé hin náttúrulegu og eiginlegu landamerki sem hljóti því að breytast eftir því sem jökull skriður fram eða hopar. Loks er að auki vísað til hefðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Núpsstað er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að Núpsstaðar er getið er í heimildum frá því um 1200. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>1</sup> Af lýsingum Landnámabókar verða ekki dregnar afdrátt-

1 Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

arlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landi í Fljótshverfi með námi. Miðað við staðhætti er það þó ekki útilokað, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Núpsstaðar er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Núpsstað. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart hálandi og jökli, og innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Núpsstaðar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Núpsstaðar til vesturs og austurs er fyrst lýst í vísitásiu Núpsstaðar frá 1657, sbr. einnig vísitásiur 1677 og 1706, auk þess sem vesturmerkjum er sérstaklega lýst í heimild frá 1616. Sömu merkjum er lýst í landamerkjabréfi Núpsstaðar, dags. 7. maí 1891 og þingl. 19. maí 1892. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, Rauðabergs og Skaftafells í Örafum. Norður- og suðurmerkjum Núpsstaðar er ekki lýst sérstaklega í framangreindum heimildum.

Samkvæmt því sem greinir í landamerkjabréfi Núpsstaðar 1892 eru norðanverð vesturmerki jarðarinnar, gagnvart Rauðabergi, í Krossá „sem hún er löng til“. Frá vestustu upptökum árinna er dregin bein lína í Alptadalsbrýr og úr því „beint norður í jökul“. Vísitásiur Núpsstaðar 1657, 1677 og 1706 miða sömu merki einvörðungu við Krossá og sama máli gegnir um yfirlýsingu Finns Gíslasonar frá 1616 um merki á milli Núpsstaðar og Rauðabergs. Upptök Krossár eru við Króksfjall, u.þ.b. 12-13 km suðaustur af jaðri Síðujökuls og 8-9 km vestur af suðvesturhorni Súlujökuls.

Samkvæmt framangreindu kveða þrjár heimildir frá 17. öld og ein frá byrjun 18. aldar á um að vesturmerki Núpsstaðar miðist við Krossá. Í landamerkjabréfi jarðarinnar, frá lokum 19. aldar, er merkjum fyrst lýst norður fyrir upptök Krossár og í jökul.

Í landamerkjabréfi Rauðabergs, dags. 7. maí 1891 og þingl. 4. júní 1891, er merkjum lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi Núpsstaðar 1891. Í kafla 6.6 er komist að þeirri niðurstöðu að orðalag í eldri heimild um merki Rauðabergs, þ.e. skoðanagerð klausturjarða frá 1847, bendi einnig til þess að austurmerki jarðarinnar nái upp fyrir Krossá.

Austurmerkjum Núpsstaðar, gagnvart Skaftafelli í Örafum, er þannig lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar 1891 að Súlnatinda „beri hver í annan, skoðað frá sjó, svo beina leið að norðan og að stórstraumsfjörumáli“. Súlnatindar eru skörðóttur fjallshryggur austast í Eystrafjalli við vesturjaðar Skeiðarárjökuls, norður af þeim hluta hans sem nefnist Súlujökull. Framangreindar vísitásiubækur frá 1657 og síðar kveða á um að jöklar deili að austan. Í landamerkjabréfi Skaftafells í Örafum, ódags. en þingl. 5. maí 1890, er merkjum gagnvart Núpsstað lýst þannig að jörðin eigi „land svo langt vestur að Súlnatindar beri hver í annan“. Fyrirsvarsmenn Núpsstaðar árita bréf Skaftafells og öfugt. Núverandi eigendur Núpsstaðar og Skaftafells greinir þó á um við hvaða tinda í fjallgarðinum skuli miðað og hvað teljist til Súlnatinda. Eldri heimildir um vesturmerki Skaftafells eru ekki fyrir hendi, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2001.

Núverandi eigendur Núpsstaðar og Rauðabergs eru sammála um að merki jarðanna til norðurs liggja upp að Síðujökli í samræmi við það sem landamerkjabréf þeirra kveða á um en greinir hins vegar á um túlkun bréfanna og þannig hvernig merkin skuli dregin.

Norðurmerki Núpsstaðar, gagnvart Vatnajökli, þarfnast nánari athugunar. Hvað varðar austurmerkin telur óbyggðanefnd að orðalag í landamerkjalyðingum Núpsstaðar og Skaftafells bendi fremur til þess að þar sé tekin stefna af Súlnatindum og merki Núpsstaðar nái þar að jökulrönd fremur en að þau liggja yfir jökulinn og að Súlnatindum. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Orðalagið „jöklar deila“ í heimildum frá tímabilinu 1616-1706 um merki Núpsstaðar bendir einnig til þess að Skeiðarárjökull hafi skilið á milli Núpsstaðar og Skaftafells og að merki Núpsstaðar hafi náð norður með suðurjaðri jökulsins.

Hvað varðar vesturmörkin telur óbyggðanefnd að landamerkjabréf jarðarinnar 1891 sýni að litið hafi verið svo á að þau merki næðu einnig að jökli. Með hliðsjón af framangreindum austurmerkjum Núpsstaðar, nálægð jökuls að norðanverðu og legu annarra jarða á svæðinu verða eldri lýsingar á vesturmerkjum Kálfafellstorfu ekki taldar mæla landamerkjabréfinu í mót enda er mörkum til norðurs þar hvergi lýst. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Núpsstað. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað af fyrirsvarsmönnum beggja aðliggjandi jarða, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Landamerkjabréf Rauðabergs og Skaftafells eru einnig árituð af umboðsmanni þjóðjarða og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Núpsstaðar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Svo sem fram kemur í kafla 5.4. segir í máldaga Kálfafellskirkju frá 1343 að kirkjan eigi „afreit j skorvm at helmingi vid svijnfelliunga. kolskog j vest[r]um skorum. suo sem til bus þarf“. Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397, Gíslamáldaga frá um 1570, vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og fleiri vísitasíum og öðrum heimildum eftir þann tíma, síðast 1848. Ekkert er hins vegar um Skorur eða Vestari-Skorur fjallað í landamerkjabréfum Kálfafells 1922 eða Núpsstaðar 1892. Því er haldið fram af hálfu íslenska ríkisins að réttur Kálfafellsstaðar til þessara landsvæða mæli gegn beinum eignarrétti Núpsstaðar þar.

Samkvæmt örnefnaskrá Núpsstaðar eru Skorur, „öðru nafni kallaðar Eystriskorur“, vestan í Eystraþfalli, upp við Skeiðarárjökul, sbr. einnig Atlaskort Landmælinga Íslands. Á sama korti eru aðrar „Skorur“ merktar á milli Lómagnúps og Núpsstaðarheiðar. Um þær er ekki fjallað í örnefnaskrá Núpstaðar en við vettvangsferð í máli þessu, sbr. kafla 4.4., greindi Filippus Hannesson á Núpsstað viðstöddum frá því að Eystri-Skorur væru á Eystraþfalli en Vestri-Skorur vestan við Lómagnúp. Samkvæmt framangreindu virðist ljóst að Eystri-Skorur séu innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins en Vestri-Skorur hins vegar utan þess.

Umfjöllun um afrétt þennan og kolskóg er í framangreindum máldögum og vísitasíum skipað þar sem greint er frá réttindum kirkjunnar til fjöru, fiskveiði, reka o.þ.h. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið að heimildir um réttindi Kálfafellsstaðar í Skorum og Vestari-Skorum, mæli gegn því að landamerki Núpsstaðar hafi náð þar norður fyrir. Jafnframt ber þess að geta að óbyggðanefnd telur tilvist ítaks fremur benda til þess að svæði það sem itakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>1</sup>

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Núpsstaður hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1891, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem máli skiptir hér. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignar-

1 Sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

réttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Fljótshverfi, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 10. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Núpsstaðar gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1891 hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.<sup>1</sup> Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Núpsstaðar, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 6.7.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Núpsstaðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>2</sup>

Svo sem rakið er í kafla 2.4. er í máli þessu fjallað um landsvæði á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli sem skilið var frá máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Örafi, samkvæmt úrskurði í því máli sem kveðinn var upp 14. nóvember 2003. Ástæða þessa er ágreiningur eigenda Núpsstaðar og Skaftafells um túlkun merkjalýsinga. Óbyggðanefnd kemst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 1/2001 að land innan landamerkja jarðarinnar Skaftafells sé eignarland. Í úrskurðinum kemur fram að úrlausn um nákvæma legu vesturmerkja Skaftafells falli einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef merkin liggja að einhverju leyti að þjóðlendu.

Þá hefur óbyggðanefnd nú komist að þeirri niðurstöðu að land innan landamerkja jarðarinnar Núpsstaðar sé einnig eignarland. Sama máli gegnir um aðrar jarðir í Fljótshverfi, sbr. kafla 6.2.-6.6. og 6.8. Ljóst er að eigendur Skaftafells og Núpsstaðar greinir á um túlkun merkjalýsinga jarðanna, þ.e. nákvæm vesturmörk Skaftafells og austurmörk Núpsstaðar. Úrlausn þess álitaefnis fellur hins vegar utan við verksvið óbyggðanefndar, sbr. 7. gr. þjóðll.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Núpsstaðar, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.8. Vatnajökull og önnur landsvæði í Fljótshverfi

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess lands sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.4. um afmörkun þess, en ekki hefur þegar verið fjallað um. Þar er í fyrsta lagi um að ræða tvo afmarkaða hluta Vatnajökuls, þ.e. annars vegar þann hluta Skeiðarárjökuls sem skilinn var frá máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Örafi, og hins vegar þá aðra hluta Vatnajökuls sem til meðferðar eru í máli þessu. Þá er í öðru lagi um að ræða þau landsvæði í Fljótshverfi sem kaflar 6.2.-6.7. taka ekki til.

Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddir hlutar Vatnajökuls séu þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi inn á Vatnajökul, að öðru leyti en því að jökulrönd á hverjum tíma ráði merkjum. Þá er óumdeilt að önnur landsvæði í Fljótshverfi en þau sem fjallað er um í köflum 6.2.-6.7., séu eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

<sup>2</sup> Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Þá hefur óbyggðanefnd áður hafnað þeirri almennu kröfu jarðeigenda að merki jarðar gagnvart jökli skuli miðuð við jökuljaðarinn eins og hann er á hverjum tíma, sbr. úrskurði nefndarinnar í málum á svæði 2. Grundvallast sú niðurstaða á því að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Jafnframt hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. úrskurði í málum á svæði 2 og kafla 6.2.-6.7. hér að framan, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að Vatnajökull sé stærri nú en á landnámstíma. Ætla má því að jökull hafi gengið yfir land sem numið var í öndverðu. Lega jökuls á landnámstíma verður hins vegar ekki ákvörðuð með nokkurri vissu og því ekki unnt að afmarka þau eignarréttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til. Staðhættir og sönnunarstaða leiða því til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.<sup>1</sup>

Þá telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að á viðkomandi hlutum jökulsins hafi á síðari tímum stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þessi á Vatnajökli, svo sem þau eru afmörkuð hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Fyrra svæðið afmarkast þannig að úr Grænafjalli austanverðu er dregin lína til norðurs inn á jökulinn í Svíahnúk eystri. Úr fyrrgreindum punkti í Svíahnúki eystri er dregin lína til suðvesturs, að upptökum Hverfisfljóts við jaðar Síðujökuls. Síðara svæðið afmarkast þannig að dregin er lína frá þeim stað þar sem lína á milli punkta 2 og 3 sker jökuljaðar og þaðan í punkta 3, 8 og 4 í kröfugerð eigenda Núpsstaðar í málum nr. 1/2001 og 9/2003, þ.e. á milli sunnanverðs jaðars Skeiðarárjökuls og vestanverðs jaðars Skeiðarárjökuls, vestur af punkti í 694 metrum yfir sjávarmáli fremst á Súlnatindum (punktur 4 í sömu kröfugerð). Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Landsvæði þau, sem hér hafa verið lýst þjóðlenda, eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. reglugerð um Skaftafellsþjóðgarð, nr. 879/2004.

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að á umræddu svæði séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana. Þá eru engar vísbendingar um að á svæðinu sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

## 6.9. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

## 6.10. Um tæknileg atriði<sup>1</sup>

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. umfjöllun um jökla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Í samræmi við framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá árunum 2000, 2001 og 2003, myndir frá Landsat-7 gervitunglinu frá árunum 1999 og 2000 og þrívíddarljósmyndir sem teknar voru úr flugvél á árunum 1998-2000 og 2002. Engar nothæfar myndir eru til af svæðinu í heild frá árinu 1998. Ástæðan fyrir því að framangreind gögn urðu fyrir valinu er sú að þau komast næst rétttri tímasetningu af þeim gögnum sem völ er á auk þess sem um nákvæmstu gögnin í hverju tilviki fyrir sig er að ræða. Í þeim tilvikum sem á þurfti að halda var svo einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir.

## 7. ÚRSKURÐARORÐ<sup>2</sup>

Landsvæði þau sem afmörkuð eru hér á eftir, þ.e. svæði þau innan jaðars Vatnajökuls sem til meðferðar eru í máli þessu, eru þjóðlendur í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Fyrra svæðið afmarkast þannig að úr Grænaþfalli austanverðu er dregin lína til norðurs inn á jökulinn í Svíahnúk eystri. Úr fyrrgreindum punkti í Svíahnúki eystri er dregin lína til suðvesturs, að upptökum Hverfisfljóts við jaðar Síðujökuls. Síðara svæðið afmarkast þannig að dregin er lína frá þeim stað þar sem lína á milli punkta 2 og 3 sker jökuljaðar og þaðan í punkta 3, 8 og 4 í kröfugerð eigenda Núpsstaðar í málum nr. 1/2001 og 9/2003, þ.e. á milli sunnanverðs jaðars Skeiðarárjökuls og vestanverðs jaðars Skeiðarárjökuls, vestur af punkti í 694 metrum yfir sjávarmáli fremst á Súlnatindum (punktur 4 í sömu kröfugerð). Að því leyti, sem fylgt er jökuljaðri, er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 6.10., sjá einnig hnitaskrár í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.*

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Ólafur Björnsson hrl. 500.000 kr., Páll A. Pálsson hrl. 800.000 kr. og Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfr. sam-eiginlega 800.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta þjóðlendulínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

Halldór Jónsson

1 Sjá fylgiskjal nr. IV (Tækniskýrsla – Jaðar jökla í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu ákvarðaður með fjarkönnun).

2 Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.





## VIÐAUKAR

### I. Hnit

- II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)  
*Sjá bls. 79*

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1	579341	389506	51	580127	394796	101	580423	399092	151	580752	402777
2	579159	389566	52	580127	394899	102	580406	399142	152	580769	402836
3	578953	389710	53	580106	395063	103	580381	399210	153	580769	402886
4	578789	389896	54	580168	395228	104	580381	399277	154	580769	402945
5	578521	390102	55	580188	395372	105	580381	399345	155	580794	403004
6	578315	390246	56	580188	395578	106	580381	399446	156	580828	403038
7	578109	390369	57	580230	395743	107	580381	399522	157	580878	403047
8	577862	390493	58	580230	395907	108	580364	399589	158	580895	403072
9	577677	390616	59	580230	396051	109	580356	399665	159	580946	403114
10	577471	390740	60	580230	396175	110	580339	399741	160	580988	403173
11	577286	390822	61	580250	396319	111	580339	399842	161	581022	403224
12	577141	390925	62	580250	396422	112	580347	399926	162	581055	403283
13	577039	391049	63	580312	396545	113	580372	400028	163	581089	403350
14	576956	391213	64	580374	396628	114	580398	400129	164	581123	403401
15	576915	391460	65	580374	396669	115	580431	400205	165	581148	403460
16	576894	391625	66	580356	396773	116	580465	400281	166	581182	403510
17	576936	391728	67	580339	396840	117	580533	400331	167	581182	403553
18	577059	391852	68	580330	396865	118	580549	400407	168	581182	403595
19	577141	391934	69	580322	396933	119	580558	400449	169	581182	403612
20	577244	391975	70	580313	397009	120	580592	400517	170	581106	403637
21	577347	391975	71	580313	397118	121	580642	400576	171	581081	403662
22	577471	391954	72	580339	397194	122	580668	400635	172	581047	403704
23	577656	391954	73	580389	397304	123	580710	400702	173	581072	403780
24	577780	392037	74	580423	397430	124	580743	400761	174	581089	403822
25	577903	392099	75	580423	397498	125	580718	400812	175	581114	403898
26	578027	392202	76	580381	397548	126	580684	400871	176	581123	403974
27	578047	392346	77	580305	397574	127	580668	400896	177	581123	404042
28	578109	392469	78	580296	397641	128	580668	400888	178	581081	404160
29	578192	392613	79	580288	397700	129	580625	400930	179	581055	404236
30	578294	392737	80	580322	397776	130	580617	400964	180	581022	404311
31	578438	392799	81	580372	397844	131	580558	401048	181	581022	404278
32	578521	392881	82	580414	397903	132	580549	401124	182	581013	404311
33	578603	393025	83	580465	397970	133	580549	401208	183	580988	404345
34	578727	393107	84	580516	398054	134	580583	401301	184	580988	404379
35	578871	393169	85	580533	398130	135	580625	401394	185	580988	404446
36	578994	393293	86	580482	398181	136	580651	401453	186	580971	404480
37	579077	393396	87	580457	398257	137	580676	401512	187	580946	404522
38	579138	393478	88	580457	398324	138	580684	401562	188	580921	404548
39	579159	393581	89	580457	398383	139	580684	401638	189	580895	404556
40	579241	393663	90	580465	398442	140	580726	401740	190	580861	404564
41	579365	393746	91	580482	398501	141	580752	401950	191	580819	404590
42	579550	393828	92	580474	398552	142	580777	402009	192	580786	404590
43	579633	393931	93	580440	398586	143	580811	402085	193	580743	404598
44	579715	394013	94	580431	398628	144	580870	402178	194	580718	404623
45	579797	394075	95	580440	398670	145	580878	402296	195	580684	404674
46	579900	394157	96	580457	398729	146	580861	402406	196	580676	404716
47	579900	394260	97	580482	398771	147	580802	402473	197	580701	404784
48	579983	394384	98	580465	398847	148	580735	402532	198	580726	404876
49	580003	394548	99	580440	398931	149	580718	402616	199	580752	404952
50	580106	394672	100	580406	398999	150	580718	402701	200	580786	405028

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
201	580819	405070	251	580305	407271	301	582455	408874	351	579968	412356
202	580836	405129	252	580330	407373	302	582489	408941	352	579875	412424
203	580861	405197	253	580330	407440	303	582489	409000	353	579757	412516
204	580904	405256	254	580356	407507	304	582405	409051	354	579681	412592
205	580937	405298	255	580381	407575	305	582337	409135	355	579571	412651
206	580980	405366	256	580356	407634	306	582287	409169	356	579470	412753
207	580980	405408	257	580330	407693	307	582236	409211	357	579394	412812
208	580980	405458	258	580356	407744	308	582228	409278	358	579301	412930
209	580980	405526	259	580381	407819	309	582160	409396	359	579251	413014
210	580980	405568	260	580381	407870	310	582135	409447	360	579175	413107
211	580971	405610	261	580406	407921	311	582101	409523	361	579099	413216
212	580963	405627	262	580431	407963	312	582084	409599	362	579023	413318
213	580946	405661	263	580431	408005	313	582084	409683	363	578956	413385
214	580929	405711	264	580490	408039	314	582101	409751	364	578922	413452
215	580929	405753	265	580499	408072	315	582101	409826	365	578905	413503
216	580921	405804	266	580507	408148	316	582126	409894	366	578871	413571
217	580921	405863	267	580541	408191	317	582101	409970	367	578795	413630
218	580904	405922	268	580583	408224	318	582050	410012	368	578694	413663
219	580878	405998	269	580625	408258	319	582034	409987	369	578593	413689
220	580853	406040	270	580659	408283	320	581975	410020	370	578492	413748
221	580836	406074	271	580684	408334	321	581924	410029	371	578416	413815
222	580828	406124	272	580718	408384	322	581882	410071	372	578323	413840
223	580853	406192	273	580769	408469	323	581823	410122	373	578247	413891
224	580845	406243	274	580811	408503	324	581772	410147	374	578112	413967
225	580836	406276	275	580861	408545	325	581738	410223	375	578011	413992
226	580794	406302	276	580912	408578	326	581713	410273	376	577859	414017
227	580743	406293	277	580946	408629	327	581671	410324	377	577747	414041
228	580701	406276	278	580971	408705	328	581620	410375	378	577725	414051
229	580642	406327	279	580988	408772	329	581561	410417	379	577640	414093
230	580634	406369	280	581030	408848	330	581485	410493	380	577573	414119
231	580617	406428	281	581089	408916	331	581435	410560	381	577488	414119
232	580600	406496	282	581140	409008	332	581367	410611	382	577379	414119
233	580558	406555	283	581173	409051	333	581292	410661	383	577294	414110
234	580507	406605	284	581216	409093	334	581216	410729	384	577160	414093
235	580541	406614	285	581224	409110	335	581148	410805	385	577008	414060
236	580608	406622	286	581241	409135	336	581089	410855	386	576873	414051
237	580651	406630	287	581283	409160	337	581039	410906	387	576755	414127
238	580676	406681	288	581325	409160	338	580996	410982	388	576696	414211
239	580634	406706	289	581393	409169	339	580977	411061	389	576679	414296
240	580600	406740	290	581469	409177	340	580996	411125	390	576696	414380
241	580541	406774	291	581570	409169	341	580954	411235	391	576704	414380
242	580474	406824	292	581671	409169	342	580870	411361	392	576746	414405
243	580406	406875	293	581789	409152	343	580769	411488	393	576856	414422
244	580339	406934	294	581848	409118	344	580676	411606	394	576932	414456
245	580280	406985	295	581949	409076	345	580583	411749	395	577033	414481
246	580246	407010	296	582084	409051	346	580516	411842	396	577101	414557
247	580229	407035	297	582160	409034	347	580398	411977	397	577101	414641
248	580254	407086	298	582219	408933	348	580305	412078	398	576974	414684
249	580254	407170	299	582278	408916	349	580221	412171	399	576839	414684
250	580305	407221	300	582379	408899	350	580094	412272	400	576729	414684

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
401	576620	414684	451	575018	411935	501	573306	411285	551	570665	410979
402	576460	414701	452	574967	411909	502	573238	411353	552	570581	410825
403	576325	414734	453	574975	411867	503	573171	411387	553	570498	410742
404	576198	414776	454	575068	411791	504	573146	411396	554	570442	410616
405	576055	414827	455	575119	411783	505	573128	411406	555	570358	410547
406	575928	414852	456	575186	411758	506	573089	411424	556	570219	410491
407	575810	414861	457	575245	411732	507	573020	411452	557	570094	410421
408	575692	414810	458	575287	411707	508	572839	411494	558	569912	410421
409	575633	414760	459	575330	411656	509	572685	411508	559	569745	410449
410	575515	414675	460	575363	411606	510	572504	411536	560	569662	410463
411	575422	414608	461	575389	411530	511	572379	411564	561	569536	410407
412	575338	414566	462	575397	411479	512	572225	411592	562	569397	410449
413	575262	414557	463	575389	411412	513	572044	411619	563	569299	410533
414	575203	414557	464	575363	411319	514	571808	411703	564	569230	410616
415	575153	414557	465	575346	411260	515	571640	411787	565	569118	410728
416	575085	414507	466	575313	411209	516	571487	411884	566	569076	410811
417	575043	414439	467	575279	411176	517	571348	411982	567	569035	410895
418	575009	414355	468	575228	411142	518	571250	412093	568	568993	410923
419	574933	414262	469	575161	411133	519	571166	412191	569	568979	410867
420	574874	414203	470	575119	411117	520	571083	412330	570	569021	410769
421	574807	414169	471	575102	411083	521	571055	412414	571	569076	410658
422	574731	414093	472	575085	411015	522	571055	412511	572	569160	410491
423	574689	414009	473	575085	410990	523	570999	412637	573	569160	410351
424	574655	413899	474	575018	410973	524	570944	412748	574	569090	410296
425	574613	413790	475	574984	410948	525	570916	412832	575	569090	410212
426	574579	413705	476	574933	410914	526	570944	412929	576	569118	410142
427	574554	413621	477	574874	410889	527	570888	413041	577	569146	410031
428	574545	413503	478	574832	410864	528	570832	413124	578	569118	409933
429	574545	413444	479	574807	410821	529	570707	413138	579	569007	409808
430	574537	413343	480	574748	410779	530	570540	413138	580	568923	409711
431	574529	413225	481	574714	410771	531	570456	413096	581	568784	409571
432	574545	413115	482	574604	410813	532	570372	413041	582	568672	409362
433	574571	413006	483	574529	410830	533	570289	412957	583	568617	409251
434	574604	412921	484	574453	410847	534	570191	412873	584	568519	409056
435	574655	412837	485	574402	410889	535	570121	412790	585	568408	408916
436	574680	412761	486	574267	410914	536	570080	412692	586	568254	408847
437	574739	412677	487	574217	410897	537	570038	412539	587	567906	408763
438	574781	412592	488	574157	410897	538	570010	412372	588	567739	408763
439	574824	412525	489	574082	410897	539	570024	412233	589	567585	408707
440	574857	412457	490	574073	410897	540	570066	412163	590	567432	408652
441	574891	412348	491	573938	410906	541	570205	411954	591	567349	408568
442	574925	412280	492	573845	410897	542	570344	411870	592	567195	408470
443	574959	412230	493	573795	410889	543	570470	411842	593	567014	408317
444	574992	412171	494	573744	410940	544	570651	411801	594	566903	408192
445	575009	412137	495	573660	411007	545	570721	411745	595	566722	408122
446	575043	412086	496	573584	411066	546	570790	411661	596	566554	407983
447	575093	412036	497	573517	411125	547	570818	411536	597	566443	407899
448	575136	411977	498	573449	411201	548	570804	411383	598	566317	407816
449	575136	411960	499	573399	411235	549	570790	411215	599	566164	407802
450	575093	411943	500	573365	411252	550	570735	411104	600	566053	407816

601	565900	407899	651	563350	411337	701	563699	412549	751	563970	413791
602	565732	407969	652	563364	411415	702	563735	412606	752	563949	413748
603	565607	408080	653	563421	411458	703	563742	412671	753	563913	413748
604	565495	408206	654	563471	411536	704	563778	412692	754	563878	413727
605	565426	408317	655	563578	411608	705	563813	412678	755	563870	413722
606	565398	408443	656	563607	411665	706	563828	412649	756	563870	413698
607	565398	408554	657	563628	411715	707	563899	412671	757	563842	413648
608	565440	408652	658	563714	411772	708	563942	412713	758	563835	413605
609	565481	408763	659	563813	411793	709	563963	412778	759	563856	413555
610	565523	408847	660	563878	411815	710	563992	412835	760	563821	413484
611	565523	408930	661	563928	411793	711	564006	412863	761	563792	413434
612	565440	408986	662	563985	411779	712	564013	412906	762	563735	413420
613	565398	409028	663	564092	411736	713	563977	412935	763	563699	413391
614	565231	409000	664	564256	411750	714	563992	412992	764	563685	413348
615	565189	408986	665	564398	411772	715	564042	413034	765	563685	413320
616	565064	408847	666	564584	411836	716	564070	413120	766	563642	413234
617	564980	408735	667	564720	411914	717	564063	413149	767	563642	413156
618	564938	408624	668	564819	411993	718	564056	413199	768	563635	413113
619	564868	408526	669	564876	412121	719	564052	413223	769	563585	413056
620	564799	408540	670	564848	412214	720	564049	413241	770	563557	413006
621	564687	408582	671	564812	412221	721	564063	413270	771	563549	412963
622	564605	408626	672	564777	412221	722	564077	413284	772	563514	412885
623	564548	408668	673	564734	412228	723	564077	413334	773	563521	412835
624	564498	408690	674	564662	412264	724	564092	413370	774	563542	412799
625	564413	408761	675	564605	412264	725	564106	413384	775	563557	412756
626	564327	408825	676	564562	412328	726	564134	413391	776	563514	412742
627	564241	408911	677	564520	412328	727	564142	413441	777	563457	412749
628	564163	408989	678	564470	412321	728	564156	413491	778	563450	412706
629	564113	409089	679	564420	412350	729	564113	413534	779	563485	412664
630	564042	409203	680	564370	412392	730	564085	413555	780	563442	412592
631	563949	409310	681	564370	412428	731	564092	413598	781	563393	412578
632	563878	409396	682	564299	412471	732	564120	413641	782	563343	412535
633	563778	409524	683	564234	412449	733	564156	413641	783	563293	412471
634	563706	409646	684	564234	412392	734	564170	413684	784	563271	412471
635	563621	409774	685	564199	412307	735	564149	413691	785	563214	412521
636	563557	409845	686	564213	412243	736	564177	413734	786	563186	412556
637	563450	409974	687	564192	412185	737	564199	413769	787	563171	412621
638	563400	410081	688	564149	412157	738	564170	413791	788	563150	412656
639	563364	410167	689	564077	412157	739	564127	413805	789	563171	412678
640	563335	410209	690	563992	412157	740	564085	413805	790	563214	412664
641	563293	410295	691	563949	412150	741	564070	413833	791	563243	412664
642	563228	410388	692	563870	412157	742	564070	413869	792	563257	412685
643	563200	410488	693	563821	412171	743	564077	413898	793	563257	412728
644	563193	410616	694	563771	412207	744	564099	413940	794	563250	412792
645	563207	410723	695	563685	412264	745	564113	413983	795	563221	412842
646	563236	410837	696	563592	412314	746	564092	413998	796	563200	412899
647	563228	410958	697	563542	412371	747	564077	413976	797	563171	412942
648	563207	411065	698	563549	412414	748	564042	413919	798	563143	412970
649	563236	411151	699	563592	412464	749	564006	413869	799	563114	413006
650	563271	411230	700	563642	412499	750	563977	413833	800	563100	413049

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
801	563121	413084	851	562422	413134	901	562922	411465	951	562055	408363
802	563100	413134	852	562444	413213	902	562979	411444	952	562312	408308
803	563121	413149	853	562472	413284	903	563050	411379	953	562514	408253
804	563157	413156	854	562458	413327	904	563107	411251	954	562679	408198
805	563200	413156	855	562422	413356	905	563136	411123	955	562881	408088
806	563236	413184	856	562365	413370	906	563150	410966	956	563082	407996
807	563257	413213	857	562337	413327	907	563150	410830	957	563229	407886
808	563250	413248	858	562301	413263	908	563114	410730	958	563376	407703
809	563214	413263	859	562258	413199	909	563086	410630	959	563431	407464
810	563171	413284	860	562230	413106	910	563000	410523	960	563449	407244
811	563129	413263	861	562272	413077	911	562929	410473	961	563486	407006
812	563079	413263	862	562315	413063	912	562857	410416	962	563486	406749
813	563014	413256	863	562280	413020	913	562800	410395	963	563431	406547
814	562972	413220	864	562194	412942	914	562743	410359	964	563357	406346
815	562936	413156	865	562158	412899	915	562722	410331	965	563302	406162
816	562936	413092	866	562108	412856	916	562736	410288	966	563284	405979
817	562950	413034	867	562066	412813	917	562743	410245	967	563211	405832
818	562986	413027	868	562037	412771	918	562743	410238	968	563156	405704
819	563007	412999	869	561994	412735	919	562765	410174	969	563082	405576
820	563000	412942	870	561966	412706	920	562786	410095	970	563027	405466
821	563007	412899	871	561930	412664	921	562800	409981	971	563013	405427
822	563014	412828	872	561909	412599	922	562836	409874	972	562986	405372
823	562993	412771	873	561909	412535	923	562872	409774	973	562929	405273
824	562979	412713	874	561951	412492	924	562836	409646	974	562922	405223
825	563029	412664	875	561944	412449	925	562786	409589	975	562886	405165
826	563079	412599	876	561923	412400	926	562715	409539	976	562865	405137
827	563121	412556	877	561880	412364	927	562679	409475	977	562808	405037
828	563129	412499	878	561866	412300	928	562636	409410	978	562779	404959
829	563086	412471	879	561887	412221	929	562608	409375	979	562750	404887
830	563050	412471	880	561916	412150	930	562529	409289	980	562708	404844
831	563000	412492	881	561959	412086	931	562472	409218	981	562643	404795
832	562943	412492	882	562001	412029	932	562401	409175	982	562615	404745
833	562915	412492	883	562037	411979	933	562344	409118	983	562522	404716
834	562893	412499	884	562080	411872	934	562280	409068	984	562451	404695
835	562843	412549	885	562087	411829	935	562237	409011	985	562365	404673
836	562793	412599	886	562066	411786	936	562158	408997	986	562330	404652
837	562758	412649	887	562051	411736	937	562080	408961	987	562301	404588
838	562715	412713	888	562101	411700	938	562016	408961	988	562308	404509
839	562701	412771	889	562165	411679	939	561944	408954	989	562322	404416
840	562679	412828	890	562244	411665	940	561873	408939	990	562287	404317
841	562665	412870	891	562330	411636	941	561823	408939	991	562287	404245
842	562622	412942	892	562380	411636	942	561773	408947	992	562301	404167
843	562593	412985	893	562501	411615	943	561716	408968	993	562308	404124
844	562572	413027	894	562544	411636	944	561689	408986	994	562308	404031
845	562515	413042	895	562572	411636	945	561634	408968	995	562308	403931
846	562486	413020	896	562636	411593	946	561615	408913	996	562315	403774
847	562451	413006	897	562679	411551	947	561597	408821	997	562265	403696
848	562387	413020	898	562758	411486	948	561652	408711	998	562237	403617
849	562387	413056	899	562808	411472	949	561744	408601	999	562237	403510
850	562394	413099	900	562857	411465	950	561872	408436	1000	562222	403411

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1001	562180	403246	1051	558641	398559	1101	553171	399365	1151	547865	403878
1002	562194	403125	1052	558384	398524	1102	553011	399472	1152	547812	404020
1003	562265	403054	1053	558270	398481	1103	552841	399553	1153	547812	404110
1004	562308	402890	1054	558078	398438	1104	552663	399597	1154	547812	404208
1005	562351	402768	1055	557949	398374	1105	552467	399642	1155	547767	404404
1006	562415	402562	1056	557785	398288	1106	552360	399704	1156	547749	404529
1007	562415	402405	1057	557607	398217	1107	552208	399811	1157	547749	404698
1008	562372	402219	1058	557485	398210	1108	552083	399900	1158	547776	404778
1009	562337	402105	1059	557364	398174	1109	551940	399999	1159	547776	404903
1010	562287	401969	1060	557250	398153	1110	551780	400052	1160	547776	404984
1011	562222	401827	1061	557143	398124	1111	551646	400106	1161	547776	405144
1012	562180	401698	1062	557057	398088	1112	551423	400213	1162	547651	405429
1013	562137	401613	1063	557022	398081	1113	551298	400257	1163	547562	405536
1014	562094	401527	1064	556929	398046	1114	551218	400293	1164	547482	405572
1015	562058	401441	1065	556915	398024	1115	551129	400320	1165	547446	405679
1016	562037	401370	1066	556808	398060	1116	551004	400337	1166	547410	405884
1017	562016	401263	1067	556708	398081	1117	550853	400418	1167	547375	405973
1018	561966	401149	1068	556622	398117	1118	550728	400507	1168	547294	406187
1019	561916	401035	1069	556487	398110	1119	550621	400596	1169	547232	406321
1020	561866	400921	1070	556344	398103	1120	550478	400685	1170	547161	406491
1021	561780	400807	1071	556180	398081	1121	550335	400757	1171	547134	406624
1022	561709	400685	1072	556044	398117	1122	550130	400855	1172	547152	406767
1023	561630	400535	1073	555895	398131	1123	549943	400962	1173	547161	406910
1024	561588	400450	1074	555773	398188	1124	549773	401015	1174	547161	407044
1025	561502	400357	1075	555616	398267	1125	549586	401104	1175	547178	407213
1026	561395	400250	1076	555502	398331	1126	549435	401203	1176	547178	407338
1027	561309	400157	1077	555352	398417	1127	549301	401283	1177	547196	407454
1028	561217	400043	1078	555231	398566	1128	549194	401390	1178	547223	407552
1029	561138	399993	1079	555160	398666	1129	549078	401506	1179	547241	407614
1030	561031	399950	1080	555060	398780	1130	549015	401541	1180	547285	407686
1031	560953	399900	1081	554931	398830	1131	548900	401622	1181	547384	407784
1032	560838	399822	1082	554824	398880	1132	548819	401711	1182	547464	407962
1033	560689	399715	1083	554675	398930	1133	548730	401818	1183	547544	408140
1034	560610	399629	1084	554596	398930	1134	548677	401916	1184	547553	408239
1035	560453	399544	1085	554496	398859	1135	548659	402005	1185	547669	408328
1036	560353	399501	1086	554446	398759	1136	548596	402094	1186	547758	408363
1037	560232	399444	1087	554418	398673	1137	548525	402183	1187	547901	408470
1038	560154	399380	1088	554361	398602	1138	548427	402299	1188	548008	408568
1039	560125	399330	1089	554311	398574	1139	548391	402371	1189	548097	408676
1040	560040	399244	1090	554247	398552	1140	548338	402442	1190	548177	408791
1041	559940	399187	1091	554111	398574	1141	548284	402656	1191	548231	408872
1042	559825	399116	1092	554033	398588	1142	548275	402790	1192	548320	408952
1043	559704	399016	1093	553904	398695	1143	548204	402986	1193	548391	409059
1044	559647	398930	1094	553740	398780	1144	548186	403129	1194	548445	409112
1045	559669	398838	1095	553626	398830	1145	548141	403271	1195	548480	409157
1046	559590	398745	1096	553497	398952	1146	548088	403378	1196	548454	409273
1047	559469	398709	1097	553433	399044	1147	548026	403485	1197	548454	409327
1048	559276	398681	1098	553369	399144	1148	547963	403637	1198	548471	409398
1049	559062	398624	1099	553283	399230	1149	547892	403717	1199	548471	409496
1050	558812	398581	1100	553269	399267	1150	547901	403780	1200	548445	409603

nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1201	548400	409728	1251	544512	412501	1301	545430	415810	1351	543344	417219
1202	548373	409799	1252	544521	412546	1302	545457	415863	1352	543290	417254
1203	548320	409862	1253	544539	412617	1303	545520	415988	1353	543237	417236
1204	548249	409933	1254	544574	412653	1304	545520	416015	1354	543148	417201
1205	548150	409995	1255	544637	412724	1305	545457	416086	1355	543085	417236
1206	547999	410076	1256	544673	412787	1306	545377	416175	1356	542987	417236
1207	547865	410138	1257	544788	412831	1307	545324	416238	1357	542898	417156
1208	547740	410192	1258	544815	412903	1308	545225	416300	1358	542818	417103
1209	547597	410245	1259	544869	412974	1309	545136	416309	1359	542630	417076
1210	547517	410281	1260	544913	413072	1310	545047	416300	1360	542523	417058
1211	547464	410361	1261	544931	413152	1311	544949	416229	1361	542345	417067
1212	547410	410423	1262	544931	413232	1312	544887	416184	1362	542220	417058
1213	547375	410504	1263	544950	413314	1313	544788	416166	1363	542086	417031
1214	547375	410584	1264	544904	413384	1314	544690	416166	1364	541935	417014
1215	547375	410691	1265	544895	413402	1315	544583	416113	1365	541774	417040
1216	547330	410682	1266	544869	413446	1316	544494	416050	1366	541649	417076
1217	547294	410557	1267	544806	413509	1317	544441	415979	1367	541569	417103
1218	547250	410459	1268	544788	413571	1318	544360	415926	1368	541426	417210
1219	547232	410414	1269	544735	413652	1319	544298	415872	1369	541418	417254
1220	547169	410316	1270	544708	413732	1320	544245	415872	1370	541373	417352
1221	547062	410236	1271	544628	413812	1321	544155	415917	1371	541337	417415
1222	546938	410209	1272	544664	413866	1322	544111	415926	1372	541284	417406
1223	546750	410236	1273	544708	413946	1323	544030	415970	1373	541230	417468
1224	546554	410254	1274	544788	413999	1324	543950	416024	1374	541177	417566
1225	546385	410281	1275	544833	414080	1325	543888	416077	1375	541159	417709
1226	546206	410290	1276	544887	414160	1326	543799	416149	1376	541168	417834
1227	546028	410316	1277	544895	414249	1327	543736	416211	1377	541195	417932
1228	545885	410334	1278	544922	414329	1328	543665	416247	1378	541105	418039
1229	545698	410370	1279	544976	414374	1329	543611	416282	1379	541061	418146
1230	545520	410397	1280	545038	414454	1330	543558	416336	1380	541016	418262
1231	545386	410450	1281	545047	414543	1331	543495	416407	1381	540998	418342
1232	545225	410513	1282	545109	414641	1332	543460	416461	1382	540963	418414
1233	545101	410557	1283	545181	414695	1333	543397	416532	1383	540963	418512
1234	544967	410628	1284	545217	414722	1334	543344	416594	1384	540936	418601
1235	544887	410691	1285	545297	414757	1335	543308	416701	1385	540900	418726
1236	544815	410843	1286	545350	414829	1336	543308	416755	1386	540882	418851
1237	544762	410923	1287	545422	414882	1337	543335	416835	1387	540882	418940
1238	544637	411137	1288	545475	414954	1338	543397	416880	1388	540882	418993
1239	544601	411199	1289	545457	415034	1339	543478	416942	1389	540921	419032
1240	544583	411279	1290	545430	415087	1340	543531	416996	1390	540882	419109
1241	544503	411413	1291	545484	415123	1341	543469	417040	1391	540802	419154
1242	544494	411493	1292	545493	415221	1342	543442	417103	1392	540758	419207
1243	544458	411592	1293	545484	415301	1343	543469	417165	1393	540740	419288
1244	544450	411716	1294	545520	415364	1344	543504	417201	1394	540695	419332
1245	544476	411975	1295	545493	415471	1345	543558	417210	1395	540695	419404
1246	544467	412055	1296	545466	415551	1346	543593	417219	1396	540677	419421
1247	544441	412136	1297	545439	415596	1347	543602	417263	1397	540642	419502
1248	544414	412243	1298	545377	415631	1348	543504	417281	1398	540588	419528
1249	544432	412350	1299	545332	415649	1349	543460	417236	1399	540570	419555
1250	544476	412439	1300	545368	415703	1350	543397	417192	1400	540615	419600



nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit	nr.	X-hnit	Y-hnit
1401	540669	419662	1451	540116	424504	1501	542318	428919	1551	545992	432004
1402	540704	419742	1452	540089	424540	1502	542443	429061	1552	546055	432067
1403	540686	419823	1453	540026	424576	1503	542550	429168	1553	546090	432120
1404	540651	419912	1454	540000	424620	1504	542630	429275	1554	546126	432165
1405	540615	420010	1455	540035	424692	1505	542746	429409	1555	546126	432183
1406	540553	420170	1456	540062	424790	1506	542871	429525	1556	546233	432209
1407	540526	420286	1457	540044	424870	1507	543005	429650	1557	546331	432209
1408	540374	420536	1458	540035	424950	1508	543130	429730	1558	546420	432236
1409	540338	420652	1459	540071	425111	1509	543228	429793	1559	546554	432272
1410	540258	420786	1460	540125	425182	1510	543299	429837	1560	546634	432290
1411	540169	420875	1461	540142	425236	1511	543353	429909	1561	546679	432343
1412	540080	420920	1462	540169	425280	1512	543424	429953	1562	546715	432414
1413	539982	421160	1463	540169	425325	1513	543513	430016	1563	546768	432397
1414	539919	421267	1464	540169	425396	1514	543576	430078	1564	546848	432370
1415	539857	421330	1465	540151	425450	1515	543656	430123	1565	546911	432414
1416	539812	421481	1466	540196	425503	1516	543709	430212	1566	546982	432414
1417	539812	421615	1467	540232	425601	1517	543772	430283	1567	547062	432397
1418	539803	421731	1468	540347	425780	1518	543888	430390	1568	547143	432397
1419	539821	421865	1469	540437	425958	1519	544004	430497	1569	547250	432343
1420	539839	421990	1470	540517	426047	1520	544066	430524	1570	547401	432272
1421	539875	422088	1471	540624	426163	1521	544120	430595	1571	547464	432227
1422	539919	422150	1472	540758	426217	1522	544209	430649	1572	547544	432183
1423	539973	422257	1473	540793	426279	1523	544334	430711	1573	547624	432165
1424	540000	422337	1474	540865	426359	1524	544378	430756	1574	547731	432165
1425	540080	422418	1475	540909	426431	1525	544441	430809	1575	547820	432165
1426	540133	422507	1476	540918	426520	1526	544539	430863	1576	547936	432209
1427	540223	422605	1477	540998	426573	1527	544619	430925	1577	548061	432254
1428	540285	422721	1478	541105	426654	1528	544664	431005	1578	548150	432290
1429	540356	422783	1479	541186	426743	1529	544690	431077	1579	548222	432343
1430	540374	422872	1480	541239	426841	1530	544735	431166	1580	548293	432414
1431	540303	422926	1481	541239	426939	1531	544815	431219	1581	548400	432441
1432	540196	422979	1482	541266	427001	1532	544887	431282	1582	548498	432450
1433	540151	423033	1483	541346	427091	1533	544976	431326	1583	548561	432504
1434	540053	423193	1484	541409	427171	1534	545056	431416	1584	548614	432575
1435	540044	423300	1485	541426	427251	1535	545154	431442	1585	548605	432664
1436	540017	423443	1486	541462	427367	1536	545243	431469	1586	548570	432682
1437	540000	423541	1487	541480	427447	1537	545297	431487	1587	548596	432753
1438	539946	423693	1488	541533	427536	1538	545315	431567	1588	548668	432825
1439	539973	423782	1489	541560	427617	1539	545386	431630	1589	548721	432878
1440	539991	423853	1490	541614	427670	1540	545448	431692	1590	548721	432949
1441	540009	423996	1491	541649	427786	1541	545520	431728	1591	548668	432976
1442	540035	424059	1492	541649	427911	1542	545555	431763	1592	548632	432967
1443	540125	424103	1493	541703	428027	1543	545538	431790	1593	548587	432923
1444	540160	424139	1494	541739	428152	1544	545555	431844	1594	548568	432921
1445	540196	424237	1495	541774	428259	1545	545564	431870	1595	548538	432926
1446	540169	424273	1496	541801	428321	1546	545636	431844	1596	548523	432927
1447	540142	424308	1497	541935	428410	1547	545698	431844	1597	548507	432949
1448	540098	424335	1498	542024	428526	1548	545752	431861	1598	548498	432958
1449	540080	424388	1499	542104	428678	1549	545805	431915	1599	548507	432994
1450	540089	424442	1500	542211	428803	1550	545921	431968	1600	548578	433074


---

nr.	X-hnit	Y-hnit
1601	548650	433137
1602	548677	433217
1603	548668	433270
1604	548587	433377
1605	548489	433431
1606	548356	433431
1607	548266	433422
1608	548168	433395
1609	548141	433377
1610	548052	433351
1611	548008	433324
1612	547856	433297
1613	547705	433244
1614	547589	433190
1615	547455	433155
1616	547339	433172
1617	547196	433208
1618	547134	433235
1619	547089	433297
1620	547098	433377
1621	547098	433458
1622	547080	433502
1623	547000	433538
1624	547018	433592
1625	547116	433699
1626	547214	433779
1627	547294	433832
1628	547348	433939
1629	547473	433993
1630	547571	434100
1631	547624	434198
1632	547678	434260
1633	547722	434287
1634	547776	434394
1635	547740	434448
1636	547642	434474
1637	547589	434546
1638	547526	434617
1639	547393	434679

## FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**
- IV. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd**  
*Sjá bls. 343*

**PJÓÐLENDULÍNA** - Mál nr 9/2003, Fijótshverfi í Skaftárhreppi





Kröftu fjármálaráðherra (t.h. ríkissins um þjóðlendumörk.  
 Kröftur ýmissa aðila um eignaréttindi (eðalkröfta).  
 Útlitni þekus skv. uppþéttum Landdæst-7 gerðitugumyndum og leifmyndum  
 Mismunur á þjókusveði, eins og það er tekið á kortgrunni, og úrskurðarinnu óbygðanefndar.  
 að þróifri sem hún liggur þóulþátt, skýrist af mismunandi aldri og hákvæmni gagna.

Mörk þjóðlendu, skv. úrskurði  
 óbygðanefndar.  
 Mörk stjórnsýslu innan þjóðlendu  
 skv. úrskurði óbygðanefndar  
 Landamerkjapunktur.

Dags. 9.12.2004  
 Málsvæði: 1:100.000  
 Kartlagið: Spurger Skúason, Landfræðingur  
 © Landmælinga Íslands, keyf nr. 10202003

**II. Aðilaskrá**

Þjóðlenda	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Blómsturvellir	Steinþór Þorsteinsson
Dalshöfði	Ásdís Eyrún Jónsdóttir
Dalshöfði	Ragnar Jónsson
Kálfafell I	Snorri Björnsson
Kálfafell I	Stefán Björnsson
Kálfafell Ib	Snorri Björnsson
Kálfafell Ib	Stefán Björnsson
Kálfafell II	Bergur Helgason
Kálfafell II	Lárus Helgason
Núpar	Þórhallur Helgason
Núpsstaðir	Eyjólfur Hannesson
Rauðaberg I	Jón Björgvinsson
Rauðaberg II	Stefán Björgvinsson
Skaftafell II	Anna María Ragnarsdóttir
	Árni Benediktsson
	Laufey Lárusdóttir
	Stefán Benediktsson

### III. Skjalaskrá

#### Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
- 1(1) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra þar sem tilkynnt er að nefndin hafi tekið til meðferðar svæði nr. III, sveitarfélögin milli sveitarfélagsins Hornafjarðar og Þjórsár, dags. 12.10.2000.
- 1(2) Bréf fjármálaráðherra v/meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
- 1(3) (a-b) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Fljótshverfi (2 blöð) (mælikvarða 1:50 000).
- 1(4) Skjalaskrá, dags. 25.4.2002.
- 1(5) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2002.
- 1(6) Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1708-1709. Greint er frá afrétti Svinafells í Eystrafljalli. (Pr. í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13.b. Rv. 1990. Bls. 436-437).
- 1(7) Greinargerð fjármálaráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins, dags. 23.5.2003.
- 1(8) Uppdráttur sem sýnir skörun á þeim landsvæðum sem til meðferðar eru annars vegar á svæði II og hins vegar á svæði III, ásamt skýringum.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

#### *Landamerkjabréf:*

- 2(1) Landamerkjabréf Dalshöfða, dags. 11.6.1886.
- 2(2) Landamerkjabréf Núpa, dags. 22.5.1889.
- 2(3) Landamerkjabréf Seljalands, dags. 22.5.1889.
- 2(4) Landamerkjabréf Rauðabergs, dags. 7.5.1891.
- 2(5) Landamerkjabréf Núpsstaðar, dags. 7.5.1891.
- 2(6) Landamerkjabréf Kálfafells, dags. 1.7.1922.
- 2(7) Landamerkjabréf Kálfafellskots, dags. 1.7.1922.
- 2(8) Landamerkjabréf Blómsturvalla, dags. 1.7.1922.
- 2(9) Landamerkjabréf Bakkafjalls, dags. 1.7.1922.
- 2(10) Landamerkjabréf Núpa, dags. 11.7.1923.
- 2(11) Landamerkjabréf Seljalands, dags. 11.7.1923.
- 2(12) Áreið hreppstjóra Hörgslandshrepps ásamt úttektarmanni á landamörk milli jarðanna Kálfafells, Blómsturvalla, Mariúbakka, Hvols og Hruna, dags. 13.10.1923.
- 2(52) Landamerkjabréf Hvols, dags. 22.5.1889.
- 2(53) Landamerkjabréf Skaftafells, þingl. 5.5.1890.
- 2(54) Landamerkjabréf Þverár, dags. 3.6.1890.
- 2(55) Landamerkjabréf Brattlands, dags. 18.6.1886.
- 2(56) Landamerkjabréf Mariúbakka, dags. 21.5.1890.
- 2(64) Landamerkjabréf Hruna, dags. 8.6.1886.

#### *Skjöl úr skjalasafni landfögeta, sem varða Kirkjubæjarklausturs-, Pykkvabæjarklausturs- og Flögugarðir í Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(13) Síða Núpa í uppkasti að jarðabók fyrir Kirkjubæjarklausturs-, Pykkvabæjarklausturs

og Flögugarðir 1769 og 1779 með hendi Skúla Magnússonar, landfógeta. (Landf. XXIII, 7).

- 2(49) Lýsing Þorsteins Bjarnasonar á Vestur-Skaftafellssýslu og klaustrajörðunum, gerð á Mýrum í Álftaveri 17.6.1773.

*Afsals- og veðmálabækur Skaftafellssýslu:*

- 2(14) Samningur um kaup Dagbjarts Jónssonar á kóngsjörðinni (Skálholtsjörðinni) Núpsstað, dags. 24.10.1840. Skaft. DB/1, nr. 107.
- 2(15) Afsal landssjóðs til Gísla Arnbjarnarsonar á jörðinni Rauðabergi, dags. 17.8.1893. Skaft. DB/4, nr. 63.
- 2(16) Samningur um kaup Helga Bjarnasonar á þjóðjörðinni Núpum, dags. 9.5.1923. Skaft. DB/6, nr. 203.
- 2(17) Samningur um kaup Elínar Bjarnadóttur á kirkjújörðinni Blómsturvöllum, dags. 26.10.1914. Skaft. DB/5 nr. 244.
- 2(18) Samningur um kaup Páls Bjarnasonar á þjóðjörðinni Seljalandi, dags. 22.10.1912. Skaft. DB/5, nr. 166.
- 2(19) Samningur um kaup Þorvarðs Kristófersson á þjóðjörðinni Dalshöfða, dags. 20.12.1915. Skaft. DB/5, nr. 291.
- 2(20) Samningur um kaup Bergs Bergssonar á 1/2 kirkjújörðinni Kálfafelli, dags. 22.10.1912. Skaft. DB/5, nr. 167.
- 2(21) Samningur um kaup Stefáns Þorvaldssonar á 1/2 kirkjújörðina Kálfafelli með Kálfafellskoti, dags. 22.10.1912. Skaft. DB/5, nr. 293.
- 2(22) Samningur um kaup Sigurðar Jónssonar á kirkjújörðinni Mariubakka, dags. 18.11.1912. Skaft. DB/5, nr. 168.
- 2(57) Núpstaður. Síða nr. 1 í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.
- 2(58) Rauðaberg. Síða nr. 2 í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.
- 2(59) Núpar. Síða nr. 3 í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.
- 2(60) Selialand. Síða nr. 4 í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.
- 2(61) Dalshöfði. Síða nr. 5 í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.
- 2(62) Kálfafell. Síða í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.
- 2(63) Mariubakki. Síða í veðmálaregistri Skaftafellssýslu.

*Jarðamatsgögn:*

- 2(23) (a-b) Umfjöllun um jarðir í Kleifarhreppi í Fljótshverfi í jarðamati 1804, ásamt skýringum og uppskriftum að hluta.
- 2(24) Umfjöllun um hluta jarða í Kleifarhreppi í jarðamati 1849-1850.
- 2(25) Umfjöllun um hluta jarða í Hörgslandshreppi í fasteignamati 1916-1918.
- 2(51) Umfjöllun um hluta jarða í Kleifarhreppi í Gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849-50, ásamt uppskrift að hluta.

*Vísitásiubækur biskupa:*

- 2(26) (a-b) Vísitásía að Kálfafelli í Fljótshverfi 1641, ásamt uppskrift.
- 2(27) (a-b) Vísitásía að Kálfafelli 1677, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(28) (a-b) Vísitásía Kálfafells 1706, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(29) (a-b) Vísitásía Kálfafells 1749, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(30) (a-b) Vísitásía Kálfafells í Fljótshverfi 1848, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(31) (a-b) Vísitásía að Núpsstað 1645, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(32) (a-b) Vísitásía að Núpsstað 1657, ásamt uppskrift að hluta.



- 2(33) (a-b) Visítasía að Núpsstað 1677, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(34) (a-b) Visítasía Núpsstaðar 1706, ásamt uppskrift að hluta.

*Kirkjustólar:*

- 2(35) (a-b) Lögfesta Þorleifs Árnasonar fyrir Kálfafellskirkju, dags. 11.5.1695, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(36) (a-b) Úttekt Mariubakka, dags. 19.6.1816, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(37) Yfirlýsing um merki milli Núpstaðar og Rauðabergs, dags. 14.7.1616. Uppskrift Jóns Þorkelssonar Þjóðskjalavarðar.

*Dóma- og þingabækur:*

- 2(38) (a-b) Sátt um landamerki Mariubakka, Núpa og Hvols, dags. 22.4.1850, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(39) (a-b) Áreið á landamerki Seljalands annars vegar og Dalshöfða og Núpa hins vegar, dags. 24.8.1853, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(50) Hluti færslna í þingabók Kirkjubæjarhrepps og Leiðvallahrepps á tímabilinu 1823-1828. Sjá útskýringar í skilabréfi Þjóðskjalasafns.

*Umboðsskjöl úr Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 2(40) (a-b) Úttekt Núpa 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrarjardir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).  
 2(41) (a-b) Úttekt Rauðabergs 1847, ásamt uppskrift að hluta. (Klaustrarjardir IV, 3. Úttektabók 1843-1867).

*Sala þjóðjarða í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboði:*

- 2(42) Virðing og sala á Dalshöfða í Fljótshverfi 1914-1915. (Stjórnarráð Íslands II, Db. 7, nr. 65).  
 2(43) Virðing og sala á Núpum í Fljótshverfi 1919-1923. (Stjórnarráð Íslands II, Db. 10, nr. 504).

*Brauðamöt:*

- 2(44) (a-b) Mat Kálfafells, dags. 17.6.1839, ásamt uppskrift (að hluta).  
 2(45) (a-b) Skýrsla um tekjur og útgjöld Kálfafells prestakalls í Fljótshverfi á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu prófastsdæmi eftir 5 ára meðaltali 1849-1853, dags. 20.9.1854, ásamt uppskrift að hluta.  
 2(46) Skýrsla um tekjur og útgjöld Kálfafellsprestakalls í Vestur-Skaftafells prófastsdæmi eftir 5 ára meðaltali frá fardögum 1862 til fardaga 1867, dags. 3.6.1867.

*Sáttabækur:*

- 2(47) (a-b) Beitarmál milli Núpa og Mariubakka, færsla dags. 19.9.1825, ásamt uppskrift að hluta.

*Skjalasafn landshöfðingja. Skjöl varðandi þjóðjarðasölu:*

- 2(48) Lýsing umboðsmanns á Hörgslandi, dags. 12.1.1897, og umsögn sýslunefndarfundar, 11.-12.3. s.á. (Lh. N-J 1897, nr. 990).

- 3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, varðandi heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 26.4.2001.

4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags 2.10.2003.

*Máldagar o.fl.:*

- 4(1) Máldagi Nikulásarkirkju að Lómagnúpi (Núpsstað) [1343] (2. b., bls. 777-780).  
 4(2) Máldagi Nikulásarkirkju að Kálfafelli í Fljótshverfi [1343] (2. b., bls. 778-779).  
 4(3) Máldagi Þykkvabæjarklausturs, 1340. Fram kemur að klaustrið átti ítak í Lómagnúpi (Núpsstað) (2. b., bls. 737-739).  
 4(4) Máldagi Kirkjubæjarklausturs [1343]. Fram kemur að klaustrið átti Dali tvo (Dalshöfða?) (2. b., bls. 780-782, sbr. 8. b., bls. 4-5).  
 4(5) Úr Hítardalsbók frá um 1367. Fram kemur að kirkja var þá að Kálfafelli í Fljótshverfi (3. b., bls. 234).  
 4(6) Skrá um eignir Kálfafellskirkju í Fljótshverfi frá 1390 (3. b., bls. 450-451).  
 4(7) Máldagi Nikulásarkirkju að Lómagnúpi (Núpsstað), 1397 (4. b., bls. 199-200).  
 4(8) Máldagi Nikulásarkirkju að Kálfafelli, 1397 (4. b., bls. 235-236).  
 4(9) Afhending staðarins á Kálfafelli í Fljótshverfi, 1448 (4. b., bls. 714-715).  
 4(10) Máldagi Kirkjubæjarklausturs, 1397. Fram kemur að klaustrið átti Dali tvo (Dalshöfða?) (4. b., bls. 238-239).  
 4(11) Máldagi klaustursins í Þykkvabæ, 1523/1526. Fram kemur að klaustrið átti m.a. jörðina Dal (Dalshöfða?) (9. b., bls. 189).  
 4(12) Máldagar kirknanna að Núpsstað og Kálfafelli í Fljótshverfi frá um 1570 (15. b., bls. 702-703, 713).

*Fasteigna- og jarðamöt:*

- 4(13) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. Bls. 6-19).  
 4(14) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 6-9).  
 4(15) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 206-217).  
 4(16) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 107-110).  
 4(17) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 61-63).  
 4(27) Fasteignabók I, 1957. Rv. 1956-57 (bls. 309-311).

*Fjallskilareglugerðir:*

- 4(18) Fjallskilákvæði fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 100/1897. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1897. B-deild, bls. 163).  
 4(19) Almenn reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 78/1899. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1899. B-deild, bls. 100-107).  
 4(20) Reglugjörð um viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 6. júlí 1899, nr. 103/1913. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1913. B-deild, bls. 181-182).  
 4(21) Fjallskilasamykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 245/1965. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968. B-deild, bls. 518-525).  
 4(22) Fjallskilasamykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 174/1992. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1992. B-deild, bls. 380-386).

*Jarðabréf:*

- 4(23) Jarðir Kirkjubæjarklausturs í byrjun 18. aldar. (Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. b., bls. 442-466.)

*Manntal:*

4(24) Manntal á Íslandi árið 1703. Kleifahreppur. Bls. 437-444.

*Afsals- og veðmálabækur:*

- 4(31) Dalshöfði. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(32) Núpar. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(33) Blómsturvellir. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(34) Kálfafell I. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(35) Kálfafell II. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(36) Kálfafellskot. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(37) Rauðaberg og Djúpárbakkamýri (nýbýli). Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(38) Núpsstaður. Yfirlit í Afsals- og veðmálabók, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 4(39) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Dalshöfða dags. 27.5.2003.  
 4(40) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Núpa, dags. 27.5.2003.  
 4(41) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Blómsturveli, dags. 27.5.2003.  
 4(42) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Kálfafell I, dags. 27.5.2003.  
 4(43) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Kálfafell II, dags. 27.5.2003.  
 4(44) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Rauðaberg, ódags.  
 4(45) Spjald úr afsals- og veðmálabók fyrir Núpsstað, dags. 27.5.2003.  
 4(46) Þinglýsingarvottorð Dalshöfða, dags. 27.5.2003.  
 4(47) Þinglýsingarvottorð Núpa, dags. 27.5.2003.  
 4(48) Þinglýsingarvottorð Kálfafells 1, dags. 27.5.2003.  
 4(49) Þinglýsingarvottorð Rauðabergs 1, ódags.  
 4(50) Þinglýsingarvottorð Rauðabergs 2, dags. 27.5.2003.

*Matsvottorð Fasteignamats ríkisins fyrir jarðir í Skaftárhreppi (Fljótshverfi):*

- 4(51) Fasteignamatsvottorð fyrir Dalshöfða, dags. 14.8.2003.  
 4(52) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpa, dags. 14.8.2003.  
 4(53) Fasteignamatsvottorð fyrir Blómsturveli, dags. 14.8.2003.  
 4(54) Fasteignamatsvottorð fyrir Kálfafell 1, dags. 14.8.2003.  
 4(55) Fasteignamatsvottorð fyrir Kálfafell 2, dags. 14.8.2003.  
 4(56) Fasteignamatsvottorð fyrir Kálfafellskirkju, dags. 14.8.2003.  
 4(57) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpsstað, dags. 14.8.2003.

*Landskipta- og landamerkjabók Vestur-Skaftafellssýslu:*

- 4(25) Sáttatillaga sýslumanns í ágreiningsmáli um mörk Núpsstaðar í Vestur-Skaftafellssýslu og Skaftafells í Austur-Skaftafellssýslu, dags. 22.10.1996, ásamt tillögum um stjórnarsýslumörk á Vatnajökli.  
 4(26) Ákvörðun sýslumanns um landamerki Núpsstaðar í Vestur-Skaftafellssýslu og Skaftafells í Austur-Skaftafellssýslu sem og um stjórnarsýslumörk á Vatnajökli, dags. 10.12.1996, ásamt uppdráttum.

*Landamerkjabók klausturjarða:*

- 4(58) Rauðaberg, skoðunargerð 1847.

*Menningarminjar:*

- 4(28) Menningarminjar á miðhálandi Íslands, Vestur-Skaftafellssýsla. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, (bls. 3, 51-52, 79-85 og 197-204).
- 4(29) Kort af þjóðminjasvæðum á miðhálandinu 1:400 000, Vestur-Skaftafellssýsla.

*Alþingisbækur Íslands:*

- 4(30) Tilkynning M. Stephensen um væntanlegt uppboð á næstkomandi lögþingi, 1790 á jörðinni Núpsstað, dags. 20.7.1789 (16 b., bls. 523).

*Landnáma:*

- 4(59) Ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Jakobs Benediktssonar. Reykjavík 1986, bls. 322-323.

*Önnur óprentuð frumgögn:*

- 4(60) Örnefnaskrá fyrir Dalshöfða, ódags. Ásamt athugasemdum og viðbótum.

**Lagt fram af Braga Björnssyni hdl. og Einari Jónssyni lögfr. vegna Núpsstaðar, Kálfafells I, Ib og II, Blómsturvalla og Dalshöfða:**

- 5 Kröfulýsing, dags. 22.4.2002.
- 5(1) Viðauki við kröfugerð, dags. 20.6.2002.
- 5(2) (a-b) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Núpsstaðar, Kálfafells I, Ib og II, Blómsturvalla og Dalshöfða. (2 blöð)
- 5(3) Greinargerð eigenda og umráðamanna Núpsstaðar, Kálfafells, I, Ib og II, Blómsturvalla og Dalshöfða, dags. 27.6.2003.
- 5(4) Breyting á kröfugerð eigenda Núpstaðar í máli nr. 9/2003, Fljótshverfi, sveitarfélaginu Skaftárhreppi, dags. 11.10.2003.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Rauðabergs I-II:**

- 6 Kröfulýsing, dags. 12.2.2002.
- 6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Rauðaberg, dags. 28.7.2001.
- 6(2) Útprintun af færslum fyrir jörðina Rauðaberg I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 2.2.2002.
- 6(3) Útprintun af færslum fyrir jörðina Rauðaberg II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 2.2.2002.
- 6(4) (a-b) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Rauðabergs I-II, ásamt hnitpunktaskrá.
- 6(5) Yfirlýsing þeirra Ragnhildar Steingrímsdóttur og Jónínu Jónsdóttur um að þær gefi Jóni Björgvinssyni hálfu jörðina Rauðaberg, dags. 13.9.1950.
- 6(6) Afsal Sigríðar Stefáníu Jónsdóttur til Stefáns Björgvinssonar á hálfri jörðinni Rauðabergi, dags. 18.10.1980.
- 6(7) Ódags. samþykki Guðnýjar, Unnar, Stefáns og Ragnheiðar Björgvinsskúla vegna kaupsamnings Jóns Björgvinssonar og Sigríðar St. Jónsdóttur.
- 6(8) Greinargerð vegna jarðanna: Rauðabergs I-II, dags. 26.6.2003.

**Lagt fram af Páli A. Pálssyni hrl. vegna Núpa:**

- 7 Kröfulýsing, dags. 18.2.2002.
- 7(1) Kort sem sýnir kröfulínu vegna Núpa. Mælikvarði er ekki á korti.
- 7(2) Greinargerð lögmanns eiganda jarðarinnar Núpa, dags. 27.6.2003.

- 7(3) Örnefnalýsing Núpa, skráð af Ara Gíslasyni og yfirfarin þann 6.9.1966 með Sigmundi Helgasoni bónda á Núpum.
- 7(4) Upplýsingar um bakpokaferðir á svæðinu. Útprintun af heimasíðu Íslenskra fjallaleiðsögumanna, dags. 10.10.2003.
- 7(5) Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Bls. 168-169.
- 7(6) Núpasmölun - minnisþingur Páls Helgasonar á Fossi, dags. í september 2003.
- 7(7) Loftmynd af fjalllendi Fljótshverfis þar sem helstu vatnsföll og upptakasvæði þeirra hafa verið færð inn. Unnið af Elínu Erlingsdóttur landfr. í október 2003.
- 7(8) Kort af fjalllendi Fljótshverfis þar sem helstu vatnsföll og upptakasvæði þeirra hafa verið færð inn. Unnið af Elínu Erlingsdóttur, landfr. í október 2003.
- 7(9) Kort af fjalllendi á mörkum Núpa og Kálfafells þar sem færður hefur verið inn GPS-punktur sem tekinn var í vettvangsferð við þá vörðu sem eigandi Núpa kveður vera staðsetta á mörkum jarðanna tveggja. Unnið af Elínu Erlingsdóttur landfr. í október 2003.
- 7(10) Endanleg kröfugerð vegna Núpa, ódags.
- 7(11) Örnefnaskrá fyrir Kálfafell. Örnefnastofnun ódags.
- 7(12) Kort sem sýnir breytingar á kröfulínu vegna Núpa (mælikvarði 1:50.000), dags. 2.11.2004.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 8 (a-c) Yfirlitskort-Lýstar kröfur í Fljótshverfi. Þrjú kort, tvö í mælikvarða 1:50.000 og eitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr. 1(3), 5(2), 6(4) og 7(1).
- 9(1) Fundargerð 1. fyrirtöku í máli nr. 9/2003 (Fljótshverfi) hjá óbyggðanefnd, dags. 25.4.2003.
- 9(2) Fundargerð 2. fyrirtöku í máli nr. 9/2003 (Fljótshverfi) hjá óbyggðanefnd, dags. 23.5.2003.
- 9(3) Fundargerð 3. fyrirtöku í máli nr. 9/2003 (Fljótshverfi) hjá óbyggðanefnd, dags. 27.6.2003.
- 9(4) Fundargerð 4. fyrirtöku í máli nr. 9/2003 (Fljótshverfi) hjá óbyggðanefnd, dags. 30.9.2003.
- 9(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dagana 6.-7. og 11.10.2003.
- 9(6) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.
- 9(7) Fundargerð loka fyrirtöku, dags. 2.12.2004.
- 10 Greinargerð um staðhætti og gróðurfar í Fljótshverfi eftir Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing, dags. 9.8.2003.
- 11 „Jöklar og jökulbreytingar á Síðu og Fljótshverfi“. Greinargerð Odds Sigurssonar jarðfræðings, dags. 19.11.2004.
- 12 Hverfisfljót að fornu og nýju. Athugun á legu gljúfra Hverfisfljóts. Snorri P. Snorrason jarðfræðingur. 29.3.2004.
- 13 Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

**Hliðsjónargögn****Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna kröfu um þjóðlendu (skjal nr. 1 ):**

Ónr. Sunnlenskar byggðir IV. Skaftárþing. Bls. 6-15 og 26-53.

Ónr. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Bls. 156-159 og 170-173.

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1983. Bls. 12-13, 16-17, 83-93 og 132-141.

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1935. Bls. 64-71.

Ónr. Göngur og réttir. Bragi Sigurjónsson. 1. bindi. Bls. 128-135 og 138-139.

Ónr. Landið og Landnáma. Haraldur Matthíasson. II. bindi. Bls. 382-387.

Ónr. Landnám í Skaftafellspingi. Einar Ólafur Sveinsson. Bls. 86-89.

Ónr. Íslendinga sögur. 1. bindi. Landssaga og landnám. Bls. 194-195.

Ónr. Efnisskipan málf lutningsræðu Ólafs Sigurgeirssonar hrl. við aðalmeðferð.

**Lagt fram til hliðsjónar af Braga Björnssyni hdl.**

Ónr. Hannes Jónsson. Bærinn í skjóli Lómagnúps.

Ónr. Efnisskipan málf lutningsræðu Braga Björnssonar hdl. og Einars Jónssonar lögfr. við aðalmeðferð.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

Ónr. Skýrslur í máli 9/2003 hjá óbyggðanefnd, (58 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).





# ÞJÓÐLENDULÍNA - Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 og 9/200

